

UNIVERSITY OF TORONTO



3 1761 01544182 7

UNIV. OF  
TORONTO  
LIBRARY





Digitized by the Internet Archive  
in 2009 with funding from  
University of Toronto

# SÝSLUMANNAÆFIR

EPTIR

BOGA BENEDIKTSSON

Á STAÐARFELLI

MEÐ SKÝRINGUM OG VIÐAUKUM

EPTIR

HANNES ÞORSTEINSSON

IV. BINDI



140 819  
28/11/16.

REYKJAVÍK  
PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG  
1909—1915



## EFNISYFIRLIT

## IV. BINDIS.

Bls.

Æfiágrip Boga Benediktssonar á Staðarfelli (með 1 fsk.)	1—XIV
Formáli höfundarins . . . . .	XV—XX

## [Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðungur.]

I. Kjósarsýsla . . . . .	1—82
II. Gullbringusýsla . . . . .	83—200
III. Árnessýsla . . . . .	201—374
IV. Rangárvallasýsla . . . . .	375—522
V. Vestmanneyjasýsla . . . . .	522—568
VI. Skaptafellssýsla . . . . .	569—679
VII. Múlasýsla (S.-Múla- og N.-Múlasýsla) .	680—805
Viðaukar um sýslumenn . . . . .	806—824
Viðaukar, skýringargreinar og leiðréttingar við	
Sýslumannaæfir I.—IV. . . . .	825—854
Eptirmáli . . . . .	855—860





## Æfiágrip

### Boga Benediktssonar á Staðarfelli.

Eptir Hannes Þorsteinsson.

Um leið og verki þessu — Sýslumannaæfunum — er lokið, þykir hlýða að geta hér stuttlega helztu æfiatriða höfundarins, *Boga* stúdents *Benediktssonar* á Staðarfelli. Hann var fæddur á Kjallaksstöðum á Fellsströnd 24. september 1771 og bjuggu þar þá foreldrar hans: Benedikt stúdent Bogason, síðar óðalsbóndi á Staðarfelli (f. 20. apríl 1749, † 26. maí 1819) og Hildur (f. 17. okt. 1744, † 28. júlí 1828) Magnúsdóttir prests á Höskuldsstöðum Péturssonar af Stóru-Brekkuætt í Fljótum, en móðir Hildar var Ásgerður Pálsdóttir, systir Bjarna landlæknis og systkina hans. En Benedikt á Staðarfelli var son Boga í Hrappsey (f. 1723, † 10. okt. 1803) Benediktssonar sama staðar (f. 1658, † 1746) Jónssonar fálkafangara í Brokey (f. 1584, † 1672) Péturssonar bónda í Arnarfirði Péturssonar. En móðir Benedikts á Staðarfelli og 1. kona Boga í Hrappsey var Þrúður († 1753) Bjarnadóttir ríka sýslumanns á Skarði († 15. apríl 1768) Péturssonar Bjarnasonar sýslumanns á Staðarhóli († 16. apríl 1693) Péturssonar sýslumanns († 1621) Pálssonar á Reykhólum († 1598) — Staðarhóls-Páls — Jónssonar á Svalbarði Magnússonar. Er það göfugt kyn, er að Boga stendur, í báðar ættir, en óþarft að rekja það hér frekar. Þeir langfeðgar Boga í beinan karlegg: Jón í Brokey, Benedikt í Hrappsey og Bogi gamli voru hinir mestu atfara- og atorkumenn, harð-

fengir og miklir fyrir sér, en höfðingjar í lund og auðugir vel. Benedikt faðir Boga yngra var og enginn eptirbátur þeirra að fésæld og framtakssemi, vel að sér gerr og sæmdarmaður í hvívetna. Hefur Bogi minnzt föður síns og þeirra langfeðga sinna mjög vel og rækilega í ritinu »Feðgaæfir«, er prentað var í Viðey 1823. Og munu þær minningarrúnir, er Bogi hefur þar rist langfeðgum sínum, lengur standa en »grafletur á grjóti«. En rit þetta er nú mjög torfengið.

Á 1. aldursári eða vorið 1772, fluttist Bogi með foreldrum sínum frá Kjallaksstöðum að Staðarfelli og ólst þar upp. Vorið 1783, var honum nýfermdum komið til kennslu mánaðartíma hjá séra Sigurði prófasti Stefánsyni á Helgafelli, síðar biskupi á Hólum, og þangað fór hann aptur um jólaföstu sama ár, og var þar um veturinn fram að páskum 1784. Lærði hann þá að skrifa og reikna og nokkuð í latínu, en svo varð hlé á því námi hans um hrið, þangað til 1789, að hann fór til Boga afa síns í Hrapsey og var þar um veturinn (1789—1790) við latínunám hjá séra Þórði Ólafssyni aðstoðarpresti í Skarðsþingum († 1798), og tók þá svo góðum framförum, að hann fékk inngöngu í Hólaskóla 1790, 19 ára gamall. En því mun Hildur móðir Boga hafa ráðið, að hann fór í Hólaskóla, en ekki Skálholtsskóla, því að Páll Hjálmarsson, er þá var skólameistari á Hólum, og Hildur voru systrabörn. Auk skólameistara voru þá kennarar við skólann: Halldór Hjálmarsson († 1805) bróðir Páls, og Gísli Jónsson, síðar prestur í Stærtaárskógi († 1838). Var Bogi 5 vetur í skólanum og útskrifaður þaðan 15. maí 1795 af Páli skólameistara. Segir í vitnisburðarbréfi hans, að þótt hann hafi ekki gáfur í skarpasta lagi, þá hafi hann samt góða dómgreind, er hann hafi hugsað sig vandlega um.<sup>1)</sup> Þar segir einnig, að hann hafi haldið ágæta

---

1) »Ingenium quamvis non acerrimum habeat, pensitatis tamen animo rebus, iudicio sane felice«. Vitnisburðarbréf hans á latínu er bæði í vitnisburðarbréfabók stúdenta frá Hólaskóla hinni yngri (1792—1802) í Ldskj.safninu og ennfremur í sérstakri lausri afskript aptan við sömu bók.

prófræðu («egregiam habuit concionem») út af ákveðnum texta. Hefði hann því líklega orðið hinn snjallasti kennimaður, en embættisbrautin átti ekki fyrir honum að liggja. Ætlaði hann að sigla til Kaupmannahafnar til frekara náms sumarið 1795, s. á. og hann útskrifaðist, en ekkert varð af því, »vegna vissra orsaka«, segir hann sjálfur í »Fæðgaefum«, en getur ekki um, hvað hamlað hafi. Dvaldi hann þá 1½ ár hjá foreldrum sínum á Staðarfelli, þangað til hann kvæntist 28. nóv. 1796 vestur í Holti í Önundarfirði, Jarprúði, dóttur Jóns prests Sigurðssonar í Holti, er drukknad hafði þar um vorið s. á., og Solveigar Ólafsdóttur lögsagnara frá Eyri í Seyðisfirði Jónssonar, en séra Jón var son Sigurðar prófests Jónssonar í Holti undir Eyjafjöllum († 1778) af hinni alkunnu Steingrímsætt í Skagafirði. Var Jarprúður þá að eins tvítug að aldri (f. 8. maí 1776) og þóttli einhver hinn bezti kvenkostur vestur þar. Mun sá ráðahagur hafa stofnaður verið að tilhlutun foreldra hans.<sup>1)</sup> Voru þau nýgiptu hjónin þar vestra veturinn 1796—1797, en um vorið 1797 afhenti Bogi fyrir hönd konu sinnar Holtsstaðviðtakandanum séra Jóni Ásgeirssyni, og flutti svo að vestan þá í fardögum að Arnarbæli á Fellsströnd, en þá jörð hafði hann keypt undir bú sitt haustið áður (1796). Þjuggu þau hjón þar í Arnarbæli 7 ár (1797—1804). Er auðsætt, að Bogi hefur þá þegar fengið orð á sig fyrir atorku og hagsýni, því að haustið 1803 réð Ólafur Þórðarson Thorlacius kaupmaður, er átti verzlun á Bildudal, Boga fyrir verzlunarstjóra sinn þar, og færði þá Bogi bú-

---

1) Þá er Bogi var í Hólaskóla var hann stundum í jólaeyfinu á vetrum hjá séra Pétri Péturssyni á Miklabæ eða Vigfúsi Scheving sýslumanni á Viðivöllum. Var þá uppeldisstúlka hjá sýslumanni, Anna Þorsteinsdóttir, föðursystir Jónasar skálds Hallgrímssonar, og felldu þau Bogi hugi saman og trúlofuðust. En séra Stefán Þorsteinsson á Völlum, bróðir Önnu, segir í ættatölum sínum (í minni eign), að Bogi hafi »ekki fengið þess ráðið fyrir sínum« að kvongast Önnu, hafi hún þótt fátæk. Var hún friðleiksstúlka og gerfileg og vildi Ari læknir Arason á Flugumýri einnig fá hennar, en hún giptist síðar séra Magnúsi í Steinnesi († 1838) syni Árna biskups Þórarinssonar.

stað sinn frá Arnarbæli að Bildudal í fardögum 1804. En þá er Ólafur Thorlacius keypti verzlunarstaðinn í Stykkishólmi 1807, varð Bogi þar verzlunarstjóri, og fluttist algerlega búferlum til Stykkishólms í fardögum 1808. Eftir lát Ólafs Thorlaciusar († 1815) var hann skipaður af yfirvöldunum 1818 fjárhaldsmaður sona Thorlaciusar, Árna og Ólafs, er þá voru ungir, og jafnframt varð hann þá »yfirfaktor« verzlunarstaðanna, bæði í Stykkishólmi, á Bildudal og Ísafirði.

Bogi var fjáraflamaður mikill sem fleiri frændur hans og auðgaðist allmikið meðan hann var í Stykkishólmi,<sup>1)</sup> en jafnframt blómgaðist einnig verzlun sú, er hann veitti þar forstöðu, vegna hagsýni og atorku Boga. En ekki skorti hann þá heldur öfundarmenn, er sáu ofsjónum yfir uppgangi hans. Þá er Árni Thorlacius var orðinn fullveðja og fjár síns ráðandi, hætti Bogi öllum verzlunarstörfum við árslok 1826 og flutti búferlum úr Stykkishólmi vorið 1827 að föðurleifð sinni Staðarfelli. Hafði Bogi fengið kvittun frá þeim Thorlaciusarbræðrum 13. sept. 1825 fyrir fjárhald sitt frá 1818 og stjórn á fé þeirra. En svo töldu þeir bræður til skuldar hjá honum rúma 26,000 rd. samkvæmt verzlunarbókunum í Stykkishólmi, en Bogi gerði gagnkröfu til þeirra, er var rúmlega 2,000 rd. hærri en þeirra, eða rúmlega 28,000 rd., er hann taldi ágóðahluta sinn af verzlunaraðrinum. Var haldinn sáttafundur á Staðarfelli 17. ágúst 1829, og kröfðust þeir bræður eða umboðsmenn þeirra 8000 rd. greiðslu í vörum til sátta við Boga, en hann bauð þeim að sleppa skuldakröfu sinni hinni miklu og gefa þeim upp 1000 rd. af inneign sinni hjá þeim bræðrum við árslok 1826, og auk þess jörðina Krossholt 60 hndr. að dýrleika. Var þá frestað sáttatilaun til 4. sept. s. á. (1829). Var þar á þeim sáttafundi staddur Bjarni Thorarensen yfirdómari,

---

1) Keypti hann á þeim árum ýmsar jarðir, þar á meðal biskupssetrið gamla, Hóla í Hjaltadal, af þeim Páli skólameistara Hjálmarssyni og Gísla konrektor Jónssyni, en seldi þá aptur 1824, ásamt kotinu Hrafnhóli, Benedikt stúdent Vigfússyni, síðar presti og prófasti á Hólum, fyrir 2500 rd.

sem ráðunautur Boga tengdaföður síns, og varð ekki sáttum á komið, svo að málinu var vísað til dóms og laga. En líklega hafa þeir bræður séð, að mál þetta yrði nokkuð umfangsmikið og kostnaðarsamt, en úrslitin óviss, og væri því betri mögur sætt, hafa eflaust ekki treyst málstað sínum nógu vel, og einhverjir líklega gengið á milli að hamla málarekstri. Og lauk þessu svo, að þeir Bogi og Árni Thorlacius fyrir sjálfan sig og hönd Ólafs bróður síns, sættust heilum sáttum á sáttafundi að Staðarfelli 11. sept. 1830 á þann hátt, að Bogi afhenti þeim bræðrum til fullrar eignar jörðina Krossholt 60 hndr. með hjáleigunum Flesjustöðum og Hafursstöðum, einnig hálfu jörðina Neðri-Brekku í Saurbæ 12 hndr. að dýrleika og 300 spesíur í peningum.<sup>1)</sup> Og var þar mikið á mununum frá því, sem þeir bræður höfðu í fyrstu krafizt, svo að segja má, að Bogi gengi með fullri sæmd frá því máli, enda mun aðalkrafan gegn honum hafa verið byggð á ógreiddum skuldaeptirstöðvum við verzlunina, ef til vill lítt fánlegum, er þeir bræður hafa viljað láta hann svara til og bera ábyrgð á.

Í sambandi við misklið þessa má geta þess, að 20. des. 1828 ritaði Árni Thorlacius Bjarna amtmanni Þorsteinssyni á Stapa, og skýrði honum frá, að sá orðrómur gengi staflaust, að Bogi ræki ólöglega sveitaverzlun («landprang») og hefði selt tóbak, brennivín, kaffi, sykur o. fl. heima hjá sér á Staðartelli næstliðinn vetur (1827—1828), þ. e. fyrsta veturinn, sem Bogi var þar. Ritaði amtmaðurur þá 28. febr. 1829 sýslumanninum í Dalasýslu (Skúla Magnússyni), sendi honum kæru Árna og bauð sýslumanni að spyrjast nákvæmlega fyrir um þetta á manntalsþingum í sýslunni um vorið,<sup>2)</sup> sem sýslumaður og gerði í hverjum hreppi, en uppskeran af því varð rýr,

---

1) Hér hefur verið farið eptir sáttabók Fellsstrandarhrepps (1810—1866), sem geymd er í Landskj.safninu. Var Bogi sáttaður þar í hrepp frá því um 1830 og til dauðadags, ritar siðast nafn sitt í sáttabókina 21. okt. 1848.

2) Sbr. kopiubók Vesturamtsins 1829 (í Lskjs.).

og vitnaðist ekkert um »verzlunarprang« Boga. Féll þetta niður svo búid. En það sýnir, að kalt hefur andað frá Árna Thorlacius til Boga um þessar mundir, áður en sættir tókust.

Að þessu slepptu átti Bogi ekki í nokkrum deilum eða ófriði, eptir að hann var kominn að Staðarfelli, nema að því leyti, að Guðmundur Scheving »agent« í Flatey, mágur hans, gerði tilkall til Staðarfells, er Bogi hafði fengið framyfir jafnaðarskipti við Halldóru systur sína, konu Guðmundar, er hafði fengið kongsleyfi fyrir því, að hún gengi að arfi eptir föður sinn til jafns við Boga. En Guðmundur vann þar ekki á, og hætti við, svo að Bogi hélt Staðarfelli. Lifði hann þar síðan í kyrð og næði við allsnægtir<sup>1)</sup> það sem eptir var æfinnar. Hann andaðist á Staðarfelli 25. marz 1849<sup>2)</sup> á 78. aldursári. Þjó Jarþrúður ekkja hans eptir hann á Staðarfelli með rausn og skörungskap, unz hún andaðist 13. marz 1858, nálega 82 ára gömul. Áttu þau hjón saman 8 börn, er komust til fullorðinsaldurs, og eru þau talin í Sýslum.æfum II, 131—132.<sup>3)</sup> Er margt manna frá þeim börnum komið, sem kunnugt er.

Svo er sagt, að Bogi hafi verið friður maður sýnum og karlmannlegur. Mynd sú, er hér fylgir af honum, er rauðkrítarmynd, gerð af séra Sæmundi Holm á Helgafelli,

1) Espólin (Árb. XII, 187) hefur það eptir Boga sjálfum, að hann hefði fengið hverjum sona sinna 1000 spesiur, en hverri dóttur 500, og var það góður skildingur á þeim tímum.

2) Banameinið talið »hæg ellikróm« í prestsþjónustubók Staðarfellskirkju í Lskjs.

3) Þau voru: 1. *Benedikt* f. í Arnarbæli á Fellsströnd 21. jan. 1798. 2. *Hildur* f. s. st. 4. júní 1799. 3. *Solveig* f. s. st. 27. okt. 1801. 4. *Jens Jakob* f. á Bildudal 3. sept. 1806. 5. *Brynjólfur* f. s. st. 30. des. 1807. 6. *Ragnheiður* f. í Stykkishólmi 7. júní 1814. 7. *Sigríður* f. s. st. 22. ágúst 1818. 8. *Jóhanna Soffía* f. s. st. 7. febr. 1823 (sbr. Feðgaefir, Vkl. 1823, bls. 74—75). Í æfisögu Péturs biskups eptir Dr. Þorvald Thoroddsen, bls. 312—315, er skýrsla um Staðarfellsættina erlendis (frá Jens Jakob (Bogasyni) Benedictsens).

þá er Bogi var sóknarborn hans í Stykkishólmi, líklega á árunum 1810—1820.<sup>1)</sup>

Snemma mun Bogi hafa farið að safna bókum, og keypti þær viðs vegar að, einkum íslenzkar sögubækur og aðrar fræðibækur, átti og allgott handritasafn. Hygg eg, að hann hafi fengið margt prentað og óprentað úr dánarbúi hins fjöllærða fræðimanns Magnúsar sýslumanns Ketilssonar í Búðardal, er var öndvegishöldur í öllum íslenzkum fróðleik vestanlands á þeim tímum. Var og skammt milli þeirra, þá er Magnús sýslumaður bjó í Búðardal, en Bogi í Arnarbæli, og andaðist Magnús (1803) síðasta árið sem Bogi bjó þar. Má sjá það af ýmsu, að Bogi hefur ýmsan fróðleik til Magnúsar sótt um íslenzka menn og atburði, er síðar kom honum að góðu haldi, er hann fór að semja Sýslumannaæfirnar. Var það ætlun Boga um eitt skeið, að gefa bókasafn sitt til almenningsþarfa, eins og sést af konungsúrskurði 5. maí 1819,<sup>2)</sup> þar sem hann fær leyfi til slíkrar arfleiðslu og fyrirheiti um ókeypis staðfestingu á þeirri erfðagjöf. Er sennilegast, að Bogi hafi þá ætlað sér að gefa safn sitt hinu nýstofnaða Stíptsbókasafni í Reykjavík, en ekki varð samt neitt úr þessari ráðagerð og gekk mestur hluti safns hans, bæði bækur og handrit til Brynjólfs í Flatey sonar hans,<sup>3)</sup> en nokkur handrit til Jóns Péturssonar háyfirdómara, tengdasonar Boga.

Meðan Bogi var önnum kafinn við verzlunarstörf, mun hann ekki hafa haft miklar tómstundir til að gefa sig við íslenzkri sagnaritun eða ættfræði. En samt lagði hann ekki þær iðkanir fyrir óðal, því að eptir lát föður síns (1819) ritaði hann æfisögur langfeðga sinna, er hann

1) Mynd þessa sendi Bogi síðar Finni Magnússyni, líklega nálægt 1840, og komst hún svo með bréfum Finns í Ríkisskjalasafn Dana, og þar fann dr. Þorvaldur Thoroddsen hana fyrir nokkrum árum innan í bréfi frá Boga.

2) Sbr. Klausturpóst 3. árg. 1819, bls. 179.

3) Það safn mestallt er nú komið í Landsbókasafnið. Herdis Guðmundsdóttir, ekkja Brynjólfs, seldi það safninu 1887.

kallaði »Feðgaæfir«, liðlega samið og mjög fróðlegt merkisrit, er hann lét prenta í Viðey 1823, sem áður er getið. Aptan við þá bók eru raktar meira en 20 ættkvíslir, sumar allt ofan úr forneskju niður til þátíðarmanna, og lýsa ummæli Boga í formála bókarinnar, hvernig hann lítur á ættvísi yfirleitt, því að þar segir hann meðal annars (bls. 5—6): »Ættvísi er fróðleikur fyrir sig, sem ekki ætti með öllu að týnast frá löndum vorum, og ættatölur eru ekki í hvers manns hendi, sem þær girnast, og þess vegna hef eg uppteiknað svo margskyns ættkvíslir, að lysthafendur fengju þar frá rakið ættir sínar. Um þá, sem ekki hirða um að vita ætt sína eður annara, mætti segja hið gamla máltæki: Misere senescit, qui se neseit, og ef menn hirða um kynferði dýranna til undaneldis, því skyldu menn þá ekki hirða um sitt eða síns eigins afkvæmis?« Djarflega og rétt mælt.

»Feðgaæfir« Boga má skoða sem undanfara Sýslumannaæfanna, fyrirkomulagið og efnið samskonar — æfisögur og ættatölur. En á þessu aðalverki sínu, er jafnan mun halda minningu hans á lopti með sæmd, byrjaði hann ekki fyr en hann var algerlega seztur um kyrt á Staðarfelli, skömmu fyrir 1830. En vera má, að hann hafi á síðustu árum sínum í Stykkishólmi, eða eptir að hann gaf út »Feðgaæfir«, farið að safna til Sýslumannaæfa að einhverju leyti. Var það nær óþlæggður akur, er Bogi réðst þar í að yrkja, því að um þetta efni hafði ekki ritað verið nema litilsháttar ágríp yfir land allt af Magnúsi sýslumanni Ketilssyni,<sup>1)</sup> og af Jóni sýslumanni Jakobssyni á Espihóli († 1808) um sýslumenn í Norðlendingafjórðungi og nokkrum hluta Múlasýslu, og er það merkisrit og allnákvæmt, enda hefur Bogi tekið það upp víðast hvar nær orðrétt, eða lítið breytt. Má því telja æfisögur sýslumanna í Norðlendingafjórð-

1) Þetta rit, er Bogi minnst á í formála sínum, mun vera sama ritið, sem nú er í Lbs. 380 4<sup>o</sup>, komið beinlínis úr safni Boga, og allt með hinni gullfallegu og skýru hendi Magnúsar sýslumanns. Er þar meðal annars stutt sýslumannaregistur yfir land allt með nokkrum upplýsingum um hvern sýslumann auk margra bréfa.



ungi (I. bindi Sýslumannaæfanna) aðallega bygðar á riti Jóns sýslumanns Jakobssonar, fram að hans tíma eða fram yfir 1800. Frumrit Jóns sýslumanns af æfisögum sýslumanna í Húnavatnssýslu er í Lbs. 273 fol., en vantar þar lítið eitt aptan af, en frumritið af Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu í safni bókmentafélagsins 86 fol. í Lbs. og frumritið af Hegranessýslu í sama safni nr. 85 fol., hvorttveggja komið frá séra Hákonni Espólin og hefur áður verið í eign Jóns Espólins föður hans, er hefur ritað þar viðauka og athugasemdir hér og hvar og æfisögu Jóns sýslumanns föður síns í 86 fol. Hefur verk þetta byrjað á Þingeyjarsýslu og endað á Húnavatnssýslu. Í Þingeyjarsýslu er í þessu frumriti t. d. fyllra um Vigfús sýslumann Jónsson († 1795) og eins ítarleg æfisaga Björns sýslumanns Tómassonar († 1796), sem Bogi hefur ekki haft undir höndum, af því að þessu mun bætt við á síðustu árum Jóns sýslumanns. En afskrift af sýslumannaæfum Jóns Jakobssonar í heild sinni (þó án þessara síðustu viðauka í Þingeyjarsýslu o. fl.) er með hendi Magnúsar sýslumanns Ketilssonar í Lbs. 383 4<sup>to</sup> (ranglega eignað Magnúsi sýslumanni í handritaskránni), og er það handrit komið úr safni Boga, svo að mér þykir sennilegast, að það hafi einmitt verið þessi afskrift Magnúsar sýslumanns, er Bogi hefur haft til afnota, en alls ekki frumrit Jóns sýslumanns.<sup>1)</sup>

---

1) Jón sýslumaður kallar þetta rit sitt: Annál um norður-Íslands sýslumennina síðan fyrir og um trúarbragðaskiptin etc. (sbr. Skrá yfir rit Jóns Jakobssonar, með eigin hendi hans, í safni Bókmen. fél. 77 8<sup>vo</sup>. í Lbs.). Í ættatölum Guðmundar Gíslasonar í Melgerði í Eyjafirði († 1789) (í minni eign) er allmikið um sýslumenn í Eyjafjarðarsýslu, og er það tekið eptir riti Jóns sýslumanns. Í Lbs. 805 4<sup>to</sup>. er afskrift af 1. heptinu (Þingeyjarsýslu) eða jafnvel eiginhandarrit höfundarins á síðari árum hans, og ritað hefur hann með vissu nafn sitt á titilblaðið 12. janúar 1800 á Espihóli, og eins undir formálann. Fyrirsögn þessa handrits er »Æfiskrá Norður-Íslands sýslumanna« etc. Það sem Jón sýslumaður ritar um nokkra sýslumenn í Múlasýslu, aptast í ÍBFél. 85 fol. kveðst hann hafa tekið eptir upplýsingum frá Péttri sýslumanni Þorsteinssyni á Ketilsstöðum († 1795).

Á árunum 1830—1833 hefur Bogi lokið við að semja Sýslumannaæfir yfir land allt, og er það eiginhandarrit hans í 6 bindum. Komst það síðar í eign Jóns háyfirdómara Péturssonar, og er nú í minni eign. Eptir þessu handriti er prentað I. og II. bindi Sýslumannaæfanna (Norðlendingafjórðungur og Vestfirðingafjórðungur að Gljúfurá). Jafnskjótt sem Bogi hafði lokið þessu verki, tók hann að rita það um að nýju og jók það þá mjög, svo að bindin urðu 7 í stað 6 áður, en ekki komst hann lengra áleiðis með þetta fullkomnara *annað uppkast* en fram í 4. bindi, þ. e. yfir Múlasýslu, Skaptafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnes-sýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðar-, Mýra-, Hnappadals- og Snæfellsnessýslu eða vestur að Gljúfurá, og hefur líka ef til vill aldrei ætlað sér meira en að auka að eins fyrri hluta ritsins, er ófullkomnastur var áður. Þetta aukna *annað uppkast* (vestur að Gljúfurá) er með eigin hendi Boga í Lbs. 384 4<sup>to</sup>. (1. og 2. bindi), 385 4<sup>to</sup>. (3. bindi) og 386 4<sup>to</sup>. (4. bindis 1. og 2. hluti). Eptir þessu eiginhandarriti Boga er prentaður textinn í III. og IV. bindi Sýslumannaæfanna. En um leið og Bogi byrjaði á þessu síðara uppkasti (um 1833—1835) hefur hann ritað fyrir því formála þann, er prentaður er hér á eptir, en við eldra uppkastið er enginn allsherjar formáli. Þá er eiginhandarriti Boga sleppir í Lbs. 386 4<sup>to</sup>., hefur Brynjólfur kaupmaður í Flatey, son hans, látið Gísla sagnfræðing Konráðsson halda áfram og taka afskript af hinu eldra eiginhandarriti Boga. Hefst sú afskript Gísla á Dalasýslu (4. bindis 3. hluta) í Lbs. 386 4<sup>to</sup>., og tekur yfir 387 4<sup>to</sup>. (5. bindi: Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslu) og 388 4<sup>to</sup>. (Norðlendingafjórðung 6. og 7. bindi). Allt þetta handrit, bæði eiginhandarrit Boga af síðara uppkasti hans og framhaldsafskrípt Gísla af hinu eldra uppkasti, er keypt handa Landsbókasafninu (1887) af Herðisi Guðmundsdóttur, ekkju Brynjólfs Bogasonar Benedictsens, ásamt fleirum handritum úr bókasafni þeirra feðga.

Síðustu viðaukar Boga í eiginhandarritum hans af Sýslumannaæfunum eru frá 1848, ári áður en hann andaðist, og sést af, því að hann hefur verið ritfær fram á síðasta aldursár, en dálítið skjálfhentur er hann þá orð-

inn, sem ekki er að furða um svo aldraðan mann, er mikið hafði ritað um æfina og þar að auki nokkuð hneigst til drykkju á efri árum, en þó aldrei sér til vansa eða virðingarhnekkis.

Helztu rit Boga, auk Feðgaæfa og Sýslumannaæfanna, eru:

*Um hirðstjóra á Íslandi, stiptamtmen, amtmenn og landfógeta.* Eptir Hirðstjóraannál séra Jóns Halldórssonar. Aukið og framhaldið til 1840. Eiginhandarrit í minni eign, 342 bls. í 4<sup>to</sup>.

*Lögsögumannaæfir og lögmanna á Íslandi.* Ritaðar á Staðarfalli 1841. Lbs. 382 4<sup>to</sup>, 220 bls. Eiginhandarrit.

*Registur yfir ýmsa embættismenn á Íslandi, þar á meðal hirðstjóra, lögmenn, landþingsskrifara, sýslumenn o. fl.* Lbs. 381 4<sup>to</sup>. Eiginhandarrit.<sup>1)</sup>

Í Lbs. 392 4<sup>to</sup> eru ýmsar ritgerðir eptir Boga, þar á meðal *drög hans eða safn til »Feðgaæfa«, um jarðamat, tilraunaskýring yfir tímatal í Laxdælu, lögmannatal* með athugasemdum o. fl. smávegis. Fremst í þessu handriti eru nokkrar athugasemdir (á 17 bls.) eptir Steingrím biskup við Sýslumannaæfir Boga, og lítur því út fyrir, að Bogi hafi sent biskupi Sýslumannaæfirnar (eflaust eldra uppkastið) til athugunar, og biskup svo sent honum aptur þessar athugasemdir, er sjá má, að Bogi hefur tekið til greina í síðara uppkastinu. Í sama hndr. (Lbs. 392 4<sup>to</sup>) er einmitt bréf frá biskupi til Boga ds. í Laugarnesi 11. sept. 1833, þar sem biskup þakkar honum fyrir 3 bréf »hvert öðru fróðlegra« frá 23. maí, 30. júní og 6. sept. s. á. Óskar biskup, að lögmannatalið fái að liggja hjá sér til sumars, þótt hann vantreysti sér að auka við það. Bogi hafði og bréfastípti við Jón Espólin sýslumann á síðustu æfiárum hans og leitaði upplýsinga hjá honum (sbr. formálann).

Sýslumannaæfir Boga eru ekki að eins langstærsta og merkasta ritið, sem eptir hann liggur, heldur jafnframt lang-yfirgripsmesta og merkasta mannsagna- og ættfræði-

---

1) Titlar þessara rita eru hjá höfundinum miklu lengri og umfangsmeiri en hér er talið.

rit í íslenskum bókmenntum á síðari tímum, og lýsir af-  
 armikilli elju, vandvirkni og nákvæmni höfundarins, að  
 safna svo miklu efni saman úr ýmsum áttum, og er mesta  
 furða, hversu margt hann hefur náð í, og jafnvel haft  
 sumt undir höndum t. d. fornbréf, sem nú þekkjast ekki.  
 Og á þessu verki byrjaði þó Bogi ekki fyr en hátt á sextugs-  
 aldri. En hann hafði vitanlega fágæta og ágæta aðstöðu  
 til að leysa þetta verk af hendi: nægar tómsundur og  
 næg efni, þurfti ekki að gefa sig við öðru en þessu aðal-  
 starfi, því að bústjórn bæði utanhúss og innan þurfti  
 hann ekki að annast. Það gerði Jarþrúður kona hans  
 með hinum mesta skörungsskap. Það var því mesta  
 happ, að Bogi komst þó það snemma út úr verzlunar-  
 braskinu, að honum vannst tími til að vinna í kyrð og  
 næði að þarfara og þjóðnýtara verki en kaupmennsku.  
 En þótt því sé svo háttáð, eins og höf. sjálfur viðurkennir  
 hæversklega í formála sínum, að verk hans standi í mörgu  
 til bóta, og villur finnast í því hér og hvar, þá hefur  
 hann samt, þrátt fyrir öll smávegis smíðalýti, brotið fyrst-  
 ur manna að kalla má isinn í þessu efni, og er enginn  
 vafi á, að Sýslumannaæfirnar munu æfinlega standa sem  
 óbrotgjarn hautasteinn til minningar um Boga Benedikts-  
 son á Staðarfelli.

---

## Heimilisfólk á Staðarfelli

vistarárið 1834—1835.

[Eptir Manntali í Landskj.safninu, teknu 2. febr. 1835].

1. Bogi Benedictsen, 64 ára, Theol., Antiquit. Patriæ et Oeconomiae Studios., húsbóndi, eigari jarðarinnar.
2. Jar(ð)prúður Jónsd. Benedictsen, 59 ára, hans hústrú.
3. Ragnheiður B. Benedictsen, 21 árs, }  
4. Sigríður B. Benedictsen, 17 ára, } peirra dætur.  
5. Jóhanna B. Benedictsen, 12 ára, }
6. Benedict Sigurðarson, 41 árs, ekill, vefari og smiður.
7. Guðmundur Jónsson, 29 ára, smiður og skytta.
8. Gísli Gíslason, 35 ára, góður vinnumaður.
9. Nikulás Ólafsson, 29 ára, vinnumaður, á að vinna fyrir börnum.
10. Jón Oddsson, 25 ára, vinnumaður, hagar.
11. Þorgrímur Víglundarson, 25 ára, fjárhirðir, heilsuveikur.
12. Teitur Jónsson, 41 árs, vinnumaður, leggur með móður sinni.
13. Benjamin Jónsson, 56 ára, fjárhirðir, heilsulasinn og vesall.
14. Þorsteinn Árnason, 68 ára, ekill, uppgjafatökukarl, léttvæg skepna.
15. Þorsteinn Einarsson 16 ára, léttapiltur, óhraustur.
16. Þorbjörg Eyjólfsdóttir, 28 ára, þjónustujómfrú.
17. Guðríður Gísladóttir, 31 árs, do.
18. Sigríður Helgadóttir, 37 ára, do.
19. Ingibjörg Jónsdóttir, 27 ára, matselja.
20. Ingibjörg Guðmundsdóttir, 25 ára, vinnukona.
21. Sigríður Hannesdóttir, 20 ára, vinnukona.
22. Guðlaug Þorbjörnsdóttir, 27 ára, vinnukona.
23. Guðbjörg Sigurðardóttir, 31 árs, vinnukona.
24. Kristín Teitsdóttir, 60 ára, uppgjafatökukerling, heilsulaus.
25. Halldóra Jónsdóttir, 82 ára, ekkja, sveitarkerling, heilsulasin.
26. Þórunn Bjarnadóttir, 85 ára, sveitarkerling, nær karlæg og blind.
27. Karitas Jónsdóttir, 41 árs, á sveit vegna óþægðar.

## Heimilisfólk á sama bæ (Staðarfelli)

vistarárið 1848—1849.

[Eftir húsviltjunarbók Hvammsprestakalls í Landskj.safni. Manntalið tekið síðast í marz 1819, að Boga úflátnum].

Mad. J. Benedictsen, 73 ára, húsmóðir.  
 Frú Hildur Thorarensen, 50 ára, húskona.  
 Steinunn B. Thorarensen, 25 ára, hennar dóttir.  
 H. Solv. Thorarensen, 14 ára, lika svo.  
 Sæunn Þorleifsdóttir, 17 ára, tókustúlka.  
 Vilborg Guðmundsdóttir, 28 ára, þjónustustúlka.  
 Jóhannes Bæringsson, 33 ára, smiður.  
 Sigríður Jónsdóttir, 31 árs, hans kona.  
 Þorsteinn Ketilsson, 33 ára, vinnumaður.  
 Oddný Þorbjörnsdóttir, 38 ára, hans kona.  
 Þorsteinn Einarsson, 31 árs, vinnumaður.  
 Guðbrandur Bjarnason, 33 ára, do.  
 Jens Kristján Arngrímsson, 21 árs, do.  
 Þorkell Jónsson, 27 ára, do.  
 Jónas Jónsson, 21 árs, do.  
 Sigríður Helgadóttir, 53 ára, húskona.  
 Þórdís Bergsdóttir, 36 ára, vinnukona.  
 Jóhanna Ólafsdóttir, 30 ára, do.  
 Sæunn Bjarnadóttir, 29 ára, do.  
 Kristín Loptsdóttir, 23 ára, do.  
 Ingibjörg Sigurðardóttir, 15 ára, do.  
 Rósa Bjarnadóttir, 54 ára, do.

*Aths.* Frá 1840—1849 hefur heimilisfólk á Staðarfelli verið 23—29, flest 29 vistarárið 1842—1843, og 28 1844—1845. En frá búskaparárum Boga á Staðarfelli fyrir 1840 eru engar manntalsskýrslur til úr Staðarfellssókn, nema frá 1835.

---

Á bls. 825, 2. línu að neðan, hefur einn stafur (l) dregið upp úr í prentuninni, eftir að gengið var algerlega frá próförkinni, svo að þar stendur: »eiðréttingarnar« í staðinn fyrir »leiðréttingarnar«.

---

## Formáli höfundarins.<sup>1)</sup>

Öll sagnafræði er þar af spröttin og hefur mann eptir mann við haldizt, að einhverjir hafa til orðið að ritfæra tilburðina. Því hefur margur fróðleikur niður fallið, að menn hafa ekki hirt um að vita, eða ekki vogað að skrásetja það, sem þeir hafa ekki haft fulla vissu um, eða ekki þótt geta gert það til hlítar, eða óttast aðfindni eptirmanna.

Frá því Árna- og Laurentiusar-biskupasögur og Hungurvaka voru ritaðar er fátt á Íslandi í sagnafræði skrásett utan annálar (mjög margir þeirra ófullkomnir og hjátrú blandaðir, einkum Jóns prests Egilssonar) til þess Jón prófastur fróði Halldórsson ritaði Hirdstjóraannál, Biskupa- og Prestaæfir og fleira, hvað þó hans niðjar doktórarnir Finnur og Hannes biskupar

1) Formáli þessi, sem er ártalslaus, er framan við 1. bindi Sýslumanna-æfanna í Lbs. 381 4to., er hjá Boga hefst á Múlasýslum, og svo haldið sólar-sinnis suður og vestur um land. En með því að byrjað var á Þingeyjarsýslu við prentun bókar þessarar, kemur þessi formáli Boga nú að loknu verkinu. Í yrra uppkasti hans (í minni eign) er enginn formáli, því að það, sem kallað er formáli í 1, 1-2 er að eins inngangsorð höf. framan við Norðlendingafjórðung, en enginn allsherjar formáli.

Höfuðtitill Boga á öllu ritinu er samkv. Lbs. 381 4to. svolátandi:

*Specimen Toparchologie*

*eða*

*Sagna-tilraun*

*um*

*Sýslumenn á Íslandi.*

*Af ýmsum bókum, skjölum og sögnum samantekin og ritfærð*

*af*

*Boga Benediktssyni*

*Theologie, Antiquitatum Patrie et Oeconomica  
Studioso.*

hafa umbætt og aukið og séra Vigfús hirðstjóra- og lögmannannál aukið, því að fátt er í fyrstu svo gert, að ekki megi umbæta.

Þessir ádurtöldu hafa mestan part ritað um klerklega embættismenn, því að þeir gátu helzt stuðst við bréfabækur biskupa og stíptsskjöl þá áhrærandi þar margt var á fyrri öldum ritað, sem viðkom klerkum, bæði fyrir og eftir siðaskiptin, en mjög fátt um leikmenn, utan þeirra er stundum getið í annálum eða dómum, hvar í biskupar, klerkar eða kirkjur áttu þátt, ekki svo mikið, að menn viti með fullvissu valdaár hirðstjóra eða lögmannna á 13., 14. og 15. öld og því síður sýslumanna, einasta við tækifæri eru þeir nefndir, einkum þá þeir áttu málum að skipta við biskupa, klerka eða kirkjur. Er því miklu torveldara að rita um leikmenn, þar svo mjög er um þá sagnafátt.

Espólin fróði hefur á 18. öld mikið vel samið sínar Árbækur frá miðri 13. öld til miðrar 18. aldar (frá 1260 til 1744)<sup>1)</sup> Hefur honum furðuvel tekizt með réttu áratali að niðurraða tilburðum meðal lærðra og leikra. Munu fáir hans spor fylla í sagnafræði og ættvisi og fleirum lærdómsgreinum. Hjá honum hef eg leitað upplýsingar um sýslumenn og kveðst hann lítið annað um þá vita en það, sem innfært sé í sínar Árbækur, utan ættir og afkomendur margra þeirra, tjáir þar hjá, að það muni lítt mögulegt að fá fullvissu um marga sýslumenn á fyrri öldum. Þessa, í Íslands sagnafræði, nú lifandi, makalaus manns álit, læt eg réttlæta mína viðleitni, þó ófullkomið verði verkið, minnugur þess gamla málsháttar: Est quadam prodire tenus, si non datur ultra.

Á fyrstu öldum, eftir það Ísland gaf sig undir Noreg, settu kongar ýmsa yfir landið, sem þá nefndust sýslumenn konungs og voru það í eiginlegri merkingu, höfðu sumir alt, sumir hálf t landið eða fjórðung þess að veitingu fyrir tilsett afgang, opt þrjú ár í senn. Voru þessir sýslumenn sjálfir framan af optast á ferðum um sýslur sínar og landið; þótti þá mestur höfðingskapur að hafa sem mest undir. Seinna voru tédir valdamenn nefndir hirðstjórar eða höfuðsmenn Mætti því í sýslumanna-tölu nefna nálega alla hirðstjóra fram á 16. öld. Þá þessum þótti sýsla sín of erfið, tóku þeir sér ýmsa umboðsmenn í ýmsum héruðum, völdu helzt þar til auðuga höfðingja, því að hjá þeim var von mestra gjalda, settu þá þó frá þessum umboðum, ef þeim í nokkru misféll við þá, tóku nú einn, nú annan í ýmsum héruðum eða sýslum til að safna saman sakeyri og sköttum og nefna menn í dóma, því að ekki var þá annar vand-

1) Af þessu sést, að Bogi hefur ritað formála þennan fyrir 1813, áður en 10. deild Árbókanna var prentuð. Mun hann ritaður um 1833, meðan Espólin († 1836) var á lífi (sjá síðar) Skúli Magnússon kammerráð á Skarði hefur og þá verið lifandi (sjá síðar), en hann dó 1837.



inn. Héraðastjórn mátti á þeim öldum ganga sem verða vildi en mikil undirkúgun, bæði af klerka- og leikmannavaldi var þá á alþýðunni.

Smámsaman var landinu skipt í smáparta, sem þá kölluðust sýslur, og umboðsmenn hirðstjóra nefndust þá sýslumenn, en þeir eiginlegu konungs sýslumenn fengu hirðstjóranafnbót. Nú tóku hirðstjóra-umboðsmenn, sýslumennirnir, að fá hjá hirðstjórum stundum fleiri sýslur og héruð til umráða. En þar mönnum þótti í þessu veldi, ríki og nafnbót, fór hver að herða sig sem gat að fá sýslumannsembætti, smækkuðu þá sýslur þeirra og urðu opt tveir um eina sýslu. Þessir héldu aptur umboðsmenn, stundum fleiri en einn, sem almennt voru þó kallaðir sýslumenn (seinna lögsagnarar). Er því opt torvelt að segja, hvort einn, sem í gömlum ritum nefnist sýslumaður, eða lét dóma ganga, hafði sýsluveiting eða var umboðsmaður.

Um marga þá gömlu sýslumenn mun verða ómögulegt með fullri vissu að segja árstal, nær þeir tóku eða slepptu sýslum, því að fæstra þeirra veitingabréf eru nú til, og annálaritarar hafa lítið þar um skrásett.

Magister Hálfðan rektor Einarsson í sinni *Sciagraphia* pag. 151 tjáir, að Snæbjörn Torfason hafi samið annál yfir alla sýslumenn, sem prentaður hafi verið í Kaupmannahöfn 1656. Þann annál hef eg leitað við að fá hjá ýmsum lærðum mönnum innan- og utanlands, en þeir kvádust ekki vita af honum að öðru en nafninu, og Espólin fróði tjáir mér, að hann muni ekki hafa verið merkilegur.<sup>1)</sup>

Það eg reisti mér þann hurðarás um öxl, að gera tilraun að uppgötva sýslumenn á Íslandi var enganvegin í því tilliti, að eg gæti gert það verk fullkomið (hvað fáum mun takast), heldur til að vekja fróða menn að umbæta það þeir geta og leiðrétta, svo ef hver tæki við af öðrum og umbætti, að verkið yrði að lokum nokkurn veginn fullkomið, að minnsta kosti yfir 16. og 17. öldina.

Það sem eg hef stuðst við í ritgerð þessari er:

1. Konferenzráðs dr. M. Stephensens sýslumannaregistor á 18. öldinni, að áratölu næstum óumbreytt. Ættum og æfiágripum hvers þeirra hef eg viðaukið.
2. Jóns sýslumanns Jakobssonar Sýslumanna-annáll yfir Norðurland, hvar í hann helur safnað mörgum gömlum dómum, hverra helzta inntak eg hef tekið, en aukið að sýslumannatölu, ættum, æfiágripi, og sumstaðar umbreytt hans meiningu um þeirra valdaár, eða hvort það voru umboðsmenn eða höfðu veiting.

1) Það er satt, að á annál þessum, sem aðallega er hirðstjóra-annáll, er lítið að græða, en hann er mjög fágætur, og ekki í söfnum hér á landi, nema handriti (sbr. Safn til s. Ísl. II, 606).

3. Sýslumanns Jóns Espólins fróða Árbækur, sem að rithætti, sérlegri varkárni, og grannskyggni í hlutanna niðurröðun eptir áratali, samt með fylgislausri sannleikselsku, yfirganga mitt lof.
4. Fyrsta uppkast til litils sýslumanna-registurs, einkum á 17. öld, mjög ófullkomið, samið af Magnúsi sýslumanni Ketilssyni á hans elliárum. Þar með fylgdu fáeinar góðar athugasemdir úr sendibréfum gömlum.
5. Finns biskups Hist. Eccl. af hverri eg gat þó mjög lítið hagnýtt til þessa verks.
6. Ýmsa gamla annála og dómabækur, einnig ættatölubækur, gömul skjöl og bréf, úr hverju eg með itarlegum sam-  
burði hef nýtt það þessu verki nokkurnveginn tilheyrði.

Kammerráð Skúli sýslumaður Magnússon hefur góðsamleg-  
ast léð mér áður nefnd nr. 2 og 4, samt ættatölubækur, og prest-  
urinn séra Eggert Jónsson á Ballará hefur léð mér nokkra ann-  
ála og gamlar dómabækur, hvar fyrir eg kann téðum herrum  
mikla þökk. Hér að auki hefur Espólin fróði sagt mér sína  
meiningu, einkum þar sem bar á milli í ættatölum og eg var  
óviss, hverju fylgja skyldi.

Það litla æfiágríp, sem finnst við flesta sýslumenn, hef eg  
úr ýmsum bókum eða skjölum dregið, en ættir þeirra og af-  
komendur úr ættatölubókum og sumt að Espólins fróða leið-  
beiningu. Svo lítið, sem þetta sýnishorn er, hefur það kostað  
mig harla mikinn bókalestur og itarlegan sam-  
burð til að komast sem næst því rétta, því að víða greindi á í annálum um ára-  
tal og í ættatölum um kynkvíslir. Má þó enn mikið umbæta  
af fróðum mönnum, því einn hefur þau skjöl eða ritaðar bæk-  
ur, sem hinn hefur ekki. Eg hef heldur ekki haft aðgang til  
bókasafna utanlands, en mátt hjálpast eptir föngum við áður-  
taldar bækur og skjöl.

Árstal við sýslumenn á 14., 15. og framan af 16. öld er víða  
helzt óáreiðanlegt, og vandséð, að margt þar af rétt uppgötvað  
verði. Það getur og verið, að sumir, sem eg hef sett við sýslu-  
mannatölu, hafi ei sýslu haft, en mjög fáir munu þeir vera.  
Þar sem eg hef ekki haft fyrir mér dóma þeirra, eða séð þá í  
skrifum nefnda sýslumenn, hef eg dregið grun af nafninu *bóndi*,  
sem var valdamannanafnbót fram á 17. öld. Svo nefnist til  
dæmis Daði bóndi í Snóksdal (sem deyði 1563), Ari bóndi  
í Ögri (sem deyði 1652). Að sönnu nefnist Nikulás klausturhald-  
ari Þorsteinsson og svo bóndi, en það er aðgætandi, að leik-  
menn höfðu ekki klaustur að léni norðanlands fyr en eptir 1550,  
að undanteknu Viðeyjar- og Helgafellsklaustri (Nikulás tók  
Munkapverárklaustur 1563, deyði eptir 1590). Urðu því höfðingj-  
ar þeir, sem bændur nefnast, að hafa sýslur, þar þá (fyrir 1550)  
voru ei utan sýslur og fáeinar kongsjarðir, sem lénaðar voru  
leikmönnum. Þó kann eg ei þetta fyrir fullvist að segja. Hitt

tel eg vist, að margir munu fleiri hafa verið hirðstjóra-umbodsmenn eða sýslumenn á 13., 14., 15. og 16. öld, um hverja eg hef engar sagnir, og get ei svo mikið sem nefnt þá. Fræðimenn, sem hafa betri áhöld en eg, gætu þeim og mörgu öðru við aukið.

Þessum minum viðburðum með sýslumenn hef eg skipt í sjö bindi, sem eru:

1. Um sýslumenn í Múla- og Skaptárþingi.
2. Um sýslumenn í Vestmannaeyja-, Rangár- og Árnesþingi.<sup>1)</sup>
3. Um do i Gullbringu-, Kjósar-, Borgarfjarðar- og Mýrasýslum.<sup>2)</sup>
4. Um do i Þórsnesþingi (Hnappadals-, Snæfellsnes- og Dalasýslum.<sup>3)</sup>
5. Um do i Þorskaljarðarþingi (Barðastrandar-, Ísa-fjarðar- og Strandasýslum).
6. Um do i Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.
7. Um do i Vaðla-, (Eyjafjarðar-) og Þingeyjarsýslum.<sup>4)</sup>

Skortur á hjálparmeðulum, minn hnignandi aldur, sljóskyggni og óvissa minna lífdaga, taka frá mér alla von að geta talsvert umbætt eða á ný uppskrifað þetta mitt *annað uppkast*, sem er víða útkrassað á spássium (hvar af margt mætti innsetjast, ef nokkur vildi nýta að uppskrifa það). Hafi eg brotið *ísinn* vona eg mildra dóma og leiðréttingar hjá fróðum mönnum. Stíllinn þarf og víða mikla leiðréttingu, þar eg sinnti ekki um að prýða hann, en hraðaði mér hvað eg kunni að alljúka þessu verki, áður en eg liði allsendis undir lok.

---

[Hér er formála höfundarins lokið, en aptan við hann hefur hann (í Lbs. 384 4to.) bætt svolátandi skýrslu]:

1707 var til kongsins kassa afgipt af landinu 2778 álnir vaðmáls, 736 þör sokka, 704 vættir fiska, 9 frimenn til sjós og 2043 rdl. 2 mörk 11 sk. specie.

Konung[ur] gaf til landsins viðreisnar 1752 . . . 10,000 rd.  
 og enn nú þar að auk með aðskiljanlegum  
 privilegiis . . . . . 5,000 rd.  
 1753, auk aðskiljanlegra hlunninda gaf kongur 16,000 rd.

---

Til að leiða fyrir sjónir skynsömum lesara og föðurlands sönnu elskurum, hvornig finanssakir í Íslandi nú eru og hvað ójafnt niðurraðaðar, og hverra ábati verður af sköttum, sem

---

1) Þessi 2 bindi eru samföst í Lbs. 384 4to. 2) Í Lbs. 385 4to. 3) 1. og 2. hluti þessa bindis í Lbs. 386 4to, en 3. hluti (Dalasýsla) í sérstöku bindi í minni eign. 4) Þriju síðustu bindin í minni eign.

annars ættu að vera til landsins public útgípta, er hér við sett  
talla um sýsluafgjöld til public þarfa Íslands. Afgípt til jarða-  
bókakassans er til 1838 í silfri:

	Rbd.	Rbd.		Rbd.	Rbd.
Múlasýslu norðurpartur . . . . .	c.	38	Barðastrandar . . . . .	67	100
— — suðurpartur . . . . .	c.	38	Ísafjarðar . . . . .	56	100
Skaptafellssýsla öll . . . . .	67		Strandasýsla . . . . .	25	10
Rangárvalla . . . . .	63		Húnavatnssýsla . . . . .	139	
Árness . . . . .	75		Skagafjarðar . . . . .	53	
Borgarfjarðar . . . . .	99		Eyjafjarðar . . . . .	57	
Mýra- og Hnappadals . . . . .	122	100	Þingeyjarsýsla . . . . .	36	200
Snæfellsness . . . . .	140	80	Vestmannaeyjar, Gull-		
Dala . . . . .	92	80	bringu- og Kjósarsýsl-		
			ur administrerast.		

NB. 1838 var gerð sú umbreyting á sýsluafgíptunum, sem  
stendur teiknuð í seinni röð rúbrikanna hér að ofan. Fyr  
var afgjaldið til specie, svo til courant, nú til ríkisbankadala  
reiknað.





BOGI BENEDIKTSSON  
á Staðarfelli.

## C. Sunnlendingafjórðungur.

### I. Kjósarsýsla.

*Peir gömlu þingstaðir í Kjósarsýslu :*

1. Varmá í Mosfellssveit.
2. Esjuberg á Kjalarnesi.
3. Reynivellir í Kjós.

Við Gullbringusýslu er frá sagt, hversu yfirráðendur Kjalarnesþings höfðu optast ásamt Kjósarsýslu lengi fram eptir, og að þar voru ásamt Gullbringusýslu optast sömu valdamenn; get eg því hér einasta íslenzkra valdamanna frá reformation trúarbragðanna, en sleppi öllum útlendum, hvar um ritað er við Gullbringusýslu.

### Henrich Mæding.

Diðrik hirðstjóri Pining tilskipaði 1490 Henrich Mæding konungssýslu um Kjós og Kjalarnes etc. Datum mánudag næstan fyrir Mikaelsmessu 1490<sup>1</sup>).

---

1) P. e. 27. september. Bréfið er gert á Bessastöðum. *Diðrik Pining* (hinn yngri) kallar Henrich Mæding ærlegan dándisvein og sinn trúan þénara og skipar honum rekstur sýslu og umboð um Kjós, Kjalarnes og með Sundum. Biður hann, að þeir í Kjalarnesþingi sýni Mæding þann góðvilja, sem þeir hafi sér veitt og áður sýnt hinum kæra frænda sínum Diðrik Pining (eldra), en sjálfur segist hann hafa forföll, að hann geti ekki til þeirra komið (sbr. Fbrs. VI, 717—718). Af þessu er að ráða, sem bæði þessi Diðrik Pining og þar áður frændi hans Diðrik Pining hafi haft Kjósarsýslu. Diðrik Pining hinn eldri var hirðstjóri yfir öllu Íslandi 1478—1490, og andaðist 1491 en Diðrik yngri frændi hans, sá er gefur út sýslubríf Mædings var »fóveti og höfuðsmann yfir allt Ísland« 1490—91 í umboði frænda síns, eins og sést af bréfi 1. júlí 1491 á alþingi (Fbrs. VI, 754). Henrich Mæding hefir verið í þjónustu Diðrik Penings eldra, og er

## Þorvarður lögmaður Erlendsson.

(Sjá Árnassþing). 1505 á Calixtusmessu<sup>1)</sup> að Varmá í Mosfellssveit, nefnir Þorvarður lögmaður Erlendsson sýslumaður í Kjalarnesþingi í dóm Ólaf Ásbjörnsson, Jón Sigurðsson, Þorleif Jónsson og Ólaf Ólafsson lögréttumenn, samt Orm Sigurðsson og Jakob Brandsson að dæma hversu háar vígsbætur Árni Eiríksson skyldi ljúka, eptir Hannes Etin<sup>2)</sup> útlendan mann, er með höggum og slögum yfirféll Árna, svo hann átti hendur sínar að verja, voru því bæturnar mildaðar til 15 hundraða. En Hannes hafði verið höfuðmannsþénari; sætti Árni síðar afarkostum Dana.

## Sveinn Henriksson.

1549 að Reynivöllum í Kjós nefndi Sveinn Henriksson skrifari, er þá hafði sýslu kongs í Kjalarnesþingi, menn í dóm, um Laxanes í Kjós, sem Sigurður Sigurðsson fyrir utan samþykki konu sinnar Æsu Jónsdóttur,

---

hans fyrst getið í vitnisburði Guðna Jónssonar og þriggja annara manna í Flatey 17. ágúst 1484 um svik, ásælni og yfirgang Diðriks Pinings, Heinriks Mædings, Péturs skyttu og fleiri Piningsmanna við enska kaupmenn, sem lægju á Båtsöndum, og er Mæding þar kallaður »föveti« Pinings (Fbrs. VII, 12—13). Síðar er Mæding beinlinis nefndur umboðsmaður Diðriks hirðstjóra í bréfi gerðu í Hafnarfirði 10. júlí 1488 um lögmannskaup það sem hann geldur og ákveður Finnþoga lögmanni Jónssyni (Fbrs. VI, 631—632) og 28. nóvember s. á. kvittar hann í umboði Pinings Pál bónda Pálsson um það silfur, er Bjarni heitinn Marteinsson hafði að halda eptir Gerekk gullsmið, og Hólmfríður Bjarnadóttir kona Páls tók í sinn hlut. Er það bréf gert í Hofelli í Hornafirði (Fbrs. VI, 645—646). Hve lengi Henrik Mæding hefur haldið Kjósarsýslu, eða hvenær hann hefur látizt, er ókunnugt. Hann kemur hvergi við bréf, eptir að hann fær sýsluna haustið 1490.

## Erlendur Þorvarðsson

lögmaður er talinn sýslumaður í Kjalarnesþingi 1539 (sbr. J. S. 64 fol. í landsbókasafninu), en ókunnugt er mér um dóma hans þar.

1) Réttara: Þriðjudaginn næstan fyrir Calixtusmessu = 10. október, sbr. Fbrs. VII, 801, þar sem dómur þessi er prentaður.

2) Í dómnum í Fbrs. er hann nefndur Hannes Etin, en nöfnin Hans og Hannes voru á þeim tímum naumast aðgreind.



hafði selt Erlendi lögmanni Þorvarðssyni, sem Jón Ketilsson upp á klagaði, vegna konu sinnar Guðrúnar Jónsdóttur systur Æsu, að erfð fallið etc.<sup>1)</sup>

### Þétur Einarsson.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Hann hefur að minni meining tekið Kjósarsýslu 1540, en sleppt henni 1552, þá hann tók Reynistaðarklaustur, hverju hann hélt þó ei utan 1 ár.

### Eggert Hannesson.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Eg meina hann hafi tekið Kjósarsýslu ásamt öðrum sínum lénum 1552, og sleppt Kjalarnesþingi 1554<sup>2)</sup>.

### Narfi Ormsson.

1573 mánudaginn næstan eptir trinitatis sunnudag var Narfi sýslumaður í Kjalarnesþingi millum Botnsár og Ell-

1) Nafnið »Sveinn Henriksson« er algerlega rangt hjá Boga, og á það að vera *Hannes skrifari*. Það sést af dómnum í A. M. 238 4to bls. 123, sem nú er að láni í landsbókasafninu. Þar stendur fullum fetum, að mánudaginn í gagndagaviku um vorið 1549 hafi verið útnefndur dómur á Reynivöllum »af ærlegum dándismanni *Hannesi skrifara*, er þá hafði mins herra kongsins sýslu í Kjalarnesþingi«. Er þetta sami dómurinn, sem Bogi getur hér um. En hann hefur farið villt í nafni dómandans, ef til vill haft fyrir sér slæma afskrípt af bréfinu. Þessi Hannes skrifari hefur eflaust verið fógæti hirðstjórans.

2)

### Þáll Stígsson

fógæti á Bessastöðum, síðar hirðstjóri, hefur jafnframt verið sýslumaður í Kjalarnesþingi 1554, næst eptir Eggert Hannesson, er varð lögmaður sunnan og austan 1554 og hefur þá sleppt sýslunni.

### Niels Ólafsson

fógæti (umboðsmaður) Páls Stígssonar, kallar sig kongsins umboðsmann yfir þremur fjórðungum landsins í dómi, sem hann lét ganga í Bakkarholti í Öltusi 1564 um reka á Þorlákshatnarskeiði, og hefur hann þá ekki að eins haft sýsluvöld í Árnassýslu, heldur eflaust víðar (t. d. í Kjósarsýslu) sem umboðsmaður Páls, er ekki mun hafa gert sýslumannaverk, eptir að hann varð hirðstjóri (sbr. hirðstjóraannál séra Jóns Halldórssonar, *Safn til s Ísl.* II, 705).

iðáár, kaupvottur með fleirum, á Reynivöllum í Kjós, þá Jón Gissurarson seldi Vigfúsi Jónssyni 13 hundr. og 60 áln. betur í jörðunni Vindási í Kjós<sup>1</sup>).

1) Narfi var son Orms Jónssonar sýslumanns í Vik (Reykjavík) og Ingibjargar Narfadóttur ábóta á Helgafelli Ívarssonar (sbr. II. B. bls. 501). Hann bjó í Reykjavík og átti Guðrúnu Magnúsdóttur systur Halls skálds. Börn þeirra eru talin hér áður (II, 502—504) og ættir frá tveimur þeirra: séra Ormi á Breiðabólstað og Þornýju (ekki Þóreyju) konu séra Gísla Einarssonar á Stað, en ekki frá Jóni Narfasyni. En auk þessara þriggja eru og talin börn Narfa: Jakob, Guðmundur, Magnús, Ögmundur, Guðrún, og er þó nokkuð vafasamt um þrjú hin síðast töldu, og ekki verða ættir taldar frá þessum börnum. En frá Jóni Narfasyni er komin fjölmenn ætt í Arnesþingi, og hefur Narfanafnið haldizt í þeirri ætt jafnan síðan. Jón Narfason átti Þuríði dóttur Oddleifs Klemenssonar á Kleifum í Gílsfirði og Ingibjargar Halldórsdóttur, bróurdóttur Daða í Snóksdal. Bjó Jón á Laugarvatni í Laugardal og Kringlu í Grímsnesi. Hans son var

a. Einar í Gröf í Grímsnesi. Hans son

aa. Narfi bóndi í Efstadal. Hans son

aaa. Einar í Efstadal, var á lífi 1729, 68 ára. Synir hans voru:

× Narfi í Efstadal fæddur um 1700, var tvíkvæntur, átti fyr Þóru Eiríksdóttur og börn, en síðar Margræti Gunnlaugsdóttur frá Þúfu í Ölfusi Andrés-sonar löggréttumanns á Kröggólfsstöðum Finnboga-sonar; p. b.:

a. Andrés á Berghyl og Syðra-Langholti († 1826) faðir Magnúsar alpm. († 1869) föður Helga í Birtingaholti föður Guðmundar fyrrum prófests í Reykholti, séra Magnúsar kennaraskólastjóra, séra Kjartans í Hruna, Ágústs dbr. í Birtingaholti, Katrinar konu séra Ólafs Valdimarssonar Briem og Guðrúnar konu Haralds Sigurðssonar á Hrafnkelsstöðum.

b. Elizabet átti Ásbjörn Stefánsson í Fellskoti í Biskupstungum († 1828, sbr. II, 342); p. b.: aa) Narfi á Brú († 1870) átti Þórelfu Þorsteinsdóttur frá Kjaransstöðum Jónssonar í Fjalli Valdasonar í Fljótshólum Eiríkssonar, þeirra einbirni Þorsteinn á Brú, síðar í Reykjavík († 1904), faðir Hannesar ritstjóra Þjóðóífs. bb) Jón í Nýjabæ í Flóa, var þríkvæntur, átti fjölda barna, eitt þeirra Ásbjörn í Reykjavík. Einkason hans Jón lærisveinn í hinum almenna menntaskóla.

## Vigfús Jónsson.

*Faðir:* Jón, bróðir Alexiusar ábóta í Viðey, Pálssonar.

- cc) Jón annar drukknaði ókv. bl. dd) Stefán, lór austur með séra Hjálmari Guðmundssyni, bjó á Hafranesi í Fáskrúðsfirði, drukknaði ungur. Sonur hans var Ásbjörn, kallaður hinn »sterki«, faðir Stefáns, er nú býr á Bóndastöðum í Hjaltastadapinghá. ee) Felix dó ókv., bl.
- c. Póra átti Erlend Jónsson; p. b.: Jón, Ásmundur, Þorgerður, Þorbjörg og Narfi var suður á Strönd. Hans dóttir Margrét s. k. séra Sveinbjarnar Hallgrímssonar í Glæsibæ; p. b.: Sveinbjörn Gestur yfirkennari í Árósum, Grethe, er átti Kristján Ámundason á Ingunnarstöðum í Brynjudal, Kristín s. k. séra Kjartans prófests Einarssonar í Holti, Steingrímur og Sigríður.
- d. Jórunn átti Bjarna Jónsson í Efstadal; p. b. aa) Helga átti Gísla í Efstadal Valgarðsson s. st., Vernharðssonar stúdents á Búrfelli Ófeigssonar og börn. bb) Magnús átti Guðrúnu Valgarðsdóttur systur Gísla. Eitt barn þeirra Bjarni á Skeggjastöðum í Mosfellssveit faðir Einars, er bjó á Kleppi. cc) Jón átti Steinunni Vigfús-dóttur prests í Miðdal Jónssonar. dd) Guðrún átti Þórð Gíslason frá Laugardalshólum, bróður Guðrúnar konu séra Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað. ee) Magnús yngri átti Helgu Loptsdóttur frá Leirvogstungu Þorkelssonar, systur séra Þorláks í Móum. ff) Steinunn átti Þórodd Ólafsson á Helgastöðum; p. b.: Einar í Gafli, Bjarni á Helgastöðum og Ólafur í Borgarkoti á Skeiðum. gg) Margrét átti Ólaf í Vaðnesi Þorgeirsson s. st. Ketilssonar Þorgeirssonar, bl. hh) Póra átti Tyrfing á Hvalfjarðarströnd. ii) Ragnheiður átti Eyjólf á Ketilvöllum Þorleifsson frá Bóðmóðsstöðum Guðmundssonar í Eystri-Tungu í Landbroti Pálssonar; p. b.: Þorleifur í Efstadal faðir Ásmundar, er þar býr nú, Magnús í Lykkju á Kjalarnesi, Kolbeinn bóndi í Kollafirði, Erlendur hreppstjóri, er bjó í Skálholti og átti fjölda barna, Eyjólfur, er bjó á Laugarvatni, Guðmundur í Austurhlíð, faðir Solveigar konu Þorsteins Thorarensens á Móciðarhvoli, Bjarni, Jórunn og Katrín móðir Magnúsar prófests Andréssonar á Gilsbakka.

Móðir: 1)

Kona: Ragnhildur gipt um 1560, dóttir Þórðar lögmanns Guðmundssonar.

e. Gunnlaugur, var í Reykjavík, átti Önnu Eyjólfsdóttur eldra á Reykjavöllum í Biskupstungum Ísólfssonar í Rútsstaðahjáleigu Guðmundssonar og Helgu Þórðardóttur frá Úthlíð Gíslasonar s. st. Ásmundssonar á Minnivöllum á Landi Brynjólfssonar.

- × Halldór Einarsson í Efstadal átti Guðrúnu Guðmundsdóttur; p. b.: Guðmundur á Seli í Ytrihrepp, Sveinn á Kjaransstöðum, faðir Halldórs á Kálfhóli, og Einar á Vatnsleysu, en synir hans voru: Halldór á Vatnsleysu föðurfaðir Halldórs Halldórssonar, er þar býr nú, Bjarni í Holtakoti faðir Halldórs í Hrórars Holti, Þórður á Sýrlæk faðir Þórðar í Sumarliðabæ og Guðmundur faðir Einars lausamanns á Vatnsleysu.

1) Kona Jóns Pálssonar, en móðir Vigfúsar, hét Ásdís Vigfúsdóttir, og fastnaði Jón hana í Mýdal í Kjós 1547 með jáyrði Teits bróður hennar (Teits Fúsasonar). Það vottar Teitur í bréfi gerðu í Vík (Reykjavík) á Seltjarnarnesi 1555, og sama vottar Magnús Alexandersson í öðru bréfi sama ár og dag á sama stað (Fornbréfas. A. M.). Þau Jón og Ásdís hafa húid í Mýdal, líklega ógipt langa hríð, og hefur þá komið upp ágreiningur síðar, hvort börn þeirra, er þau áttu ógipt, skyldu skoðast skilgetin og rétt borin til arfs. Eru nokkur bréf til um það efni. Ásdís er dain 1558, og eru þá börn hennar og Jóns uppkomin, en Jón er dainn 1562, því að þá fara fram skipti á arfi eptir hann milli barna hans: séra Jóns, Ásmundar, Jóns annars og Vigfúsar, sömuleiðis Gróu, Ólafs og Ingibjargar, sem ef til vill hafa ekki verið sammæðra við hin. Alexíus Pálsson bróðir hans erfir einnig. En skiptin eru gerð af Skeggja Guðmundssyni sýslumanni í Gullbringusýslu, Alexíusi og 4 öðrum. Úrskurðar Páll Stígsson hirðstjóri skiptin lögleg s. á. (1562). Það ár vottar og Jón Illhugason (í Reykjavík) um giptingu Jóns og Ásdísar, og að Jón heitinn hafi gefið Ásdísi heitinni 40 hndr. og upp yfir gerningnum hafi verið Ásmundur son hans og Þormóður heitinn Jónsson (ef til vill son Jóns Pálssonar). Sama ár (1562) vottar Guðmundur Þórðarson í Nesi á Seltjarnarnesi, að 1558 í Mýdal í Kjós hafi Jón heitinn Pálsson sagt Vigfúsi syni sínum, að hann væri skilgetinn festarkonuson og öll þau börn, er hann ætti við Ásdísi heitinni Fúsadóttur kvennu sinni. Um þetta sama vottar og Sveinn Arason í Nesi á Seltjarnarnesi 1579. Öll þessi bréf um Jón Pálsson og Ásdísi, er hér hefur verið minnzt á

- Börn:* A. Ingibjörg átti Ólaf (Illa-Láfa) á Svarfhóli, eignarjörð sinni (sjá hans ætt við Strandasýslu). Hann átti og hálfu Lambastaði í Dölum, Goddastaði, Fjarðarhorn og fleiri jarðir. Var hið mesta afarmenni; þeirra börn: <sup>1)</sup>
- a. Séra Jón fyrst í Hjarðarholti í Stafholts-tungum, hverja jörð hann keypti fyrir Svarfhól, þar eftir fékk hann Hvamm í Norðurárdal, og tjáist hafa haldið Hvamm 50 ár, en dáið 1696, 89 ára. Hann átti Sigríði dóttur séra Lopts Skaptasonar á Setbergi; börn:
- aa. Séra Brynjólfur (dó 1694).
- bb. Kristín (dó 1717).
- cc. Sigríður (dó 1707).
- Jóns seinni kona Þóra Þorvalds-dóttir; þ. b.:

eru í fornbréfasafni Árna Magnússonar, en Bogi hefur ekki þekkt þau. Framætt þeirra Jóns og Ásdísar hefur verið öldungis ókunn, en helzt lítur út fyrir, að Ásdís hafi verið ættuð af Sel-tjarnarnesi eða þaðan úr grenndinni, og ef til vill eitthvað skyld Ormi Jónssyni í Vík. En um það verður ekki sagt með vissu. Fúsi (Vigfús) Andrésen er nefndur í bréfi gerðu í Viðey 5. sept. 1503 (Fbrs. VII, 648). Hann gæti verið faðir Teits og Ásdísar. En um föðurætt Jóns Pálssonar er það að segja, að mér þykja mestar líkur fyrir, að faðir hans hafi verið *Páll Bárðarson* bróðir (munkur) í Viðey, sem getið er við skiptabréf í Viðey 10. desember 1503 (Fbrs. VII, 663), en sá Páll hefur vafalaust verið sonar-son Steinmóðar ábóta í Viðey Bárðarsonar Njálssonar prests á Kálfafelli († 1389) Bárðarsonar. *Bárður Steinmóðsson*, sem er einn vottur að kaupbréfi 13. okt. 1461 (Fbrs. V, 241) er vafalaust faðir Páls og son Steinmóðar ábóta, en ranglega ættfærður (af J. J.) í registri við 5. bindi Fornbréfasafnsins. Þótt þessi tilgáta um framætt Jóns Pálssonar sé á veikum rökum byggð, þá virðist það þó styrkja hana ekki alllitið, að Alexíus Pálsson, bróðir Jóns, var ábóti í Viðey, þar sem kynmenn hans höfðu haft aðsetur. Í gömlu skrifti um ætt Orms í Eyjum stendur, að mælt sé, að föðurfaðir þeirra Jóns og Alexíusar hafi verið ábóti í Viðey, og virðist það benda á, að ættin sé þaðan runnin.

1) Börn Ólafs og Ingibjargar eru öll talin II, 336—338 og næstu afkomendur þeirra nokkru ítarlegar en hér.

- dd. Brynjólfur.  
 ee. Sigríður.
- b. Þórður í Sólheimatungu og Galtarholti,  
 átti Jarprúði Jónsdóttur, Magnússonar;  
 börn:  
 aa. Þórður.  
 bb. Jón.  
 cc. Kristín.  
 dd. Svanborg.
- c. Helga átti Bjarna á Kletti, son séra Guð-  
 mundar Jónssonar; börn:  
 aa. Séra Guðmundur í Árnesi.  
 bb. Ástriður.  
 cc. Halldóra.  
 dd. Ingibjörg.  
 ee. Sigríður.  
 ff. Séra Helgi kapellán barnlaus.
- d. Jórunn Ólafsdóttir átti Egil son séra  
 Bjarna í Selárdal, börn:  
 aa. Bjarni.  
 bb. Helga.  
 cc. Einar.  
 dd. Sigurður.  
 ee. Ólöf.  
 ff. Anna.  
 gg. Finnbogi.
- e. Magnús Ólafsson<sup>1)</sup> átti Guðrúnu Bjarna-  
 dóttur.
- B. Vilhjálmur Vigfússon<sup>2)</sup> átti Ástu dóttur séra  
 Böðvars í Reykholti; þ. b.:  
 a. Þórður fór til Englands, giptist þar og  
 átti börn.  
 b. Finnur átti Helgu Einarsdóttur Hall-

---

1) Magnús bjó á Kjallaksstöðum (sbr. II, 338).

2) Vilhjálmur var »kleinkinn, ágjarn og lánlítill«, segir séra Jón Halldórsson (í ættatölum sínum). Hanu átti Geldingaá og seldi hana séra Gísla Oddssyni, er síðar varð biskup.

- dórssonar frá Álptanesi, Marteinsonar biskups<sup>1</sup>); þ. b.:
- aa. Einar.
  - bb. Sesselja.
  - cc. Kristín.
- c. Ásmundur (al. Ámundi<sup>2</sup>) átti Oddnýju Narfadóttur; barn:
- aa. Guðmundur.
- d. Ásta átti Jón Jónsson frá Staðarhrauni<sup>3</sup>).
- e. Guðrún átti Halldór Marteinson<sup>4</sup>); þ. b.:
- aa. Þórður.
  - bb. Kristín.
  - cc. Valgerður.
  - dd. Ingunn<sup>5</sup>).
- f. Guðrún önnur seinni kona Jóns Sigurðssonar<sup>6</sup>).

1) Finnur lærði í skóla, var söngmaður mikill, átti að vigjast, en varð ei af. Finnur og Helga voru lengi á vergangi. »Þó gott fólk eða frændur hans vildu skjóta skjóli yfir hann og láta hann kenna börnum að lesa eður söng, samt heppnaðist það ekki, þóknaðist meir snikjur og kvikindisskapur«, segir séra J. H. Irændi hans. Helga lenti á Álptaneshrepp. Einar faðir hennar kallaði hana »vitnisburðinn sinn«, og segir séra J. H. (í ættatölum sínum) allskritna sögu um Einar og konu hans í því sambandi.

2) Hann hét Ámundi.

3) Jón maður Ástu var son séra Jóns Jónssonar gamla á Staðarhrauni, er dó 1653, 113 ára, og orðið hefur langelztur allra prestvígðra manna á landi hér, og jafnvel allra manna elztur, er sannar sagnir eru um hér á landi. Séra Jóni í Hitardal, jafnfróðum manni á næstu grösom við séra Jón, skömmu eptir hans dag, hlaut að vera fullkunnugt um aldur hans. Hann andaðist á Brúarfossi og las og skrifaði til síns síðasta árs.

4) Halldórssonar Marteinsonar biskups. Var Guðrún s. k. Halldórs. Hann var kallaður Smjörva-Dóri.

5) Þessi systkin giptust ekki.

6) Þau bjuggu í Álptártungu og áttu ekki börn, að því er séra J. H. segir. Guðrún þessi var eldri en Guðrún kona Halldórs Marteinsonar.

- g. Vigdís átti Bjarna<sup>1)</sup> af Kjalarnesi; börn:  
 aa. Guðmundur.  
 bb. Kristín<sup>2)</sup> seinni kona Guðmundar Sæmundssonar.  
 h. Kristín.  
 i. Vigfús<sup>3)</sup>.
- C. Ormur sýslumaður í Eyjum (sjá síðar).  
 D. Illhugi á Kalastöðum, átti Sesselju Árna-dóttur og 13 börn; þ. b.:  
 a. Séra Vigfús á Setbergi, dó 1669, átti Bergljótu Loptsdóttur; þ. b.:  
 aa. Séra Illhugi samastaðar.  
 bb. Ragnhildur<sup>4)</sup>.  
 cc. Hallur<sup>5)</sup>.  
 dd. Karítas<sup>6)</sup>.  
 ee. Kristín<sup>7)</sup>.  
 b. Séra Einar á Reynivöllum, dó 1689, átti Guðriði Einarsdóttur<sup>8)</sup>; börn:

1) Réttara: Björn (J. H. ættatölur).

2) Kristín var Jónsdóttir og laundóttir Vigdísar. Hún var fædd um 1653 og er á lífi 76 ára í Miðengi í Grímsnesi 1729 (sbr. Manntal í Árnesþingi í minni eigu). Hún átti fyr Helga Jónsson í Öndverðarnesi, en Guðmundur í Miðengi var s. m. hennar. Hann var son Sæmundar á Syðribrú Engilbertssonar prests á Þingvöllum Nikulásssonar, og hafði fyr átt Hallgerði Þorsteinsdóttur og 2 börn.

3) Séra J. H. nefnir ekki Vigfús meðal barna Vilhjálms Vigfússonar, en dóttur hans og Ástu\_telur hann Arndísi, auk þeirra, sem hér eru nefndar.

4) Ragnhildur átti Teit Hallsson á Saxhóli og börn.

5) Hallur er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 21. sept. 1668, og er talið, að hann hafi »attesterað« í guðfræði á þann hátt, er þá var títt, kom svo hingað aptur og varð lítt að manni, kvæntist Sigríði Sigurðardóttur; þeirra dóttir Guðný átti Sigurð Guðmundsson, bróðurson Þorgils Jónssonar á Brimilsvöllum og börn, sem ættir eru frá komnar.

6) Karítas átti »éra Sigurð Halldórsson í Nesþingum, bl.

7) Kristín átti séra Gísla Einarsson á Helgafelli og börn.

8) Guðriður var dóttir Einars Teitssonar frá Ásgarði (sbr. II, 643—644).



- aa. Séra Einar<sup>1</sup>).
- bb. Séra Snæbjörn<sup>2</sup>).
- cc. Guðríður<sup>3</sup>).
- c. Nikulás átti Guðrúnu Nikulásdóttur<sup>4</sup>);  
börn:  
aa. Illhugi<sup>5</sup>).
- bb. Jón.
- cc. Sesselja<sup>6</sup>) etc.

1) Sbr. II, 645. Brynjólfur son séra Einars og Þóru Torfadóttur dó ókvæntur í stórubólu 1707. Hann átti laundóttur, er Þuríður hét, með Þóru Guðmundsdóttur, er síðar átti Rögvald Freysteinsson á Sandlæk í Eystrihrepp. Þuríður þessi ólst upp á Sjárvarborg hjá Benedikt sýslumanni Bech og Margréti Einarsdóttur föðursystur sinni, giptist Jóni Jónssyni.

2) Séra Snæbjörn á Reynivöllum, dó 1687 (sbr. II, 644). Börn hans og Þórunnar (II, 572), dóu öll í bólunni.

3) Börn Guðríðar og Odds Eiríkssonar (II, 644) voru:

- a. Vigfús mun hafa lært í Skálholtsskóla og útskrifast vorið 1702, var í þjónustu séra Þórðar Jónssonar á Staðastað, varð úti í Staðarsveit í áhlaupa kafaldsfjúki undir jól 1702, en Sigurður Jónsson (síðar sýslumaður á Hvitárköllum) komst af, voru að sækja ölföng að Búðum.
- b. Einar elzti prestur á Lundi († 1753) faðir séra Ketils sama staðar.
- c. Einar yngri prestur á Stað í Grindavík († 1755) átti Jórúnni Sigurðardóttur frá Sólheimatungu, þeirra son Einar prestur í Guttormshaga († 1762).
- d. Einar yngsti dó bl. 1725, ætlaði að kvongast Jarprúði dóttur Magnúsar Benediktssonar í Hólum í Eyjafirði, er síðar giptist Þórði Hákonarsyni í Norðtungu.
- e. Guðríður f. k. Eiríks stúdents Vigfússonar í Ási í Melasveit stjúpsonar séra Einars elzta Oddssonar.

4) Nikulás faðir hennar var son séra Ásgeirs Hákonarsonar á Lundi.

5) Illhugi bjó á Eystra-Miðfelli á Hvalfjarðarströnd, dó 1715, 79 ára.

6) Sesselja átti Ísleif á Miðfelli Jósepsson prests á Ólafsvöllum Loptssonar; þeirra son:

- a. Jón á Dagverðarnesi í Skorradal. Hans börn: Illhugi, Margrét, Sesselja og Ísleifur á Reykjum í Lundareykjadal, faðir Sigurðar á Þverfelli.

- d. Þórarinn lögréttumaður á Hvitárvöllum, átti Þorbjörgu Gísladóttur Björnssonar; börn:
- aa. Gísli lögréttumaður í Munaðarnesi.
  - bb. Séra Þorsteinn í Miðdölum<sup>1</sup>).
  - cc. Björn<sup>2</sup>).
  - dd. Árni<sup>3</sup>).
  - ee. Halldóra<sup>4</sup>).
  - ff. Sesselja<sup>5</sup>).

1) Séra Þorsteinn átti fyrir Guðrúnu dóttur Bjarna prests Hallssonar á Grund; þeirra synir: Þórður († 1709) og Páll á Skeljabrekku. Ætt frá honum rakin áður. S. k. séra Þorsteins Þórunn Þorsteinsdóttir Sigurðssonar í Hlið í Hörðudal Þorsteinssonar.

2) Laundóttir Björns með Guðrúnu Ásmundsdóttur:

a. Steinunn átti Jón Jónsson Egilssonar.

3) Árni átti Ástu Snorradóttur frá Grimsstöðum Guðmundssonar ríka í Ólafsvík Ásbjörnssonar.

4) Halldóra átti fyrir Torfa Þorsteinsson Torfasonar prests á Gilsbakka Þorsteinssonar. Sá Torfi mun vera sá Torfi Þorsteinsson, er var umboðsmaður Sigurðar sýslumanns Jónssonar 1664 (sbr. III, 460). Börn Torfa og hennar:

a. Halldór dó í stórubólu, átti laundóttur Margréti með Arnbjörgu Einarsdóttur.

b. Þorkell átti Aldisi Jónsdóttur Þorsteinssonar í Skriðu Rögnvaldssonar.

c. Arnfríður átti Höguna Þorbjörnsson Marteinsonar, p. b.:

aa. Jón prestur í Hítarnesi († 1764) var þrikvæntur.

bb. Marteinn átti Margréti Jónsdóttur Helgasonar, þeirra son Högni. Son hans Marteinn var í Reykjavík.

cc. Jón eldri á Lambastöðum átti Guðlaugu Brynjóllsdóttur og börn.

dd. Árni í Krossholti átti Margréti Þorvarðsdóttur í Krossholti Sigurðssonar. Sjá um atkomendur þeirra III, 264—265.

S. m. Halldóra Þórarinsdóttur Guðmundur Halldórs-son prests á Álptanesi Marteinsonar, p. b.:

d. Guðrún átti Jón Grimsson á Mýrum.

e. Torfi.

f. Þórarinn.

g. Ásta.

5) Sesselja átti Guðmund Snorrason, bróður Ástu, er átti

e. Einar lögréttumaður átti Arndisi Torfa-  
dóttur<sup>1</sup>; börn:

Árna Þórarinsson bróður Sesselju, p. b.:

a. Steindór lausamaður á Hjallasandi.

b. Margrét átti Árna Ólafsson og Randalínar Jónsdóttur, p. b.:

aa. Ingibjörg átti Ásmund Gíslason frá Fróðastöðum Ás-  
mundssonar á Bjarnastöðum Ólafssonar, p. b.;

aaa. Randalín átti Þórð Jónsson á Arnarstapa; p. b.:

× Margrét átti Jón Þórhallason prests á Borg Magn-  
ússonar, p. b.: a) Þórður í Einarsnesi faðir Jóns á  
Ferjubakka og Vallnakoti. b) Vigfús átti Mar-  
gréti Magnúsdóttur, p. b.: aa) Sigríður átti fyr  
Benedikf Magnússon, en síðar Árna Jónsson. bb)  
Ketill á Fellsöxl átti Elinu Guðmundsdóttur, p.b.:  
Guðmundur og Elin. c) Ingibjörg átti Ara  
Teitsson á Akranesi, p. b.: Jón hreppstjóri í  
Guðrúnarkoti, Ingibjörg átti Hannes á Hamra-  
endum Björnsson prests í Hitardal Benedikts-  
sonar, Kristín átti Jón Einarsson frá Rafnkels-  
stöðum Gíslasonar og Margrét átti Guðmund  
Bjarnason frá Gljúfurá Sigurðssonar »stokkmanns«  
Ísleifssonar á Einifelli Högnasonar.

× Ásmundur átti Þuríði laundóttur Þórðar Hákon-  
arsonar í Norðtungu og var s. m. hennar.

c. Málfríður giptist austur í Fljótshlíð.

d. Guðrún.

Enn var dóttir Þórarins Illhugasonar og Þorbjargar:

gg. Gróa átti Sturlu Þórðarson á Varmalæk;  
p. b.:

a. Jón átti fyr Guðríði Jónsdóttur Helga-  
sonar, bl., en síðar Guðrúnu Gísla-  
dóttur, p. b.: Þórður.

b. Stefán druknaði með öðrum manni  
við Andriðsey á Hvalfirði haustið 1717  
(J. H. ættat.).

Ó. Snókdalín telur, að dætur Sturlu á  
Varmalæk og Gróu hafi verið:

c. Margrét; laundóttir hennar með Jóni  
Bjarnasyni Tyrfringssonar frá Hjörtsey  
Ásgeirssonar:

aa. Guðný átti Svein Hannesson, bl.

d. Þuríður átti Jón Gíslason á Varmalæk;  
p. b.:

1) Arndís var dóttir Torfa Ögmundssonar og s. k. hans  
Steinvarar Böðvarsdóttur prófasts í Reykholti.

aa. Illhugi<sup>1</sup>).

aa. Gisli átti Guðrúnu Þorsteinsdóttur  
p. b.:

aaa. Eiríkur á Vatnshorni átti Mar-  
gréti Þorsteinsdóttur frá Þyrli  
Magnússonar á Hurðarbaki  
Gunnlaugssonar; p. b.: Guðrún  
átti Þorbjörn Árnason á Mið-  
sandi; p. b.: Eiríkur, Gisli,  
Oddný, Bjarni, Guðrún.  
Launson Gísla Jónssonar með  
Kristínu var:

bbb. Sæmundur í Grafardal átti  
Sigrúnu Tómasdóttur úr Eyrar-  
sveit; p. d:

× Kristín 1. kona Bjarna Her-  
mannssonar á Vatnshorni.  
Launson Sæmundar með  
Ólöfu Oddsdóttur frá Drag-  
hálsi Einarssonar og Úlf-  
disar Sveinbjarnardóttur:

× Jón hreppstjóri í Brennu  
í Lundareykjadal var þri-  
kvæntur. Son hans með  
fyrstu konunni Guðnýju  
Þóroddsdóttur: Gisli í Sarpi  
faðir Gísla í Stóra-Botni og  
síðar á Stóru-Fellsöxl.

bb. Jón smiður á Reyni átti fyr Ás-  
vöru Hákonardóttur frá Leirárgörð-  
um Sigurðssonar; p. b.:

aaa. Bjarni í Býlu á Akranesi. Hans  
dóttir Guðríður átti Jón Jóns-  
son á Jarðlangsstöðum.

bbb. Gisli á Skipaskaga átti Guð-  
laugu Kláusdóttur Bergsveins-  
sonar Grimssonar prests í Görð-  
um á Akranesi Bergsveinsson-  
ar; p. b.:

× Hákon í Ásgarði í Andakil,  
svo á Akranesi, átti Guð-  
laugu Þorvaldsdóttur og  
mörg börn. Dóttir þeirra

1) Illhugi átti Sigríði Jónsdóttur frá Langholti Benedikts-  
sonar p. b.:

bb. Gróa<sup>1)</sup>.

- Guðriður, dó 1894, rúmlega 100 ára.  
 S. k. Jóns smiðs á Reyni Sigriður Guðmundsdóttir; p. b.:  
 ccc. Jón Borgström snikkari, átti Arnbjörgu Þorsteinsdóttur, bl. Laundóttir hans með Guðrúnu Geirmundsdóttur var Guðrún.  
 cc. Hallfríður átti Benedik Gíslason á Geitabergi, p. b.:  
 aaa. Gíslí á Kalastöðum átti Guðrúnu Maguúsdóttur, p. b.:  
 × Þórður í Há koti í Reykjavík átti Sesslju Nikulásdóttur, p. b.:  
 ×× Margrét dó bl.  
 ××× Jón í Há koti, átti Guðnýju Jónsdóttur frá Ártúni Bjarnasonar Péturssonar og Ingiþjargar Jónsdóttur frá Uppsölum í Flóa Teitssonar á Skálholtshamri Loptssonar.

## dd. Ráðhildur.

- a. Benedikt átti Vigdísí Björnsdóttur Helgasonar.  
 b. Guðriður f. k. Sigurðar Vigfússonar Hinrikssonar.  
 c. Jón átti Ólöfu Björnsdóttur prests í Hrepphólum († 1696), Jónssonar p. b: Hannes, Illhugi, tveir Jónar og Vigdís kona Odds Sveinssonar á Ferjubakka.  
 d. Einar á Hofstöðum í Stafholtstungum, átti 1714 Guðrúnu Ólafsdóttur Sigurðssonar, þeirra synir Gíslí í Sauðhúsum við Álptanes, Bergþór lausamaður, Sigurður í Skiðsholtum og Illhugi smiður í Bóndhól faðir Jóns smiðs í Reykjavík föður Guðmundar prests á Stóruvöllum († 1889) og Jóns silfur-smiðs í Skeiðháholti († 1907). Frá dætrum Einars Illhuga-sonar á Hofstöðum eru og ættir komnar á Mýrum.  
 Aths. Séra J. H. nefnir ekki Einar meðal barna Illhuga Einarssonar og Sigriðar, og getur vel verið, að hann hafi ekki ver-

1) Gróa átti Teit Bjarnason frá Kúludalsá Eyjólfs-sonar Helgasonar Eyjólfs-sonar prests á Melum Grímssonar; p. b.:

a. Þóra átti fyr Bjarna Runólfsson, síðar Þórð Jónsson og tvær dætur.

- cc. Guðrún<sup>1</sup>).
- f. Jón í Lóni<sup>2</sup>) átti Hallvöru systur Þorgilsar bónda á Brimilsvöllum Jónssonar, börn:
- aa. Séra Bjarni, vigður til Mela 1683, dó á Melum í Borgarfirði 1685, bl.
- bb. Hólmfríður<sup>3</sup>).

íð sammæðra við þá Benedikt og Jón og eflaust að mun yngri, en Ó. Snókdalín telur þannig hiklaust og virðist ekki ástæða til að rengja það. Hann telur og dætur Illhuga og alsystur Einars á Hofstöðum: Guðrúnu, er átt hafi Tómas Hrómundsson frá Elliða og Ingibjörgu, er átt hafi Þórð Ólafsson, bróður Jóns lögréttumanns á Yxnakeldu, en þær nefnir séra J. H. ekki, og getur því verið, að þau 3 systkin séu af síðara hjónabandi Illhuga Einarssonar, þótt séra J. H. geti þess ekki, að hann hafi verið tvíkvæntur.

1) Þessi Guðrún er ekki nefnd í ættartölum séra J. H., en Snókdalín telur hana meðal barna Einars Illhugasonar.

2) P. e. Einarlóni.

3) Hólmfríður átti Guðmund á Stóruborg Þorláksson Þórðarsonar á Marðarnúpi, er var bróðir Guðbrands biskups. Eitt þeirra barna:

- a. Þorlákur á Stóruborg átti Þórdísi Björnsdóttur, p. b.:
- aa. Hákon á Þorgeirsfelli. Hans synir Magnús og Vigfús faðir Vigfúsar í Lukku á Hellissandi.
- bb. Guðmundur næturvörður í Grjóta í Reykjavík, átti fyr Ingibjörgu Jónsdóttur; son þeirra Jón næturvörður í Reykjavík, átti Ingibjörgu Kristínu Sigurðardóttur timbursmiðs Magnússonar. S. k. Guðmundar Guðný Sigurðardóttir frá Engy Guðmundssonar, systir Snorra í Engy, p. b. Guðmundur.
- cc. Þórður í Sveinstaðakoti tvíkvæntur.
- dd. Steindór átti Kolfinnu Jónsdóttur p. b.:
- aaa. Þorsteinn í Holti á Ásum, átti Margrėti Jónsdóttur frá Eyvindarstöðum í Blöndudal, p. b.:
- × Jón landlæknir átti Elinu Stefánsdóttir amtmanns Stephensens p. b.: Ragnheiður kona Kristjáns amtmanns Kristjánssonar, Jónas sýslumaður í Suður-Múlasýslu, Margrét Guðrún, er átti Jón Hjaltalín Andrés son skólaláttjóra, Stefán Þorvarður og Hans Theodor, er báðir dóu ókv. bl.

cc. Ragnhildur<sup>1</sup>).

- 
- × Margrét átti Magnús Pétursson Jónssonar Hallssonar á Húki Björnssonar á Guðlaugsstöðum Þorleifssonar prests í Blöndudalshólum Ólafssonar. [Son Magnúsar þessa með Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Vindhæli Ólafssonar er Guðmundur læknaskólakennari í Reykjavík].
  - × Ingibjörg átti fyr Svein á Egissíðu í Vesturhópi Guðmundsson Kristmundssonar, p. b.: Jakob trésmiðameistari í Rvík, Guðrún f. k. Geirs Zoëga kaupmanns, Þorsteinn og Guðmundur, en síðar átti Ingibjörg Jón Pétursson á Hvitanesi í Skilmannahrepp.
  - × Björn komst til Vestindía.
  - bbb. Bjarni í Þórormstungu átti Gróu Jónsdóttur p. b.: Jón stjörnufræðingur í Þórormstungu, Kolfinna átti Snæbjörn Snæbjörnsson prests í Grimstungum Halldórssonar, Helga átti Jósafat Tómasson frá Ásgeirsá og Gróa s. k. sira Sigvalda Snæbjörnssonar í Grimstungu.
  - ccc. Guðmundur í Hraundal átti Sesselju Guðmundsdóttur frá Krossnesi Sigurðssonar, p. b.: Guðmundur, Steinvör, Knútur, Björn.
  - dd. Filippía átti Guðmund yngri Þorvarðsson frá Krossholti (Sjá um þeirra afkomendur III, 270). Filippía dó á Búðum 25. janúar 1819 um níraett.
  - ee. Hólmfríður átti Þórarinn Magnússon á Malarífi p. b.:
    - aaa. Jón á Malarífi átti fyr Steinunni Ásmundsdóttur bl., svo Guðrúnu Þórðardóttur p. d.:
      - × Steinunn f. k. Gísla í Hraunhöfn Árnasonar frá Bjarnarfossi Ólafssonar. [Dætur Gísla og s. k. hans Ragnhildar Jónsdóttur voru Steinunn fylgikona Magnúsar sýslumanns Gíslasonar (sbr. II, 746) og Ásdís f. k. Þórðar dbm. Þórðarsonar á Rauðkollsstöðum].
  - ff. Hallvör átti Jón Gíslason Björnssonar, þau systrabörn, p. b. Gíslu.
- Ingibjörg og Helga voru dætur Guðmundar Þorlákssonar og Hólmfríðar og eru frá þeim litilsháttar ættir.

1) Ragnhildur átti fyr Gísla Björnsson, þeirra son Jón, er átti Hallvöru Þorlákisdóttur (sjá hér á undan), en síðar átti Ragnhildur Guðmund Helgason, bl.

- dd. Sesselja<sup>1</sup>).  
 ee. Guðríður<sup>2</sup>).  
 ff. Steindór.  
 g. Jórunn Illhugadóttir átti séra Guðmund á  
 Pæfusteini Jónsson, börn:  
 aa. Séra Jón á Staðarhrauni<sup>3</sup>).  
 bb. Rósa<sup>4</sup>).  
 cc. Sesselja<sup>5</sup>).  
 h. Guðríður fyrri kona Guðmundar Jóns-  
 sonar<sup>6</sup>); börn:  
 aa. Guðrún.  
 bb. Guðríður<sup>7</sup>).  
 i. Ingibjörg átti Vigfús á Hliðarfæti Torfa-  
 son<sup>8</sup>); börn:  
 aa. Þórður<sup>9</sup>).

---

1) Sesselja átti Þorstein Halldórsson, þeirra son:

a. Halldór faðir Guðrúnar móður Þorgerðar Pétursdóttur, er átti launson með Eiríki Steindórssyni á Búðum: Halldór á Hóli í Hörðudal.

2) Guðríður átti nokkur launbörn.

3) Hann var faðir frú Valgerðar konu Steins biskups og Helga prests á Staðarhrauni föður Jóns prests hins ættfróða í Hofspingum († 1784).

4) Rósa átti Guðlaug Þorgeirsson frá Bár Snorrasonar, p. b.: Þórður í Hvalgröfum (sbr. III, 482) og Guðný kona Steindórs Finnssonar í Krossnesi.

5) Sesselja dó hl. og eins dd) Vigdis systir hennar, en dóttir séra Guðmundar og Jórunnar var ennfremur:

ee. Guðrún átti séra Sigurð Helgason á Pæfusteini.

6) Guðmundur maður Guðríðar og séra Guðmundur Jónsson á Pæfusteini maður Jórunnar voru bræðrasynir (sbr. III, 330).

7) Guðríður var s. k. barn Guðmundar (sbr. III, 330).

8) Vigfús var bróðir Arndisar konu Einars Illhugasónar bróður Ingibjargar (sjá hér á undan).

9) Þórður átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Höfða í Pverárhlið Sigurðssonar í Hlið í Hörðudal Þorsteinssonar, p. einbirni:

a. Rannveig átti Magnús Sigurðsson, p. b.:

aa. Sigríður f. k. séra Þorvarðar Auðunssonar í Saurbæ, dó af barnsförum 1748.



- bb. Sesselja<sup>1)</sup>.  
 k. Gísli lögréttumaður.  
 l. Þórður, báðir barnlausir. Þau Illhugi og Sesselja áttu ennú 4 börn.
- E. Jón yngri Krákur. Hann var sendur utan 1601 af Þórði lögmanni í málum þeirra Þuchholts, því hann hafði áður þenað stórhöfðingjum ytra. Þá Jón kom út þar eptir fór hann að búa á Skáney og giptist 1613 Solveigu dóttur séra Bøðvars í Reykholti<sup>2)</sup>; börn:
- a. Séra Finnur í Vallanesi, deyði barnlaus 1648<sup>3)</sup>.  
 b. Jón skön (bjó í Skáney) átti fyr Guðrúnu Henriksdóttur, barnlaus. Svo Helgu Björnsdóttur<sup>4)</sup> barnlaus.  
 c. Bøðvar átti Helgu dóttur séra Halldórs á Staðarhrauni; börn:  
 aa. Jón<sup>5)</sup>.

---

1) Sesselja var f. k. Jóns Þórðarsonar á Draghálsi, p. b.:

- a. Jón á Draghálsi, átti fyr Ingibjörgu Sigurðardóttur Magnússonar á Suður-Reykjum Þorvarðssonar, en síðar Sigrúnu Eyjólfsdóttur Bjarnasonar á Kúludalsá Eyjólfssonar.

2) Séra Jón Halldórsson segir (í ættatölum sínum), að Jón Vigfússon hafi verið »máldjarfur, lagamaður snarharður, kenndi Jóni og Bøðvari sonum sínum lög, en þeir vanbrúkuðu vizku sína til lögkróka og hrekkja, féll Jón á efri árunum á síðu sona sinna, hnignaði þá bæði láni og mannorði hans«.

3) Hann tók stranga sótt, er hann reið af alþingi 1648, lá viku í Skálholti. Var »berorður og málsnjallur, bæði í prédikunarstólnum og fyrir utan hann, þó hrekkjalaus og einlægur« segir séra J. H.

4) Séra J. H. segir um Jón Skön, að hann hafi verið lesinn í andlegu og veraldlegu, lögum og fornsögum, orðhittinn og ófeilinn, slunginn í lagaflækjum og sneiðyrðum, lagðist í svall og drykkjuskap og náði eignum konu sinnar föstum og lausum, dó í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1695, örfátækur. Guðrún f. k. hans var dóttir Hinriks Gíslasonar á Ytrahólmi (sbr. III, 436).

- 5) Jón átti Guðrúnu Jónsdóttur í Vik á Akranesi, bl.

- bb. Guðrún<sup>1</sup>).
- cc. Guðrún yngri<sup>2</sup>).
- dd. Einar.
- ee. Finnur<sup>3</sup>).
- d. Guðrún dóttir Jóns kráks átti Þorvald Hallsson<sup>4</sup>).
- F. Puriður átti Gisla í Galtardalstungu, bróður Illa-Láfa; börn<sup>5</sup>):
  - a. Árni átti Ragnhildi Eiríksdóttur, þ. b.:
    - aa. Ragnhildur og
    - bb. Halldóra. Launbörn Árna:
    - cc. Þorkell.
    - dd. Inga með Þóru Þorkelsdóttur á Stapa og Þjóðhildi Jónsdóttur.
  - b. Jón bartskeri átti Ólöfu Tómasdóttur Brandssonar frá Bægisá; börn:
    - aa. Árni.
    - bb. Jón.
    - cc. Guðrún.
  - c. Sigmundur í Fagradal, átti Guðrúnu Pálsdóttur; börn:
    - aa. Páll.
    - bb. Rögnvaldur sýslumaður.

---

1) Guðrún eldri átti Bjarna Jónsson í Tannhamraseli, bróður Hróbjarts, er drukknaði í Mjósyndi í Skilmannahrepp með séra Jóni Jónssyni í Gørðum 1718, þ. b.:

- a. Vilhjálmur í Tandraseli (Tannhamraseli), átti Helgu Jónsdóttur Andréssonar, þ. b.: Sigríður, Gróa.
- b. Jón.
- c. Halldóra.

2) Guðrún yngri átti laundóttur með Guðmundi á Einifelli Guðmundssyni Erlingssonar, var Helga kona Guðmundar sýslumanns Runólfssonar (sjá Gullbringusýslu<sup>5</sup>), svo átti Guðrún Magnús Pétursson norðlenzkan, þ. b.: Helgi.

3) Einar og Finnur veiktust, dóu ókv., bl.

4) Séra J. H. nefnir hann Þorvarð Hallsson »óþreyttan búra«, bl.

5) Um börn Gisla í Galtardalstungu og Puriðar sjá nánar II, 329—331.

- cc. Guðrún.  
 dd. Ástriður.  
 ee. Margrét.  
 ff. Álfheiður.  
 gg. Gunnfriður.
- d. Jórunn Gísladóttir átti séra Jón á Kvinnabrekku Ormsson; börn:  
 aa. Séra Magnús samastaðar.  
 bb. Karítas.  
 cc. Jóhanna.  
 dd. Vigfús.
- e. Ólöf Gísladóttur laungetin, átti Þorstein og börn.
- G. Ingveldur átti séra Jón á Helgafelli og Breiðabólstað, son Þormóðs í Bræðratungu Ásmundssonar; börn:
- a. Guðmundur á Fróðá, átti Þórunni dóttur Steindórs sýslumanns Finnssonar (sjá Snæfellsnessýslu).
- b. Jórunn átti fyr Sigurð son séra Gísla Guðbrandssonar; börn:  
 aa. Gísli.  
 bb. Guðrún bæði barnlaus.  
     Svo átti hún Jón Einarsson á Skarðshömrum.
- c. Ingibjörg (dó 1680) átti Þórð Eyjólfsson, barnlaus.
- d. Sigríður átti Jón Gíslason á Hóli í Hörðudal; börn:  
 aa. Guðbjörg átti fyr séra Jón Hannesson í Snóksdal; börn:  
     aaa. Magnús í Snóksdal.  
     bbb. Jón<sup>1)</sup>. Síðar átti Guðbjörg Árna landþingisskrifara Geirsson, barnlaus.
- H. Ásdis Vigfúsdóttir þriðja kona Þorsteins

---

1) Um afkomendur séra Jóns Hannessonar og Guðbjargar er getið nánar II, 655—656.

sýslumanns á Þykkvabæ Magnússonar, barnlaus.

I. Guðmundur<sup>1)</sup> átti Guðrúnu dóttur Hannesar í Hvammi í Kjós Ólafssonar. (Aðrir segja Guðrúnu dóttur Hannesar í Kolsholti, er dó 1653, og var lögsagnari í Árnessýslu og ráðsmaður um hrið í Skálholti); barn:

a. Jórunn, bjó á Höfðabrekku, þótti mesta galdranorn, og var sagt hún hefði gengið aptur. Hennar maður var Vigfús son Magnúsar Eiríkssonar; börn:

aa. Ragnhildur.

bb. Ólöf.

cc. Guðmundur.

dd. Þorbjörg.

ee. Dómhildur.

ff. Magnús.

gg. Guðrún.

hh. Solveig.

ii. Gróa, varð almúgafólk<sup>2)</sup>).

K. Séra Jón eldri í Miðdalapíngum, Vigfússon<sup>3)</sup>. lifði 1630, seinni maður Önnu Björnsdóttur Hannessonar (sjá Snæfellsnessýslu), börn:

a. Vigfús.

b. Árni<sup>4)</sup>.

Vigfús bjó á Kalastöðum og var kallaður ofbeldismaður. Hann hefur næst eptir Eggert Hannesson tekið Kjósarsýslu, því 1555 lét hann dóm ganga á Esjubergi um hagbeit og aptur 1565 nefndi hann 6 menn í dóm, um ólöglega hagbeit, hvar yfir Halldór Oddsson klagaði til Ólafs Jónssonar. 1575 þann 18. ágúst var Vigfús í helmingadómi með Þórði lögmanni að Melum í Borgar-

1) Guðmundur bjó á Mófellsstöðum. Guðrún kona hans var dóttir Hannesar Ólafssonar í Hvammi, en ekki Hannesar Helgasonar (sbr. II, 570).

2) Sbr. II, 570 n.m.

3) Sbr. II, 574.

4) Sjá II, 574 og III, 38.

firði um skyldur presta, að hafa prestakallaskipti eptir biskupsvild. 1583 kærði Vigfús um skaða á tveim jörðum sínum vegna nautareksturs. 1593 var Vigfús á alþingi einn af dómsmönnum í máli Guðbrands biskups, og opt var Vigfús dómsmaður á alþingi. 1595 er ritað, að Vigfús hafi dáíð, og að sonur hans Ormur hafi þá farið utan 18 vetra, með höfuðsmanni Brostrup Gedde. Ekki veit eg, hvort Vigfús hefur nokkurn tíma haldið Gullbringusýslu, en hafi svo verið, er líkast hann hafi verið þar settur í stöku málum. Kjósarsýslu hygg eg hann hafi tekið eptir Eggert Hannesson 1555 og haldið henni optast til nálægt 1580 (máske sem umboðsmaður Bessastaðavaldsins). Eptir 1580 meina eg hann hafi eigi haft þá sýslu að staðaldri. Í Esjubergsdómi 1565 laugardag næstan fyrir fardagaviku stendur: vorum vér í dóm nefndir af heiðarlegum dandismanni Vigfúsi bónda Jónssyni, er þá hafði konungsumboð í Kjalarnesþingi etc.

### Gisli lögmaður Þórðarson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu). Hann sýnist að hafa haldið Kjósarsýslu eptir 1580 og látið þá dóm ganga fyrir Dani í Gullbringusýslu; en hvort hann hefur haldið Kjósarsýslu í sífellu eða hvað lengi, er eg óviss um. En eptir 1600 hefur hann Kjósarsýslu haldið ásamt öðrum sínum lénum. 1596 og 1598 lét hann þar dóma ganga<sup>1</sup>).

### Hinrik Gislason.

*Faðir:* Gisli lögmaður Þórðarson lögmanns.

*Móðir:* Ingibjörg dóttir Árna sýslumanns Gíslasonar á Hlíðarenda.

---

1) Í Sýslumannaregistri J. S. 64 fol. (í landsbókasafninu), er talið, að

**Gísli Hákonarson** (lögmaður) hafi útnefnt og samþykkt 6 manna dóm á Esjubergi 1622. Mun Gísli þá hafa búið í Laugarnesi, og ekki ósennilegt, að hann hafi einmitt tekið við Kjósarsýslu eins og lögmannsdæminu af Gísla lögmanni Þórðarsyni 1615. Um sýsluvöld Hinriks Gíslasonar í Kjósarsýslu á þeim árum er all óvist, og getur vel verið, að hann hafi ekki tekið sýsluna fyr en nokkru eptir 1620.

- Kona:* Guðrún dóttir Magnúsar sýslumanns í Ögri og Bæ á Rauðasandi Jónssonar frá Svalbarði (sjá Barðastrandarsýslu). Þau giptust um 1609 eða 1606, hún dó 1652.
- Börn:* A. Jórunn átti Benedikt sýslumann Halldórsson (sjá Hegranesþing).  
 B. Guðrún átti Jón skön, bl, (sjá hér að framan).  
 C. Þórður sýslumaður (sjá siðar og Borgarfjarðarsýslu).

Hinrik meina eg fyrst væri umboðsmaður föður síns, um og eptir 1606 í Kjósarsýslu, og fengi þar eptir veiting fyrir téðri sýslu um 1614, eða fyr, því sýslumaður var hann orðinn í þessari sýslu fyrir 1619, þá hann fór utan, en ei vann hann eið fyr en 1620. 1636 sleppti hann Kjósarsýslu, og þá tók hann Borgarfjarðarsýslu sunnan Hvítá, deyði 1638. Líkast er að Hinrik hafi fengið þessa sýslu eptir Gísla föður sinn. Hinrik var haldinn mikilmenni í mörgu, bjó á Ytra-Hólmi, og þaðan sótti hann sjóveg Guðrúnu konu sína frá Saurbæ á Rauðasandi 1609 (al. 1606.) Hinrik var orðinn sýslumaður fyrir 1617, því af commissariis Fr. Friis og Jörgen Wind var hann 1618 skuldaður fyrir að hafa ei fangað og réttað mann, sem barn átti með systur konu sinnar.

### Þórður Hinriksson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu). Hann hefur haft Kjósarsýslu eptir föður sinn, að vísu árið 1636, því 1636 þann 16. maí, að Reynivöllum í Kjós, að settu manntalsþingi af valdsmanninum Þórði Hinrikssyni, voru í dóm nefndir 6 menn, að ákvarða fátækra framfæri í Kjós. En eg hygg hann hafi sleppt sýslunni um sinn, eða þá ei verið utan umboðsmaður. 1638 var hann ásamt öðrum sýslumönnum meðdómsmaður á alþingi.

### Hans Pétursson.

1637 lét hann dóm ganga á Reynivöllum í Kjós um eyðslu á ómagafé. Kallast hann þá sýslumaður, og mun hann hafa haldið sýsluna um hrið. Máské Þórður hafi

tekið hana aptur, eða verið hans umboðsmaður. 1638 nefnist Hans Pétursson á alþingi, umboðsmaður í Kjós<sup>1</sup>).

### Ormur Vigfússon.

- Faðir:* Vigfús sýslumaður Jónsson (sjá hér að framan).  
*Móðir:* Ragnhildur dóttir Þórðar lögmanns.  
*Kona:* Guðriður dóttir séra Árna Gíslasonar í Holti undir Eyjafjöllum (var Ormur og Guðriður í hjúskap 71 ár).  
*Börn:* A. Vigfús<sup>2</sup>), átti Ragnheiði dóttur merkisbóndans Gísla á Hrafnabjörgum í Dölum, sonar Björns officialis í Saurbæ í Eyjafirði; börn:  
 a. Illhugi lögréttumaður<sup>3</sup>), átti Sigríði dóttur séra Álfs, bl.  
 b. Þórunn<sup>4</sup>).  
 B. Þórður átti Ingibjörgu Guðmundsdóttur<sup>5</sup>): börn:  
 a. Séra Björn á Melum 54 ár, dó 1739, átti Sesselju Halldórsdóttur; börn:  
 aa. Séra Hannes á Kvennabrekku.  
 bb. Ástriður<sup>6</sup>).  
 cc. Ingibjörg.

1) Hinn 3. júlí 1637 á Öxarárþingi aðspurði Jens Söfrrínsson, »hvort nokkur hefði eða kynni nokkuð með lögum til að tala Hans Péturssyni sýslumanni í Kjósarsýslu og kom þá enginn fram, sem skuldaði fyrnefndan Hans Pétursson um nokkurn órétt« (sbr. Lögpingsbókina 1637 p. 170). 1639 er Hans Pétursson kallaður sýslumaður í dómi um Vatnsfjarðartolla.

2) Hann dó 15. okt. 1684 á 77. aldursári (Ártíðaskrár J. Pork. bls. 197).

3) Illhugi bjó á Höskuldsstöðum í Kaldaðarneshverfi.

4) Þórunn bjó ógipt á Geldingá í Melasveit, átti launbarn með Magnúsi Jónssyni, er Guðný hét.

Þriðja barn Vigfúsar Ormssonar:

c. Elin dó ung.

5) Ingibjörg var systir séra Þórðar á Kálfafelli og Sigurðar á Brekku við Hvalfjörð, er átti Kristínu Ormsdóttur frá Eyjum.

6) Ástriður átti Einar Sigurðsson lögréttumann í Sólheimatungu, bróður séra Gísla á Lambastöðum, bl.

- b. Snorri giptist og átti mörg börn, eitt þeirra hét Guðmundur, annað Ingveldur, þriðja Margrét, sem átti Þorkel Brands-son í Álptártungu og börn<sup>1</sup>):
- c. Helga átti Gísla Nikulásson<sup>2</sup>); þ. b.:
- aa. Vigfús<sup>3</sup>).
- bb. Nikulás<sup>4</sup>).
- cc. Magnús<sup>5</sup>).

1) Í handritasafni Bókafél. 46 <sup>8vo</sup> er ritgerð um Orm í Eyjum og afkomendur hans taldir, fram undir 1720, eptir Sigurð lögmann Björnsson († 1723) dótturson Orms, og er það því hin áreiðanlegasta heimild, er fengizt getur um næstu afkomendur hans. Þar segir, að Snorri Þórðarson Ormssonar hafi dáíð barnlaus, og verður það að vera réttara. Eiginhandarrit Sigurðar lögmanns af þessari ritgerð er í safni Bókafél. 54 <sup>4to</sup>, en 46 <sup>8vo</sup> er ritað seinna með annari hendi og því fyllra. Er því vísað til þess handrits hér á eptir.

2) Gísli var son Nikulásar Einarssonar og Kristínar Magnúsdóttur Þorvarðssonar frá Suðurreykjum Þórólfs-sonar.

3) Vigfús átti Oddhildi Jónsdóttur Egilssonar.

4) Nikulás átti Margréti systur Oddhildar; þ. d.:

a. Halldóra s. k. Gísla Ófeigssonar Jónssonar Snorrasonar, bl.

5) Magnús bjó á Efra-Skarði í Leirársveit, átti Ingibjörgu, þ. b.:

a. Sigríður; launbörn hennar með Jóni Sigmundssyni á Kalastöðum:

aa. Kári á Jaðri á Akranesi, átti Þórunni Teitsdóttur Hinrikssonar, systur Ara á Háteig, þ. d. Guðríður og Valgerður.

bb. Guðrún átti Magnús Magnússon á Katanesi, bróður Vigfúsar á Ferstiklu og börn.

b. Gísli á Svarfhóli í Svinadal (Borgarfirði) átti Þuríði Hieronymusdóttur frá Halakoti í Biskupstungum Ólafssonar, þ. b.:

aa. Hieronymus, bl.

bb. Sigurður á Hálsu í Skorradal, átti Kristínu Gamalielsdóttur frá Þyrli Guðmundssonar í Eyjum í Kjós Þorsteins-sonar í Hróarsholti Jónssonar s. st. Loptssonar, þ. b.:

aaa. Halldóra átti fyr Svein Arason á Narfastöðum, svo Bergþór Einarsson.

bbb. Gamaliel á Grjóteyri, átti Ingibjörgu Halldórsdóttur frá Hrisbrú.

ccc. Guðmundur.



dd. Einar.

ee. Guðrún<sup>1</sup>).

ddd. Sigurður.

eee. Þórður.

fff. Helgi.

ggg. Kristín átti Magnús í Hamrakoti hjá Hvanneyri Magnússon s. st. Magnússonar í Kollabæ í Fljótshlíð Jónssonar úr Landeyjum Hafliðasonar, en Magnús í Kollabæ var bróðir Hjartar í Akurey, föður Jóns föður séra Hjartar á Gilsbakka, en kona Magnúsar eldra í Hamrakoti var Barbara dóttir Þórðar Einarssonar í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi og Guðlaugar Jónsdóttur prests í Arnarbæli Andréssonar. Börn Magnúsar yngra og Kristínar: Þórður, Magnús, Guðlaug.

cc. Gísli á Práandarstöðum í Brynjudal, átti Þórönnu Eyjólfsdóttur frá Írafelli Magnússonar á Fossá Sighvatssonar, p. b.: Eyjólfur, Jón, Þuríður, Gísli, Sigríður.

dd. Herdis átti Bjarna á Heynesi Þóroddsson Þorleifssonar, p. d. Þuríður.

1) Guðrún var f. k. séra Þórhalla Magnússonar í Borgarþingum, p. b.:

a. Magnús prestur í Villingaholti átti Guðrúnu Hákonardóttur Magnússonar, bróðurdóttur Nikulásar sýslumanns, p. b.:

aa. Þórhalli prestur á Breiðabólstað, átti Ingibjörgu dóttur meistara Bjarna Jónssonar prests í Gaulverjabæ, p. b.: a) Páll á Þórunúpi. b) Ólöf átti Þorgils Ingvarsson í Stórumörk. c) Halldóra s. k. Ólafs í Ey í Landeyjum Gestssonar prests á Kjalarnesi Þorlákssonar, p. b.: Kristmundur í Ey, Þorkell í Miðkoti, Gestur og Sigurður í Múlakoti faðir Ísaks vitavardar á Garðskaga. d) Guðrún átti Sigurð Einarsson prests í Guttormshaga Þorleifssonar. e) Margrét átti laundóttur með séra Sigurði Tómassyni, síðar presti í Grimsey, hét Margrét, dó ung. f) Gísli dó ungur.

bb. Þorkell lengi barnafræðari (þkateket) í Grænlandi, síðan verzlunarstjóri í Reykjavík, átti Sigríði Tómasdóttur, systur Gróu móður Jóns Illhugasonar á Hnausum, föður Gísla snikkara í Reykjavík, föður séra Odds V. Gíslasonar í Ameríku, bl.

cc. Margrét átti Árna Eiríksson í Hjálmholti († 1807), bróður Jóns konferenzráðs, p. b.:

aaa. Vigfús Erichsen cand. jur., dó í Kaupm.höfn 1846, ókv., bl.

bbb. Ólafur dó ókv., bl.

ccc. Katrín giptist dönskum lautenant.

ff. Ingibjörg.

gg. Kristín.

d. Halldór á Möðruvöllum í Kjós, átti Sesselju Eyjólfsdóttur<sup>1</sup>); börn:

dd. Ragnhildur s. k. séra Halldórs á Torfastöðum Þórðarsonar í Haukholtum Halldórssonar, p. b.:

aaa. Vigdís átti Jón í Torfastaðakoti Þorsteinsson frá Kjaransstöðum Jónssonar í Fjalli Valdasonar, p. d.: Ragnhildur átti Magnús Halldórsson í Miðhúsum, þeirra son Jón kaupmaður í Rvík, síðar bóndi á Elliðavatni, kvæntur Raket Ólafsdóttur frá Háþæ í Pykkvabæ.

bbb. Magnús Thordersen stúdent, dó í Kaupmannahöfn 21. marz 1825.

ccc. Þorleifur dó ungur.

ddd. Borghildur dó ung.

eee. Halldóra var lengi hjá Ísleiti Einarssyni etazráði, giptist á Álptanesi.

fff. Guðrún s. k. Halldórs á Vatnsleysu Einarssonar s. st. Halldórssonar í Efstadal Einarssonar Narfasonar (sjá hér á undan), þeirra son Halldór á Vatnsleysu faðir Halldórs, er þar býr nú.

ggg. Páll prestur á Bergsstöðum († 1847) átti Valgerði Jónsdóttur frá Melshúsum á Álptanesi Bjarnasonar, p. b.: Jón, dó ungur, Magnús, Páll, Vigdís, Kleméntína Jóhanna og Bjarni.

hhh. Halldór lærði trésmíði.

iii. Borghildur önnur.

kkk. Þórður.

ee. Ari verzlunarmaður í Reykjavík, dó 1803, ókv., bl. (Árb. Esp. XI, 128).

ff. Björn í Nesi við Þjórsá, dó 1836, 84 ára, átti Katrínu Jónsdóttur í Nesi Jónssonar og Ingveldar Sigurðardóttur frá Skálmholtshrauni Ísólfssonar, p. b.: Magnús, Elís, Ari.

b. Jón átti Margrétu Þórðardóttur, p. b.: Þórður í Einarsnesi faðir Jóns í Vallnakoti, Vigfús faðir Ketils á Fellsöxl og Ingibjörg, er átti Ara Teitsson Hinrikssonar (sbr. hér áður bls. 13).

c. Helga átti Gísla Björnsson á Sandi í Kjós, p. b.:

1) Eyjólfur faðir Sesselju bjó á Melum á Kjalarnesi og var sonur Ísleifs Eyjólfssonar í Saurhæ og Sesselju Magnúsdóttur þrúða, systur Ara í Ögri. Halldór Þórðarson á Möðruvöllum dó 1721.

aa. Eyjólfur<sup>1</sup>).

- aa. Björn í Skorhaga átti Guðrúnu Erlendsdóttur og börn.  
 bb. Hallfríður.  
 cc. Kristín átti Arna á Sandi Jónsson frá Eyjahól Sturlusonar, þeirra son Gisli.  
 dd. Gunnhildur átti Sigurð Jónsson á Kiðafelli, p. b.:  
 aaa. Helga átti Bjarna í Káranesi Sigmundsson frá Káraneskoti Eyjólfssonar, p. b.: a) Gunnhildur s. k. séra Sigurðar Sigurðssonar á Auðkúlu. b) Hallfríður átti Sæmund smið Arngrímsson frá Álfsnesi Pálssonar í Úthlíð Snorrasonar. c) Guðrún átti Lopt Jónsson. d) Sigurður í Káranesi átti Valgerði Vigfúsdóttur frá Reykjum í Mosfellssveit Halldórssonar. e) Þórdís átti Jón Halldórsson á Hofsa í Svarfahardal. f) Bóthildur átti Jón á Grjóteyri Jónsson í Skrauthólum Örnólfssonar og börn. g) Björn á Bergi í Rvík, dætur hans: Gróa, Geirlaug, Regína, Sigríður.  
 d. Þórður prestur í Kjalarnespingum, bjó í Saurbæ, átti Sigprúði Þorvarðardóttur frá Brautarholti Einarssonar, bl.

1) Eyjólfur bjó á Tindsstöðum á Kjalarnesi, dó 1753, átti Valgerði Ólafsdóttur, p. b.:

- a. Halldór á Tindsstöðum († 1802) átti Jódisi Þórðardóttur frá Meðalholtum í Flóa Þorsteinssonar, p. b.:  
 aa. Tómas í Auðsholti í Biskupstungum átti Rannveigu Þorsteinsdóttur frá Litlabæ á Álptanesi Jónssonar skyttu í Litlabæ Jónssonar í Hamarskoti Arasonar, p. b.:  
 aaa. Guðbrandur í Auðsholti átti Friðsemd Gisladóttur frá Gröf í Ytrihrepp Andréssonar á Reykjanesi í Grímsnesi Jónssonar í Gunnarsholti Örnólfssonar Snorrasonar, þeirra son Tómas hreppstjóri, sem nú býr í Auðsholti, faðir Guðbrands í Skálmholti og bræðra hans.  
 bbb. Þorsteinn hreppstjóri á Drumboddsstöðum átti Sigríði Knútsdóttur s. st. Björnssonar í Vorsabæ á Skeiðum Högnasonar löggréttumans á Laugarvatni Björnssonar prests á Snæfoksstöðum Stefánssonar, p. b.:  
 × Sigrún átti Þorstein Narfason á Brú, síðar í Reykjavík († 1904), p. b.: Hannes ritstjóri Þjóðólfs, Jóhanna Sigríður gipt Gisla Þorbjarnarsyni búfræðing í Rvík, Guðrún Jakobína gipt Guðmundi Hallssyni snikkara í Rvík, Narfi dó ókv., bl., Elizabet gipt Einari Símonarsyni í Jötu í Ytrihrepp og Þorsteinn cand. polit. í Rvík.

bb. Páll<sup>1)</sup>.

- Hróbjartur á Hæðarenda í Grimsnesi, átti Sigprúði Pálsdóttur frá Gýgjarhóli Guðmundssonar s. st. Jónssonar frá Kirkjubæ á Rangárvöllum um Filippussonar Þorbjörnssonar, p. b.: Angantýr og Ingibjörg.
- cc. Tómas dó ókv., bl.
- ccc. Þorsteinn dó ókv.
- cccc. Gróa átti Þórarinn á Drumboddsstöðum Þórarinsson frá Bryggju Þórarinssonar á Iðu Þorsteinssonar á Iðu Jónssonar í Staðarkoti á Rangárvöllum Eyjólfssonar Björnssonar prests á Reyðarvatni Höskuldssonar prests í Heydölum Einarssonar, p. b.: Þorfinnur realstúdent, Þorsteinn, Guðriður, Sigríður.
- ccccc. Steinunn s. k. Guðmundar á Efri-Brú í Grimsnesi Ögmundssonar í Oddgeirshólum Þorkelssonar Loptssonar í Heiðarbæ Þorvaldssonar Eiríkssonar Loptssonar, p. b.: Tómas, Guðmundur. Mörg börn Þorsteins Tómassonar og Sigríðar Knútsdóttur dóu ung.
- cccc. Hróbjartur í Reykjakoti í Biskupstungum og víðar, heitinn eptir Hróbjarti stúdent Sigurðssyni (Þhrútabarón) í Norðurkoti í Melahverfi († 1799). Dóttir Hróbjarts Katrín móðir Erlends Þórðarsonar verksmiðjustjóra á Reykjavossi.
- ccccc. Jón í Kálfakoti í Mosfellssveit, átti Guðlaugu Jónsdóttur frá Felli í Biskupstungum Gissurarsonar, þeirra son Friðrik. Dóttir hans með Sigríði Júlíönu Tómasdóttur Klogs í Ráðagerði Steingrímssonar, er Súsanna.
- cccc. Sigríður. Launson hennar með Guðmundi Þorsteinssyni frá Kilhrauni: Árni í Hliðsnesi á Álptanesi.
- ccccc. Rannveig átti Bjarna Kjartansson á Álptanesi.
- ggg. Emerentiana dó ógipt, bl., 1826.
- hhh. Guðrún dó ógipt, bl., 1846.
- iii. Guðriður átti eitt launbarn, er dó ungt.
- kkk. Jódís.
- bb. Bjarni á Tindsstöðum, átti Guðrúnu Magnúsdóttur frá Skrauthólum Jónssonar og Jarprúðar Eyjólfsdóttur, voru systkinabörn, þeirra börn: Halldór á Tindsstöðum, Jarprúður átti Pétur Jörundsson á Brekku á Kjalarnesi, Þórdís, Magnús, Jódís, Salgerður, Guðrún, Steinunn, Þórð-

1) Páll átti Ástu Sigurðardóttur.

cc. Ingibjörg<sup>1</sup>).

ur, Einar o. fl., er dóu ung. Synir Halldórs Bjarnasonar á Tindsstöðum: Sigurður á Bjargi, Bjarni á Sandi í Kjós, Þorlákur á Hofi á Kjalarnesi og Ólafur á Tindsstöðum. Hans synir: Halldór, Pétur, Ásmundur, Einar.

cc. Eyjólfur.

dd. Guðbjörg s. k. Guðmundar Guðmundssonar í Eilífsdal og síðar Þorláksstöðum, p. b.:

aaa. Vigdís átti Ólaf á Þorláksstöðum Bjarnason frá Eyjum Gíslasonar Bárðarsonar, bróður Þorsteins lögregluþjóns í Rvík, p. b.: Bjarni á Ketilsstöðum á Kjalarnesi.

bbb. Margrét átti Þorstein Torfason á Þorláksstöðum, p. b.: Guðrún kona Eyjólfss Guðmundssonar á Þorláksstöðum, Margrét, Katrin, Jórunn, Þórður.

ccc. Magnús.

ee. Ólöf átti Þorvald Björnsson í Auðsholti, bróður Knúts á Drumboddsstöðum (sjá hér áður), p. b.: a) Björn á Læk í Flóa. b) Guðmundur á Skeggjastöðum hjá Hraungerði faðir Jóns, er þar býr nú. c) Halldór faðir Þorvalds, er var í Ásakoti, Jóhannesar og Ólafar í Rvík.

Launson Halldórs Eyjólfssonar á Tindsstöðum með Oddnýju Magnúsdóttur frá Fossá Sighvatssonar:

ff. Páll í Ártúni á Kjalarnesi átti Rannveigu Jónsdóttur, þeirra börn:

aaa. Jón smiður í Ausu, átti Gróu Gissurardóttur, systur Hannesar Ólsen snikkara í Rvík, föður Jóhannesar Ólsens, p. d.: Sigríður. Laundóttir Jóns með Ragnheiði Sigurðardóttur frá Viðirnesi Þorkelssonar: Rannveig.

bbb. Árni var bl.

ccc. Margrét.

b. Sesselja átti Gissur Jakobsson frá Blönduholti Gissurasonar, p. b.:

aa. Runólfur á Eyri í Kjós átti Valgerði Grimsdóttur í Hrisakoti Einarssonar og Sesselju Pétursdóttur, p. b.:

aaa. Ástríður.

bbb. Grímur.

ccc. Gissur.

ddd. Sesselja. Börn hennar með kvæntum manni, Grími Þorleifssyni á Nesjavöllum: Grímur, Valgerður, Árni.

bb. Jón bjó á Kíðafelli.

cc. Guðrún.

1) Ingibjörg átti Jón Þórðarson.

dd. Agatha<sup>1</sup>).

- dd. Jakob varð blindur í bólu.
- ee. Kristín.
- c. Jarprúður átti Magnús í Skrauthólum Jónsson frá Laugar-  
dalshólum Jónssonar og Helgu Ásmundsdóttur lögréttumanns  
Þorsteinssonar, p. b.:
- aa. Guðrún átti Bjarna Halldórsson á Tindsstöðum (sjá hér  
á undan).
- bb. Guðný f. k. Jóns í Kollafirði Ívarssonar s. st. Magnússon-  
ar á Völlum Ívarssonar, p. b.:
- aaa. Jarprúður átti Ólaf Ólafsson og börn.
- bbb. Ingibjörg.
- ccc. Jón.
- ddd. Einar í Sjáfarhólum faðir Jóns í Skorhaga.
- d. Margrét átti Þorleif í Saltvík Þórhallason Árnasonar, þeirra  
dóttir:
- aa. Valgerður f. k. Sturlaugs Benediktssonar í Lambhaga í  
Mosfellssveit, p. d.:
- aaa. Ragnheiður átti Ólaf í Bigggarði Ingimundsson  
frá Völlum á Kjalarnesi Bjarnasonar, þeirra dóttir  
Valgerður, er fyr átti Tómas Klog í Ráðagerði  
Steingrímsson Illhugasonar úr Skagafirði. Börn  
þeirra: Margrét kona Einars Zoëga veitingamanns  
í Reykjavík, Steingrímur, Kristín og Sigríður Júlí-  
ana, er átti Jón Guðmundsson á Bárnuhaugseyri,  
p. d.: Valgerður Margrét kona Einars Guðmunds-  
sonar í Miðdal og Elin, er átti Kristmund Eysteins-  
son skipstjóra.
- S. m. Valgerðar Ólafsdóttur Einar Einarsson í  
Ráðagerði, p. b.: Tómas Klog, Sigurlína Magnea  
og Soffía Emília, gipt Guðmundi Guðmundssyni  
frá Bárnuhaugseyri.
- e. Ólafur á Vallá, dó 1770, átti Margréti Gestsdóttur prests í  
Skrauthólum Árnasonar í Effersøy Símonarsonar, p. b.:
- aa. Þórður í Saurbæ, átti fyr Sigríði Einarisdóttur lögréttu-  
manns í Þrándarholti Hafliðasonar prests í Hrepphólum  
Bergsveinssonar, p. b.:
- aaa. Ólafur dó á Hvalfirði.
- bbb. Margrét dó bl.
- S. k. Þórðar var Sigríður Þórólfsdóttir frá Hofi  
á Kjalarnesi Þorbjörnssonar í Engey Halldór-  
sonar, p. b.:

---

1) Agata var f. k. Þorvarðs Einarssonar í Brautarholti, p. b.:

a. Snæbjörn prestur á Lundi († 27. des. 1789) átti Vilborgu  
Gísladóttur prests á Lambastöðum Sigurðssonar, p. b.:

ee. Árni<sup>1</sup>).

- ccc. Þorálfr (Þórólfr) dó ungar.  
 ddd. Hólmfríður átti Jón Ólafsson frá Eilífsdal Andrés-  
 ssonar og mörg börn. Ein dóttir þeirra Sig-  
 ríður gípt Hermanni á Brekku við Reykjavík  
 Einarssyni Hermannssonar Ólafssonar Hermanns-  
 sonar á Seli í Grímsnesi Jónssonar Narfasonar,  
 þ. b.: Einar prentari o. fl.  
 eee. Sigríður átti Þórð Ólafsson í Eilífsdal, bróður  
 Jóns, bl.  
 flf. Sigprúður átti Magnús í Hafnarfirði Högnason frá  
 Guðnabakka Hallgrímssonar.  
 ggg. Guðrún átti Ásmund á Bjargi á Kjalarnesi Giss-  
 urarson frá Selskarði á Álptanesi Eyvindssonar á  
 Þúfu í Kjós Bjarnasonar. þ. b.: a) Þórður á Bjargi.  
 b) Ólafur. c) Vigdís f. k. Péturs Gíslasonar í  
 Ánanaustum. d) Margrét átti Guðmund Gíslason  
 bróður hans.  
 hhh. Runólfur dó ungar.  
 iii. Vigdís dó ung.  
 kkk. Runólfur í Saurbæ, átti Halldóru Ólafsdóttur frá  
 Blikastöðum Guðmundssonar, þ. b.: a) Eyjólfur  
 hreppstjóri í Saurbæ. b) Þórður í Móum, síðar  
 á Bjargi, faðir Björns cand. jur. og þeirra  
 bræðra. c) Sigríður átti Þórð Sigurðsson á  
 Fiskilæk, þ. b. mörg: Runólfur, Júlíus prestur  
 í Svíþjóð, Agúst Flygenring kaupm. í Hafnarfirði,  
 Albert bankabókari, Matthías forngripavörður o. fl.  
 d) Helga átti Steingrim í Nesjum Jónsson prests í  
 Hruna Steingrímssonar. e) Karitas átti Ólaf Guð-  
 mundsson í Mýrarhúsum. f) Ragnheiður dó ó-  
 gípt, bl. g) Guðrún 3. kona séra Matthíasar Joch-  
 umssonar skálds, þ. b.: Steingrímur læknir á Ak-

aa. Þóra, dó á Fitjum 1841, 88 ára, átti fyrst Þórodd Þórð-  
 arson, þ. b.:

aaa. Guðný f. k. Jóns Sæmundssonar í Brennunni, þ. b.:  
 Þóroddur, Vilborg og Gísli í Sarpi (sjá hér áður  
 bls. 14).

Annar maður Þóru Snæbjarnardóttur Oddur Bjarnason,  
 bl., og hinn síðasti Davíð lögréttumaður á Fitjum († 26.  
 júní 1828), launson Björns lögmanns Markússonar (sbr.  
 I, 412); þ. b.:

1) Eflaust réttara: Anna (sbr. hdr. Bókmenntafél. nr. 46 Svo).  
 Hún hefur dáið ung.

fl. Valgerður<sup>1)</sup>.

- ureyri, Matthea, Gunnar í Ameríku, Halldóra, Ingveldur, Elín, Herdis, Magnús.
- lll. Þorvarður dó ókv. bl.
- mmmm. Þórólfur í Norðurkoti, átti Vigdís Guðmundsdóttur frá Sandi í Kjós Eyjólfssonar, p. b.: Sigríður, Þórdís, Kristmundur.
- nnn. Jón dó ungur.
- ooo. Diljá, átti fyr Eyjólf Ólafsson, bróður Halldóru konu Runólfs í Saurbæ, bróður Diljá, p. b.: Ólafur, Þorkell, Guðrún, Björn, en s. m. hennar var Magnús í Lykkju Eyjólfsson frá Snorrastöðum í Laugardal Þorleifssonar á Bøðmósstöðum Guðmundssonar, og var f. k. hans, p. b.: Eyjólfur, Tómas Klog, Hólmfríður, Guðrún, Ragnheiður, Magnús.
- ppp. Björg dó ung.  
Launsonur Þórðar í Saurbæ:
- rrr. Þorkell í Brautarholti, átti Jórunni Ólafsdóttur Andréssonar, þeirra son: Þorlákur á Bakka á Seltjarnarnesi, faðir Brynjólfs organleikara í Reykjavík.
- bb. Ísak á Hvítanesi í Kjós, dó 1814, átti Þóru Guðmundsdóttur frá Fljótsdal Nikulássonar sýslumanns Magnússonar, ekkju Þorvarðs Oddssonar í Brautarholti, bl.
- cc. Eyjólfur á Vallá, átti Ólöfu Guðmundsdóttur frá Eilifsdal; p. b.:
- aaa. Steinunn átti Þórð á Blikastöðum Snorrason frá Engey Sigurðssonar, p. b.: Snorri, Margrét, Ólöl, Jón, Eyjólfur, Steinunn.
- bbb. Vatgerður átti Pál Jónsson á Vallá og börn.
- ddd. Margrét dó bl. 1807.
- 
- bbb. Guðmundur á Fitjum, átti Salvöru Gunnlaugsdóttur frá Vogatungu Einarssonar og Guðlaugar Þórðardóttur í Akrakoti Sveinbjörnssonar, p. b.: Þórður. Hóron Guðmundar með Þuríði Bjarnadóttur: Bjarni í Hátúni á Vatnsleysuströnd.  
Annar son, er Árni hét, átti Guðmundur, áður en hann kvæntist, með Guðrúnu Árnadóttur, gíptri konu í Bakkakoti.
- ccc. Krístrún átti Odd á Reykjum í Lundarreykjadal Jónsson frá Stóra-Botni Ísleifssonar, p. b.:

1) Valgerður átti Þorkel Jónsson.

Aths. Ó. Snókdalín telur eina dóttur Halldórs Þórðarsonar



e. Ísleifur átti Matthildi<sup>1)</sup> Ólafsdóttur.

eee. Guðrún.

f. Guðriður átti Árna í Sjáfarhólum Gestsson prests í Skrauthólum, er druknaði á Kollafirði 1752 Árnasonar; p. b.:

aa. Erlingur á Jörfa á Kjalarnesi, átti Margréti Sveinsdóttur aðstodarprests Vigfússonar. Um afkomendur þeirra er áður getið (II, 363).

bb. Krístrún átti fyrir Jón eldra á Norður-Reykjum í Mosfellsveit Vilhjálmsson frá Arnarholti á Kjalarnesi († 1785) Jónssonar lögréttumanns á Esjubergi († 1776, 80 ára) Þorleifssonar lögréttumanns Sigurðssonar Núpssonar. Meðal barna þeirra var Guðriður móðir Jóns Borgfirðings fræðimanns í Rvík, föður Finns háskólakennara í Kaupmannahöfn og Klemens landritara. S. m. Krístrúnar Árnadóttur var Jón Ólafsson frá Tjarnarhúsum við Rvík Sigurðssonar, bl.

cc. Valgerður átti Jón Vilhjálmsson yngra í Mýrarholti á Kjalarnesi, bróður Jóns á Norður-Reykjum og mörg börn.

dd. Gróa átti fyrir Odd Helgason á Skeggjastöðum í Mosfellsveit, en síðar Jón Örnólfsson eldra á Esjubergi, móður-föður Benedikts sýslumanns Sveinssonar og var s. k. hans, þau bl.

× Þórdís átti Sigurð Ásgrímsson á Fellsöxl og börn.

× Guðný átti fyrir Þorleif Ólafsson á Svartagili í Þingvallasveit og börn, en síðar Jón Guðmundsson á Álptanesi, bl.

× Oddur í Reykjavík, átti Friðriku Þorlákssdóttur og börn.

× Þorsteinn á Reykjum, átti Elku Kristjánsdóttur frá Skógarkoti Magnússonar Marteinssonar Þorlákssonar, p. b.: Kristján, Oddur, Guðmundur, Sveinbjörn, Sigríður, Guðrún, Þóra, Jakobína.

á Möðruvöllum Agötu (yngri), er átt hafi Brand bónda í Kjós og 3 börn, Jón, Gróu og Ingveldi. En þetta mun skakkt og málum blandað. Agata Erlingsdóttir (systir séra Hannesar í Arnarbæli) giptist 1710 Ólafi Ólafssyni í Hvammi í Kjós og var þeirra son Eyjólfur, en áður mun hún hafa átt Brand nokkurn (í Hvammi) og gæti Halldór á Úlljótuvatni í Grafningi faðir Agötu, konu séra Vigfúsar Jónssonar í Miðdal, hafa verið son þeirra. Að minnsta kosti mun hann hafa verið systurson séra

1) Réttara: Málhildur. Hún var áður gipt Hjálmi Jónssyni á Valdastöðum (sjá framætt hennar II, 571). Dóttir Ísleifs og hennar hét Sigprúður.

f. Ragnheiður átti Ólaf Ólafsson, bróður Matthildar<sup>1)</sup>; börn:

- ee. Gisli í Arnarholti, átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Lykkju Einarssonar, p. b. er lifðu: Jón, Hallný, Margrét.
- ff. Guðlaug átti fyrir Þórarinn í Sjáfarhólum Kolbeinsson frá Jónshúsum í Rvík Guðmundssonar Kolbeinssonar bl., en síðar Tómas Björnsson Bech söðlasmið s. st., og var s. k. hans, þau bl.
- gg. Halldóra átti Magnús á Útskálahamri Magnússon á Bakka á Kjalarnesi Hallgrímssonar Þorleifssonar Jónssonar Indriðasonar, en móðir Hallgríms var Guðrún Eyjólfsdóttir Hallgrímssonar sálmaskálds í Saurbæ Péturssonar, p. b.: Árni í Brautarholti, Gestur á Útskálahamri o. fl., sem allmikil ætt er frá komin á Kjalarnesi og víðar.

- × Sigrún átti Þorstein Jónsson á Kambshóli í Svinadal, þeirra son Jón á Kalastöðum.
- × Jóhannes á Bústöðum, síðar í Reykjavík, kvæntur Salgerði Þorgrímsdóttur Eyleifssonar, systur Torfa prentara, p. b.: Davíð, fyr í Stöðlakoti, Árni bókbindari, Jóhanna, Oddur, Þóra, María.
- × Árni á Brennu í Lundarreykjadal, átti Guðrúnu Guðmundsdóttur, p. d.: Rannveig.
- × Magdalena átti laundóttur með Bjarna Jónssyni, hét Sigríður.
- × Davíð dó um tvitugt, bl.
- × Brynjólfur bókbindari í Rvík, átti fyrir Rannveigu Ólafsdóttur skipasmiðs á Kalastöðum Péturssonar, p. b.: Oddleifur verzlunarmaður og Þorvarður prestur á Stað í Súgandafirði, en s. k. Brynjólfs var Þorgerður Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Péturssonar Hjalltesteds, þau bl.
- bb. Magdalena átti Torfa á Reykjum í Lundarreykjadal Þorsteinsson frá Þyrli Magnússonar, p. b.:
- aaa. Gisli.
- bbb. Helga dó bl.
- ccc. Þorsteinn á Þorláksstöðum átti Margrétu Guðmundsdóttur s. st. Guðmundssonar (sjá hér áður bls. 31).

Hannesar Erlingssonar. Það sést af dómabókum, að Brandur Svartsson í Auðsholti, er kallaður var Hlutar-Brandur, hefur verið mágur séra Hannesar. En hvernig, sem þessu er háttað, þá mun það skakkt hjá Snókdalín, að telja Agötu konu Brands í Hvammi dóttur Halldórs Þórðarsonar á Möðruvöllum.

1) Sbr. II, 570.

aa. Ísleifur<sup>1</sup>).

ddd. Snæbjörn í Bakkakoti í Skorradal, átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Draghálsi Klemenssonar í Engey Oddssonar á Nesjum í Grafningi Hafliðasonar, p. b.:  
 × Guðrún átti fyr Lopt á Brekku á Hvalfjarðarströnd Bjarnason frá Vatnshorni Hermannssonar, p. b.: Bjarni og Ingibjörg kona Halldórs Þorkelssonar frá Pyrli Þorlákssonar, en síðar átti Guðrún Jón Teitsson á Brekku, bl.

× Davíð á Vörðufelli í Lundarreykjadal, síðar á Skeiði hjá Selárdal, átti Ingibjörgu Davíðsdóttur á Miðsandi Björnssonar á Geitabergi og Tungufelli Ólafssonar, p. b.: Þórður sundkennari á Skeiði, druknaði 20. sept. 1900, átti Bjarghildi Jónsdóttur.

× Gróa átti Ketil Ketilsson á Miðsandi og Indriðastöðum, p. b.: Snæbjörn, Solveig og Guðrún, fóru öll til Ameríku.

b. Sigprúður átti séra Þórð Þórhallason á Kjalarnesi, bl.

c. Einar á Útskálahamri († 1780), átti Sigríði († 1805) Brynjólfsdóttur lögréttumans á Litlalandi í Ölfusi Jónssonar, p. b.:

aa. Brynjólfur á Bakka á Kjalarnesi, átti Ásu Þorlákssdóttur lögréttumans Gestssonar prests í Skrauthólum Árnasonar, p. b.:

aaa. Þorlákur á Útskálahamri og Blönduholti, átti fyr Ragnheiði († 1811) Beinteinsdóttur lögréttumans á Breiðabólssstöðum í Ölfusi Ingimundssonar, b. b.:

× Brynjólfur í Holti á Kjalarnesi, átti Margrėti Gísladóttur Árnasonar Gestssonar prests Árnasonar, p. b.: Daniel og Ragnheiður.

× Ásmundur, var á Akranesi, átti Hallfríði Jónsdóttur.

× Ása dó ung.

× Jón dó ungur.

S. k. Þorláks Brynjólfssonar Hallbera Þorsteinsdóttir frá Stekkholti í Biskupstungum Ásgrímssonar Bjarnasonar, p. b.:

× Jón á Bakka, átti Margrėti Gísladóttur frá Ártúni Vilhjálmssonar í Arnarholti Jónssonar á Esjubergi Þorleifssonar, p. b.: Þórdís, Hallbera.

× Margrét átti Þorkel á Pyrli Þorláksson frá Króki

---

1) Ísleifur í Litla-Botni átti Ingibjörgu Jónsdóttur, systur Hákonar í Kirkjuvogi, föður Vilhjálms s. st., föður Hákonar hins auðga dannebrogsmanns, p. b.:

## bb. Snorri.

Þorkelssonar og Jarprúðar Þóroldsdóttur frá Engey Þorbjörnssonar.

Þórarinn dó bl.

bbb. Kristín dó ógipt, bl., 1805.

ccc. Þórdís átti Halldór lyfsala í Nesi við Seltjörn Arnason frá Selalæk Ormssonar prests á Reyðarvatni Snorrasonar, bl.

Son Þorvarðar Einarssonar í Brautarholti og f. k. hans Agötu Halldórsdóttur var ennfremur:

d. Guðmundur, drukknaði á Viðeyjarsundi 1767, 46 ára. Dóttir hans:

aa. Anna († 1809), átti Pétur í Bigggarði á Seltjarnarnesi († 1809) Guðmundsson s. st. Loðvíkssonar (í Breiðholti Jónssonar), p. b.:

aaa. Guðmundur stúdent († 1850, lengi við verzlun í Hafnarfirði, átti Ingigerði Jónsdóttur dbrm. í Njarðvík Sighvatssonar og Oddbjargar Snorradóttur frá Narfakoti Gissurarsonar (Bergsteinssonar lögréttumanns í Skildinganesi Bjarnasonar), p. b.:

× Anna dó um tvítugt.

× Oddbjörg dó ógipt.

× Sigríður átti séra Snorra Jónsson Norðfjörð, síðast prest í Hitarnesþingum, p. b.: a) Kristín Oddbjörg átti Jakob Þorbergsson, p. b.: Sigríður gipt Arinbirni Sveinbjarnarsyni bókbindara í Rvík, Snorri Lúðvík bókbindari og Vilhjálmur skósmiður í Rvík. b) Jón á Lækjarbug. c) Ingigerður Anna gipt Jóhanni Jónssyni söðlasmið og d) Soffía Sigríður, dó um tvítugt.

a. Jón í Stóra-Botni, átti fyr Ingibjörgu Oddsdóttur Einarssonar kjóa, p. b.:

aa. Úlfús átti Finn sýslumann Jónsson (III, 517).

bb. Ingibjörg f. k. Björns Ólafssonar á Geitabergi, þau bræðrabörn, p. b.: Davíð á Miðsandi, Ólafur og Þuríður.

cc. Ísleifur á Grjótreyri, átti Kristínu Hálfðanardóttur, p. b.: Jón dó bl., og Jörundur átti Guðríði Gísladóttur frá Hrepp í Skorradal Arnasonar.

dd. Árni í Geirshlíð, átti Ingveldi Þorsteinsdóttur frá Arnþórs-holti Guðmundssonar í Eyjum í Kjós Þorsteinssonar í Hróarsholti Jónssonar s. st. Loftssonar, p. b.: a) Ólöf átti Jón yngra Sigurðsson í Grafarkoti. b) Sveinbjörn á Oddsstöðum, átti Guðlaugu Kristjánsdóttur frá Skógar-koti í Þingvallasveit Magnússonar Marteinssonar Þorláks-sonar, p. b.: Jón á Draghálsi s. m. Guðnýjar Andrés-

cc. Svanborg<sup>1</sup>).

- × Guðrún átti Þorstein Bjarnason í Njarðvíkum, p. b.: a) Ólöf átti Egil á Þórustöðum á Vatnsleysuströnd Guðmundsson alþingismanns Brandssonar í Kirkjuvogi Guðmundssonar, p. b.: Margrét. b) Oddbjörg. c) Ingigerður. d) Elin átti Ólaf Jafetsson.
  - × Kristín dó ógipt, bl.
  - × Ingilbjörg giptist ekki.
  - × Soffía Júlíana dó 10 ára.
- bbb. Guðrún átti Auðunn Guðmundsson í Viðey, p. b.:
- × Anna átti Ólaf smið í Hafnarfirði Bjarnason Gunnarssonar Hafliðasonar prests Bergsveinssonar, p. b.: a) Bjarni dó ókv. b) Guðrún átti Friðrik Guðmundsson bókbindara í Rvík, síðar á Eyrarbakka. c) Kristján í Hafnarfirði átti Guðríði Markúsdóttu. d) Óli Auðunn í Hlíðsnesi átti Ásdísi Sigurðardóttur, p. d.: Anna gipt Ólafi Einarssyni Hjaltsted kaupm. í Rvík. e) Magnús snikkari í Rvík.
  - × Elin átti Jón í Stapakoti Sæmundsson Klemenssonar Bjarnasonar Bergsteinssonar lögréttumans Bjarnasonar, p. b.: Auðunn og Sæmundur bóndi á Minni-Vatnsleysu.

dóttur Fjeldsteds Vigfússsonar, Árni á Oddsstöðum, Guðbjörn á Heiðarþæ (fór til Ameríku), Ingveldur átti Eyjólf í Hvammi í Skorradal Guðmundsson prests á Hólumum Bjarnasonar. Solveig og Björn á Þverfelli, kvæntur Ástrúnu Friðriksdóttur Sæmundssonar Friðrikssonar prests á Borg Guðmundssonar. S. k. Jóns Ísleifssonar Guðrún Sigurðardóttir, systir séra Jóns á Rafseyri; p. b.

ee. Ólafur í Þingnesi. Laundóttir hans Sesselja átti Þorgeir Þorsteinsson á Eyri í Svinadal. bróðurson séra Snorra Björnssonar á Húsafelli.

ff. Ingilbjörg miðkona Bjarna Hermannssonar á Vatnshorni í Skorradal, p. b.: a) Guðrún átti Magnús Sigurðsson á Miðfossu. b) Jón á Skálpastöðum. c) Úlfhildur átti Magnús á Bekansstöðum Einarsson frá Kalmannstungu Þórólfssonar. d) Oddur á Brennistöðum. e) Ólafur. f) Loptur á Brekku á Hvalfjarðarströnd. g) Ragnhildur

1) Svanborg († 1760), átti 1719 Jón í Þúfu († 1753) Þórarinsson í Skorhaga Ólafssonar og Guðlaugar Vigfúsdóttur prests í Gaulverjabæ Oddssonar, p. b.:

## dd. Guðrún.

ccc. Kristín f. k. Einars í Melkoti við Rvík Sigurðssonar Ásmundssonar Einarssonar, bróður Ásmundar í Grjóta, p. b.:

× Anna átti Magnús Egilsson frá Þórustöðum Guðmundssonar prests á Kálfatjörn Bøðvarssonar, p. b.: a) Kristín f. k. Júlíusar Schau steinhöggyara í Rvík. b) Guðrún átti Jón, er bjó á Hliði á Álptanesi um hrið Þórðarson frá Syðri-Reykjum í Biskupstungum Jónssonar, bróður Halldórs bókbindara í Rvík. c) Egill fór til Ameríku.

× Margrét giptist í Reykjavík.

ddd. Arnleif átti Pétur í Höskuldskoti Jónsson dbrmanns Sighvatssonar, p. b.:

× Kristín átti Pál í Nesi við Seltjörn Guðmundsson Pálssonar gullsmiðs Loftssonar prests á Krossi Rafnkelssonar.

× Sigríður átti Helga Erlendsson í Þórukoti, p. b.: Pétur og Arnleif.

× Anna átti fyrir Magnús Bjarnason í Höskuldskoti, p. b.: Oddbjörg og Bjarni, en síðar Ársæl Jónsson í Höskuldskoti og börn.

× Jón í Höskuldskoti átti Ólöfu Erlendsdóttur og börn.

× Kristbjörg dó ung.

eee. Jón á Klafastaðagrund átti tvo sonu: Einar og Pétur.

átti Jón Jónsson á Breiðabólssstöðum á Álptanesi. h) Kristín átti Bjarna hreppstjóra Bjarnason á Esjubergi, p. d.: Ingibjörg kona Þorláks Ólafssonar Johnsens f. kaupm. í Rvík.

gg. Guðrún s. k. Þórðar Arasonar í Stafholtsey, p. b.: a) Jón í Norðtungu († 2. okt. 1891) átti fyrir Elinu Sigurðardóttur, systur Jóns alþm. í Tandraseli og 8 börn, en síðar Ingveldi Ólafsdóttur og 4 börn. b) Guðrún átti Simon Sigurðsson á Kvisgsstöðum í Andakil.

hh. Oddur á Reykjum í Lundareykjadal átti Krístrúnu Davíðsdóttur frá Fitjum Björnssonar lögmanns Markússonar og fjölda barna (sbr. hér á undan bls. 34).

a. Loftur í Púfu († 1790), átti fyrir Vigdís Guðmundsdóttur frá Knararnesi á Vatnsleysuströnd Þorkelssonar, p. b.:

aa. Ragnheiður s. k. Guðmundar á Neðra-Hálsi Þórðarsonar á Írafelli Gíslasonar Hinrikssonar Gunnarssonar úr Skagafirði, p. b.: Þorsteinn stúdent í Laxárnesi, Loftur

## ee. Valgerður.

*Aths.* Snókdalin telur ekki Guðmund föður Önnu í Bigggarði meðal barna Þorvarðar Einarssonar í Brautarholti, en Steingrímur biskup og Espólin telja hann óhikað með f. k börnum hans og það er rétt. Annars er nokkur ruglingur um börn Þorvarðar í ættatölum, t. d. telur Snókdalin meðal f. k. barna hans Sesselju, er átti Ólaf Jónsson í Eyrar-Uppkoti, bróður samfedra Þuridar Jónsdóttur, konu Jóns Snorrasonar í Sölvhól, en hún var af síðara hjónabandi Þorvarðar með Solveigu Kortsdóttur og alsystir Odds prests á Reynivöllum og Korts í Flekkudal. Svo telur Steingrímur biskup Agötu f. k. Guðmundar Guðmundssonar á Þorlákssstöðum meðal f. k. barna Þorvarðar, en hún var s. k. barn hans og heitin eptir Agötu f. k. hans. Undarleg villa er það enn fremur bæði hjá Snókdalin og Steingrími, að telja eina dóttur Þorvarðar Guðríði konu Þorleifs Guðnasonar í Raufarfelli undir Eyjafjöllum, því að Guðríður kona Þorleifs var dóttir Jóns prests Oddssonar í Eyvindarhólum, en ein dóttir þeirra (Gróa) giptist vestur í Kjós (Steina Jónssyni á Valdastöðum). F. k. börn Þorvarðar eru hér rétt talin: Snæbjörn, Einar, Guðmundur, Sigprúður, og hafa þau ekki fleiri verið, er til aldurs komust. Þau eru öll fædd skömmu fyrir eða eptir 1720, en s. k. börnin á árunum 1740—1760.

- ii. Hans í Múlakoti í Lundareykjadal, átti Helgu Jónsdóttur, p. b.: Helgi á Glammastöðum í Svinadal, Steingrímur í Hlöðutúni, Guðmundur, Þórdís s. k. Guðmundar Stefánssonar í Teigakoti og Hróðný átti Stefán Þorvaldsson í Sarpi.
- b. Ólafur, átti Þorbjörgu Björnsdóttur á Hurðarbaki Þórðarsonar á Íratelli Gíslasonar, p. b.:
  - aa. Björn á Geitabergi, átti Tyr Ingibjörgu Jónsdóttur Ísleifssonar (sjá hér á undan) en síðar Ellisif Ísleifsdóttur frá Englandi í Lundareykjadal Ísleifssonar, þeirra son Björn á Breiðabólstöðum á Álptanesi, átti Oddnýju Hjörleifsdóttur prests á Völlum Guttormssonar og börn:
  - bb. Guðlaugur á Hurðarbaki í Kjós, átti Margréti Torfadóttur frá Ánanaustum Jóhannssonar og Málmfríðar Þórðardóttur, p. b.:

hreppstjóri á Neðra-Hálsi, Aldís átti Magnús Runólfsson í Hvammi og Guðríður, átti Halldór Runólfsson í Eyjahól, bróður hans.

- bb. Úlfhildur átti frænda sinn, Björn Ísleifsson (sjá hér á undan).
- cc. Oddur.

- f. Jakob<sup>1</sup>).  
 g. Guðmundur<sup>2</sup>).  
 h. Marín<sup>3</sup>),

- aaa. Björn á Bakka við Reykjavík faðir Gísla, er þar bjó síðar, föður Björns skípstjóra, er drukknadi í mannskaðanum mikla 7. apríl 1906.
- bbb. Björn annar á Hvítanesi í Kjós, kvæntur, bl.
- ccc. Torfi á Valdastöðum. Son hans Jóhann á Englandi o. fl.
- ddd. Jakob á Valdastöðum. Börn hans Guðlaugur, Bjarni. Jakobína, Katrín gípt Guðmundi Sveinbjörnssyni á Valdastöðum og Ingibjörg.
- eee. Jón á Hurðarbaki, átti börn.
- fff. Ragnhildur átti Otta Gíslason í Hrisakoti, p. d.: Guðlaug kona Jóhanns Torfasonar á Englandi og Guðríður kona Ólafs Helgasonar á Idunnarstöðum.
- cc. Eyjólfur á Skeljabrekku, átti fyrir Þórunni, síðar Kristínu, dætur Þórðar Arnasonar í Stóra-Lambhaga og börn með báðum.
- dd. Björn yngri átti sænska konu, þau sigldu 1811.
- c. Björn átti Úlfhildi Loptsdóttur frá Þúfu í Kjós Jónssonar Þórarinssonar Ólafssonar, p. b.: Þórarinn og Jón.

- dd. Jón.
- ee. Svanborg.  
 S. k. Lopts í Þúfu Guðrún Helgadóttir, p. b.: Ólöf, Helgi.
- b. Þórarinn.
- c. Snorri.
- d. Jón.
- e. Kristín.
- f. Guðlaug.

1) Jakob á Eyri í Kjós, átti Guðrúnu Snorradóttur og Halldóru Narfadóttur frá Neðra-Hálsi Guðmundssonar, p. b.:

- a. Jón á Eyri, átti Sigríði Jónsdóttur prests í Skrauthólum Oddssonar og 2 börn, er dóu ung.
- b. Ólafur átti Elínu Eyjólfsdóttur Ísleifssonar, systur Erlings lögréttumans í Blönduholti, p. b.:
- aa. Þórdís átti Hannes Einarsson frá Kjalardal Erlendssonar Þorvarðssonar, p. d.: Guðríður átti Jón Guðmundsson á Akranesskaga og Þórey, var fáviti.

2) Hann dó bl. (Hdr. Bókml.fél. 46 8vo).

3) Marín er ekki nefnd meðal barna Þórðar Ormssonar í hdr. 46 8vo, en Snókdalinn telur hana.



- C. Hákon landþingisskrifari og sýslumaður í Rangárþingi, sjá þar.
- D. Ingibjörg átti Björn Gislason (sjá Borgarfjarðarsýslu).
- E. Guðrún átti Guðmund Narfason á Hálsi í Kjós<sup>1</sup>); börn:
- a. Narfi átti Margréti dóttur séra Engilberts á Þingvöllum; börn:
- aa. Sæmundur<sup>2</sup>).
- bb. Guðrún.
- cc. Guðmundur<sup>3</sup>).
- b. Þóra átti Eyjólf Hallgrímsson prests og skálds Péturssonar; börn:
- aa. Magnús<sup>4</sup>).
- bb. Guðrún<sup>5</sup>).

Enn eru talin börn Þórðar Ormssonar í hinu fyrnefnda handriti:

- i. Vigfús dó ókv., bl.
- k. Guðmundur yngri, dó 1723, átti Aldisi Sigurðardóttur, bl.

1) Guðmundur var bróðir Eyjólfs á Þorláksstöðum, föður séra Odds prófests í Holti undir Eyjafjöllum og þeirra systkina.

2) Sæmundur bjó á Neðra-Hálsi. Son hans mun hafa verið:

- a. Engilbert í Laugarnesi. En börn þessa Engilberts hafa verið: Helgi, er átti Oddnýju Oddsdóttur Hjaltalín, Guðrún, er átti Jóhann Jóhannsson í Ánanaustum og Þuridur, er átti Sæmund Magnússon í Skildinganesi. Meðal barna þeirra var Ingibjörg, er átti Sæmund Klemensson frá Skildinganesi Bjarnasonar Bergsteinssonar, þeirra synir: Jón í Stapakoti og Klemens.

3) Guðmundur dó bl.

4) Magnús var við prentverk í Skálholti og sigldi 1692.

5) Guðrún giptist 1693 Þorleifi Jónssyni frá Laxárnesi í Kjós Indriðasonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Varmalæk Þorsteinsonar (Hdr. Bmfél. 46 8vo). Son þeirra var:

- a. Hallgrímur, (heitinn eptir séra Hallgrími Péturssyni), mun hafa búið á Bakka á Kjalarnesi. Sonur hans:
- aa. Magnús bjó á Bakka, dó í Brautarholti 1815, 75 ára, átti fyrir Málhildi Runólfsdóttur; synir þeirra: Magnús á Út-skálahamri (sjá hér áður bls. 36) og Runólfur á Ketilsstöðum.

Tvö börn Eyjólfs Hallgrímssonar og Þóru dóu ung.

- c. Salvör átti Jón Engilbertsson, bl.<sup>1)</sup>).
- d. Gisli átti Þóru Ólafsdóttur, þeirra börn barnlaus<sup>2)</sup>).
- e. Jón undirbryti í Skálholti, átti Hallfriði Grímsdóttur frá Görðum, bl.
- f. Ingibjörg átti Sæmund Engilbertsson<sup>3)</sup>); börn:
  - aa. Árni.
  - bb. Guðmundur<sup>4)</sup>).
  - cc. Þuríður<sup>5)</sup>).

1) Jón var son séra Engilberts Nikulássonar á Þingvöllum. Kona hans er sumstaðar nefnd Sólvör, sem ef til vill er réttara en Salvör.

2) Gisli bjó á Neðra-Hálsi. Þóra kona hans var dóttir Ólafs Eyjólfssonar lögréttumans í Reykjavík og Guðrúnar Ásgauts-dóttur. Börn þeirra voru: Guðmundar tveir og 4 Guðrúnar, er hafa öll dáíð bl.

3) Sæmundur var son séra Engilberts á Þingvöllum og bjó á Syðri-Brú (Neðri-Brú) í Grímsnesi.

4) Guðmundur bjó í Miðengi í Grímsnesi, var á lífi 70 ára 1729. S. k. hans Kristín Jónsdóttir, laundóttir Vigdisar Vilhjálms-dóttur Vigfússonar á Kalastöðum (sjá hér á undan bls. 10). Dóttir Guðmundar af fyrra hjónabandi:

- a. Sigríður átti Magnús Guðmundsson spítalahaldara í Klausturhólum og síðar í Kaldadarnesi, p. b.: séra Nikulás í Berufirði, Þuríður móðir séra Sæmundar Einarssonar á Útskálum, Ingibjörg átti Gisla Álfsson prests í Kaldadarnesi Gíslasonar og Hallgerður, er átti Guðmund Jónsson á Hömrum í Grímsnesi og mörg börn, er mikill fjöldi fólks er frá kominn í Árnessýslu.

5) Þuríður gíptist 1692 Jóni Þórðarsyni prests á Þingvöllum Þorleifssonar, bjuggu á Bildsfelli í Grafningi. Börn þeirra talin Þórður og Hallgerður.

Son Sæmundar Engilbertssonar og Ingibjargar hefur verið ennfremur:

- dd. Engilbert er heimilismaður á Búrfelli í Grímsnesi 1729, 60 ára gamall.

Vigtús Sæmundsson er kvæntur húsmáður í Kaldárhöfða 1729, 67 ára, og gæti hann verið bróðir Guðmundar í Miðengi og Engilberts. Þá býr í Kaldárhöfða Styr Sæmundsson 41 árs að aldri, og mun hann hafa verið skyldur þessu fólki, ef til vill son Sæmund-

g. Vigfús lögréttumaður í Kjós, átti Ólötu Jónsdóttur<sup>1</sup>); börn.

aa. Eyjólfur.

bb. Kristín.

cc. Þórdís.

dd. Guðrún.

ee. Sesselja.

ff. Katrín.

gg. Ormur.

hh. Gísli.

F. Jórunn Ormsdóttir, átti séra Jón í Skrauthólum á Kjalarnesi<sup>2</sup>); þ. b.:

a. Árni átti Guðriði dóttur Jóns bartskera í Káranesi, Sigurðssonar; þ. b.:

aa. Séra Gestur<sup>3</sup>).

b. Guðrún átti Guðmund Arnbjarnarson í Svignaskarði, bl.

c. Gunnar átti Sigríði Jónsdóttur Þorkelssonar<sup>4</sup>); börn:

aa. Rannveig<sup>5</sup>).

---

ar Narfasonar á Neðra-Hálsi. Styr þessi var um tíma ráðsmaður í Viðey og bjó síðar á Setbergi við Hafnarfjörð.

1) Ólöf var dóttir séra Jóns Þorsteinssonar í Dufpekju. Frá börnum hennar og Vigfúsar verða ekki ættir raktar.

Enn voru börn Guðmundar Narfasonar og Guðrúnar Ormsdóttur: Jónar þrír, Hólmfríðar tvær, Jórunn og Dómhildur, er öll hafa dáið ung.

2) Séra Jón var son séra Odds Oddssonar á Reynivöllum.

3) Þetta er gersamlega rangt. Séra Gestur var son Árna Simonarsonar í Effersey og Ástu(?) Gestsdóttur í Úthlíð Einarssonar í Haukadal Gestssonar. Sama ættarvilla um séra Gest er hjá Espólin (Árb. VII, 82).

4) Jón Þorkelsson var lögréttumaður og bjó á Öfugskeldu (Öfeigskeldu?) á Kjalarnesi (nú eyðibýli).

5) Réttara: Ragnhildur, átti Jón á Blikastöðum Bjarnason í Álfsnesi Þorkelssonar og Halldóru Ólafsdóttur, en móðir Halldóru var Rannveig Hákonardóttir prests í Skrauthólum Ásgeirssonar prests á Lundi Hákonarsonar. Móðir Bjarna Þorkelssonar var Þorbjörg Sigurðardóttir, systir Högna á Gufunesi og Núps. Börn Jóns og Ragnhildar:

- bb. Barbara<sup>1</sup>).  
 cc. Guðrún<sup>2</sup>).  
 d. Jórunn átti séra Jón á Mosfelli, Snorra-  
 son<sup>3</sup>); barn:  
 aa. Séra Snorri á Mosfelli í Grímsnesi,  
 svo á Akranesi<sup>4</sup>).

- a. Sigríður átti Einar Árnason.  
 b. Gunnar í Stardal, dó 1755. Synir hans munu hafa verið: Jón á Blikastöðum og Bjarni í Fitjakoti.  
 1) Barbara dó í Stardal 1752, 87 ára.  
 2) Guðrún átti Erlend Þórðarson í Engey, p. b.:  
 a. Jón í Engey faðir Margrétar, er átti Snorra Gissurarson í Narfakoti.  
 b. Guðrún átti Þorbjörn Halldórsson í Engey, p. b.: Þórólfur í Engey, síðast á Hofi á Kjalarnesi og Guðlaug, er átti Sigurð Guðmundsson í Engey, og var son þeirra Snorri ríki í Engey, sem allmikil ætt er frá komin.  
 c. Gunnar bjó í Breiðholti. Dóttir hans mun hafa verið Oddbjörg f. k. Þorkels Gissurarsonar í Miðdal, bróður Snorra í Narfakoti, p. b.: Gunnar á Korpólfsstöðum faðir Gunnars á Kiðafelli, Ólafur á Svartagili í Þingvallasveit faðir Þorkels í Skorhaga, Eyvör átti Ólaf Árnason frá Eskiholti á Landi o. fl.  
 3) Séra Jón var laungetinn sbr. Bisks II, 676, en þar er móður hans ekki getið, og í engum ættatölum, er eg hef séð, nema í hinu fyrnefnda handr. (Bókm.fél. 46 8<sup>vo</sup>) eptir Sigurð lögmann Björnsson. Þar er talið svo, að hún hafi verið norðlenzk og heitið Kristín og verið laungetin, en móðir hennar Herdis, og móðir Herðisar Sesselja Magnúsdóttir prests á Grenjadarstað Jónssonar biskups Arasonar. Þessarar Sesselju dóttur séra Magnúsar er ekki getið í öðrum ættatölum, og því hæpið, að þessi ættfærsla Sigurðar lögmanns sé rétt. — Jórunn var s. k. séra Jóns Snorrasonar.

- 4) Séra Snorri († 1730) átti Hallgerði Gottskálksdóttur prests í Miðdal Oddssonar, p. b.:  
 a. Jón átti Soffíu færeyska að ætterni, p. d.:  
 aa. Sesselja Katrín átti Jón Bjarnason á Kópavatni, p. b.: Bjarni í Fuglavík, Auðunn í Galtarholti, Guðrún átti Sigurð Sigurðsson í Kötluhól, Soffía átti Magnús Sigurðsson á Þorkötlustöðum, Þuríður f. k. Ásgrims Símonarsonar á Stóra-Hólmi, Guðbjörg s. k. hans, Sigríður átti Stefán Einarsson, Helga og Engilmaría.  
 b. Ormur prestur í Keldnaþingum, tvíkvæntur. Börn hans með f. k. Guðlaugu Árnadóttur frá Kotmúla Arnórssonar voru:

- e. Anna átti Ingvar Ólafsson<sup>1</sup>); bl.
- f. Hildur átti Halldór Sighvatsson<sup>2</sup>); börn:
  - aa. Sighvatur.
  - bb. Hallgerður.
  - cc. Ásbjörn.
  - dd. Guðmundur.
  - ee. Guðriður.
  - ff. Jón.
- g. Alexíus átti Guðrúnu Sighvatsdóttur<sup>3</sup>); bl.
- h. Páll átti Ingibjörgu Jónsdóttur<sup>4</sup>); börn:
  - aa. Hallóttu.

Magnús lyfsali í Nesi, Vigfús prestur á Valþjófsstað, Arni á Selalæk, Gottskálk í Tungu í Fljótshlíð og Grimur á Seljalandi í Fljótshverfi. Eru frá sumum þeirra miklar ættir, einkum þó í Múlasýslum frá séra Vigfúsi Ormssyni og er sumt þess ættfólks áður talið (III, 479—480).

- c. Jórunn († 1772). Laundóttir hennar með Styrk norskum manni, var:
  - aa. Guðrún átti Ólaf á Steinkrossi Runólfsson frá Holtsmúla Guðmundssonar og Sunnefu Böðvarsdóttur, p. b.:
    - aaa. Jón í Moldartungu f. m. Steinvarar Þórarinsdóttur frá Kotvelli Guðnasonar.
    - bbb. Árni á Læk í Holtum. Hans dóttir Una.
    - ccc. Þórunn átti Einar Þórðarson.
    - ddd. Helga átti Þorlák Guðmundsson á Efri-Hömrum í Eystrihrepp.
    - eee. Jarprúður átti Snorra Þórðarson í Ölvatnsholti.
  - d. Ásta. Laundóttir hennar Katrin Gunnarsdóttir.
  - e. Þórunn, dó ógipt bl.

1) Ingvar var son séra Ólafs Böðvarssonar í Saurbæ.

2) Sjá um börn Halldórs og Hildar III, 414—415. Til viðbótar skal þess getið eptir Bmf. 46 <sup>8vo</sup>, að Guðriður dóttir þeirra hafi átt Ólaf Jónsson bartsкера, og Ásbjörn hafi átt eitt launbarn Guðrúnu, en þessi börn Halldórs og Hildar hafi dáið ung: Hallgrímur, Jónar þrír, Una, Oddný, Snjálauð, Halldóra og Þorkell.

3) Sbr. III, 415.

4) Ingibjörg var dóttir séra Jóns Pálssonar í Selvogi og Valgerðar Daðadóttur, systur séra Jóns í Arnarbæli. Dætur Páls og Ingibjargar voru: Hallóttu og Guðrún, er munu hafa dáið bl. (Hdr. Bmfél.). Páll bjó í Nesjum (á Rosmhvalanesi).

- bb. Guðrún.
- i. Sesselja, hennar launson með Jóni<sup>1)</sup> hét:
- aa. Jón. Hennar laundóttir með Eyjólf<sup>2)</sup> hét:
- bb. Ingibjörg.
- k. Sigriður átti Jón Jakobsson<sup>3)</sup>; þ. b.:
- aa. Jón.
- l. Guðrún yngri átti Jón eldra Hallvarðsson; börn:
- aa. Engilbert.
- bb. Hallvarður.
- cc. Guðriður.
- dd. Oddur.
- ee. Jón eldri.
- ff. Jón yngri.
- m. Helga átti Jón yngra Hallvarðsson frá Seli<sup>4)</sup>.
- G. Guðrún yngri Ormsdóttir átti séra Halldór Ketilsson<sup>5)</sup>; börn:
- a. Ragnhildur (al. Rannveig<sup>6)</sup> átti Árna Þorsteinsson; börn:
- aa. Halldór<sup>7)</sup>
- bb. Hákon<sup>8)</sup>
- cc. Stefán.
- dd. Hólmfríður.

1) P. e. Jóni Hallvarðssyni frá Seli í Grimsnesi Jónssonar. Hann var undirbryti í Skálholti, og síðar ráðsmaður í Viðey.

2) Réttara: Agli.

3) Sjá hér á undan bls. 42

4) Dómhildur og Gróa voru enn dætur séra Jóns Oddssonar og Jórunnar, og dóu báðar bl. (Hdr. Bmfl. 46 8<sup>vo</sup>).

5) Séra Halldór († 1644) var prestur á Kálfafellsstað eptir föður sinn, séra Ketil Ólafsson († 1634).

6) Rannveig mun réttara. Árni maður hennar var son Þorsteins Magnússonar sýslumanns á Þykkvabæjarklaustri.

7) Halldór var í þjónustu Jóns sýslumanns Sigurðssonar hins yngra í Einarsnesi.

8) Hákon ólst upp hjá Ólöfu á Leirubakka móðursystur sinni.

- ee. Guðriður<sup>1</sup>).
- ff. Vigdis<sup>2</sup>).
- gg. Valgerður.
- hh. Ormur.
- b. Ólöf átti Guðna Magnússon<sup>3</sup>); bl.
- c. Hólmfríður átti 1676 fyrst barn með Þorleifi á Hlíðarenda Gíslasyni, áður en hann fór utan; átti síðan Þorstein Jónsson vestfirzkan<sup>4</sup>),
- d. Séra Ketill í Ásum, átti Guðrúnu Vigfúsdóttur; börn:
  - aa. Vigfús lögréttumaður í Skál á Síðu, giptist, átti börn<sup>5</sup>):

---

1) Guðriður átti Stefán Einarsson frá Hörgslandi, p. b.:

- a. Einar átti Emerentiönu Halldórsdóttur.
- b. Árni, átti Sigríði Sigurðardóttur prests á Kálfafellsstað Bjarnasonar.
- c. Sigvarður sterki.
- d. Þorvarður druknaði í Vestmanneyjum.
- e. Katrín átti Gísla Gísursson, p. b.: Ari o. fl.
- f. Vigdis átti Pál Eiríksson í Meðallandi.
- g. Kristín átti Jón Eiríksson, bl.
- h. Helga.

2) Vigdis átti Stefán Jónsson lögréttumann í Skipagerði. Meðal barna þeirra var: Guðmundur á Strönd í Landeyjum, faðir Brynjólfs í Skipagerði († 1805), föður Þórðar prests á Felli í Mýrdal. — Laundóttir Vigdísar með Páli Ámundasyni var Guðriður kona séra Höгна Sigurðssonar á Breiðabólstað, og áttu þau 17 börn. — Þaðan fjölmenn ætt (»Höгнаætt«).

3) Þau Guðni og Ólöf giptust með konungsleyfi; voru þremmingar að frændsemi, áttu 5 börn: Vilborgu, Ólöfu, Magnús, Guðriði og Margréti, er munu öll hafa dáið ung, og erfði Ólöf þau.

4) Þjuggu á Raudasandi, p. b.: Jón, Ingveldur og tvö önnur (Hdr. Bmfél. 46 8vo).

5) Vigfús átti Dómhildi Jónsdóttur á Núpstað Jónssonar. p. b.:

- a. Ólöf átti séra Sigurð Högnason í Ásum, p. b.:
  - aa. Högni á Svarðbæli átti Málfríði Árnadóttur, þeirra synir: Ólafur í Pétursey, faðir Jóns í Pétursey og þeirra systkina og Árni í Pétursey faðir Höгна á Hrutafelli, og er sú ætt allfjölmenn í Mýrdal og víðar.

- bb. Guðrún fyrri kona séra Einars á Lundi, átti börn<sup>1</sup>):  
 cc. Árni bryti í Skálholti, giptist og átti mörg börn<sup>2</sup>).

bb. Halldór dó úr bólu, bl.

cc. Guðríður átti Eyjólf Alexandersson á Sólheimum og mörg börn.

b. Guðríður átti fyr séra Halldór Högnason í Hólmaseli, en síðar Þorvald Þorsteinsson.

c. Guðrún.

d. Jón á Fossi og Skál á Síðu, átti Sigurlaugu Sigurðardóttur prófasts í Holti Jónssonar, þeirra son: Sigurður stúdent í Varmahlíð, faðir Páls alpm. í Árkvörn og þeirra systkina.

1) Guðrún var 1. kona séra Einars Oddssonar á Lundi og var son þeirra:

a. Ketill prestur á Lundi. Dóttir hans Ólöf átti Torfa Guðmundsson í Bæ. Son þeirra Guðmundur í Bæ, faðir Sveinbjarnar prests í Holti.

2) Árni yfirbryti var tvíkvæntur. Er frá honum komin fjölmenn ætt í Kjós og víðar, er of langt yrði að rekja.

Önnur börn séra Ketils Halldórssonar en hér eru talin, voru:

dd. Árni, varð aðstoðarprestur hjá föður sínum, en dó ungur, bl.

Espól. (Árb. VII, 82) telur hann föður séra Halldórs á Húsafelli, sem er gemsamlega rangt, en séra Árni Ketilsson og hann voru þremmenningar.

ee. Ólöf átti séra Guðmund Magnússon á Stafafelli. Synir þeirra: Brynjólfur prestur á Kálfafelli (Kálfafellsstað) og Magnús prestur á Hallormsstað. Þaðan fjölmennar ættir.

ff. Halldór.

gg. Ormur

hh. Þuríður.

ii. Þórður.

kk. Halldór annar.

ll. Hákon. Munu flest hafa dáíð ung.

Börn séra Halldórs Ketilssonar og Guðrúnar Ormsdóttur eru enn talin þessi í hdr. 46 8<sup>vo</sup>:

e. Gísli ólst upp hjá Ormi í Eyjum, móðurföður sínum og dó þar 1717, 77 ára, ókv., bl.

f. Árni var bl.



H. Guðrún yngsta Ormsdóttir<sup>1)</sup>, átti Ásbjörn Guðmundsson, bl.

I. Dómhildur átti fyr Árna bartskera Halldórsson<sup>2)</sup>; börn:

a. Guðrún átti Hannes Árnason<sup>3)</sup>; börn;

aa. Árni í Norðtungu<sup>4)</sup>.

bb. Hákon sýslumaður<sup>5)</sup>.

cc. Dómhildur<sup>6)</sup>.

Svo varð Dómhildur f. k. Hjalta Pálssonar; barn:

b. Þórunn<sup>8)</sup> átti Sigurð Pálsson.

g. Halldór dó bl.

h. Sigurður dó bl. úr andlitsmeini á Reynivöllum í Kjós.

i. Guðrún.

k. Helga.

1) Hún dó 21. júní 1680 á 75. aldursári (Ártíðaskrár J. P., bls. 195). Kaupmáli þeirra Ásbjarnar var gerður í Eyjum 2. júní 1649.

2) Marteinssonar biskups.

3) Hannes í Norðtungu († 1671) var son Árna Gíslasonar á Ytra-Hólmi. Guðrún dó 1724, há-öldruð.

4) Árni eldri í Norðtungu, »merkur maður og skynsamur« (Ættat. J. H.) dó 1724, ókv., bl., sjötugur að aldri.

5) Sjá um hann og afkomendur hans, Rangárþing.

6) Dómhildur dó 1740, ógipt, bl. (Ættat. J. H.).

Enn var son Hannesar og Guðrúnar.

dd. Árni yngri, dó 1707, ókv. bl. Í hdr. 46 8vo eru enn fremur talin börn þeirra:

ee. Björn.

ff. Þórunn, er bæði hafa dáið ung.

Launson Guðrúnar Árnadóttur með Pétri sýslumanni Pálssyni frá Hvanneyri Gíslasonar (II, 381—382) var Bjarni átti Margræti Þórðardóttur, sbr. II, 382.

7) Þórunn átti, áður en hún giptist, launson með Árna syni séra Jóns Oddssonar í Skrauthólum. Sigurður maður hennar var son Páls Gíslasonar landskrifara á Hlíðarenda. Börn hans og Þórunnar:

a. Hjalti átti Steinunni Álfadóttur prests í Kaldaðarnesi Jónssonar.

b. Gísli prestur á Kvennabrekku, ólst upp hjá meistara Jóni biskupi Vigfússyni á Hólum.

K. Ásta Ormsdóttir gípt 1648 séra Guðmundi í Laugardælum Bjarnasyni; börn:

a. Svanborg fyrri kona séra Jóhanns Þórðarsonar; börn:

aa. Vigfús<sup>1</sup>).

bb. Guðrún<sup>2</sup>).

b. Þórunn átti séra Björn Jónsson í Hrepphólum, börn:

aa. Guðmundur<sup>3</sup>).

bb. Ólöf<sup>4</sup>).

c. Bjarni átti Þóru Guðmundsdóttur frá Melum á Kjalarnesi Eyjólfssonar og Þórdísar Hjaltadóttur, p. b.: Hinrik, Hjalti og Halldóra kona séra Guðmundar Eiríkssonar í Miðdalaþingum.

d. Puriður átti Jón son Jóns Vigfússonar í Ási í Hálsasveit, p. b.: Sigurður í Ási, Salvör og Ingiríður, er öll gíptust og eru frá þeim ættir.

e. Halldóra.

1) Vigfús prestur í Kaldadarnesi, átti fyr Vilborgu Árnadóttur prófests á Þingvöllum Þorvarðssonar, bl., en síðar Auðbjörgu Gunnarsdóttur prests í Kálfholti Einarssonar, p. b.:

a. Jóhann í Votmúla faðir Gísla s. st. og Tómasar í Minni-Vogum.

b. Páll í Votmúla fyrri maður Ástriðar Dadaadóttur prests í Reynisþingum Guðmundssonar. Launsonur hans Jón á Haugi.

c. Sigurður faðir Sigurðar í Ásakoti í Flóa.

d. Ólöf átti Vigfús í Valdakoti Álfsson prests í Kaldadarnesi Gíslasonar, sbr. III, 421. Sjá um börn þeirra þar.

2) Guðrún átti séra Þorke! Oddsson í Gaulverjabæ, bl. Enn voru börn séra Jóhanns og Svanborgar:

cc. Páll dó útlærður 1707 í Viðidalstungu í þjónustu Páls lögmanns Vídalíns. (Ættatölubók séra Þórðar Þórðarsonar í Hvammi.)

dd. Helga.

3) Guðmundur átti Ingibjörgu Grimsdóttur.

4) Ólöl átti Jón Illhugason Einarssonar af Kalastadaætt, p. b.: Hannes, Illhugi, Jónar tveir og Vigdís átti Odd Sveinsson á Ferjubakka, p. b.: Guðmundur í Þverholtum, Ragnheiður þri-gípt, Guðlaug átti Ólaf Sveinsson, Sigríður átti Teit Brandsson á Kálfalæk og Margrét átti Helga Gunnlaugsson.

- cc. Svanborg<sup>1</sup>).  
 dd. Þórunn<sup>2</sup>).  
 ee. Ragnheiður<sup>3</sup>).  
 ff. Hannes.
- [c. Gunnar<sup>4</sup>) átti Ingibjörgu Jónsdóttur, börn:  
 aa. Jón.  
 bb. Geirlaug.
- d. Guðrún átti Nikulás í Holti í Saurbæ,  
 börn:  
 aa. Jón.  
 bb. Arnfinnur].
- e. Valgerður<sup>5</sup>) átti Þórólf Árnason á Óspaks-  
 eyri; börn:  
 aa. Guðmundur.  
 bb. Salgerður.
- L. Puriður Ormsdóttir átti Þorvarð í Bæ, Magn-  
 ússon<sup>6</sup>); bl.
- M. Kristín Ormsdóttir átti Sigurð lögréttumann  
 Guðmundsson<sup>7</sup>); börn:  
 a. Jón átti Sigríði yngri Teitsdóttur<sup>8</sup>).

1) Svanborg átti 1712 Þórð Gíslason á Írafelli og er frá þeim komin fjölmenn ætt í Kjós. Meðal barna þeirra voru: Guðmundur á Nedra-Hálsi, Björn á Hurðarbaki, Snjálaug koua Þorsteins Magnússonar á Þyrli og Jón á Kiðafelli faðir Árna föður Gísla í Hrepp í Skorradal.

2) Þórunn er talið að hafi átt Jón son séra Jóns Stefánssonar í Kálfholti, bróður Guðna Jónssonar í Tungufelli.

3) Ragnheiður átti Bjarna Þorláksson sýslumanns Guðbrands-sonar.

4) Gunnar þessi og Guðrún (stafl. d.) voru ekki börn séra Guðmundar í Laugardælum; að minnsta kosti hef eg ekki séð getið í ættatölum annara barna þeirra Ástu en Svanborgar og Þórunnar.

5) Valgerður kona Þórólfs á Óspakseyri var laundóttir séra Guðmundar, en ekki dóttir hans og Ástu.

6) Í hdr. Bmfél. 46 Svo, er Hákon talinn son Þorvarðar og Puriðar og hafi hann andazt ungur. Puriður dó 24. sept. 1658 á 37. aldursári (Ártíðaskrár bls. 191).

7) Sigurður hjó á Brekku á Hvalljarðarströnd.

8) Hún var dóttir séra Teits Einarssonar í Skálholtsvík.

- b. Guðmundur átti Sigríði eldri Teitsdóttur<sup>1</sup>), börn:
- aa. Vigfús.
  - bb. Þórdís<sup>2</sup>).
  - cc. Guðrún.
- c. Guðmundur annar<sup>3</sup>), átti Önnu Guðmundsdóttur, barnlaus.
- d. Guðmundur yngsti átti launbarn, giptist Þóru Pétursdóttur<sup>4</sup>), börn:
- aa. Ólafur.
  - bb. Snorri.
  - cc. Sigurður.
  - dd. Þórunn<sup>5</sup>).
- e. Þórunn átti Sigurð Teitsson<sup>6</sup>), þ. b.:
- aa. Árni<sup>7</sup>).

---

1) Hún var systir Sigríðar yngri konu Jóns bróður hans.

2) Þórdís dó ung. Þau systkin voru enn fleiri, en hér eru talin: Sigurður, Árni, Sigríður, Anna, Jón (hdr. 46 8vo) en ókunnugt er að öðru leyti um þau.

3) Guðmundur var lögréttumaður í Borgarfirði og lögsagnari í Kjósarsýslu, að því er Sigurður lögmaður Björnsson segir (hdr. Bmfél. 46 8vo). Hann dó í Saurbæ á Kjalarnesi 1717, á 69. aldursári. Anna kona hans var dóttir Guðmundar Árnasonar lögréttumanns í Heynesi, þau áttu 2 börn, en laundóttir Guðmundar var:

a. Dýrfinna.

4) Þóra var dóttir Péturs Árnasonar á Guðnabakka.

5) Þórunn átti Guðmund Nikulásson. Börn Guðmundar og Þóru ennfremur talin (í hdr. 46 8vo).

cc. Kristín.

ff. Ólafur annar.

gg. Sigríður,

hh. Jón átti Þorkötlu nokkra.

Launbarn átti Guðmundur með Helgu Jónsdóttur.

6) Hann var son séra Teits Einarssonar í Skálholtsvík.

7) Árni átti Þórunni Þorvaldsdóttur, þ. b.:

a. Sigurður var tekinn af lífi 1731, 18 vetra gamall, fyrir morð á barnsmóður sinni Guðrúnu Illhugadóttur á Sveinsstöðum í Neshrepp.

- bb. Jón<sup>1</sup>).
- cc. Sigurður<sup>2</sup>).
- dd. Einar.
- ee. Oddný.
- ff. Helga<sup>3</sup>).

1) Jón átti Sigríði Jónsdóttur frá Veidileysu Sigmundssonar,  
p. d.:

- a. Arnfríður átti Bjarna Torfason prests í Kirkjubólspingum Bjarnasonar, p. b.:
  - aa. Bjarni á Arngerðareyri faðir Ólafs á Rauðamýri, Einars og Arnfríðar.
- bb. Margrét átti Magnús Magnússon.
- cc. Hinrik druknaði með séra Illhuga Jónssyni 1782.

2) Sigurður í Múlakoti við Þorskafjörð, átti Valgerði Jónsdóttur, p. b.:

- a. Jón átti Ólöfu Illhugadóttur vestur í Breiðuvík.
- b. Ólöf átti fyrir Ólaf Þórðarson í Holti við Hellna, p. b.:
  - aa. Ingibjörg átti Björn Jónsson við Hellna, p. b.: Ólafur, Björn.
- bb. Guðrún átti Guðmund Árnason.

3) Ó. Snókdalín telur enn fremur meðal barna Sigurðar Teitssonar og Þórunnar:

- gg. Tómas í Hrútatungu, átti Ingibjörgu Magnúsdóttur s. st. Jónssonar á Valdasteinsstöðum Þórarinssonar af Rauðbrotaætt p. b.:
  - aaa. Guðmundur á Melum í Trékyllisvík.
  - bbb. Guðmundur á Klúku í Bjarnarfirði.
  - ccc. Magnús í Kolbeinsvík.
  - ddd. Tómas.
  - eee. Þórunn átti Pétur Pétursson Ásmundssonar Ögmundssonar og Guðrúnar Guðmundsdóttur, systur Tómasar á Þóroddsstöðum. Laundóttir Þórunnar með Einari Auðunnssyni. bróður séra Jóns á Bergsstöðum var:
    - × Sesselja, laundóttir hennar með Eggert Pálssyni á Heggstöðum hét Anna.

Í hdr. Bmfél. 46 8<sup>vo</sup> er ennfremur talið barn Sigurðar Teitssonar og Þórunnar:

- hh. Ormur.

f. Sigriður Sigurðardóttir<sup>1</sup>).

N. Guðríður Ormsdóttir, dó 1718<sup>2</sup>) 103 ára, barnlaus.

O. Snorri Ormsson<sup>3</sup>), bl. (NB. Alls voru Orms börn 17, og er mikill fjöldi fólks af þeim kominn).

Ormur Vigfússon fæddist 1577<sup>4</sup>), varð efnismaður upp-

1) Son Sigurðar á Brekku og Kristínar Ormsdóttur er enn fremur talinn (i 46 8vo).

g. Vigfús, er hafi dáið ungur.

2) Hún dó í Eyjum 14. janúar (1718) og var þá 104 ára, að því er Sigurður lög. Björnsson telur (hdr. Bmfél. 46 8vo). Hún var lengst æfi sinnar hjá foreldrum sínum í Eyjum »þeim til þjónustu og hjúkrunar í þeirra háa aldurdomi, seinast allra þeirra barna« segir S. B. Hún giptist aldrei né átti börn.

3) S. B. (hdr. 46 8vo) telur ekki Snorra meðal barna Orms í Eyjum, heldur Ásbjörn og Vigfús, er báðir hafi dáið ungir og að því er virðist tvö enn, sem ekki eru nafngreind. Þessi er röðin á börnum Orms hjá S. B., og ekki ósennilegt, að þar sé farið eptir aldri: 1. Ingibjörg. 2. Guðrún elzta. 3. Jórunn. 4. Guðrún yngri. 5. Guðrún yngsta. 6. Dómhildur. 7. Vigfús. 8. Kristín. 9. Þórður. 10. Hákon. 11. Guðríður. 12. Ásta. 13. Þuríður. 14. Ásbjörn. 15. óneft. 16. Vigfús, er dó ungur. 17. óneft. — Ormur í Eyjum hefur orðið afarkynsæll maður.

4) Eptir frásögn Sigurðar lögmanns Björnssonar, dóttursonar Orms, í hdr. Bmfél. 46 8vo, er Ormur fæddur á Kalastöðum 1576, var tekinn á 5. ári af móðurföður sínum Þórði lögmanni Guðmundssyni, er kom honum 8 vetra gömlum í kennslu til séra Lopts Narfasonar í Hitardal, en á 9. ári (1585) var hann látinn í Skálholtsskóla, og var þar 2 vetur. Síðan var hann skamma hrið hjá foreldrum sínum, þangað til hann fór aptur til Þórðar lögmanns afa sins. Þá er hann var 18 vetra var honum dæmt fjárhald sitt og sömuleiðis umbod bróður síns Jóns Vigfússonar yngra. Því næst sigldi hann með Brostrup Gedde, kvæntist 21 árs (1597) í Holti undir Eyjafjöllum og var þar næstu 2 ár (1597—1599), en því næst bjó hann 4 ár (1599—1603) á Austasta-Skála undir Eyjafjöllum, flutti þá vestur að Hækingsdal í Kjós og bjó þar 2 ár (1603—1605), en flutti síðan að Eyjum og bjó þar til dauðadags samfleytt 70 ár (1605—1675). Hann var 13 ár landþingsskrifari í tíð Gísla lögmanns Hákonarsonar, svo sýslumaður í Kjósarsýslu og síðar í Borgarfjarðarsýslu, en þá ráðsmaður í Skálholti eitt ár og eitthvað lengur, en tók eptir það Kjósarsýslu aptur. Hefur Sigurður lögmaður Björnsson skrifað þetta eptir

vöðslumikill. 1595 fór hann utan með Brostrup Gedde höfuðsmanni, var hann þá 18 vetra. Ormur kom út og giptist í Holti eystra 1597, þá var hann tvítugur að aldri. En Guðríður kona hans 19 vetra, því hún fæddist 1578. Voru þau hjón fyrst í Holti undir Eyjafjöllum, síðan hjuggu þau að Skála. Svo hafði tilborið, að höfuðsmaðurinn Jóhann Buchholt hafði tekið skip af bónda einum með ofriki. Bóndi klagði þetta fyrir Þórði lögmanni Guðmunds-syni, sem lét dóm ganga, hvar með bóndanum tildæmdist þá skipið. Þetta umbar Buchholt illa, vildi hafa Þórð lögmann fyrir sökum, og ónýta dóm hans með valdi sínu. Þórður skaut til kongsdóms, en Buchholt neitaði því. Þórður lét ei af sínu uppátæki; hér af óx megn óvild þeirra á millum. Jón lögmaður Jónsson var um það afskiptalaus, þar málið var ei í hans lögdæmi. Þórður vildi koma málinu fyrir konung. Buchholt bannaði öllum kaupmönnum að taka sendimann eða bréf til útfærslu frá Þórði lögmanni. Jón yngri Krákur (sjá hér að framan) var þá hér í landi. Hann hafði ungur utan farið, og svo komizt í þénustu um 4 ár hjá þeim mikla aðalsmanni Henrik Ranzow í Holsetalandi, þóknast honum vel; var hann þá frá honum kominn til Íslands með góðum vitnisburðum. Þórður lögmaður móðurfaðir hans fékk Jón til utanferðar fyrir sig í þessu máli, að frambera það fyrir konung með bréfum sínum. Jón fékk hvergi far fyrir sunnan né vestan, því forboð höfuðsmanns var komið í allar hafnir utan í Vestmanneyjar. Þetta frétti Jón, fór því til Orms bróður síns og sótti hann að liðsinni. Ormur vildi sem hraðast fá skip út til Vestmanneyja, því Danir voru þar albúnir til utanferðar; þá hafði svo til viljað, að flest skip þar í nánd voru komin til Vestmanneyja, en séra Ormur Ófeigsson Vestmanneyjaprestur<sup>1)</sup> hafði komið

bréfabók séra Einars Illhugasonar prófests í Kjalarnespingi († 20. febr. 1689), bróðursonar Orms, og er það líklega áreiðanlegt.

1) Hann var fremur hrottamenni og ofstopamaður, að minnsta kosti á yngri árum. Kona hans hét Þorgerður Sigmundsdóttir og átti hún síðar Hjalta í Hildisey Erlendsson Hjaltasonar í Teigi Magnússonar. Faðir séra Orms hefur eflaust verið sá *Ófeigur Ormsson*, er mun hafa búið í Bræðratungu á 16. öld, og er enn á lífi 1571, er hann vottar um landamerki (Fornbr.safn A. M.).

i land með skip sitt. Ormur Vigfússon bað hann ljá sér skipið út til Eyjanna; séra Ormur neitaði. Þar út af óx deila mikil, svo Ormur Vigfússon barði séra Orm, lék hann illa út og nærfelt limlesti til óbóta, tók síðan skip Orms prests og flutti Jón bróður sinn út í Eyjarnar. Náði hann nauðuglega farinu, komst til Kaupmannahafnar og gat hitt syni þess gamla Henriks Ranzows. Af því faðir þeirra hafði á hendur falið þeim Jón, tóku þeir vel við honum, komu honum á konungsfund; fékk hann beztu erindislok, svo konungur áleit, að Þórður lögmaður hefði gert rétt eptir sinni embættisskyldu.

Jón var litla hrið utanlands. Kom út og giptist, sem fyr er sagt, og þótti mætur maður. Þess er að geta, þá þeir bræður Ormur og Jón höfðu barið Orm Eyjaprest nærfelt til óbóta, svo nokkrir efuðu um líf hans, lýsti Jón því öllu á sig, þá utan fór, svo Ormi bróður hans yrði fritt hér í landi. Þá Ormur Vigfússon kom í land með skip prests, sættist hann við nafna sinn og bætti stórmiklu og gerði honum eptir megni hið bezta í öllu. Synir Orms prests, fulltíða og mikilmenni, fréttu út í Eyjar, að faðir sinn hefði verið barinn til óbóta; æddu þeir þá í land og æfluðn að hefna föður síns á Ormi, en þá þeir í land komu, voru þeir Ormur Vigfússon og Ormur Eyjaprestur alsáttir; varð því ei af hefndum, og taldist það heppni Orms Vigfússonar, sem þó uggaði um sig fyrir þeim bræðrum eptir dauða Orms Eyjaprests, og flutti því að Eyjum á Kjalarnesi. Viðureign nafnanna tilföll um 1600 eða 1601.

Ormur Vigfússon gerðist landþingsskrifari og tók Borgarfjarðarsýslu sunnan Hvitár eptir Gísla lögmann um 1620. En slepti henni nálægt 1635, þá hann gerðist Skálholtsstaðarráðsmaður. Þó var hann á alþingi í sýslumanna-tölu 1636, en Skálholtsráðsmaður var hann 1639, þá Brynjólfur var kosinn og nokkru þar eptir, óljóst er mér, hvað mörg ár.

1634 er Ormur sýslumaður dómsmaður á alþingi. 1635 lét hann dóm ganga í Þverárþingi sunnan ár, var og sama ár meðdómsmaður á alþingi og 1636. 1638 telst Ormur með sýslumönnum á alþingi. 1647 lét hann ganga dóm um kirkjutíund í Brautarholti, og hefur hann þá haldið sýslu



í Kjós. Eptir að Ormur hætti að vera Skálholtsráðsmaður tók hann Kjósarsýslu, en hvert ár það var, er mér dulið, en 1649 var hann þar sýslumaður, og 1662 sleppti hann þeirri sýslu, þá 85 ára gamall. (Eru gátur hann hafi eptir Þórð Hinriksson tekið sýsluna 1638).

Ormur missti konu sína níraða 1668<sup>1</sup>), þar eptir lifði hann 7 ár, og deyði 1675<sup>2</sup>), þá hann skorti einn vetur á tírætt. Börn hans voru 17, barnabörn þá 77 og þeirra börn 103; alls voru hans afkomendur við hans dauða 196, hvar af þá voru lifandi, er hann lézt, 98.

Ormur var hið mesta afarmenni og þótti á stundum miðlungi réttssýnn. Til dæmis: Þau systkin á Hvalfjarðarströnd Þórður, Sighvatur og Guðlaug áttu nokkur hundruð í Þyrli; tvö þeirra dóu í bólu, en Þórður erfði systkin sín, en var fávís. Gunnsteinn umboðsmaður Guðlaugar hafði tekið eignina og selt 7<sup>1</sup>/<sub>2</sub> hndr. í Þyrli. Vegna Þórðar var málinu stefnt fyrir Gísla lögmann Hákonarson, sem dæmdi Þórði jarðarpartinn, en Gunnstein skyldugan að aptur skila verðinu til Ólafs, hverjum hann hafði selt jarðarhundruðin. Nokkru seinna kom upp kaupbréf, sem vottaði, að Þórður hefði selt Gunnsteini 5 hndr. í Þyrli; fannst það hjá Ormi í Eyjum og með hans hendi, var þó hundradatalan skafin og ólæsileg, og mátti úr smíða 5, 10 eða 15 hundruð. Ormur var tengdur Gunnsteini og hafði verið í dómi Gísla lögmanns, mátti því ei leiðréttu málið, þar Gunnsteinn hafði meðkennt, að kaupbréf væri ekkert. Ormur og Gunnsteinn veittu Þórði þungar árásir, og fengu með sér Árna Oddsson, er þar eptir varð lögmaður. Til að firrast ofurefli Orms fékk hann með þrúbænum af Vigfúsi sýslumanni Gíslasyni, að kaupa af sér. Varð það seinna óvildarefni millum Vigfúsar og Árna lögmanns.

---

1) Hún dó 20. júlí (Ártíðaskrár J. P. bls. 190).

2) Í rímkveri séra Odds á Reynivöllum (Ártíðaskrár bls. 188) er dauðadagur Orms talinn 28. janúar og sagt, að hann hafi verið á 99. ári. Kemur það heim við, að hann sé fæddur 1576, (en ekki 1577). Annarsstaðar (Ártíðaskrár bls. 190 og 194) er ártíð hans talin 29. eða 30. jan. og hann talinn á 98. aldursári, en hitt mun réttara.

Ormur bjó í Eyjum í Kjós, og bætti mjög þá jörð, svo sem kveðið var:

Svo hefur Ormur Eyjar bætt  
allmörg ræðir tunga.  
Á vetrum fær hún flutt og fætt  
fimmtíu kúa þunga.

Ormur varð kynsæll, og eru fjölmennar ættir af honum komnar. 1649 þann 2. október lét Matthías Söfrensen dóm ganga í Kópavogi af útnefndum Ormi Kjósarsýslumanni, Torfa og Jakob Knudsen Árnassýslumönnum etc. um umferðarfólk og lausamenn þar syðra. 1657 þá Hákon son Orms deyði á Bessastöðum, bað Árne lögmaður Orm sýslumann að taka við umboðinu á Bessastöðum í stað Hákonar sonar síns, en Ormur afsakaði sig elli og lasleika vegna, en léði Vigfús son sinn til umsjónar á Bessastöðum, þar til Matthías Guðmundsson kæmi suður frá Stapa. 1647 kom í lögréttu dómur Orms Vigfússonar, um tíund af Brautarholti, kirkjneign sé ótíunduð en bónda-eign tíundist. Samþykkt).

### Daði Jónsson.

- Faðir:* Jón prófastur á Melum í Borgarfirði, son séra Jóns Þorsteinssonar, sem Tyrkir drápu í Vestmannaeyjum.
- Móðir:* Margrét<sup>1)</sup> dóttir Daða Árnasonar á Eyrarlandi Oddssonar (sjá Dalasýslu).
- Kona:* Margrét dóttir Péturs Gam, var á Bessastöðum þénandi og svo hjá Matthíasi Guðmundssyni, er seinna var á Stapa. Giptust 1670 (al. 1665).
- Börn:* A. Pétur á Vallá lögréttumaður 1708, dó 1725, átti Guðlaugu Sigurðardóttur, Árnasonar; bl.  
B. Magister Jonas Gam rektor í Maríubæ á Lá-

---

1) Margrét dó í Árdal 28. maí 1682 á 81. aldursári (Ártíðaskrár bls. 195, 218).

landi, svo í Nestved á Sjálandi, hálærður maður, dó 1734 (al. 1733)<sup>1)</sup>, bl.

C. Soffía seinni kona Lárusar sýslumanns Schevings (sjá Vaðlasýslu)<sup>2)</sup>.

D. Ursula<sup>3)</sup>.

Daði var utanlands á æskuárum sínum og framaðist þar vel<sup>4)</sup>, en lá við að hann yrði frænda sínum Jóni Vestmann að miklu tjóni með lausmælgí sinni. Þar eptir gaf hann sig í þénustu hjá Bessastaðavaldsmönnum og tók í léni hjá þeim Kjósarsýslu 1663, hann tók og lögsögu í Gullbringusýslu, þá Tómas fógeti Nikulásason deyði 1665—1666.

Sigurður lögmaður Jónsson tók af Daða á alþingi 1663 embættis og sýslumannseið. Opt gerði hann dómara- verk í Kjós. 1669 bar Daði undir lögréttuna klögun sýslubúa sinna yfir óhóflægri umferð snauðra manna. 1663 á alþingi kom hann með dóm, er hann bar undir lögréttuna, 1664—1666 var hann á alþingi, líka 1667—1669, þá kvartaði hann um umferðarfólk. 1671 færði hann á alþingi 2 sína héraðsdóma, dateraða sama ár 23. jan. um barnsfaðernislýsingu og 22. maí í Kópavogi.

Þá Jón Eggertsson klausturhaldari á Möðruvöllum var í málum sínum, og stefndi flestum landshöfðingjum utanstefnu 1682, var Daði sýslumaður einn þeirra. Hann einn gegndi stefnunni og Hannes son Þorleifs Kortssonar, fóru þeir báðir utan á sama skipi. Það týndist við Noreg með öllum eða flestum mönnum 1682<sup>5)</sup>. Margrét Gam ekkja

1) 1734 er réttara. Sjá frekar um Jónas Gam: Guðfræðingatal mitt bls. 201—202. Sennilegt þykir mér, að hið rétta nafn hans hafi verið Jón, en hann kallað sig jafnan latneska nafninu »Jonas«.

2) I, 254—255.

3) Í flestum ættatölum er hennar ekki getið meðal barna Daða, en sumstaðar er hinsvegar Soffía dóttir hans nefnd einu nafni Ursula Soffía.

4) Séra Jón Halldórsson segir (í ættatölum sínum), að hann hafi lært þar »snikkaraverk«. Skólagenginn mun Daði ekki hafa verið.

5) Séra Jón Halldórsson segir í ættatölum sínum (hdr. í minni eign), að Daði sýslumaður hafi týnt á Höfðaskipi á útsiglingu fyrir Langanesi 1682; hafi auk þeirra Hannesar verið á því skipi

Daða sýslumanns sótti um og fékk að halda Kjósarsýslu eptir mann sinn árin 1682—83. Mennt meina, að Sigurður Björnsson hafi þá verið fyrir hennar hönd fyrir sýslumannsverkum.

### Sigurður Björnsson.

- Faðir:* Björn lögréttumaður og lögsagnari í Borgarfjarðarsýslu, á Vatnsenda, son Gísla merkisbónda á Hrafnabjörgum, Björnssonar prófasts (sjá Borgarfjarðarsýslu).
- Móðir:* Ingibjörg dóttir Orms sýslumanns í Eyjum (sjá hér að framan),
- Kona:* Ragnheiður (gipt 1667, al. 1676<sup>1</sup>) dóttir Sigurðar lögmanns í Einarsnesi Jónssonar (sjá Borgarfjarðarsýslu).
- Börn:*
- A. Sigurður eldri sýslumaður í Árneshvíti, átti Kristínu Jónsdóttur (sjá Árneshvíti).
  - B. Sigurður yngri, sýslumaður í Mýrasýslu (sjá þar).
  - C. Guðríður önnur kona Vigfúsar Hannessonar sýslumanns í Árneshvíti (sjá þar),
  - D. Ingibjörg (dó 1730, 40 ára) átti Erlend (sem dó 1723) á Stórolfshvoli, son Jóns eldra sýslumanns í Árneshvíti, Vigfússonar (sjá Árneshvíti).
  - E. Margrét, dó í stórubólu, ógipt, barnlaus 1707.

---

Bastian Nielsson kaupmaður í Rífi, ágætur maður. Viðasthvar annarsstaðar er talið, að skipið hafi farizt við Noreg seint um haustið (sbr. einnig Árb. Esp. VII, 104). Jón Sigurðsson (Lögmannatal í Safni til s. Ísl. II, 136) telur drukknun þeirra Daða og Hannesar til ársins 1683, en 1682 mun réttara. Við skiptjón þetta mun enginn hafa komizt lífs af, og fórst þar allmikið af fornum íslenskum handritum, er Hannes hafði þá utan með sér, því að hann ætlaði að setjast að ytra sem konunglegur fornfræðingur.

1) Þetta er hvorttveggja rangt. Sigurður lögmaður og Ragnheiður giptust 25. nóvember 1677. Svo segir séra J. H. í ættatölum sínum.

Sigurður er fæddur nálægt 1643<sup>1)</sup>, og ólst fyrst upp

1) Bogi hefur ekki þekkt líkprédikun og æfisögu Sigurðar lögmanns eptir séra Gest Árnason á Kjalarnesi, prentaða á Hólum 1726, enda er hún mjög fágæt. Er þar nákvæmar sagt frá um uppvöxt Sigurðar lögmanns, en hér er gert, og þó enn nákvæmar í æfisögubroti eptir Sigurð lögmann sjálfan í handritasafni bókmenntafélagsins í Rvík 54 4<sup>to</sup> (afskript 46 8<sup>vo</sup>), nú í landsbókasafninu. Með því að brot þetta er áður hvergi prentað og í því fróðleg skýrsla um börn Sigurðar lögmanns, fæðingarár þeirra og dag m. fl., sem hvergi er annarsstaðar að finna, þá birtist það hér í heilu lagi.

*Sigurður Björnsson*

fæddur á Vatnsenda í Skorradal, sins föðurs eignarjörðu Anno 1643 þann 1. febr., sem er Brigidarmessa. En skirður á Kyndilmessu af séra Auðunni Jónssyni. Ólst svo þar upp og síðan í Bæ í Borgarfirði til þess 11 vetra. Þá um Pálsmessu Anno 1654 komu hans foreldrar honum til séra Eyjólfssonar á Lundi, að læra skript og söng; var svo þar 2 vetur þar eptir að læra rudimenta artium Liberalium.

Anno 1656 2. ágúst andaðist hans faðir Björn Gíslason í Bæ. Á þessu sama hausti lét hans móðir Ingibjörg Ormsdóttir hann til Skálholts í friskóla, sem biskupinn Mag. Brynjólfur Sveinsson hafði henni áður lofað fyrir samþykki hennar upp á Vatnsenda-kaup hans við hennar mann Björn Gíslason. Var svo í Skálholtsskóla 5 vetur undir ferula skólameistarans Gísla Einarssonar, sem síðar var prestur á Helgafelli. Fékk svo ærlegt dimiss. frá skólanum um vorið 1661 á síns 18. aldursári; var svo það sumar á Ferjubakka hjá sínum bróður og fjárhaldsmanni, séra Hannesi Björnssyni, hvor honum á sama hausti kom í þénustu biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar, hvers smásveinn og handskrifari hann var til þess um sumarið Anno 1664 10. júlí; skildi hann svo við biskupinn Mag. Brynjólf Sveinsson og hans húsrú Margréti Halldórsdóttur, með ærlegri kynningu, vinsemd og skriflegum vitnisburði.

Sama ár um haustið 1664 á sínu 22. aldursári, gaf hann sig í þénustu herra Sigurðar Jónssonar lögmanns í Einarssnesi allt til Anno 1670; þess á milli á einum vetri að forlagi herra Sigurðar Jónssonar lögmanns var hann á Bessastöðum hjá herra Thoma Nikolai fógeta fyrir hann að skrifa.

Anno 1670 varð hann landskrifari æt. 27.

Anno 1677 lögmaður S. og A. æt. 34.

Bjó á hálfu Einarssnesi frá fardögum 1678 og til 1680, flutti sig til Hvítárvalla Anno 1680, keypti þá jörð, ítem Heggstaði og Búrfell Anno 1686 af Maj. Þórði Th.s. fyrir hönd Skálholtsdómkirkju, þær allar reiknaðar þá eptir jarðabók Skálholts fyrir 35

hjá föður sínum, var vel gáfaður, tók því Brynjólfur biskup hann í frískóla. Útskrifaður úr skóla, gerðist hann

hndr., en að fornu í kaupbréfi millum kongl. majls og dómkirkjunnar af hirðstjóranum Páli Stígssyni 1563 fyrir 104 hndr. Sigurður gaf þar við Oddsstaði 40 hndr. Ári seinna 1687 kom kongl. majls confirmatio upp á þau kaup. Anno 1687 flutti hann sig frá Hvítárvöllum til Saurbæjar á Kjalarnesi, keypti þá 50 hndr. í þeirri jörðu af Henrik Magnússyni sama ár fyrir Hvítárvelli, reiknaða fyrir 40 hndr. og hálf t Búrfell 12 hndr., og gekk í borgun fyrir Henrik um vel 100 ríxdalavirði, kirkjuskuld í Saurbæ. Í sama sinn keypti hann 10 hndr. í Saurbæ af Erlingi Eyjólfssyni fyrir 10 hndr. í norð[lenzkum?] hrossum og tilbætir.

Börn Sigurðar Björnssonar og Ragnheiðar Sigurðardóttur:

A. *Guðríður* eldri, fædd á Einarsnesi Anno 1678, 6 vikum fyrir jól 13. nóvember, skirð af séra Jóni Halldórssyni, en guðfedgin Guðmundur Jónsson sýslumann og Kristín Jónsdóttir. Miðvikudaginn næstan eptir Marteinsmessu var hennar fæðingardagur; heitin eptir sinni móðursystur Guðríði Sigurðardóttur, sem barnung deyði. [Hún deyði] í bólusótt 1707.

B. *Sigurður* eldri, fæddur á Einarsnesi Anno 1679, á sunnudagsmorgun þess 21. desember 3: Thomasmessu. En skirður á Þorláksmessu af séra Þorsteini Þórarinssyni; guðfedgin síra Páll Gunnarsson yngri og húsrúin Kristín Jónsdóttir. Hann heitir eptir herra Sigurði Jónssyni lögmanni.

C. *Margrét*, fædd á Hvítárvöllum Anno 1682, 10. febr. um miðdag, sem var föstudagur síðastur í Þorra, skirð af séra Benedikt Péturssyni. Heitin eptir Margrétu Daðadóttur lifandi, sem áður var á Melum. Deyði í bólusótt 1707<sup>1)</sup>.

D. *Kristín* eldri, fædd á Hvítárvöllum Anno 1683, 27. september, skirð af séra Benedikt Péturssyni; hún andaðist þar þann 8. júlí Anno 168(4); hennar bein hvíla á kórbaki í Borgarkirkju við fótalag síns afa og ömmu herra Sigurðar Jónssonar og Kristínar Jónsdóttur, eptir hvorri hún var heitin.

E. *Kristín* yngri, fædd á Hvítárvöllum Anno 1684, 29. nóvember, skirð af séra Benedikt Péturssyni; hún andaðist þar 31. janúar 1685. Hún var og heitin eptir sinni móðurmóður, og var grafin á kórbaki í Borgarkirkju hjá sinni systur.

F. *Guðríður*, fædd á Hvítárvöllum Anno 1686, 18. maí, skirð af séra Benedikt Péturssyni; hún andaðist þar þann 26. september Anno 1686. Hún er jörðuð á kórbaki í Borgarkirkju hjá systur sínum. Hún var heitin eptir Guðríði Hannesdóttur síns föðurbróðurs, sem ung andaðist, og var sú heitin eptir Guðríði

1) Hún átti áður eitt barn með »sléttum manni« (p. e. almúgamanni) segir séra J. H. í ættatölum sínum.

smásveinn biskups um þrjú ár, veik þar eptir úr hans þjónustu 1664, að óvilja biskups, þó af hans bráðsinni og vandlæti, gaf biskup honum þó 30 rdl. að skilnaði og mælti fram með honum að fá landþingsskrifaraembætti, hvað honum var veitt eptir Pál Gíslason á Hvanneyri 1670.

1669 að þinglokum auglýsti landþingsskrifarinn Páll Gíslason sín forföll við embættið, og bað að Sigurður Björnsson mætti sig aðstoða etc. Jóhann Klein veitti honum landþingsskrifarembættið á þingi 1670 og tók lögmaður Sigurður Jónsson landþingsskrifaraeið af Sigurði Björnssyni. Því embætti sleppti hann við Árna Geirsson 1677 (Árni sleppti því aptur við Sören Matthíasson 1691, var þó við til 1695, að hann deyði, þá Sören tók algerlega við embættinu, en sleppti því við Sigurð Sigurðsson 1700),

1677 deyði Sigurður lögmaður Jónsson í Einarsnesi, þann 4. marz, en um sumarið á alþingi var Sigurður landþingsskrifari Björnsson tekinn til lögmanns og sór sinn lögmanns-

sál. Árnadóttur, kvinnu séra Jóns sál. Grímssonar í Görðum.

G. *Sesselja*, fædd á Hvitárvöllum Anno 1687, 21. júlí, eptir miðdag á fimmtudag næstan fyrir Jakobsmessu, skirð af séra Benedikt Péturssyni. Heitin eptir Sesselju sál. Björnsdóttur, sem forðum var á Hlíðarenda. Sesselja á Hlíðarenda var heitin eptir Sesselju Pétursdóttur, systur Ragnheiðar á Svalbarði, frá hverri flest öll Ragnheiðarnöfn í þessari ætt.

H. *Þórunn*, fædd í Saurbæ á Kjalarnesi Anno 1688, 21. desember, sem var Thóasmessu-föstudag, skirð af séra Páli Sveinssyni; heitin eptir Þórunni Jónsdóttur, sinni móðurmóðursystur. Guðfeðgin herra amtmann, herra Kristian Möller, item herra Kristófer Heidemann. [Margrét] Pétursdóttir. Deyði í Saurbæ, ... liggur grafin ... norðan ...

I. *Ingibjörg*, fædd í Saurbæ á Kjalarnesi Anno 1690, 25. maí á mánudag næstan fyrir uppstigningardag, skirð af séra Páli Sveinssyni. Guðfeðgin herra Guðmundur Jónsson sýslumann og Margrét Pétursdóttir. Hún heitir eptir sinni föðurmóður Ingibjörgu Ormsdóttur.

K. *Sigurður* yngri, fæddur í Saurbæ Anno 1692, 7. september um dagsetur miðvikudag næstan fyrir Mariumessu síðari, skirður þann 9. ejusd. af séra Páli Sveinssyni. Guðfeðgin sýslumadurinn Guðmundur Jónsson og Margrét Pétursdóttir. Hann heitir eptir prófastinum sál. séra Sigurði Sigurðssyni, sem var á Stadastræti.

eið fyrir Ólafi Klow, vildu menn engan annan hafa í kjörum, því hann þótti öllum bezt til fallinn, nema nokkrum þótti hann ekki nógu auðugur. Þá sleppti hann landþings-skrifaraembættinu, og tók við því Árni son Geirs prests Markússonar í Laufási, sem fyr er sagt.

Eftir dauða Daða sýslumanns í Kjós, hélt Margrét kona hans sýslunni 1682—83 og til 1684, þá Sigurður lögmaður tók sýsluna eftir kóngsveiting, sem hann lét á alþingi upplesa 1684, en Heidemann hafði 1683 sett Sigurð fyrir sýsluna<sup>1)</sup>.

Meðan Sigurður var landþingsskrifari bjó hann á Hvitárvöllum, og hafði Heynesumboð. Sigurður fékk keypta Hvitárvelli af kongi 1686, fyrir Oddsstaði í Syðri Reykjadal með Kleppnum 40 hundr. Studdi biskup Þórður þar að. Heggstaðir og Búrfell fylgdu þá og Hvitárvöllum í kaupinu.

1684 tók Sigurður lögmaður Henrik Magnússon í Saurbæ á Kjalarnesi fyrir sinn lögsagnara í Kjósarsýslu (sjá hér síðar). 1687 skipti Sigurður lögmaður Hvitárvöllum fyrir Saurbæ á Kjalarnesi, við lögsagnara sinn Henrik Magnússon og flutti að Saurbæ, en Henrik að Hvitárvöllum, því það var til hægðar fyrir Sigurð lögmann, þá hann hélt Kjósarsýslu.

Mjög marga dóma lét Sigurður lögmaður ganga á alþingi, hverjum eg geng fram hjá, en get þess sem í sýslu hans við bar. Lárus Gottrup fógetafullmektugur sendi 1681 til Ásbjarnar bónda Jökkumssonar, og bað um frian flutning fyrir fógeta. Ásbirni þótti það ekki skylt, og varð ekki af. Fyrir það var hann klagður fyrir Sigurði lögmanni Björnssyni, og dæmdist honum tvær hýðingar, sem hann mætti bera; fóru þær fram, svo hann leið í ómegin.

Jón Eyjólfsson sýslumaður í Gullbringusýslu hafði mjög leitað eftir að fá Kjósarsýslu undan Sigurði lögmanni og fengið kongsbréf fyrir sýslunni þá Sigurður sleppti (sjá Gullbringusýslu), þó hygg eg Sigurður hafi ei algerlega sleppt Kjósarsýslu fyr en 1700. Eftir Henrik Magnússon gerðist Guðmundar á Álptanesi lögsagnari Sigurðar lögmanns

1) Veitingarbréf Sigurðar fyrir sýslunni er ds. 18. nóv. 1683.



1691 í Kjósarsýslu, og þar telst hann enn lögsagnari 1700, eg meina, meðan Sigurður lögmaður hélt sýsluna.

Þá róstusamt tókst að gerast af stórmenna málaferlum, frásagði Sigurður sér lögmannsdæmið 1705. Lifði þar eptir embættislaus; gat þó ekki umflúið ákærun annara, því 1708 ákærði Oddur vicelögmaður Sigurðsson hann fyrir ýmsar sakir:

1<sup>o</sup> Fyrir aðgerðir hans í máli Jóns Hreggviðssonar, er menn héldu að myrt hefði böðulinn, því Jón hafði fengið leyfi, að hans mál skyldi rannsakað, og hann vera frímaður, meðan ekkert uppá hann vitnaðist; bar hann þetta upp fyrir commissariis Árna og Páli Vídalín og lét mjög aumlega.

2<sup>o</sup> Fyrir brennumál Ara Pálssonar, er Sigurður lögmaður hafði dæmt, þá fyrir löngu. Dæmdu þeir Árni og Páll Vídalín allt fé Sigurðar lögmanns undir kong, en Kjósarsýslu valdsmanni var boðið að láta skrifa það upp, og Oddi 15 rd. í málskostnað, sem sækjanda.

3<sup>o</sup> Fyrir húðlátsdóm yfir Magnúsi Benediktssyni, dæmdu þeir Sigurð lögmann sekan til kongs 30 rd. og 15 rd. til Odds.

4<sup>o</sup> Fyrir Geirnýjarmál; í því máli voru báðir Sigurður lögmaður og Lárus lögmaður, dæmdir sekir til kongs 60 rd. hvor þeirra.

Sigurður lögmaður skant máli sínu til konungs, sem leyfði honum að stefna dómi þeirra Árna og Páls Vídalíns fyrir yfirréttinn, og bannaði að honum gerðist óvirðing af, til þess málinu væri lokið. Þetta kom út 1709, og á sama árs alþingi tók Sigurður lögmaður vitnisburði sína, og gáfu 55 menn í heldri röð honum ágæta vitnisburði; þó mælti Páll Vídalín þar á móti í skrifudum seðli.

1710 hafði Sigurður lögmaður stefnt dómi commissariorum fyrir yfirrétt (eptir kongsleyfi af 4. maí 1709), en þá til alþingis kom skipaði Oddur Sigurðsson Sigurði lögmanni að setjast í lögrétta að dómum, þar Páll Vídalín var ekki kominn, og fyrir borið, að hann tefðist við commissionina. Kom þá Páll og stefndi Sigurði lögmanni fyrir 24 manna dóm og undir amtman annað ár. En á þessu þingi 1710 var Sigurði lögmanni dæmdur eður, að

ekki hefði samtök gert við Jón Hreggviðsson. Jón Eyjólfsson og Páll Beyer voru yfirskipaðir dómara og 24 aðrir dómsmenn. Fyrir þeim vann Sigurður lögmaður eiðinn.

1711 var Sigurði lögmanni stefnt utan og öðrum þeim, er að dómum höfðu verið. Sigurður eldri son hans var þá landsskrifari og ákærði dóm þeirra Árna og Páls yfir föður sinum; fór því utan 1712, þá hann á sama árs lögþingi hafði og hans vegna gegnt málum fyrir 24 manna réttinum.

1713 kom Sigurður landþingssskrifari út, reið til alþingis, og var þar þá að þinglokum upplesinn hæstaréttardómur um Sigurð lögmann; skyldi hann halda allri virðingu sinni og fé, ónýtur skyldi dómur commissariorum Árna og Páls og þeir gjalda honum 300 rd. Hafði Árni lokið þá skuld að sínum hluta í Kaupmannahöfn um veturnum. Þó þessu slotaði þannig, stefndi Páll Vídalín enn nú utanstefnu Sigurði lögmanni Björnssyni, Sigurði landþingssskrifara og fleirum 1714, fyrir tilfundnar sakir að mestu, og varð þar lítið úr, hvað Sigurð lögmann áhrærði. Þar eptir bjó hann í náðum í Saurbæ á Kjalarnesi til þess hann deyði þriðja dag septembermánaðar 1723. Þótti hann hafa verið mikill maður í mörgu, en framan af gert ofmikið að vild Bessastaðavaldsins. Sigurður lögmaður var í herra lagi meðalmaður á vöxt, réttvaxinn og liðlegur, léttur í viðmóti við menn og vinsæll. Hann varð yfir 80 ára gamall.

Sigurður lögmaður ritaði markvert skrif um meðul til Íslands viðréttingar; var því fyrst litill gaumur gefinn til þess konferenzráð Eriksen sálugi komst yfir það og hélt því á lopti. Sigurður var sjálfur mikill búmaður og í þeirri fræði á þeim dögum með þeim beztu hér á landi.

### Henrik Magnússon.

*Faðir:* Magnús sonur Ísleifs í Saurbæ á Kjalarnesi Eyjólfssonar sýslumanns í Rangárþingi (sjá þar) Halldórssonar. Eyjólfur átti Solveigu dóttur Árna sýslumanns á Hlíðarenda.

*Móðir:* Helga dóttir Odds Andréssonar Guðmundssonar frá Örlygsstöðum.

*Kona:* Eygerður (al. Eydís)<sup>1)</sup>. (Hún giptist eptir dauða Henriks Þórði bónda syni séra Þorsteins í Borgar- og Miðdalapíngula Þórarinssonar Illhugasonar á Hvítárvöllum, bl.)<sup>2)</sup>.

*Börn* Henriks og Eygerðar voru:

A. Sigurður.

B. Ólafur. Þeir erfðu Hvítárvelli eptir föður sinn. Byggnu þá Sigurði sýslumanni Jónssyni og réðust til hans fyrir vinnumenn, en drukknuðu báðir barnlausir og ógiptir<sup>3)</sup>. Kaupbréf Sigurðar sýslumanns fyrir Hvítárvöllum af þeim bræðrum útgefið, kom fram, og er mælt, að Guðríði systur þeirra, sem átti arf að taka eptir bræður sína, hafi þar mjög umfallizt, og hún hafi með óbænum farið í kringum Hvítárvallabæ, sem brann með miklum auðæfum og 7 mönnum 1751. Eignuðu hjátrúarfullir menn það óbænum Guðríðar.

C. Guðríður átti Jón yngra Jónsson Egilssonar og Ástríðar Þorkelsdóttur Erlendssonar.

D. Ólafur launsonur Henriks bjó í Hvítárvallakoti.

Henrik lærði í Hólaskóla nokkra vetur, giptist síðan og bjó á eignarjörð sinni Saurbæ á Kjalarnesi, gerðist þar eptir lögréttumaður. 1683—1686 var hann lögsagnari Sig-

1) Líkl. réttara: Eydís. Svo nefnir séra J. H. hana í ættatölum sínum o. fl., en í ættatölum séra Þórðar Þórðarsonar í Hvammi (handr. í minni eign) er hún nefnd Eygerður. Séð hef eg hana kallaða Aradóttur. Hún var vinnukona Hinriks og hann gamall, er hann kvæntist henni. Gerðist brúðkaup þeirra nokkuð með skyndingu og vissi hún ekki fyr til, en Hinrik kom og skipaði henni að búa sig með þessum orðum: »Farðu að spjara þig Eydís».

2) Þórður fannst bráðkvaddur á ferð skammt frá Reykholti 1709 (J. H. ættatölur).

3) Í ættatölum Ó. Snókdalins eru þeir bræður Hinrikssynir, er seldu Hvítárvelli, nefndir Magnús og Ólafur yngri, en þetta sem hér segir mun réttara.

urðar lögmanns. 1687 hafði hann eignar- og bújarðaskipti á Saurbæ og Hvítárvöllum og flutti því upp í Borgarfjörð.

### Sæmundur Magnússon,

son Magnúsar Sæmundssonar á Hóli í Bolungarvík og Sigríðar Þorleifsdóttur frá Búðardal; var tvígiptur og átti mörg börn (sjá Ísafjarðarsýslu)<sup>1)</sup>.

Hann var lögsagnari í Ísafjarðarsýslu 1683 og þar eptir, en 1686 var hann og lögsagnari í Kjósarsýslu fyrir Sigurð lögmann Björnsson í forföllum Henriks lögsagnara, en óvíst er, hvort það var utan það eina sinn, því Sæmundur hafði lögsögu í Ísafjarðarsýslu um það leyti.

### Guðmundur Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður lögmaður í Einarsnesi Jónsson (sjá Borgarfjarðarsýslu).

*Móðir:* Kristín dóttir séra Jóns í Hítardal Guðmundssonar.

*Kona:* Guðrún yngri dóttir Eggerts ríka Björnssonar á Skarði á Skarðsströnd. Hún var borin 1656, giptist 1689 (al. 1688)<sup>2)</sup>, deyði 1746, nírað.

*Börn:* A. Eggert, er lengi bjó á Álptanesi á Mýrum, dó 1767, átti Ragnheiði dóttur Jóns sýslumanns yngra í Einarsnesi; hún dó 1750, 64 ára, þ. b.:

a. Kristín, átti fyrst launbarn með Jóni Árnasyni smið í Reykholti; það barn dó ungt. Jón giptist þar eptir Guðrúnu Nikulásdóttur. Kristín fékk konglega uppreisn og giptist þar eptir séra Jóni í Hvammi í Norðurárdal, syni Sigurðar sýslumanns á Hvítárvöllum Jónssonar. (Séra Jón dó 1780, en Kristín 1785); þ. b.:

aa. Sigurður.

bb. Ragnheiður (sjá Borgarfjarðarsýslu)<sup>3)</sup>.

1) II, 224—225.

2) Réttast 1690.

3) III, 494, sbr. 483.

- b. Jón sýslumaður á Hvítárvöllum (sjá Borgarfjarðarsýslu)<sup>1)</sup>.
- c. Þóra átti Davíð sýslumann Scheving (sjá Barðastrandarsýslu)<sup>2)</sup>.
- B. Sigríður Guðmundsdóttir, átti fyrst barn með Nikulási launsyni Bárðar Torfasonar; það hét:
- a. Jón, átti Sigríði Eiriksdóttur, þ. s.:
- aa. Finnur á Langárfossi, tvígíptur, átti börn<sup>3)</sup>.
- Svo giptist Sigríður 1729 Erlendi klausturhaldara Gunnarssyni; hann dó 1730, þ. b.:
- b. Margrét.
- Aptur giptist Sigríður 1731 Vigfúsi lögrettumanni í Hjörsey, syni Sigurðar lögrettumanns Einarssonar sýslumanns Þorsteinsonar sýslumanns Magnússonar, börn:
- c. Guðmundur oconomus, átti Guðrúnu Þorbjarnardóttur (sjá Gullbringusýslu).
- d. Séra Erlendur á Þæfusteini<sup>4)</sup>, átti fyr Kristínu Eyjólfsdóttur<sup>5)</sup>, börn:
- aa. Þórður<sup>6)</sup>.

---

1) III, 506—509.

2) II, 138—139.

3) Son Finns á Langárfossi af fyrra hjónabandi með Guðrúnu Sigurðardóttur var:

a. Finnur, bjó víða, á Litlafjalli í Borgarhrepp, Fellsöxl í Skilmannahrepp og síðast lengi í Kaldárhöfða í Grimsnesi, átti fjölda barna.

4) Séra Erlendur dó á Gufuskálum 14. júlí 1812 um áttætt.

5) Kristín var dóttir Eyjólfss Guðmundssonar hins spaka, lögrettumanns í Eyvindarmúla.

6) Þórður eldri í Keflavík undir Jökli, drukknaði á Gufuskálum 1814, átti Ragnheiði Jónsdóttur frá Staðarfelli Sigurðssonar, þ. b.:

aa. Halla.

bb. Kristín átti fyr Jón Jónsson á Kollafjarðarnesi, svo Guðna bróður hans á Hamri í Kollafirði, dóu bæði 1833.

cc. Halla Kristín átti Þórarinn Bjarnason á Gufuskálum, þ. d. Anna.

bb. Sigríður<sup>1</sup>).

cc. Margrét<sup>2</sup>).

dd. Eyjólfur<sup>3</sup>).

ee. Jón<sup>4</sup>).

ff. Þórður yngri<sup>5</sup>); (allt bændafólk).

Seinni kona séra Erlends var Halla Sigurðardóttir<sup>6</sup>), börn:

gg. Elena Kristín, átti fyrir Jón prentara<sup>7</sup>), síðar

dd. Dagbjört átti Jón Jónsson á Hjallasandi.

ee. Jón.

1) Sigríður átti Hreggvið í Eiríksbúð á Stapa og Kambi í Breiðuvík Jónsson Ásgeirssonar og Helgu Hreggviðsdóttur Jónssonar, p. b. mörg, þar á meðal:

a. Katrín Kristín átti Brand á Stapa Sigurðsson í Máfahlíð Brandssonar, þeirra son:

aa. Sigurður hreppstjóri í Tröð í Kolbeinsstaðahreppi (sbr. III, 261).

2) Margrét átti Jón Árnason á Gufuskálum og börn.

3) Eyjólfur á Anastöðum, átti fyrir Sigríði Þórðardóttur frá Laxárholti Helgasonar og börn, en síðar Ingibjörgu Steindórsdóttur prests í Hvammi í Norðurárdal Jónssonar og börn.

4) Jón var laungetinn son séra Erlends með Margrétu Sigurðardóttur frá Einholtum Þorvarðssonar, bjó á Hindarstapa, tvíkvæntur, sbr. III, 354.

5) Þórður yngri bjó í Einholtum, átti Margrétu Eyjólfsdóttur frá Kársstöðum Einarssonar, p. d.:

a. Kristín Margrét átti Sigurð Ólafsson í Skíðsholtum, p. b.:

aa. Sigurður kennari við lærða skólann, drukknaði á Viðeyjarsundi 26. júlí 1884, 35 ára gamall, ókv. Son hans með danskri stúlku er:

aaa. Sigurður sýsluskrifari í Arnarholti, kvæntur Önnu Pálsdóttur prests í Gaulverjabæ Sigurðssonar.

6) Hún var dóttir Sigurðar prests Sigurðssonar í Holti í Öndarfirði og systir Ástu konu Sigurðar sýslumanns skugga.

7) Meðal barna Elínar Kristínar og f. m. hennar Jóns prentara á Gufuskálum Jónssonar frá Múla í Saurbæ:

a. Margrét átti Ingimund Eiríksson frá Rauðará Hjörtssonar. Son þeirra Trausti fór austur í Múlasýslu.

b. Halla Rannveig átti Guðlaug á Syðri-Rauðamel Sigurðsson aðstoðarprests Þorbjörnssonar, p. b. II, 714 n.m.

c. Sigríður átti Erlend á Sandi Jónsson á Gufuskálum Árnasonar og Margrétar Erlendsdóttur (pau systrabörn), p. b.:

Sigurð sýslumann og börn<sup>1)</sup>.

e. Guðrún Vigfúsdóttir átti séra Sigurð Jónson, bl.

C. Kristín Guðmundsdóttir, dó 1717, átti séra Jón í Stafholti 1709 son Jóns sýslumanns yngra Sigurðssonar lögmanns í Einarsnesi, börn:

a. Torfi.

b. Ragnheiður, dóu á barnsaldri.

c. Margrét<sup>2)</sup> átti séra Gísla í Odda Snorra-son, börn:

aa. Guðmundur Kali, dó 1835, átti Önnu Ólafsdóttur frá Lundum, barn:

aaa. Guðrún á Leirá, átti barn, giptist almúgamanni.

Laundóttir Guðmundar Kala með Ólöfu:

bbb. Óleif, giptist í örbrigð<sup>3)</sup>.

D. Margrét átti Magnús á Brennistöðum (sjá Borgarfjarðarsýslu<sup>4)</sup>).

E. Þórunn Guðmundsdóttir, fædd á Álptanesi á Mýrum þann 18. júlí 1693; ólst upp í foreldrahúsum til 1717, þá hún réðst í Stafholt til séra Jóns, að sjá um systurbörn þá 4 lifandi. Hún giptist 1732, þá hún var 39 ára, deyði 1766 á 73. aldursári. Hún

---

aa. Elías trésmiður á Álptanestanga, átti Þórdísi Bjarnadóttur frá Lambastöðum á Mýrum Þorvaldssonar, p. b.: Bjarni skipstjóri í Rvík átti Sesselju Snorradóttur Stefánssonar í Skutulsey Hallbjörnssonar.

bb. Kristján járnsmiður á Skarðsströnd, átti Helgu Magnúsdóttur Hjaltasonar prests Þorbergssonar, þau skildu. Launbarn hans hét Arngrímur.

1) Sjá III, 231—232.

2) Sjá um börn séra Jóns í Stafholti og Kristinar III, 474.

3) Sjá um börn Guðmundar Gíslasonar II, 692 n.m., sbr. III, 474.

4) Sjá um afkomendur Magnúsar á Brennistöðum og Margrétar III, 476—478.

giptist Magnúsi 1732, sem fæddur var á ný-ársdag 1704; uppólst hjá föður sínum þar til hann var 7 vetra, (þá faðir hans deyði); fór hann þá til Þórðar prófasts á Staðastað 7 vetra að læra latínu, og uppólst þar í 3 ár; 10 vetra fór hann til biskups Jóns Vidálins, sem lét hann halda áfram hans lærdómi; útskrifaðist 1721, þá 17 ára. Þar eptir var hann 2 vetur hjá Jóni prófasti Halldórssyni í Hitardal við lærdómsmenntir, svo einn vetur á Stóra-Núpi hjá föðursystur sinni. 1724 fór hann til Kaupmannahafnarháskóla, var þar 5 ár og kom út með mjög góðum vitnisburði frá prófessor Gram, (þá var ei venja að taka examen), 1729, þá 25 ára; hafði hann árinu áður, 1728, fengið kongsveiting fyrir landþingsskrifaraembætti; hélt hann fyrst til á Stóra-Núpi, hverja jörð með öllu búinu frá Sigríður föðursystir hans gaf honum; 1732 gerðist hann lögmaður sunnan og austan og giptist sama ár. Settur amtmaður 1752, virkilegur amtmaður 1757, deyði 1766, 62 ára. Börn:

- a. Sigríður, fædd 1733, deyði 6 daga gömul.
- b. Sigríður önnur, fædd 1734 þann 13. nóvember, gipt 1761 þann 16. september, deyði 1807 þann 29. nóvember. Hennar maður var Ólafur Stefánsson, fæddur 3. maí 1731; fór í Hólaskóla 16 vetra 1747, útskrifaðist þaðan 1753 og fór utan sama ár. Dvaldi við Kaupmannahafnarháskóla 3 ár og tók lærdómspróf í lögvisi með beztu heppni 1756; gerður af kongi Friðriki 5. þann 17. apríl s. á. vicelögmaður N. og V.; kom svo út og gerðist um hríð bókhaldari í Reykjavík; giptist 1761 16. sept.; var settur amtmaður 1764 til aðstoðar tengdaföður sínum, virkilegur amtmaður 1767 til 1783, aptur yfir vestur-



amtinu 1787 til 1790, þá hann varð stípt-  
amtmaður til 1803. Árið 1806 gaf kong-  
ur hann í náð lausan frá embætti með  
 $\frac{2}{3}$  launa. Hann var og gerður geheime-  
etazráð. Börn þeirra:

- aa. Magnús konferenzráð og dr. juris<sup>1)</sup>.
- bb. Þórunn frú sú fyrri Hannesar bisk-  
ups, bl.<sup>2)</sup>.
- cc. Stefán amtmaður vesturamtsins<sup>3)</sup>.

1) Sjá um börn Magnúsar konferenzráðs og Guðrúnar Vig-  
fúsdóttur Scheving I, 417—418.

2) Þau áttu 2 sonu, er báðir hétu Ólafar og dóu kornungir,  
hinn fyrri 11. des. 1784, en hinn síðari 14. febr. 1786. Þórunn  
dó 7. febr. 1786, 22 ára gömul.

3) Stefán amtmaður Stephensen á Hvitárvöllum († 20. des.  
1820) var tvíkvæntur. Börn hans með f. k. Mörtu Maríu († 14.  
júni 1805) Diðriksdóttur kaupmanns Hölters voru:

- a. Ólafur bæjarfógeti í Varde á Jótlandi († 5. jan. 1854), var tví-  
kvæntur og voru báðar konur hans danskar. Einn son hans  
af síðara hjónabandi var Hilmar Stephensen forstöðumaður  
ísl. stjórnardeildarinnar, dó í maí 1889.
- b. Sigríður († 2. nóv. 1827) 1. kona Ólafs Stephensens jústisráðs  
í Viðey. Dætur þeirra: Guðrún kona séra Ólafs Pálssonar  
dómkirkjuprests og síðar á Melstað (börn þeirra talin í Guð-  
fræðingatali mínu bls. 226—228) og Sigríður, er fyr átti séra Þor-  
stein Jónsson á Vogsósum og síðar Guðmund Stefánsson silf-  
ursmið á Varmalæk.
- c. Ragnheiður († 28. maí 1866) átti Helga biskup Thordersen.  
Sjá um börn þeirra Guðfræðingatal mitt bls. 153—154 og  
þetta rit III, 357.
- d. Magnús sýslumaður í Vatnsdal (sjá Rangárvallasýslu).
- e. Pétur prestur á Ólafsvöllum († 13. ágúst 1867) átti Gyðriði  
Þorvaldsdóttur prófasts Bøðvarssonar, þ. b.:
  - aa. Stefán prófastur í Vatnsfirði, átti Guðrúnu Pálsdóttur  
amtmanns Melsted, þeirra börn: Páll prestur í Holti í  
Önundarfirði, Ólafur læknir í Ameríku, Anna f. k. Einars  
Péturssonar Guðjohnsen læknis á Vopnafirði, Ragnheið-  
ur s. k. Einars, og Ástríður, er átti séra Ólaf Petersen á  
Svalbarði.
  - bb. Magnús læknir í Vestmanneyjum, dó ókv., bl.
  - cc. Þorvaldur aðstoðarprestur á Torfastöðum, átti Guðrúnu  
Magnúsdóttur sýslumanns Stephensens í Vatnsdal, bræðra-  
börn, bl.

dd. Björn sekreteri við landsyfirréttinn<sup>1)</sup>.

- f. Hannes prófastur á Ytra-Hólmi († 29. sept. 1856) átti Þórunni Magnúsdóttur Stephensens konferenzráðs, p. b.:
- aa. Guðrún 1. kona Jörgens Péturs Havsteen amtmanns. Einkadóttir þeirra Þórunn kona Jónasar P. Jónassens fyrrum landlæknis í Rvík.
  - bb. Ragnheiður dó ung.
  - cc. Magnús stúdent, dó við háskólann 18. febr. 1856.
- g. Elin († 4. júní 1887) átti Jón Þorsteinsson landlækni, p. b.:
- aa. Ragnheiður átti Kristján Kristjánsson amtmann, bl.
  - bb. Margrét Guðrún átti Jón Hjaltalin skólastjóra á Akureyri, bl.
  - cc. Jónas sýslumaður í Suður-Múlasýslu (sjá þar).
  - dd. Hans Theodor stúdent, dó ungar.
  - ee. Stefán Þorvarður stúdent, drukknaði ungar.
- h. Stefán prestur á Reynivöllum († 12. okt. 1851) átti Guðrúnu Þorvaldsdóttur prófests Bøðvarssonar, p. b.:
- aa. Kristín átti Finn á Meðalfelli Einarsson prests á Reynivöllum Pálssonar, p. b.: Eggert bóndi á Meðalfelli, Ólafur prestur í Kálfholti, Einar vegfræðingur í Rvík, Högni trésmiður o. fl. sbr. III, 167.
  - bb. Þorvaldur verzlunarstjóri í Rvík, fór til Vesturheims, átti Ragnheiði Einarasdóttur prests Pálssonar (sbr. III, 167).
  - cc. Stefán fyr prestur á Mosfelli í Grímsnesi, kvæntur Sigríði Gísladóttur prests í Kálfholti Ísleifssonar háyfirdómara, eiga mörg börn.
  - dd. Marta Maria átti Jón Stefánsson prófests í Stafholti Þorvaldssonar, p. b.: Stefán prestur á Stadarhrauni, Ólafur lögregluþjónn í Reykjavík, Elizabet, Árni, Sigríður og Guðrún f. k. séra Arnórs Þorlákssonar á Hesti.
  - ee. Magnús sigldi, varð sjómaður í Hamborg.
  - ff. Högni sigldi, varð stýrimaður í Hamborg.
  - gg. Sigríður átti séra Guðjón Hálfðanarson í Saurbæ í Eyjafirði. Son þeirra er Hálfðan prófastur á Breiðabólstað í Vesturhópi.
  - hh. Hans bjó á Hurðarbaki í Kjós, átti Guðrúnu Ögmundsdóttur frá Hlemmiskeiði Hanssonar á Dysjum Ormssonar, þeirra synir: Stefán og Ögmundur í Reykjavík.
  - ii. Hannes prestur á Þykkvabæjarklaustri átti Guðrúnu Jónsdóttur.
  - kk. Jónas verzlunarmaður á Seyðisfirði, átti Margréti Stefánsdóttur aðstoðarprestis í Viðvík Björnssonar prests í Kirkjubæ Vigfússonar, p. d.: Anna og Guðrún.

1) Börn Björns sekretera og f. k. hans Margrétar Jónsdóttur sýslumanns Jakobssonar eru talin I, 281. S. k. Björns Stephen-

ee. Ragnheiður frú canselliráðs Schevings<sup>1</sup>), bl.

ff. Margrét deyði á fyrsta ári.

Guðmundur mannaðist vel og tók sér fyrst bústað í Sólheimatungu. Hann leitaði sér kvonfangs á Skarði á Skarðsströnd og reið 1689 þangað í kvonbæni. Valgerður dóttir Gísla lögmanns Hákonarsonar, ekkja Eggerts Björnssonar sýslumanns, var þar fyrir svörum, þá Guðmundur bar upp bónorðið um Guðrúnu yngri dóttur hennar. Synjaði Valgerður honum ráðsins í fyrstu; kvað hann of fátækan að ná því giptumáli. En þá Guðmundur bjóst til brottferðar á Skarðshlaði, er mælt að Guðrún Eggertsdóttir hafi virt fyrir sér manninn út um dyraloptsgluggann, lítist vel á hann. Þá Guðmundur hafði kvatt Valgerði og hún gekk í bæinn, er mælt, að Guðrún hafi

---

i. Marta († 27. okt. 1833) miðkona Ólafs Stephensens, jústiráðs í Viðey, p. b.:

aa. Sigríður átti fyr Jørgen Pétur Havsteen amtmann og var miðkona hans, en síðar séra Stefán Helgason Thordersen í Vestmanneyjum og börn, sjá III, 357.

bb. Magnús í Viðey, nú (1908) í Reykjavík, kvæntur Áslaugu Eiríksdóttur sýslumanns Sverrissnar, p. b.:

aaa. Ólafur fyr prestur á Mosfelli í Mosfellssveit (Lágafelli), bjó síðar í Skildinganesi, nú í Grundarfirði, kvæntur Steinunni Eiríksdóttur frá Karlsskála við Reyðarfjörð Björnssonar, eiga mörg börn.

bbb. Kristín gípt Guðmundi í Reykjavík Bøðvarssyni Bøðvarssonar prests á Melstað Þorvaldssonar, eiga börn.

ccc. Elin ógipt.

ddd. Marta ógipt.

eee. Sigríður s. k. Jóns Þórarinssonar fyr skólastjóra í Flensborg, nú í Rvík.

S. k. Stefáns amtmanns Stephensens var Guðrún Oddsdóttir prests á Reynivöllum Þorvarðssonar, börn þeirra dóu ung. Hún átti síðar Þórð Sveinbjörnsson háyfirdómara og var f. k. hans.

---

sens var Sigríður dóttir Odds Stefánssonar »notariusar« og var einkason þeirra Oddgeir Stephensen stjórnardeildarforstöðumaður í Kaupmannahöfn († 5. marz 1885), átti danska konu. Synir þeirra eru: Björn verksmíðjueigandi og Oddgeir sjónleikastjóri.

1) Sjá um hann I, 420 og III, 522.

gengið móti henni og mælt: »Mikil er fátæktin, móðir mín!« Þá hafi Valgerður svarað: »Lízt þér vel á manninn?« eða: »Viltu eiga hann?« Hún kvað já við. Sendi þá Valgerður eptir Guðmundi og gengu kaupin auðveldlega saman, svo hann og Guðrún yngri giptust á Skarði 1689. Voru henni þá talin meir en 3 hndr. hndr., i föstu og lausu en hann taldi sér vart eitt hndr. hndr. Guðmundur bjó um hrið með konu sinni í Sólheimatungu, en keypti Álptanes á Mýrum 1693, flutti þangað og bjó þar meðan hann lifði. Guðmundur var orðinn lögréttumaður 1690, en Sigurður lögmaður Björnsson tók hann fyrir sinn lögsagnara 1691 í Kjósarsýslu (Árb. VIII, 32), og enn telst hann þar lögsagnari 1700 (Árb. VIII, 67), sem gefur þann grun, að Sigurður lögmaður hafi ekki sleppt Kjósarsýslu fyr en 1701 og Guðmundur hafi verið hans lögsagnari frá 1690 til 1701. Þar eptir lifði Guðmundur sem valdalaus bóndi og auðmaður til þess hann deyði 1716<sup>1</sup>).

Guðmundur var beztu búhöldur og hafði auð fjár, en ei þótti hann lærdur vel eða sérlegur vitringur. En valmenni var hann sagður í mörgu og ætið vel metinn. (Enga hans dóma hef eg séð).

Guðrún Eggertsdóttir yngri lifði eptir mann sinn á eignum sínum og er ritfært, að hún hafi dáíð nírað 1746, allt svo fædd 1656, gipt 1689<sup>2</sup>), þá 33 ára, varð ekkja 1716, þá sextug. Ekkert markvert hef eg um hana fundið ritað, utan hún, sem aðrar Eggertsdætur, erfði í föstu nærfelt 2½ hndr. hndr. í jörðum, og í lausafé nálægt einu hndr. hndr., og að þrætur voru um arf eptir Helgu systur hennar, sem deyði ógipt, barnlaus.

### Jón Eyjólfsson.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Hann var umsjónarmaður Margrétar Gam í Kjósarsýslu 1683—84. Tók að vísu þessa sýslu 1700. Kongsstaðfestingarbréf fyrir sýslunni og 4 umboðsjörðum dat. 3. nóv. 1701, og sleppti henni við tengdason sinn Niels Kjer 1710.

1) Hann var þá 64 ára gamall, segir séra J. H. í ættatölum sínum, og hefur því verið fæddur um 1652.

2) Eflaust réttara 1690 (sjá áður).

### Niels Kjer.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). 1703 þann 3. október<sup>1)</sup> fékk Niels bestilling fyrir Kjósarsýslu og að mega búa í Gullbringusýslu með bréfi 16. maí 1704. Hann tók Kjósarsýslu 1710 og hélt henni til dauða síns 1730, brúkaði sama lögsagnara í henni og í Gullbringusýslu (sjá þar).

### Jón Oddsson Hjaltalin.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Hann var settur í Kjósarsýslu 1730, fékk kongsveiting 10. marz 1732, slepti henni 1750, deyði sjálfur 1754<sup>2)</sup>.

### Guðni Sigurðsson.

(Sjá Gullbringusýslu). Tók að veiting þessa sýslu 24. febr. 1750, áður settur í Gullbringusýslu, og hélt henni til 1753. Hans lögsagnari var Þorsteinn Hákonarson<sup>3)</sup> (sjá Gullbringusýslu).

### Guðmundur Runólfsson.

(Sjá Gullbringusýslu). Varð sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu 3. apríl 1753<sup>4)</sup>; var við sem sýslumaður til þess hann deyði 1780.

### Guðmundur Vigfússon.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Hann var hér settur sýslumaður árin 1780—81; var annars veconomus tugthússins og við fleira brugðinn.

1) Réttara: 27. okt.

2) Réttara: 1755.

3) Hann var þar lögsagnari á árunum 1749—1754.

4) Þá er Guðmundur Runólfsson fékk sýsluna sóttu margir um hana: Páll Axelsson lögréttumaður í Árnassýslu (síðar sýslumaður í Hnappadalssýslu), Þorsteinn Hákonarson lögsagnari í Gullbringusýslu, Vigfús Árnason, Þorkell Þórðarson stúdent, (er dó í Hólakoti í Rvík 1778) og Þorlákur Guðmundsson, fyr prestur í Selárdal.

Með konungsúrskurði 19. marz 1754 var lögsagnaraembættið í Gullbringusýslu sameinað við Kjósarsýslu, og hafði Guðmundur sýslumaður hvorttveggja á hendi til dauðadags. Voru þá launin við hið fyrnefnda hækkuð úr 16 rd. upp í 30 rd.

### Vigfús Þórarinsson.

(Sjá Rangárþing). Veitt þessi ásamt Gullbringusýslu 1781, fékk Rangárþing, en sleppti þessum sýslum 1790, dó 1819.

### Sigurður Pétursson.

(Sjá Gullbringusýslu). Fékk sér veitta þessa sýslu 1790, sleppti sýslunni 1801, dó 1827. Hann brúkaði um lítinn tíma lögsagnara til þingaferða, en engan fullmektugan.

### Páll Jónsson.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Settur 1801—1803, en í seinna sinn 1818 um fáa mánuði til þess sýslumaður Finsen við tók. Dó 1819.

### R. Frydensberg.

(Sjá Gullbringusýslu). Gerðist hér sýslumaður 1803, fékk lausn frá því embætti 1806 og gerðist bæjar- og landfógeti í Reykjavík.

### H. W. Koefod.

(Sjá Gullbringusýslu). Var settur sýslumaður 1806, brúkaði lögsagnara. Sleppti algerlega því embætti 1814 og fór utan.

### Halldór Guðmundsson.

(Sjá Gullbringusýslu). Settur 1814 í Gullbringusýslu og héraðsdómari, en sýslumaður í Kjósarsýslu. Honum var vikið frá þeim embættum 1818.

### Ólafur Hannesson Finsen.

(Sjá Gullbringusýslu). Hann var hér settur sýslumaður 1818, fékk veiting kongs 1820. 1832 gerðist hann kammerráð og 1834 assessor í landsyfirréttinum. 1834 varð hann stiptamtmanns-fullmektugur til þess hann deyði 1836.

## Stefán Gunnlaugsson.

(Sjá Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu). Fékk veiting fyrir þessari sýslu 1835.

## Marteinn Tvede.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Tvede hafði 1839 skipti við sýslumann Stefán á sínu land- og bæjarfógetaembætti og tók aptur hans sýslumannsembætti, og fékk í milligjöf hjá Stefáni sýslumanni 1000 rd. silfurs. Tvede deyði snögglega sem sýslumaður 1840.

## Þórður Guðmundsson.

*Faðir:* Guðmundur, sem lengi var assistent við kaupmanns Ó. Thorlacius höndlan á Ísafirði. Faðir Guðmundar var Ketill Þorleifsson, fátækur bóndi á Ytri-Veðraá í Önundarfirði. Var Guðmundi sem unglingi fyrst fyrir komið ásamt öðrum til að verka saltfisk á vorum, en af því hann reyndist þægur og trúur, var hann þar eptir settur yfir saltfisksverkun, og síðan yfir allar utanbúðarvörur, virkilegur assistent.

*Móðir* Þórðar var Sigríður dóttir Helga prests Einarssonar, er þá hélt Skutulsfjarðareyri, en áður Stað í Grunnavík og deyði 1816; var prestur í 40 ár. Faðir séra Helga var Einar lögrettumaður, son séra Hafliða Bergsveinssonar og Katrínar Eiríksdóttur. Einar átti Sigríði yngri dóttur Jóns bónda á Stóra-Núpi. Séra Helgi átti Guðrúnu dóttur séra Árna í Gufudal.

*Kona* Þórðar sýslumanns er Jóhanna dóttir kaupmanns Laurusar Knudsens í Reykjavík og Margrétar Larsdóttur Hölters, sem var beykir. Móðir Margrétar var Guðrún dóttir séra Þorbergs á Eyri í Skutulsfirði.

Þórður fæddur 1811, ólst fyrst upp hjá foreldrum sínum, en þar hann var vel gáfaður, tók móðurbróðir hans Árni prófastur Helgason í Görðum hann til læringar, og þá hann var úr Bessastaðaskóla útskrifaður, kom honum

utan, hvar Þórður tók venjuleg lærdómspróf, eins það síðasta með góðri heppni. Að afloknum utanlandslærdómi kom hann út og gerðist stiptamtmannspénari.

1840, þá sýslumaður Tvede deyði, setti stiptamtmaður hann til að gegna sýslumannsverkum í Gullbringu- og Kjósarsýslum og útvegaði honum, (að sögn), kongsbréf fyrir téðum sýslum 1841. Þórður sýslumaður tók sér aðsetur í Reykjavíkurbæ. 1846, þá Halldór sýslumaður deyði, setti stiptamtmaður og svo Þórð sýslumann fyrir Borgarfjarðarsýslu. Þar hélt hann manntalsþing vorið 1847 og auctioneraði sterfbú sýslumanns sál. Halldórs Einarssonar<sup>1</sup>).

---

## Viðauki.

---

Eptir að Þórður sýslumaður Guðmundsson flutti til Árnassýslu hafa þessir sýslumenn verið í Kjósarsýslu og Gullbringusýslu sameinaðri:

*Þórður Jónasson* yfirdómari, settur 1850—1853.

*Vilhjálmur Finsen* fékk veitingarbréf 28. sept. 1851, en tók aldrei við sýslunni.

*A. C. Baumann* 1853—1861.

*Páll Melsted* settur 1858—62.

*H. H. E. Clausen* 1862—1874.

*Lárus E. Sveinbjörnsson* 1874—1878.

*Kristján Jónsson* 1878—1886.

*Franz Siemsen* 1886—1899.

*Páll Einarsson* 1899—1908.

*Magnús Sigurðsson* settur 1908.

Um þessa sýslumenn verður nánar ritað í sýslumanna-tali Gullbringusýslu.

---

1) Sbr. III, 529. Þórður sýslumaður fékk Árnassýslu 16. maí 1850 (sjá frekar um hann þar).

---



## II. Gullbringusýsla.

*Peir gömlu þingstaðir í Gullbringusýslu:*

1. Staður í Grindavík.
2. Bjásker á Miðnesi.
3. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd.
4. Kópavogur.

Þau héruð, sem liggja millum Sýslusteina undir Geitahlíð og Botnsár í Hvalfirði, hafa með einu orði lengi verið kölluð *Kjalarnesþing*. Það er meginhluti suðvesturhorns Íslands, hverjum nú á tímum er skipt í tvær sýslur, heitir sú syðri Gullbringusýsla og nær frá fyrnefndum Sýslusteinum til svokallaðra Hellis- (máske réttara: Elliða) áa. En í elztu tíðum og stundum á þessum tímum kallast það Suðurnes.

Í gamla daga voru ei sömu skipti á þessu, sem nú, voru það ýmisleg goðorð. En þá landið kom algerlega undir Noregskonunga, og hirðstjórar voru settir af þeim, tóku þeir á 13. öld sér bústað á Bessastöðum, sem Hákon konungur gamli hafði undir sig tekið af eignum Snorra lögmanns Sturlusonar, sem sviptur var lífi og eignum að miklu leyti af téðs kóngs völdum. Þessir hirðstjórar hétu fyrst kóngs sýslumenn, seinna höfuðsmenn eða hirðstjórar, og nú á tímum stiptamtmenn, hvar af sumir komu ekki til Íslands, en héldu hér sína umboðsmenn, sem jafnast tóku sjálfir Kjalarnesþing, af því að það lá þeirra bústað Bessastöðum næst. Í suðvesturhluta Kjalarnesþings voru og hin beztu fiskiver, því tóku téðir umboðsmenn undir sig alla fiskiskipaútgerð um Suðurnes, kölluðu það kónngskip og skylduðu alla landseta á kónngsjörðum, að róa á þeim, undir stærstu hegningu. Þar eptir kölluðust téðir umboðsmenn fógetar, sem höfðu sama starf á hendi lengi,

og þá sína umboðsmenn, voru sjálfir annaðhvort litt eða ekki lærðir í lögum fyrr á tíðum og létu ýmsa skýra menn ganga dóma mjög opt, enda gerðu þá dómsmenn dómana, en fyrirliðinn samþykkti. Hέλzt það, til þess norskulaga réttargangsmátinn var innfærður, réðu þó optast fyrirliðar dóma útfalli.

Fyrsti þingstaður á Íslandi var settur á Kjalarnesi. Í þeim héruðum voru goðar til þess landið kom undir Noregs konga, og hirðstjórar voru af honum settir, sem opt höfðu sína umboðsmenn, sem áður er sagt.

### Þorvarður Þórarinsson.

Sjá um hann síðla í Sturlungu og sögu Árna biskups. Hann hafði víða um landið völd, bæði áður en það gekk undir kóng og þar eptir, þó má helzt geta valds hans sem kóngsmanns í hluta af Árness- og Gullbringusýslum um og eptir 1273. Var Þorvarður vinur Árna biskups um hríð og fyrir milligöngu biskups gipti Þorvarður Lopti biskupsfrænda Borghildi frændkonu sína. En brátt misféll þeim biskupi og Þorvarði, lyktuðu þær miskliðir með því, að biskup bannfærði Þorvarð 1276. Fór því Þorvarður utan 1277 með Rafni hirðstjóra Oddssyni og Sturlu lögmanni Þórðarsyni. En kom út 1278 og gerðist þá lögmaður og um hríð hirðstjóra umboðsmaður í utanferðum Rafns og fyrr. En 1295 fór Þorvarður utan og deyði í Noregi 1296. Hafði hann optast haft hér kóngsvald og hafði herra nafnbót. Þar eptir komust synir hans Oddur og Þórarinn til mannvirðingar, sem síðar verður sagt. Eptir Rafn, meina menn, að Þorvarður hafi haft hirðstjóravald af kóngi til síns dauða.

### Ásgrímur Þorsteinsson,

son Þorsteins Jónssonar í Hvammi, hafði og svo sýslu kóngs um hríð. Varð missáttur við Árna biskup, sem bannfærði hann. Úr því banni lét Árni biskup leysa Ásgrím, þá hann lá sína banalegu 1285. Það var einkum Ásgrímur, sem gipti Lopti Borghildi til vináttu við biskup, þó Þorvarður væri þess hvatamaður. Þá ei lá í því skauti, sem Árni biskup vildi, bannfærði hann sína mót-

standara. Rafn Oddsson hirðstjóri sagði það sannmæli, að Árni færi fram sem ljón, en Jörundur biskup, sem refur<sup>1)</sup>

### Nikulás Oddsson

í Kalmannstungu átti Gyðu Sæmundsdóttur<sup>2)</sup> af ætt Oddaverja; hans börn voru: Helga, er átti Þorlákur Narfason, þeirra son var Ketill. Valgarður<sup>3)</sup> og Sigmundur<sup>4)</sup> voru börn Nikulásar og Gyðu. Nikulás kom út 1277 og Indriði böggull, og þá kallast þeir kóngsmenn, fóru þeir þar eptir um landið með kóngserindi, og er líkast, að þeir hafi haft sýslur nokkrar af konungs hendi, verður þó ei með vissu sagt, hvar helzt.

### Oddur Þorvarðsson

Þórarinssonar, sem um getur í Sturlungu og Árna biskups sögu, var nefndur herra, var og í förum og tjáist að hann hafi haft kóngssýslu, líklegast á Suðurnesjum, eða Árness- og Rangárþing<sup>5)</sup>, eða í ýmsum stöðum. Hann kom út, sem kóngsmaður 1300. Þórarinn Þorvarðsson, bróðir Odds, var og nefndur herra<sup>6)</sup>, og er ekki ólíklegt, hann hafi haft völd ásamt bróður sínum í ýmsum sýslum<sup>7)</sup>.

---

1) Sjá um herra Ásgrím Þorsteinsson Árna biskupssögu: Biskupasögur I. B.

2) Hún var Sölmundardóttir, sbr. III, 383.

3) Í III, 383 er misprentað Valgerður.

4) Réttara Sölmundur.

5) Það er mjög vafasamt, að herra Oddur hafi haft nokkur slík völd. Hann andaðist 1301.

6) Þetta er víst rangt og yfirleitt ágizkanir hjá Boga um völd þeirra bræðra, að minnsta kosti syðra.

7) **Viðauki.**

---

Ættmenn Ingólfs landnámsmanns Arnarsonar hafa átt óðul og eignir á Innesjum í grennd við Reykjavík, allt fram á 14. öld að minnsta kosti. Þó er ekki með vissn kunnugt um eiginlega valdsmenn af þeirri ætt, nema ef til vill herra *Grim Þorsteinsson* lögmann (sbr. II, 435—437), er líklega hefur verið sonarson *Hafur-Bjarnar Styrrkárssonar* hins auðga í Nesi. Þar hefur og efa-

Þó eg hafi ei fullvissu um sérhvern, sem umboðsmenn hirðstjóra hafa verið, af norskum eða dönskum

laust *Styrkár Sveinbjarnarson* faðir hans búid og þeir langfeðgar, afkomendur Ásbjarnar Össurarsonar, bróðursonar Ingólfs (sbr. Landn. í Ísl. s. 1847 I, 320). Hafa sumir þeirra eflaust verið auðugir menn, og virðingamenn miklir. Árna biskups saga (Bisks. I, 716) segir um Hafur-Björn, að enginn maður mátti í þann tíma »jafnast við hann að hilylum og húi sínu, sá sem í bóndatali var«. Bróðir hans var *Runólfur Styrkársson* ábóti í Viðey († 1299). Svo segir Árna biskups saga beinlinis og Sturlunga sömu-leiðis (I, 355), en í ábótatölum og ritum síðari manna er hann jafnan talinn Ólafsson, sem er beinlinis rangt, enda þekki eg ekki á hverju það er byggt. Það er eins og menn hafi ekki veitt þessari ættfærslu í Árna biskups sögu eptirtekt, og í registrinu við Biskupasögur 1. bindi, er Runólfur ábóti talinn Ólafsson, þvert ofan í heimild sögunnar, því að þess er alls ekki getið, að þeir hafi verið hálfbræður (sammæðra) enda tekur Sturlunga af allan vafa um það. Hafur-Björn var tvíkvæntur, átti hann fyr Vilborgu Þorgeirsdóttur frá Holti undir Eyjafjöllum Grimssonar, og var son þeirra Gissur, en síðar átti hann Guðrúnu Þorlákssdóttur, systur Árna biskups. Þorsteinn var laungetinn son Hafur-Bjarnar, átti hann Vilborgu Magnúsdóttur, bróðurdóttur Árna biskups (Bisks. I, 716) og er ekki ósennilegt, að herra Grímur lögmaður hafi verið son hans (sbr. II, 436). Hafur-Björn hefur eflaust fengið allmikið af auð sínum með Vilborgu fyrri konu sinni, því að hún hefur áður verið gípt *Sighvati auðga Höskuldsyni* (sbr. Bisks. I, 702 og Sturl. I, 351) og var son þeirra *Sigurður*, að auknefni *seltjörn* (af Seltjarnarnesi, þar sem hann hefur verið fæddur) er kvæntist 1276 Valgerði Hallsdóttur, systur herra Þórðar á Möðruvöllum (Bisks. I, 702), og var son þeirra Hallur í Dal (Stóradal) undir Eyjafjöllum. *Hafur-Björn* prestur *Grimsson*, er andaðist 1249 (Ísl. Ann.) gæti verið móðurfaðir Hafur-Bjarnar hins auðga, og Gríms nafnið þar komið í ættina. Hvort faðir hans hafi verið sá *Grímur Gissurarson*, er dó 1191 (Ísl. Ann.) skal ósagt látið. En tæplega getur sá Grímur verið = Grímur Gissurarson, móðurfaðir Jörundar biskups (sbr. Ísl. s. 1847 I, 359). Að vísu vita menn ekki, hve gamall Jörundur biskup hefur verið, er hann andaðist (1313), en tæplega hefur hann verið langt yfir áttætt og ekki fæddur fyr en um 1230. Verður þá nokkuð tæpt, að móðir hans sé fædd um 1190 sé Grímur afi hans þessi sem deyir 1191, en staðizt getur það þó.

*Gissur Hafur-Bjarnarson* Styrkárssonar og Vilborgar Þorgeirsdóttur, bróðir (sammæðra) *Sigurðar seltjarnar* mun hafa búid í Nesi eptir föður sinn. Hann dó 1305 (Ísl. Ann.). Son hans var *Styrkár* í Nesi, er veginn var á Uppstigningardag 1341 (Ísl. Ann.)

mönnum, tel eg þá eina þeirra, er eg hygg, að hafi gegnt sýsluverkum í Kjalarnesþingi.

Með honum slitnar karlleggur þeirra Nesmanna frá Ásbirni Össurarsyni, að því er menn vita. Það er að visu ekki ósennilegt, að *Margrét Össurardóttir*, kona Ívars Hólms eldra Vigfússonar († 1371) hafi verið sonardóttir Styrkårs (sbr. II, 501—502 n. m.), en vissa er auðvitað ekki fyrir því. Hún átti Engey, Laugarnes og fleiri jarðir um Suðurnes, og Vigfús Hólm sonur hennar bjó um hrið á Bessastöðum.

Um ábúendur í Reykjavík fram á 15. öld er lítt kunnugt, og jarðarinnar Reykjavíkur er lítt getið í fornum skjölum. Þar var Jónskirkja postula en Nikulás kirkja í Nesi. Í máldagaágripi frá 1367 (Ísl. Fornbréfasafn III, 220) er sagt að kirkjan í Vik eigi landið að Seli og í máldaga Oddgeirs biskups 1379 (Fornbréfasafn III, 339—340), er meðal annars sagt, að hún eigi »Vikurholt með skóg og selstöðu«. Í Vilkins-máldaga 1397 (Fornbr.safn IV, 109) er getið um *Porták*, er þar hafi búið. Síðar hefur jörðin Reykjavík eða nokkur hluti hennar að minnsta kosti komið í eign Munkapverárklosturs, því að 8. janúar 1478 selur Einar ábóti Ísleifsson *Árna* bónda *Höskuldssyni* 20 hundruð í jörðinni (Ísl. Fornbréfas. VI, 127—128). Árni var son Höskulds í Núpufelli og víðar Runólfssonar á Laugalandi Sturlusonar (sbr. III, 320—21, 323 n. m.). Árni mun hafa dáið í Núpufelli 1488, en óvist er að hann hafi búið nokkru sinni í Reykjavík, en í Engey virðist hann hafa verið fyrir 1470, því að þar er gerð skrá yfir eignir hans 27. júlí 1471 (Fornbréfasafn V, 625—626) og siglir hann þá af landi burt til Noregs. Voru þá dætur hans Ragna og Þóra ógiptar, en Anna og Oddný giptar. Ragna Árnadóttir giptist síðar *Þorvarði Steinmóðssyni*, er verið hefur son Steinmóðs ábóta Bárðarsonar í Viðey. Með henni fékk Þorvarður þessi 20 hundruð í Reykjavík, er Árni faðir hennar hafði keypt, en hann seldi þau aptur 22. desember 1487, *Ólafi Ásbjarnarsyni*, og var bréf um það gert í Viðey 2 árum síðar (1489) sbr. Ísl. Fornbréfasafn VI, 610—611). Fyrir þessi 20 hundruð lét Ólafur hálfja jörðina Búland í Skaptártungu með samþykki Önnu Snjólfsdóttur konu sinnar, er hefur verið sonardóttir Steinmóðs ábóta og bróðurdóttir Þorvarðar, er átti Rögnu. Hefur því ekki áður verið veitt eptirtekt, að Snjólfur þessi er sá ábótason úr Viðey, er getið er um í Biskupaánnálum Jóns Egilssonar (Safn til s. Ísl. I, 40) að hafi fallið í bardaga við Englendinga, og borgaður verið prenum manngjöldum. Það hefur því verið Steinmóður ábóti, er í þessum róstum átti við Englendingana, líklega á árunum 1470—1480, en 1481 andaðist hann. Espólin (Árb. II, 115—116) heimfærir »slagið í Viðey« til 1490 eða þar um bil, en hyggur þó, að það hafi orðið nokkru fyrr. Hvort Þorvarður Steinmóðsson hafi bú-

Fyrir utan hirðstjórana: *Árna biskup milda*, er fékk hirðstjórn 1413 og hafði sér sinn fullmektugan *Björn*

ið í Reykjavík er óvist, en Ólafur Ásbjarnarson lögréttumaður bjó þar lengi, og lifði ekki allskamt fram yfir 1500. Er hans getið í bréfum 1505 (Fornbréfas. VII, 801) og jafnvel síðar. Son hans hefur verið *Ólafur Ólafsson* lögréttumaður, er bjó í Reykjavík 1505 (Ísl. Fornbrs. VII, 754). Um sama leyti og hann virðist og þar hafa búið *Jón Pálsson*, sbr. landamerkjaskrá í Ísl. Fornbréfas. VII, 458, sem talin er frá því um 1500, en mun vera yngri eða frá 1510—20. Segjast þeir Jón og Ólafur þá vera rúmlega fimmtugir og eru því fæddir um 1460—70, eptir því, hve skráin er gömul. *Ormur Jónsson* sýslumaður, er bjó í Reykjavík um miðbik 16. aldar († 1564) faðir *Narfa* og *Ögmundar*, er þar þjuggu eptir hann, hefur annaðhvort verið sonur þessa Jóns Pálssonar í Reykjavík, eða Jóns Ormssonar, sem kemur alloft við bréf í Viðey fyrir og um 1500. Hið fyrra er þó eins sennilegt. Ormur í Vík og Jón Pálsson, afi Orms í Eyjum, er voru samtíma uppi hafa eflaust verið skyldir og sama Orms nafnið. Úr því kemur fram á 17. öld er ábúendaröðin á heimajörðinni Reykjavík nokkurnveginn kunn, en því verður hér að sleppa. Hversu lengi afkomendur Ingólfs hafi búið í Reykjavík verður ekki séð. Þeir koma lítt við sögur, úr því Þormóði allsherjargóða sleppir. Þormóður Skeiðagoði afkomandi hans í beinan karlegg virðist hafa haft mannaforráð í Árnessýslu, en að hann hafi verið faðir Ólafs totts föður Erlends sterka föður Hauks lögmans, eins og sumir hafa ætlað (sbr. Ártíðaskrár J. P. bls. 240—241) er allhæpið og verður ekkert um það fullyrt með vissu.

### **Haukur Erlendsson**

lögmaður hefur að sjálfsögðu haft sýsluvöld um Suðurnes um 1307. Hann kom hingað frá Noregi 1306 og sigldi aptur 1308. Andaðist í Noregi 3. júní 1334 (Sbr. Lögmannaatal J. S. Safn til s. Ísl. II, 46—47).

### **Grímur Þorsteinsson**

lögmaður (sjá hér á undan, sbr. II, 435—437) fékk 1343 lén um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung allt til Helkunduheiðar (Skálholtsannáll: G. Storm bls. 210).

### **Holti Þorgímsson**

kom út 1346 með hirðstjórn yfir allt Ísland. Andaðist 1348. (Safn til s. Ísl. II, 616—617). Mun hafa verið norskur.

### **Ólafur Bjarnarson**

hirðstjóri 1350—1353. Druknaði erlendis með Guðmundi Snorra-syni 1354. (Hirðstjóraannáll: Safn. II, 617—618).

*Einarsson Jórsalafara* 1413—1415, þá Björn dó, voru: *Þorsteinn Ólafsson* hirðstjóri 1427—28, *Einar Þorleifsson* 1436—37—38, dó 1463, *Torfi riddari Arason* 1450—56, dó 1459, *Björn ríki Þorleifsson* 1457 til síns dauða 1467. *Þorleifur Björnsson* og *Ólöf* stóðu fyrir hirðstjórn 1468—69, *Þorleifur* hirðstjóra fullmektugur 1479, *Þorleifur sami* virkilegur hirðstjóri 1479—1481, 1483.

### Einar Þórólfsson.

Ætt hans upp eptir er mér ókunn, en sumar ættatölur segja, að Einar hafi verið sonur Þorleifs hirðstjóra Björnssonar, laungetinn<sup>1</sup>).

*Kona* hans *Katrín* dóttir *Halldórs* ábóta á *Helgafelli* 1480—1509, deyði um 1511, *Ormssonar*.

*Börn:* A. Séra *Þórður* í *Hítardal* 1526 og fyr. Hans fylgikona *Þuríður* stóra *Einarsdóttir*, börn: a. *Þórunn* fylgdi séra *Finnboga* á *Hofi* í *Vopnafirði* fyrir og um 1535, börn:

aa. *Bjarni*.

bb. *Sturla*.

cc. *Gróa*.

dd. *Una*.

ee. *Margrét*.

ff. *Solveig*.

b. *Jórunn* kona *Þórðar* lögmanns *Guðmundssonar* (sjá *Borgarfjarðarsýslu*).

### Ívar Vigfússon Hólmur eldri

kom út 1352 með *Gyrð* Ívarssyni *Skálholtsbiskupi* og hafði þá fengið sýslu frá *Þjórsa austan* og um alla *Vestfirði* (*Gottskálsannáll*) sbr. II, 257. 1353 hefur hann líklega siglt aptur, því að 1354 kom hann út með kongsvald (þ. e. hirðstjórn) um allt Ísland; hafði þau völd á hendi til 1357. Andaðist 1371. Átti *Margréti* Össurardóttir (sjá hér áður).

### Vigfús Ívarsson Hólmur

hirðstjóri frá því um 1390—1415, dó um 1419. (Sbr. Ísl. Fornbrs. IV, 530—531).

1) Þetta er á engu byggt. Um Einar Þórólfsson og ættmenn hans sjá III, 254—257.

- B. Þorleifur á Hofstöðum Einarsson<sup>1</sup>), átti Kristínu dóttur ríka Torfa sýslumanns í Klofa Jónssonar, börn :
- a. Séra Árni<sup>2</sup>).
  - b. Sigurður.
  - c. Ormur á Knerri.
- C. Ormur, veginn í Viðey 1518 af Erlendi (seinna lögmanni) Þorvarðssyni, átti Ragnheiði dóttur Þorvarðar lögmanns Erlendssonar (sjá Árneshöfði). Ormur bjó í Saurbæ á Kjalarnesi. Börn :
- a. Halldór átti Þórdísi Eyjólfsdóttur mókolls, börn :
    - aa. Eyjólfur sýslumaður (sjá Rangárhöfði).
    - bb. Valgerður átti séra Jón í Stafholti 1571, son Egils Jónssonar á Ingjaldshóli.
  - b. Sesselja Ormsdóttir átti Odd í Öskjuholti Tómasson á Borg Oddssonar Sigurðssonar, þ. b. :
    - aa. Bjarni á Skarði á Skarðsströnd (sjá Dalasýslu).
    - bb. Ragnhildur átti fyr Jón á Borg Þórðarson á Stað í Súgandafirði og börn.
    - cc. Ingibjörg.
    - dd. Katrín.
  - c. Málfríður Ormsdóttir (al. Margrét).
- D. Ingunn Einarsdóttir átti Gísla Jónsson á Ánastöðum og Tjörnum, þ. b. :
- a. Séra Jón gamli Adam á Staðarbakka, Fylgikona Björg, þ. b. :
    - aa. Sigurður.
    - bb. Ingunn.
    - cc. Björn.
    - dd. Gottskálf.

---

1) Sjá um Þorleif sýslumann á Hofstöðum III, 22—23 n. m.

2) Þetta er skakkt. Þorleifur átti víst engan son með því nafni.



- ee. Gísli, var laungetinn.
- b. Einar átti Sigríði Þórarinsdóttur, börn:
- aa. Gísli á Ánastöðum.
- bb. Ingveldur.
- Ingunn átti svo séra Þorstein í Miklagarði Ólafsson prests í Grímstungum Hallssonar prests í Höfða Ólafssonar. Þriðji maður hennar var Einar Bessason, þ. b.:
- c. Árni.
- d. Jón.
- E. Ragnhildur Einarsdóttir átti Jón ríka á Hvanneyri Þórðarson frá Borg<sup>1)</sup>, þ. b.:
- a. Sigríður átti Bjarna Þorleifsson frá Stóra-Skógi Guðmundssonar Andréssonar, þ. b.:
- aa. Þorleifur<sup>2)</sup>.
- bb. Þórður, dó barnlaus.
- b. Séra Eiríkur í Reykholti um 1547, börn:
- aa. Séra Magnús faðir séra Jóns á Hesti og hans systkina, telst í sumum ættum bróðir séra Eiríks í Reykholti<sup>3)</sup>.
- bb. Einar.
- cc. Sesselja.
- dd. Ásta.
- F. Þórunn Einarsdóttir átti fyr Jón Torfason, barnlaus. Svó Björn Jónsson á Eyvindará eystra, börn:
- a. Jón átti dóttur Eiríks Árnasonar, barnlaus.
- b. Þórður á Bustarfelli átti Guðlaugu dóttur Eiríks sýslumanns Árnasonar, þ. dóttir:
- aa. Ragnhildur átti Björn sýslumann Gunnarsson (sjá Múlaþing).

Einar Þórólfsson bjó á Hofsstöðum, var stórbóndi, og gerðist umboðsmaður hirðstjórans Ambrosíusar Illiqvod 1491—2—3. Hefur hann þá líklega haft yfirumsjón eða sjálfur haldið Gullbringusýslu og fleiri sýslur. Aftur gerð-

1) Sbr. III, 402—403.

2) II, 285.

3) Það er réttara, sbr. III, 257. Magnús var ekki prestur.

ist Einar umboðsmaður hirðstjórans Hans Ranzows 1510—11, því 1511 kvittar Einar Björn á Reykhólum Þorleifsson fyrir skreiðargjald nokkuð til Diðriks Pinnings. Engar dómaraaðgerðir hef eg séð eptir Einar. En að hann hafi sem umboðsmaður haft viðá sýsluvöld þau árin er líklegt. Einar var maður auðugur og haldinn höfðingi á sinni tíð. —

### Vigfús Erlendsson.

(Sjá um hann við Rangárþing). Hann gerðist hirðstjóri árin 1507—8—9, og hefur hann þá líklega setið á Bessastöðum og sjálfur haldið Kjalarnesþing ásamt fleirum sýslum, því optast höfðu umboðsmenn sjálfir að minnsta kosti Gullbringusýslu, þó þeir létu aðra tíðum vera sína umboðsmenn.

Eptir Vigfús finn eg ekki íslenzka hirðstjóra eða þeirra umboðsmenn utan áður nefndan Einar Þórólfsson 1511 og Ögmund biskup 1531—1536, að nokkru leyti af sjálfböðnum myndugleika, annaðhvort sem hirðstjórar eða þeirra umboðsmenn. En hverjir þá voru sem sveinar þeirra í Kjalarnesþingi finn eg ekki.

### Þorvarður Erlendsson.

(Sjá um hann við Árneshing og Vöðluþing). 1505 kallast hann sýslumaður í Kjalarnesþingi og lætur þar ganga dóm um vígsbætur<sup>1</sup>).

### Jón Árnason

nefnist sýslumaður í Gullbringusýslu í dómsbréfi 1535 um að hálf veiðin í Elliðaá tilheyri Viðeyjarklaustri<sup>2</sup>).

1) Sbr. Fbrs. VII, 800—802 (Varmárdómur).

2) Bréf þetta er gert í Laugarnesi föstudaginn eptir Katrinar-messu (26. nóv.) 1535 eptir dómnefni Alexíusar ábóta og skipun Ögmundar biskups (Á. M. 238 4to fol. 18b). Þar er Jón Árnason beinlínis nefndur »sýslumaður í Gullbringusýslu«. Í bréfi gerðu í Hafnarfirði 23. júní 1536, skrifuðu í Vik á Seltjarnarnesi 7. júlí s. á. um jörðina Hlið í Eystrihrepp, er nefndur Jón bóndi Árnason, sem eflaust er sami maður og Jón Árnason sýslumaður. Hann mun og koma optar við bréf um þessar mundir. Hefur líklega verið af ætt þeirra Nesmanna.

## Diðrik von Mynden<sup>1)</sup>.

Hann var danskur, hafði ýmisleg umboð á Bessastöðum frá 1529. Honum veitti hirðstjóri Claus v. Mervitz 6. nonas júlí<sup>2)</sup> 1539 sitt fullt umboð yfir Íslandi, befalar honum klaustrið í Viðey, svo sem réttum ráðsmanni garðsins á Bessastöðum, og veitir honum og unnir kongsins sýslu Gullbringuna<sup>3)</sup>, svo sem fullmektugum sýslumanni ber að hafa allt til næsta Öxarárþings. Hann var veginn 1539 (sjá Hirðstjóraannál og Árbækur).

## Pétur Einarsson.

*Faðir:* Séra Einar á Staðarstað Ölduhryggjarskáld Snorrason officialis millum Gilsfjarðar og Botnsár í Hvalfirði; hafði hann tekið Staðarstað fyrir 1500, en slepti honum til Marteins sonar síns nálægt 1536, deyði sjálfur 1538.

*Móðir:* Ingiríður Jónsdóttir, systir Stefáns biskups. Ingiríði hafði fyr átt Jón smiður Auðunnarson á Öndverðarnesi. Erlendur, Nikulás og Magnús voru þeirra börn, en með Einari presti átti Ingiríður Martein biskup, Pétur, Brand, Nikulás, Þorvarð, Guðrúnu og Guðlaugu, sem giptist enska Robert.

*Kona:* Ingiríður, (systir Daða í Snóksdal), Guðmundsdóttir Finnssonar á Ökrum syðra, er kallaður var Laga-Finnur. Ingiríður hafði áður fylgt Ólafi presti í Hjarðarholti, er seinna varð Stranda-sýslumaður (sjá þar).

*Barn:* A. Katrín átti Ásgarðs-Teit (sjá Dalasýslu<sup>4)</sup>).

Pétur Einarsson er borinn um 1514; ólst hann upp með föður sínum, en fór utan til Danmerkur 1530 og til

1) Sumstaðar nefndur »van Minden« eða »van Minnen«, sem ef til vill er réttara.

2) P. e. 2. júlí.

3) Það mun vera í fyrsta skipti, sem þetta nafn Gullbringur kemur fyrir í bréfum. Gullbringusýsla er nefnd í bréfinu 1535. (Sjá aths. hér á undan bls. 92).

4) II, 642—645.

Þýzkalands, numdi þar Lutheri kenningar að menn meina. Kom út 1535, þá völd Ögmundar biskups voru sem mest; flyktust ungir og efnilegir menn þá til biskups Ögmundar, sem hafði um þau ár mest ríki hér á landi, veitti léni þeim hann vildi, og gaf gjafir mörgum þeim, er manns-mót var að til að gera þá skuldbundna sér. Pétur gaf sig til Ögmundar biskups þá út kom, því hann áleit það næsta veg til valda; var og biskup til hans allvel. Vegna yfirdrottunar biskups undi Pétur ekki þar yfir 2 ár og gaf sig úr hans þjónustu 1537.

Þá var Claus von Mervitz hér hirðstjóri og gaf Pétur sig til hans, og þá hirðstjórinn fór utan, setti hann aptur umboðsmann sinn Diðrik af Mynden, og fékk honum Pétur til styrktarmanns 1538; meinast þá að Pétur hafi fyrst haft Kjalarnesþing í Diðriks-umboði og gefið honum á-visun yfir Viðeyjarklaustursjarðir, sem ráða má af bréfi Ögmundar biskups, að hann hafi verið skrifari þeirra dónsku:

»En sakir þess, að þú Pétur Einarsson, hefur rofið þessa trúlofun við oss, og samnetjast þessum bannsettum mönnum, sem svoddan ógerninga hafa gert þvert á móti guðs lögum og lands. Hér með hefur þú skrifað umboðsbréf yfir Viðeyjarklaustur og öllum þess peningum, þvert á móti guðs lögum og manna, því setjum vér þig í hið sterkasta bann og forboð, og fyrirbjóðum þér að hafa nokkra handtæring með annað kristið fólk fyr en þú kemur til . . og yfirbótar«<sup>1)</sup>.

1539, þá Alexíus ábóti í Viðey hafði heiman riðið í fardaga-úttekt, og fátt manna var eptir í klaustrinu, kom Diðrik með alla sína menn á hvítasunnmorgun um sól-arupprás til Viðeyjar, barði og hrakti heimamenn og rak þá á braut, settist sjálfur í klaustrið; var þar rænt 20 kúm, 120 ám, 80 hestum fiska og mörgu öðru. Þar eptir fór Diðrik austur, og ætlaði að taka klaustrin, en í þeirri ferð var Diðrik veginn með öllum fylgjurum sínum. Ekki

1) »Þeir sem gáfu sig til biskups þjónustu urðu að vinna eidd, að hlýðnast öllum skipunum biskups, og ei frá honum fara án hans leyfis, þar til miðar áður ritað«. (Athugasemd Boga Benediktssonar). —

var Pétur þá í þeirra flokki, og óvíst er, hvort hann næsta árið, 1540, hefur haldið lénnum sínum, því ríki biskupa var þá svo mikið, að þeir létu dæma hirðstjóran frá embætti sínu, og hafa þá sjálfir ráðið flestum lénnum. Snemma vors 1541 kom út Kristopher Hvítfeld með tvö herskip, lét fanga Ögmund biskup, setti Pétur Einarsson til kongsfógeta og lét hann hafa kongsumboð yfir allt land, og var hann harður, að halda öllum þeim jörðum undir konung, sem Ögmundur biskup hafði bæði með réttu og röngu undir sig tekið. Eptir það Claus Mervitz hafði tekið Viðeyjarklaustur, fór Pétur utan haustið 1539, kom út 1540, ætlaði þá Ögmundur biskup að bannsetja Pétur, en kom því ei við, þá Pétur var utan farinn, hafði og öðru að gegna, þá Pétur kom út. Eptir skipun tók Pétur Viðeyjarklaustur 1542, með þess jörðum undir konung, bjó hann sjálfur í Viðey og lét niður rífa klausturhúsin og gerði þar kamar svoleiðis, að ræsið frá honum lá til kirkjugarðsins; gerði sem mest til vanvirðu hinum forna sið, en styrkti af alefli nýja siðinn, færði og Lúthers fræði til Íslands.

1542 eða 1543, (sem aðrir meina), tók Pétur Helgafellsklaustur, og var það afhent Daða sýslumanni í Snóksdal Guðmundssyni fyrir lítið afgang. Pétur hafði þá margt að annast. 1548 gerðist Pétur ráðsmaður í Skálholti, þá Marteini biskupsefni var það afhent; þar af setti Jón biskup Arason usa við honum, að hann varði Skálholt fyrir biskupi og sonum hans.

1550 fór hann utan og kom út 1551 með Otta Stigsyni og var 1551 í Oddeyrardómi og þá enn fógeti. Frá 1541 til 1545 mun hann í sífellu hafa haldið Kjalarnesþing til þess Eggert við tók. 1552-tók hann Reynistaðarklaustur með 16 rd. specie afgangi og að fæða nunnurnar. Hann frásagði sér það klaustur 1553. Um 1554 keypti hann Arnarstapa, settist þar að og húsaði þar mjög vel. 1560 tók hann Þórnesþing (Snæfellsnes-, Hnappadals- og Dalasýslur) og 1561 Helgafellsklaustur. Í Dalasýslu var Eiríkur í Ásgarði hans umboðsmaður 1562. Eptir margfalt andstreymi og stundum með óréttvisri aðferð fyrir Dani, var hann áklagaður og frá öllum völdum settur

1563. Fundu þeir margt til um hans aðgerðir. Þó var það helzta, að hann hefði logið út frá konungi Arnarstapa, einhverja beztu plógsjörð, fyrir ekkert; var gerð þar um svo mikil gangskör, að Pétri var ekki óhætt. Bað þá Marteinn bróðir hans og fleiri honum friðar, og með því hann réði það af, að taka prestsvígslu að Hjarðarholti í Dölum, slapp hann frá föngun, en Stapi var af honum tekinn. Þó fyrir góðra manna tillögur var honum gefin Elliðaey 1565 fyrir húsabyggingar á Arnarstapa. 1564 gerðist Pétur prestur að Hjarðarholti; var hann þá orðinn sjóndapur og brúkaði gleraugu; þótti það hér á landi nýng.

Sumir rita, að Pétur hafi verið sextugur, þá hann tók vígslu, aðrir að hann hafi verið fimmtugur og það meina eg sannara. Hafði hann þá týnt helgum fræðum, en var þó þar eptir við prestskap í 14 ár; því hann numdi til hlítar, svo ei var yfir klagað. Prestsembættisverkum og Hjarðarholti sleppti hann eptir sumra sögn 1578. En prestaannáll telur hann hafa prestakallinu haldið til þess 1581. Pétur var prófastur yfir Vestfjörðum og visitator biskups Gísla 1580. Ei finn eg ritfært nær Pétur deyði, en ráða er að hann hafi lifað 1581. Pétur hafði verið við margt brugðinn og mesta mikilmenni af sjálfum sér; hann hefur og verið vitur maður. Honum er eignuð svo kölluð Pétursorða, er hann skyldi hafa sett í Skálholti, þá hann var þar ráðsmaður.

1550 ritaði kongur Friðrik þriðji Pétri og Daða, að taka biskup Jón, og 1551 skipar kongur Pétur til fógeta fyrir norðan og umsjónarmann Hólastóls.

### Erlendur Þorvarðsson.

(Sjá Árnesþing). Meinst Erlendur hafi haldið 1544 Kjalarnesþing eða haft þar dómaraembætti í Gullbringusýslu téð ár, þó ei fullvíst<sup>1</sup>).

### Eggert Hannesson.

*Faðir:* Hannes hér hirðstjóri 1515—1524, (en ásamt

1) Hann lét dóm ganga á Byjaskerjum 11. sept. 1539 um yfirgang enskra manna á Íslandi, en það getur vel verið lögmannsdómur.

Tyla 1518—1522), son Eggerts Eggertssonar riddara og lögmanns í Víkinni í Noregi. Hann var lendur maður og lögmaður í Víkinni í Noregi; var fyrir óvenjulega framgöngu mót svenskum af kong Hans með aðalsfriheitabréfi dat. Nyborg 1488 gerður riddari fyrir sig og sína erfingja með skjöld og hjálm. Var á hjálminum hálfur einhyrningur í blám feldi og eins á skildinum. Hannes hirðstjóri hélt þeim friheitum. Er því furða, að dótturson Eggerts, Jón sýslumaður eldri Magnússon, sótti um og fékk kongs-staðfesting 1620 upp á aðalsbréf Björns riddara Þorleifssonar. Þetta aðalsbréf staðfesti Kristján þriðji í Flensborg anno 1551 við sonarson hans Eggert Hannesson. Hannes fór utan nálægt 1530 með konu sína Guðrúnu og sum börnin, og dó um 1532. Aðrar sagnir eru, að Hannes hafi fundizt dauður í náðhúsinu á Bessastöðum, og að Tyle, sem fyr var hirðstjóri, (hvern Hannes lét vega fyrir rán), hafi honum að bana orðið. Hafi Hannes dáíð sem fyr segir, hefur hann þá verið kominn frá Hamborg.

*Móðir:*

Guðrún dóttir Björns sýslumanns í Ögri Guðnasonar sýslumanns Jónssonar sýslumanns Ásgeirssonar; nefnd Guðrún giptist fyrst Bjarna Andréssyni Guðmundssonar, og átti með honum eina dóttur, Solveigu (sjá Dalasýslu). Hannesar og Guðrúnar börn voru: 1. Eggert. 2. Björn. 3. Hannes. 4. Katrín. 5. Margrét. 6. Guðrún.

Eptir dauða Hannesar kom Guðrún út; bjó þar eptir lengi á Núpi í Dýrafirði og deyði þar 1563 á 74. aldursári.

*Kona fyrsta:* Sigríður dóttir Þorleifs sýslumanns Grimssonar á Möðruvöllum. Þau áttu saman nokkur börn. Sumir skrifa, að Eggert og Sigríður hafi gipt 1551. Eggert taldi sér til giptingar 3 hndr. hndr. og 26 hndr. betur. Sigríður deyði 1554 af barnsförum, og síðan börn þeirra, sem þá voru á lífi. Erfði svo Eggert þau börn sín.

*Hjakona* Eggerts, sem hann hélt við, áður en hann giptist sinni fyrstu konu, var Sesselja Jónsdóttir Þorbjarnarsonar frá Sæbóli<sup>1)</sup> vestra. Nokkrir segja hann hafi giptst téðri Sesselju eptir dauða Sigríðar fyrstu konu sinnar, því kongsbréf fékk hann 1564 til að mega giptast henni, en hún dó af barnsförum nokkru seinna. 1556 afleysir Gísli Jónsson, síðar biskup, Eggert fyrir barn-eignir hans með Sesselju.

Það er sögn, að 1546 hafi Eggert haldið Ísa-fjarðarsýslu og ferðast um hana; gisti á Sæbóli hjá Jóni, sem þar bjó. Hans yngri dóttir Sesselja var þá heima, en Ragnhildur komin til séra Þorleifs á Reykhólum. Sesselja hafði verið frið og mannvænleg. Hafi Eggert látið hana hvíla hjá sér og tekið hana með sér suður, þá hann hélt Kjalarnesþing; hafi hann átt með henni Ragnheiði 1548 og Björn um 1549; giptst svo Sigríði um 1551, hún dó 1554. Í millitið átti Sesselja barn með Guðna, svo með Eggert 1556. — Þá Eggert giptist Sigríði Þorleifsdóttur, sló Sesselja sér saman við Ara Þormóðsson og átti barn með honum. Hann var náskyldur Eggert. Því hélt Eggert, að hann mætti ei ekta Sesselju; tók hana þó til sín eptir dauða Sigríðar 1555 og sótti um kongsleyfi 1558 að ekta hana; dró þó að giptast henni. Sesselja vildi sem fyrst ekta Eggert, en hann dró það

1) Í Ísl. sagnapáttum I, 45—51 (sérprentun úr Þjóðólfi), er frá-sögn um það, hvernig Eggert komst i kynni við Sesselju, og er sennilegt, að hún sé sögulega rétt. Sigurður Ormsson (sbr. III, 19) sá er meðgekk hörn þau, er Eggert átti með Herðisi Þorleifsdóttur, átti Guðrúnu dóttur Eyjólfssonar á Hjalla og Ásdísar Pálsdóttur, systur Ögmundar biskups. Það sést af bréfum, svo að það er rétt, sem segir í Ísl. sagnapáttum bls. 52, að Sigurður hafi átt systurdóttur Ögmundar biskups, en þá er eg reit aths. við III, 19, var mér ekki kunnugt um nafn konu Sigurðar Ormssonar. Það er þessi Guðrún, sem séra Jón Egilsson getur um í Biskupaannálum (Safn til s. Ísl. I, 74), en segist ekki muna nafn hennar.



til þess hún var komin að falli; því sagði Sesselja við hann: »Var nú betra en áður?« Sumir segja, að Sesselja hafi legið á barnssæng, þá Eggert giptist henni. Sagt er, að Eggert hafi haldið heimilisprest, er þá var venja ríkra.

Systur Sesselju voru: Ragnhildur<sup>1)</sup>, barnamóðir séra Þorleifs á Reykhólum og Guðlaug, barnamóðir séra Indriða í Kálfanesi.

*Börn:*

A. Björn dó utanlands ógiptur. Skaut sig í hel af óvilja. Launson hans:

a. Ólafur átti Ingveldi dóttur Þorláks sýslumanns Einarssonar (sjá Ísafjarðarsýslu). Eggert lögmaður Hannesson gaf afkomendum Björns í löggjöf: Lambeyri, Suðureyri og hálfan Sellátur í Tálknafirði.

B. Þorleifur fór utan, þá hann var á unga aldri. Spurðist aldrei til þess skips.

C. Jón kallaður Murti, vænn maður, kom sér vel. Hann vó Jón Grimsson í Síðumúla 1570, varð því útlægur; fór til Hamborgar, giptist þar og átti 2 sonu: Árna og Eggert, sem aldrei komu til Íslands. Jón tjáist að hafa orðið bráðkvaddur, þá hann var að telja fisk.

D. Ragnheiður átti Magnús sýslumann Jónsson í Ögri og Bæ (sjá Barðastrandarsýslu).

*Kona þriðja* Eggerts var Steinunn Jónsdóttir, barnamóðir séra Björns Jónssonar biskups Arasonar. Þau voru barnlaus og skildu.

Ragnhildur Jónsdóttir, systir Sesselju barnamóður Eggerts lögmanns, hafði verið að ráði með séra Þorleifi á Reykhólum Björnssyni og átti með honum dóttur, sem hét Herdis. Hún fór á unga aldri til Eggerts lögmanns; átti þar dóttur að nafni Sesselju. Var hún nefnd Sigurðardóttir og giptist seinna Bjarna á Brjánslæk, syni séra Björns á Melstað Jónssonar biskups Arasonar. Fastnaði Bjarni Sesselju Eggertsdóttur; er ekki getið, að Eggert lögmaður hafi haft á móti því (sjá þeirra börn við Stranda-

1) Þetta mun ekki rétt (sbr. II, 595).

sýslu). Herdis átti seinna Jón Tindsson; gaf séra Þorleifur dóttur sinni Miðhús í heimanmund, og fól Eggert lögmanni umsjón hennar og annara barna sinna fjárforræði.

Eptir það Eggert var farinn til Hamborgar, er mælt hann hafi gipt sig konu, sem hafi heitið Arnguður, og þau hafi ei átt börn. —

Eggert var borinn nálægt 1518; ólst upp með foreldrum sínum og fór utan með þeim 1526. Kom út með móður sinni 1531, og var þar eptir opt í förum. Var hjá Gissuri biskupsefni 1538 og fór utan með honum 1539, og með Gissuri biskupi var hann utanlands 1542. Varð þénari og skrifari Kristófers Hvítfelds og fór með honum utan. Varð 1544 áhangandi Otta Stigssyni. Það er meining, að hann hafi tekið Kjalarnesþing eptir Pétur Einarsson, því ritfært er hann hafi haldið Gullbringusýslu 1545, (en Pétur þá Kjsarsýslu). Hélt Eggert þá og Bessastaði; hafði bú í Viðey, lét Sesselju fylgikonu sína vera þar fyrir búi, en sjálfur bjó Eggert í Nesi við Seltjörn 1551. Í dómi þeim, er hann 1552 lét ganga á alþingi um bana menn Kristjáns skrifara, kallast hann kongsumboðsmaður, fógeli og höfuðsmaður yfir allt Ísland. Var hann þá í miklum uppgangi; er og ritað hann hafi haldið jafnframt þessu Þorskafjarðarþing, og haft Björn bróður sinn þar fyrir umboðsmann. Það er víst, að 1548 hélt hann Þorskafjarðarþing (Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur), því hann lét þar þá dóm ganga, og annan fyrri, 1545, á Mosvöllum yfir því, að þeir bræður Ólafur og Sigmundur Gunnarsynir fóthjuggu Brynjólf Jónsson; urðu þeir útlægir etc. Þó segir sumstaðar, að sá dómur hafi ei fram farið fyr en 1548. Þetta ár, 1548, var Ragnheiður dóttir hans borin í Viðey. 1550 fór Eggert utan, en setti umboðsmenn yfir léni sín. 1551 kom hann út, og var af konungi gerður umboðsmaður hirðstjórans Páls Hvítfelds; hélt hann þeim völdum til 1554 ásamt Þorskafjarðarþingi. 1554 fluttist hann frá Nesi að Saurbæ á Rauðasandi, en hans umboðsmaður Björn bróðir hans ætlaði að flytja frá Saurbæ að Nesi sjóveg og týndist í þeirri ferð. Björn hafði þá haldið Hvamum í Hvammssveit rúm 4 ár af tilhlutun

Daða sýslumanns í Snóksdal, sem sleppti honum 1550, þá hann tók Staðarhól. Björn átti Þórunni dóttur Daða (sjá þeirra afkomendur við Snæfellsnessýslu). Flest börn Björns voru annarsstaðar að fóstri og týndust því ekki með þeim hjónum.

1558, þá Daði frásagði sér Helgafellsklaustur og sýslu, tók Eggert það, en sleppti því 1560.

1553 missti Erlendur lögmaður á Strönd lögsögn; gerðist Eggert þá lögmaður í hans stað sunnan og austan. Kongsveitingarbréf Eggerts dat. 1554 með Árnessýslu í lögmannskaup. Sama ár missti Ormur Sturluson lögdæmið norðan og vestan, og tók Oddur Gottskálksson það, en drukknaði í Laxá í Kjós 1556; gerðist þá Páll á Hlíðar-enda lögmaður í hans stað norðan og vestan. En til hægðar hvorutveggjum höfðu þeir Eggert lögdæmaskipti og tók Páll lögsögn sunnan og austan, en Eggert norðan og vestan 1556.

1555 byrjaði Árni Gíslason arfaþrætumálið gamla, sem Björn sýslumaður Guðnason og margir fleiri áttu þátt í. Var dæmt á alþingi, að þeir báðir skyldu frambera málið fyrir konung. Árni gat fengið þá meðkenning Jóns lögmanns Sigmundssonar, er Stefán biskup Jónsson hafði annaðhvort upp á hann logið eða af honum pyntað, þá hann leysti hann úr banni, að hann hefði dæmt rangan dóm í því máli, og fór utan með hann 1555, en Eggert fór hvergi; vann því Árni málið eptir kongsdómi; þar með fékk Árni sér veitta Ísafjarðarsýslu, að vísu norðurpartinn, og kongsjarðir þar í léni 1556, einnig jarðir Ögmundar biskups, sem Eggert hafði haft. Hélt Árni Ísafjarðarsýslu til þess hann tók Húnavatnsþing 1558 og Þingeyrarklaustur. (Sjá um þeirra mál við Barðastrandarsýslu). Loks sættust þeir á alþingi fyrir beztu manna milligöngu 1560. 1558 fékk Eggert hjá Knúti höfuðsmanni Steinssyni bréf fyrir Snæfellsnessýslu og Helgafellsklaustri, einnig nýja veiting fyrir Ísafjarðarsýslu og lögdæmi norðan og vestan, kongsveiting af 24. apríl 1558 og aptur af 28. marz 1560. Skyldi hann hafa í lögmannslaun Barðastrandarsýslu. Snæfellsnessýslu og Helgafellsklaustri meina eg hann hafi sleppt 1560, en Ísafjarðarsýslu hélt hann um hríð. — Hvort hann

hefur haft Dalasýslu að veiting 1558—60 er óvist, en hafi svo verið, hefur hann sleppt henni 1560.

1560 arfleiddi Eggert við Núpskirkju í Dýrafirði sín frilluborin börn: Björn, Þorleif og Ragnheiði. Björn skaut sig, sem fyr er sagt, af ógáti til bana; átti þó þá lifandi launson, hverjum Eggert gaf seinna Lambeyri, Suðureyri og hálfan Sellátur. Þorleifur fór utan og spurðist aldrei til þess skips. Ragnheiður giptist Magnúsi sýslumanni Jónssyni og átti fjölmenna afkomendur. Tók Eggert 1563 Magnús fyrir sinn umboðsmann, og varð hann ágætur maður. 1563, þá Páll Stígsson keypti af Vigfúsi sýslumanni Þorsteinssyni brennisteinsnámurnar, tók hann hálfu Þingeyjarsýslu af Magnúsi og fékk hana Vigfúsi, en nokkra ára afgjald sýslunnar var betalingur fyrir námurnar. Magnús fór þá vestur til Eggerts.

Fjargæzlumaður mikill var Eggert, og keypti mikið jarðagóz í ýmsum stöðum, sem lengi hélzt í ætt hans. 1557 seldi Guðrún eldri Björnsdóttir á Brjánslæg á Barðaströnd þá stödd, syni sínum Eggert lögmanni: Lokinhamra 24 hndr., Dalsdal 12 hndr., Selvog 12 hndr. Hér á móti fékk Eggert Guðrúnu: Tungu í Patreksfirði, í Örlygshöfn 20 hndr., Kirkjuból í Mosdal 12 hndr., Skóga 12 hndr., Gillastaði í Króksfirði 12 hndr. Guðrún áskildi, að 20 hndr. í Lokinhömrum skyldu koma fyrir Tungu. Hún gaf og Margréti Hannesdóttur, dóttur sinni, og hennar erfingjum til æfinlegrar eignar, að hafa tolllaust skip í Lokinhömrum. Hún áskildi sér og alla afgipt af téðum sínum seldum jörðum sína daga, en Eggert skyldi hafa umboðið sem eigari og afgipt sína sér seldu jarða. — 1555 skiptu þeir Grímur Þorleifsson á Möðruvöllum og Eggert lögmaður eptirskrifuðum jörðum á Þingvelli miðvikudag næstan fyrir Pétursmessu og Páls. Eggert lögmaður fékk Grími: Kaupangur 60 hndr., Kroppsstaði 20 hndr., Fífilgerði 20 hndr., í Eyrarlandi 20 hndr., Leifsstaði 20 hndr., allar í Eyjafirði, Hvamm í Ölfusi 30 hndr., og hér að auk 32 kúgildi. Grímur fékk þar fyrir Eggert þessar jarðir: Ballará 50 hndr., Svíney 30 hndr., Víghólsstaði 24 hndr., allar á Skarðsströnd, 24 hndr. jörð vestur á Mýrum, Ketilsstaði 30 hndr., Álptárbakka 12 hndr., og með þessum 6 jörð-

um 32 kúgildi etc. Eggert gerði við ýmsa miklu fleiri jarðakaup. 1566 dæmdi Eggert sem lögmaður um Möðruvallaarf, að seinni börn Þorleifs Grímssonar skyldu eptir tiltölu taka arf við hans fyrri börn, svo að fjórmenningsmægðir hans og konu hans stæðu þar ei fyrir.

1568 kom Ormur Sturluson út með lögðæmið norðan og vestan, og hafði fengið Barðastrandarsýslu í lögmannslaun; fór til alþingis að segja lög, en Eggert mótstóð honum, brá bríglum, hélt lögmannsembætti og sýslunni fyrir honum. Stefndi Ormur þá Eggert lögmanni fyrir konung og fór utan, en Eggert fór hvergi, og skrifaði þar um ekkert, en gaf Jóni sýslumanni Marteinsyni að standa fyrir sínu máli; tjáist Jón hafa því ei mjög framfylgt utanlands. 1569 kom út höfuðsmaðurinn Kristófer Walchendorph; meðal annars skyldi hann prófa ákærur þær, er komnar voru milli Orms og Eggerts. Svo bar til, að skip það, er höfuðsmaðurinn kom á, rak fyrir Vestfirði nálægt Bæ, þar Eggert bjó. Fór höfuðsmaðurinn þar frá skipi til Bæjar; tók Eggert við honum mæta vel, dvaldi höfuðsmaðurinn þar hjá honum nokkra daga. Lagði Eggert honum til hesta og fylgdarmenn til alþingis og fylgdi honum sjálfur suður, túlkaði mál sitt og bróður barna sinna, (því Staðarhóls-Páli var eignað, að vilja koma fé Daða undir kong). Þá þeir komu suður í Saurbæjarsveit, vildi höfuðsmaður heimsækja Staðarhóls-Pál á hans garð; (var Páll þá ei fyrir löngu út kominn og nýlega fluttur að Staðarhóli); kom hann ásamt Ormi út, og hafði fengið kongsverndarbréf. Mýrótt er heimreiðar að Staðarhóli; fékk Eggert kunnugan mann til fylgdar, og bað hann fara hvert fen af öðru. Hann gerði svo, og veltust menn og hestar um. Þá þar kom var Páll ekki heima, og enginn viðbúnaður. Spyr þá höfuðsmaður að stofu Páls. Eggert lést ei vita utan af tópt einni, í hverri hann kynni máske að byggja stofu seinna. Virti höfuðsmaður þá Pál flest fyrir skrum og raup. Þá til alþingis kom, lét höfuðsmaður Orm lögmann taka lögmannsembætti, og setti undir hans og lögréttunnar dóm um mál Daða; þá voru allir hræddir fyrir kongsvaldinu, og þó engar sakir væru frambornar móti honum, þá dánun, utan svokallaðar hór-

dómsbarneignir hans, voru erfingjum Daða dæmdar bætur til kongs 500 rd. specie; samþykkti Ormur lögmaður þann dóm 7. júlí 1569. Galt Eggert lögmaður þær ídæmdu bætur og tók seinna þar fyrir Sæból á Ingjaldssandi. (Annarsstaðar er ritað: 1567 þann 25. júlí er dagsett á Bessastöðum kvittering Eggert lögmanni gefin fyrir 500 rd. specie til útlausnar fé Daða; (mun eiga að vera 1569)).

Þetta ár missti Eggert lögsögu; voru þá þorin sáttmál af Gísla biskupi og öðrum millum Orms og Eggerts, svo þeir urðu sáttir að kalla. Meina eg að Eggert héldi þá Barðastrandarsýslu upp á reikning við Orm næstfylgjandi ár; þó er það óvíst hvernig samdist. 1569 setti Walchendorph Eggert til að gegna lögmannsverkum sunnun og austan, því Páll á Hlíðarenda var sjúkur og komst ei til þings. 1569 endurnýjaði Walchendorph Eggerts veitingu fyrir Ísafjarðarsýslu, og skipaði honum prófastsdæmi um Vestfjörðu.

Um þessar mundir giptist Eggert Steinunni, sem áður hafði fylgt séra Birni á Melstað, og átt með honum mörg börn (sjá Strandasýslu), og með Ólafi frá Geitaskarði eina dóttur (sjá Strandasýslu). Ekki áttu þau Eggert börn saman, féll og ekki ásamt; fór hún því frá Eggert til Guðrúnar dóttur sinnar í Snóksdal og deyði þar mjög öldruð (sjá um Guðrúnu og hennar afkomendur við Snæfellsnessýslu).

Ari Andrésson hafði til vináttu við Ögmund biskup gefið Saurbæ á Rauðasandi fyrir beneficium undir Skálholtskirkju, en þá Ari dó fyrir 1540, hafði biskup tekið þann stað, og gefið sveini sínum Sigurði Ormssyni, (en fékk þó Skálholtskirkju þar fyrir aðrar jarðir). Sigurður fékk Erlingi frænda sínum Gíslasyni Bæ. Jón og Ormur synir Erlings erfðu hann, gerðust sveinar Eggerts lögmanns og seldu honum Bæ. En Jón Grímsson þóttist eiga brígðarétt til hans; af því kom sundurþykki millum Eggerts lögmanns og Jóns, svo Jón var veginn í Síðumúla 1570 (sjá þar um Mýrasýslu). Þetta varð til óhróðurs Eggert lögmanni, þar honum voru kennd völd þess, þó það vitnaðist ekki. Þórður lögmaður dæmdi um vígið, og varð Jón murti son Eggerts útlægur; fór til Hamborgar 1570 og kom

ei út síðan. 1571 var Eggert af kongi boðaður utan. 1572 eða 1573 missti Ormur lögmaður aptur lögmannsdæmið; tók þá Eggert enn Barðastrandarsýslu til fullrar veitingar, en tengdasonur hans Magnús hafði þá að visu norðurpart Ísafjarðarsýslu, og um tíma Strandasýslu. Sat þá Eggert að völdum í Bæ; liðu svo fram stundir.

1578 dag 12. maí var Jóhanni Buchholt skipað af kongi, að láta Eggert fara utan, hvað hann gerði, en Eggert kom út 1579; hafði þá fengið leyfi að láta uppsigla Skutulsfjörð og Dýrafjörð og nýja veiting fyrir Barðastrandarsýslu dat. 12. des. 1579. 1579 var Eggert rændur af reyfurum (ránsmönnum frá Stade). Sótti hann kong um hjálp og fór utan samsumars. Fékk hann nokkra rétting sinna mála; ránsmennirnir urðu uppvisir og hengdir. 1580 kom Eggert út; bjóst þó aptur til utanferðar og að búa í Hamborg; fékk hann þá dótturmanni sínum, Magnúsi prúða, allt sitt jarðagóz, sem var sjö hundruð hundræða og þrjátíu hundruð, fyrir utan það, sem hann hafði gefið dóttursyni sínum Birni, Bæ í tannfé, og Ólafi launsyni Björns sonar síns Lambeyri, Suðureyri og hálfan Sellátur. Tók Eggert sér far með Vatnsfjarðarskipi. Við burtför sína hafði hann boð inni; voru þar viðstaddir margir ætt- og tengdamenn hans; veitti hann öllum kappsamlega og þar voru drykkjur stórar. Fylgdu þeir honum á skipsfjöl og kvöddu hann þar í hinnsta sinn. Þá kvað hann:

Eitt sinn kemur endadægur,  
allra lýða um síðir,  
svo er enginn sikling frægur,  
að sínum dauða' ei kviði.

Hann komst lukkulega til Hamborgar til sonar síns; hafði hann um mörg fyrirfarandi ár sent þangað vörur, svo mælt er hann hafi þar á rentu haft tvikleyft við jarðagóz hér, og hafi af rentunum lifað sem stórherra. Sögn er, að hann hafi þar gipt sig borgaradóttur ríkri, ei hafi þau barn átt; þá hafi sá kvittur upp komið, að hann ætti konu á Íslandi, þar fyrir hafi hann unnið eið. Það er sögn, að hann hafi hrokkið fram úr sænginni og legið

dauður á gólfinu; var það kennt göldrum. En það er sögn Steinunnar í Snóksdal konu hans, að hann hafi af drykkjuskap dáíð. (Sjá um ráu og utanferð Eggerts við Barðastrandarsýslu).

Margir dómur eru ritaðir áður eptir Eggert, bæði þeir, er hann dæmdi í héraði sem sýslumaður og lögmaður, og svo margir dómur á alþingi, hverjum eg sleppi, (því að þeir eru ritaðir áður); er það einasta til sanninda, að sá hafi verið valdsmaður við þá og þá tíð, sem þeir eru teiknaðir.

Eggert skal annars hafa verið skarpur maður, og í ungdæmi uppvöðslumikill, vitur, sérdrægur og forsjáll í fjársökum, annars höfðingi, þá því var að skipta. Lífhræddur og ekkert mikilmenni að kröptum eða hugdirfsku, ekki friður ásýndum, kvennhollur og vinur vina sinna, ættrækinn og fastlyndur um það hann tók sér fyrir, góður lagamaður á sinni tíð, lærdómsmaður á öll þáverandi lífandi Norðurlandatungumál, einkum dönsku og þjóðversku, sem honum var jafntóm og islenzka, þar hann ungur hafði lengi verið utanlands og var opt í utanferðum. Hann var hinn séðasti kaupmaður og búhöldur mikill. Tók opt vetrarsetumenn og vildi þeir hefðu með ærlegu móti sem mest ofan af fyrir sér, til dæmis: Jón Nesten, hvern hann um vetur hafði tekið sem fálkafangara, og neytt hann til að róa til sjávar um haustið með vinnumönnum sínum, en þá téður Jón heimkom, hafði hann látið steikja fyrir sig fiskinn og ýmislega krydda hann. Einhvern tíma hafði Eggert mætt honum með tvo fiska og sagt: »Sjóddu annan, en steiktu annan« (upp á háð). Um þetta brígslaði Jón Eggert, þá hann var fanginn hjá reyfurunum, og sagði hann hefði tálmað ábata sínum í höndlun þann vetur hann hjá honum var, því Eggert vildi hann seldi ei dýrara en lög ákváðu. En vildi hann ei framvegis halda. —

#### *Um ránið í Saurbæ.*

Jón hét maður, Nesten að viðurnefni. Hann var vetrartíma hjá Eggert í Saurbæ, en fékk ei seinna þar húsmennsku. Honum féll illa við Eggert, og kom sér til



nokkurra, sem gerðu sig út frá Flyssingen og Stade, á hvalaveiðar 1579. En í stað annars veiðiskapar, sem þeim mislukkaðist, fóru þeir undir Vestfirði, ræntu því þeir gátu fundið fémetu og vildu eiga, bæði frá búendum og kirkjum; fóru fljótt yfir, nauðguðu kvennfólki, þá þeir náðu því; komu á Patreksfjörð og lögðust hjá Hænuvík. Þar bjó þá Geirmundur Jónsson, og hugði þetta mundu vera hollenzkir duggarar; fór fram til þeirra á báti. Þessir ræningjar höfðu tekið annað skip í hafi, ekki drepit fólk-  
ið, en tekið það þeir fundu fémett. Þá Geirmundur kom fram á skípið, voru þeir við hann vingjarnlegir, gáfu honum að drekka og spurðu um Eggert lögmann og Magnús mág hans. Geirmundur vildi ekkert segja; kom þá til þjarks; tóku þeir þá hann og söguðu með heitu jární á fætur hans og létu glóandi fleski drjúpa á bert bak hans, skammfærðu hann og höfðu svo hjá sér. Þeir tóku bát hans og drenginn, sem með honum var, fluttust svo í land í Hænuvík 60 manns á bátnum; drenginn höfðu þeir í snæri og skipuðu honum að fara veginn til Eggerts í Bæ; gengu þeir svo um nóttina þingmannaleið, og komu af fjallinu um morguninn snemma; voru þá í Bæ ei fyrir utan 3 eða 4 karlmenn og vinnukonur. Snemma morguns gekk gömul kerling í Bæ út, og sá flokkinn koma nærri bænum, en sem þeir sáu konuna fara inn í bæinn, tóku þeir á rás sem mest. Hún kom inn og sagði hvað á ferðum væri. Halldór Jónsson, ungur verkamaður, hljóp út, sá flokkinn og sagði strax Eggert, sem gat til, að vera mundi illþýði og ræningjar. Eggert hljóp á fætur í skyrtu einni til baðstofu og þar inn undir pallinn. Staðurinn var tvídyraður; skipaði Halldór tveim vinnuönnum strax fyrir aðrar dyrnar og bera fyrir hurðina hvað þeir kynnu, en hann luktí aðrar aptur. Þeir umkringdu strax staðinn, brutu upp dyrnar í því Halldór var að seilast eptir mjöltunnu að setja fyrir þær; skutu þeir þá gegnum hurðina, flaug það með brjósti Halldórs, svo aftók skinnið og svo í gegnum handlegginn, svo Halldóri var hendin ónýtt og máttlaus, komust þá ræningjar inn; var Jón Nesten fyrir þeim. (Hann hafði margt ár verið hér fálkameistari, og gaf það Eggert að sök, að hann kvaðst fyrir nokkrum

árum hafa viljað fá hjá honum vetrarvist, en ekki fengið, kvað það hafa gert sér stóran бага á eignum sínum). Hann spurði, hvort Eggert væri heima. Vinnumennirnir sögðu hann burt riðinn; þá rannsökuðu þeir bæinn og fundu volgt rúm Eggerts, sögðu því hann væri heima. Leituðu þeir þá betur, stungu spjótum sínum undir rúmin og bekkina. En sem þeir komu í baðstofu og stungu spjótum sínum langt inn undir pallinn, hljóðaði Eggert upp af hræðslu og fór fram undan pallinum í hendur þeim; tóku þeir hann þar og höfðu hann fyrst í skála og létu hann klæða sig. Síðan hjuggu þeir upp lokin á kistum og hirzlum í bænum og kirkjunni eða hvar sem voru, og tóku það þeir vildu, héldu sig vel við öl og mat, því nóg var til. Eggert vildi ekki drekka. Skipuðu þeir honum þá að segja til, hvar hans silfur og peningar væru; tóku allt það þeir fundu og höfðu hann síðan með sér til skips, hétu honum lausn mót miklu gjaldi. Eggert skrifaði þá mági sínum, Magnúsi sýslumanni í Ögri og öðrum vinum sínum, og bað þá leysa sig út. Vikust allir vel undir það. Magnús skrifaði um tvær sýslur til rikustu manna, Torfa sýslumanns á Kirkjubóli Jónssonar og fleiri; létu menn bæði dali og kvennsilfur; hálf vætt silfurs kom úr Snóksdal. Er sagt allt silfrið til samans hafi vegið hálfu aðra vætt og samgilt 1920 spesíum. Ekki líkaði ránsmönnunum það; var því þar að auk betalað í nautum og sauðum, og Eggert mátti enn nú fá fyrir sig borgunarmann utanlands, skipara einn frá Stade. Er það sögu Eggerts, að allt lausnarféð hafi hlaupið til átta þúsund marka lýbeskra. Eptir það Eggert hafði hjá þeim verið á ýmsum höfnum, og lengst á Ísafirði, í ærlegu haldi í fjórar vikur, og þeir fengið féð og neytt hann til að lofa með eiði, að hefna ei þessa né kлага það, slepptu þeir honum á Ísafirði. Ekki hélt Eggert þann eið, fór hann utan til Danmerkur sama haustið (sjá hér að framan); kom út 1580, og fór samsumars utan til Hamborgar, giptist þar og lifði um hrið í blóma, þar til hann dýyði háaldraður. Rítað er að Eggert hafi dáið í Hamborg 1584, en aðrar sagnir eru, að hann hafi þar lengur lifað.

Eggert varð ættsæll maður hér á landi, einkum af

Ragnheiði og Sesselju dætrum sínum. Mestu menn á Íslandi hafa átt að rekja kyn sitt til Ragnheiðar. En af Sesselju var kominn séra Ólafur á Söndum og margir aðrir miklir gáfumenn, þó ei yrðu þeir þvílíkir valdamenn sem afkomendur Ragnheiðar Eggertsdóttur.

Eftir það Eggert sleppti Gullbringu- og Kjósarsýslum, höfðu umboðsmenn hirðstjórans optast þessar sýslur sjálfir, létu þó stundum aðra ganga dóma, og tóku þar til ýmsa, er þá voru næstir eða við hendina, eftir sem þeim sýndist í hvert sinn. Litur svo út, sem þeir hafi optast haft Gullbringusýslu, en stundum lénad öðrum Kjósarsýslu. Líkast er að Hákon í Nesi hafi opt gengið dóma þeirra vegna, eða Jón sýslumaður Marteinson til þess Gíslí Þórðarson tók þá við. —

*Nokkrir útlendir höfuðsmanna umboðsmenu*, sem eg meina hafi haft sýsluvöld í Kjalarnesþingi eftir reformationen.

*Kristján* skrifari um 1550 að nokkru, drepinn 1551.

*Páll Stígsson* 1555, varð hirðstjóri 1559.

*Niels Ólafsson*<sup>1)</sup> 1564. Hann setti *Skeggja Guðmundsson*<sup>2)</sup> fyrir Gullbringusýslu 1562.

*Ólafur Bagge* 1569 og aftur 1579.<sup>3)</sup>

1) Niels var fögeti Páls Stígssonar. Í dómi, sem hann lét ganga að Bakkarholti í Ölfusi 1564 um reka á Þorlákshafnarskeiði, kallar hann sig kongsins umboðsmann yfir þremur fjórðungum landsins (sbr. Safn til s. Ísl. II, 705).

2) Skeggi sýslumaður gerði arfaskipti eftir Jón Pálsson í Mýdal í Kjós 1562 (sbr. bls. 6 hér að framan). Hve lengi hann hefur verið sýslumaður í Gullbringusýslu verður ekki séð. Hann hefur eflaust ekki verið nema umboðsmaður hirðstjóra-fögetans. Skeggi er meðal dómsmanna í dómum Þórðar lögmanns 1572, 1573 og 1574. Um ætt hans er ókunnugt. Son hans er eflaust sá Sigurður Skeggjason, sem er einn dómsmanna á Kópavogsþingi 1585.

3) Í bréfi gerðu í Skálholti 16. sept. 1569 er Ólafur Baggi kallaður *Jansson* og séra J. H. kallar hann í ættatölum sínum *Jensson*, en annarsstaður er hann kallaður *Jónsson* (sbr. Safn til s. Ísl. II, 225). Í hinu fyrnefnda Skálholtsbréfi 1569 er hann nefndur »hirðstjóri yfir allt Ísland». Gæti svo litið út í fljótu

*Bertel Ólafsson*<sup>1)</sup>, dæmði dóm í Kópavogi 11. maí 1571. *Benedikt Pétursson* 1572, fékk sér 2 konur, dó 1577<sup>2)</sup>. *Eiríkur Jakobsson*<sup>3)</sup> var Bucholts umboðsmaður 1576—1577.

*Jakob Hansson* eða *Hannesson*, varð 1581 hirðstjóra umboðsmaður og hélt sjálfur Gullbringusýslu og lét þar ganga dóm 6 manna í Kópavogi um ómaga 1585. Eins og flestir hirðstjóraumboðsmenn, notaði hann þó optast aðra, og sinn í hvert sinn til dómaraverka í sýslunni.

*Erasmus Michelsson*, 1593<sup>4)</sup>.

*Rasmus Nielsson*, umboðsmaður 1593<sup>5)</sup>.

bragði eptir því bréfi, að hann hefði verið bróðir Vigfúsar Jónssonar á Kalastöðum, en þá er nánar er aðgætt, er svo að sjá, sem Ólafur bróðir Vigfúsar sé annar maður en Ólafur Baggi, sem séra J. H. segir, að hafi verið danskur. Hann var sendur út 1579 með bænarskrá lögmanna og annara fyrimanna á Íslandi um nauðsynjar landsins og bágindi (Safn til s. Ísl. II, 225—227). Ólafur Baggi bjó í Nesi við Seltjörn fram að 1600. Því næst sigldi hann og var borgari í Málmey, var á lifi 1606, því að þá skipar Kristján konungur 4. Herluf Daæ að innkalla skuldir hans hér á landi. Hann var kvæntur Ingiríði dóttur Marteins biskups og dó hún barnlaus.

1) Bertel nefnist *Barthiel Ólafsson* í bréfi gerðu í Skálholti 16. sept. 1569 (í skjölum, er fylgja jarðabók Árna Magnússonar við Kjósarsýslu). Hann útnefnir sem sýslumaðnr í Gullbringusýslu dóm í Kópavogi 11. maí 1571 um mál Péturs skraddara (sbr. Hirðstjóraannál J. Halldórssonar: Safn til s. Ísl. II, 714). 1572 er hann og sýslumaður.

2) Sbr. Safn til s. Ísl. II, 715 og 125. Hann hafði fest sér tvær konur hér á landi í senn, og þess vegna tók höfuðsmaðurinn allt góz hans undir sína hönd.

3) Eiríkur var hér umboðsmaður 7. ágúst 1578 (sbr. Safn til s. Ísl. II, 715).

4) Hann var »fullmektugur« Hinriks Krag, eins og sjá má af Kópavogsdómi Þórðar lögmanns 17. sept. 1593 um missætti þeirra bræðra Narfa og Ögmundar Ormssona í Reykjavík (Safn til s. Ísl. II, 722).

5) Mun réttara 1596, þá sigldi Brostrup Gedde hirðstjóri hédan, og Rasmus var umboðsmaður hans hér og reið þá vestur í Ísafjörð til að athuga kærur Ísfirðinga gegn lagaleysi Páls Jónssonar á Reykhólum (Staðarhóls-Páls) sbr. Safn til s. Ísl. II, 725.

*Rasmus Söffrensson*; 1594 meðkændist hann, að ei hefði fengið né kunnað að heimta tíundir af prestum í Gullbringusýslu. Áður hafði Henrik Krag sett hann undir mann Henriks Mikaelssonar fyrir sýsluna.

*Joakim Solke* 1600<sup>1</sup>).

*Johann Sodecke*<sup>2</sup>) 1602.

*Enevold Kristensen*<sup>3</sup>) varð 1603 umboðsmaður hirðstjórans Enevolds Kruse. 2. maí 1603 útnefndi hann dómsmenn á Býjaskerjum um fátækt fólk.

*Pétur Brenner*<sup>4</sup>) og *Björn Benediktsson*<sup>5</sup>) 1609.

*Jörgen Danielsson* 1611, og aptur umboðsmaður 1630<sup>6</sup>).

*Laurus Rasmussen*, umboðsmaður um veturinn 1616.

*Hans Mandixen* kongl. majest. umboðsmaður í Gullbringusýslu. Útnefndi 6 manna dóm á Býjaskerjum 27. apríl 1618, um skuldaheimting etc. Sama ár og dag um blak og hnefahögg etc. Sama ár, dag 11. maí, á Kópavopi um klögun eptir arfi.

*Andrés Hansson* 1619<sup>7</sup>).

1) Sbr. Safn til s. Ísl. II, 718. Í áreiðarbréfi um landamerki millum Eiðis og Reykjavíkur er hann nefndur »kongl. majestetar umboðsmaður« segir séra Jón Halldórsson í Hirðstjóraannál (Safn II, 718).

2) Er ef til vill sami maður og Jóakim Solke, hér næst á undan (sbr. F. J. Hist. eccl. III, 38).

3) Hann er nefndur *Einvold Kristjánsson* í Hirðstjóraannál séra J. H. (Safn til s. Ísl. II, 727).

4) Sbr. Hirðstjóraannál: Safn til s. Ísl. II, 728.

5) Björn Benediktsson, síðar sýslumaður í Vaðlapingi, hefur verið umboðsmaður á Bessastöðum löngu fyr en 1609, því að þá er hann orðinn sýslumaður. Hefur verið umboðsmaður þar syðra nokkru fyrir 1580 (sbr. I. B. bls. 229). Hann andaðist á Munkapverá 21. ágúst 1617.

6) Jörgen Danielsson sigldi héðan 1616 og kom út aptur 1617 með timbríð til Bessastaðakirkju. Lét hann smíða mjög hátt og stórt timburhús bitalaust, og sagði að slíkt hús kynni ekki að bila eða forganga af veðri, en öðruvisi reyndist, segir séra Jón Halldórsson, því að hún hrapaði gervöll af stormi 2 árum síðar. Jörgen andaðist 4. maí 1638 (Safn til. s. Ísl. II, 729).

7) Sbr. Hirðstjóraannál: Safn til s. Ísl. II, 732.

*Jakob Pétursson* sýslumaður 1620<sup>1</sup>).

*Laurus Hansson* 1628, seinna Snæfellsnessýslumaður<sup>2</sup>).

*Niels Hansson* 1626<sup>3</sup>).

*Jens Söffrensson* 1634, sleppti 1641. 1645 dag 15. janúar honum útgefið kongsbréf að standa fyrir hirðstjóraembætti á Íslandi. Hann var áður 1633 umboðsmaður hirðstjórans Pros Mundt (sjá Hirðstjóraannál). 1636 lét hann sjálfur dóm ganga á Kálfatjörn í orðamáli Hermanns Pálssonar um höfuðsmanninn Pros Mundt. 1639 í lögrettu upplesnir vitnisburðir teknir á þingstöðunum í Gullbringusýslu: Járngerðarstöðum, Býjaskerjum, Kálfatjörn og Kópavogi. Höfuðsmanns fullmektugur og dómari í Gullbringusýslu Jens Söffrensson sór í lögréttu<sup>4</sup>) höfuðsmanni Pros Mundt, lögréttumönnum og lögréttunni áheyrandi eið fyrir barneign með Þórunni Jónsdóttur, sem varð tvisaga, og kendi það barn Hans Péturssyni.<sup>5</sup>)

*Hans Pétursson* sýslumaður í Kjós og Gullbringusýslu 1637 og *Laurits Jónsson*.

*Laurus Nielsson*<sup>6</sup>) 1641 og 1644—45. Pros Mundts fullmakt til hans dat. 1641 júlí 24.

*Matthias Söffrensson*<sup>7</sup>) umboðsmaður 1640.

*Tómas Nikulásson* fógeli 1653<sup>8</sup>).

1) Jakob lét byggja upp Bessastadakirkju, er hrunið hafði, með torfpaki og veggjum af grjóti og torfi. Hann bjó síðar í Kaupmannahöfn og andaðist þar 1641.

2) Sbr. III, 110—112.

3) Sbr. Hirðstjóraannál: Safn til s. Ísl. II, 735.

4) Jens sór fyrir barneign með Þórunni í lögréttn 29. júní 1640 sbr. Alp.bók 1640 p. 281. Sjá um hann meðal annars hirðstjóraannál J. H.: Safn til s. Ísl. II, 745. Hann varð borgmeistari á Kristjánshöfn og dó þar 1659.

5) Um Hans Pétursson sjá hér áður bls. 24—25.

6) Safn til s. Ísl. II, 743—744.

7) Matthias var bróðir Jens Söffrenssonar. Hann andaðist á Bessastöðum 10. des. 1651 (Hirðstjóraannál: Safn II, 752).

8) Um Tómas Nikulásson sjá Hirðstjóraannál J. H.: Safn til s. Ísl. II, 752—753, ennfremur »Bessastadensia« í Ríkisréttindum dr. J. Þorkelss. bls. 129—132. Hann var mjög illa kynntur hér á landi, drukknadi 22. maí 1665.

*Matthias Guðmundsson* umboðsmaður 1656<sup>1</sup>).

*Gregers Mikaelson*<sup>2</sup>) umboðsmaður 1657 (al. Mikael Gregersen 1664).

*Jóhann Pétursson Klein*, umboðsmaður eða fógæti 1661—1667. Kleins seinna umboðsbréf dat. 22. nóv. 1665 en hið fyrra dat. 1660, dags. 26. marz<sup>3</sup>).

*Árni Vigfússon* umboðsmaður Jóhanns Kleins 1661<sup>4</sup>).

*Jakob Benediktsson*, umboðsmaður Jóhanns Péturssonar Kleins; dat. 13. marz 1666<sup>5</sup>).

*Ólafur Jónsson Klow* 1672—1679<sup>6</sup>).

*Lárus Gottorp* 1679—1683<sup>7</sup>).

*Kristofer Heidemann* kom út 1683, og hafði fógætaembætti, og var sem stiptamtmanns fullmektugur, veitti léni, og tók þau af þeim, þá hann vildi, lét og dóma ganga þá honum sýndist. Var drottnunargjarn, harður og ágjarn.

*Lárus Scheving* 1688<sup>8</sup>).

*Andrés Rafn*<sup>9</sup>), tók 1695 við af honum fógætaembætti og þvilíku. Maður kyrrlátur og réttvis.

*Jens Jörgensson*<sup>10</sup>) sveinn hans tók við völdunum 1697.

1) Sjá um Matthias Guðmundsson III, 126—129.

2) Ef til vill sami maður og Gregers Knútsson Bang, áður sýslumaður i Snæfellsnessýslu (III, 121).

3) Um Jóhann Klein sjá Safn til s. Ísl. II, 753—754. Hann dó 1689.

4) Líklega Árni Vigfússon á Heydalsá faðir Vigfúsar sýslumanns i Hnappadalssýslu (III, 291). Í Hirðstjóraannál er hans ekki getið sem umboðsmanns Jóhanns Kleins.

5) Um Jakob Benediktsson sýslumann sjá III, 130—140.

6) Sjá Hirðstjóraannál: Safn II, 754.

7) Um Lárus Gottrup sjá I, 590—596, Lögmannatal Jóns Sigurðssonar og víðar.

8) Um Lárus Scheving sýslumann sjá I, 253—258.

9) Andrés Ívarsson Rafn tók við af Heidemann 1693. Dó á Bessastöðum vorið 1695 (Safn til s. Ísl. II, 779).

10) Hann var áður þjónn eða skrifari Andrésar Ívarssonar, kvæntist 1698 Soffiu Magdalenu Lárusdóttur (eða Márusdóttur), systurdóttur Lárusar Gottrups lögmanns. Var settur frá umboðsmennsku 1702 og var eptir það embættislaus (Safn til s. Ísl. II, 779—780). Börn Jens og Soffiu voru:

## Hákon Björnsson.

- Faðir:* Séra Björn officialis í Saurbæ í Eyjafirði Gíslason; hann var bróðir Árna sýslumanns Gíslasonar á Hlíðarenda (sjá þar ætt hans).
- Móðir:* Málfríður milda, dóttir Torfa prests, er þjónaði í Saurbæ áður, og var svo fastheldinn við hinn fornasið, að heldur vildi hann sleppa prestskap en hafna honum, og fékk þá Björn prestur þann stað. Móðir Málfríðar var Þórunn Jónsdóttir, sem fyrst hélt við Ara lögmann, þeirra dóttir Elín, dó ung; þar eptir við séra Torfa Jónsson, Finnbogasonar lögmanns, og var Málfríður þessi þeirra dóttir. Svo hélt hún við séra Halldór á Helgastöðum (sumir segja fyr en við séra Torfa) þeirra son var Benedikt ríki sýslumaður (sjá um hann við Vöðluþing).
- Kona:* Solveig dóttir Jóns sýslumanns í Eyjafirði sonar Marteins biskups (sjá Vöðluþing).
- Börn:* A. Guðmundur klausturhaldari á Þingeyrum og sýslumaður (sjá Húnavatnsþing).  
B. Sigurður í Ölfusi, átti Ingibjörgu dóttur

- 
- Magdalena, dó í Ártúnum á Kjalarnesi 1776, 71 árs, átti Filippus Húnason smið á Jörfa á Kjalarnesi († 1762), p. b.:
    - Metta Katrín, átti Pál Bjarnason í Ártúnum á Kjalarnesi, p. b.: Jörgen í Götuhúsum í Rvík, Eyjólfur faðir Þorsteins á Mel (III, 297), Bjarni á Vallá, Þórdís átti Einar Þorsteinson og Puriður, er átti Vigfús Magnússon í Galtarholti (III, 183), p. d.: Metta Katrín átti Þorvarð Oddsson í Vælugerði.
    - Páll á Jörfa átti Ástriði Þorvaldsdóttur frá Heiðarbæ Eiríkssonar Loptssonar, p. b.: Soffía, Jórunn, Jóhanna, Bjarni o. fl., er dóu ung.
  - Jörgen, dó í Brautarholti í marz 1772, 65 ára, átti Margréti, p. b.:
    - Lárus á Ketilsstöðum á Kjalarnesi, drukknaði 1788, átti Ingibjörgu Pálsdóttur (Galdra-Páls) lögréttumanns á Árvelli Halldórssonar lögréttumanns Þorbergssonar Hrólfssonar.
    - Eyjólfur átti Önnu Katrínu frá Hlíðarenda.
  - Jóhann. Son hans Márus.
 

Ó. Snókdalín segir ennfremur, að dóttir Jens Jörgenssonar og Soffíu Magdalenu hafi verið Metta Katrín kona Jóns Oddssonar Hjaltalins sýslumanns, en það er skakkt, því að hún hét Metta María og var af allt annari ætt (sjá hér síðar).



Einars sýslumanns Hákonarsonar (sjá Árneshöfning).

- C. Björn á Bakka í Yxnadal, átti Þorkötlu Jónsdóttur, börn:
- a. Jón á Bakka og Kristnesi átti Guðriði Jónsdóttur, bl.
  - b. Málfríður átti Gísla á Rangá Nikulásson, Einarssonar. Móðir Gísla var Helga dóttir Árna sýslumanns Magnússonar á Eiðum (sjá Múlaþing) þ. b.
    - aa. Nikulás og fleiri.
  - c. Halldóra átti séra Jón Hallgrímsson, börn:
    - aa. Hallgrímur.
    - bb. Halldór.
  - d. Þóra átti séra Ólaf Einarsson á Munkaþverá, börn:
    - aa. Helga<sup>1</sup>).
    - bb. Jón og tvö önnur.
  - e. Ástriður laundóttir Björns, átti Hálfdan Bøðvarsson<sup>2</sup>), barn;
    - aa. Jón, sem kom upp morði Magnúsar Benediktssonar. Seinni kona Björns var Þórdís Geirsdóttir<sup>3</sup>), barlaus.
- D. Halldóra, átti 1609 Eggert Hannarson í Snóksdal (sjá þeirra börn við Snæfellsnes-sýslu).
- E. Þórunn Hákonardóttir, átti Kort Þormóðsson, Kortssonar, þ. b.
  - a. Þorleifur lögmaður (sjá Ísafjarðarsýslu).
  - b. Magnús Kortsson í Árbæ í Holtum, lög-réttumaður og lögsagnari (sjá Rangár-

1) Helga var 1. kona séra Þórarins Jónssonar í Stærtaárskógi. Enn var son Björns Hákonarsonar á Bakka: Halldór, drukknadi á Grímseyjarsundi.

2) Dóttir Hálfðanar var Guðrún, er átti Jón Ormsson af Flat-eyjardal, þeirra son Jón á Æsustöðum faðir Hjalta á Gilsá.

3) Hún var dóttir séra Geirs Markússonar á Helgastöðum.

þing) átti Þuríði Magnúsdóttir Þorsteins-  
sonar, p. b.:  
aa. Þorsteinn<sup>1</sup>).  
bb. Magnús<sup>2</sup>).

---

1) Þorsteinn átti Ingunni Magnúsdóttur prests á Breiðabólstað Jónssonar, p. b.:

- a. Kort, bjó í Árnagerði í Fljótshlíð 1710. Son hans var Erasmus á Vomúlastoðum (á Múlastöðum).
- b. Jón.
- c. Magnús. Hans dóttir Kristín móðir Bjarna í Bjólu.
- d. Snorri.

2) Magnús bjó á Úlfjótuvatni í Grafningi 1706, átti Guðrúnu Sæmundsdóttur Magnússonar á Hóli í Bolungarvík Sæmundssonar, p. b.:

- a. Magnús á Breiðabólstað í Ölfusi, átti Valgerði Örnólfsdóttur frá Þórustöðum Jónssonar, p. b.:
  - aa. Magnús í Hlíð í Grafningi, átti Ragnhildi Jónsdóttur, þeirra son:
    - aaa. Snorri á Suður-Reykjum í Mosfellssveit, átti Herdisi Halldórsdóttur frá Úlfjótuvatni Brandssonar, þeirra son: Halldór í Elliðakoti faðir Jóns, er þar bjó síðar, föður Páls verkfræðings á Iðu og þeirra systkina.
  - bb. Agnes átti Jón Einarsson í Grænhól í Ölfusi, p. b.:
    - aaa. Örnólfur á Völlum, átti Steinvöru Jónsdóttur og börn.
    - bbb. Guðmundur á Krossi átti Ingveldi Þórólfsdóttur frá Bakkarholti Ingimundssonar Bergssonar Sturlaugs-sonar, p. b. mörg, þar á meðal: Sigríður, Guðrún, Sesselja, Jóhanna, Guðrjúður, Ragnheiður, Snæbjörn, Þórólfur.
    - ccc. Þóra átti Ólaf Guðmundsson í Grænhól, p. b.: Agnes, Örnólfur, Loftur, Guðmundur, Sigríður.
- cc. Hákon.
- dd. Jón á Þórustöðum átti Katrínu Jónsdóttur frá Hæðar-enda Þorsteinssonar, p. b.:
  - aaa. Jón í Bakkarholtsparti, átti fyr Geirlaugu Þorláks-  
dóttur frá Hjalla Guðmundssonar, en síðar Kristínu  
systur hennar og börn með báðum.
  - bbb. Eysteinn á Bakka í Ölfusi, átti Halldóru Þorláks-  
dóttur frá Hjalla, p. b. mörg, þar á meðal: Hjörtur  
á Gljúfri, faðir Eysteins s. st., Guðmundur í Hlíð í  
Grafningi, Guðmundur annar suður í Vogum, Ragn-  
hildur átti Þorvald Hallvarðsson í Hlíðarhúsum,

- cc. Séra Lýður<sup>1</sup>).  
 dd. Sigurður<sup>2</sup>).  
 ee. Kort<sup>3</sup>).

Solveig og Kristín móðir Eiríks Bjarnasonar á Eiði á Seltjarnarnesi.

- ccc. Vilborg átti Erlend Guðnason í Reykjahjáleigu, p. d.: Jörunn átti fyr Gísla í Reykjahjáleigu Gíslason í Reyjakoti Guðnasonar s. st. Jónssonar Eysteinssonar, þau bræðrabörn. S. m. Jörunnar Gíslí í Reykjahjáleigu Jónsson á Bildsfelli Sigurðssonar.
- ddd. Guðrún átti Þórð Jónsson í Knararnesi á Vatnsleysuströnd, p. d.: Valgerður og Ingibjörg.
- eee. Jón annar, var á Hvalsnesi.
- fff. Sesselja átti Guðmund á Þóróddsstöðum í Ölfusi Ólafsson á Ormsstöðum í Grímsnesi Þórðarsonar Þorkelssonar, p. b. mörg, þar á meðal: Þórður á Gljúfri faðir Sigurðar föður Guðmundar klæðskera í Rvík og Karítas, er átti Ingimund Sturluson frá Þórústöðum í Grímsnesi Jónssonar, p. b.: Guðmundur, fyrrum næturvörður í Rvík, Ísak, fyrrum póstur, Einar í Skálholtskoti, Sigurveig o. fl.

1) Lýður prestur í Skarðspingum, dó 23. ágúst 1746, 87 ára.

Launson hans:

- a. Guðmundur stúdent, átti Sigríði Loptsdóttur. Börn þeirra:  
 a) Lýður sýslumaður í Vík (sjá Skaptafellssýslu). b) Loptur faðir Bjarna stúdents og Þrúðar konu Péturs Sveinssonar á Bjarnastöðum. c) Magnús læknir á Úlfstöðum í Blönduhlíð. d) Guðmundur timburmaður. e) Ólafur. f) Páll. g) Sigríður.

2) Sigurður átti Þuríði Gísladóttur prests Bárðarsonar, p. b.:

- a. Þuríður átti Jón Þorláksson, p. b.:  
 aa. Sigurður.  
 bb. Oddfríður.  
 cc. Þuríður.  
 dd. Solveig.
- b. Arnór.  
 c. Magnús.  
 d. Jón.

3) Kort lögréttumaður í Árbæ, átti fyr Solveigu Gísladóttur prests Bárðarsonar, en síðar Ingibjörgu Daðadóttur prests Steinsholti Halldórssonar, þau bl. En börn hans og Solveigar:

- a. Jón á Járngerðarstöðum. Hans börn:  
 aa. Jón s. st. átti Þórelfu Jónsdóttur, bl.  
 bb. Krístrún átti séra Einar Einarsson í Holtapingum († 1762), þeirra son: Einar á Járngerðarstöðum.

- ff. Valgerður<sup>1</sup>).  
 gg. Solveig.  
 hh. Halldóra.

- 
- b. Þorsteinn í Árbæ í Holtum, átti Elinu Grimsdóttur lögréttu-  
 manns á Reyðarvatni Jónssonar, p. b.:  
 aa. Kort átti Þorgerði Hannesdóttur undan Eyjafjöllum.  
 bb. Jón í Pykkvabæ. Hans synir Erlendur og Pétur, er fyr-  
 átti Æsu Eyvindsdóttur frá Votmúla Ófeigssonar, en síð-  
 ar Kristínu Erlendsdóttur og börn: Gísla og Álfheiði.  
 cc. Grimur í Ostvatnsholti átti Ingunni Þorsteinsdóttur, p. b.  
 Þorsteinn, er átti Guðrúnu Runólfsdóttur prests í Keldna-  
 þingum Jónssonar og Solveig, er átti Ólaf í Ey Gestsson  
 prests Þorlákssonar.  
 dd. Ingunn átti Odd Bjarnason á Rauðalæk, p. d.: Solveig átti  
 Jón Gíslason í Hafnarfirði.  
 ee. Gísli á Morastöðum í Kjós átti Kolfinnu Sigurðardóttur,  
 systur Snorra ríka í Engey, p. d.: Elin átti Odd Snorra-  
 son, þau systkinabörn, þeirra son Arnór.  
 ff. Ingveldur átti Jón á Brekkum Filippusson prests í Kálf-  
 holti Gunnarssonar (sbr. III, 146 n.m.).  
 gg. Guðfinna átti fyr séra Þórð Sveinsson í Kálfholti, en síð-  
 ar séra Odd Jónsson á Felli í Mýrdal, þau bl. En börn  
 hennar og séra Þórðar:  
 a. Guðrún átti Svein Eyjólfsson á Hryggjum.  
 b. Valgerður átti fyr séra Ólaf Árnason aðstoðarprest í  
 Sólheimaþingum, p. b.: Þórður hreppstjóri í Steins-  
 holti í Eystrihrepp og Kristín, er átti séra Stefán Stef-  
 ánsson á Felli í Mýrdal (III, 133). S. m. Valgerðar  
 Þórðardóttur séra Stefán Þorsteinsson á Stóranúpi,  
 var s. k. hans.  
 c. Bjarni átti Soffíu Árnadóttur prests Sigurðssonar og  
 börn (sbr. III, 134).  
 d. Sveinn.  
 e. Árni í Garðakoti í Mýrdal, átti Guðrúnu yngri Þor-  
 steinsdóttur í Vatnsskarðshólum Eyjólfssonar, p. b.:  
 aa. Oddur átti fyr Hallfríði Þórðardóttur, síðar Sol-  
 veigu Hannesdóttur.  
 bb. Þórður kvæntist í Vestmanneyjum.  
 cc. Guðfinna átti Hjaltu Hjaltason í Skarðshjáleigu.  
 dd. Þorsteinn.  
 ee. Finnur var í Vestmanneyjum.

1) Valgerður átti Þorstein (á Járngerðarstöðum), er dó af  
 brennivinsdrykkju 1722, son Þorsteins Þorsteinssonar í Krísvík  
 og Guðrúnar Jónsdóttur prests í Arnarbæli Daðasonar.

- ii. Magnús annar, dó fullvaxinn.
- kk. Lýður annar.
- c. Katrín Kortsdóttir, átti séra Jón Daðason í Arnarbæli, börn:
  - aa. Hákon<sup>1</sup>).
  - bb. Ingveldur<sup>2</sup>).

1) Hákon átti Guðrúnu Markúsdóttur, systur Stokkseyrar-Dísu. (Hórson Guðrúnar með Bergi Benediktssyni var Markús sýslumaður í Ögri).

2) Ingveldur átti Berg Benediktsson lögréttumann á Hjalla; þau skildu fyrir hórdóm Bergs með Guðrúnu mágkonu hans 1689. Börn Bergs og Ingveldar:

- a. Magnús átti Helgu Porkelsdóttur, p. b.:
  - aa. Kolbeinn í Skálavík átti Margrėti Bjarnadóttur, p. b.:
    - aaa. Sigurður átti Unnfríði Órnólfsdóttur.
    - bbb. Magnús á Garðstöðum, tvíkvæntur.
    - ccc. Kristófer átti Ástríði Hákonardóttur, þeirra son Nikulás.
  - Launbörn Kolbeins Magnússonar:
    - ddd. Þorlákur í Minnihlíð, átti Júdit Einarsdóttur, p. b.: Jón í Minnihlíð og Sesselja, er átti Ketil Guðmundsson.
    - eee. Margrét f. k. Jóns Guðmundssonar Tyrfringssonar.
- b. Þorlákur átti Guðnýju Þórðardóttur prests í Villingaholti Þorsteinssonar, p. b.:
  - aa. Jón í Ferjunesi átti Hallfríði Magnúsdóttur, p. b.:
    - aaa. Guðmundur á Björk í Flóa, átti fyr Valgerði Jónsdóttur, p. b.: a) Þórdís átti fyr Guðna Jónsson frá Laugardælum Magnússonar, en síðar Einar Guðmundsson. b) Ingibjörg átti Jón á Bakka í Ölfusi Ívarsson á Bakka Álfssonar (Ívarssonar). c) Þórdís yngri átti Jón Jónsson. d) Halldór í Ásakoti í Flóa, átti Höllu Grímsdóttur frá Öndverðarness-Nordurkoti Jónssonar. e) Guðfinna átti Þorstein Tómasson í Móakoti í Kaldaðarneshverfi og börn. f) Páll í Amótstekkum, átti Gunnvöru Sigurðardóttur Alexíussonar, p. b.: Ívar, var suður á Vatnsleysuströnd, Halldóra átti Álf í Bár Skíðason frá Eyvík Einarssonar og Guðmundur, er átti Ólöfu Arngrímsdóttur Bjarnasonar í Öndverðarnesi Þorlákssonar. S. k. Guðmundar í Björk Ingibjörg Einarsdóttir, p. b.: g) Einar á Selfossi og Krossi í Ölfusi.
  - bb. Bjarni í Öndverðarnesi átti fyr Ólöfu Arngrímsdóttur prests Péturssonar (II, 306), p. b.:

cc. Katrín<sup>1</sup>).

dd. Solveig<sup>2</sup>).

ee. Guðrún<sup>3</sup>).

d. Þórunn Kortsdóttir, átti séra Þorleif Ólafsson í Blöndudalshólum<sup>4</sup>), þeirra börn:  
aa. Jón<sup>5</sup>).

aaa. Þorkell á Kjalvararstöðum, átti Kristínu Jónsdóttur og börn.

bbb. Arngrímur í Bakkarholti, dó 1799. Dóttir hans Ólöf átti Guðmund Pálsson frá Ámótsstekkum (sjá hér á undan), þeirra synir: Arngrímur og Páll.

ccc. Árni í Þorkelsgerði í Selvogi.

ddd. Sigurður.

eee. Sigvaldi.

fff. Guðrún.

ggg. Kláus á Ormsstöðum, átti Ingveldi Jónsdóttur frá Kiðabergi Grímssonar, ekkju Ólafs Þórðarsonar á Ormsstöðum, p. b.: a) Þórdís f. k. Jóns Bjarnasonar frá Minni bæ Sigurðssonar Ásbjörnssonar. b) Oddný átti Bjarna Gunnarsson í Fellskoti í Biskups-tungum, p. b.: Kláus á Blikastöðum og Gunnar á Varmá. c) Ólöf. d) Helga, launson hennar með Grími Skiðasyni, bróður Álfs í Bár, var Sigurður í Landakoti á Álptanesi.

S. k. Bjarna í Öndverðarnesi var Ólöf Bjarnadóttir lög-réttumanns á Hömrum Axelssonar, p. b.:

hhh. Bjarni á Disastöðum og Kotferju átti Hallbjörgu Gísladóttur og börn.

c. Margrét átti Þorgrím Jónsson lögréttumann í Reykjahlíð.

d. Halldóra átti Guðna Bjarnason frá Vetleifsholti, dóu bæði í stóru bólu 1707 (III, 108).

e. Sigurður ráðsmaður í Skálholti, dó 1707.

1) Katrín átti séra Odd Árnason á Kálfatjörn, p. b.:

a. Þorbjörg átti Jón Ísleifsson sýslumann í Skaptafellssýslu (sjá þar).

2) Solveig var s. k. Sæmundar Magnússonar frá Hóli í Bolungarvík. Sjá um þeirra afkomendur II, 224—226.

3) Guðrún kona Þorsteins í Krísvík var laundóttir séra Jóns Daðasonar, en ekki dóttir hans og Katrínar. En son séra Jóns og Katrínar var enn fremur Hannes, mun hafa dáið bl.

4) Sbr. I, 500.

5) Jón veik úr skóla fyrir galdra-grunsemd, eins og Björn

- bb. Björn<sup>1</sup>).
- cc. Guðmundur<sup>2</sup>).
- dd. Sigríður.
- ee. Jón annar<sup>3</sup>).
- ff. Þórunn<sup>4</sup>).

Þórunnar<sup>5</sup>) laundóttir við Gottskálk Þórðarsyni (Þórður var launson Þorleifs á Möðruvöllum, Grímssonar) hét:

gg. Filippía, giptist<sup>6</sup>) og átti börn.

e. Lýður Kortsson fór utan og giptist þar.

Laundóttir Hákonar var:

F. Halldís, átti Finn Skúlason<sup>7</sup>), þ. b.:

a. Jón fór utan frá Kumbaravogi. Varð timburmaður<sup>8</sup>).

b. Málfríður átti Hrómund Tumason í Elliðaey<sup>9</sup>), þ. b.:

---

bróðir hans, og bjó á Hrauni í Yxnadal, var lögréttumaður og síðar ráðsmaður á Hólum.

1) Sjá um Björn Þorleifsson á Guðlaugsstöðum I, 599—600. Hallur son hans var kallaður Barna-Hallur. Launson hans var Jón faðir Péturs á Hrappsstöðum, sbr. III, 35.

2) Guðmundur dó bl.

3) Jón þessi var launson Þorleifs prests, þá er hann var í skóla, átti hann með vinnukonu föður síns.

4) Þórunn giptist ekki. Enn eru talin börn séra Þorleifs og Þórunnar.

gg. Guðrún átti Guðmund Andrésson á Bálkastöðum í Miðfirði.

hh. Sígurður druknaði í Blöndn.

ii. Þorkell dó bl.

5) Á að vera Þórunn Hákonardóttir, en ekki Þórunn Kortdóttir (sjá hér á eptir).

6) Maður Filippíu hét Þorvarður Arason. Þ. b.: Gróa, Vilborg og Ari, faðir Þorvarðar og Brands í Akureyjum, og eru þaðan ættir.

7) Jónssonar Hálfðanarsonar, bróður Daða í Snóksdal, Guðmundssonar.

8) Varð tinsmiður segir séra J. H. (í ættartölum sínum), og mun það réttara. Hann sigldi 1646.

9) Hrómundur bjó á Elliða í Staðarsveit.

- aa. Jón eldri<sup>1</sup>).
- bb. Jón yngri<sup>2</sup>).
- cc. Tómas<sup>3</sup>).
- dd. Sigríður<sup>4</sup>).
- ee. Halldís<sup>5</sup>).
- ff. Þuríður<sup>6</sup>).

G. Þórunn Hákonardóttir yngri andaðist í ból-  
unni 1616.

(NB. Sumar ættartölur segja, að það hafi verið Þórunn Hákonardóttir eldri, en ekki Þórunn Kortsdóttir, sem átti launbarnið Filippíu með Gottskálki, syni Þórðar, sem var launsonur Þorleifs sýslumanns á Möðruvöllum Grímssonar; veit eg ei hvort sannara er<sup>7</sup>).

Um ungdóm Hákonar finn eg ekkert ritað. Fyrst finn eg hans getið, þá hann hafði hálf Rangárþing 1594 (sjá þar). En um eða fyrir 1590 hefur hann verið gipt-

1) Jón eldri, átti Helgu Jónsdóttur og börn.

2) Jón yngri, átti Guðrúnu Tómasdóttur Jónssonar prests í Hitarnesi Brandssonar. Son þeirra Tómas, faðir Gísla á Saurum í Helgafellssveit og Jóns í Stóra-Langadal.

3) Tómas átti Guðrúnu Illhugadóttur frá Hofstöðum Einarssonar, p. b.: Hrómundur, Jón, Málfríður.

4) Sigríður átti Jón Andrésón á Arnarstapa, p. b.: Guðni prestur á Pæfusteini og Andrés, er átti Kristínu Ólafsdóttur frá Virki í Rífi Þorsteinssonar.

5) Halldís átti fyr Daða Skaptason Sigurðssonar og Arnfríðar Daðadóttur frá Hrafnabjörgum Gíslasonar, p. d.: Málfríður og Arnfríður, er átti Runólf Arnbjörnsson í Mýrdal í Kolbeinsstaðahrepp (II, 597). S. m. Halldísar Bjarni Jónsson, þau bl.

6) Þuríður átti Eyjólf Styrsson á Haugabrekku, p. b.: Hrómundur, Málfríður.

Snókdalín telur enn dóttur Hrómundar Tómassonar og Málfríðar Finnsdóttur: Helgu móður Hrómundar Þóróddssonar á Narfastöðum, er hann telur dáinn 1772, og Jóns Þóróddssonar á Ytrahólmi, en hæpið er, að sú ættfærsla sé rétt.

7) Það er víst réttara, eins og áður er getið um, að Filippía hafi verið laundóttir Þórunnar Hákonardóttur, en ekki Þórunnar Kortsdóttur.



ur og húið í Nesi við Seltjörn, því 1592 seldi húsfú Guðbjörg Erlendsdóttir með samþykki Jóns Marteinsonar bónda síns, Hákon í Nesi, dótturmanni sínum, Götu í Selvogi.

Af líkindum má ráða, að hann hafi mjög opt verið umboðsmaður umboðsmanna hirðstjórnanna á Bessastöðum, bæði í Gullbringu- og máske Kjósarsýslu, þó ei geti eg sett þar við víst ártal, utan það er víst, að hann var í þeim helmingadómi, sem 1630 var útnefndur að Kálfatjörn af Orni prófasti Egilssyni og Hákon Björnssyni yfir Guðmundi presti, syni Jóns lærða. Er líkast hann hafi við og við eptir vild umboðsmanna, þénað sýslumannsverkum í Gullbringusýslu, en ei haft þar sýsluveiting.

Hákon hefur verið maður auðugur, því þá Guðmundur son hans giptist 1621 Halldóru Aradóttur, taldi hann Guðmundi til giptingar í fasteign hálf tannað hundrað hundaða. Guðmundur tók þá Þingeyrar. Hákon tjáist að hafa verið mesti ágætismaður. Hann bjó að Nesi, sem áður er sagt, og deyði þar á langafriðag<sup>1</sup>) 1643.

### Gisli lögmaður Þórðarson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu).

Það sýnist sem hann hafi verið fyrst nálægt 1580 umboðsmaður Dana í sýslumannsverkum í Gullbringusýslu, ef rétt er ritað, að hann hafi látið þar dóm ganga 1583; hitt er víst að 1603, þann 2. maí, lét hann dóm ganga að Býjaskerjum um utansveitarmenn. Er líkast að hann hafi við og við eptir það hann tók Kjósarsýslu, og til þess hann tók Þverárþing, gert dómara verk í Gullbringusýslu frá 1597 til 1606, þó hann hafi ekki haft þar sýsluveiting, en einasta verið þar lögsagnari, því þó Jón lögmaður Jónsson hefði höfuðsmanns umboð 1605 og 1606, hefur hann þar ei dóma gengið, og af vinskapi við Þórð lögmann líklega sett Gísla þar til lögsagnara 1605, eða staðfest hann, sem þáverandi Kjósarsýslumann í því embætti, þó Gísl byggi þá á Innrahólmi.

1) 14. apríl.

### Gisli lögmaður Hákonarson.

(Sjá um hann við Árneshöfði). Jafnvel þó Gisli hefði hér höfuðsmannsumboð árin 1628—29, efa eg, að hann hafi í þessari sýslu gert sýslumannsverk, heldur yfirlátið þau öðrum, annaðhvort dönskum eða islenzkum, en mér er dulið hverjir það voru; þó er um það leyti hans umboðsmaður í Árneshöfði Björn Grimsson málari (sjá þar). Í Gullbringusýslu hafði hann og umboð danska valdsins á Bessastöðum um 1611—12—13—14 við dómargerðir, til þess hann flutti að Klofa, og þar með kóngsumboðsjarðir, og bjó þá í Laugarnesi.

### Ólafur Pétursson.

Ókunnugt er mér um hans ætt og uppruna, en sýslu hafði hann fyrir Dani og lét þann 4. maí 1631 á Býjaskerjum dóm ganga með 6 mönnum um skuldir útlendra<sup>1)</sup>, einnig 1632 um Desjarmýrarhús; varð hirðstjóraumboðsmaður um hrið. Gerðist rógmaður og flúði til Svíaríkis um 1634. Hafði hann átt í höggi við Jón lærða og séra Guðmund son hans<sup>2)</sup>.

### Árni Gíslason.

(Sjá hans ætt við Borgarfjarðarsýslu<sup>3)</sup>). Árni var lögréttumaður og bjó á eignarjörð sinni Ytra-Hólmi á Akranesi, hann átti og Norðtungu, Kross og fleiri jarðir, en Steinunn kona hans, dóttir Hannesar í Snóksdal Björnssonar, átti Síðumúla og þar að auki hundrað hundræða í jörðum. Var Árni hinn mesti rausnarbóndi, góðgjarn og dugnaðarmaður. Hann var og í miklum metum hjá höfðingjum og margra bjargvættur. Það er sögn, að hann hafi mjög styrkt Hallgrím skáld Pétursson, og af

1) Hann lét ganga héraðsdóm (líklega í Gullbringusýslu) 1631 um Brand Lafransson (Sýslumannaskrá J. S. 64 fol. í landsbókasafninu), og er það eflaust annar dómur, en sá Býjaskerjadómur, sem hér er getið.

2) Um Ólaf Pétursson sjá frekar í Hirðstjóraánnál Jóns Halldórssonar: Safn til s. Ísl. II, 736—738.

3) III, 419—426.

hans fyrirbón hafi hann orðið prestur á Hvalsnesi. Það er sögn, en ei veit eg þar sann á, að Árni hafi stundum í einstöku tilfellum verið settur fyrir sýslumannsverk í Kjalarnesþingi, máske að forlagi Jens Söffrenssonar um 1634, og þar eptir í Gullbringusýslu. Árni deyði 1654 og þótti að honum mikill mannskaði, því hann var mjög ástsæll. —

### Torfi Erlendsson.

(Sjá um hans ætt og fleira við Árnesþing). Hann var snemma mikill uppvöðslumaður, dugnaðarsamur og harðger. Kom sér vel við konungsvaldið á Bessastöðum, var og orðinn lögréttumaður 1637; bjó hann þá í Engey og hafði fengið í léni 10 konungsjarðir í Borgarfirði, gerðist hann grjótpáll Dana. Jens Söffrensson veitti honum Gullbringusýslu 1640, og hélt hann hana í 8 ár, áður hafði hann verið þar við dómara- eða sýslumannsverk í ýmsum málum. Eptir það hann tók Gullbringusýslu að veitingu flutti hann suður á Stafnes, og þá Hallgrímur prestur Pétursson fékk Hvalsnes um 1644, er mælt, að þeim hafi illa samið. 1648 tók Torfi að veiting Árnesþing (sjá þar fremur um hann). Eptir Torfa voru ýmsir lögsagnararar um tíma í Gullbringusýslu, og flestir danskir, þó þeir í stöku málum notuðu íslenzka fyrir lögsagnara. 1638, þann 19. nóvember þingaði Torfi Erlendsson á Kálfatjörn í löglegu umboði Jens Söffrenssonar í Gríms Bergssonar mælgismáli. 1640 kom til alþingis dómur Torfa Erlendssonar um Grim Bergsson.

Þá sýslumaður Torfi Erlendsson á alþingi 1661 klagði Árna lögmann Oddsson fyrir það, að hann hefði frá-dæmt sér manntalsfiska (hvað og satt var, af innansýslubúum, en dæmt að þeir skyldu gjaldast af utansýslusjó-róðrarmönnum 1654), skrifar Árni lögmaður meðal annars svoleiðis:

»En um almennilega manntalsfiska, höfum vér samþykkt, af utansýslumönnum skyldi gjaldast, svo sem langvarandi vani hefur verið, og dómur er um genginn af lögmönnum 1599 í velbyrðugs Laurusar Kruse tíð, hvað nú gengst enn við í sýslum, að mér skilst sýslumenn taka

þá fyrir sitt ómak, sem þeir þurfa að hafa fyrir málum þeirra, sem koma úr öðrum sýslum um vertíðina. En hvernig þessir fiskar eru undirkomnir í fyrstu, veit ég ekki annað en hvað eg heyrð hefi fyrir mér talað, og góðir menn við kannast, að í fyrstu hafi hér í landið komið einn fátækur fógæti, þó góðviljaður, hafi beðið að gefa sér einn fisk eða tvo til styrktar, af þeim sem út reru, hvar um þeir gerðu strax hans bón, svo gerði hann þeim aptur nokkuð til góða, kannske ein brennivínsskál hafi komið sér vel, eða þá þorstadrykkur, svo fólkið lokkaðist að gera honum aptur til vilja um þessa fiska, á meðan hann var. En þá annar kom eptir hann, vildi hann og sömu skil hafa og fyrir sinn góðvilja, hvað honum hefir og tekizt. En sá sem eptir þann kom, vildi með skyldu útheimta þessa manntalsfiska, því hann vildi vaninn skyldi ráða, hvað honum hefur tekizt, svo sem sjá má af fyrrnefndum dómi í tíð Laurusar Kruse, að langvarandi vani er innfærður. Þá um þann tíma voru nokkrir menn norðanlands, sérdeilis Bjarni Hrólfsón, vildu mæla á móti þessum vanafiskum að gjalda, hvar fyrir hann var tekinn og settur [í hald] á Bessastöðum. Hans svar má vera, sem annara hefur verið: að lögbók geti ei um önnur útlát almúgans en í kongsþegnskyldu 1. kapitula umskatt og þingfarar kaup sýslumönnum til handa, en ei um gjaftoll né gjaffiska. Nú úr því að gjaftollur og manntalsfiskur er svo fyrir gamlan vana innleiddir: »Viljugur skal mann bera, sem svo verður að vera«.

Um manntalsfiska var dæmt á alþingi 1654, 1661, 1690 og áður 1599. Árni lögmaður Oddsson segir þann uppruna þeirra, að fógæti á Bessastöðum hafi góðviljuglega fengið róðrarmenn til að gefa sér þá, mót því hann hafi gert sjómönnum veizlu. Svo hafi það gengið í þessa fógæta og hans eptirkomara tíð, en í hins þriðja fógæta tíð, hafi menn ekki viljað gjalda þá, því fógæti hafi engar veizlur eða traktering viljað gera fiskimönnum. Út af þessu urðu deilur. En þeir rikari komu sínu fram; þó var sú miðlun gerð, að einasta utansýsluróðrarmenn skyldu betala manntalsfiska, en ekki sýslubúar.<sup>1)</sup>

1) Í desember 1656 setti Matthías Guðmundsson *Guðmund*

## Bárður Gíslason.

- Faðir:* Gísli Diðriksson.  
*Kona:* Sesselja, dóttir Skúla Einarssonar og Steinunnar laundóttur Guðbrands biskups.  
*Börn:* A. Séra Gísli á Skúmsstöðum 54 ár, dó 1714, átti Þuríði Árnadóttur, Magnússonar, börn:  
 a. Séra Vigfús á Krossi 25 ár, dó 1720, átti fyr Ólöfu Guðmundsdóttur, bl. svo Ragnheiði Halldórsdóttur, bl.  
 b. Erlendur átti Sigríði Pálsdóttur, þ. b.:  
 aa. Þrúður<sup>1</sup>).

*Steindórsson* lögsagnara í Gullbringusýslu, og hefur hann verið þar 1 ár (sbr. III, 117). Sbr. ennfremur Sýslumannaskrá í J. S. 64 fol. í Lbs.

- 1) Þrúður átti séra Ólaf Jónsson Thorlacius í Stóradal, þ. b.:  
 a. Ingiríður, († 4. maí 1800), átti launson með Guðmundi Ögmundssyni í Stórumörk:  
 aa. Jón í Stórumörk, átti Sigríði Jónsdóttur Sigurðssonar sýslumanns Stefánssonar, þ. b.:  
 aaa. Guðrún átti Ólaf Ólafsson í Stórumörk og börn.  
 bbb. Ingibjörg átti Hallvarð Jónsson í Neðradal undir Eyjafjöllum og börn.  
 ccc. Ingiríður átti Gísla á Heiði í Holtum Pétursson Jónssonar Þorsteinssonar í Árbæ Kortssonar. Launson hennar, er kenndur var Jóni nokkrum, (en haldinn son Sæmundar Ögmundssonar í Eyvindarholti):  
 × Jón söðlasmiður í Hliðarendakoti.  
 Ingiríður Ólafsdóttir gíptist síðar Þórði í Hliðarhúsum († 13. apríl 1811) Sighvatssyni Þórðarsonar á Ormsstöðum í Grimsnesi Þorkelssonar, þ. b.:  
 bb. Ólafur Thorlacius kaupmaður á Bildudal, átti Guðrúnu Oddsdóttur Hjaltalins (sjá um börn þeirra síðar).  
 cc. Einar prestur í Otrardal († 14. apríl 1827) átti Helgu Egilsdóttur, þ. b.: Helga, Þórður, Einar.  
 dd. Magnús verzlunarmaður á Ísafirði, átti Ingibjörgu Ólafsdóttur prests á Álptamýri Einarssonar, bl.  
 ee. Pétur mun hafa dáíð ungur.  
 ff. Þrúður dó ung.  
 gg. Þrúður önnur, dó ung.  
 hh. Þrúður þriðja, dó einnig ung<sup>t</sup>).

1) Hórdóttir Þórðar með Guðrúnu Gissuradóttur hét og Þrúður og gíptist Guðmundi Jónssyni á Rauðará, þ. b.: Magnús, Sigríður. Ó. Snókdalin telur hana skilgetna dóttur Þórðar með Ingiríði, en það er rangt.

bb. Elin<sup>1</sup>).

- ii. Elin, átti börn með ýmsum, giptist loks Bjarna Hannes-  
syni spítalahaldara frá Kaldaðarnesi Jónssonar Ketils-  
sonar í Hraungerði Sigurðssonar á Flóagafli Þorsteins-  
sonar Hálfðanarsonar Eyvindssonar.

Ein laundóttir Elínar með Guðmundi nokkrum:

- a. Ragnheiður átti Stiesen verzlunarmann í Keflavík, og  
átti með honum nokkur börn, þar á meðal 2 syni í  
Helsingjaeyri, sem mönnuðust. Ragnheiður Stiesen  
var lauslát sem móðir hennar. Laundóttir hennar  
með Westy Petráusi kaupmanni í Rvík var Soffía  
Petræa, er átti Magnús í Minnivogum son Hallgríms  
prests Jónssonar í Görðum á Akranesi og s. k. hans  
Guðrúnar Egilsdóttur, systur Sveinbjarnar skólameist-  
ara. — Önnur laundóttir Elínar Þórðardóttur með  
Ólafi Loftssyni úr Fljótshlíð Ámundasonar var:
- b. Guðrún átti Einar hattasmið í Brekkubæ í Reykjavík  
Sæmundsson prests á Útskálum Einarssonar, p. b.:
- aa. Einar var um tíma í skóla, sigldi svo.
- bb. María átti Einar verzlunarmann Einarsson As-  
grímssonar og Þórunnar Þorsteinsdóttur prests á  
Staðarhrauni Einarssonar, p. d.:
- aaa. Karólína f. k. Þorvarðar Andrés­sonar Kérúlf-  
læknis á Ormarsstöðum, þeirra son: Eiríkur  
Kérúlf aðstodarlæknir á Ísafirði, kvæntur  
Sigríði Þórðardóttur frá Hól í Rvík Guð-  
mundssonar.
- cc. Sigríður gípt Eiríki Magnússyni bókaverði í Cam-  
bridge, bl.
- dd. Soffía átti Sigurð prófast Gunnarsson í Stykkis-  
hólmi. Dóttir þeirra Bergljót er gípt séra Haraldi  
Nielssyni, settum prestaskólakennara í Rvík.  
Þriðja laundóttir Elínar Þórðardóttur með Nikulási  
Sigurðssyni í Hlíðarhúsum:
- c. Sigríður f. k. Sveins Ísleifssonar frá Skógum Jónsson-  
ar í Selkoti Ísleifssonar á Lambafelli Magnússonar, p. b.:

---

1) Elin átti Bjarna son Axels Friðriks Jónssonar lögréttu-  
manns á Hömrum í Grímsnesi, p. b.:

- a. Ólöf s. k. Bjarna Þorlákssonar í Öndverðarnesi (sjá hér að-  
ur, bls. 120).
- b. Þórunn átti Jón smið í Káranesi í Kjós Felixson frá Ámóts-  
stekkum í Flóa Jónssonar, p. b.: Elin, Þórunn.
- c. Erlendur.
- d. Þorgerður.

- c. Sigríður átti Loft Jónsson á Hóli í Landeyjum<sup>1)</sup>.
- d. Solveig fyrri kona Korts Magnússonar, p. b.<sup>2)</sup>:
  - aa. Þorsteinn.
  - bb. Jón.

B. Séra Þórður á Torfastöðum, prestur 21 ár

- 
- aa. Oddur í Skógum.
  - bb. Ísleifur á Skála.
  - cc. Þórunn átti Einar Jónsson í Steinum.
  - dd. Guðrún átti Jón í Berjanesi Helgason frá Steinum Guðmundssonar frá Kálfhaga í Flóa, þeirra son: Sveinn trésmiður, kenndur við Vestmanneyjar, nú í Reykjavík. [Meðal s. k. barna Sveins Ísleifssonar er Ólafur gullsmiður í Rvík, kvæntur Þorbjörgu Jónsdóttur prests í Dýrafjarðarþingum Eyjólfs-sonar].

1) Dóttir Lopts í Ytri-Hól og Sigríðar:

- a. Þorgerður s. k. Þorsteins Arnþórssonar á Víkingslæk, p. b.:
  - aa. Gisli faðir Þorgerðar konu Jóns Jónssonar á Litlahólmi og Þrúðar konu Björns Árnasonar í Móeiðarhvolshjáleigu p. b.: Árni, er átti Jóranni Þórðardóttur frá Moldnúp.
  - bb. Björn á Víkingslæk, átti fyr Margræti Gísladóttur, bl., en síðar Guðrúnu yngstu Jónsdóttur frá Kirkjubæ Filippussonar, bl. Launson Björns var:
    - aaa. Sigurður í Pulu átti Ingibjörgu Þorsteinsdóttur eldra frá Stadarkoti Jónssonar.
  - cc. Þorgerður átti Stein Jónsson frá Stórahöfi Filippussonar, bróður Guðmundar á Gýgjarhóli í Biskupstungum, p. b.:
    - aaa. Þorgerður átti Tómas Höskuldsson.
    - bbb. Sesselja eldri giptist ekki.
    - ccc. Sesselja yngri átti Björn Olafsson póst.
    - ddd. Þórdís s. k. Bjarna Jónssonar í Löndum á Miðnesi. Son þeirra Steinn.
  - dd. Helga átti Guðmund Símonarson á Yrjum á Landi, p. b.:
    - aaa. Krístrún dó bl.
    - bbb. Sigríður,
    - ccc. Þrúður átti Magnús Einarsson í Miðfelli í Ytri-hrepp.

2) Sjá um börn þeirra hér á undan, bls. 117—118.

Meðal barna séra Gísla Bárðarsonar er hér vantalin Þuríður kona Sigurðar Magnússonar frá Árbæ Kortssonar (sbr. bls. 117).

(gerði bænir) dó 1690, átti Katrínu Magnúsdóttur, þeirra börn:

a. Kristín fyrri kona séra Jóns Oddssonar í Hólum, dó að þríburum, hvar af lifði:

aa. Katrín fyrri kona Jóns konrektors Vigfússonar<sup>1</sup>).

bb. Séra Jón.

cc. Einar<sup>2</sup>.

C. Margrét Bárðardóttir átti Guðmund Jónsson frá Eyvindarmúla<sup>3</sup>).

D. Margrét<sup>4</sup>) önnur átti Stein Högnason, þ. b.:

aa. Björn.

bb. Sesselja.

Bárður var orðlagður lagamaður, og hefur gert út-

1) Jón Vigfússon konrektor bjó síðar í Árkvörn og var silfursmiður, átti 2 dætur með Katrínu f. k. sinni:

a. Guðrún átti Jón Ísleiksson fálkafangara, og var son þeirra Þórður í Eyvindarmúla faðir Jóns, er þar bjó síðar. Er sú ætt allfjöldmenn.

b. Kristín átti séra Guðmund Porláksson aðstoðarprest á Prestsbakka († 1777), þ. b. Ingibjörg kona séra Vigfúsar Eyjólfssonar á Reynivöllum, Steinunn móðir Guðmundar Einarssonar í Kviarholti og Katrín, dó ógípt, bl.

2) Um þessi börn séra Jóns Oddssonar er nokkuð vafasamt og mun enda rangt. Með s. k. sinni Þórdísi Guðmundsdóttur frá Eyvindarmúla Jónssonar átti hann mörg börn, sem fjöldmenn ætt er komin frá undir Eyjafjöllum og víðar.

Þrjú börn séra Þórðar Bárðarsonar: Bárður, Magnús og Guðrún dóu í bólunni 1707.

3) Guðmundur maður Margrétar var bróðir Guðmundar eldra í Eyvindarmúla, föður Eyjólfss hins spaka lögréttumanns s. st. og Þórdísar s. k. síra Jóns Oddssonar í Eyvindarhólum (sjá hér á undan).

4) Þessi Margrét var ekki dóttir Bárðar í Vatnsdal og Sesselju, heldur laundóttir hennar, áður en hún gíptist, með séra Jóni Brandssyni í Hitarnesi. Vegna þessarar barneignar kom Guðmundur Hákonarson á Þingeyrum séra Jóni suður á eignarjörð sína Kolbeinsstaði, svo lítið bar á, segir séra Jón Halldórsson í prestaæfum sínum. En Margrét flúttist með móður sinni austur í Fljótshlíð og gíptist þar Steini Högnasyni. Frá þeim verða ekki ættir raktar.



leggingu yfir Jóns lögbók, hverri mikið er hrósað. Bárður var lögréttumaður, og opt í dómum á alþingi. Sagt er og, að hann í mörgum vandamálum, hafi verið settur dómari, er og mælt hann hafi í Gullbringusýslu látið þann dóm framfara, sem kom fyrir á alþingi 1653. Ei er þess getið, að hann hafi verið settur lögsagnari utan í stöku málum, þá þurfa þótti. Bárður bjó í Vatnsdal í Fljóts-hlíð (deyði 1670). Sína útleggingu yfir Jóns lögbók 1665 tileinkaði hann Gísla sýslumanni á Hlíðarenda Magnús-syni. 1653 þann 7. maí lét Bárður dóm ganga í Rangár-þingi að Kirkjulæk, um ómagaflutning, og 1653 að Þjóð-ólfshaga um laungetið barn (sjá Árbóka VI. deild p. 148).

### Einar Oddsson.

(Ei veit eg hverra manna hann hefur verið). 1664 þann 21. janúar<sup>1)</sup> í Kópavogi nefndi hann menn í dóm, yfir Þórði nokkrum Þórðarsyni, sem var til dauða dæmdur, og aftekinn eptir þeim dómi (var Einar þá umboðsmaður Tómasar Nikulássonar). Þar yfir klagði systir Þórðar, Guðrún Þórðardóttir, fyrir lögmönnum 1665, og þótti dómurinn óréttvis. Skipuðu lögmenn Einari að gefa rétta afskrift af dómnum, en 1666 kom hún til alþingis, afhenti Jakob Benediktsson hana 3: afskriftina. Maðurinn hafði fyr stolið og nú aptur upp á 20 vættir, þótti dómurinn harður, en létu við sama standa, því búið var að hengja Þórð. —

### Daði Jónsson.

(Sjá um hann við Kjósarsýslu). Þá Tómas Nikulásson druknaði 1665, tók hann að sér lögsögu í þessari sýslu til þess Jóhann Klein viðtók 1666. Eptir beiðni lögmanna kom þá fyrir galdrastafanál Jóns Jónssonar, sem þar fyrir var dæmdur að hýðast.<sup>2)</sup>

1) Líkl. réttara 25. janúar (sbr. Lögp.bók 1666 nr. 17). Einar var settur lögsagnari í Gullbringusýslu haustið 1663. Hann bjó í Vogum (líklega Stóru Vogum).

2) Daði er talinn lögsagnari í Gullbringusýslu árin 1664, 1665, 1667 og 1682 (J. S. 64 fol. í Lbs.).

## Jón Eyjólfsson.

- Faðir:* Eyjólfur á Þorgautsstöðum,<sup>1)</sup> Narfason.  
*Móðir:* Ragnheiður Oddsdóttir frá Reynivöllum.  
*Kona:* Vilborg, dó 1715, 69 ára, en giptist 1688,<sup>2)</sup> dóttir séra Sveins á Barði Jónssonar, Guðmundssonar á Siglunesi.  
*Börn:* A. Séra Eyjólfur á Völlum, hálærður í fornfræðum, Jubillærer. Vigðist 1699, fékk Velli 1705, dó 1747<sup>3)</sup> 75 ára, ógiptur, bl.  
 B. Þuriður, dó 1707, átti Jón eldra Jónsson frá Kirkjubæ.<sup>4)</sup>  
 C. Þórdís, dó 1733, átti Niels Kjer (sjá síðar).  
 D. Steinunn átti Bjarna Árnason.<sup>5)</sup> Dóu bæði 1707, bl.  
 E. Jón klausturhaldari á hálfu Þykkvabæjar-klaustri.<sup>6)</sup>

Jón Eyjólfsson yngri var borinn 1643, fór utan á unga aldri, og gjörðist skinnamakari. Kom út og gerðist áhangandi konungsvaldsins á Bessastöðum. Síðan hafði hann þar nokkurskonar umboð, og lagði sig eptir islenzkum lögum. Kom þar, að hann var settur fyrir Gullbringusýslu 1683; sama ár var hann valinn til utanferðar upp á taxtann. 1689 fékk hann vonar- (alii veitingar) bréf fyrir Kjósarsýslu. 1692 mætti hann vegna amtmanns Müllers á Miðgörðum í Staðarsveit, í því nafnfræga stokks eða Kriumáli. 1696 mun hann hafa fengið konungsveiting eða staðfesting fyrir Kjósarsýslu, þá Sigurður lögmaður slepti. 1694, þá amtmaður Müller fór utan, gerðist Jón hans fullmektugur; einnig hafði hann amtmannsum-

1) Eyjólfur bjó á Þorláksstöðum í Kjós.

2) Þetta ártal hlýtur að vera rangt. Mun eiga að vera 1668.

3) Þetta ártal er rangt. Séra Eyjólfur dó 3. desember 1745.

4) Frá Reykjavík segir séra J. H. í ættartölum sínum. Þuriður dó bl.

5) Hann var af almúgafólki á Seltjarnarnesi (J. H. ættat.).

6) Þetta hlýtur að vera rangt hjá Boga, því að þessa Jóns er ekki getið meðal barna Jóns sýslumanns, hvorki hjá séra J. H. né í öðrum yngri ættartölum.

boð árin 1701 og 1706 í amtmannsins utanferðum. 1699 fékk Jón kongsleyfi, að búa utansýslu, í Nesi, og halda Gullbringusýslu. 1701 fékk hann að nýju konungsveiting eða staðfesting upp á Kjósarsýslu. 1703 afstóð Jón Gullbringusýslu við sinn tengdason, Niels Kjer. 1707, þá hann hafði fjóra vetur hins sjöunda tugar, gerðist hann víselögmaður Páls Vídalíns, og með kongsbréfi af 13. maí 1710 dæmdi hann ásamt Páli Beyer, Sigurð lögmann Björns-son, frían við honum tilfærðar sakargiptir.

Í utanferðum Páls Vídalíns og í hans málum og optar, sat Jón víselögmaður í lögréttu. Jón bjó í Nesi við Seltjörn, og deyði þar 3. ágúst 1716,<sup>1)</sup> þá hann hafði 4

1) Séra Jón Halldórsson segir (í ættatölum sínum), að hann hafi dáið í september. Jón Sigurðsson (Lögmannatal í Safni til sögu Íslands II, 147) telur hann dáinn 3. ágúst, eins og Bogi.

Í ættartölum séra Jóns Halldórssonar eru nokkrar upplýsingar um Jón sýslumann, sem ekki eru annarstaðar að finna, og set eg því hér frásögn séra Jóns um hann. Hann segir svo:

»Hann var ekki latinulærður, en kunni þýzku, sigldi og lærði að tilreiða skinnaverk til hanzka og annars þviliks, var því á þeim árum, auknefndur skinnamakari. Nokkra stund bjó hann fyrst fyrir norðan, flutti sig suður á Nes, hér um 1677, ekki sízt út af frægðarlausum skiptum við Stefán nokkurn lausamann, vegna misþanka við konu hans, bjó í Gerðum suður í Garði embættis- og forléningalaus, En 1683 þegar enginn sýslumaður, eða svo gott sýslumanns ígildi væri eptir kongl. majst. boði, gaf sig til að sigla fyrir Sunnlendingafjórðung til Kaupenhafnar að semja við íslenzka reiðara um nýjan taxa og kauphöndlan, var tekið til Jóns Eyjólfssonar, var hann til reiðu, og kom aptur 1684. Sú reisa var honum upphaf til hefðar, vantaði og ekki að hann héldi sér fram til gunstar, hvað hann kunni, fyrst hjá landfógetanum Kristofer Heiðemann, svo hann fékk Kjósarsýslu og Nes á Seltjarnarnesi, var hann þar með héraðsdómari í Gullbringusýslu, og síðan einna helst hjá amtmanni Kristjáni Müller með málásóknum og þesskonar erindum við ýmsa, eptir sem einfeldni hins varð áhvött, varð því misjafnt þokkaður af sumum. En áður amtmaður lagði af hingað reisur sínar umgekkst hann að Jón fékk kongsbréf fyrir vicelögmannsembætti anno 1707, 64 ára gamall, eptir Pál Jónsson Vídalín, þá fertugan. Hann sat 4 sumur í lögmanns-sæti á alpingi, og gerði lögmannsverk eptir það Páll Vídalín var suspenderaður frá embættinu 1713 til 1716. Var hann gestrisinn, gláðsamur og veitingasamur, þó ei væri stórauðgur; dó 1716 í september, 73 ára gamall«.

vetur hins 8. tugar. Hafði hann þá fyrir hér um bil 6 árum líka afstaðið Kjósarsýslu til tengdasonar síns, Nielsar Kjer. Menn héldu, að Jón hefði verið í miklum ráðum með amtmanni Müller framan af veru hans hér, einkum í Kriumálinu, og ekki alltið góður miðill. Meðan amtmaður var hér ókunnugur hafði hann opt fallizt á hans ráð.

1701 fékk Jón sýslumaður ásamt Kjósarsýslu, veiting kongs fyrir fjórum umboðsjörðum.

Nokkrir tjá, að Jón hafli tekið Kjósarsýslu 1694, en eg meina, að Sigurður lögmaður hafi ekki sleppt henni fyrr en 1700, dreg eg það til líkinda, að það ár var Guðmundur á Álptanesi við lögsögn í Kjós, en hann var umboðsmaður Sigurðar lögmanns.

Eptir Jón Eyjólfsson var kongsskuld 665 rdl. 55 sk., en allt hans lausafé 136 rdl. 1700 þá kongur gaf fátækum 600 rdl., fékk þar af Ólafur Pálsson á Tóptum 15 v. 34 f., Vilhjálmur Jónsson á Kirkjubóli 4 v. Árni Jakobs-son á Hólmi 5 v. Gísli Ólafsson í Njarðvik 6 v. Jón Þorkelsson þar 3 v. Séra Oddur á Kálfatjörn 6 v. 10 f. Sigurður Björnsson, lögmaður 2½ f. Bergsteinn Bjarnason í Skildinganesi 10 f. Sýslumaður Jón Eyjólfsson í Nesi 6 v. Sýslumaður Jón Sigurðsson í Einarsnesi 53 rdl. 1 sk., sýslumanns Sörens Matthíassonar sterbú í Barðastrandarsýslu 32 rdl.

### Niels Kjer

sagður borgmeistarasonur frá Svendborg á Fjóni, danskur í báðar ættir. Hann kom ungur til Íslands, og gerðist eptirlegumaður danskra kaupmanna. Vingaðist vel við Jón sýslumann, og fékk dóttur hans Þórdísi til ekta nálægt 1700 eða litlu fyr. Þórdís lifði mann sinn og deyði 1733. Þeirra dóttir var Margrét, hún var send utan til föðurfrænda sinna, og giptist þar síðar Henrich nokkrum glashöndlara<sup>1)</sup>, (um þeirra afkomendur er mér ókunnugt). Niels Kjer gerðist sýslumaður í Gullbringusýslu 1703, þá tengdafaðir hans afstöð henni. 1708 fékk Niels og veiting fyrir

1) Hún sagði sig frá arfi og gjaldi eptir foreldra sína hér, segir séra J. H.

Kjósarsýsslu, þá Jón Eyjólfsson vildi henni sleppa, en hvort Jón slepti henni þá strax til hans, eða ei fyrr en nálægt 1710, tel eg ei fullvíst. Þá Jón Eyjólfsson víselögmaður deyði, gerðist Niels Kjer vicelögmaður Vídalíns í hans stað 1717. Niels tók Árneshing 1723, slepti því 1724. Við dauða Vídalíns 1727, dag 18. júlí varð Niels virkilegur lögmaður, og hélt því embætti ásamt Gullbringu- og Kjósarsýslum, til þess hann deyði í Brautarholti 1730<sup>1</sup>). Hann var þá orðinn mjög skuldugur.

1709 tók Niels sér fyrir lögsagnara Brand Bjarnhéðinsson, til þess hann deyði 1728, þá tók hann Jón Hjaltalín fyrir lögsagnara. Niels var álitinn skarpur maður, og hafði lagt sig eptir lögvisi á fullorðins aldri. Hann var opt settur dómari í meiri málum.

### Brandur Bjarnhéðinsson.

*Faðir:* Bjarnhéðinn eða Bjarthéðinn í Garðsvík syðra<sup>2</sup>) sonur Guðmundar í Langagerði (sem átti dóttur Arnórs bónda Bjarnhéðinssonar). Guðmundur í Langagerði var sonur Ólafs smiðs frá Stórolfshvoli. Börn Guðmundar voru: 1. Arnór í Langagerði, (faðir Eirnýjar, sem átti Sæmund Tómasson samastaðar og mörg börn), og 2. Bjarnhéðinn, áður nefndur. Börn Bjarnhéðins voru: 1. Helga, átti Eyjólf Þorsteinson á Flókastöðum<sup>3</sup>). 2. Einar faðir Vern-

1) Hann andaðist 11. október. Sjá um hann í Lögmannatali Jóns Sigurðssonar: Safn til s. Íslands II, 151.

*Runólfur Sveinsson* lögréttumaður á Stafnesi er talinn lögsagnari í Gullbringusýslu 1708 og 1709 í sýslumannaregistri J. S. 64 fol. í Lbs. Hann var son Sveins á Ámóti í Flóa Gíslasonar s. st. Brynjólfssonar Jónssonar Eiríkssonar Torfasonar í Klofa. Móðir hans var Hallfríður Snorradóttir frá Hæringsstöðum í Flóa Jónssonar. Sonur Runólfs var Sigurður faðir Guðna sýslumanns í Kirkjuvogi (sjá hér síðar). Framætt Runólfs á Stafnesi hefur ekki áður verið fyllilega kunn, en þetta, sem hér er sagt er áreiðanlega rétt. Runólfur dó í Sandgerði 1735.

2) Bjarnhéðinn bjó í Garðsauka eða Garðsvíka í Hvolhrepp.

3) Eyjólfur dó 1762 og Helga 1758. Einn son þeirra var Guðmundur smiður í Þorlaugargerði í Vestmanneyjum faðir

harðs í Flóa og 3. téður Brandur, sem var laungetinn.

- Börn:* Brands Bjarnhéðinssonar lögsagnara voru:  
 A. Erlendur lögréttumaður<sup>1)</sup> átti Sesselju, þ. b.:  
 a. Oddný átti Odd Hjaltalín<sup>2)</sup>.  
 b. Sigurður í Götuhúsum, átti Hlaðgerði<sup>3)</sup> og börn.

---

Bjarnhéðins prests í Kirkjubæ í eyjunum og dr. Einars prests í Noregi († 1817). Annar son Eyjólfss og Helgu var Ásmundur á Brúsastöðum í Þingvallasveit faðir Eyjólfss Ísfeldts smiðs hins skyggna, Lopts í Vatnskoti í Þingvallasveit, Önnu konu Egils Arnþórssonar í Helli í Flóa og Matthildar konu Þorsteins á Gjábakka Guðmundssonar á Skálabrekku Arnórssonar á Gjábakka Guðmundssonar.

1) Erlendur dó í Hrólfskála á Seltjarnarnesi 1756. Sesselja kona hans, e. dó 1757, var dóttir Tómasar Bergsteinssonar á Arnarhóli, systir Guðríðar konu Bjarna Bergsteinssonar í Skildinganesi og Bergsteins á Mógilsá föður Kristinar móður dr. Jóns Gíslasonar Mógils læknis í Noregi († 1804).

2) Um afkomendur þeirra sjá hér síðar (í Hjaltalínsættinni).

3) Hlaðgerður († 1803) var dóttir Guðmundar Þorsteinssonar frá Hróarsholti Jónssonar Loptssonar. Guðmundur hjó síðast í Eyjum í Kjós. Börn Sigurðar og hennar:

a. Vigdís átti Grím Ásgrímsson í Götuhúsum, ættaðan úr Fljótum, þ. b.:

aa. Jón prestur á Húsafelli, átti Helgu Lýðsdóttur sýslumanns Guðmundssonar, þ. d.: Margrét átti Jón í Narfakoti Sæmundsson Klemenssonar Bjarnasonar í Skildinganesi Bergsteinssonar.

bb. Sigurður prestur á Helgastöðum, átti fyr Guðrúnu Bjarnadóttur frá Þorgautsstöðum Björnssonar, þ. d.: Vigdís átti Magnús Jónsson á Helgastöðum. S. k. séra Sigurðar Soffía Sigvaldadóttir frá Hafrafellstungu Eiríkssonar.

cc. Guðrún átti Þórð í Hvammi undir Eyjafjöllum Þorláksson Þórðarsonar í Teigi Brynjólfssonar sýslumanns á Hlíðarenda Þórðarsonar biskups. Sjá nánar um afkomendur þeirra í ættbálki Brynjólfs sýslumanns.

b. Bergsveinn dó ungur.

c. Guðrún dó ung.

d. Erlendur dó ungur.

e. Guðmundur dó ungur.

f. Sigríður átti 1786 Runólf Klemensson verzlunarstjóra í Reykjavík, þ. b.:

B. Þorbjörg Brandsdóttir, átti Sigurð Kálfsson í Effersey, þ. b.:

- 
- aa. Gisli var utanlands.
- bb. Guðmundur á Bólstað í Mýrdal, tvíkvæntur.
- cc. Erlendur í Reykjavík, átti Ingibjörgu Einarsdóttur frá Stýflisdal í Þingvallasveit Jónssonar á Núpum í Ölfusi Klemenssonar á Yxnalæk Jónssonar (Evertssonar Hinriks-sonar prests í Villingaholti Evertssonar), þ. d.:
- aaa. Sigríður átti Sakarías Árnason rokkasmið á Bergi í Rvík, þ. b.: Erlendur vegfræðingur í Kópavogi, Árni vegfræðingur, Magnús verzlunarmaður og Ingibjörg.
- dd. Þorkell í Lækjarkoti í Rvík, átti Guðrúnu Ólafsdóttur frá Bakka á Vatnsleysuströnd Guðmundssonar í Þrándarholti Þórðarsonar, þ. b.:
- aaa. Sigríður átti séra Þorkel Bjarnason á Reynivöllum, þ. b.: Jón cand. jur., Þorkell (báðir dánir), Margrét, Soffía kona Jóns Gunnarssonar verzlunarstjóra í Hafnarfirði og Anna gipt séra Guðmundi Einarsyni í Ólafsvík.
- bbb. Jón snikkari í Hólshúsi í Rvík, fór til Ameríku, átti Ingibjörgu Jónsdóttur silfursmiðs á Elliðavatni Jónssonar, þ. b.: Páll Melsted, kallar sig Clemens, verkfræðingur, Jón Clemens prestur vestra o. fl.
- ccc. Þorkell (Klemensen) prentari á Eskifirði. Hans son Þorkell bakari í Hafnarfirði. Launson hans með Guðriði Egilsdóttur frá Oddakoti Simonarsonar: Þorkell Klemens í Rvík kvæntur Sigríði Erlendsdóttur gullsmiðs Magnússonar frá Bollastöðum Erlendssonar á Velli Þorvarðssonar Vernharðssonar Ögmundssonar á Loptsstöðum Magnússonar.
- ddd. Ólafur fór til Ameríku, ókvæntur.
- g. Sigríður yngri átti Hinrik Hansen kaupmann á Bátsöndum, þ. b.:
- aa. Hans Simon Hansen verzlunarstjóri á Eyrarbakka átti Mariu Einarsdóttur snikkara Hannessonar, er síðar átti Ara Jónsson verzlunarstjóra í Hafnarfirði.
- bb. Simon Hansen kaupmaður í Reykjavík, átti Kristínu Stefánsdóttur, systur Guðbrands Stephensen's smiðs, þ. b.:
- aaa. Hinrik Stefán Hansen átti Eirnýju Erlendsdóttur Guðmundssonar frá Birnhöfða á Akranesi, þ. b.: Halldóra Soffía kona Erlends Magnússonar gullsmiðs, Kristín kona Jónasar Jónssonar (»Plausors«) frá Hörgholti og Simon.
- bbb. Sigríður Kristín átti Hannes Johnsen kaupmann í Rvík, son Steingrims biskups, þ. b.: Ólafur yfirkenn-

- a. Bjarni á Kjaransstöðum, átti Þuríði Ívarsdóttur og börn.
  - b. Bóthildur átti Gísla Jónsson á Klafastaða-grund og börn.
  - c. Ólöf átti Guðmund Eyvindsson á Heynesi og börn.
  - d. Guðrún átti Sigurð Bjarnason á Akranesi og barn<sup>1)</sup>.
- C. Bergsteinn lögréttumaður í Skildinganesi<sup>2)</sup>, hans son Bjarni í Skildinganesi, átti mörg börn, eitt þeirra var Þorbjörn í Skilinga-

ari í Árósum, Soffía Kristjana, er átti Árna Thorsteinsson landfógeta, Símon kaupmaður í Rvík og Steingrímur cand. theol. kaupmaður, báðir dánir.

- ccc. Sivert Jóhann Gottfred stúdent († 1880), var lengi skrifari í íslensku stjórnardeildinni.
- ddd. Soffía Vilhelmina.
- eee. Stefán Ágúst.
- fff. Halldóra Petrea.
- cc. Pétur Hansen beykir í Rvík, átti Valborgu Elizabethu Einarsdóttur snikkara Hannessonar, p. b.:
- aaa. Einar verzlunarstjóri í Keflavík, fór til Grænlands, kvæntur danskri konu.
- bbb. Jóhann á Stóra-Hólmi, svo í Hafnarfirði.
- ccc. Andrés Gottfred á Brunnastöðum, átti Þórunni Hallgrímsdóttur prests í Görðum á Akranesi Jónssonar og mörg börn.
- ddd. Anna María átti R. P. Tærgesen kaupmann í Rvík, p. b.: Sveinn og Anna.
- eee. Hendrietta átti Elís Iversen verzlunarstjóra í Hafnarfirði, p. b.: Jörgen.
- dd. Friðrik Hansen verzlunarmaður í Rvík, átti Kristínu Pétursdóttur, p. b.: Pétur Hinrik Iyfsali á Akureyri, Jóhanna, María.
- ee. María giptist prestí í Noregi.

- 1) Enn var son Sigurðar Kálfssonar og Þorbjargar:
  - e. Brandur, mun ekki hafa kvænt.
 Son Brands Bjarnhéðinssonar var ennfremur:
  - C. Bjarnhéðinn.

2) Þetta er gauðrangt hjá Boga. Bergsteinn lögréttumaður í Skildinganesi var *Bjarnason* (Guttormssonar) sbr. II, 626, en alls ekki son Brands Bjarnhéðinssouar, hafa naumast verið nokkuð skyldir.



nesi, faðir Þorfinns lögréttumanns á Seli og hans systkina.

Brandur var orðinn lögréttumaður 1708 og þótti skýrleiksmaður. Hann gerðist lögsagnari Nielsar Kjer í Gullbringusýslu 1709, og um 1710 í Kjósarsýslu. Hélt hann lögsögn til þess hann deyði 1728<sup>1)</sup>.

### Jón Oddsson Hjaltalin.

*Faðir:* Oddur ráðsmaður á Hólum, Jónsson, Magnússonar, Eiríkssonar, Magnússonar, Björnssonar prests á Melstað, Jónssonar biskups<sup>2)</sup>.

1) Brandur bjó í Bigggarði á Seltjarnarnesi 1703.

2) Það er áreiðanlegt, að framætt Jóns sýslumanns Hjaltalins, er hér talin rangt í heinan karllegg frá Jóni biskupi Arasyni, þótt hún sé þannig rakin í flestum ættatölum. En hinsvegar er erfitt að segja, hvernig hún sé rétt talin fram, og verður það ágizkun ein. Eptir Oddi Hjaltalin syni Jóns sýslumanns er það haft, að afi sinn hafi verið *Oddur Önundarson*, en óvíst er, hve mikið er á því að byggja, þótt Önundarnafnið sé í Skagafirði á þeim tímum t. d. í framætt Önundar Guðmundssonar í Kýrholti, sem talinn er sonarson Jóns Oddssonar Önundarsonar, en sá Oddur er of snemma uppi til að geta verið faðir Jóns sýslumanns Hjaltalins. Í ættatölubók í safni J. Sig. í landsbókasafninu 163 fol. er faðir Jóns sýslumanns Hjaltalins talinn *Oddur Jónsson* ráðsmaður á Hólum, bróðir séra Magnúsar Jónssonar á Mælifelli († 4. maí 1662), en með því að séra Magnús var gamall, er hann dó (1662), getur Jón sýslumaður, er ekki mun fæddur fyr en um 1680—85, ekki verið bróðursonur hans. En það er enginn vafi á því, að hann hefur einmitt verið í ætt við séra Magnús á Mælifelli, sem talinn er son Jóns Eiríkssonar á Reykjarhóli í Fljótum og Sigríðar Þorleifsdóttur Tómassonar Fljóta-Brandssonar, sem líklega er réttara, en að faðir Jóns á Reykjarhóli hafi verið Eiríkur Tómasson Brandssonar, eins og sumir telja. Af því að Jón sýslumaður Hjaltalin hefur verið kominn af Jóni Eiríkssyni á Reykjarhóli, hefur Jóni Magnússyni á Reykjarhóli afkomanda Jóns biskups Arasonar verið blandað saman við hann, og Oddur ráðsmaður faðir Jóns Hjaltalins verið talinn son hans. En þótt Oddur bróðir séra Magnúsar geti ekki tímans vegna verið faðir Jóns Hjaltalins, þá gæti hann t. d. verið afi hans eða langafi. *Oddur Magnússon*, son séra Magnúsar á Mælifelli, var sýslumaður í Vestmanneyjum og síðar ráðsmaður í Skálholti 1688. Son hans var Magnús prestur í Reynisþingum († 1747), er mun fæddur um 1670. Oddur þessi hefur fyrst verið nyrðra, áður en hann

- Móðir:* Þorgerður Gísladóttir.
- Kona:* Metta María var dóttir Hans Jan Sörensens, er var fullmektugur hirðstjóra utanlands fyrst, og síðan borgmeistari á Jyllandi. Hún kom út með fögeta Luxdorff, sem gípti hana Jóni Hjaltalin og studdi að hans sýsluembætti. —
- Börn:* A. Oddur á Rauðará<sup>1)</sup>, var lögréttumaður og stundum lögsagnari, átti Oddnýju, þ. b.:  
 a. Hans kaupmaður á Stapa<sup>2)</sup> átti Soffíu danska, þ. b.:  
 aa. Benjamín<sup>3)</sup>.

flutti suður, og hefur mér því komið til hugar, að sú missögn hefði getað komizt inn í ættatölur, vegna ráðsmannstítilsins á föður Jóns Hjaltalins, að faðir hans hafi einmitt verið Oddur Magnússon Skálholtsstaðarráðsmaður, son séra Magnúsar á Mælifelli, en ekki Oddur Jónsson bróðir séra Magnúsar, og kæmi það auðvitað betur heim tímans vegna, enda getur vel verið, að Oddur Magnússon hafi verið ráðsmaður á Hólum, áður en hann flutti suður. En það er samt ýmislegt, sem mælir á móti þessu, og einkum það, að Jón Hjaltalin er eflaust fæddur nyrðra, líklega í Hjaltadal, en árin 1680—90 hefur Oddur Magnússon eflaust verið syðra. Framætt Jóns sýslumanns verður því í óvissu, nema að því leyti, að hann hefur eflaust verið í ætt við séra Magnús á Mælifelli, þótt það verði nú ekki rakið með nægum rökum, en ættfærsla hans í beinan karlegg frá Jóni biskupi Arasyni er tvímælalaust röng.

1) Oddur Hjaltalin bjó áður í Mosfellssveit: í Kálfakoti, á Korpólfsstöðum og Eiði, dó í Bentsbæ við Búðir 26. júní 1797, 75 ára gamall. Oddný kona hans var dóttir Erlends Brandssonar Bjarnhéðinssonar (sjá hér áður).

2) Hans kaupmaður dó 1822, 79 ára.

3) Benjamín Hjaltalin var stúdent, fæddur 1794, útskrifaður úr heimaskóla 1814, átti launson með Sigríði Þorvarðsdóttur beykis í Flatey Grímssonar, er hét Niels. Síðar sigldi Benjamín og varð skólakennari í Svenstrup hjá Mariager á Norður-Jóttlandi. Var þar enn á lífi 1839, átti Henrica Margrethe Aagaard, dóttur Christens Aagaard í Fuglsig, ekkju Chr. Asp kaupmanns í Nibe († 1816), þ. b.:

a. Christian Wilhelm (f. 1822).

b. Carl Johan (f. 1829).

c. Hans Sophus (f. 1834). [Tekið eptir Lengnick Den Gleeupske Stamtavle Kh. 1839 Tab. III, IX.]

bb. Hans<sup>1</sup>).

cc. Abelina<sup>2</sup>).

dd. Elízabet<sup>3</sup>), og mörg fleiri, fóru flest utan.

b. Séra Jón, fékk Háls í Hamarsfirði 1777, Kálfafell á Siðu 1780, Saurbæ við Hvalfjörð 1786, Breiðabólsstað á Skógarströnd 1811, dó 1835, 83 ára, átti fyr Guðrúnu dóttur séra Jóns Bergssonar, þ. b.:

aa. Oddur chirurgus<sup>4</sup>).

1) Hans Friðrik er einnig talinn stúdent (útskrifaður úr heimaskóla), en vafasamt, hvort það er rétt, átti launson með Kristínu Þórðardóttur frá Skógsnesi Jónssonar, hét Friðrik, var svo við verzlun við Búðir og síðar á Akureyri og Raufarhöfn, átti Jóhönnu († 1857) Kleófaslóttur frá Reykhúsum í Eyjafirði Jónssonar, þ. b.:

a. Hansína Soffía átti Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka.

b. Anna Sigríður († 1866) átti Bjarna Þorsteinsson borgara á Raufarhöfn, þ. b.: Friðrik, dó utanlands, Gunnhildur, Jóhann.

c. Hans.

d. Wilhelm, drukknudu báðir á Ásmundarstaðavík 30. sept. 1860.

e. Oddur drukknaði af hákarlaskipi af Sléttu 1859.

2) Abelína fór til Gríms Þorkelins jústisráðs og giptist Lund kaupmanni á Jótlandi.

3) Elízabet fór til Snæbjarnar Stadfeldts.

Önnur börn Hans Hjaltalíns:

ee. Friðrik drukknaði ungur.

ff. Vilhjálmur dó ungur.

gg. Matthildur María dó ung.

hh. Jósep sigldi, dó í Indlandi.

ii. Eleonora Soffía giptist í Mariager.

kk. Vilhelmina átti lautenant í Álaborg, þ. b.:  
× Hans Páll Benjamín.

4) Oddur læknir í Bjarnarhöfn († 12. maí 1840) var tvíkvæntur, átti fyr Doroteu Georgínu Bornemann ekkju, dóttur Jóhanns Bornemanns borgmeistara í Viborg, þ. b.:

a. Guðrún, kvenna bezt að sér til munns og handa, kunni mörg tungumál, átti launson með Jóni Guðmundssyni trésmið, er síðar bjó í Elliðaey, hét Jafet (sbr. III, 204). Hún giptist svo Ólafi Guðmundssyni í Bár í Eyrarsveit, síðar í Flatey, þ. b.:

aa. Dórótea, heyrnarlaus og mállaus alla æfi, giptist ekki.

bb. Guðrún<sup>1</sup>).  
cc. Jósep<sup>2</sup>).

bb. Sigurborg átti Eyjólf Jóhannsson kaupmann í Flatey. Son þeirra er Ólafur forstöðumaður verzlunarskólans í Reykjavík, kvæntur Jónínu dóttur Magnúsar Sigurðssonar r. af dbr. óðalsbónda á Grund í Eyjafirði.

S. k. Odds Hjaltalins lækni var Sigríður Björnsdóttir prests í Hítarnesi Sigurðssonar, bl. Hún átti síðar Kára Konráðsson, bróðurson Gísla sagnfræðings Konráðssonar.

1) Guðrún átti Vigfús Guðmundsson á Signýjarstöðum, bróðurséra Eggerts í Reykholti (sjá um börn þeirra hér síðar).

2) Jósep Hjaltalín bjó á Valshamri á Skógarströnd, átti fyr Solveigu Sigurðardóttur frá Haukabrekku Daðasonar, p. b.:

a. Sigurður, lærði gull- og silfursmíði, var síðast á Ósi á Skógarströnd, var þrikvæntur. Fyrsta kona hans Guðrún Bergsdóttir, þau bræðrabörn, áttu eitt barn, er dó ungt. Svo átti hann Jóhönnu Jósafatsdóttur frá Stóru-Ásgeirsá Tómassonar stúdents Tómassonar, p. b.:

aa. Helga Gróa gípt Birni Lárussyni frá Narfeyri Jónssonar, p. b.: Lárus og Laufey.

bb. Solveig Guðrún fór til Vesturheims.

cc. Jósafat Jósep snikkari í Stykkishólmi, kvæntur Ingveldi Jónsdóttur, bl.

dd. Karólína Jóhanna gípt Lárusi Lárussyni verzlunarmanni í Ólafsvík, bróður Björns, er á Helgu systur hennar.

3. kona Sigurðar Hjaltalins Anna Símonardóttir, p. b.:

ee. Sigurður skósmíður.

b. Lárus á Hrafnabjörgum í Hörðudal, átti Kristínu Þorsteinsdóttur, p. b.: Jón, Solveig.

c. Hans á Litla-Hrauni og Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi, átti fyr Sigríði Sigurðardóttur á Tjaldbrekku Jónssonar, p. b.:

aa. Pálina s. k. Þórðar Þórðarsonar dbrm. á Rauðkollsstöðum, p. b.: Óskar, Þórður, Sturla.

bb. Málmfríður gípt Ögmundi í Vífilsdal Hjartarsyni Ögmundssonar Guðmundssonar prófests á Staðastað Jónssonar.

cc. Solveig gípt Þorgils Sigurðssyni á Kleifárvöllum í Miklholtshreppi.

S. k. Jóseps Hjaltalins var Guðrún Jónsdóttir frá Dröngum Vigfússonar, p. b.:

d. Vilborg átti Kristján gullsmíð á Straumi Björnsson gullsmíðs Magnússonar, p. b.:

aa. Guðrún gípt Rögnvaldi trésmíð Lárussyni frá Narfeyri Jónssonar.

- dd. Bergur<sup>1</sup>).  
 ee. Guðný<sup>2</sup>).  
 ff. Guðfinna<sup>3</sup>).

- bb. Ragnheiður.  
 cc. Björn.  
 dd. Stefán.  
 ee. Lárus.
- e. Málmfriður s. k. Jóns Jónssonar hreppstjóra á Narfeyri, p. b.:  
 aa. Jósep Hjaltalín organleikari í Stykkishólmi, kvæntur Herdisi Bogadóttur Thorarensens sýslumanns Bjarnasonar amtmanns (II, 745), bl.  
 bb. Stefán trésmiður, hefur verið erlendis.  
 cc. Gunnlaugur Jón realstúdent.  
 dd. Guðmundur.  
 ee. Magnús.
- f. Steinunn átti Vernharð Björnsson smið á Setbergi á Skógarströnd, bróður Kristjáns, er átti Vilborgu systur hennar, p. b.: Björn, Guðrún.
- g. Jón trésmiður, ókv., bl.
- 1) Bergur Hjaltalín bjó lengst í Yxney, átti fyr Soffiu Jónsdóttur, p. b.:  
 a. Jón í Brokey, († 1887), átti Hildi Vigfúsdóttur í Brokey Sigurðssonar stúdents í Geitareyjum Sigurðssonar, p. b.:  
 aa. Bergur skósmiður, dó um þritugt, ókv., bl.  
 bb. Vigfús í Brokey, kvæntur Kristjönu Kristjánsdóttur frá Gunnarstöðum Guðbrandssonar.  
 cc. Halldóra s. k. Lárusar Loptssonar í Arney.  
 dd. Guðrún átti fyr Jón Þorbjörnsson í Gvendarey, p. d.: Jónhildur, en síðar Jón Elisson.
- b. Guðrún 1. kona frænda síns Sigurðar Jóseppssonar Hjaltalíns (sjá hér áður).  
 S. k. Bergs Hjaltalíns Salóme Oddsdóttir. Börn þeirra dóu í æsku.
- 2) Guðný var tvígipt. F. m. hennar Sighvatur Jónsson í Yxney, bróðir Soffiu, er Bergur bróðir hennar átti, p. b.:  
 a. Jón á Hamri í Kollafirði í Barðastrandarsýslu, ókvæntur. Börn hans með Póreyju Felixdóttur frá Brunná Sveinssonar: Anna og Ingibjörg.  
 S. m. Guðnýjar Sigurður Snorrason í Stóra-Langadal á Skógarströnd, p. b.:  
 b. Kristín átti Árna Bjarnason í Króki í Eyrarsveit, p. d.:  
 aa. Guðný gipt Sveinbirni Finnssyni á Kirkjufelli í Eyrarsveit.
- 3) Guðfinna átti Bjarna Jónsson, er kallaður var Hnausa-

gg. Guðbjörg<sup>1</sup>).

Bjarni, og þótti misendismaður, enda var gjaforð þetta séra Jóni föður Guðfinnu þvert um geð. Son Bjarna og Guðfinnu:

- a. Davíð í Lárkoti (Lágarkoti) í Eyrarsveit, átti Margræti Ólafsdóttur, p. b.:
  - aa. Ólöf.
  - bb. Gróa átti Valentinus Oddsson tómthúsmann í Stykkishólmi, p. b.:
    - aaa. Oddur, kvæntur Guðrúnu Hallgrímsdóttur í Látravík Jónssonar. Launson hans með Ólinu Tjörfadóttur: Tjörfi.
    - bbb. Málmfríður.
    - ccc. Sigvaldi.
    - ddd. Sören.

1) Guðbjörg átti fyr Jón Jónsson verzlunarstjóra á Ísafirði, þeirra synir: Albert gullsmíður, dó ungur ókv., og Hermanníus Elías (Johnson) sýslumaður í Rangárvallasýslu (sjá um hann þar). S. m. Guðbjargar Ámundi á Kirkjubóli Halldórsson prófasts á Melstað Ámundasonar, p. b.: Halldór og Helga, er giptist Magnúsi sýslumanni Gíslasyni (sbr. II, 746).

Enn voru f. k. börn séra Jóns Hjaltalíns:

- hh. Jón, lærði trésmíði, var lengi erlendis, bæði í Kaupmannahöfn og Hamborg, kom svo hingað til lands aptur og andaðist ókvæntur og bl.
- ii. Vigfús, bjó í Stóra-Langadal og Laxárdal á Skógarströnd, átti Þorbjörgu Sigurðardóttur Daðasonar, p. b.:
  - a. Benedikt, fór austur á land.
  - b. Stefán bjó um tíma í Þórðarbúð í Eyrarsveit, átti Guðrúnu Illhugadóttur, p. b.:
    - aa. Illhugi búfræðingur átti Guðrúnu Guðmundsdóttur og börn.
    - bb. Jónas.
    - cc. Elizabet.
  - Launsynir Stefáns Hjaltalíns, áður en hann kvæntist:
    - dd. Stefán fór til Vesturheims.
    - ee. Jóhannes, kvæntist í Dölum.
  - c. Guðrún s. k. Sigurðar Sigurðssonar í Litla-Langadal, bl.
  - d. María, giptist ekki.
  - e. Jens prestur á Setbergi, kvæntur Jensinu Jónsdóttur Arnfinnssonar og Önnu Pálsdóttur Hjaltalíns, þau bl.

Síðar átti séra Jón Gróu dóttur séra Odds á Reynivöllum, þ. b.:

hh. Guðrún<sup>1</sup>).

ii. Jón<sup>2</sup>).

kk. Kristín<sup>3</sup>).

Fimm börn séra Jóns Hjaltalins og f. k. hans Guðrúnar dóu ung: Guðný 8 ára gömul, Herdís 11 vikna, Sigríður vikugömul, Guðrún önnur og andvana stúlka.

1) Guðrún átti Jón Danielsson kaupmann í Grundarfirði (sbr. III, 293), þ. b.:

a. Stefán (Danielsson), bjó lengi í Grundarfirði, fór svo til Danmerkur til Stefáns lækni sonar síns, átti Jakobínu Árna-dóttur sýslumanns Þorsteinssonar. Börn þeirra eru talin III, 242.

b. Anna María átti Ólaf Thorlacius, son Árna kaupmanns Thorlaciusar (III, 245).

c. Jón aðstoðarkaupmaður á Búðum, druknaði 1860, bl.

d. Gróa Ingibjörg, dó fulltíða, bl.

2) Jón Hjaltalín dr. med. landlæknir, dó í Reykjavík 8. júní 1882, átti Jakobínu dóttur Baagöe kaupmanns í Húsavík, bl.

3) Kristín átti Jón Danielsson yngra á Kverná, albróður Jóns í Grundarfirði, er átti Guðrúnu systur hennar, þ. b. talin III, 293.

Enn var dóttir séra Jóns Hjaltalins og s. k. hans Gróu:

II. Guðrún önnur átti Magnús kaupmann í Bráðræði í Rvík, son Jóns Jónssonar administrators á Stóra-Ámóti og Höllu Magnúsdóttur, þ. b.:

a. Guðrún átti fyr Guðmund Eyjólfsson í Austurhlíð í Biskupstungum (sbr. bls. 5 hér að framan), þ. d.:

aa. Solveig gípt Þorsteini Thorarensen óðalsbónda á Moeidarhvoli, syni Skúla lækni Thorarensens.

S. m. Guðrúnar Hjörtur hreppstjóri í Austurhlíð Eyvindsson frá Syðri-Brú í Grimsnesi Hjörtssonar í Hvammi í Ölfusi Jónssonar, þ. b.:

bb. Steinunn gípt Brynjólfi Hermann Bjarnason kaupmanni í Rvík, syni Hákonar Bjarnasonar kaupmanns á Bildudal.

cc. Guðmundur.

dd. Guðrún gípt Magnúsi í Austurhlíð

c. Guðrún átti Ólaf kaupmann og riddara Thorlacius<sup>1</sup>), þ. b.;

Sigurðssyni frá Kópavatni Magnússonar alþingismanns Andréssonar.

- b. Halla átti Pétur Einarsson Jónassonar frá Gili í Svartárdal, þjuggu lengi á Felli í Biskupstungum, en fluttu síðar til Vesturheims, þar dó Halla, en Pétur kom aptur hingað og er nú í Rvík. Meðal barna þeirra eru: Vilhjálmur og Magnús í Ameríku, Guðrún gipt Piðrik Eyvindssyni frá Útey í Laugardal Þórðarsonar, búa í Ameríku, Guðrún önnur gipt Sigurði Sólvasyni aktýgjasmíð í Rvík og Guðrún þriðja í Rvík, gipt Jónasi Jónassyni í Winnipeg.
- c. Jón bjó á Felli í Biskupstungum um hrið, síðar suður í Njarðvíkum, nú í Rvík, átti Höllu Árnadóttur dbrm. á Stóra-Ámóti Magnússonar, þau systkina-börn. Börn þeirra eru: Helgi verzlunarstjóri á Stokkseyri, Árni verzlunarmaður í Rvík, Hallbjörg gipt Birni Gíslasyni trésmíð og Helga.
- d. Margrét átti Magnús Magnússon á Bakka á Vatnsleysuströnd, þ. b.: Jón og Vilborg.
- e. Gróa átti Kristinn Ólafsson á Steinum í Rvík, þ. b.: Guðrún kona Jafets Sigurðssonar skipstjóra, Kristín gipt Valdimar Sigurðssyni í Rvík og Jón.
- f. Jóhanna, dó ógipt, bl.
- g. Sigurður var um hrið kaupmaður í Reykjavík, átti Bergljótu Árnadóttur frá Bakka í Hólmi Gíslasonar í Hofstaðaseli Árnasonar, þ. b.:
- aa. Jón Hjaltalin læknir í Rangárvallasýslu.
- bb. Magnús cand. jur., málafærslumaður í Rvík.
- cc. Ingvar stúdent.
- dd. Ingibjörg.
- ee. Guðrún.

4 börn séra Jóns Hjaltalins og s. k. hans Gróu: Guðrún, Hans, Oddur og Hans annar, dóu ung.

1) Ólafur Thorlacius kaupm. var son Þórðar Sighvatssonar í Hlíðarhúsum (sjá hér áður bls. 127).



- aa. Árni kaupmaður<sup>1</sup>).
- bb. Ólafur<sup>2</sup>).
- cc. Þórður dó ungur.
- d. Sesselja átti Davíð Sörensón barnlaus<sup>3</sup>).
- e. Jörunn átti Jón Jónsson, um hrið faktor á Stapa<sup>4</sup>), p. b.:
- aa. Niels<sup>5</sup>).

1) Um Árna Thorlacius og afkomendur hans sjá III, 244—245.

2) Ólafur bjó í Innri-Fagradal, átti Helgu Sigmundsdóttur Magnússonar sýslumanns Ketilssonar. Börn þeirra eru talin II, 721. Laundóttir Ólafs með Valgerði Steindórsdóttur, er síðar átti Sveinbjörn Jónsson á Skildi í Helgafellssveit var:

- a. Sigurborg átti Helga Jónsson hreppstjóra á Skarfsstöðum í Hvammssveit, bróður séra Búa á Prestbakka, p. d.:
- aa. Ágústa s. k. Jóns Sigurðssonar borgara í Stykkishólmi, bl. S. m. Guðrúnar Oddsdóttur var Þorleifur Jónsson skipherra og bóndi á Bildudal, þau bl.

3) Þau voru systkinabörn (sjá hér síðar).

4) Faðir Jóns var Jón Björnsson Steindórssonar, bræðringur við Jakob Eiríksson »sterka«, stúdent á Búðum. Jón maður Jörunnar bjó síðar í Böðvarsholti í Staðarsveit, eptir að hann hætti verzlunarstörfum.

5) Niels bjó síðast í Höskuldsey, átti frændkonu sína Sesselju Pálsdóttur Hjaltalins Oddssonar, p. b.:

- a. Jóhanna f. k. Bjarna Jóhannessonar í Bjarneyjum, p. b.:
- aa. Hans.
- bb. Bjarni.
- cc. Guðný gípt Jens Sigurðssyni í Keflavík undir Jökli.
- dd. Jóhanna gípt Andrésí í Hrappsey Grímólfssyni frá Máfahlíð Ólafssonar á Litlahrauni Bjarnasonar á Brimilsvöllum Bogasonar í Hrappsey Benediktssonar.
- b. Metta átti Jón Jónsson í Akureyjum, p. b.:
- aa. Jón í Þormóðsey átti Guðrúnu Erlendsdóttur, p. b.: Jón Rósmann.
- bb. Margrét f. k. Sigmundar Guðbrandssonar í Akureyjum, p. b.:
- aaa. Petríana gíptist í Ólafsvík.
- bbb. Jón skósmiður í Stykkishólmi, átti Kristínu Jónsdóttur frá Saurláttri Bjarnasonar.
- c. Jens í Höskuldsey, átti Guðrúnu Jónsdóttur, p. b.:
- aa. Pétur í Höskuldsey, kvæntur Jóhönnu Einarsdóttur.
- bb. Niels.
- cc. Ebenezer átti fyr Ólöfu Jónsdóttur, er varð úti í Berserkja-

- bb. Jón<sup>1</sup>).
- cc. Oddný.
- dd. Ingibjörg,
- ee. Jóhanna.
- ff. Bent<sup>2</sup>).
- f. Rannveig átti Hjört<sup>3</sup>) á Bústöðum Eiríks-son, p. b.:
- aa. Eiríkur<sup>4</sup>).

---

hrauni 1889, bl., en síðar Kristjönu Danielsdóttur, p. b.: Leó.

- dd. Guðrún s. k. Einars Einarssonar frá Tanga Halldórssonar, p. b.: Jensína átti Jónas Jónasson, Jens, Ragnhildur.
- d. Matthildur átti Jón Þorsteinsson á Ámýrum í Helgafellsveit, p. b.:
- aa. Niels átti Sigurlín Jónsdóttur Hreggviðssonar á Miðhrauni Sturlaugssonar, p. b.: Jensína, Þorleifur.
- bb. Jón átti Kristólinu Kristjánsdóttur, dóttur Sigurlínar, konu Nielsar bróður hans.
- cc. Jakobína, átti launbarn með Halldóri Loftssyni, er heitir Sveinlaug, er í Rvík.
- dd. Jóhanna. Dóttir hennar með Einari Þorkelssyni frá Staðastað heitir Súsanna Nohómi.
- ee. Pálína gipt Jóhannes Þorsteinssyni á Hjarðarbóli, eiga börn.
- ff. Sigríður, átti laundóttur, Kristfríði Tómasdóttur, giptist síðar.

Laundóttir Niels í Höskuldsey var:

- e. Ingibjörg giptist ekki, bl.
- 1) Jón bjó í Langey, átti Kristínu Eyjólfsdóttur, p. b.:
- a. Bent kaupmaður í Flatey, druknaði á leið frá útlöndum, átti Guðnýju Jóhannesdóttur frá Bjarneyjum Magnússonar, p. b.: Jónas, dó fullorðinn, Jón pilskipaformaður, Pétur og Jóhannes, dó ungur.
- b. Jónas, bjó síðast á Hallbjarnareyri, átti Katrínu Bergsdóttur Búasonar Þorvarðssonar, p. b.:
- aa. Magdalena gipt séra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal.
- bb. Ingibjörg.

2) Bent átti Önnu Pálsdóttur Hjaltalíns, druknaði með Steenbach 1831.

3) Hjörtur var son Eiríks Hjörtssonar á Laugum í Flóa og s. k. hans Þórönnu Sölmundsdóttur frá Minni-Mástungu Eiríks-sonar, systur Eiríks lögréttumans í Hlíð í Eystrihrepp.

4) Eiríkur á Rauðará var þríkvæntur. Fyrsta kona hans var Guðný Eyjólfsdóttir smiðs á Bústöðum Jónssonar, p. b.:

bb. Jón<sup>1</sup>).

- a. Hjörtur í Stuðlakoti, átti Guðrúnu Pálsdóttur Þórðarsonar, p. b.:  
 aa. Guðmundur.  
 bb. Puriður giptist dönskum manni.  
 cc. Guðný.  
 Miðkona Eiríks Hjörtssonar Anna Magnúsdóttir, p. b.:
- b. Guðný.
- c. Ingimundur átti Margréti Jónsdóttur vefara og Elinar Kristínar Erlendsdóttur prests í Nespingum Vigfússonar, p. b. Trausti.
- d. Sigríður.  
 Síðasta kona Eiríks Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Deild á Alptanesi Gíslasonar á Óttarsstöðum Ólafssonar, p. b.:
- e. Bjarni á Hamarlandi á Reykjanesi, átti Sigríði Friðriksdóttur prófasts á Stað Jónssonar, p. b.:  
 aa. Hjörtur á Klukkulandi átti Steinunni Guðlaugsdóttur.  
 bb. Friðrik á Mýrum í Dýrafirði, kvæntur Ingibjörgu Margréti Guðmundsdóttur dbr.manns Brynjólfssonar.  
 cc. Ólína Sigríður gipt Jóni Hólmsteini Guðmundssyni í Ytri-Lambadal.  
 dd. Ragnhildur átti Einar Jóhannesson á Blámýrum.  
 ee. Eiríkur járnsmiður í Reykjavík, kallar sig Hjaltested, kvæntur Guðrúnu Helgadóttur kaupmanns Helgasonar.  
 ff. Ingigeir í Friðrikshöfn á Jótlandi, kvæntur Guðrúnu Bjarnadóttur frá Kirkjubóli í Korpudal Guðmundssonar.
- f. Anna átti Eirík Eiríksson járnsmið í Stuðlakoti, p. b.:  
 aa. Guðbrandur í Stuðlakoti, átti Bergþóru Jónsdóttur frá Skálholtskoti Arasonar, p. b.: Jón verzlunarmaður, Anna gipt Brynjólfi Björnssyni tannlækni í Rvík og Ingibjörg leikfímiskennari.  
 bb. Ágústa átti Ármann Jónsson frá Skálholtskoti Arasonar.  
 cc. Birgitta Guðríður s. k. Steingrims Thorsteinssons rektors við hinn almenna menntaskóla, p. b.: Þórður Aðalsteinn, Steinunn, Haraldur, Þórunn, Axel.
- g. Guðríður átti Björn Pétursson Hjaltested járnsmið í Rvík, p. b.:  
 aa. Georg Pétur cand. phil., skrifari í stjórnarráðinu, kvæntur Soffíu Óladóttur Finsens póstmeistara, p. b.: Svafar, Kjartan og Björn.  
 bb. Bjarni aðstoðarprestur í Rvík, kvæntur danskri konu, Stefanie Berntsen, p. b.: Birna og Eysteinn Erlingur.  
 cc. Sigríður koma Pálma Pálssonar menntaskólakennara, p. b.: Páll.

---

1) Jón bjó á Óttarsstöðum, átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Nesi

- cc. Sesselja<sup>1</sup>).
- g. Oddný Oddsdóttir átti Helga Engilbertson, p. b.,  
aa. Erlendur<sup>2</sup>).
- bb. Sigurður<sup>3</sup>).
- h. Páll Oddsson Hjaltalin, lengi assistent í Stykkishólmi, átti Magdalenu Sörens dóttur<sup>4</sup>). p. b.:  
aa. Hans<sup>5</sup>).

- 
- h. Ólafur, druknaði á Kollafirði, ókv. bl.
- i. Rannveig átti Kristján Jónsson á Vegamótum í Rvík, p. b.:  
Jón, Margrét, Rannveig.  
Launson Eiríks Hjörtssonar á Rauðará með Helgu Jónsdóttur var:
- k. Eiríkur hringjari í Rvík.

---

við Þjórsá Jónssonar og Ingveldar Sigurðardóttur Isólfssonar, p. b.:

- a. Metta átti Jón í Hafnarfirði Illhugason frá Beinakeldu Halldórssonar og Brietar Snæbjörnsdóttur prests í Grímstungum Halldórssonar, p. b.. Björn, Regína, Jón í Efstabæ í Rvík og Guðný, er átti Hermann Guðmundsson í Rvík.
- b. Rannveig átti launson með Sveini Jónssyni:  
aa. Steindór á Óttarsstöðum. Son hans Sveinn í Hvassahrauni.
- c. Guðný dó bl.

1) Sesselja var á Járngerðarstöðum, ógipt, bl.

2) Erlendur var lyfsali í Kaupmannahöfn.

3) Sigurður var kaupmaður (urtakramari) í Kaupmannahöfn. Oddný átti 2 börn með Guðmundi Stefánssyni, er dóu ung.

4) Þau voru systkinabörn (sjá hér síðar).

5) Hans Hjaltalin, bjó í Elliðaey, átti Guðnýju Pálsdóttur frá Fagurey Einarssonar, p. b.:

a. Jóhann átti Jóhönnu Jóhannsdóttur aðstoðarprests í Jónsnesi Bjarnasonar Bogasonar, áttu mörg börn.

b. Páll verzlunarmaður í Ólafsvík, átti Guðnýju Jónsdóttur, bl.

c. Gunnhildur átti Jón Guðmundsson snikkara í Elliðaey, er átti Jafet með Guðrúnu Oddsdóttur lækni Hjaltalins (sjá hér áður), p. b.:

aa. Kristjana átti Bjarna Bjarnason Loptssonar, p. b.:

aaa. Ragnhildur átti Sigurjón Porkelsson.

bbb. Guðmundur á Hofstöðum í Helgafellssveit, átti Ólinu Árnadóttur og mörg börn.

- bb. Soffía<sup>1</sup>).
- cc. Metta<sup>2</sup>).
- dd. Silfa<sup>3</sup>).
- ee. Sesselja<sup>4</sup>).

ccc. Bjarni í Bildsey, átti Sigríði Guðmundsdóttur og börn.

bb. Gunnhildur átti Elís, p. b.:

aaa. Hjörtfríður átti Guðmund Bjarnason í Stykkishólmi og börn.

bbb. Jón s. m. Guðrúnar Jónsdóttur í Brokey Bergssonar.

cc. Guðmundur, bjó um hrið á Ámýrum, átti Elísabet Bjarnadóttur í Akureyjum Jónssonar, p. b.:

aaa. Jens Pétur.

bbb. Vilborg.

Börn átti Guðmundur með Guðnýju Jónsdóttur, þar á meðal Gunnar og Hafliða.

1) Soffía átti Einar Pálsson í Fagurey, bróður Guðnýjar konu Hans bróður hennar, p. b.:

a. Páll, bezta selaskytta, var tvíkvæntur, átti fyr Hallfríði dóttur Einars prófests Sæmundssonar Einarsens í Stafholti, en síðar Ólöfu ættaða úr Borgarfirði. Son þeirra Ingólfur fór til Vesturheims.

b. Magdalena átti Eirik Bjarnason frá Skoreyjum Steinólfssonar. Eitt barn þeirra:

aa. Ásmundur átti Halldóru Sigurðardóttur, bl.

2) Metta átti Gunnlaug Grímsson frá Botni í Tálknafirði, þilskipsstýrimann á Bildudal.

3) Silfa átti Sigurð Jónsson á Kljá í Helgafellssveit, p. b.:

a. Sigríður tvígípt. Son hennar með s. m.: Elífas Magnússon í Hörðudal.

b. Silfa átti Jón Einarsson á Auðólfstöðum á Barðaströnd, p. b.:

aa. Jófríður.

bb. Magdalena.

cc. Eyjólfur.

dd. Júlíana s. k. Magnúsar Einarssonar í Elliðaey, bl.

ee. Hansína.

c. Kristín.

d. Sigurborg, munu hafa dáíð ungar.

4) Sesselja átti fyr Jón Bjarnason frá Þórdisarstöðum, p. b.:

a. Bjarni í Akureyjum í Helgafellssveit átti Guðríði Jónsdóttur Nikulásssonar, p. b.:

aa. Jón á Saurlátri, átti Margréti Andrésdóttur, p. b.:

- ff. Guðrún<sup>1</sup>).  
 gg. Anna<sup>2</sup>).  
 hh. Sigríður<sup>3</sup>).  
 ii. Páll<sup>4</sup>).

aaa. Bjarni á Saurláttri, átti Ólöfu Sigmundsdóttur í Akureyjum Guðbrandssonar.

bbb. Niels.

ccc. Andrés skósmiður, kvæntur Pálinu Jónsdóttur í Þor-móðsey Þorvaldssonar.

ddd. Dagbjört gipt Niels Breiðfjörð Jónssyni.

eee. Guðrún.

fff. Kristin gipt Jóni Sigmundssyni skósmið í Stykkis-hólmi.

bb. Bæring átti Margréti Þórðardóttur, bl.

cc. Málmfriður.

dd. Elísabet átti Guðmund Jónsson frá Elliðaey Guðmunds-sonar og Gunnhildar Hansdóttur (sjá hér áður).

ee. Sigríður átti fyr Jón Jónsson, en síðar Svein Jónasson í Þórðarbúð og börn.

S. m. Sesselju Pálsdóttur Niels Jónsson í Höskuldsey, þau systkinabörn (sjá hér áður, þar sem börn þeirra eru talin).

1) Guðrún átti Andrés Jónsson á Arnarstöðum, bróður Sigurðar á Kljá, er átti Silfu systur hennar, p. b.:

a. Páll dó ókv., bl.

b. Katrín átti Guðmund Illhugason á Arnarstöðum, p. b.:

aa. Anna.

bb. Páll í Undirtúni, átti Ástriði Helgu Jónasdóttur og börn.

cc. Kristín.

2) Anna átti fyr Bent Jónsson frá Böðvarsholti Jónssonar og Jórunnar Oddsdóttur, þau systkinabörn (sjá áður), en síðar Jón Arnfinnsson í Jónsnesi, p. d.:

a. Jensina kona séra Jens Vigfússonar Hjaltalins (sjá áður).

3) Sigríður átti Jón Pálsson í Höskuldsey, bróður Einars, er átti Soffiu systur hennar, og Guðnýjar, er átti Hans í Elliðaey bróður hennar, p. b.:

a. Hans dó um tvítugt.

4) Páll Hjaltalin var verzlunarstjóri í Stykkishólmi, átti Jensinu Óladóttur Steenbach, systur Magdalenu konu Arna Thorlaciusar, p. b.:

a. Sören verzlunarmaður átti Kristínu dóttur Sveinbjarnar Egilssonar skólameistara, p. b.:

aa. Sveinbjörn fór til Vesturheims.

B. Gunnhildur dóttir Jóns sýslum. Hjaltalins<sup>1</sup>),  
 átti Sören reipslagara á Stapa Daviðsson, þ. b.:

- bb. Magdalena gipt Sæmundi Halldórssyni kaupmanni í Stykkishólmi (sbr. II, 704).
- b. Magdalena átti fyr Óla Steenbach, son O. Steenbachs, er druknaði á Breiðafirði 1831, þ. d.:
- aa. Pálina Jensína, dó fulltiða, bl.  
 S. m. Magdalenu Þorleifur í Bjarnarhöfn Þorleifsson s. st. Þorleifssonar, áttu eitt barn, er dó ungt, og hún skömmu eptir fæðingu þess.
- c. Elizabet ógipt, bl.
- d. Amalía átti fyr Þorleif yngra Þorleifsson í Bjarnarhöfn og var s. k. hans, þ. b.:
- aa. Kristján Þorleifur, kvæntur Ragnheiði Benediktsdóttur.  
 bb. Páll.  
 cc. Kristín.  
 dd. Þorleifur.  
 ee. Oddur Hjaltalín.  
 S. m. Amalíu Stefán Benediktsson búfræðingur.
- e. Henrietta, dó fullorðin, ógipt, bl.  
 Enn voru börn Odds Hjaltalíns lögréttumanns og Oddnýjar Erlendsdóttur:

- i. Erlendur dó ungur.  
 k. Jón dó ungur.  
 l. Þorbjörg dó einnig ung.

*Aths.* Þess skal getið, að flest af því, sem hér hefur verið sagt um afkomendur Odds Hjaltalíns á Vesturlandi, sérstaklega um yngstu ættliðina, er tekið eptir skýrum manni og ættfróðum, Sigurði Jónssyni á Arnarstöðum í Helgafellssveit, er sendi mér skýrslu um þennan ættboga þar vestra árið 1900. En nú er þeirri heimild lokið, að því er til Hjaltalínsættarinnar kemur.

1) Gunnhildur þessi var svarkur mikill og kölluð »kongamóðir«. Segir Espólin (Árb. XI, 32) sögu um hana, er hún gekk fyrir Friðrik konung 5. Hún átti aðra systur eldri, er einnig hét: Gunnhildur, og var tvígipt; fyrri maður hennar var Sighvatur Jónsson, talinn bróðir Símonar í Krísvík, þ. b.:

- a. Sighvatur í Grjóta í Rvík, átti Vigdís Símonardóttur, er ef til vill hefur verið dóttir Símonar í Krísvík og þau hjón því bræðrabörn, þ. b.:
- aa. Ingibjörg átti Guðbrand Erlendsson á Hrappsstöðum í Hjaltadal, þ. b.:
- aaa. Einar átti Þórdís Bjarnadóttur frá Langhúsum.
- bb. Sigríður, átti laundóttur með Guðmundi Magnússyni, er hét Sigríður, en átti síðar Sölmund í Skakkakoti (»Skakk») í Rvík Jónsson Sölmundssonar, er var bróðir Hafliða

- a. Davíð átti Sesselju Oddsdóttur (sjá hér að framan), bl.
- b. Magdalena átti Pál Hjaltalín (sjá hér að framan).
- C. Niels<sup>1)</sup> átti Guðrúnu dóttur séra Eiríks Bjarnasonar, þ. b.:
  - a. Metta átti fyr séra Jón Arngrímsson, bl., svo Davíð Sörensson. (Var hans önnur kona<sup>2)</sup>, sjá að framan), bl.
  - b. Ingunn átti fyr Þorvarð í Bár Þorsteinson, þ. b.:
    - aa. Finnur.
    - bb. Guðrún<sup>3)</sup>.
    - cc. Þorsteinn.

---

prests í Hrepphólum, Bergsveinssonar, þ. b.: Vigdís, Jón dó ungar.

- cc. Þorbjörg († 1801) f. k. Jóns eldra á Árvelli Örnólfssonar í Álfsnesi Valdasonar á Rauðará Örnólfssonar, þ. b.:
  - aaa. Sighvatur bjó á Melum á Kjalarnesi, († 1843), átti Höllu Alexíusdóttur, þ. b.
    - × Þorbjörg átti Bjarna Kristjánsson í Rvík. Meðal barna þeirra er Sighvatur bankastjóri, kvæntur Agústu Sigfúsdóttur prests á Tjörn Jónssonar.
  - bbb. Örnólfur.
  - ccc. Kristín átti séra Svein Benediktsson á Mýrum í Álptaveri. Meðal barna þeirra var Benedikt sýslumaður Sveinsson († 2. ágúst 1899).
  - ddd. Guðrún.
  - eee. Sigríður dó ung.
  - dd. Simon bjó á Álptanesi.
  - ee. Sigríður önnur dó ung.
- b. Simon (yngri) í Krísvík, dó 22. marz 1785, 52 ára.  
S. m. Gunnhildar eldri Jónsdóttur er talinn Jörundur nokkur, þau bl.

1) Niels lögréttumaður í Hlíðarhúsum, († 1786), var þrikvæntur, og Guðrún dóttir séra Eiríks Bjarnasonar á Hvalsnesi 1. kona hans.

2) Fyrri kona Davíðs Sörenssonar Grönagers var Sesselja Oddsdóttir lögréttumanns Hjaltalíns, þau systkinabörn (sjá áður). Davíð dó 1830. Hann átti launbarn með Þrúði Jónsdóttur frá Vatnshorni, er dó ungt.

3) Guðrún átti Sigurð Sigurðsson frá Hrafnkelsstöðum.



dd. Eiríkur.

ee. Ingunn.

Svo Halldór Kárasón<sup>1)</sup>, bl.

c. Eiríkur stúdent fór utan, kom ei aptur<sup>2)</sup>.

1) Halldór var son Kára Bjarnasonar í Lág í Eyrarsveit. Snókdalín segir, að dóttir Halldórs og Ingunnar hafi verið:

a. Metta, er átti Runólf Sveinsson frá Kjalveg Magnússonar, p. d.: Ingunn var vitskert, heyrnarlaus og blind.

2) Eiríkur Hjaltalín var fæddur í Hlíðarhúsum í júlí 1765, útskrifaður úr Helsingjaeyrarskóla 1787, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 1. okt. s. á., tók próf í dönskum lögum 26. júní og 8. júlí 1795 með 1. einkunn í hinu teoretiska, en 2. einkunn í hinu praktiska prófi. [Hann er ekki talinn í lögfræðingatali M. Stephensens í Tímar. Bókm.fél. III. árg.]. Var 11 ár tolleptirlitsmaður í Langesund í Noregi, en andaðist í Flensborg 1. janúar 1815, átti danska konu og 6 börn, eitt þeirra hét Niels.

Enn var son Niels og 1. konu hans Guðrúnar:

d. Sigurður, dó 1762, tveggja ára.

Miðkona Niels var Valgerður Jónsdóttir frá Seli í Rvík. Hún dó 1771, þau bl., en Niels kvæntist í 3. sinn 1773 Þórunni Jónsdóttur snikkara í Rvík Magnússonar, systur Jóhannesar snikkara í Hlíðarhúsum, þau bl. Hún átti síðar Jón Valdason á Lágafelli, bróður Örnólfs í Álfsnesi.

Enn voru börn Jóns sýslumanns Hjaltalíns:

D. Gunnhildur eldri, sem áður er getið.

E. Páll sigldi og kvæntist utanlands, átti 2 syni, er voru stýrimenn til Austindía.

F. Hans sigldi, lærði látúnssmiði, dó utanlands, ókvæntur.

G. Anna átti Árna Einarsson í Ánanaustum, p. b.:

a. Árni druknaði, bl.

b. Einar var tinsteypari á Borgundarhólmi.

c. Þóra giptist austur í Grafning.

H. Silfa átti Gissur Jónsson lögréttumann á Arnarhóli, er mun hafa verið son Jóns Tómassonar á Arnarhóli Bergsteinssonar og bróðir Bjargar f. k. Guðmundar Davíðssonar í Hlíðarhúsum, p. b.:

a. Tómas, dó ungbarn 1748.

b. Þorbjörg, dó ungbarn 1751.

c. Guðrún átti fyr Bjarna á Hólmi Guðbrandsson frá Geirlandi Eiríkssonar, p. b.: Gunnar dó ungur. Svo átti Guðrún Jón á Járngerðarstöðum Jónsson á Þorkötlustöðum Ásbjörnssonar, bl. Son Guðrúnar með Jóni nokkrum hét Gissur. Dóttir hennar með kvæntum manni,

Jón Hjaltalín vandist í æsku með dönskum, og var að náttúru mjög glaðsinna og orðhvatur, ekki lærður á

Pórði Sighvatssyni í Hlíðarhúsum (sjá hér áður bls. 127), var Þrúður, er átti Guðmund á Rauðará Jónsson frá Saurum Sigmundssonar, p. b.: Magnús í Vallarhúsum í Grindavík, átti Katrínu Þórðardóttur frá Járngerðarstöðum Einarssonar á Hrauni Greipssonar á Brú í Biskupstungum Þórðarsonar, p. b.: Einar, Ólafur, Magnús og Þuríður.

- I. Jóhanna. Launson hennar með Jóni Bergsteinsyni var:
  - a. Árni lögréttumaður á Kirkjubóli á Miðnesi, († 1819), átti Vigdísí Klemensdóttur, p. b.:
    - aa. Matthías á Flankastöðum, átti fyr Guðrúnu Snorradóttur frá Narfakoti Gissurarsonar, p. b.:
      - aaa. Snorri, átti Guðrúnu Jónsdóttur stúdents á Byjaskerjum Þórðarsonar, bl.
      - bbb. Márus, (f. 21. jan. 1796), útskrifaður úr Bessastadaskóla 1814, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 2. jan. 1818, var um hrið settur kennari við skóla í Rípum, en andaðist í Kaupmannahöfn 1826 (sbr. Skirni 1827 bls. 62).
      - ccc. Margrét dó ógipt, bl.
      - ddd. Arni varð bráðkvaddur, ókv., bl.
      - eee. Guðrún.
      - fff. Sighvatur, dóu bæði ung.
    - S. k. Matthiasar Guðbjörg Jónsdóttir Nikulássonar, bl.
  - bb. Gamaliel á Gauksstöðum, átti Ingibjörgu Ólafsdóttur frá Slýjum í Meðallandi Einarssonar, p. b.:
    - aaa. Árni, drukknaði 1831, átti Guðrúnu Þórðardóttur, p. b.: Halldór, Guðrún, Ingibjörg.
    - bbb. Jón á Gauksstöðum, átti Ingveldi Þorsteinsdóttur, p. d.: Þuríður.
    - ccc. Jón yngri, drukknaði með Árna bróður sínum.
    - ddd. Ólafur átti Agnesi Egilsdóttur frá Bjarnastöðum í Selvogi Jónssonar, p. b.: Soffía, Ólafur, Ragnhildur, Guðrún.
    - eee. Gróa.
    - fff. Gisli.

latínu, en skýr og fljót-skarpur og lagði sig eptir íslenzkum lögum. Niels Kjer tók hann fyrir sinn lögsagnara í

cc. Sesselja átti Jón á Lambastöðum í Garði Eyjólfsson frá Kerlingardal Filippussonar, p. b.:

aaa. Árni í Nýjabæ, átti Valgerði Jónsdóttur Hálfðanarsonar og Þórunnar Andrésdóttur frá Króki Egilssonar prests Eldjárnssonar, p. b.: Sesselja, Þórunn, Ingibjörg, Salgerður.

bbb. Salgerður átti Sigurð Jónsson frá Litla-Hólmi, p. d.: Ragnhildur.

ccc. Oddur.

ddd. Vigdís.

eee. Eyjólfur.

fff. Guðlaug.

ggg. Guðný. Sum þessara barna fóru austur í Mýrdal og giptust þar.

Launson Árna á Kirkjubóli með Margræti Andrésdóttur frá Flankastöðum Sigurðssonar var:

dd. Andrés á Kirkjubóli, átti Guðbjörgu Eyjólfsdóttur frá Miðhúsum í Hvolhrepp Þórarinssonar á Kotvelli Guðnasonar, p. b.:

aaa. Árni í Tjarnarkoti á Miðnesi, átti Guðrúnu Magnúsdóttur, p. d.: Kristbjörg.

bbb. Guðmundur snikkari í Keflavík, átti Guðlaugu Pétursdóttur, systur Bjarna í Hákoti, p. b.: Pétur, Guðlaug, Andrea saumakona.

ccc. Þórarinn á Syðri-Flankastöðum, átti Ingibjörgu Jónsdóttur stúdents á Býjaskerjum Þórðarsonar, p. b.: Jón, Þuríður, Guðbjörg.

ddd. Eyjólfur dó bl.

[Annar launson Jóns Bergsteinssonar og Jóhönnu Jónsdóttur Hjaltalins er og talinn (hjá Espólin og víðar):

b. Símon í Krisuvík, en þar hygg eg eitthvað blandað málum, og mun tæplega rétt].

Síðan átti Jóhanna Stefán Eilífsson, p. b.:

c. Jón á Ferstiklu, átti Guðbjörgu Hafliðadóttur frá Hafurbjarnarstöðum Péturssonar, p. b.: Guðný, Ragnhildur, Gunnhildur.

d. Marín átti Árna Ísleiksson í Drangshlið undir Eyjafjöllum og 14 börn, þar á meðal Ísleikur,

Gullbringu og Kjósarsýslu, þá Brandur deyði 1728. 1730 þá Niels lögmaður deyði, var Jón settur fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, sótti og um þær, fékk veiting 1732 fyrir Gullbringusýslu, sem héraðsdómari, en sem sýslumaður í Kjósarsýslu. Gullbringusýslu frásagði hann sér 1743, og Kjósarsýslu 1750<sup>1)</sup>, deyði sjálfur 1754<sup>2)</sup>. Hann bjó lengi í og umkring Reykjavík. Jón sýslumaður var mikill gleðimaður, veitingasamur og nokkuð óeirinn, þrætukær í málaferlum, við hver hann var því með jafnaði brúkaður. Hann var haldinn kvennhollur. Sæmilegur forstandsmaður, brúkaði rausn, en hafði þó fé til hlítar meðan lífði.

### Guðni Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður bóndi í Sandgerði Runólfsson, Sveinsonar<sup>3)</sup>.

*Móðir:* Margrét dóttir Andrésar Finnbogasonar á Kröggólfsstöðum<sup>4)</sup>.

---

Stefán, Niels, Arni, Guðrún, Guðlaug, Sigurður, Marteinn.

1) Hann var settur frá Kjósarsýslu fyrir skuldir og drykkju-skap.

2) Þetta er ekki rétt. Jón sýslumaður dó í október 1755 (sbr. prestþjónustubók frá Reykjavík í landskjalasafninu). Hann var þá á Arnarhóli hjá Gissuri lögréttumanni Jónssyni tengdasy- ni sínum. Var jarðsettur 24. október. Mun hafa verið um sjötugt, er hann andaðist. Hann skrifaði sig opt *Hialltdalin* (eptir fæðingarsveit sinni Hjaltadal), en það hefur síðar verið styt- tið í Hjaltalín, er verið hefur ættarnafn afkomenda hans.

3) Sjá um framætt Runólfs hér áður bls. 135.

4) Andrés var lögréttumaður. Foreldrar hans eru taldir: Finnbogi (Jónsson) í Eyjafirði og Halldóra Jónsdóttir prests á Hálsi í Hamarsfirði bróður Odds biskups, Einarssonar, en ekki er vist, að sú ættfærsla sé fullkomlega áreiðanleg. Bræður Andrésar voru Jónar tveir (eða þrír) Finnbogasynir norður í Eyja- firði, og eru ættir frá þeim þar nyrðra. Son Andrésar var Gunn- laugur á Púfu í Ölfusi faðir Margrétar s. k. Narfa Einarssonar í Efstadal (sbr. bls. 4). Kona Andrésar hét Margrét Jónsdóttir og hefur hún líklega verið móðir Gunnlaugs og Margrétar móð- ur Guðna sýslumanns.

- Kona:** Auðbjörg (dó 1766) Kortsdóttir, Jónssonar, Einarssonar sýslumanns Þorsteinssonar (sjá Skaptárþing).
- Börn;]** A. Margrét (dó 1821, 82 ára<sup>1</sup>), átti Runólf í Sandgerði, Runólfsson, Sigurðssonar s. st. (voru svo náskyld<sup>2</sup>), þ. b.:
- a. Guðrún, fædd 1771, giptist 24 ára 1795, Einari Ásmundssyni Hjaltsted assistent við Kyhns höndlan í Eyjafirði og síðan faktor sama staðar, þá faktor Ólafur Waage deyði. 1802 ætlaði Hjaltsted utan með höndlunarskipinu, sem strandaði við Hornstrandir, hvar allir menn og fé fórust, þ. b.:
- aa. Pétur bóndi<sup>3</sup>).
- bb. Séra Ólafur í Saurbæ við Hvalfjörð<sup>4</sup>). 1805 giptist hún assistent Birni Ólafssyni í Eyjafirði<sup>5</sup>), téður Björn var þá millibilsfaktor á Skagaströnd, fyrir þar verandi Frischs höndlan frá 1804, en virkilegur faktor þar til 1807, þá nefndur justizráð Frisch seldi þá sömu, og líka þá í Eyjafirði, kaupmönnum Busch og Schram. 1807 fékk bóndi hennar Þingeyrarklaustur til forráða. og fluttu þau þangað s. á. og þar hjuggu þau síðan til 1843, þá

---

1) Hún dó á Þingeyrum, hjá Guðrúnu dóttur sinni 19. júní 1821 og er þá í prestspjónustubókinni talin 81 árs. Er því fædd um 1740.

2) Voru bræðrabörn og systrabörn, því að Runólfur Sigurðsson, bróðir Guðna sýslumanns og faðir Runólfs átti Þórunni Kortsdóttur, systur Auðbjargar konu Guðna.

3) Georg Pétur á Helgavatni í Vatnsdal, átti Guðriði Magnúsdóttur prests í Steinnesi Árnasonar biskups Þórarinssonar, áttu mörg börn, sem talin eru III, 500.

4) Hann dó ókv. og bl. 29. nóvember 1848.

5) Sjá um Björn Ólsen á Þingeyrum I, 628—630.

Guðrún deyði 2.<sup>1)</sup> júlí 71 árs og 296 daga gömul, móðir ellefu barna, hvar af 3 með fyrri og 3 með seinni manni, dóu ung. En seinni manns börn hennar lifa: cc. Runólfur Magnús Þingeyraklausturhaldari<sup>2)</sup>).

dd. Guðrún kona séra Jóns Jónssonar á Barði.

cc. Anna Margrét gipt chirurgo Jóseph Skaptasen.

b. Margrét átti Nikulás Snorrason í Kálfholti<sup>3)</sup>, þ. b.:

aa. Þórarinn.

bb. Runólfur<sup>4)</sup>,

1) Réttara: 14. júlí.

2) Sjá um Runólf M. Ólsen og börn hans I, 633—634. Þess skal getið til viðbótar, að Margrét dóttir R. M. Ólsen giptist Ólafi héraðslækni á Stórolfshvoli syni Guðmundar prófests Einarssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd, og býr nú ekkja í Reykjavík.

3) Nikulás var son Snorra Gissurarsonar í Narfakoti og bjó þar eptir hann.

4) Runólfur í Litlutungu í Holtum, átti Sigríði Halldórsdóttur frá Marteinstungu Sigurðssonar á Flókastöðum Guðnasonar, en móðir Halldórs var Salvör Bárðardóttir prests í Guttormshaga Jónssonar, þ. b.:

a. Sigurður á Brekkum átti Solveigu Gunnarsdóttur, þ. b.

aa. Runólfur snikkari í Keflavík, átti Þóru Eyjólfsdóttur frá Herðisarvík Björnssonar.

bb. Sigurður á Brekkum kvæntur Guðlaugu Halldórsdóttur, systur Runólfs á Rauðalæk.

cc. Jón á Svarfhóli í Flóa, síðar í Rvík, kvæntur Gyðríði Steinsdóttur skipasmiðs á Eyrarbakka Guðmundssonar.

dd. Margrét átti Guðmund Guðmundsson frá Eyjarhólum Ólafssonar.

ee. Vilborg gipt Eiríki Guðjónssyni skósmið í Rvík.

ff. Guðmundur.

b. Runólfur í Áshól átti Guðlaugu Jónsdóttur, þ. b.:

aa. Runólfur bókbindari í Norðtungu, átti Elínu Sigurðardóttur systur Rafns skósmiðs, þ. b.: Sigurður, Edvard, Margrét.

bb. Sigurður fór til Ameríku.

- cc. Sigríður<sup>1</sup>).
- dd. Bjarni<sup>2</sup>).
- ee. Sigurður<sup>3</sup>).
- ff. Anna<sup>4</sup>).
- gg. Margrét<sup>5</sup>).
- hh. Árni<sup>6</sup>).

- 
- cc. Árni í Rvík, kvæntur Margréti Hróbjartsdóttur frá Húsum í Holtum.
  - dd. Jón á Hárlaugsstöðum í Holtum, kvæntur Vilborgu Jónsdóttur.
  - ee. Ingigerður gípt Þorsteini Þorsteinssyni á Berustöðum.
  - c. Guðmundur á Lýtingsstöðum, átti Guðrúnu Sigurðardóttur, p. b.: Runólfur, Sigurður, Einar, Sigríður.
  - d. Sigríður gíptist ekki.
  - e. Ingigerður.
  - f. Margrét. Munu hafa dáið ungar.

1) Sigríður gíptist í Vestmanneyjum Sigurði Eiríkssyni Breiðfjörð skáldi, þau skildu. Sigríður átti launbarn þar í eyjunum.

2) Bjarni í Knararnesi á Vatnsleysuströnd, átti Ingibjörgu Sigurðardóttur frá Gróttu, systur Sigurðar stúdents Sivertsens á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka, og börn.

3) Sigurður í Garðhúsum í Leiru, átti Þuríði Jónasdóttur, p. b.: Sigríður, Ingibjörg, Kristín.

4) Anna átti Vigfús á Skeggjastöðum í Garði Andrés sonar prests Eldjárnssonar, p. b.: Ástríður átti Svein Björnsson í Bakkakoti í Leiru, Samúel, Ólafur.

5) Margrét, dó ógípt, bl.

6) Enn voru börn Nikulásar og Margrétar:

ii. Þórunn átti Jón Sigmundsson.

kk. Guðrún eldri átti Jón Stefánsson í Narfakoti, p. b.:

aaa. Stefán á Brekku í Garði, átti Þórunni Þorsteinsdóttur.

bbb. Margrét átti Matthias Þorsteinsson, bróður Þórunnar.

ccc. Þórdís.

ll. Guðrún yngri, laundóttir hennar með Jóni Jónssyni:

aaa. Gróa, átti launson Jón að nafni með Þorsteini Kúld kaupmanni í Reykjavík, gíptist svo Jóni Ketilssyni yngra í Junkaragerði.

- e. Guðni<sup>1)</sup> átti Guðbjörgu Hallgrímsdóttur, p. b.:  
 aa. Halldór<sup>2)</sup>.  
 bb. Anna<sup>3)</sup>.  
 cc. Margrét.  
 d. Þorgerður, átti séra Jón Jónsson á Grenjaðarstað<sup>4)</sup>, p. b.:  
 aa. Björn<sup>5)</sup>.

Guðrún Nikulásdóttir átti svo Lénharð Þorsteinsson á Gufuskálum, bl.

S. m. Margrétar Runólfsdóttur, ekkju Nikúlasar, var Þorsteinn Jónsson frá Brekkum í Holtum Filippussonar prests í Kálfholti Gunnarssonar (III, 146), p. b.:

mm. Ingveldur átti fyr Árna Magnússon, síðar Magnús Jónsson í Hólakoti undir Eyjafjöllum.

nn. Nikulás var í Vestmanneyjum.

1) Guðni bjó í Brattholti í Biskupstungum og var fjórvæntur. Fyrsta kona hans var Guðbjörg Hallgrímsdóttir frá Bøðvarsnesi í Fnjóskadal Jakobssonar, ekkja Sigmundar Bergsteinssonar frá Bræðratungu.

2) Halldór í Hrosshaga, átti Ingunni Guðmundsdóttur dannebrogsmanns í Bræðratungu Jónssonar, p. b. mörg, þar á meðal Guðmundur á Brjámsstöðum á Skeiðum, nýdáinn, Guðni á Lágafelli, Þórður, Jón, Guðbjörg, Margrét, Hallgrímur.

3) Anna átti Runólf Þórðarson í Miðhúsum í Biskupstungum, áttu mörg börn, þar á meðal voru: Guðni bóndi á Brú og Bjarni bóndi í Hólum.

2. kona Guðna í Brattholti var Ingibjörg Gissurardóttir frá Felli Jónssonar, bl. 3. kona Guðlaug Filippusdóttir frá Flagbjarnarholti Sigurðssonar, p. b.:

a. Jón í Lambhúskoti í Tungum, átti Guðnýju Björnsdóttur frá Hjallanesi Gíslasonar og Hildar Filippusdóttur, þau systurbörn, p. d.: Úlfhildur.

b. Ingibjörg átti Jón í Oddgeirshóla-Austurkoti Jónsson í Tungufelli Sveinbjörnssonar og mörg börn.

4. kona Guðna var Guðriður Vigfúsdóttir frá Lambhúskoti Vigfússonar, þau bl.

4) Séra Jón dó 24. júní 1866, 94 ára gamall. Þorgerður var miðkona hans.

5) Björn ritstjóri Norðanfara, átti fyr Önnu Árnadóttur frá Reistará, p. b.:



- bb. Halldór<sup>1</sup>),
- cc. Magnús<sup>2</sup>).
- dd. Margrét<sup>3</sup>).
- ee. Hildur<sup>4</sup>).
- ff. Krístrún<sup>5</sup>).
- gg. Guðný<sup>6</sup>).

- a. Magnús verzlunarstjóri á Siglufirði.
- b. Þorgerður átti fyrir Stefán Stefánsson Stefánssonar amtmanns Þórarinssonar, en síðar Jón Stefánsson smið á Akureyri. S. k. Björns Kristjana Finnbogadóttir Árnasonar Guðmundssonar prests á Barði Sigurðssonar.

1) Halldór á Geilafelli. Dóttir hans:

- a. Guðný gift Benedikt frá Auðnum Jónssyni frá Þverá í Laxárdal Jóakimssonar, þ. d.: Unnur skáldkona (Hulda) gift Sigurði Sigfússyni kaupstjóra.

2) Magnús prestur á Grenjadarstað, átti Þórvöru Skúladóttur prests í Múla Tómassonar, þ. b.: Björn á Granastöðum, Jón kaupmaður í Kaupmannahöfn, Sigfús og Ingibjörg kona Júlíusar Halldórssonar fyrrum lækni í Húnavatnssýslu.

3) Margrét átti Edvald Friðriksson Möller verzlunarstjóra á Akureyri og mörg börn. Einn son þeirra Friðrik Möller, áður kaupmaður á Eskifirði, nú á Akureyri, faðir Edvalds Möllers og Margrétar konu Ólafs kaupmanns Árnasonar á Stokkseyri, nú í Rvík.

4) Hildur átti fyrir Pál lækni Þorbergsson, bl., en síðar Jakob Þórarinsson Johnsen kaupmann á Húsavík, þeirra synir: Edvald Johnsen lækni í Kaupmannahöfn og Páll Johnsen kaupmaður á Akureyri, átti Nönnu Eggertsdóttur lækni Jónssonar, en dóttir Jakobs og Hildar var Jenny Albertína Júlía († 1891), er gift var A. Th. Jantzen prest í Gentofte.

5) Krístrún átti Hallgrím prófast Jónsson á Hólmum, þ. b.: Tómas læknaskólakennari í Rvík, Jónas prófastur á Kolfreyju- stað, Þorgerður gift Olivariusi bæjarfógeta í Rønne og Þuríður, er átti Jón Ásmundsson Johnsen sýslumann (sjá Guðfræðingatal mitt bls. 137).

6) Guðný var f. k. séra Sveins Nielssonar á Staðastað, þ. b.: Jón Aðalsteinn kennari í Kaupmannahöfn og Sigríður, er átti Niels Eyjólfsson á Grimsstöðum á Mýrum, þ. b.: Haraldur cand. theol., Hallgrímur á Grimsstöðum, Sveinn og Þuríður kona Páls Halldórssonar stýrimannaskólastjóra.

Enn voru börn séra Jóns og Þorgerðar:

- hh. Sigríður dó ung.
- ii. Jón Gunnlaugur dó ungur.

Launson Margrétar, Guðnadóttur, er hún átti áður en hún giptist, með Gísla Árnasyni, Erlendssonar<sup>1)</sup>):

e. Ólafur Waage frihöndlari<sup>2)</sup>, hans launbarn<sup>3)</sup>):

aa. Guðrún.

B. Ingveldur Guðnadóttir, átti Hákon Vilhjálms-son, bl.

C. Guðný tvígipt, bl.<sup>4)</sup>.

D. Vilborg átti Pétur Einarsson<sup>5)</sup>, þ. s.:

a. Guðmundur.

Dóttir Runólfs og Margrétar var ennfremur:

e. Auðbjörg, dó í bólunni 1786, 16 ára gömul.

S. m. Margrétar Guðnadóttur var Gottskálf á Syðri-Flanka-stöðum Gissurarson frá Seljalandi Ísleifssonar, bróðir Ísleifs á Seljalandi, þau bl.

1) Gísli var vinnumaður föður hennar, er féllst mikið um þessa hneysu og rak hana burtu.

2) Ólafur Waage dó á Akureyri 15. marz 1797, rúmlega þri-  
tugur. Son hans með Sigríði Oddsdóttur var:

a. Georg Holger Waage, (f. í Kaupm.höfn 11. des. 1793), dr. theol., fyrsti aðstoðarprestur við Frúarkirkju og síðar forstjóri Söreyjarskóla, dó á afmælisdegi sínum 11. desember 1842, 49 ára gamall, átti Juliane Frederikke Broager, († 8. nóv. 1842). Son þeirra er:

aa. Ólafur Waage, licentius theol., prófastur í Herlufmagle á Sjálandi, (f. 11. marz 1834), kvæntur Mariu Christine Nyborg, borgmeistaradóttur frá Grenaa. Son þeirra var Erik Holm Waage cand. mag. í þýzkri tungu og skáldmæltur, dó hjá föður sínum í Herlufmagle 11. desember (á fæðingar- og andlátsdegi afa hans) 1899, þritugur að aldri.

3) Barnsmóðir hans var Ragnheiður Jónsdóttir snikkara á Lágafelli Jóhannssonar prests á Mælifelli Kristjánssonar. Guðrún dóttir Ólafs var allengi á Leirá hjá Jónasi Scheving sýslumanni, hefur líklega ekki gipt.

4) F. m. Guðnýjar var Magnús Guðmundsson læknir á Úlfsstöðum í Blönduhlíð († 1776), bróðir Lýðs sýslumanns í Vík, en hinn síðari séra Magnús Jónsson í Saurbæ í Eyjafirði († 1807) og var hún 3. kona hans.

5) Þessi liður á að falla burtu. Vilborg sú, er átti Pétur Einarsson á Hofi á Rangárvöllum og var móðir Guðmundar bók-

Guðni<sup>1)</sup> var settur landsþingsskrifari 1743 dag 6. júní af amtmanni Lafrens. En þá Jón sýslumaður Hjaltalín frásagði sér sama ár Gullbringusýslu var Guðni þar settur héraðsdómari, en Sigurður Sigurðsson tók við landsþings-skrifaraembættinu. Þá fógetinn Chr. Drese var frásattur var Guðni settur landfógeti 1749. En þá Jón sýslum. Hjaltalín slepti Kjósarsýslu 1750, var Guðni þá settur sýslumaður í Kjós. Það ár kom landfógeti Skúli út, og tók við fógetaembætti. Guðni sleppti Gullbriugu- og Kjósarsýslu 1753, og lifði þar eptir sem bóndi til þess hann deyði nálægt 1781<sup>2)</sup>. Guðni var góður búmaður, en haldinn lítt lærður, skrifari og reikningsmaður allgóður, og í skýrra bændatölu.

### Þorsteinn Hákonarson.

*Faðir:* Hákon í Kirkjuvogi Jónsson<sup>3)</sup>.

*Móðir:* Ingibjörg Jónsdóttir<sup>4)</sup> lögréttumanns Vilhjálms-

bindara á Hofi, var ekki dóttir Guðna sýslumanns Sigurðssonar, heldur dóttir Guðna Sigurðssonar bónda á Rangárvöllum. Þessi villa hefur slæðst inn í ættatölur Snókdalíns á einum stað, og þaðan hefur Bogi líklega tekið hana.

1) Guðni sýslumaður var fæddur í Sandgerði um 1714, kom í Skálholtsskóla 1729 og settist í efri bekk, var útskrifaður þaðan um 1732, en skrifaður í stúdentatölu við háskólann 15. desember 1736. Hann fékk veitingu fyrir Kjósarsýslu 24. febrúar 1750, en sleppti báðum sýslunum 1753, og þjónaði ekki embætti upp frá því. Hann bjó fyrst á Stafnesi, en flutti 1752 að Kirkjuvogi, og andaðist þar í janúarmánuði 1780, (jarðsettur 18. janúar), hálfsjötugur að aldri, af byltu úr kirkjustiga, drukkinn, að því er mælt er. Hann var annars dugnaðarmaður og rausnarmaður og í allmiklum metum, lét smíða vandaða kirkju í Kirkjuvogi og vann að þeirri smíð sjálfur ásamt Bjarna Vigfússyni mági sínum, er skar allan útskurð kirkjunnar, bríkur og stóla o. fl. mjög haglega, að því er séra Sigurður Sivertsen á Útskálum segir í Suðurnesjaannál.

2) Hann dó 1780 (sjá hér á undan).

3) Jón faðir Hákonar var son Arna á Skúmsstöðum á Eyrarbakka Pálssonar prests í Klausturhólum Jónssonar prests í Hrepphólum Egilssonar.

4) Ingibjörg kona Hákonar var Guðmundsdóttir, sbr. aths.

sonar á Kirkjubóli. (Móðir Ingibjargar var Margrét laundóttir Guðmundar sonar Þorkels sýslumanns, Guðmundssonar sýslumanns á Þingeyrum).

Systkin Þorsteins: 1. Vilhjálmur í Kotvogi, átti Ingveldi, þ. s.: Hákon, sem átti Ingveldi Guðnadóttur sýslumanns. 2. Þuriður átti Jón Magnússon í Laugardælum og börn.

*Kona:* Þorsteins: Guðlaug Björnsdóttir<sup>1)</sup>.

*Börn:* A. Ingibjörg átti séra Jón Jónsson (landsþings-skrifara) vígður til Grímseyjar 1774<sup>2)</sup>, svo í Fellsmúla.

B. Halldóra átti Jón son Vigfúsar sýslumanns Jónssonar<sup>3)</sup> sjá Þingeyjarþing).

við I, 563. Hún dó í Kotvogi hjá Vilhjálmi syni sínum í september 1771, 71 árs að aldri, og hefur því verið fædd um 1700. Hún hefur því ekki verið laundóttir Guðmundar Þorkelssonar frá Þingeyrum, sem dó 1688 eða 1689, heldur dóttir Margrétar, laundóttur Guðmundar, eins og hér er talið og víðar. S. m. Margrétar var Eiríkur Þórhallasøn lögréttumaður í Kirkjuvogi, en f. m. hennar er talinn Jón Vilhjálmsson lögréttumaður á Kirkjubóli, og hefur Ingibjörg því líklega verið laundóttir Margrétar, áður en hún gíptist Jóni, enda getur Margrét ekki verið fædd fyrir en um 1680, og verið því tvítug, er hún átti Ingibjörgu. Móðir Margrétar var Guðriður, (ekki Guðrún, sbr. I, 563), dóttir Jóns Narfasonar lögréttumanns í Sandgerði.

1) Faðir hennar var Björn Gottskálksson, síðast prestur á Stað í Grindavík († 1750).

2) Þetta er allt þjagað hjá Boga. Séra Jón maður Ingibjargar var bróðir séra Jóns Jónssonar í Holti undir Eyjafjöllum föður Steingríms biskups, og var fæddur á Mýrum í Álptaveri 2. desember 1746, útskrifaður úr skóla 1768, vígður aðstoðarprestur til séra Jóns Þórðarsonar á Reynivöllum 24. maí 1772, fékk Hvalsnesprestakall 1774 og Landþing 1785, flutti þangað vorið 1786, og bjó á lénsjörðinni Fellsmúla, lét af prestskap 1794 og andaðist 27. júlí 1806. Ingibjörg var s. k. hans. Hún dó 1. október 1826. Börn þeirra voru:

a. Þorsteinn drukknaði suður í Höfnum.

b. Soffía, dó ógípt 11. marz 1842.

c. Jón bóndi í Lúnansholti, átti fyrir Sigríði Þorvaldsdóttur frá Klofa Jónssonar, bl., en síðar Kristínu Gísladóttur og börn.

3) Þetta er gersamlega rangt hjá Boga, og enda í fleiri ætta-

Þá Guðni gerðist fógæti, var Þorsteinn settur honum fyrir lögsagnara eða héraðsdómara 1749, mun hann hafa verið það í sífellu til 1754, og svo þar eptir við og við, því hann dæmdi Þorgeir prest Markússon 1753<sup>1</sup>). Þorsteinn deyði 1766<sup>2</sup>).

### Guðmundur Runólfsson.

*Faðir:* Runólfur bóndi Jónsson á Höfðabrekku.

*Móðir:* Helga Magnúsdóttir Ísleifssonar.

*Kona fyrri:* Helga Bjarnadóttir<sup>3</sup>), barnlaus.

tölum. Halldóra kona Jóns Vigfússonar var alls ekki dóttir Þorsteins lögsagnara Hákonarsonar, heldur dóttir samnefnds bónda (Þorsteins Hákonarsonar) í Grjótnesi á Sléttu, er alls ekkert mun hafa átt skylt við Hákonarættina í Kirkjuvogi. Er þetta samkynja vitleysa, eins og um Vilborgu Guðnadóttur Sigurðssonar, bóndadóttur af Rangárvöllum, er sumar ættartölur telja dóttur Guðna sýslumanns Sigurðssonar (sjá hér áður).

En synir Þorsteins Hákonarsonar og Guðlaugar, sem hér eru ekki nefndir voru:

1. Björn, mun hafa dáið ungur.
2. Þórður, druknaði frá Löndum á Miðnesi 1784, átti Margréti Björnsdóttur frá Busthúsum Magnússonar, p. d.:
  - a. Guðrún f. k. Þórðar Gissurarsonar, bróður Ingvars í Nesjum á Miðnesi, p. b.: Gissur í Hofinu í Garði og Jón í Lölukoti í Flóa, átti Þóru Brynjólfsdóttur frá Minnanúpi Jónssonar Thorlacius Brynjólfssonar sýslumanns á Hlíðarenda Þórðarsonar.

1) Sbr. Arb. Esp. X, 38.

2) Þorsteinn var alinn upp í Kirkjuvogi hjá Eiríki Þórhallasyni og Margréti ömmu sinni. Segir séra S. B. Sivertsen á Útskálum (í Sudurnesjaannál), að Eiríkur hafi komið honum til siglingar, og getur það vel verið rétt, en skólalærður mun Þorsteinn ekki hafa verið, eða hvergi hef eg fundið heimildir fyrir því. Hann bjó í Njarðvík og andaðist þar (1766).

3) Helga var Magnúsdóttir, líklega dóttir Magnúsar Péturssonar og Guðrúnar yngri Böðvarsdóttur (sbr. hér á undan bls. 20), en þar er rangt talið (eptir Ó. Snókdalín), að Helga hafi verið laundóttir Guðrúnar með Guðmundi á Einifelli. Helgi, sem á bls. 20 er talinn son Magnúsar, á líklega að vera: Helga. Guðmundur sýslumaður giptist Helgu 7. janúar 1755, en hún dó á Setbergi í okt. 1771, 61 árs, (grafin 23. okt.).

*Kona seinni:* Margrét Helgadóttir prests á Mosfelli<sup>1</sup>).

*Börn:* A. Bjarni<sup>2</sup>).

B. Helga<sup>3</sup>).

C. Þórdís<sup>4</sup>) seinni kona séra Bergs á Prestbakka Jónssonar, hl.

Guðmundur var ei skólalærður, en skýr bóndi og löglesinn, bjó á Setbergi við Hafnarfjörð. Búmaður góður. Þá Guðni sleppti Gullbringu- og Kjósarsýslum var Guðmundur settur fyrir þær báðar 1753<sup>5</sup>), mun þó Þorsteinn stundum hafa verið hans lögsagnari, einkum fyrsta árið. Guðmundi förnuðust ótrúlega vel sín embættisverk, svo hann hélt báðum þessum sýslum í 27 ár, til þess hann deyði 1780<sup>6</sup>). Af ólærðum mönnum þótti hann mikill maður, og fram yfir líkindi standa sig vel.

### Guðmundur Vigfússon.

*Faðir:* Vigfús lögréttumaður í Hjörsey Sigurðsson lögréttumans, Einarssonar sýslumans, Þorsteinssonar sýslumans og klausturhaldara á Þykkvabæ. (NB. Bróðir Vigfúsar var Jón Sigurðsson sýslumaður í Múlaþingi).

---

1) Séra Helgi Bjarnason á Mosfelli í Grimsnesi drukknaði í Slauku (Hestlæk) 28. júlí 1753. Hann var son Bjarna prests Helgasonar í Fellsmúla. Þau Guðmundur sýslumaður og Margrét giptust 22. apríl 1773.

2) Bjarni kallaði sig Lundberg, var járnsmiður í Reykjavík (f. 18. maí 1774), átti danska konu, Önnu Neumann, p. b.: Hans og Margrét.

3) Helga var fædd 15. júlí 1775.

4) Þórdís var fædd 18. okt. 1777. Son Guðmundar sýslumans og Margrétar var ennfremur: Helgi f. 18. okt. 1776 † s. á.

5) Hann fékk veitingu fyrir Kjósarsýslu 3. apríl 1753, þá er Guðni sagði henni af sér, en með konungsúrskurði 19. marz 1754 var lögsagnaraembættið í Gullbringusýslu sameinað við Kjósarsýslu, og um leið aukin launin við lögsagnaraembættið úr 16 rd. upp í 30 rd.

6) Hann var grafinn 5. maí, og hefur því líklega andazt síðast í apríl (sbr. prestþjónustubók frá Görðum). Er hann þá talinn 71 árs að aldri og því fæddur um 1709.

- Móðir:* Sigriður dóttir Guðmundar lögsagnara á Álptanesi<sup>1)</sup>, hennar móðir Guðrún yngri dóttir Eggerts ríka á Skarði.
- Kona:* Guðrún dóttir Þorbjarnar auðga í Skildinganesi Bjarnasonar<sup>2)</sup>.
- Börn:* A. Séra Eggert prófastur í Reykholti, átti Guðrúnu dóttur Boga gamla í Hrappsey Benediktssonar, þ. b.;
- a. Guðrún átti Magnús skipherra son Jóns Danielssonar í Vogum og börn<sup>3)</sup>.
- b. Halldóra átti séra Guðmund á Hólmum í Reyðarfirði, Bjarnason í Sviðholti og börn<sup>4)</sup>.

1) Sjá hér að framan bls. 71.

2) Þorbjörn var son Bjarna í Skildinganesi Bergsteinssonar lögréttumans Bjarnasonar. Þorbjörntaldi dóttur sinni 100 hdr. í fasteign og 20 hdr. í lausafé, er hún giptist Guðmundi. Þau Guðmundur og Guðrún giptust 16. marz 1769. Guðrún dó á Gullberastöðum í Lundarreykjadal 30. nóvember 1821, 81 árs að aldri.

3) Meðal barna Magnúsar Waage og Guðrúnar Eggertsdóttur voru:

- a. Eggert stúdent, um hrið kaupmaður í Reykjavík, átti Kristínu Sigurðardóttur stúdents á Stóra-Hrauni Sigurðssonar, þ. b.: Sigurður verzlunarmaður, Guðrún, Kristín, Jens bankaritari og Halla.
- b. Eyjólfur átti Guðrúnu Guðmundsdóttur prests á Hólmum Bjarnasonar, þau systrabörn.
- c. Jón í Stóru-Vogum, átti Guðrúnu Guðmundsdóttur kaupmanns í Njarðvík Péturssonar.
- d. Guðrún átti Pál gullsmið í Sogni í Kjós Einarsson prests á Reynivöllum Pálssonar, meðal barna þeirra: Eggert prestur á Breiðabólstað og Einar snikkari í Rvík.
- e. Benedikt átti Guðlaugu Ólafsdóttur í Njarðvík Ásbjörnssonar. Son þeirra er Ólafur Waage skipstjóri.
- f. Vigdís átti Guðmund Ólafsson jarðyrkjumann á Fitjum. Son þeirra er Stefán bóndi á Fitjum.

4) Börn þeirra eru talin í Guðfræðingatali minu bls. 97. Til viðbótar við það, sem þar segir, skal þess getið, að Eyjólfur son séra Guðmundar og Halldóru fór til Ameríku, og andaðist í Víðinesbyggð í Nýja-Íslandi 3. september 1907. Börn hans og Ingveldar Sveinbjarnardóttur konu hans voru: Guðmundur, Aðalheiður og Guðrún, öll í Ameríku og Guðfinna vestur í Dölum

- c. Séra Benedikt á Lundi, ógiptur og bl.<sup>1)</sup>.  
 d. Ragnheiður gipt 1835 Birni Jakobssyni frá Húsafelli<sup>2)</sup>.  
 B. Séra Páll í Borgarþingum<sup>3)</sup>, átti Helgu dóttur séra Guðmundar Eiríkssonar og Ingveldar Bogadóttur, börn:  
 a. Sigríður.  
 b. Ingveldur<sup>4)</sup>.  
 c. Guðrún<sup>5)</sup>.  
 C. Séra Gísli<sup>6)</sup> í Hítarnesi dó 1836, átti Ragnhildi Gottskálksdóttur og mörg börn.

S. m. Halldóru Eggertsdóttur var Rögvaldur Jónsson á Gullberastöðum, p. d.: Guðríður.

1) Séra Benedikt Guðmundsen, síðast prestur í Vatnsfirði, átti Agnesi Þorsteinsdóttur frá Núpakoti undir Eyjafjöllum Magnússonar. Synir þeirra eru: Þorsteinn prestur í Landeyjapingum og Eggert bóndi í Laugardælum, kvæntur Guðrúnu Bjarnadóttur prests á Stafafelli Sveinssonar.

2) Son Björns gullsmíðs Jakobssonar á Fitjum og Ragnheiðar:  
 a. Jakob prestur í Saurbæ í Eyjafirði, kvæntur Solveigu Pálsdóttur úr Axarfirði, p. b.: Kristín gipt Sigfúsi Einarssyni á Krýnastöðum, Ólöf gipt Guðmundi Ágúst Sigurpálssyni, Ragnheiður gipt Árna Hólm gagnfræðing Magnússyni, Björn gullsmíður á Akureyri, kvæntur Efemíu Einarisdóttur frá Samkomugerði Hallgrímssonar Thorlacius.  
 S. m. Ragnheiðar Eggertsdóttur Sigurður Helgason dbrm. á Jörfa, þau bl.

Enn voru börn séra Eggerts og Guðrúnar Bogadóttur:

e. Jón dó ungur.

f. Þóra.

g. Guðmundur dó í Bessastaðaskóla 26. marz 1820.

3) Séra Páll, (f. 11. apríl 1778, † 23. júlí 1846), var afarmikið hraustmenni og glíminn, sem Gísli prestur bróðir hans eða fremur.

4) Ingveldur dó bl.

5) Guðrún átti séra Einar Brynjólfsson Sivertsen í Gufudal, bróður séra Sigurðar á Útskálum. Son þeirra er Páll Brynjólfur Sivertsen, fyr prestur á Stað í Aðalvík.

Enn var barn séra Páls og Helgu:

d. Guðmundur sýslumaður í Arnarholti (III, 380).

6) Séra Gísli, (f. 26. maí 1774, † 8. febr. 1836), var orðlagður



- D. Eyjólfur reservechirurgus í Kaupmannahöfn<sup>1</sup>).  
 E. Þorbjörn dó ungur<sup>2</sup>).  
 F. Vigfús<sup>3</sup>).

glímumaður og snarmenni (Glimu-Gisli). Börn hans og Ragnhildar voru:

- a. Magnús, settur sýslumaður í Dalasýslu og víðar. (Sjá um hann II, 745—747).
- b. Gottskálf í Landbrotum, átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Straumfirði Þorbjörnssonar, p. b.: Gisli á Hraunsmúla, Björn í Kolviðarnesi, Guðmundur, Ragnhildur, Guðriður.
- c. Björn á Brúarhrauni, átti Ingibjörgu Jónsdóttur frá Teigakoti Jónssonar, ekkju Brands Skeggjasonar.
- d. Eggert á Eyri í Flókadal, átti Guðrúnu Vigfúsdóttur frá Signýjarstöðum, þau bræðrabörn. Son þeirra: Guðmundur bóndi á Eyri.
- e. Sigurður á Ósi á Skógarströnd, átti Salvöru Oddsdóttur skipasmíðs í Rifgirðingum Arngrimssonar.
- f. Guðriður miðkona séra Benedikts Björnssonar í Hvammi í Nordurárdal.
- g. Guðrún átti Pétur Steindórsson í Einholtum, p. b.: Runólfur, Gyriður, Petrína, Guðriður og Kristín s. k. Guðmundar yngra Benediktssonar á Saurum í Hraunhrepp.
- h. Eyjólfur dó um tvitugt, ókv., bl.

1) Eyjólfur var fæddur 28. ágúst 1775, útskrifaður úr skóla 1799, tók próf í læknisfræði við háskólann 1815 með 2. einkunn, varð þá læknir í danska sjóliðinu, en fékk lausn 1833; andaðist í Kaupmannahöfn í júní 1843. Var kvæntur danskri stúlku, bl.

2) Þorbjörn var fæddur á Arnarhóli 12. október 1770, útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1790, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 30. apríl 1792 með 1. einkunn, tók heimspekispróf 14. apríl 1794 með 3. einkunn, og dó á Friðriksspítala 9. janúar 1797 og var grafinn í Prenningarkirkjugarði.

3) Vigfús, (f. 14. júní 1783, † 31. jan. 1862), bjó á Signýjarstöðum í Hálsasveit, átti Guðrúnu dóttur séra Jóns Oddssonar Hjaltalíns á Breiðabólstað á Skógarströnd, p. b.:

- a. Guðrún átti Eggert Gíslason á Eyri í Flókadal, þau bræðrabörn (sjá hér áður), áttu mörg börn.
- b. Guðmundur prófastur á Melstað, átti Guðrúnu Finnbogadóttur, systur Teits dýralæknis og þeirra bræðra, p. b.:
  - aa. Finnbogi smíður, fór til Vesturheims, átti Mildriði Benediktsdóttur læknis í Hnausakoti Einarssonar og s. k. hans Sólrúnar Sæmundsdóttur. (Í III, 224 er maður Mildriðar nefndur skakkt Ingimundur).

G. Jón<sup>1</sup>).

- bb. Vigfús söðlasmiður. kallaði sig Melsted, átti Oddnýju Ólafsdóttur dbrm. á Sveinsstöðum Jónssonar. Hann fór til Vesturheims.
- cc. Solveig f. k. Ingimundar Jakobssonar prests í Steinnesi Finnbogasonar, p. b.: Guðmundur, Bøðvar.
- dd. Guðrún f. k. Bøðvars á Sveðjustöðum, síðar í Hafnarfirði Bøðvarssonar prófasts á Melstað Porvaldssonar. Son þeirra er Guðmundur, fyrrum kaupmaður í Hafnarfirði, nú í Rvík, kvæntur Kristínu, dóttur Magnúsar Ólafssonar Stephensens frá Viðey.
- ee. Arndís átti Friðrik Theodor Ólafsson verzlunarstjóra á Borðeyri og mörg börn.
- ff. Þrúður Elizabet var s. k. Péturs Kristóferssonar á Stórborg, p. b.: Arndís, Kristófer, Guðmundur.
- gg. Sigríður átti Jón Jónsson á Auðunnarstöðum, fóru til Vesturheims. Son Sigríðar, áður en hún gíptist, með Bøðvari Bøðvarssyni var: Ingólfur Pétur.
- c. Jón dó ungur og 6 önnur börn Vigfúsar á Signýjarstöðum og Guðrúnar.
- 1) Jón bjó í Höll í Þverárhlið, átti fyr Halldóru Auðunsdóttur prests í Blöndudalshólum Jónssonar, systur Björns sýslumanns Blöndals, p. b.:
- a. Guðriður átti Jón Sigurðsson í Múlakoti í Lundarreykjadal, p. b.: Sigurður á Stórhólmi á Akranesi, Guðmundur, Guðjón, Halldór Benjamín, Margrét átti Grim Gíslason á Varmalæk, Benedikt sötari í Rvík, Þjóðbjörg átti Björn Björnsson í Brúsholti, Birgitta og Halldóra.
- b. Halldóra átti Tómas Guðmundsson í Öskjuholti, bróður samfedra Halldórs Guðmundssonar skólakennara, þeirra synir: Ólafur á Spóamýri, Jón á Ferjubakka og Oddur í Reykjavík, faðir Sveinbjarnar prentara í Rvík, Sveins prentara í Ameríku o. fl.
- c. Stefán gullsmiður í Hitarneskoti, átti Guðrúnu Vigfús dóttur.
- d. Benedikt í Hjörtsey, átti Halldóru Jónsdóttur Erlendssonar prests Vigfús sonar, ekkju Sigurðar Ólafssonar í Hjörtsey (III, 351—354), bl.
- e. Guðmundur á Hömrum í Hraunhrepp, átti Úlfhildi Jónsdóttur. Son hans: Ingimundur á Hömrum.
- f. Auðunn.
- g. Björn var krypplingur, kvæntist þó.
- h. Guðrún. Launson hennar með Jóni Jónssyni í Tumakoti í Vogum:
- aa. Árni í Háabæ í Vogum, átti Guðrúnu Ásmundsdóttur, systur Eiríks í Grjóta. Son þeirra Ásmundur í Háabæ.

H. Sigríður<sup>1</sup>).

I. Sólborg<sup>2</sup>).

Guðmundur<sup>3</sup>) var um hrið settur oeconomus við tugthúsið og 1780—81 var hann settur héraðsdómari í Gullbringusýslu og sýslumaður í Kjósarsýslu til þess Vigfús sýslumaður viðtók. Guðmundur var í fyrstu auðmaður, en um of lmeigður fyrir ölföng, gekk fé af höndum honum, svo hann seldi jarðir. Hann bjó á ýmsum jörðum sínum, lengst á Lágafelli, þar til hann seldi það, svo í Hjarðarholti í Borgarfirði. Hann deyði 1809.

### Vigfús Þorarinsson.

(Sjá um hann við Rangárvallasýslu). Candidatus juris kom hann út með veiting fyrir Kjósarsýslu, og héraðs-

Annar launson Guðrúnar með Agli Vigfússyni frá Sudur-Reykjum Halldórssonar er:

bb. Stefán múrari í Rvík, kvæntur Sesselju Sigvaldadóttur yfirsetukonu.

Svo átti Guðrún Hallgrím Jónsson á Smiðjuhóli, p. b.: Jón á Bakka í Tálknalirði faðir Guðmundar Kamkans, Benedikt var á Eskifirði og Halldóra.

S. k. Jóns Guðmundssonar í Höll var Margrét Jónsdóttir frá Gufunesi Þorkelssonar Iögréttumanns í Perney Þórðarsonar, p. d.: i. Gróa átti Björn Guðmundsson, hálfbróður Halldórs skólakennara Guðmundssonar.

1) Sigríður, (f. 5. júlí 1781), átti Eyjólf í Brekkukoti í Reykholtsdal Guðnason frá Hurðarbaki Björnssonar og Púriðar Ólafsdóttur prests í Görðum Brynjólfssonar, bl.

2) Sólborg, (f. 24. okt. 1771), dó ógipt, bl.

Enn voru börn Guðmundar Vigfússonar, er dóu ung.

K. Sigríður, f. á Arnarhóli 1. jan. 1773, † í ágúst s. á.

L. Benedikt, f. s. st. 19. ágúst 1779, † 23. sept. 1784.

M. Guðríður, f. s. st. 7. jan. 1785, † 2. marz s. á.

3) Guðmundur Vigfússon var fæddur í Hjörtsey um 1735, útskrifaður úr Skálholtsskóla 1759, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 23. des. 1760, kom út aptur 1764, og var þá settur ráðsmaður eða umsjónarmaður (oeconomus) við hið nýstofnada hegningarhús í Reykjavík, er stóð á Arnarhóli. Hafði hann þann starfa á hendi samsleytt 22 ár (1764—1786). Eftir að hann sleppti ráðsmenskunni við hegningarhúsið bjó hann sem bóndi í Belgholti í Melasveit og víðar, síðast í Hjarðarholti. Dó 29. júlí 1809.

dómaraembætti í Gullbringusýslu 1781<sup>1)</sup>, en slepti þeim völdum og tók Rangárþing 1790, fékk cansellisráðs-nafnbót 1810. Settur Vestmannaeyjasýslumaður 1812. Bjó á Hlíðarenda og deyði þar þann 13. apríl 1819, þá hann hafði þrjá vetur hins sjöunda tugar.

### Sigurður Pétursson.

*Faðir:* Pétur sýslumaður Þorsteinsson (sjá Múlaþing).

*Móðir:* Þórunn Guðmundsdóttir (sjá Múlaþing).

Hvorki átti Sigurður konu né börn. Hann var fæddur 1759, fór utanlands með föður sínum 1768, sigldi aptur 1774 og fór í Roskildeskóla, þaðan útskrifaður 1779, fékk laudabil við háskólann í lögum 1788, kom út og tók að veitingu Gullbringusýslu sem héraðsdómari, en Kjósarsýslu sem sýslumaður 1790, var lengi í Nesi við Sel-tjörn hjá landphysico Jóni Sveinssyni, svo Guðríði hans ekkju til þess hún fluttist frá Nesi; þar eptir hjá Geir biskupi og hans frú til þess hann deyði. Hann sagði frá sér sýsluna 1801<sup>2)</sup>, fékk lausn frá henni með 50 rd. pension

---

1) Með kgs.úrsk. 28. júní 1781 var ákveðið verksvið landfógetans og héraðsdómarans í Gullbringusýslu, og s. d. var Vigfúsi í raun rétttri veitt embættið, s. d. og hann tók próf í lögum, en sjálft veitingarbréfið er þó ekki dagsett fyr en 2. júlí.

2) 1798 var *Sigurður Guðlaugsson* (III, 233) settur Sigurði sýslumanni til aðstoðar í manntalsþingaferðum í Kjósarsýslu.

Hinn 23. júlí 1801 var *Gunnlaugur Halldórsson* stúdent settur af Ólafi stiptamtmani sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en hann þverneitadi þá þegar í s. m. að takast það embætti á hendur. Gunnlaugur var son Halldórs Pálssonar í Vatnsdal og síðar á Sámstöðum í Fljótshlíð, og f. k. hans Guðríðar Ingimundardóttur; var útskrifaður úr skóla 1792, síðar skrifari hjá Finne landfógeta, var nokkur ár verzlunarstjóri í Hafnarfirði og síðar í Reykjavík, átti Ingibjörgu Sigurðardóttur timbursmiðs Magnússonar, skildi við hana 1812, og sigldi til Danmerkur, var við verzlun í Rípum og andaðist þar 1814 um fertugt. Meðal barna hans og Ingibjargar voru: Sigurður í Deild á Álptanesi, Nicolína gipt Jóni Brynjólfssyni undir Eyjafjöllum, Páll og Guðríður († 1892), er átti Magnús Jónsson í Eyðikoti hjá Óttarsstöðum. Launson Gunnlaugs með Þorkötlu Jónsdóttur Eyvindssonar, móður Egils bókbindara Jónssonar, var Friðrik snikkari í Rvík, faðir Sigurðar og Sigurlaugar, er átti Lúðvík Alexíusson

1803. Deyði sjálfur í Reykjavík hjá frú Vídalín 1827<sup>1</sup>). Sigurður var maður með liprum gáfum, vel að sér, gott skáld, undarlegur, comiskur, satiriskur í tali og skáldskap, þótti því nokkuð keskinn í tilsvörum sínum.

### Hákon Vilhjálmsson.

*Faðir:* Vilhjálmur í Kotvogi, son Hákonar í Kirkjuvogi (sjá að framan)<sup>2</sup>) Jónssonar Árnasonar Páls-sonar.

*Móðir:* Ingigerður<sup>3</sup>).

*Kona fyrri:* Ingveldur Guðnadóttir sýslumanns, bl. Hún varð veik. Þau gerðu testament sín á milli, sem kongur staðfesti 20. maí 1796.

*Kona seinni:* Anna dóttir Jóns Sighvatssonar í Höskuldarkoti í Njarðvikum<sup>4</sup>).

*Börn:* A. Oddbjörg átti Stefán Gunnarsson á Brekku<sup>5</sup>), þeirra börn:  
a. Hákon.  
B. Vilhjálmur<sup>6</sup>).

---

steinsmið. Annað launbarn Gunnlaugs hét Soffía og giptist austur í Grimsnes, Halldóri Jónssyni frá Hömrum.

1) Hann andaðist 6. apríl (sbr. um hann Lögfræðingatal M. Stephensens í Tímar. Bókml.fél. III, 250).

2) Vilhjálmur var bróðir Þorsteins lögsagnara í Njarðvik.

3) Ingigerður var dóttir Tómasar í Fuglavík Árnasonar Sveinsonar á Amóti í Flóa Gíslasonar, en Árni var bróðir Runólfs lög-réttumanns á Stafnesi (sjá hér áður bls. 135).

4) Hákon fékk leyfi hjá Jörundi hundadagakonungi að giptast Önnu 1809, að Ingveldi konu sinni lifandi, og var það látið haldast eftir að Jörgensen var oltinn úr völdum.

5) Stefán á Brekku í Biskupstungum maður Oddbjargar var son Gunnars Einarssonar í Hvammi á Landi. Börn þeirra mönnuðust lítt.

6) Vilhjálmur Kristinn, óðalsbóndi í Kirkjuvogi, merkur maður, átti Þórunni Brynjólfsdóttur prests á Útskálum Sigurðssonar, p. d.:

a. Steinunn átti fyr séra Sigurð Sivertsen aðstoðarprest á Útskálum, son Sigurðar prests Brynjólfssonar Sivertsens, systkinabörn, bl., en síðar Helga Sivertsen á Útskálum bróður hans, bl.

- C. Guðni<sup>1</sup>).  
 D. Tómas<sup>2</sup>).  
 E. Anna<sup>3</sup>).

Hákon var gildasti bóndi, vitur, fyrirsjónar- og framkvæmdarmaður mikill, auðmaður í betra lagi. Hann var í viðlögum brúkaður til sýslumannsverka þar syðst í sýsl-

b. Anna átti séra Odd Vigfús Gíslason á Stað í Grindavík og mörg börn, fóru til Vesturheims.

1) Guðni í Kirkjuvogi átti Herðisi Steingrímsdóttur frá Hliði á Álptanesi Jónssonar, þau skildu, en Guðni lagðist í svall og óreglu, og stytti sér að lokum aldur í ölaði 1864. Börn hans og Herðisar:

- a. Hákon, var mikill drykkjumaður, átti laundóttur, er Anna hét með Guðnýju Þórðardóttur frá Meðalholtum í Flóa Þorkelssonar á Litlu-Reykjum Loptssonar í Heiðarbæ Þorvaldssonar.  
 b. Bjarni kvæntist ekki.

2) Tómas í Nýlendu í Hvalsneshverfi, átti Guðnýju Ólafsdóttur frá Húsagarði á Landi Sæmundssonar á Hellum Ólafssonar Ólafssonar á Víkingslæk Þorsteinssonar, þ. b.:

- a. Hákon í Nýlendu, átti Guðnýju Einarsdóttur frá Rifshalakoti Gíslasonar Gíslasonar á Miðhúsum í Eystrihrepp Torfasonar.  
 b. Vilhjálmur í Rembihnút, átti Halldóru Einarsdóttur frá Merkinesi Ólafssonar.  
 c. Tómas.  
 d. Guðni smiður í Nýlendu.  
 e. Jón Norðljörð.  
 f. Anna.

3) Anna átti Eyjólf í Gerðakoti hjá Hvalsnesi Arnason frá Lambhaga Jónssonar í Litlabæ á Álptanesi Magnússonar, þ. b.:

- a. Hákon á Stafnesi, átti Guðrúnu Helgu Eyvindsdóttur frá Stafnesi Pálssonar í Haukadal Guðmundssonar, er síðar giptist Eyjólf Eiríkssyni í Rvík. Dóttir hennar og Hákonar, Dagbjört, er gipt Axel Carlquist kaupmanni í Rvík.  
 b. Snjólfur í Busthúsum, átti Margréti Þórðardóttur Þorkelssonar Loptssonar, systur Guðnýjar (sjá hér á undan), þ. b.: Anna, Eyjólfur.  
 c. Tómas í Gerðakoti.  
 d. Anna Sigríður átti Árna Eiríksson í Gerðakoti.

Anna Jónsdóttir, ekkja Hákonar Vilhjálmssonar, giptist að honum látnum Katli Jónssyni í Kotvogi og var s. k. hans, þ. b.: Ingigerður átti Magnús í Kirkjuvogi Jónsson prests á Felli í Mýrdal Torfasonar, þ. b.: Ketill Erlendur.

unni og bjó í Kirkjuvogi. Þótti jafnan merkilegur maður. Hann deyði 4. ágúst 1821 á 69. aldursári.

### Páll Jónsson.

*Faðir:* Jón Snjólffsson á Fljótum í Meðallandi (sjá Húnavatnsþing)<sup>1)</sup>.

*Móðir:* Hallgerður dóttir Ólafs á Steinsmýri Jónssonar.

*Kona fyrri:* Valgerður Þorgeirsdóttir.

*Börn:* A. Þorgeir skólalærður, dó barnlaus og ógiptur 1812<sup>2)</sup>.

B. Séra Ólafur í Ásum, svo í Hólum undir Eyjafjöllum. Vígður 1783<sup>3)</sup>, átti Helgu Jónsur prófests Steingrímssonar, þ. b.:

a. Jón<sup>4)</sup>.

b. Séra Páll<sup>5)</sup>.

1) I, 585.

2) Þorgeir var útskrifaður úr Skálholtsskóla 1783, sigldi til Kaupmannahafnar, en var þó ekki við háskólann, kom út aptur að 6 árum liðnum, dvaldi fyrst á Prestbakka eystra, en andaðist á Elliðavatni 5. maí 1812 »úr iðrakreppu, ólánsسامur um æfi sína« segir í prestþjónustubók Reykjavíkur frá þeim tíma. Er þá talinn fimmtugur að aldri. Var ókv., bl.

3) Séra Ólafur dó 30. desember 1839.

4) Jón í Hliðarendakoti, átti Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Fljótsdal Nikulássonar sýslumanns Magnússonar, þ. b.:

a. Guðmundur í Hallskoti, átti Þorbjörgu Eyjólfsdóttur, þ. b.: Guðbjörg, Ingibjörg, Þorbjörg.

b. Þorleifur, dó ókv., bl.

c. Ólafur í Stórumörk, tvíkvæntur. Börn hans, með f. k.: Lúðvik, Hans, Ingibjörg kona Bergsveins Bergsteinssonar á Háu-Þverá, Vilborg átti Hjörtþór Illhugason verzlunarmann á Eyrarbakka, Guðný og Ólína.

d. Helga átti Felix Guðmundsson á Ægissíðu, þ. b.: Ólafur ritstjóri í Noregi, Guðmundur og Jón járnsmiður í Rvík.

e. Þórunn átti Sigurð Eyjólffson í Múlakoti, þ. b.: Þórður, Bóel, Guðrún. Ingibjörg, Guðleif.

f. Halla átti Arna Ólafsson í Múlakoti, þ. b.: Jón í Magnúsfjós-um í Flóa, Ólafur fór til Ameríku, Arni, Guðrún.

g. Gunnvör átti Jóngeir Jónsson frá Neðradal undir Eyjafjöllum, þ. b.: Þorsteinn, Jón og Katrin.

5) Séra Páll prestur í Guttormshaga, drukknaði með Þór-

c. Valgerður<sup>1)</sup>, giptust öll.

arni Öefjord sýslumanni á Mýrdalssandi 1823, átti Kristínu eldri Þorvaldsdóttur prófests Böðvarssonar, p. b.:

- a. Ólafur dómkirkjuprestur í Rvík, síðast prestur á Melstað, átti Guðrúnu dóttur Ólafs Magnússonar Stephensens jústisráðs í Viðey og mörg börn. (Sjá Guðfræðingatal mitt bls. 226).
- b. Helga átti Arent Arentsson.
- c. Guðrún átti séra Jón á Stóranúpi Eiríksson frá Ási í Holtum Sveinssonar prófests í Hraungerði Halldórssonar, p. b.:
  - aa. Páll prestur í Hestþingum, f. m. Ólafar Ólafsdóttur dómkirkjuprests Pálssonar, er síðar átti séra Lárus Benedikts-son í Selárdal.
  - bb. Eiríkur í Fossnesi, átti fyr Elinu Árnadóttur frá Garðs-  
auka Árnasonar og börn, en síðar Guðrúnu Jónsdóttur frá Efra-Langholti Magnússonar og 3 börn.
  - cc. Ólafur í Vestra-Geldingaholti, kvæntur Guðriði Ámunda-  
dóttur frá Sandlæk Guðmundssonar, eiga mörg börn.
  - dd. Helga átti fyr Stefán Höskuldsson á Ásólfssstöðum. Börn þeirra: Jón prestur á Lundarbrekku († 1902), Páll á Ell-  
idavatni og Guðrún kona Jakobs söðlasmiðs Jónssonar frá Galtafelli. S. m. Helgu Stefán Eiríksson frá Árhrauni Ingimundssonar, p. b.: Stefania átti Bjarna snikkara Jóns-  
son frá Galtafelli og Kristín.
  - ee. Þorvaldur í Skapholti, átti fyr Guðrúnu Gísladóttur frá Ásum Rögnvaldssonar og 7 börn, en síðar Katrínu Magn-  
úsdóttur eldra Magnússonar alpm. Andrés-sonar og einn son, er dó un-  
gur.
  - ff. Sigurður í Hrepphólum, kvæntur Jóhönnu Guðmunds-  
dóttur frá Ásum Þormóðssonar í Hjálmholti Bergssonar.
  - gg. Guðrún átti Guðmund á Sandlæk Ámundason s. st. Guð-  
mundssonar, bróður Ólafs verzlunarstjóra í Rvík, og var f. k. hans, áttu 1 barn og dó þegar eptir og svo barnið.
  - hh. Kristín átti Ófeig á Bakka í Rvík, er drukknaði 22. maí 1888, Guðmundsson frá Ásum Þormóðssonar, p. b.: Jón cand. mag. málfræðingur í Rvík og Margrét.

1) Valgerður átti Hjörleif Jónsson í Drangshlíð, bróður séra Kjartans í Skógum, p. b.:

- a. Helga átti Einar Kjartansson í Skálholti, þau bræðrabörn, p. b.: Kjartan prófastur í Holti, Valgerður, Hjörleifur, Einar, Sigurjón, Þorsteinn.
- b. Jón hreppstjóri í Eystri-Skógum, síðar í Drangshlíð, kvæntur Guðrúnu Magnúsdóttur frá Kanastöðum í Landeyjum Magnússonar, p. b. mörg, þar á meðal: Magnús í Klaustur-  
hólum, Hjörleifur í Drangshlíð, Gissur í Eystri-Skógum, Ólaf-



C. Séra Ásgrimur varð 1790 kapellán á Helgafelli, fékk svo Kaldaðarnes og síðan Dalsþing, drukknaði í Þverá<sup>1)</sup>, átti Ástriði dóttur Lýðs sýslumanns Guðmundssonar og börn.

*Kona seinni:* Ragnheiður<sup>2)</sup> Guðmundsdóttir Sæmundssonar, Þórðarsonar.

*Börn:* D. Páll prestur á Prestbakka austur, átti Matthildi Teitsdóttur<sup>3)</sup>, þ. b.:  
a. Ragnheiður<sup>4)</sup>.

ur Helgi á Eystri-Sólheimum, Guðrún og Anna s. k. Björns Þorlákssonar á Varmá.

1) Hann drukknaði 5. maí 1805. Börn hans og Ástriðar verða talin við Skaptafellssýslu.

2) S. m. Ragnheiðar var Jón Jónsson silfursmiður á Elliðavatni.

3) Matthildur var f. k. séra Páls. Hún var dóttir Teits Þórðarsonar á Seli við Rvík og Ástriðar Ingimundsdóttur frá Byggðarhorni Magnússonar á Selfossi Magnússonar á Disastöðum Pálssonar.

4) Ragnheiður átti séra Þorkel Eyjólfsson á Staðastað, þ. b.:

- a. Matthildur gipt Magnúsi Jóhannessyni á Hjallasandi.
- b. Eyjólfur úrsmiður í Rvík, kvæntur Pálinu Pálsdóttur gullsmiðs Eyjólfssonar Ásgrimssonar prests Pálssonar, þ. d.: Ragnheiður, fyr gipt Hannesi Ó. Magnússyni, síðar Kolbeini Þorsteinssyni snikkara í Rvík.
- c. Páll gullsmiður í Rvík, kvæntur Helgu Árnadóttur sýslumanns í Krisuvík Gíslasonar (sjá Skaptafellssýslu), þ. d.: Dórotea, dó í Kaupmannahöfn.
- d. Jón eldri, var á Ísafirði, átti Kristínu Kristjánsdóttur.
- e. Guðbrandur í Ólafsvík, kvæntur Guðbjörgu Vigfúsdóttur.
- f. Bjarni skipasmiður í Rvík, kvæntur Vilborgu Andrésdóttur.
- g. Guðrún átti Holger Clausen kaupmann og mörg börn.
- h. Jón dr. phil. landskjalavörður í Rvík.
- i. Kjartan á Arnarstapa, kvæntur Sigríði Kristjánsdóttur.
- k. Einar skjalaritari í Rvík.

Enn voru börn Páls prófests í Hörngsdal og Matthildar:

- b. Guðrún, dó 18 ára.
- c. Sigríður miðkona séra Þorvarðar Jónssonar á Kirkjubæjarklaustri, þ. b.:  
aa. Anna s. k. Sighvats Árnasonar frá Eyvind-

E. Karitas átti Brand Jakobsson í Mýrdal<sup>1)</sup>.

- arholti, p. b.: Sigríður, Arni verzlunarmaður í Rvík.
- bb. Kristófer á Breiðabólstað á Síðu, druknaði í Eldvatninu hjá Svínadal, átti Sigríði Jónsdóttur frá Mörk Bjarnasonar.
- d. Valgerður átti fyr séra Helga Sigurðsson á Melum, p. b.: Sigríður, en síðar Sigurð Brandsson hreppstjóra í Tröð í Kolbeinsstaðahrepp, p. b.: Guðbrandur tór til Ameríku, Gísli, Páll í Haukatungu og Pálína gípt Guðmundi Eggertssyni í Tröð.
- e. Guðný átti fyrir Guðmund Guðmundsson á Fossi á Síðu og mörg börn, þar á meðal: Matthildur kona Þorsteins Árnasonar frá Dyrhólum, Jón á Hvoli í Fljótshverfi o. fl.  
S. m. Guðnýjar Jón Sæmundsson í Hraunkoti í Landbroti, föðurbróðir Valdimars Ásmundssonar ritstjóra, bl.
- f. Páll snikkari, bjó á Hörgslandi og Geirlandi, átti Guðrúnu Guðjónsdóttur, systur Péturs orgnaleikara í Rvík, p. b.: Páll Vatnajökulfari («Páll jökull») og Guðlaug, gípt Péttri Sigurðssyni í Hrólfskála.  
Launson Páls snikkara með Ingilbjörgu Ingimundardóttur var Páll í Hlið undir Eyjafjöllum.
- g. Magnús í Ytri-Skógum, dó í kaupstaðarferð á Suðurnesjum 1868.
- h. Ólafur á Höfðabrekku, átti Sigurlaugu Jónsdóttur spítalahaldara á Hörgslandi Jónssonar, p. b.: Matthildur átti Halldór Jónsson umboðsmann í Vík, Páll á Heiði, Jón í Hvammi í Mýrdal, Kjartan í Skál, Guðrún átti Þórólf Jónsson í Dalshöfða, Katrín ógípt.
- i. Þorgerður miðkona Brynjólfs Brynjólfssonar í Hvammi í Mýrdal.
- k. Jón snikkari í Kvígyndisdal í Reykjadal, kvæntur, átti börn. Laundóttir hans er Jónína, gípt Hansen hattara í Reykjavík.
- l. Matthildur átti Finnþoga Einarsson frá Þóris-holti Jóhannssonar. p. b.: Einar Páll, Kjartan, Matthías, Magnús Valdimar, Sigríður.

S. k. Páls prófests Pálssonar Guðríður Jónsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri Magnússonar, p. b.:

1) Brandur var son Jakobs Sigurðssonar í Klömbrum undir

F. Valgerður átti fyrir Helga Bjarnason frá Sviðholti<sup>1)</sup>, svo Guðmund Jakobsson frá Húsaelli.

Páll var ólærður bóndamaður, giptist og bjó á sínum fyrri árum eystra. En í eldsbrunanum 1784 flúði hann

- m. Páll, síðast prestur í Þingmúla († 1890), átti fyrir Guðrúnu Þorsteinsdóttur lögregluþjóns í Rvík Bjarnasonar og börn, síðar Steinunni Eiríksdóttur frá Hlíð í Skaptártungu Jónssonar og börn.
- n. Guðríður átti séra Svein Eiríksson í Ásum, þeirra synir: Páll stud. mag. og Gísli stud. jur.
- o. Helga átti Bjarna Bjarnason í Hörgsdal og börn.

Eyjafjöllum, bjó á Vatnsenda og Bakka í Gardahverfi. Dætur hans og Karítasar:

- a. Ragnheiður átti Þórð Halldórsson frá Elliðakoti Snorrasonar.
- b. Solveig átti Jón Halldórsson í Elliðakoti, bróður Þórðar, p. b.: Sigríður, Karítas, Halldóra, Jóhanna, Jónína.

1) Dóttir Helga og Valgerðar:

- a. Valgerður átti fyrir Guðmund Guðmundsson frá Mógilsá, p. b.: Guðmundur, en síðar Jón Jónsson á Reynisvatni. Son þeirra: aa. Guðmundur stúdent, útskrifaður af prestaskólanum, verzlunarmaður á Ísafirði.

Börn Valgerðar Pálsdóttur og s. m. hennar, Guðmundar Jakobssonar, voru:

- b. Helgi í Móakoti í Gardahverfi, átti Rannveigu Sesselju Magnúsdóttur verzlunarmanns á Ísafirði Hjaltasonar prests Þorbergssonar, þeirra börn: Helgi verzlunarmaður í Reykjavík, Guðmundur verzlunarmaður í Hafnarfirði, Magnús Thorberg simstjóri á Ísafirði og Sigríður kona Benedikts Halldórssonar frá Leysingjastöðum í Hvammssveit.
- c. Kristín átti Sigurð í Glerhöll, bl.
- d. Þuríður átti Helga Einarsson í Hrólfsskála, p. b.: Páll á Bjarnastöðum í Hvítársíðu, Valgarður, Guðmundur, Guðríður Jakobína og Guðrún kona Kristófers Sigurðssonar járnsmiðs í Rvík.
- e. Karítas átti Diðrik í Selskarði og Bala Guðmundsson frá Kjarnholtum (Keldnaholti) í Biskupstungum Diðrikssonar Stefánssonar í Neðradal Þorsteinssonar, p. b.: Guðmundur Jakob, Júlíana.
- f. Ragnheiður átti Þorleif Jónsson í Lundareykjadal, p. d.: Valgerður.
- g. Kristín, dó ógipt, bl.

suður á Nes, og fékk sér bústað á Elliðavatni, hvar hann bjó síðan. Hann gjörðist klausturhaldari á Kirkjubæ, og hospitalshaldari á Hörgslandi. Páll fæddist 1737<sup>1</sup>). Giptist sinni fyrri konu 1761, flúði með hana og sín börn og nokkuð verkafólk suður 1784, liðu þau þá svo stóra nauð, að suðu hey sér til matar. Sína fyrri konu missti hann 1793. Sinni seinni konu Ragnheiði giptist hann 1794 og varð með háðum þeim konum, faðir, afi og langafi að 22 afkömendum, áður en hann deyði. Hann var hospitalshaldari í 19 ár, klausturhaldari nærfelt 30 ár. Hann var í fyrra sinn settur héraðsdómari í Gullbringu- og sýslumaður í Kjósarsýslu, þá Sigurður sýslumaður Pétursson slepti 1801—1803. Í seinna sinni 1818 til þess sýslumaður Finsen viðtók. Hann deyði á heimili sínu Elliðavatni 1819<sup>2</sup>), þá hann hafði nærfelt tvo vetur hins níunda tugar, mikill maður meðal bænda og mikill búhöldur.

### Rasmus Frydensberg,

danskur, var fyrst copiisti í því jutska og lollenska landvæsens contorie í rentukammerinu; þann 9. marz 1803 fékk hann veiting fyrir sýslumannsembætti í Kjósarsýslu og héraðsdómara í Gullbringusýslu. 22. apríl<sup>3</sup>) fékk hann konungsveiting fyrir bæjarfógetaembætti í Reykjavík. Þann 10. maí var hann settur landfógeti á Íslandi. Þann 9. maí 1806 fékk hann lausn frá sýsluembættum, en varð þá virkilegur landfógeti. Leystur með kongsbréfi af 30. marz<sup>4</sup>) 1811 frá því embætti, ei fyr en í útgöngu ársins 1813. Árinu fyrir, 31. júlí 1810, var Frydensberg gerður justizráð. Hann fór alfarinn til Kaupmannahafnar 1814 og öðlaðist þar inntektarmikið embætti amtsforvaltara<sup>5</sup>).

1) 29. marz.

2) Dánardagur hans 8. febrúar.

3) Réttara: 15. apríl.

4) Réttara: 30. apríl frá júlímánaðarlokuum 1813.

5) Rasmus Frydensberg var fæddur í Horsens 8. janúar 1778. útskrifaður úr skóla 1796, kandídat í lögfræði 25. janúar 1799 með 2. einkunn í hinu teoretiska, en 1. einkunn í hinu praktiska

## Hans Wölner Koefoed,

danskur maður ógiptur, examinatus juris, var hér settur héraðsdómari og Kjörsarsýslumaður 1806<sup>1</sup>). Hann giptist hér Járngerði dóttur riddara Bjarna, kaupmanns í Hafnarfirði, Sigurðssonar<sup>2</sup>). og átti með henni börn<sup>3</sup>).

Koefoed fór utan 1812, þá hann hafði tekið sér fyrir lögsagnara Otta Guðmundsson Elfersöe (sjá um hann við Snæfellsnessýslu). Otti var þar hans lögsagnari 1812 til 1814. Koefoed sótti um embætti utanlands, kom út 1813, en sama sumar þann 19. júlí var honum veitt yfir-bergsamtsskrifaraembætti í Noregi<sup>4</sup>), fór því utan alfarinn með konu og börn til þessa síns embættis 1814.<sup>5</sup>).

prófi, og varð s. á. skrifari í rentukammerinu. Þá er hann fór héðan varð hann fyrst (1815), amtsumsjónarmaður í Kallundborgamt og fékk samskonar embætti í Kaupmannahöfn 1820. Varð riddari af dannebrog 1828 og andaðist í Kaupmannahöfn 8. apríl 1840. Kona hans hét Margrethe. Börn þeirra voru:

1. Nicoline Dorothea Barbara, f. í Rvík 1. marz 1804, átti 16. nóv. 1821 Finn Magnússon prófessor, son Magnúsar lögmanns Ólafssonar á Meðalfelli, bl. Hún skildi við hann 1836, og flutti burt úr Kaupmannahöfn.
2. Friðrik Geir Ludvig, f. 16. ágúst 1805.
3. Christian Opfer Frydensberg jústisráð, yfirfjórstjóri háskólans í Kaupmannahöfn, f. 19. febr. 1808, dó 1868, átti íslenska konu, Guðrúnu Pétursdóttur frá Vatnsleysu í Skagafirði Bjarnasonar. Hún dó í Kaupmannahöfn í júlí 1862, þ. b.: a) Finnur Adolph Pétur, skrifari í innanríkisráðaneytinu og b) Helga.
4. Rasmine Margrethe, f. 11. júlí 1809.
5. Johanne Catharine, f. 25. nóv. 1811.

1) 9. maí. Hann fékk aldrei veitingu fyrir sýslunni.

2) Pau giptust 26. ágúst 1812. Járngerður (f. 1788) dó í Kongsbergi 21. febrúar 1824. Hét fullu nafni Járngerður Júlía.

3) Meðal þeirra var *Bjarni Sivertsen* cand. jur., rithöfundur, »fullmektugur« í fjármálaráðaneytinu norska, (f. 13. júní 1813, † 12. apríl 1868), átti Antonette Helene Johannessen.

4) Á Kongsbergi.

5) *H. W. Koefoed* var fæddur í Skien 27. desember 1779, sonur Hans Fischers Koefoeds lyfsala († 1781), er var ættaður frá Borgundarhólmi. *H. W. Koefoed* tók próf í dönskum lögum 1800. 22. apríl 1814 varð hann bæjarfógeti í Kongsberg, en 22. marz 1837 sórenskrifari í Numedal og Sandsvær í Buskerudsamtí.

## Otti Guðmundsson Effersöe.

(Sjá um hann við Snæfellsnessýslu<sup>1</sup>). Otti var lög-sagnari sýslumanns Koefoeds í Gullbringusýslu 1812—1814; fékk sér veitta Snæfellsnessýslu 1817, deyði 1818.

## Halldór Guðmundsson.

*Faðir:* Séra Guðmundur á Lambastöðum prestur til Reykjavíkurþinga, son Þorgríms sýslumanns Sigurðssonar (sjá Mýrasýslu<sup>2</sup>).

*Móðir:* Sigríður dóttir Halldórs prófests í Hitardal, Finnssonar biskups Jónssonar.

Halldór<sup>3</sup>) lærði innan og utanlands og gerðist examinatus jús. Kom svo út og var af rentukammerinu þann 15. apríl 1814, settur héraðsdómari í Gullbringusýslu og sýslumaður í Kjósarsýslu. Af tilhlutan stiptamtmanns Castenskjölds, var Halldór, af þáverandi stiptamtmanns fullmektugum, assessorí Bjarna Thorarensen, frásettur embættinu 1818, fyrir illa meðhöndlun á peningum tilheyrandi kongi, bankanum og fleirum. Var Halldór þar eftir áhangandi stjúpföður sínum biskup Geir Vídalín og fleirum, giptist Maríu Dorotheu danskri; þeirra börn: Halldór og Sigríður<sup>4</sup>).

Halldór var þar eftir við ýmislegt, skrifari við

---

Hann andaðist í Kongsberg 8. júní 1849, sjötugur að aldri. Frá 1833 var hann einn af stjórnendum silfurnámanna á Kongsbergi, var stórpingsmaður fyrir námabæinn á aukapíngi 1822, var kosinn 1821 og síðan 1836, en kom ekki á píng sakir veikinda. Varð riddari af sænsku Vasaorðunni 1838. [Eftir J. Halvorsen Norsk Forf. Lexicon II. B.]

1) III, 235—237.

2) III, 361.

3) Halldór var fæddur 29. apríl 1789, útskrifaður úr heimascola 1811, en tók próf í dönskum lögum 1813.

4) Sigríður átti Sören Christian Topsöe, bæjarfógeta í Skjel-skör († 1847), þeirra synir: W. C. S. Topsöe ritstjóri Dagblaðs-ins († 1881) og Halldór F. A. Topsöe efnafræðingur í Khöfn (sbr. Guðfræðingatal mitt bls. 107—108).

Marín hét enn dóttir H. Thorgrímsens og konu haus, og dó hún ung 1827.

ýmsar forréttingar sýslumanna eða annara yfirmanna, var þó optast í Reykjavík. Hann deyði 1846<sup>1)</sup>.

### Ólafur Hannesson Finsen.

*Faðir:* Hannes biskup son Finns biskups Jónssonar prófests Halldórssonar.

*Móðir:* Valgerður dóttir Jóns sýslumanns í Rangárþingi Jónssonar (sjá Rangárþing).

*Kona:* María dóttir dansks kaupmanns í Reykjavík að nafni Ole Pétur Christian Möller. Þau giptust 18. ágúst 1820<sup>2)</sup>.

1) Hann andaðist 30. september. Var optast nær kallaður »Halldór valdsmaður«.

2) María Noline Möller kona Ólafs Finsens var fædd 28. ágúst 1803, en andaðist í Reykjavík 27. nóvember 1886, (var ekkja 50 ár).

Börn Ólafs Finsens og hennar voru:

1. Vilhjálmur Ludvig hæstaréttardómari, (f. 1. apríl 1823, † 23. júní 1892), átti Caroline Vilhelmine Moberg, p. d.: a) Valgerður, var gipt dönskum verzlunarstjóra, Bredahl að nafni. Hún andaðist á Hofsó 1880.
2. Jón Konstant stiptslæknir á Lálandi og Falstri, (f. 24. nóv. 1824, † 13. okt. 1885), átti Soffie Vilhelmine Funck, bl. Kjörbörn þeirra, (bæði fædd á Íslandi), voru: Carl Ole Robb Bjerling, kvæntur í Ameríku, og Gerða Jónsdóttir, (ættleidd með Finsens nafni), gipt H. E. E. Jensen cand. polyt. í Kaupmannahöfn.
3. Hannes Kristján Steingrímur stiptamtmaður í Rípum, (f. 13. maí 1828, † 18. nóv. 1892), átti fyr Johanne Sophie Caroline Christine Formann, dóttur Niels Ryberg Formanns stóreignaráðsmanns á Falstri, p. b.:
  - a. Ólafur lyfsali í Þórshöfn á Færeyjum, átti Mariu Augustu, dóttur H. Öllgaard hæstaréttardómara, p. b.: Eyvind, Björn, Thorkil, Herdis.
  - b. Niels Ryberg, nafnkunnur læknir, dó í Kaupmannahöfn 1904, átti Ingiborg Dorothea, dóttur C. F. Balslevs biskups í Rípum, p. b.: Gunnar (dó ungur), Halldór, Gudrun.
  - c. Elizabeth giptist Axel Lauritz Reyn lækni við ljóslækningastofnun Niels Finsens.
  - d. Vilhelm Hannes póstmeistari í Kaupmannahöfn, kvæntur Johanne Josephine Wulff, dóttur H. Wulff vörumiðlara á Jótlandi, p. b.: Hannes Christian Steingrím, Valgard, Johanne.

*Börn:* A. Hannes Kristján Steingrímur og önnur 9  
(hvar af 6 lifa 1836) Vilhelm dimissus 1841.

Ólafur Hannesson er borinn í Skálholti 1793 22. maí, var á ungdómsárum settur til bókmennta, fór svo utan til meiri lærdómsframa og tók 1. examen við háskólann 1814, og varð candidatus júsris 1817. Hann var árið 1818 settur héraðsdómari í Gullbringusýslu og sýslumaður í Kjósarsýslu, en fékk kongsveiting fyrir téðum embættum 5. maí 1821. Þá land- og bæjarfógeti Sigurður Thorgrimsen deyði, fór Ólafur sýslumaður utan 1828, tók

S. k. Hannesar Finsens stiptamtmanns hét Birgitta Kristine Formann, dóttir A. Formanns sjálfseignarbónda, p. b.:

- e. Johanne Sophie Caroline Christine, gipt Jørgen Lyngbye borgarstjóra í Esbjerg, eiga börn.
  - f. Steingrímur aðstoðarmaður við banka í Kaupmannahöfn.
  - g. Marie gipt Alfred Johannes Fritsche lögfræðingi.
  - h. John Valgard cand. phil., verkfræðingur í Johannisburg í Suður-Afriku.
  - i. Henrikke.
  - k. Valgerða, gipt Emil Cold lækni.
4. Óli Pétur póstmestari í Rvík, (f. 1. jan. 1832, † 2. marz 1897). átt fyr Hendrikku Andreu, dóttur Moritz W. Biering kaupmanns, p. b.:
- a. Moritz Wilhelm, dó i lærða skólanum 1882.
  - b. Maria gipt Ólafi Ámundasyni verzlunarstjóra í Rvík, p. b.: Moritz Wilhelm.
  - c. Ólafur læknir á Akranesi, kvæntur Ingibjörgu Ísleifsdóttur prests í Arnarbæli Gíslasonar, p. b.: Óli Pétur, Karitas. Ísleifur, Gísli, Hendrikka Andrea, María Ása.
- S. k. Óla Finsens póstmestara María Kristín, dóttir Þórðar Jónassens háyfirdómara, p. b.:
- d. Soffía gipt Georg Pétri Hjaltested cand. phil., aðstoðarritara í stjórnarráðinu, syni Björns Hjaltesteds járnsmiðs, p. b.: Svafar, Kjartan, Björn.
  - e. Hendrikka Andrea.
  - f. Þórður verzlunarmaður í Rvík.
  - g. Karl verzlunarmaður í Hafnarfirði.
  - h. Anna Valgerður, dó ung.
  - i. Vilhjálmur stúdent, er í Hamborg.
5. Valgerður, (f. 16. marz 1833, † 25. júlí 1894), s. k. Halldórs prófests Jónssonar á Hofi í Vopnafirði, bl.

4 börn Ólafs Finsens yfirdómara dóu ung: Hannes Christian Steingrímur 1827, Ole Peter s. á., Finnur 1836 og Hans Pétur 1844.



þá Stefán Borgarfjarðarsýslumann í sinn stað á meðan. Var meining manna, að hann hefði sótt um fógetaembættid, sem hlotnaðist dönskum sýslumanni, er var examinatus júris, og hafði haldið Skaptafellssýslu. Ólafur sýslumaður kom út 1829 til síns sýslumanns-embættis.

1832 dag 8. maí fékk hann kammerráðsnafnbót. Ólafur sýslumaður er jafnast við yfirréttinn brúkaður fyrir procurator, er mælt honum farnist það og embættisverk sín vel, og að hann sé góður lagamaður. 1834 dag 12. apríl<sup>1)</sup> gerðist kammerráð Ólafur sá annar assessor í landsyfírréttinum, en þénaði þó jafnframt það ár sýslumannsverkum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til 1. ágúst 1834. Þá Lorenz Angel de Krieger fór utan, gerðist Ólafur assessor hans fullmektugur og í stiptamtmanns stað téð ár í ágúst og eins 1835—1836, til þess hann á sinni sóttarsæng deyði 24. febrúar 1836 frá 6 börnum og frú sinni þungaðri, sem fimm dögum síðar varð léttari, hvert hennar afkvæmis andvana lík var lagt í líkkistu hjá föðurnum og jarðað í Reykjavík 7 daga gamalt<sup>2)</sup>). Assessor Ólafur Finsen var af öllum, sem til hans þekktu, haldinn mesti ágætismaður.

Hans ágætu minning hefur gert stiptprófastur, riddari Árni Helgason, í stuttum, gagnyrstum ljóðum.

### Stefán Gunnlaugsson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu). Þá Stefán sýslumaður hafði haldið Borgarfjarðarsýslu í 7 ár, veitti konungur honum Gullbringu- og Kjósarsýslu 1835; flutti hann þá í Reykjavíkurbæ með konu sinni og börnum. Þá jústiziaríus Sveinbjörnsson í ágústmánuði 1836 sleppti land- og bæjarfógetastörfum tók Stefán sýslumaður við þeim og hafði þau á hendi til þess fógeti Tvede tók algerlega við sínu téða embætti 1837 nærfellt í sama mund. Honum féll ei vel við það embætti og samdi því við Stefán sýslumann við byrjun ágústmánaðar 1838, að hafa við hann embættaskipti, því sleppti Stefán sýslumaður sýslumanns-

1) Réttara: 18. apríl.

2) Það barn hét Finnur, dó 27. febr.

embættisverkum, en tók bæjar- og landfógetaembættið eftir samningi við Tvede 1838.

### Morten Hansen Tvede.

(Sjá um hann við Múlasýslu). Hann var fyrst copisti, en 1817 varð hann kammerassessor og fékk suðurpart Múlasýslu; 1833 varð hann kammerráð. 1836 fékk hann land- og bæjarfógetaembætti í Reykjavík. 1838 samdi hann við sýslumann Gunnlaugsen um brauðaskipi. Það tillét kongur 1839 og tók Tvede þá Gullbringu- og Kjósarsýslu. 1840 deyði sýslumaður Tvede fljótlega í húsi sínu við skriptir<sup>1)</sup>.

## Viðauki.

### Þórður Jónasson.

(Sjá Eyjafjarðarsýslu)<sup>2)</sup>. Hinn 3. marz 1840 var Þórður Jónasson yfirdómari settur til að þjóna sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu og gegndi hann því í það sinn til júliloka það ár. Eftir burtför Þórðar sýslumanns Guðmundssonar, var Þórður Jónasson aptur settur fyrir sýsluna 19. september 1850, og þjónaði henni þá þangað til Baumann tók við henni sumarið 1853, og enn var hann settur til að gegna þar dómaverkum í fjarveru Baumanns 1855—56. Þórður Jónasson varð háyfirdómari 1856 og síðar (1860—65) settur stiptamtmaður. Dó í Reykjavík 25. ágúst 1880. Sjá um ætterni hans og börn við Eyjafjarðarsýslu.

### Þórður Guðmundsson.

Hann var settur fyrir sýsluna 1. ágúst 1840, en fékk

1) Hann andaðist í Reykjavík 1. marz (1840), tæplega fimmtugur að aldri.

1) I, 290—293.

veitingu fyrir henni 14. janúar 1841. 16. maí 1850 var honum veitt Árnessýsla. (Sjá frekar um hann þar, sbr. einnig hér áður við Kjósarsýslu bls. 81—82).

### Vilhjálmur Ludvig Finsen.

Ætternis hans er hér áður getið fyrir skemmstu (bls. 185). Hann var fæddur í Reykjavík 1. apríl 1823, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1841 með beztu einkunn, tók aðgönguþróf (examen artium) við Kaupmannahafnarháskóla s. á. með 1. einkunn, 2. lærdómsþróf 16. apríl og 27. október 1842, með sömu einkunn, og embættisþróf í lögum 12. maí 1846 með 1. einkunn í báðum þrófum, fékk heiðurspening háskólans fyrir lögfræðis-ritgerð 1848, var um tíma í rentukammerinu og síðar í íslenzku stjórnardeildinni.

Hinn 28. september 1851 fékk hann veitingu fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, en kom ekki út hingað fyr en vorið eptir, og var þá um sama leyti (23. apríl 1852) skipaður land- og bæjarfógeti í Reykjavík. Hann þjónaði því aldrei sýslunni, heldur hélt Þórður Jónasson áfram að þjóna henni, þangað til Baumann tók við. Vilhjálmur Finsen var land- og bæjarfógeti frá 1852—1860, að hann varð meðdómandi í landsyfirréttinum í Vebjörgum. 1868 varð hann meðdómandi í landsyfirdómnum í Kaupmannahöfn og 1871 í hæstarétti, en fékk lausn frá því embætti 1888 og andaðist í Kaupmannahöfn 23. júní 1892. Hann var sæmdur ýmsum tignarmerkjum og í miklu álitu fyrir vísindastörf sín. Æfminning hans, rituð af Boga Th. Melsted, er prentuð í 21. árg. Andvara 1896. Þar er og mynd af honum.

### Adolph Christian Baumann,

danskur maður, fæddur á Fjóni um 1816, tók þróf í dönskum lögum 1837 með 1. einkunn, en fékk veitingu fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. apríl 1853, kom þá um sumarið út hingað og tók við sýslunni, en þótti litilsháttar yfirvald, og skildi lítið í málinu, hélzt hér ekki við lengur en 5 ár að nafninu til, fékk leyfi til siglingar vegna lasleika 1855 og kom út aptur 1856, þá kvæntur danskri

konu, en fór héðan alfarinn sumarið 1858 og kom aldrei aptur, en fékk ekki algerlega lausn frá sýslunni fyrir en 22. nóvember 1860 frá fardögum 1861 og fékk þá 491 ríkisdal í eptirlaun. Baumann þessi er enn á lífi í Danmörku (í árslok 1908), kominn yfir níuætt, og hefur nú lifað á eptirlaunum nær 50 ár. Fimm ára léleg sýslumennska hans í Gullbringusýslu hefur nú kostað landið í eptirlaun um 47,000 kr., auk vaxta og vaxtavaxta.

Meðan Baumann var ytra 1855—56 var Þórður Jónsson yfirdómari settur til að gegna dómaverkum þar í sýslu, en *Lárus H. Scheving* stúdent, síðar prestur á Vogsósum († 1870), öðrum embættisverkum.

### Páll Pálsson Melsted.

*Faðir:* Páll Þórðarson Melsted amtmaður í Vesturamtinu († 1861) sjá Árnassýslu.

*Móðir:* Anna Sigríður Stefánsdóttir amtmanns Þórarinssonar.

*Kona fyrri:* Jórunn (f. 14. maí 1816) Ísleifsdóttir háyfirdómara á Brekku á Álptanesi Einarssonar<sup>1</sup>). Þau giptust 30. desember 1840. Hún dó í Reykjavík 21. ágúst 1858.

*Börn:* A. Páll stúdent (f. 30. jan. 1844), útskrifaður úr lærða skólanum 1863, dó á Hofi í Vopnafirði 2. júlí 1865, ókv., bl.

B. Sigríður f. 1. nóvember 1842.

C. Anna Sigríður gipt Stefáni Stephensen umboðsmanni á Akureyri, syni Magnúsar Stephensens sýslumanns í Vatnsdal, þau bl.

D. Ísleifur (Einarsson) f. 14. ágúst 1847 † 20. s. m.

E. Guðrún Ingibjörg f. 13. júní 1849, † 8. júní 1850.

*Kona síðari:* Þóra (f. 18. desember 1823) Grímsdóttir amtmanns á Friðriksgáfu († 7. júní 1849) Jónssonar, þau bl.

Páll Melsted er fæddur á Möðruvöllum í Hörgárdal

1) I, 624.

13. nóvember 1812, kom í Bessastaðaskóla 1828, og var útskrifaður þaðan 1834, sigldi þá samsumars til háskólans og tók þar aðgönguþróf (examen artium) s. á. með 2. einkunn, 2. lærdómsþróf 1835 einnig með 2. einkunn, las lög, en leysti ekki af hendi embættisþróf í það sinn, kom út 1840, kvæntist það ár og fór að búa á Brekku á Álptanesi. Þar brann hjá honum bærinn allur 1844. Þvínæst flutti hann til Reykjavíkur, og fékkst þar við ritstörf, var t. d. einn af stofnendum Þjóðólfs haustið 1848, en fór þá um sama leyti austur í Árnessýslu og þjónaði henni í fjarveru föður síns veturinn 1848—49, en 19. maí 1849 var hann settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu, og þjónaði henni til 1854 (sbr. III, 243), en Mýra- og Hnappadalssýslu frá 1853 til vorsins 1855, (sbr. III, 377). Sama árið (1855) sigldi hann, og tók þróf í dönskum lögum 28. janúar 1857 með 2. einkunn í báðum þrófum. Eptir að hann var kominn út var hann settur 1858 til að þjóna Gullbringu- og Kjósarsýslu, fyrst fyrir Baumann til fardaga 1861 en síðan á eigin ábyrgð til vorsins 1862, að Clausen tók við. 21. janúar 1862 var Páll settur málaflutningsmaður við yfirréttinn og gegndi því starfi samfleytt 24 ár, unz hann fékk lausn frá því 5. febrúar 1886. Tímakennslu í sögu við lærðaskólann hafði hann á hendi 25 ár eða frá 1869—1893. 1885 veitti þingið honum 1800 kr. föst laun á ári, aðallega sem viðurkenningu á sagnfræðisritstörfum hans. Hann er nú (1908) 96 ára gamall og iangelztur lærðra manna á landi hér, hefur litla ferlivist og er alblindur orðinn, en furðu hress í máli og fylgist vel með tímanum.

### Harald Hugo Edvard Clausen,

danskur maður, var fæddur í Nakskov 21. október 1833, útskrifaður frá Borgardyggðaskólanum á Kristjánshöfn 1852, og tók embættisþróf í lögum 11. júní 1858 með 2. einkunn í báðum þrófum. Hann varð amtsfulltrúi í Thisted 1860, en fékk veitingu fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. október 1861 og kom út hingað í júní 1862, settist þá að í Hafnarfirði. 6. nóvember 1873 var honum veitt borgmeistara-, bæjarfógeta- og bæjarskrifaraembættið í Thi-

sted, ásamt héraðsfógeta- og skrifaraembætti í Hillerslev og Hundborghéruðum, og fór hann héðan af landi burt til þess embættis í júnímánuði 1874 með konu sinni Marie Dorotheu og 3 börnum, er fædd voru hér á landi.

### Lárus Edvard Sveinbjörnsson.

(Sjá um hann við Þingeyjarsýslu I, 134—135)<sup>1)</sup>.

Börn þeirra hjóna, sem að eins eru nafngreind I, 135 eru:

- A. Kirstín Sýlvía, (f. 13. nóv. 1869), 1. kona Magnúsar Jónssonar sýslumanns í Vestmanneyjum. Hún andaðist 10. apríl 1898.
- B. Þórður Guðmundur cand. jur., aðstoðarmaður í stjórnarráðinu, (f. 9. okt. 1871), kvæntur Lovísu Pálmadóttur prests í Hofsóss Þóróddssonar, þ. b.: Ólöf.
- C. Jón Hjaltalín cand. jur. í Kaupmannahöfn, (f. 3. febr. 1876), kvæntur Ebbu dóttur H. G. J. Schierbecks lækni á Friðriksbergi, fyrrum landlæknis í Reykjavík, þ. b.: Erlingur, Svala.
- D. Ásta Sigríður, (f. 5. desember 1878), gipt Magnúsi Einarssyni dýralækni í Reykjavík, þ. b.: Lárus, Guðrún.
- E. Ásta.
- F. Jónína, dóu ungar.

Með konungsúrskurði 31. janúar 1874 var sýslumanns-embættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu sameinað við bæjarfógetaembættið í Reykjavík, og þetta sameinaða embætti veitt 14. febrúar s. á. Lárusi E. Sveinbjörnsson sýslumanni í Þingeyjarsýslu frá 1. júlí, og tók hann við þessum embættum þá um sumarið, og þjónaði hann þeim til fardaga 1878, er hann komst í landsyferréttinn sem 2. meðdómandi (veiting 12. apríl 1878), varð 1. meðdómandi 28. júlí 1886, og háyfirdómari 16. apríl 1889, fékk lausn frá því embætti

<sup>1)</sup> Jörgína Margrét Sigríður kona L. E. Sveinbjörnsson er fædd 25. maí 1849, en þau giptust 26. ágúst 1868.

30. marz 1908. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 24. febrúar 1891, heiðursmerki dannebrogsmanna 5. janúar 1899, og kommandörkrossi af 2. stigi 28. júlí 1904. Hann var konungkjörinn þingmaður frá 1885—1897.

### Kristján Jónsson.

- Faðir:* Jón Sigurðsson óðalsbóndi, alþingismaður á Gautlöndum, dó í Bakkaseli í Öxnadal á leið til alþingis 26. júní 1889, rúmlega sextugur, (f. 12. maí 1828).
- Móðir:* Solveig Jónsdóttir prests í Reykjahlíð, síðar í Kirkjubæ í Tungu, Þorsteinssonar stúdents í Reykjahlíð Jónssonar.
- Kona:* Anna, (f. 31. júlí 1852), Þórarinsdóttir prófasts í Görðum á Álptapesi, († 7. maí 1895), Böðvarssonar. Þau giptust 22. október 1880.
- Börn:*
- A. Þórunn Solveig, f. 18. okt. 1881.
  - B. Böðvar Þórarinn kandídat í málfræði, f. 31. ágúst 1883.
  - C. Jón stúdent, f. 22. apríl 1885, les lög við háskólann.
  - D. Þórarinn stúdent, f. 27. júlí 1886, les mannvirkjafræði við fjöllistaskólann í Khöfn.
  - E. Solveig, f. 8. ágúst 1887, gipt Sigurði Eggertz sýslumanni Skaptfellinga.
  - F. Halldór, f. 12. desember 1888.
  - G. Elizabet Lára, f. 22. september 1890.
  - H. Ása, f. 2. desember 1892.

Kristján er fæddur á Gautlöndum við Mývatn 4. marz 1852, kom í lærða skólann 1866 og settist í 3. bekk A., útskrifaður 1870 með 1. einkunn (94 st.), sigldi samsamars til háskólans og tók þar heimspekispróf 21. júní 1871 með ágætum vitnisburði, tók embættispróf í lögfræði 1. júní 1875 með 1. einkunn (101 st.), kom þá út hingað og varð skrifari hjá landfógetanum 1876, fékk Gullbringu- og Kjósarsýslu 16. ágúst 1878 og settist að í Hafnarfirði, var skipaður 2. meðdómandi og dómsmálaritari við yfirréttinn 28. júlí 1886, en 1. meðdómandi 16. apríl 1889,

og dómsforseti (háyfirdómari) í þeim rétti 30. marz 1908. Frá 29. september 1891 til 1. júlí 1894 var hann jafnframt sínu embætti settur amtmaður í Suður- og Vesturamtinu. Hann var og skipaður formaður í millþinganefnd í kirkjumálum, en sagði því starfi af sér 1905. Hann sat á alþingi sem konungkjörinn þingmaður á öllum þingum frá 1893 til 1903, en 10. sept. 1908 var hann kosinn þingmaður Borgfirðinga. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 8. ágúst 1907.

### Franz Edvard Siemsen.

- Faðir:* Edvard N. G. Siemsen konsúll og kaupmaður í Reykjavík.
- Móðir:* Sigríður Þorsteinsdóttir lögregluþjóns Bjarnasonar í Eyjum í Kjós Gíslasonar (sbr. bls. 31 hér að framan).
- Kona:* Þórunn Árnadóttir Thorsteinssons landfógeta (sbr. III, 246). Þau giptust 8. september 1887.
- Börn:* A. Árni, f. 22. september 1888.  
B. Sigríður, f. 24. desember 1889.  
C. Soffía, f. 23. desember 1891.  
D. Theodor, f. 7. nóvember 1893.

Franz Siemsen er fæddur í Reykjavík 14. október 1855, kom í skóla 1868 og var útskrifaður 1875 með 2. einkunn (57 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók þar heimspekispróf 21. júní 1876, tók embættispróf í lögfræði 1. júní 1881 með 3. einkunn (59 st.), en gekk upp aptur 5. júní 1882 og fékk þá 2. einkunn (67 st.). Hinn 16. apríl 1886 var hann settur af ráðgjafa málaflutningsmaður við yfirdóminn, en hafði áður verið settur af landshöfðingja til að gegna þeirri sýslan 27. ágúst 1884. 23. ágúst s. á. (1886) var hann settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og fékk veitingu fyrir því embætti 5. nóvember s. á. og flutti til Hafnarfjarðar. Hann fékk lausn frá sýslumannsembættinu með eptirlaunum 12. júní 1899 og flutti þá aptur til Reykjavíkur skömmu síðar. Var þar fyrst á skrifstofu hjá Júlíusi Havsteen amtmanni, en síðan við skrifstörf hjá kaupmönnum í bænum.



### Páll Einarsson.

*Faðir:* Einar Baldvin Guðmundsson umboðsmaður á Hraunum í Fljótum, nú kaupmaður í Haganesi, bróðurson Baldvins Einarssonar.

*Móðir:* Kristín Pálsdóttir síðast prests í Viðvík Jónssonar. Hún var 1. kona Einars á Hraunum og andaðist 9. ágúst 1879.

*Kona:* Sigríður Árnadóttir Thorsteinsons landfógeta (sbr. III, 247). — Hún var fædd 11. júní 1872, giptist Páli sýslumanni 11. ágúst 1894, en andaðist í Hafnarfiði 29. janúar 1905.

*Börn:* A. Árni f. 4. janúar 1897.  
B. Kristín f. 21. júlí 1898.

Páll Einarsson er fæddur á Hraunum í Fljótum 25. maí 1868, kom í skóla 1881 og settist í 2. bekk, útskrifaðist 1886 með 1. einkunn (97 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók þar próf í heimspeki 8. júní 1887, en embættispróf í lögfræði 15. júní 1891 með 1. einkunn (95 st.) kom þá út hingað og var skipaður málaflutningsmaður við landsyfirréttinginn 27. ágúst 1891 frá 1. október s. á., fékk veitingu fyrir Barðastrandarsýslu 1. september 1893, og bjó þar á Patreksfirði (Vatneyri) meðan hann hélt sýsluna, en 9. september 1899 var honum veitt Gullbringu- og Kjósarsýsla og flutti þá til Hafnarfjarðar. Í maí 1908 var hann af bæjarstjórn Reykjavíkur kjörinn borgarstjóri í Reykjavík til næstu 6 ára með 4500 kr. árs-launum, og tók hann við því embætti í júlímánuði s. á.

### Magnús Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður Magnússon kaupmaður í Reykjavík (sbr. hér áður bls. 146).

*Móðir:* Bergljót Árnadóttir.

Magnús er fæddur í Reykjavík 14. júní 1880, útskrifaður úr skóla 1901 með 1. einkunn (97 st.), tók heimspakispróf við háskólann 12. júní 1902 með ágætiseinkunn, og embættispróf í lögum 14. júní 1906 með 1. einkunn (129 st.), var svo við málfærslu í Reykjavík, en var settur í júnímánuði 1908 til að þjóna sýslumannsembættinu í Gullbringu og Kjósarsýslu, og bæjarfógetaembætti í Hafnarfirði, fyrst

fyrir Pál sýslumann Einarsson fram í júlí, en 10. júlí settur af ráðherra til að þjóna þeim embættum á eigin ábyrgð, og gegndi hann þeim störfum til októberloka það ár, ásamt bæjarstjóraembættinu þar.

### Lárus Andrèsson Fjeldsted.

*Faðir:* Andrés Andrèsson Fjeldsted, bóndi í Trönu hjá Ferjukoti, áður á Hvitárvöllum (sbr. II, 723).

*Móðir:* Sesselja Kristjánsdóttir (II, 723).

Lárus Fjeldsted er fæddur á Hvitárvöllum 7. september 1879, útskrifaður úr lærða skólanum 1900 með 1. einkunn (93 st.), tók heimspekispróf við háskólann 6. júní 1901, og embættispróf í lögfræði vorið 1908 með 2. einkunn hinni lægri, en var settur 30. október 1908 til að þjóna sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1. nóvember s. á.

### Magnús Jónsson.

*Faðir:* Jón Halldórsson hreppstjóri á Laugabóli í Ísafjarðarsýslu, bróðir Gunnars alþm. í Skálavík, († 1894).

*Móðir:* Guðrún Þórðardóttir á Laugabóli Magnússonar.

*Kona fyrsta:* Kirstín Sýlvía, dóttir L. E. Sveinbjörnssons háyfirdómara, (f. 13. nóv. 1869). Hún dó af barnsförum í Vestmanneyjum 10. apríl 1898, þ. b.: A. Lauritz Edvard Sveinbjörnsson, f. 5. apríl 1898.

*Kona önnur:* Jóhanna Andrea, (f. 26. maí 1877), Oddgeirdóttir prests í Vestmanneyjum Þórðarsonar sýslumanns Guðmundssonar. Hún dó í Vestmanneyjum 17. nóvember 1906, þ. b.:

B. Guðrún.

C. Oddgeir, dáinn.

D. Jón.

E. Stúlkubarn, dó óskírt.

*Kona þriðja:* Guðrún Sigríður, (f. 11. júní 1878), Oddgeirdóttir, systir Jóhönnu. Þau giptust 1908.

Magnús sýslumaður er fæddur á Laugabóli í Ísafjarðarsýslu 27. desember 1865, kom í skóla haustið 1880 og

var útskrifaður vorið 1887 með 2. einkunn (73 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 30. júní 1888, en embættispróf í lögfræði 15. febrúar 1894 með 2. einkunn (95 st.), var svo í Reykjavík við mál-færslustörf, en var settur sýslumaður í Vestmanneyjum 28. apríl 1896 og fékk konungsveitingu fyrir því embætti 14. ágúst s. á., en 30. desember 1908 var honum veitt sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði.

### Bæjarfógetar í Reykjavík.

Með því að sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur stundum verið sameinað land- og bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, eða bæjarfógetaembættinu einu saman, þykir rétt að telja þá hér upp stuttlega, sem verið hafa bæjarfógetar í Reykjavík síðan það embætti var stofnað með konungsúrskurði 15. apríl 1803 (Lovs. for Isl. VI, 608—609), samkv. tillögum rentukammersins 15. jan. s. á. (Lovs. for Isl. VI, 598—599).

*Rasmus Frydensberg*, fyrsti bæjarfógeti í Reykjavík, frá 15. apríl 1803 til júliloka 1813, jafnframt landfógeti frá 9. maí 1806. Frá 1803—1806 var hann bæði bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Kjósarsýslu og héraðsdómari í Gullbringusýslu, † 8. apríl 1840. (Sjá um hann hér áður bls. 182).

*Sigurður Björnsson Thorgrimsen*, landfógeti 18. maí 1812, skipaður jafnframt bæjarfógeti í Reykjavík 15. júlí s. á. frá 1. ágúst 1813, fékk lausn frá þeim embættum 1828 (landfógetaembættinu 24. maí og bæjarfógetaembættinu 2. júlí). Hann andaðist í Reykjavík 21. febrúar 1831. Um framætt hans sjá III, 362, (sbr. ennfremur Lögfræðingatal M. Stephensens: Tímar. Bókmenntafélagsins III, 282).

*Regner Christopher Ulstrup*, danskur maður, fæddur um 1798, examinatus juris 1818 með 1. einkunn, sýslumaður í Skaptafellssýslu 1821—1824, stríðsassessor að nafnbót, settur bæjarfógeti í Reykjavík 1828 og jafnframt landfógeti, veitt það embætti 4. febrúar 1832, en bæjarfógetaembættið 28. marz s. á., sigldi haustið

1835 og andaðist ytra 9. júní 1836. Kona hans Hedevig Luise Augusta (fædd Lerche) dó í Rvík 13. marz 1830, 28 ára. Áttu 2 dætur.

*Ólafur Finsen* sýslumaður (sbr. hér áður bls. 185—187) þjónaði land- og bæjarfógetaembættinu fyrir Ulstrup 1831—1832, samhliða sínu embætti.

*Pórður Sveinbjörnsson* yfirdómari (sjá um hann Árnæssýslu), þjónaði land- og bæjarfógetaembættinu frá því um haustið 1835 til 24. febr. 1836 og aptur frá 25. maí 1836 til 31. júlí s. á.

*Jón Guðmundsson*, síðar málaflutningsmaður við landsyfirrættinn og ritstjóri Þjóðólfs († 1875), þjónaði land- og bæjarfógetaembættinu frá 24. febr. 1836 til 25. maí s. á., eða þann tíma, sem Pórður Sveinbjörnsson var settur stiptamtmaður.

*Morten Hansen Tvede* kammerráð, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, skipaður landfógeti og bæjarfógeti 22. sept. 1836. Varð 9. okt. 1838 sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, † 1. marz 1840. (Sjá um hann hér áður bls. 188).

*Stefán Gunnlaugsson* sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu, skipaður landfógeti 9. okt. 1838 og 4. desember s. á. bæjarfógeti í Reykjavík, fékk lausn frá bæjarfógetaembættinu 30. júní 1848, en þjónaði því þó til septemberloka s. á., † 13. apríl 1883. (Sjá um hann hér áður bls. 187—188 og III, 522—527).

*Pórður Guðmundsson* sýslumaður (sjá hér áður bls. 188—189), þjónaði bæjarfógetaembættinu frá 1. október 1848 þangað til Kristján Kristjánsson tók við því sumarið eptir.

*Kristján Kristjánsson*, síðar amtmaður í Norður- og Austuramtinu, († 13. maí 1882), varð land- og bæjarfógeti 10. júlí 1849, en hafði áður þjónað því embætti í fjarveru Stefáns Gunnlaugssonar frá 10. maí 1843—1. júní 1844. 28. september 1851 var Kristján settur frá bæjarfógetaembættinu ásamt landfógetaembættinu, og fór utan árið eptir. (Sjá um hann I, 431—432, 634 og Lögfr.tal M. St. Tímar. III, 237).

*Jón Pétursson* yfirdómari (II, 399—400; III, 374—376,

532—533), þjónaði bæjarfógetaembættinu í Reykjavík sem settur frá því um haustið 1851, þangað til um sumarið 1852.

*Vilhjálmur Ludvig Finsen* (sjá hér áður bls. 189), land- og bæjarfógeti frá 23. apríl 1852—1860.

*Hermanníus Elías Johnsen* þjónaði land- og bæjarfógetaembættinu fyrir Vilhjálm Finsen veturinn 1859—1860 og því næst á eigin ábyrgð frá 25. ágúst 1860, þangað til Árni Thorsteinsson tók við árið eptir. Varð sýslumaður í Rangárvallasýslu 25. maí 1861 (sjá um hann þar).

*Árni Bjarnason Thorsteinsson* landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík 18. febrúar 1861—1874, er embættin voru aðskilin, og hann varð eingöngu landfógeti frá 1. júlí s. á. (Sjá um hann III, 246—247).

*Lárus Edvard Sveinbjörnsson* bæjarfógeti í Reykjavík 1874—1878 og jafnframt sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu. (Sjá hér á undan bls. 192—193).

*Jón Jónsson* (Johnsen) landshöfðingjaritari, var settur bæjarfógeti í Reykjavík frá 6. júní—1. október 1878. † 4. janúar 1883. (Sbr. Lögfr.tal M. St. Timar. III, 231—232).

*Eggert Theodor Jónassen*, síðar amtmaður í Suður- og Vesturamtinu, († 29. sept. 1891), var skipaður bæjarfógeti í Reykjavík 16. ágúst 1878, en varð amtmaður 13. apríl 1886. (Sbr. III, 379—380).

*Jón Jensson* landritari (f. 23. nóv. 1855) þjónaði bæjarfógetaembættinu sem settur frá 1. maí—1. september 1886. Hann er son Jens rektors Sigurðssonar og Ólafar Björnsdóttur yfirkennara Gunnlaugssonar, útskrifaðist úr skóla 1876 með 2. einkunn (78 st.), tók embættispróf í lögfræði 7. janúar 1882 með 1. einkunn (93 st.), varð aðstoðarmaður í isl. stjórnardeildinni s. á., landritari 7. maí 1884 (áður settur), 2. yfirdómari í landsyfirréttnum 9. ágúst 1889, settur 1. yfirdómari 30. marz 1908, en fékk veitingu fyrir því embætti 19. nóv. s. á. Riddari af dannebrog 8. ágúst 1907. Kvæntur Sigríði Hjaltadóttur Thorberg Ólafssonar, bróðurdóttur Bergs Thorbergs amtmanns; eiga þau 4 börn, Guðlaugu, Ólöfu, Berg og Sesselju. Var þingmaður Reykjavíkinga frá 1894—1899.

*Halldór Danielsson*, fæddur í Glæsibæ 6. febrúar 1855, sonur Daniels prófasts Halldórssonar síðast á Hólum í

Reyðarfirði († 10. sept. 1908) og konu hans Jakobínu Magnúsdóttur Thorarensen. Halldór er útskrifaður úr skóla 1877 með 1. einkunn (90 st.), tók heimspekispróf við háskólann 12. júní 1878 og embættispróf í lögfræði 9. janúar 1883 með 1. einkunn (101 st.), fékk veitingu fyrir Dalasýslu 25. júlí s. á. (sbr. II, 752) en veitingu fyrir bæjarfógetaembættinu í Reykjavík 28. júlí 1886, og tók við því 1. september s. á. Sumarið 1908 var allmiklum störfum létt af bæjarfógeta, þar á meðal formennsku bæjarstjórnarinnar og öðrum bæjarmálum, er sérstakur borgarstjóri var fenginn til að gegna (sbr. hér á undan bls. 195). Halldór varð riddari af dannebrog 28. júlí 1904 og dannebrogismaður 8. ágúst 1907, en 19. nóvember 1908 var honum veitt 2. meðdómaraembættið við landsyfirrættinn og slepti þá bæjarfógetaembættinu 1. janúar 1909. Kona hans er Anna María Leopoldína, (f. 27. nóv. 1856), Halldórsdóttir yfirkennara Friðrikssonar og eru börn þeirra: Soffía (f. 25. apr. 1885) Leopoldína (f. 5. jan. 1888) og Daniel (f. 17. okt. 1891).

*Jón Magnússon*, fæddur í Múla í Aðalreykjadal 16. janúar 1859, sonur séra Magnúsar Jónssonar síðast prests í Laufási († 19. marz 1901) og konu hans Vilborgar Sigurðardóttur bónda á Hóli í Kelduhverfi Þorsteinssonar. Hann var útskrifaður úr skóla 1881 með 1. einkunn (94 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 4. júlí 1882, hætti svo við nám um hrið og var amtsskrifari á Akureyri, sigldi svo aptur og tók embættispróf í lögfræði 29. maí 1891 með 1. einkunn (97 st.), var skipaður sýslumaður í Vestmanneyjum 3. júlí s. á., en landritari 28. febrúar 1896 og skrifstofustjóri í stjórnarráði Íslands 2. marz 1904, en 30. desember 1908 var honum veitt bæjarfógetaembættið í Reykjavík, og tók við því á nýári 1909. Hann hefur setið á þingi síðan 1902 sem þingmaður Vestmanneyinga. Var skipaður í millipinganefnd í fátækramálum 18. nóvember 1901 og formaður hennar 3. janúar 1905 eptir fráfall Páls amtmanns Briems. Hann var einn hinna íslenzku fulltrúa í sambandslaganefndinni, er skipuð var 30. júlí 1907. Var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 27. janúar 1904, og heiðursmerki dannebrogsmanna 8. ágúst 1907. Hann kvæntist 12. maí 1892 Þóru (f. 17. maí 1858) Jónsdóttur háyfirdómara Péturssonar, þau bl., en kjördóttir þeirra er Þóra dóttir Guðmundar Guðmundssonar héraðslæknis í Stykkishólmi (sbr. III, 376).

---

*Aths.* Samkvæmt nýfengnum upplýsingum hjá stjórnarráðinu (1911—'09) hefur A. C. Baumann (sbr. bls. 189) andázt 26. apríl 1908.

### III. Árnæssýsla.

*Hinir gömlu þingstaðir í Árnæssýslu:*

1. Stokkseyri á Eyrarbakka.
2. Sandvík í Flóa.
3. Gaulverjabær í Flóa.
4. Vælugerði í Flóa.
5. Hraungerði.
6. Húsatóftir á Skeiðum.
7. Gröf í Hreppum.
8. Núpur í Eystrihrepp.
9. Vatnsleysa í Biskupstungum.
10. Borg í Grímsnesi.
11. Bakkarholt í Ölfusi.
12. Nes í Selvogi.

Héruð þau, sem liggja milli Þjórsár og Sýslusteina undir Geitahlíð, nefnast nú Árnæsping, eða Árnæssýsla. Er það nú eitt sýslumannsumdæmi. Fyrrum voru þar ýms goðorð, stundum mörg, stundum ei utan eitt, og stundum var Rangárþing þar með, og þó ei utan eitt goðorð þær báðar sýslur til samans. Mestu landshöfðingjar bjuggu þar á fyrri öldum, hvar af næst eftir Oddverja voru meðal annara:<sup>1)</sup>

---

1) **Þorvarður Þórarinnsson.**

Hann er alkunnur af Sturlungu og Árna biskups sögu, og hefur hans verið áður að nokkru getið í þessu riti. Hann tók sýslu fyrir »sunnan heiðar« sumarið 1276 (Bisk.s. I, 703) og sat veturinn 1276—77 í Odda á Rangárvöllum, en flutti um vorið að Keldum og var þar þangað til hann sigldi um sumarið með Rafni og Sturlu Þórðarsyni. Að Þorvarður hafi haft sýslu »fyrir sunnan heiðar« verður líklega svo að skilja, að hann hafi haft Árnæsping og Rangárþing til yfirsóknar, og Jón Sigurðsson hyggur, að hann hafi þá haft Múlaping að auki (Ísl. Fornbr.safn I, 664). Þá

*Ásgrímur Þorsteinsson*<sup>1)</sup> fyrir um og eptir 1270<sup>2)</sup>.

er Þorvarður var utan farinn hefur Árni biskup líklega komið því til leiðar, að Ásgrímur Þorsteinsson fékk sýslu fyrir utan Þjórsá (Árnesþing) því að biskupi var í nöp við Þorvarð. Þeir Rafn og Þorvarður komu báðir út 1279 og mun Rafn þá hafa verið settur yfir land allt, og tekið þá sjálfur sýslumboð Þorvarðar, því að Árna biskups saga segir, að Ásgrímur hafi haft með honum hvorttveggja sýslu (þ. e. báðar sýslurnar) fyrir sunnan og utan Þjórsá (þ. e. Árnessýslu og Rangárvallasýslu). Hefur Rafn líklega sett hann sem umboðsmann sinn yfir Rangárþing og ef til vilt Skaptafellssýslu einnig, því að Ásgrímur hafði þar yfirsókn eptir 1280 (sbr. hér á eptir). Þorvarður hefur því ekki haft sýsluvöld í Árnessýslu lengur en frá 1276 til 1278 eða 1279 í lengsta lagi, þá Ásgrímur til 1285, og þá Eyjólfur son hans. Þorvarður mun hafa verið herraður í þessari utanför. Hann andaðist í Noregi 1296. Ártíð hans er 31. marz (Ártíðaskrár dr. J. P. bls. 72, 74).

1) **Ásgrímur Þorsteinsson** var son Þorsteins Jónssonar í Hvammi í Vatnsdal og Ingunnar Ásgrímsdóttur. Móðir Jóns föður Þorsteins var Kolfinna Jörundardóttir Gunnarssonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur rangláts á Grund Einarssonar Ketilssonar Þorvaldssonar króks Þórissonar af Espihóli Hámundarsonar heljarskinns. Bróðir Ásgríms var Eyjólfur ofsi, er féll á Pverárfundi 1255, og það ár getur Ásgríms fyrst, og mun hann þá hafa verið allungur maður (líklega fæddur 1220—30). Þótti hann enginn jafnaðarmaður og líktist í því Eyjólfvi bróður sínum. Var hann fyrst á Norðurlandi, en flutti síðan á Suðurland í skjól Árna biskups Þorlákssonar, og voru þeir í fyrstu vinir miklir. Segir í Árna biskups sögu (Bisks. I, 716), að Ásgrímur hafi fengið sýslu fyrir sunnan og utan Þjórsá (þ. e. Árnesþing og Rangárþing) með herra Rafn fyrir fullting og framkvæmd Árna biskups. Í sögunni stendur: »fékk hann með hans (þ. e. Árna biskups) fullting og framkvæmd hvárttveggja sýslu fyrir sunnan [ok] fyrir utan Þjórsá með herra Rafni«. Þetta liggur því beinast við að skilja um báðar sýslurnar: Árness- og Rangárvalla, og enda jafnvel enn lengra austur (að Skeiðarársandi?), því að svo er að sjá, sem Ásgrímur hafi haft einnig völd í Skaptafellssýslu (ef til vill í umboði Rafns) því að hann heldur þing í Kirkjubæ á Síðu 1282 (Bisks. I, 727). En síðar hófust miklar deilur með honum og biskupi, svo að biskup bannfærði hann, og segir itarlega frá því í Árna biskups sögu. Ásgrímur bjó um hrið á Baugsstöðum og fékk þá jörð

2) Réttara: 1280. Ásgrímur hefir farið suður nokkru eptir 1270, fengið sýsluvöld þar um 1277—79 eptir Þorvarð, og verið því um 6—8 ár sýslumaður í Árnessýslu.



*Eyjólfur Ásgrímsson*<sup>1)</sup> eptir föður sinn um 1274<sup>2)</sup>.

fyrir tilstilli biskups, en virðist hafa hröklast þaðan, er óvild hófst milli þeirra, og flutti um 1284 að Traðarholti (Bisks. I, 735). Hann hefur verið herraður um 1280. Það ár kom hann út hingað með Jóni lögmanni Einarssyni og Loðni lepp, og var á þingi árið eptir, er Jónsbók var lögtekin. Hann andaðist í Gröf í Hrunamannahreppi 1. febrúar 1285, og mun þá hafa verið um sextugt. Árna biskups saga (Bisks. I, 747) segir beinlínis, að hann hafi dáíð »in festo Brigidae virginis« (þ. e. 1. febr.), en í Ártíðaskrá Oddaverja (Ísl. Ártíðaskrár bls. 29, 47) er ártíð hans talin 16. maí, nema það sé einhver annar Ásgrímur Þorsteinsson, er ártíðarskráin getur, enda er hann ekki nefndur þar »herra«. En hvernig sem því er varið er frásögn sögunnar um fráfall Ásgríms svo greinileg, að hún verður ekki rengd. Er þar sagt, að Ásgrímur hafi farið í sýslu sína að liðnum jólum (1284) og tekið gisting í Gröf, en þar tók hann bana-sótt sína, og er nákvæmlega lýst sóttarfari hans, sætt hans við biskup o. s. frv. Þar segir og, að um vorið eptir páska (1285) hafi Ormur Klængsson, er þá bjó í Bræðratungu farið norður til Rafns og beiðzt sýslu þeirrar, er Ásgrímur hafði haft (Bisks. I, 747) og hefur hann verið kominn úr þessari ferð í fardögum, er hann flutti búterlum að Haukadál. Það getur því ekki verið rétt, að ártíðardagur herra Ásgríms sé 16. maí, heldur 1. febrúar. Hann átti Guðnýju Mánadóttur frá Núpufelli í Eyjafirði, og voru synir þeirra:

1. *Herra Eyjólfur* (sjá hér á eptir).
2. *Máni* átti dóttur Páls af Hvalsnesi, eflaust Páls Þorsteinssonar af Hvalsnesi, er getur í Sturlungu í tylgd með Gissuri eptir Flugumýrarbrennu. Var hjónaband það »með meinum« og var um það hrið mikil, segir í Bisks. I, 715, (en þar vantar í textann). Ennfremur voru synir Ásgríms:
3. *Jón*. Son hans hefur ef til vill verið Ásgrímur ábóti á Helgafelli († 1379 Flateyjarannáll, 1380 Gottskálksannáll).
4. *Þorsteinn*. Hann og Jón bróðir hans tóku prestsvígslu af Árna biskupi. Tók biskup Þorstein litlu eptir dauða föður hans og lét kenna honum, þangað til hann vígði hann til prests (Bisks. I. 747). Ekki er þessara bræðra (Jóns og Þorsteins) annarsstaðar frekar getið, svo eg viti. Í ættatölubrotinu í Melabók (Landn. 1843 bls. 359) eru að eins taldir herra Eyjólfur og Máni synir herra Ásgríms og Guðnýjar, og hafa þeir Jón og Þorsteinn líklega verið óskilgetnir og móðir Jóns

---

1) **Eyjólfur Ásgrímsson**

hefur verið heitinn eptir föðurbróður sínum Eyjólf Þorsteins-

- 2) Þetta ártal er skakkt. Á að vera 1285 (sjá hér á undan).

*Rafn Oddsson*<sup>1)</sup> hirðstjóri yfir öllu landinu til 1289.  
*Erlendur Ólafsson* hafði þar eptir kongsvald til 1312<sup>2)</sup>.

ef til vill Geirlaug Jónsdóttir af Stokkseyri, sú er Ásgrímur tók frillutaki og átti barn með (Bisks. I, 723)

syni ofsa og mun því fæddur skömmu eptir Pverárbardaga (1255). Hann flutti með föður sínum suður á land og kvæntist Guðrúnu Garðsdóttur úr Austfjörðum, en lítt ástúðlegt var hjónaband þeirra og lagði hann lag sitt við aðra konu (Ingibjörgu Jónsdóttur af Stokkseyri). Varð af því missætt milli hans og Árna biskups (Bisks. I, 735), því að biskup vandaði um, en Eyjólfur skeytti því engu. Þó sættust þeir síðar (1284). Vorid 1285 skipaði Rafn Oddsson Eyjólf fyrir sýslu þá, er faðir hans hafði haft (Árnessýslu), en Ormur Klængsson fékk enga áheyrn. En þessi skipun Rafns var að eins til bráðabirgða, þangað til annað ráð væri fyrir sýslunni séð af Noregi. Hafði Rafn þá hirðstjórnarvöld hér á landi. Hve lengi Eyjólfur hefur haft sýsluvöld í Árnessýslu verður ekki séð. 1286 sendi Rafn hann ásamt Jóni lögmanni Einarssyni og Þorláki Narfasyni í Skálholt til að leita um sættir við Árna biskup (Bisks. I, 752) og má af því sjá, að Eyjólfur hefur þá verið í röð virðingarmanna og trúnaðarmaður Rafns. 1299 segja annálar að Eyjólfur hafi komið úr utanför og er þá kallaður herra, en 1302 andaðist hann og hefur ekki orðið gamall maður, líklega ekki eldri en hátt á fimmtugsaldri. Jón Sigurðsson (Ísl. Fornbréfasafn I, 403) hyggur, að hann hafi búið á Stokkseyri eða þar í grennd, og er það dregið af ummælum Árna biskups sögu, en það er auðvitað ágizkun ein, og að minnsta kosti mjög óvíst, að hann hafi verið þar síðari hluta æfi sinnar. Um afkomendur hans er ekkert kunnugt því að getgátan í II, 434 (eptir Jósafat Jónasson) að Valtýr og Pretta-Páll hafi ef til vill verið synir hans er á veikum líkum byggð.

1) **Rafn Oddsson.** Sjá um hann Sturlungu og Árna biskups sögu og mörg rit frá síðari tímum. Hann hefur fengið hirðstjórn yfir öllu Íslandi um 1279 (sjá hér áður) og haft Ásgrím Þorsteinsson sem umboðsmann sinn austan Þjórsár, ef til vill austur að Skeiðarársandi. Rafn andaðist 22. nóv. 1289 og hafði verið atkvæðamaður mikill.

2) **Erlendur Ólafsson sterki**  
 faðir Hauks lögmanns hefur að líkindum haft einhverntíma völd í Árnesþingi, þótt þess sé ekki beinlínis getið. Hann átti eignir bæði fyrir vestan og sunnan, og Strönd í Selvogi var t. d. lengi langfedgæign í þeirri ætt síðar. Erlendur var allmikill róstumaður og átti í miklum málaferlum. Sonur hans annar en Haukur var Jón á Ferjubakka faðir Flosa prests á Kolbeinsstöðum föður Vig-

Ýmsir voru og fleiri þar eptir, sem ei verða settir til nokk-

fúsar í Krossholti ættföður Kolbeinsstaðamanna, en annar son Flosa var Þórður faðir Odds lepps. Föðuret Erlends sterka er ekki kunn, en nokkrar likur fyrir því, að hann hafi verið kominn í beinan karlegg af Ingólfi Arnarsyni. (Sbr. ýmsar athugasemdir um ætt Hauks Erlendssonar í Ísl. Ártíðaskrá bls. 236—241). Dr. Jón Þorkelsson rektor hefur fyrstur leitast við að sanna, (í formála fyrir »Nokkur blöð úr Hauksbók og brot úr Guðmundarsögu« bls. IV—VI.), að faðir Erlends sterka hafi verið Ólafur tottur, er var í Örlygsstaðabardaga með Gissuri Þorvaldssyni, og byggir það á þeirri frásögn Sturlungu (I, 377), að Ólafur tottur er þar nefndur »mágur Flosa prests«, og muni það vera sama sem tengdasonur Flosa prests, því að í fornu máli gat mágur verið bæði tengdabróðir, tengdafaðir og tengdasonur. Nú er það kunnugt af Landnámu, að móðir herra Erlends Ólafssonar var Valgerður dóttir Flosa prests Bjarnasonar á Baugsstöðum, og með því að Landnáma getur ekki nema um tvær systur Valgerðar, er sjá má hverjum giptzt hafa, þá virðist fengin nokkurn veginn ábyggileg sönnun fyrir því, að faðir Erlends sterka hafi verið Ólafur tottur, svo framarlega sem orðið »mágur« í Sturlungu á tyrgreindum stað er talið = tengdasonur. En það er einmitt alls ekki unnt að fullyrða, að sú skýring sé rétt. Getur allveg eins verið, að Ólafur hafi átt systur Flosa prests, og verið þá nokkuð roskinn 1238, en Jón skólameistari hyggur hann þá ofgamlan til að vera í herferðum. Hvergi verður séð, hver hafi verið faðir Ólafs totts, og að hann hafi verið son Þormóds Guðmundssonar Skeiðagöða er vitanlega getgáta, en ekki ósennileg að vísu. En verði það ekki talið áreiðanlegt af tyrgreindum stað í Sturlungu, að Ólafur tottur hafi verið tengdason Flosa prests og faðir Erlends sterka, þá eru langmestar likur fyrir því, að faðir Erlends hafi verið Ólafur Svartsson, er ásamt Ólafi tott var í Örlygsstaðabardaga með Gissuri og sömuleiðis voru þeir báðir í bardaganum í Skálholti 2. janúar 1242. Var þá Ólafur Svartsson fyrir Grímsnesingum, og mun hann hafa búið á Hömrum, staðarbúi (útibúi) frá Skálholti. Son hans var *Haukur* og bjó hann á Hömrum 1264 (Sturl.² II, 261). Var hann með Gissuri jarli þá er Andréssynir eltu hann að Bræðratungu, og reid á aðra hönd honum á flóttanum. Ólafur faðir hans hefur þá verið kominn að Esjubergi á Kjalarnesi, og var einnig í fylgd með Gissuri. Fór hann með sáttaumleitan milli hans og Þórðar Andréssonar (Sturl.² II, 263). Hefur hann þá verið orðinn allroskinn að aldri. Bróðir Ólafs virðist vera *Loptur Svartsson* faðir Helga í Skál á Síðu, er átti Ásbjörgu Þorláksdóttur, systur Árna biskups. Sá Loptur átti Guðrúnu dóttur Hamra-Finns, þ. e. Finns á Hömrum, eptir því sem eðlilegast er að skilja það, og sést af þessu, að ætt

urs viss árs, en ei höfðu þeir völdin lengi á hendi í hverjum stað, og er þar um sagnafátt, að áreiðanlegt sé<sup>1)</sup>.

Þessi er bundin við Hamra. En að mun eldri hefur Loptur verið en Ólafur og fæddur um 1180, en Ólafur líklega 1190—1200. Svartur son Lopts, er Ögmundur Helgason lét handhöggva 1252 bjó í Pykkvabæ í Landbroti, og átti þá ungan son, er Þorkell hét, en annar son hans var *Oddur Svartsson*, er síðar var prófastur í Árnespíngi og prestur í Haukadal. Er hann kallaður frændi Árna biskups í sögu hans, enda munu þeir hafa verið systkinasynir, því að kona Svarts Loptssonar hét Ástríður Guðmundsdóttir, og hefur hún verið systir Þorláks föður Árna biskups. Eftir víg Ormssona fór Þorlákur og börn þeirra Loptssona Helga og Svarts vestur í sýslur. Oddur prestur Svartsson var enn á lífi 1326, því að það er enginn efi á, að hann er sá, sem getur um í máldaga Holtskirkju undir Eyjafjöllum það ár (Ísl. Fornbréfasafn II, 581), en óvíst er, að hann hafi lifað 1329, (sbr. úrskurðarbréf Guðmundar lögmanns Sigurðssonar: Fornbr.safn II, 641—642) enda er ártalið á því bréfi af handahófi sett. Þar (Fbrs. II, 641) er skakkt, að séra Oddur hafi dáið 1353, því að það ár andaðist Oddur Svarthöfðason, sem er alt annar maður. Nöfnin Loptur og Svartur eru einkum í ætt Oddaverja, og þykir mér því líkast, að Loptur Svartsson hafi af þeirri ætt verið. Eg þori að visu ekki að fullyrða, að hann hafi verið bróðir Ólafs Svartssonar á Hömrum, en sennilegt hygg eg það. Bróðir Guðrúnar Hamra-Finnsdóttur konu Lopts var Bjarni (eða Björn) faðir Þóru, er Þormóður á Gufunesi átti faðir Svarts (Bisks I, 679). Þessi Þormóður á Gufunesi er eflaust sá *Þormóður Svartsson*, sem nefndur er í Gufunesmáldaga um veiði í Elliðaám frá 1235. (Fbrs. I, 511—513). Svartur son Þormóðs og Árni biskup son Helga Loptssonar hafa þá verið þremmenningar að frændsemi. Að Þormóður hafi verið bróðir Lopts Svartssonar er nokkuð hæpið, því að hann er kvæntur bróðurdóttur Guðrúnar konu Lopts, en staðist gæti það á þann hátt, að Loptur hafi verið eldri miklu og ekki sammæðra við þá Þormóð og Ólaf. Er þá bæði Hauks og Þormóðs nafnið komið í þessa Svartsætt. En það er víst litill vafi á því, að Haukur lögmaður Erlendsson hafi verið af Ingólfi Arnarsyni kominn, að líkindum í beinan karllegg. Hauksnafnið er í Ingólfsættinni, því að Þorkell dótturson Þorsteins Ingólfssonar var föðurfaðir Hauks Ketilssonar, móðurföður Snorra lögsögumanns Húnbogasonar. Hafi Haukur lögmaður verið sonarson Ólafs Svartssonar hefur hann borið nafn Hauks Ólafssonar föðurbróður síns. Er nú ann-

1)

### **Ívar Jónsson Hólmur.**

Framætt hans er ókunn, en hann var kvæntur Ástu Klængsdóttur Teitssonar lögsögumanns bróður Gissurar jarls Þorvalds-

Það er gáta, að *Árni Þórðarson*<sup>1)</sup>, sem Smiður lét drepa

að tveggja, að Svartur faðir Ólafs og Þormóds (og Lopts) hefur verið son Þormóds Skeiðagöða, og í beinan karllegg frá Ingólfi, eða Svartur þessi hefur verið dótturson Þormóds og sami maður og sá Svartur son *Eyjólfs Óblauðssonar*, bróðir Atla á Gufunesi, er getur um í Sturlungu<sup>2</sup> I, 235 um 1216. Með því að þeir bræður Svartur og Atli (og Eiríkur) voru um það skeið á Gufunesi og Atli tók þar þá við búinu, liggur næst að ætla, að Þormóður á Gufunesi hafi verið son þessa Svarts Eyjólfsssonar, er vel gæti einnig verið faðir Ólafs Svartssonar, en síður Lopts Svartssonar. Eg þykist sannfærður um, að Þormóður Svartsson á Gufunesi hafi verið af ætt Ingólfs, og með því að Ólafur Svartsson er á síðari árum að minsta kosti þar í grendinni (á Esjubergi) gæti bent á, að ódul þeirra hafi verið í Kjalarnesþingi, enda mun Haukur lögmaður hafa átt eignir þar syðra. Eg hef látið þessa hér getið, aðeins til athugunar fyrir þá, sem ekki þykjast fyllilega sannfærðir um af orðum Sturlungu, að Ólafur tottur Flosamágur hafi verið faðir Erlends sterka. Þá er Haukur ritaði Landnámu sína, hefur hann hvergi rakið föðurætt sína í karllegg, talið hana fullkunna, eins og hún hefur vitanlega þá verið, enda má geta nærri, að honum hefur verið um hana kunnugt.

sonar. Móðir Ástu var Þorgerður Þorlákisdóttir, systir Árna biskups (Bisks. I, 680) og var hún síðari kona Klængs, en fyrri kona hans var Asta Andrésdóttir Sæmundssonar frá Odda Jónssonar, systir Andréssona, og var hún enn á lífi 1264, er bræður hennar eltu Gissur jarl að Bræðratungu, heimili þeirra Klængs og Ástu (Sturl.<sup>2</sup> II, 261—262). Litlu síðar mun Ásta hafa andast og Klængur kvænzt aptur. Er því Ásta dóttir hans, sem heitin hefur verið eftir fyrri konu hans, ekki fædd fyr en litlu fyrir eða um 1270, og hefur líklega ekki gipzt fyr en um eða eftir 1290. Mun Ívar maður hennar hafa verið eldri nokkru. Mun hann vera sá Ívar Jónsson, sem nefndur er umboðsmaður Viðeyjarklausturs í bréfi Runólfs ábóta Styrkárssonar í Viðey um osttoll til klaustursins (Ísl. Fornbrs. II, 194—195), og er það bréf árfært til 1280 eða þar um bil, en mun vera yngri t. d. frá því um 1290 eða jafnvel frá síðustu árum Runólfs ábóta, en hann andaðist 1299. Í Konungsannál er getið útkomu Ívars Hólms Jónssonar með kongsbréfum 1307. (G. Storm Ísl. Ann. bls. 149) og 1312 geta annálar og Laurentiussaga (Bisks. I, 825, 886) um útkomu *herra* Ívars Hólms. Hefur hann þá orðið riddari kringum 1310, eða eftir erindarekstur

1)

### **Árni Þórðarson**

hirðstjóri mun naumast hafa haft sýsluvöld í Arnesþingi. Smiður Andrésson lét taka hann at lífi í Lambey 18. júní 1361, frem-

1361, hafi haldið Rangár- og Árnesþing, og máske bróðir sinn hér á landi 1307. Eptir þetta er Ívars Hólms ekki getið, því að það er rangt, sem stendur í athugasemd við hirðstjóraannál Jóns Halldórssonar (Safn til s. Ísl. II, 619), að Ívar hafi orðið kanzlari 1314, því að það var Norðmaðurinn Ívar Ólafsson, er kanzlari varð það ár. Dr. Jón Þorkelsson (Fornbrs. III, 690) hyggur, að Ívar og þeir Hólmarnir hafi ef til vill fengið kenningarnafn sitt af Hólmi á Rosmhvalanesi, en það er dálítið vafasamt, hvort Ívar Hólmur hefur verið islenzkur eða norskur. Ívars Hólms er getið í Hákonarsögu. Var hann í bardaganum í Osló 1240 og síðar með Hákonu konungi í herferð hans vestur um haf, og andast skyndilega í þeirri ferð nálægt Mikaelsmessu 1263. Það er litill vafi á, að sá Ívar Hólmur hefur verið norskur, og gæti hann verið föðurbróðir herra Ívars Jónssonar Hólms. Um þetta verður þó ekkert sagt með fullri vissu. Hólmarnir áttu eignir um Suðurnes og er ekki ólíklegt, að Ívar hólmur hinn eldri hafi haft hirðstjórnarvald hér um tíma.

### Ívar Vigfússon Hólmur

sá er kom út með Gyrð biskupi 1352 og hafði þá fengið sýslu frá *Þjórsá austan* (þ. e. Árnessýslu) og um alla Vestfirði, hygg eg, að hafi verið fremur dóttursonur herra Ívars Jónssonar Hólms, en sonarsonur hans, þótt svo hafi venjulegast verið talið, (I, 162), sbr. um þetta hér áður III, B. bls. 306—307. Dr. Jón Þorkelsson hefur getið þess til (Ártíðaskrár bls. 258), að móðir Ívars Vigfússonar Hólms hafi verið Halla Jónssdóttir sú sem nefnd er í Strandarmáldaga í Selvogi (Fornbrs. IV, 101) og sá máldagi sé frá 1360—1370, en Halla muni hafa verið dóttir Jóns á Ferjubakka Erlendssonar sterka, og þannig hafi Strönd komizt í ætt þeirra Hólmanna. En þetta styður einmitt getgátu mína (III, 306—307) um, að Ívar hafi verið son Vigfúsar hirðstjóra Jónssonar á Ferjubakka Erlendssonar og dótturson herra Ívars Jónssonar Hólms, en Halla Jónsdóttir þá systir Vigfúsar hirðstjóra. Við það sem sagt er III 306—307 mætti þá bæta, að Vigfúsarnafnið er í ætt Erlends sterka, því að Vigfús Flosason í Krossholti var sonarson Jóns Erlendssonar og gæti því borið nafn Vigfúsar Jónssonar hirðstjóra föðurbróður sins, er andaðist 1370. Annars verður ekkert um þetta fullyrt með *öyggjandi* vissu. Ívars Vigfússonar Hólms er opt getið í annálum frá 1352—1371, að hann andaðist. (Sjá um hann II, 257, III, 306—307 og bls. 87, 89 hér að framan.). Sonur hans og Margrétar Össurardóttur

ur en 1362, því að annála greinir á um árið, hvenær vig Árna og Grundarbardagi hafi verið (sbr. Ártíðaskrár bls. 163—164). Árni hirðstjóri hefur verið talinn bróðir Grundar-Helgu (II, 153—144), en þau hafa að minnsta kosti ekki verið samfedra, því að sú ættfærsla Jósafats Jónassonar mun rétt, að Helga hafi

hans hafi verið *Skúli Þórðarson*<sup>1)</sup> sem og svo meinast að hafi haldið téðar sýslur um 1340, þó er það allt óvist. Þessi Skúli kom út 1368 með sýslu, hygg eg hann hafi haft Árneshing, eða Sunnlendingafjórðung og veit eg ei vist, hvort hann á heldur að teljast með hirðstjórum eða sýslumönnum, en sýsla kongs var þá sama sem hirðstjörn, yfir parti meiri eða minni af landinu. Skúli fór utan ásamt Þorgauti hirðstjóra 1373. 1377 hvarf Austfjarðaskip-

### Vigfús Ívarsson Hólmur

hirðstjóri frá því um 1399—1415, dó um 1419 (sbr. bls. 89 hér áður), var mikilsháttar maður og er víða við getið. Hann var kvæntur norskri konu Guðriði dóttur Ingimundar Ópyrmissonar af Rogalandi í Noregi og Hólmfriðar Önundardóttur. Guðriður var enn á lifi 1433 og gefur þá Klausturhóla í Grímsnesi fyrir sál Vigfúsar manns síns og Erlends sonar síns. Bréfið gert í Brautarholti 16. apríl (Fbrs. IV, 530—531). Sjá meðal annars um Vigfús hirðstjóra og börn hans I, 161—163 og víðar hér í þessu riti, einnig Hirðstjóraannál, Safn til s. Ísl. II, 635—640, Ártíðaskrár J. P. bls. 180, 258—259 o. fl.

verið Björnsdóttir Loftssonar Hálfðanarsonar frá Keldum Sæmundssonar frá Odda (II, 488—491). En hinsvegar er naumast ástæða til að efast um, að ættfærslan í Þórðar sögu hreðu í Vatnshyrnu sé rétt: að Árni hirðstjóri hafi verið son Þórðar Kolbeinssonar Þórðarsonar kakala (sbr. II, 153—154). Dóttir Árna hefur eflaust verið Ingileif kona Jóns Hákonarsonar í Viðidalstungu (I, 153, 449). Þórður Kolbeinsson, sá er andast 1331 (Skálholtsannál) gæti verið faðir Árna hirðstjóra, og sá hinn sami, er 1310 vegur Karlamagnús Magnússon að líkindum í hefnd fyrir víg herra Kolbeins Bjarnasonar (auðkýlings) árið áður (Gottskálksannál), en vera má samt, að sá Þórður sé sonur herra Kolbeins og hafi þar heint föður síns. Þórður Kolbeinsson faðir Árna gat t. d. verið stjúpfaðir Grundar-Helgu, og Jón Hákonarson í Viðidalstungu dótturmaður Árna þannig orðið eigandi að hálfri Grund, er hann seldi 2. febr. 1398 (Fbrs. III, 623—624), sbr. II, 153.

1) Skúli var alls ekki bróðir Árna Þórðarsonar, heldur son Þórðar Flosasonar og bróðir Odds lögmanns lepps. Skúli mun ekki hafa haft sýslu syðra heldur á Vesturlandi. Hann drukknaði á leið frá Noregi út hingað um 1375. Sjá frekar um hann II. B. bls. 259—260.

ið, þar á var Skúli Þórðarson, Jón Teitsson, Kolgrímur Kárason og margir aðrir.<sup>1)</sup>

### Björn Þorleifsson ríki.

(Sjá um hann við Dalasýslu). Þá Björn tók undir sig Skálholt eptir 1450, mun hann og hafa haldið Árnesþing, eins eptir það hann tók hirðstjórn 1457; þó hélt hann þar sína umboðsmenn, meðal hverra var:

### Erlendur Brandsson,

sem sjá má af dómi hans:

Öllum mönnum, sem þetta bréf sjá eður heyra sendum vér Jón Kolbeinsson, Sigurður Jónsson, Arnór Steindórsson, Jónas Bjarnason, Magnús Þorláksson, Brynjólfur Jónsson, Jón Hinriksson, Ásbjörn Sigmundsson, Halldór Gíslason, Gunnar Erlendsson, Gísli Vigfússon og Páll Andrés-son kveðju guðs og sína, kunnugt gerandi, að Anno domini 1459, vorum við í dóm nefndir af Erlendi Brandsyni, er þá hafði fullt og löglegt umboð af Birni Þorleifsyni hirðstjóra fyrir sunnan og austan á Íslandi, yfir sýslu í Árnesi, til að dæma á millum Erlends Brandssonar og Nikulásar Jónssonar. Í fyrstu kærði Erlendur til Nikulásar, að hann hefði slegið hann þau högg með vopnum sínum, svo hann fékk lemstur af hvörju höggi etc. etc.<sup>2)</sup>

1) Það mun réttara, að Skúli hafi farizt 1375, eins og Gottskálksannáll telur, en áreiðanleg frétt um skiptapann hefir ekki komið hingað til lands fyr en 1377 (sbr. II, 260).

2) Dómur þessi er prentaður í Ísl. Fornbr.s. V, 187—189 uppkveðinn 20. júlí í Hraungerði, en bréfið ritað í Ási í Holtum 14. nóv s. á. (1459). Um Erlend þennan er fremur lítið kunnugt, en hann mun vera sá Erlendur Brandsson, er tekur við staðarforráðum í Hólum (Hrepphólum) í Hrunamannahreppi af Sæmundi Jónssyni 1444 (Ísl. Fornbr.s. IV, 662) og 2. júlí 1459 er hann einn dómsmanna á Þingvelli, er Björn Þorleifsson lét dæma Teit Gunnlaugsson skyldan að hylla Kristján konung hinn 1. (Fbrs. V, 185—186). Hann var og einn þeirra manna, er mest hark gerðu að Ólafi biskupi Rögnvaldssyni á alþingi 30. júní 1481 með Rafni lögmanni Brandssyni o. fl. (Fbrs. VI, 379—381). Síðast getur hans við kaupsamning á Egilsstöðum í Flóa 11. febrúar 1487 (Fbrs. VI, 589—590), og hefur hann þá hlotið að vera allhniginn að aldri. Er hann þar fyrstur kaupvotta. Hann virðist hafa verið uppviðslumaður.



## Ólafur Loptsson.

- Faðir:* Loptur ríki Guttormsson, Örnólfssonar sjá Vaðlaþing.
- Móðir:* Kristín Oddsdóttir frilla Lopts.<sup>1)</sup>
- Kona:* Guðrún dóttir Rafns lögmanns Guðmundssonar.
- Börn:*
- A. Jón sýslumaður (sjá síðar).
  - B. Þorgeir í Ögri, átti Ólöfu dóttur síra Þórarins á Ósi Sigurðssonar (sjá Dalasýslu), þ. b.:
    - a. Guðfinna kona Ásgeirs Árnasonar (sjá Ísafjarðarsýslu. NB. Aðrar ættartölubækur nefna ekki þessa Guðfinnu dóttur Þorgeirs í Ögri, konu Ásgeirs Árnasonar, heldur Guðnýju dóttur eða sonardóttur Hákonar Gissurarsonar galla, sjá Vaðlaþing)<sup>2)</sup>.
    - b. Erlingur, hans son:
      - aa. Jón undir Skálmarnessmúla<sup>3)</sup> átti Ingibjörgu Árnadóttur; þ. b.:
      - aaa. Ingibjörg.
      - bbb. Ingunn.
    - c. Halldór (sjá Snæfellsnessýslu)<sup>4)</sup>.
  - C. Margrét, átti Hvassafells-Bjarna Ólafsson<sup>5)</sup>

1) Það er nokkuð efamál, hvort Kristín hefur verið móðir Ólafs, sbr. II, 554 n. m.

2) Þessi ættfærsla er öll skökk hjá Boga. Þorgeir hefur ekki verið sonur Ólafs Loptssonar né faðir Guðfinnu konu Ásgeirs Árnasonar. Sjá rækilegar um þetta hér áður I, 158; II, 478, 495, og vísast til þess.

3) Það er vafasamt, að Erlingur faðir Jóns hafi verið Þorgeirsson, sbr. II, 495 n. m.

4) Um Halldór sýslumann Þorgeirsson sjá III, 16—17. Það er rangt, að hann hafi verið son Þorgeirs Ólafssonar. Til viðbótar því sem sagt er um Halldór sýslumann III, 16—17, má geta þess að hann bjó um og eptir 1500 í Kalmannstungu, og gefur meðal annars Þorgerði dóttur sinni alla jörðina Jörfa í Krossholtssókn. Er það bréf gert í »Kalmannstungu undir Jöklum« 26. janúar 1512 (Fbrs. VIII, 364—365).

5) Bjarni var Ólason, Bjarnasonar og Þóru Sturludóttur. Kaupmáli Bjarna og Margrétar var 1461. Son þeirra var Ólafur,

1471. Hann komst í mál við Ólaf biskup Rögnvaldsson, um eða eptir 1480, og hafði biskup loks af honum aleigu hans 1492, með tilstyrk hirðstjórans Ambrosiusar Illequod, var þó máli Margrétar áður frá tekinn. Randiður var ekki dóttir Margrétar (sjá Vaðlaþing og Húnavatnsþing). [Síra Eyjólfur Jónsson á Völlum segir, að son Ólafs Loptssonar hafi verið Hvassafells-Bjarni<sup>1</sup>). Hann átti Hvassafell, Þverá í Eyjafirði og Þverá í Fnjóskadal (það held eg vilt)].

Ekki hef eg fullvissu, en öll líkindi eru til, að Ólafur hafi gerzt um hrið umboðsmaður Björns ríka í Árnæssýslu fyrir 1460, en óvist hvað lengi. Hann tjáist að hafa dáið 1460.<sup>2</sup>)

---

er fær kvittunarbréf frá Gottskálki biskupi 21. sept. 1499 fyrir að hafa grafið föður sinn í Miklagarðskirkju og móður sína í Hvassafellskirkju bæði í forboði (banni) biskups (Fbrs. VII, 438—439).

1) Þetta er vitanlega gersamlega rangt.

2) Ólafs Loptssonar er fyrst getið í bréfi gerðu á Möðruvöllum í Eyjafirði 8.—9. sept. 1424 (Fbrs. IV, 317—319). Því næst getur hans í 12 manna dómi útnefndum á Þorkelshóli í Viðidal af Rafni lögmanni Guðmundssyni 31. okt. 1426 (Fbrs. IV, 339—340). Næst er hans getið við bréf í Saurbæ í Eyjafirði 6. júní 1432 (Fbrs. IV, 500—501). Hann er við skiptagerning á Möðruvöllum eptir föður sinn að líkindum s. á. (1432: Fbrs. IV, 519—520). 26. janúar 1437 er hann fyrstur kaupvotta við jarðasölu að Grenjadarstöðum (Fbrs. IV, 564—566). 1449 er hann stadarhaldari á Helgastöðum, og selur þá 19. febr. það ár Ásgrimi Jónssyni með samþykki Guðrúnar konu sinnar jarðirnar Tjörn og Haftralæk í Adaldal fyrir Lundarbrekku í Bárðardal (Fbrs. IV, 756—758). Hann lenti í deilu við síra Þorkel Guðbjartsson í Laufási út af töku á jörð síra Þorkels Lundarbrekku í Bárðardal og öðru ráni, að því er virðist, og var Ólafur bannfærður. Bréf um það frá Gottskálki biskupi eldra til séra Þorkels um 1450 eða nálægt því (Fbrs. V, 74—75) og annað til Ólafs um sama (Fbrs. V, 77—78.). Vita menn ekki hvernig því máli hefur lokið. Hefur kaup hans á Lundarbrekku líklega verið ógilt, og Ásgrimur ekki haft leyfi til að selja. Er ekki ólíklegt, að Ásgrimur hafi verið náfrændi síra Þorkels, að þeir hafi t. d. verið bræðrasynir. 12. maí 1457

## Jón Ólafsson.

- Faðir:* Ólafur sýslumaður Loptsson nýnefndur.  
*Móðir:* Guðrún dóttir Rafns lögmanns Guðmundssonar.  
*Kona:* Ingibjörg dóttir Eiríks Snjólfssonar, eða þó heldur dóttir Eiríks Bjarnasonar, Sumarliðasonar (sjá Múlaþing)<sup>1</sup>).  
*Barn:* A. Torfi sýslumaður (sjá hér síðar).

Jón hefur fyrst tekið Árnessýslu í umboði Björns ríka nálægt 1460; löngu áður var þó Jón giptur. 1457 gaf Jón föður sinn Ólaf, og móður sína Guðrúnu Rafnsdóttur kvitt um allan arf eptir þau.

1465 keypti hann Stokkseyri af Sigríði Árnadóttur, en hjó sjálfur í Klofa á Landi og hafði Árnessýslu.

1471 þá Krossreiðardómur fram fór, var hann þar enn sýslumaður, og fram til 1480 meina eg hann hafi haldið þessa sýslu.

Jón var auðugur og talinn með höfðingjum í sinni tíð, þótti stórlengur og fégjarn. Hann var orðinn sýslumaður 1466, þegar Oddur lögmaður Ásmundsson tók eið af Sigríði Árnadóttur, að hún hefði fengið Jóni sýslumanni Ólafssyni hálfu jörðina Klofa, sem sonur hennar Árni Sæ-

virðist Ólafur vera á Viðimýri í Skagafirði, og gefur Jón sonur hans þar foreldra sína kvitta fyrir föður- og móðurarf sínum. Er bréf um það gert í Reykjahlíð 29. ágúst s. á. (Fbrs. V, 155—156), og er Jón þar staddur þá. Virðist Ólafur hafa búið þar lengstum. Hann hefur dáið um 1458, því að Margrét Ólafsdóttir systir Jóns gefur hann kvittan um allan föðurarf sinn, og eru þau þá bæði stödd í Reykjahlíð, en kvittunarbréfið gert í Skarði á Landi 24. nóvember 1459. Engar líkur eru til þess, að Ólafur hafi haft nokkurt sýslu-umboð syðra fyrir Björn Þorleifsson, og það má telja víst, að svo hefur ekki verið. Þetta er að eins ágizkun ein hjá Boga.

1) Þetta er allt skakkt. Ingibjörg kona Jóns sýslumanns var dóttir Eiríks í Skarði á Landi (á lífi 1438) Krákssonar hins gamla í Skarði, sem enn er á lífi 1423, Jónssonar, og hyggur dr. Jón Þorkelsson yngri (Ártíðaskrár bls. 228) að hann hafi verið kominn af Skógamönnum. En misritun eða misminni er það hjá honum, að Guðrún dóttir Eiríks Krákssonar hafi átt Ólaf Loptsson.

mundsson hefði deilt til; var þar um þingað á Stærri-völlum<sup>1</sup>).

### Torfi Jónsson.

- Faðir:* Jón sýslumaður nýnefndur Ólafsson.  
*Móðir:* Ingibjörg dóttir Eiríks í Ási<sup>2</sup>) Snjólfssonar.  
*Kona:* Helga dóttir Guðna sýslumanns í Ögri og á Kirkjubóli í Langadal (sjá Dalasýslu). Helga lifði 1544<sup>3</sup>).  
*Börn:* A. Þorsteinn í Hjörsey (hverja hann erfði eptir móður sína, því Hjörsey var Helgu heiman-mundur ásamt öðru). Þorsteinn hafði um hrið Mýrasýslu<sup>4</sup>), átti Þorgerði dóttur Sturlu Magnússonar, systur Jóns föður Elínar fyrri konu Magnúsar sýslumanns frá Svalbarði (sjá Barðastrandarsýslu); börn:  
 a. Ingibjörg dó 1606, átti Þormóð í Bræðra-tungu Ásmundsson, Lýtingssonar (sjá síðar); börn:

---

1) Fbrs. V, 463—464. Jón mun fæddur um 1420—1425 og kemur fyrst við bréf á Hólum 4. sept. 1449 (Fbrs. V, 27—28). Vorið 1457 er hann kvæntur og kominn suður að Klofa á Landi, hefur líklega kvænt skömmu eptir 1450. 1467 er hann ráðsmaður í Skálholti og gefa þau hjón þá jörðina Sandlæk í Eystrihrepp fyrir sálu *Eiríks* heitins sonar síns. Bréf um það gert í Skálholti 8. janúar (1467) Fbrs. V, 470—471. Í Krossreiðardóm Erlends sýslumanns Erlendssonar í Lambey 9.—10. september 1471 (Fbrs. V, 636—642) er Jón bóndi Ólafsson kallaður sýslumaður í Árnesþingi, en dómur hans þar eru nú ekki kunnir. Eptir 1471 er Jóns sýslumanns ekki getið í bréfum, því að hann mun alls ekki vera sá Jón Ólafsson, sem er einn dómsmanna á Hliðarenda 25. janúar 1472 (Fbrs. V, 655), því að þá mundi hann talinn fyrstur, en ekki meðal hinna síðustu. Það er því naumast rétt hjá Boga, að hann hafi verið sýslumaður fram undir 1480, þótt ekkert verði sagt um það með vissu, hvenær hann hafi dáið.

2) Á að vera: Eiríks Krákssonar, sjá hér á undan.

3) Helga dó í Klofa, áttæð að aldri, segir í ættatölubók Lbs. 199 4<sup>o</sup>. Hún mun því vera fædd á árunum 1465—1470.

4) Sbr. III, 325.

- aa. Sira Ásmundur í Hvammi í Norð-urárdal.
- bb. Sira Jón á Breiðabólstað og Helgafelli.
- cc. Sira Gísli dó í bólu 1606.
- dd. Einar.
- ee. Kristín.
- ff. Katrín.
- gg. Þorgerður.
- hh. Jón, laungetinn, prestur.
- b. Guðrún seinni kona Halls sýslumanns í Hjörsey, Ólafssonar prests (sjá Mýrasýslu); börn:
  - aa. Sesselja.
  - bb. Þórdís.
  - cc. Sigríður<sup>1)</sup>.
- c. Arndís Þorsteinsdóttir átti Ögmund Halls-son<sup>2)</sup>; börn:
  - aa. Torfi á Leirá.
  - bb. Sturla.
  - cc. Sigurður í Bjarnarhöfn.
  - dd. Hallur lögréttumaður á Hrisum.
  - ee. Oddur.
  - ff. Þorgerður.
  - gg. Ingibjörg.
  - hh. Snorri<sup>3)</sup>.
- d. Þóra Þorsteinsdóttir fyrri kona Jóns á Svarfhóli Ólafssonar<sup>4)</sup>, ei lifðu börn þeirra.
- e. Sigríður Þorsteinsdóttir átti Ólaf í Fagra-dal, son síra Ólafs Guðmundssonar í Hjarðarholti; börn: <sup>5)</sup>

1) Sjá um þessi börn nánar: III, 334—336.

2) Ögmundur var sonur Halls sýslumanns Ólafssonar í Hjörtsey og f. k. hans Sesselju Guðmundsdóttur (III, 326—334).

3) Um börn þeirra sjá nánar III, 333—334.

4) Sbr. II, 329.

5) Sbr. II, 343—344.

- aa. Torfi.
- bb. Þorsteinn.
- cc. Þorsteinn yngri.
- dd. Björn.
- ee. Halldóra.
- ff. Guðlaug.
- gg. Ingiriður.

f. Sigríður önnur Þorsteinsdóttir, átti fyr Jón son Erlends lögmanns Þorvarðssonar, síðar Ara Ormsson Guðmundssonar, Andréssonar, barnlaus með báðum<sup>1</sup>).

B. Eiríkur Torfason sýslumaður 1528, átti Ingigerði Tómasdóttur<sup>2</sup>); börn:

- a. Guðni í Klofa, átti Oddbjörgu dóttur síra Jóns ráðsmanns í Skálholti 1550, Bjarna-sonar á Breiðabólstað eystra<sup>3</sup>); börn:
  - aa. Eiríkur í Miðey<sup>4</sup>).
  - bb. Páll<sup>5</sup>).

1) Sigríður átti eitt barn milli manna, það dó ungt. Með Ara síðari manni sínum átti hún 4 börn, en þau komust ekki á legg. Ari átti hálf Svignaskarð, en Sigríður 1 hundrað hundraða í jörðum. Fé þeirra eyddist.

2) Eiríkur bjó í Klofa, átti þar að auki Hellur, Eskiholt og Skarð. Ingigerður kona hans var ættuð úr Landeyjum.

3) Móðir Oddbjargar var Sigríður Bjarnadóttir Þorleifssonar og hafði hún áður átt Kolbein á Kotferju Einarsson Sigurðssonar og skilið við hann. Hún var systir sammæðra Höllu Halldórsdóttur, móður Sveins prófasts Simonarsonar í Holti.

4) Eiríkur bjó í Miðfelli í Ytrihepp. Svo segir í ættatölubókinni Lbs. 199 4<sup>to</sup>. Hann átti Kristínu Gísladóttur sýslumanns Sveinssonar. Hann og Sigurður bróðir hans seldu Hákonni Árnasyni Klofa. Börn hans og Kristínar

- a. Gíslí.
- b. Guðni.
- c. Halldór.
- d. Erlendur.
- e. Þóra.

5) Páll átti Höllu Sæmundsdóttur Eyjólfssonar og Margrétar Gísladóttur. Sæmundur var bróðir Guðmundar á Hofi, þ. b.:

- a. Jón.

cc. Sigríður<sup>1)</sup>.

- b. Oddbjörg.
- c. Guðrún.
- d. Kristín átti Svein Arnbjarnarson.

1) Sigríður átti Jón Þorleifsson Asmundssonar og Kristínar Vigfúsdóttur, p. b.:

- a. Vigfús.
- b. Þórarinn.
- c. Kristín.

Enn voru börn Guðna Eiríkssonar í Klofa og Oddbjargar:

- dd. Sigurður átti Þuríði Eiríksdóttur frá Keldum Björnssonar og Þórunnar Snæbjarnardóttur p. b. 4, þar á meðal Örnólfur.
- ee. Jón varð manni að skaða og því gerður útlægur, var síðar lengi í Noregi. Laundóttir hans Manga (Margrét) giptist Jóni Er-lendssyni í Helgafellssveit, p. b.: Halldór, Gísli, Guðrún, Engilráð.
- ff. Helga átti Einar Oddleifsson Brynjólfssonar og Matthildar Einarsdóttur, p. b.:
  - aa) Guðni.
  - bb) Einar.
  - cc) Málfríður.
  - dd) Sigríður, s. m. hennar Jón Jónsson norðlenskur p. b. Einar.
- gg. Þorbjörg átti Ólaf Arnþórsson á Miðnesi bróður séra Eyjólfis í Görðum á Akranesi, p. b.:
  - aa) Guðni.
  - bb) Sveinn.
  - cc) Þóra.
  - dd) Sigríður.
  - ee) Oddbjörg.
  - ff) Þuríður.
  - gg) Kolfinna.
- hh. Ingigerður átti séra Nikulás í Hitarnesi Narfason prests Nikulássonar og Bóthildar Nikulásdóttur, p. b.:
  - aa) Jón prestur í Hitarnesi, druknaði í fiskiróðri úr Hitarnesshólmi með Finni bróður sínum vorið 1640, voru tveir einir á bát.
  - bb) Finnur druknaði tvítugur með síra Jóni bróður sínum.
  - cc) Oddbjörg (líkl. réttara en Oddfríður)

b. Jón í Skarði á Landi<sup>1)</sup>; börn:

- átti Guðmund Ólafsson prests á Kvinnabrekku Brandssonar, p. b. Nikulás prestur í Flatey o. fl. sbr. II, 282.
- dd) Bóthildur átti Finn Jónsson prests á Melum Finnssonar og börn sbr. II, 354.
- ii. Valgerður átti Pétur Narfason á Miðhrauni, bróður séra Nikulásar, er átti Ingigerði systur hennar, p. b.:
- aa) Guðni dó fulltíða, bl.
- bb) Nikulás átti Guðriði Pálsdóttur frá Haugum.
- cc) Narfi átti Ragnhildi Jónsdóttur.
- dd) Jón á Miðhrauni, tvíkvæntur.
- ee) Bóthildur.
- ff) Gísli á Gerðubergi í Eyjahrepp.
- kk. Valgerður önnur átti Þorstein Narfason skipasmið, bróður séra Nikulásar og Péturs, p. b.:
- aa) Jófríður.
- bb) Kristín átti Jón eldra son Marteins Arasonar og Vigdísar Torfadóttur og eru þaðan ættir.
- cc) Oddbjörg.
- dd) Guðrún.

1) Jón í Skarði átti Guðrúnu Brynjólfsdóttur prests í Odda Halldórssonar í Tungufelli Brynjólfssonar. Hún dó við græðslu 1594, p. b.:

- a. Brynjólfur í Skarði átti fyr Valgerði Gísladóttur sýslumanns í Miðfelli Sveinssonar, p. b.:
- aa. Gísli lögréttumaður í Ölvaðsholti átti Vigdís Sæmundsdóttur Eyjólfssonar, bróðurdóttur Guðmundar á Hofi, p. b.:
- aaa. Sveinn á Ármóti í Flóa fyrri maður Hallfríðar Snorradóttur frá Hæringsstöðum Jónssonar, þeirra son Runólfur lögréttumaður á Stafnesi föðurfaðir Guðna sýslumanns Sigurðssonar í Kirkjuvogi, sbr. hér áður bls. 135, 158—165. Er frá Runólfi Sveinsyni kominn mikill ættbálkur (Sandgerðisætt).
- bbb. Jón á Hæringsstöðum átti Helgu Örnólfsdóttur, ekkju Snorra Jónssonar á Hæringsstöðum og mun son þeirra hafa verið Örnólfur á Þorustöðum í Ölfusi, en s. k. börn Jóns hafa verið:
- a) Helga átti Þórólf Guðmundsson lögréttumann í Vorsabæ í Flóa og mörg börn, sem fjölmennar ættir eru frá komnar.



aa. Erlendur<sup>1</sup>).

- b) Bóthildur átti Gunnlaug á Púfu í Ölfusi Andrés-son löggréttumanns á Kröggólfsstöðum Finnboga-sonar, p. b.:
- aa) Halldór í Sogni í Ölfusi átti Sigríði Þórðar-dóttur ráðsmanns í Háfi Þórðarsonar (sbr. III, 149—150).
- bb) Anna, átti fyr Eirík Brynjólfsson á Púfu og börn (sjá hér síðar) en síðar Odd á Púfu Þorsteinsson frá Núpum Jónssonar, Eysteins-sonar, þeirra son:
- × Björn á Púfu átti Guðrúnu Eyjólfsdóttur frá Kröggólfsstöðum Jónssonar, bróður-dóttur séra Engilberts í Saurbæ og mörg börn. Eitt barna þeirra var Oddur á Púfu, er átti Jórinni Magnúsdóttur, systur Gísla skólakennara og mörg börn. Er sá ætt-leggur fjölmennur.
- cc) Margrét var s. k. Narfa Einarssonar í Efsta-dal (sbr. bls. 4—6 n. m. hér að framan; þeirra afkomendur þar taldir). S. m. Margrétar Jón í Efstadal Jónsson frá Látalæti á Landi Jóns-sonar og Guðriðar Gísladóttur, systur Ólats biskups. Hann bjó síðast í Öndverðarnesi, þau bl.
- dd) Sigríður átti Grim Hálfðanarson á Kotferju og börn (sjá hér síðar).

S. k. Brynjólfs Jónssonar Valgerður Ásmundsdóttir Þorleifs-sonar lögmanns Pálssonar, p. b.:

- bb. Ásmundur á Minnivöllum átti Katrínu Gísladóttur, systur Bárðar í Vatnsdal, p. b.:
- aaa. Jón á Reykjum í Ölfusi átti Sigríði laundóttur Hálf-danar prests Rafnssonar á Undirfelli, p. b.:
- × Hálfðan á Reykjum faðir Einars prófests á Kirkju-bæjarklaustri föður Hálfðanar skólameistara.
- × Brynjólfur löggréttumaður á Hrauni í Ölfusi. Hans son Eiríkur á Púfu átti Önnu Gunnlaugsdóttur Andrés-sonar, p. d.: Steinunn átti fyr Gísla Sig-urðsson frá Ásgarði Ásmundssonar, bróður séra Jóns á Rafnseyri, þeirra son Gíslí á Villingavatni, en síðar Magnús á Núpum Þórðarson Magnús-sonar á Selfossi Magnússonar, p. b.: Þórður á Núpum faðir Þorgeirs s. st., Guðlaug, er átti

1) Erlendur er venjulegast ekki talinn meðal barna Jóns í Skarði.

bb. Puriður<sup>1)</sup> etc.

- Sæmund Steindórsson frá Auðsholti Sæmunds-sonar og Bóthildur, er átti Eyvind á Syðri-Brú Hjörtsson frá Hvammi í Ölfusi Jónssonar, þeirra synir Hjörtur hreppstjóri í Austurhlíð og Björn á Vatnshorni í Skorradal. Dóttir Brynjólfs á Hrauni, Sigríður, átti Sæmund Gissursson lög- réttumann á Ölfusvatni og fjölda barna.
- × Gísli á Kröggólfsstöðum átti Íunni Jónsdóttur frá Hróarsholti Loptssonar, p. b.:
- ×× Sæmundur í Þorlákshöfn átti Halldóru Ill- hugadóttur lögréttumanns í Nesi í Höfða- hverfi Jónssonar og börn.
- ×× Jón á Hrauni í Ölfusi átti Þorbjörgu Ras- musdóttur og börn.
- ×× Loptur í Riftúni átti Geirlaugu Jónsdóttur. Eitt barna þeirra var:
- a) Guðrún, er átti Arnodd Hafliðason á Ragnheiðarstöðum í Flóa, p. b.: Loptur í Rauðárhól, Anna, Íunn og Svanhild- ur, er átti Geirmund Jónsson í Götu.
- ×× Helga átti Bergstein lögréttumann á Arnar- hólí í Reykjavík Tómasson s. st. Bergsteins- sonar, voru bl. [Helga mun hafa verið s. k. hans, en dóttir hans með f. k. Kristín, er átti Gísla Jónsson á Mógilsá, þeirra son dr. Jón (Mógils) læknir í Noregi († 1804)].
- × Guðrún átti Þorstein í Þorlákshöfn Jónsson á Hjalla Jónssonar á Gullberastöðum Teitssonar prests á Lundi Péturssonar og börn, sjá III, 394.
- bbb. Gísli lögréttumaður í Úthlíð í Biskupstungum átti Oddrúnu Jónsdóttur prests í Miðdal Gíslasonar. Son þeirra:
- × Þórður lögréttumaður í Úthlíð, átti Þorgerði Þórðardóttur og mörg börn, sem allfjöldmennar ættir eru frá komnar.
- ccc. Sæmundur í Sumarliðabæ átti Ingibjörgu Erasmus- dóttur prests á Skúmsstöðum Snorrasonar, p. b.:
- × Gísli í Sumarliðabæ átti Þóru Þórisdóttur. Af- komendur þeirra eru taldir III, 442—446.
- ddd. Þorsteinn átti Margræti Gunnarsdóttur frá Hvammi á Landi Jónssonar; p. b. munu hafa verið:

1) Puriður átti Ólaf prest á Helgafelli Einarsson frá Hvann- eyri Eiríkssonar og börn: Jóna tvo, Egil, Guðrúnu, Valgerði, Steinunni, Þorgerði, sem talin eru III, 334.

c. Ingibjörg, átti Pétur Þorleifsson prófasts,  
og börn,<sup>1)</sup>

C. Bjarni, átti Ingibjörgu dóttur Sigurðar sýslu-

- × Ásmundur lögréttumaður í Laugardalshólum sá er í málunum átti við séra Ólaf Jónsson í Miðdal, átti Guðnýju Jónsdóttur og eru frá þeim komnar allmiklar ættir.
- × Þorgerður átti Arnþór Brynjólfsson í Ostvatnsholti og börn, þar á meðal: Þorsteinn á Víkingslæk (bls. 129 hér að framan), Jón á Minnivöllum á Landi, Auðunn faðir Halldórs á Leirubakka og Arnþórs á Minnivöllum, Anna kona Eiríks Bjarnasonar í Kvíarholti o. fl.
- × Ólafur á Víkingslæk mun og hafa verið son Þorsteins Ásmundssonar. Son hans var Ólafur á Hellum á Landi faðir Sæmundar á Hellum föður Guðbrands á Lækjarbotnum.

eee. Valgerður átti Eirík son Jóns prests í Fellsmúla († 1682) Jónssonar.

cc. Guðrún átti Álf lögréttumann á Reykjum í Ölfusi Gíslason prests í Arnarbæli Teitssonar. Synir þeirra: Gísli og Björn, er átti Arneiði Björnsdóttur frá Skildinganesi Tómassonar.

dd. Helga átti Kolbein launson Guðmundar Eyjólfssonar á Hofi og mörg börn, en ættir verða ekki með vissu frá þeim taldar.

ee. Eyvindur.

ff. Guðrún önnur.

gg. Jón.

hh. Valgerður.

1) Pétur var son Þorleifs prests Eiríkssonar á Breiðabólstað bróður Sæmundar í Ási. Hann bjó á Sólheimum í Mýrdal.

Börn hans og Ingibjargar:

- a. Ólafur ætlaði að kvongast Herðisi Ásgeirsdóttur prests á Lundi Hákonarsonar en tók banasótt sína, er hann ætlaði að ríða til brúðkaupsins, og andaðist sama daginn, sem brúðkaupið hafði verið ákveðið.
- b. Sigurður lögréttumaður.
- c. Emerentiana átti Einar Þorláksson á Sólheimum, p. b.: Katrín.
- d. Ingibjörg átti Jón Vigfússon á Hrútafelli, p. b.: Ingigerður.
- e. Katrín, átti fyr Helga Steinsson í Mýrdal, en síðar Erlend prest (í Miðdal) Jónsson prests á Þingvöllum, p. d.: Emerentiana, ólst upp hjá séra Eiríki Stefánssyni á Snæfoksstöðum.

- manns Finnbogasonar (sjá þeirra afkomendur við Hegranesþing<sup>1</sup>).
- D. Sesselja Torfadóttir átti Þorstein sýslumann Finnbogason (sjá Þingeyjarþing)<sup>2</sup>).
- E. Kristín Torfadóttir, átti Þorleif son Einars á Hofstöðum; börn:<sup>3</sup>)
- a. Ormur á Knerri, átti Ólöfu Eiríksdóttur þau barnlaus. Launbörn Orms:
- aa. Illhugi.
- bb. Ragnhildur; af þeim eru ættir. (Nokkrar ættir telja enn börn Þorleifs og Kristínar: Árna prest og Sigurð, geta þó ei þeirra afkvæmis; held eg það sé vilt).
- F. Guðný Torfadóttir átti Erlend Jónsson,<sup>4</sup>) börn:
- a. Torfi á Stóruvöllum á Landi; börn:
- aa. Erlendur.

---

1) I, 319. Til viðauka við það, sem þar er sagt, skal þess getið, að börn Þórunnar Bjarnadóttur Torfasonar og Þorgríms lögréttumanns Oddssonar voru:

- a. Bjarni í Haga átti Höllu Jónsdóttur, p. b.:
- aa. Jón á Stokkseyri átti Kristínu Kolbeinsdóttur Guðmundssonar og Helgu Brynjólfsdóttur frá Skarði Jónssonar.
- bb. Hannes.
- cc. Þorgerður. Launson Bjarna Þorsteinn.
- b. Arnbjörn átti Kristínu Eiríksdóttur frá Keldum Björnssonar p. b.:
- aa. Sveinn átti Kristínu Pálsdóttur Guðnasonar (sjá hér á undan).
- bb. Þorbjörg átti Ketil Steinsson.
- c. Sesselja átti Magnús í Bjólu Árnason frá Vettleifsholti og var f. k. hans, þau bl.
- d. Una var s. k. Guðmundar Magnússonar í Vettleifsholti (sjá hér síðar).

2) Um afkomendur þeirra sjá I. B. bls. 54—65.

3) Sjá um Þorleif sýslumann Einarsson III, 22—23.

4) Erlendur bjó á Stóruvöllum. Hann var norðlenzkur að ætt og föðurbróðir Jóns Ásgrímssonar í Fjalli, er átti Eyðisi Helgadóttur, móðursystur Odds biskups. Erlendur og Ásgrímur hafa verið synir Jóns sýslumanns í Vaðlapingi Ásgrímssonar Þorkelssonar prests Guðbjartssonar (sbr. I, 178).

bb. Brynjólfur<sup>1</sup>.)

b. Guðrún átti Magnús undir Núpi í Eystrihrepp;<sup>2</sup>) börn:

aa. Erlendur<sup>3</sup>).

- 1) Enn voru börn Torfa Erlendssonar:  
 cc. Halla átti Egil Ólafsson.  
 dd. Kristín.

2) Magnús var merkur bóndi. Var hann einn þeirra, er mótmælti einna harðlegast aftöku Jóns biskups Arasonar í Skálholti 1550 (Bisks. II, 352). Faðir hans var Jón Magnússon, er áður bjó á Núpi um og eptir 1500, sá hinn sami, sem Jón Egilsson segir um í Biskupaannálum (Safn til s. Ísl. I, 45) að »sóttur hafi verið til allra mála og haldinn hinn vísasti«. Hafði hann á hendi reikninga Skálholtskirkju hjá Stefáni biskupi. Framætt hans er ekki með öllu viss, en líkur eru fyrir, að hann hafi verið sonur Magnúsar á Krossi, er veginn var í Krossreið 1471, en sá Magnús ætla menn að hafi verið kominn af Hagamönnum, son Jóns Narfasonar Péturssonar Þórðarsonar í Haga Gíslasonar í Haga (†1370) Filippussonar Loptssonar Gíslasonar af Rauðasandi Markússonar, er kominn hefur verið í beinan karlegg af Miðfjarðar-Skeggja. Hér er ekki rúm til að rökstyðja þessa ættfærslu frekar. Að eins skal þess getið, að Magnús Jónsson á Krossi kaupir jörðina Núp í Eystrihrepp ásamt Krossi í Landeyjum af Ólöfu Loptsdóttur og Þorleifi Björnssyni 3. júlí 1471 (Fbrs. V, 620—622), skömmu áður en Krossreið varð. En jörðin Núpur var síðan lengi óðalseign og ábúðarjörð afkomenda Jóns Magnússonar hins eldra, er fyrstur bjó þar sinna kynsmanna. Það er því ekki ósennilegt, að hann hafi einmitt verið sonur Magnúsar Jónssonar á Krossi, en vitanlega er það þó getgáta en ekki víska. Annar son Jóns Magnússonar (eldra) á Núpi og bróðir Magnúsar var Guðmundur prestur í Hrepphólum (1538) faðir Guðlaugar f. k. Gísla Sveinssonar í Miðfelli (sjá hér síðar). Bróðir Guðlaugar Jón. Hans börn: Guðmundur, Árbjartur faðir Odds, Ingunn átti Hallvarð Halldórsson, Guðný og Ástríður átti Jón Sigmundsson. Guðrún Erlendsdóttir var f. k. Magnúsar Jónssonar á Núpi en hin síðari kona hans var Jarprúður Bjarnadóttir frá Fellsenda Sumarliðasonar, er síðar átti Hinrik Gerken og síðast Nikulás sýslumann Björnsson á Seljalandi. Er barna þeirra Magnúsar og Jarprúðar getið II, 292—294 m. fl. um það efni. Skal því að eins við bætt, að s. k. Guðmundar í Vtleifsholti og Háfi sonar Magnúsar og Jarprúðar var Una Þorgrímsdóttir lögréttumanns Odds-sonar og Þórunnar Bjarnadóttur Torfasonar (sjá hér áður).

- 3) P. e. Erlendur sýslumaður faðir Torfa sýslumanns (sjá hér síðar og Múlaþing).

bb. Jón.<sup>1)</sup>

- 1) Jón bjó á Núpi eptir föður sinn (Jón yngri Magnússon) átti Guðrúnu Jónsdóttur; p. b.:
- a. Torfi lögréttumaður í Hlið í Eystrihrepp, keypti hana fyrir hálfan Núp; dó 4. júní 1646, 56 ára, var þrikvæntur. Börn hans:
- aa. Jón í Hlið.
- bb. Gísli í Hlið; s. k. hans Þórdís Þorvaldsdóttir Rafnssonar prests í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd Þorvaldssonar; p. b.:
- aaa. Jón prestur í Villingaholti, dó í júní 1757, 81 árs, átti Kristínu († 21. ágúst 1740) Ásmundsdóttur frá Tungufelli († 1674) Guðnasonar lögréttumanns s. st. Jónssonar; p. b. mörg, þar á meðal Ásmundur á Hurðarbaki í Flóa, Ólafur, Guðni, Guðlaug, er átti síra Jón Guðmundsson í Reykjadal og Gísli á Mýrum í Flóa faðir Finns stúdents og Jóns Snesteds stúdents, er andaðist í Kaupmannahöfn 1780.
- bbb. Stefán í Hlið. Hans son Gísli í Hlið († 1759), er átti Rannveigu Jónsdóttur og mörg börn: Stefán, Jón, Sigríði, Guðlaugu, Torfa, Ingibjörgu, Randíði.
- ccc. Torfi á Sandlæk.
- ddd. Randíður(?) átti Eyjólf Jónsson á Ásólfstöðum.
- cc. Guðný átti Magnús Arnórsson á Kotferju; p. b.:
- aaa. Torfi í Salthól á Eyrarbakka átti Vilborgu Sighvatsdóttur; p. b.: Magnús átti Guðrúnu Grímsdóttur.
- dd. Jón annar druknaði í Laxá.
- ee. ff. gg. Guðrúnar þrjár. hh. Þorlákur.
- b. Jón lögréttumaður á Grafarbakka átti fyr Guðrúnu Gunnlaugsdóttur prests í Hruna Jónssonar; p. b.:
- aa. Rafn átti Úlfhildi Þorbjarnardóttur.
- bb. Jón ólst upp hjá síra Engilbert Nikulássyni á Þingvöllum. Dóttir hans mun hafa verið:
- aaa. Margrét, er átti Andrés Finnbogason lögréttumann á Kröggólfsstöðum (sbr. bls. 158 hér að framan).
- cc. Erasmus druknaði í Laxá, bl.
- dd. Gísli dó bl. Son Jóns lögréttumanns mun enn fremur hafa verið:
- ee. Oddur, bjó á Grafarbakka 1671, líklega sami Oddur og sá er síðar bjó í Jötu og átti Sigríði Bjarnadóttur frá Laugum Arnkelssonar Hallssonar (Bisks. II, 677). Meðal barna þeirra:
- aaa. Gissur bjó í Tungufelli 1704. Son hans Jón á Gýgjarhóli í Biskupstungum faðir Stefáns föður Ásbjarnar í Fellskoti, er átti Elíabetu Narfadóttur frá Efstadal Einarssonar (sbr. bls. 4 n.m. hér að framan og II, 342, þar sem sú ættfærsla er getgáta, að

cc. Guðni<sup>1)</sup>.

- Oddur í Jötu hafi verið son Jóns prests Jónssonar í Fellsmúla († 1682) og ætti því að falla burtu.
- bbb. Þorsteinn í Jötu tvíkvæntur. Börn hans með f. k.:
- × Guðmundur á Kópavatni, er í deilunum átti við síra Þórð í Reykjadal, átti mörg börn, er mikil ætt er frá komin.
  - × Guðrún átti Jón á Brúnastöðum son Ófeigs Magnússonar lögréttumans í Skipholti og Brynhildar Jónsdóttur. Jón var bróðir Vernharðs stúdents á Búrlelli. Meðal barna þeirra voru Oddur á Brúnastöðum og Ófeigur í Langholtsparti faðir Eyvindar í Votmúlakoti föður Þórðar föður Eyvindar í Útey í Laugardal.  
S. k. Þorsteins Oddssonar Kolfinna Þorlákasdóttur; þ. b.:
  - × Þorlákur á Fossi. Sonur hans Oddur faðir Rögnvalds í Reykjadal og Bjarna í Jötu.
  - × Gissur í Hlið í Ytrihrepp, tvíkvæntur. Son hans með s. k. Snorri í Hólum í Gaulverjabæjarhreppi faðir Eiríks, er þar bjó síðar.
  - × Ingibjörg átti Jón Sumarliðason frá Kotlaugum og síðar Birnustöðum Jónssonar í Bryðjuholti Sveinssonar á Kotlaugum Þóroddssonar.
- ccc. Hildur átti Eirík í Stóru-Mástungu Beinteinsson Ólafssonar. Meðal barna þeirra Beinteinn í Bala og Oddur í Ásum faðir Snorra í Austurhlið og Eiríks í Fossnesi, og eru þaðan ættir komnar í Eystrihrepp og víðar.
- ddd. Hallur var á Eyrarbakka. Dóttir hans Birget.  
Son Odds mun ennfremur:
- eee. Bjarni faðir Ívars í Skáldabúðum, er átti Krístrúnu Sölmundardóttur systur Eiríks lögréttumans í Hlið í Eystrihrepp.  
S. k. Jóns lögréttumans Jónssonar á Grafarbakka

---

1) Guðni átti Guðrúnu Ásmundsdóttur, þ. b.:

- a. Magnús lögréttumaður átti Gróu Ólafsdóttur frá Marteinstungu Björnssonar Þorleifssonar lögmans Pálssonar (sbr. II, 624—625). Móðir Ólafs (s. k. Björns) Katrín Eyjólfsdóttir Magnússonar á Krossi Jónssonar (Biskupaannálar J. Egilssonar. Safn til s. Ísl. I, 116). Son Magnúsar og Gróu:
- aa. Guðni átti Guðrúnu Gísladóttur bl.
- b. Ingibjörg átti Jón Jónsson, Ormssonar og Þórunnar Gísladóttur.
- c. Guðrún.

dd. Ari<sup>1</sup>).

var Margrét Sigurðardóttir, bróðurdóttir Odds biskups, ekkja síra Gísla Árnasonar í Holti undir Eyjafjöllum, bl.

- c. Guðný átti síra Brand Jónsson í Guttormshaga; p. b.:
- aa. Erlendur átti Guðlaugu Tómasdóttur frá Skammbeinsstöðum Einarssonar.
- bb. Kristín átti fyrir Guðmund Arnórsson frá Öndverðarnesi bróður Jóns í Skálmholtshrauni; p. b.: Arnór, Borghildur, Brandur, Torfi, Guðný. S. m. Kristínar Erlendur Gíslason á Gafli, þeirra son Guðmundur á Gafli faðir Erlends á Vatnsenda og eru þaðan ættir í Flóa.
- cc. Brynhildur átti Torfa Ólafsson Dagstygssonar.
- dd. Þórdís.
- d. Guðrún átti síra Engilbert á Þingvöllum son Nikulásar á Skógtjörn, p. b.:
- aa. Nikulás stúdent, dó ungur.
- bb. Jón átti Salvöru Guðmundsdóttur frá Hálsi í Kjós Narfasonar.
- cc. Sæmundur á Syðri-Brú átti Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Hálsi og börn.
- dd. Margrét átti Narfa Guðmundsson á Hálsi. Sjá um þessa ætt bls. 43—44 hér að framan.
- ee. Ingibjörg átti Narfa Eyjólfsson spítalahaldara í Klausturhólum, bl.
- ff. Þóra s. k. síra Jóns Gíslasonar í Miðdal, bl.
- gg. Guðný átti Jón Ólafsson í Reykjavík.
- hh. Arnbjörg átti Ásbjörn Sighvatsson í Gröf í Grimsnesi, p. b. Nikulás í Gröf og Sigríður.
- ii. Guðrún átti Guðmund Jónsson á Palli í Ólafsvík.
- e. Margrét, hvarf þá er hún var ráðskona í seli, fór að svipast að smalamanni og búpeningi upp á hæðir og kom aldrei aftur.

1) Ari lögréttumaður átti Ragnheiði (Lbs. 199 4<sup>to</sup> Ragnhildi) Hemingsdóttur prests í Fellsmúla Höskuldssonar og Höllu, p. b.:

- a. Brynhildur átti séra Sigurð Oddsson í Arnarbæli († 11. nóv. 1641), p. b.:
- aa. Páll lögréttumaður í Gíslholti átti Halldóru Hannesdóttur prests í Guttormshaga Tómassonar og f. k. hans Kristínar Pálsdóttur, þeirra dóttir mun vera Brynhildur, sem býr ekkja í Köldukinn í Holtum 1708 (Jarðabók A. M.)
- bb. Ingibjörg átti Þorgrím í Bakkakoti (Ó. Sn.ætt o. fl.)
- cc. Stefán dó ungur.
- b. Hemingur.

*Aths.* Náfrændi þessa Ara hefur eflaust verið Ari Magnússon lögréttumaður í Geldingaholti, er átti Þorbjörgu Teits-



ee. Magnús<sup>1</sup>).  
 ff. Úlfhildur<sup>2</sup>).  
 gg. Ingveldur<sup>2</sup>).

G. Jón Torfason átti Guðrúnu systur síra Jóns Einarssonar, þau barnlaus. (Jón varð úti um 1530)<sup>3</sup>).

H. Katrín í Bræðratungu<sup>4</sup>).

J. Þórarinn Torfason<sup>5</sup>).

K. Halla<sup>5</sup>).

dóttur prests á Lundi Péturssonar. Hann var dáinn 1665. Tímans vegna getur hann naumast verið son Magnúsar Jónssonar á Núpi og Þorbjörg t. d. s. k. hans, en sonarson hans gæti hann verið. Í ættatölu Guðmundar Jónssonar verksmiðjustjóra í Rvík eru dætur séra Sigurðar Oddssonar taldar Ingibjörg, er átti Gísla Jónsson í Moldartungu, móðir Helgu konu Jóns Vigfússonar í Hvammi á Landi og Ingibjörg önnur, er átti Jón Jónsson í Kvíarholti, þeirra son Páll faðir Jóns á Uppsölum í Flóa.

1) Magnús dó ókv. bl.

2) Hverjum þær systur Úlfhildur og Ingveldur hafi gipzt er ekki kunnugt, en son Úlfhildar hét Magnús. Hans dóttir Þórunn átti Magnús Jónsson á Eyrarbakka 1667, p. b.: Hallur, Erikur, Jón o. fl.

3) Jón Torfason átti Þórunni (ekki Guðrúnu) dóttur Einars Þórólfsssonar á Hofsstöðum (III, 257), og er kaupmáli þeirra gerður í Haukadál 12. nóv. 1525 (Fbrs. IX, 286—287). Hann dó bl. varð úti í tjúki í Klofa, er hann vitjaði fjár og fjármanns, hafði hlaupið út fáklæddur, því að fjármaður kom heim og sagðist ei koma fénu að skjóli. [Hdr. í Lbs. 199 4<sup>to</sup> með hendi séra Vigfúsar Jónssonar í Hitardal en ættartölustofninn í þeirri bók og 198 4<sup>to</sup> eptir séra Guðbrand Jónsson í Vatnsfirði († 1690)]. Þórunn giptist aptur Birni Jónssyni á Eyvindará og voru synir þeirra Jón á Egilsstöðum á Völlum og Þórður á Eyvindará.

4) Hún giptist Ólafi Daðasyni móðurbróður Daða í Snóksdal (sbr. Fbrs. IX, 357—358), og hefur því ekki fyr verið eptirtekt veitt. Átti Bræðratungu og bjó þar. Hún var í hjónabandi 3 ár og dó bl.

5) Þessara barna Torfa (Þórarins og Höllu) er óvída annarsstaðar getið en hér, að minnsta kosti ekki Þórarins og mun þetta því skakkt. Þau eru ekki heldur nefnd í hdr. Lbs. 199 4<sup>to</sup> sem nákvæmast er um þessa ætt. Séra Jón á Lambavatni segir,

L. Ingibjörg dó barnlaus<sup>1</sup>).

að Halla hafi gipst austur frá (p. e. austur á Landi). En Klofa-ættin er ónákvæm í ættartölum hans og ófullkomin.

1) Ingibjörg bjó á Leirubakka á Landi, giptist ekki og dó bl. Enn er talin (Lbs. 199 4<sup>o</sup>) dóttir Torfa í Klofa og Helgu:

M. Ingibjörg önnur átti Brand á Leirá, sem í Lbs. 199 4<sup>o</sup> er talinn son Magnúsar, er átti Leirá, en aðrir telja Brand öðruvísi til ættar (t. d. Guðmundsson og bróðurson Stefáns biskups), p. b.:

a. Torfi í Höfn í Melasveit átti Ástriði Eiríksdóttur frá Reykholti Jónssonar, systur Einars á Hvanneyri, p. b.:

aa. Helgi í Höfn átti fyr Sesselju Aradóttur Ólafssonar, en síðar Guðnýju Einarsdóttur prests á Útskálum Hallgrímssonar bl. Börn hans með f. k.:

aaa. Torfi átti Sigríði Styrdsdóttur Porvaldssonar, p. b.: Jón prestur á Torfastöðum, Porvaldur faðir Styrprentara á Syðri-Reykjum í Biskups-tungum, Jón annar, Styr, Markús, Sesselja, Solveig, Guðrún, Guðriður. Eru þaðan allmiklar ættir.

bbb. Teitur átti Arnfríði Rafnsdóttur prests Porvaldssonar, p. b.: Halldór dó fulltíða bl.

ccc. Margrét átti Jón Sveinsson frá Rauðanesi Egilssonar, p. b.: Jón drukkn-aði bl., Sesselja, Erlendur.

ddd. Oddný átti Jón Porbjarnarson mókoll á Beigalda og börn: Jón, Sigríði, Sigmund, Guðrúnu.

eee. Helga átti Odd nokkurn suður á Álptanesi. Í brúðkaupi þeirra í Höfn varð mikið slark og hnifskurður.

fff. Valgerður átti Vigfús Bjarnason Vigfússonar og Guðriðar Þorsteinsdóttur, p. b.: Jón.

ggg. Valgerður önnur giptist ekki.

hhh. Ástriður átti fyrst Jón Pálsson, p. b.:  
× Ingibjörg átti Hallgrím í Njarðvik Árnason smíðs Magnússonar og Halldóru Einarsdóttur prests Hallgrímssonar, p. b.:

## Óljóst er mér um uppvöxt, menning eða annað um

× Guðrún átti fyrst tvö launbörn með Þorvaldi Ralmsyni: Úlfhildi og pilt, er »dó í uppvexti af því hann drakk kvikt í sig á grasa-fjalli« (Lbs. 199 4<sup>to</sup>). Guðrún giptist síðar Þorsteini Þorgeirs-syni Ingimundssonar og Jódísar Illhugadóttur og var son þeirra Björn faðir Snorra prests á Húsa-felli.

2. maður Ástriðar Helgadottur var séra Rafn Þorvaldsson í Saurbæ, p. d.: Guðrún átti Guðmund nokkurn. Síðasti maður Ástriðar var Finn-björn Finnbjarnarson í Melasveit, bróðir Ara Finnbjarnarsonar, þau bl.

Launsynir Helga Torfasonar í Höfn voru:

iii. Runólfur átti Sigríði Helgadottur Eyjólfssonar prests á Melum Grims-sonar, þjuggu í Leirárgörðum, p. b.: Magnús og Guðrún.

kkk. Oddur giptist á Sudurnesjum. Son hans:

× Jóakim átti Guðrúnu Björnsdóttur Ólafssonar og Kolfinnu Benediktsdóttur.

bb. Helga átti Pétur son Odds lögmanns Gott-skálkssonar. Þau sigldu með 2 börnum sínum til Noregs og þar andaðist Pétur, en Helga giptist aptur að sögn.

b. Ólafur Brandsson á Leirá, átti fyrst 3 launbörn með Elínu Bárðardóttur fátækri konu úr Melasveit. Þessi launbörn voru:

aa. Torfi í Fílholtum, tvíkvæntur, átti fyr Gróu Þorleifsdóttur, p. b.: Magnús, Vigdis, Guðrún, en síðar Dýrfinnu Þorsteinsdóttur Hallbjarnarsonar og voru börn þeirra: Ólafur í Fílholtum faðir Jóns á Hellu á Brimilsvöllum, Gróa kona Jóns Guðmundssonar á Litla-Hrauni, Margrét kona Jóns smíðs Jónssonar á Moldbrekku, Elín kona Helga Bjarnasonar á Álptá og Þorbjörg kona Þorgeirs Péturssonar.

Torfa, meðan hann var á æskuskeiði. Tilgátur eru, að hann hafi snemma sýslur tekið, og er líkast um Árnesþing nálægt 1480, þó hefi eg engan dóm þar eftir hann fundið

bb. Sölvi á Laxárbakka. Dóttir hans:

aaa. Guðrún átti Jón Jónsson í Hólkoti í Staðarsveit.

cc. Ingibjörg gíptist.

Síðar kvæntist Ólafur Brandsson Helgu Bøðvarsdóttur prests á Reynivöllum Eyjólfssonar, p. b.:

dd. Sesselja átti fyr Hannes í Hvammi í Kjós Ólafsson Narfasonar og mörg börn, sem talin eru II, 569—571, en síðar Helga Eyjólfsson prests á Melum Grímssonar, p. b.:

aaa. Hannes lögréttumaður í Kolsholti († 30. júní 1653) faðir Vigfúsar sýslumanns í Árnessýslu (sjá hér síðar) og Hólmfríðar »prófastamóður« móður séra Jóns Halldórssonar lærða í Hítardal og systkina hans.

bbb. Guðrún átti Jón son Torfa Ögmundssonar á Leirá, p. b.: Guðriður, dó bl. og Þórunn drukknadi með barni sínu í Hafnará 1676.

ccc. Gunnhildur dó ógípt, bl.

Svo kvæntist Ólafur Brandsson í annað sinn, börn:

ee. Gróa átti Markús Guðmundsson Þórðarsonar, þaðan ættir.

ff. Þórunn átti Hafliða Guðmundsson úr Kjós og börn.

gg. Jón á Geitabergi »var nærfleygur Guðríði dóttur Gísla lögmanns Þórðarsonar, er hún var í Innrahólmsseli, í landinu (landareign Geitabergs?) lét því úti Þórustaði 5 hndr. bezta part af Geitabergi« (Lbs. 198 4<sup>to</sup>). Frá Jóni er ætt komin.

Ólafur Brandsson á Leirá, faðir Jóns og þeirra systkina tók banasótt sína á ferð suður í Hafnarfirði hjá Hamarsholtslæk (Hafnarfjarðarlæknum?) og dó þar. Ögmundur Hallsson náði kaupí á Leirá að Ólafi látnum, hafði lengi falað jörðina af honum, en ekki fengið.

þau árin<sup>1</sup>). Hann hafði Dalasýslu 1497 og lét 6 manna dóm ganga á Staðarhóli það ár, með hverjum Birni Guðnasyri dæmdist allur arfur eptir Solveigu dóttur Björns ríka<sup>2</sup>). Hygg eg hann hefði þó um þau ár ásamt Árnassýslu og strax þar eptir Rangárþing, um 1498<sup>3</sup>). Gipzt hefur hann fyrir 1490, sem ráða má af hans barnafjölda með konu sinni.

Með biskupi Stefáni og Torfa var óvild mikil, þar af að Torfi tók í vernd sína þá menn marga, sem biskup hafði fyrir sökum, má þar af ráða stórmennsku og völd Torfa, að fæstir voguðu slíkt, mót þáverandi ríki biskupa. Síra Jón Egilsson skrifar, að svo hafi þrútnað óvild Torfa til biskups Stefáns, að hann hafi eitt sinn um vetur farið með 30 manna til Skálholts og ætlað að taka biskup höndum, en er þeir komu að Nautavaði á Þjórsá, hafi þeim sýnzt auður áll eptir miðri ánni og horfið frá. Tjáir Jón prestur að áin hafi bæði fyrir og eptir verið riðin á ísi, og tekur þetta fyrir jarteikn. En skeð gat að áin hefði fyrir og eptir verið á öðrum stöðum riðin, eða af einstöku vogunarmönnum, sem hefði verið ófær fyrir mannfjölda. Í öðru sinni tjáir síra Jón, að Torfi hafi komið í Skálholt, þá fátt manna var fyrir, var þá læst öllum dyrum, að boði biskups; gekk Torfi að kirkju og

---

1) Það er yfirleitt vafasamt, hvort Torfi hefur nokkru sinni verið sýslumaður í Árnasþingi, því að heimildir skortir fyrir því, og dómur hans þar finnast ekki. En samt sem áður getur vel verið, að hann hafi haldið þá sýslu um tíma fyrir og um 1500 eða áður en hann varð sýslumaður í Rangárþingi. En 1492 er Þorvarður Erlendsson orðinn sýslumaður í Árnassýslu. Torfi mun alls ekki fæddur fyr en á árunum 1455—1460, og hefur því eflaust ekki fengið sýsluvöld um 1480. Getur hans fyrst 1491 í bréfi út af dauðafregni Diðriks Pinings (Fbrs. VI, 754), ef hann er þá sá Torfi Jónsson, sem þar er einn dómsmanna meðal hinna síðustu. Hefur hann þá verið allungur og engin völd haft. Mun hann hafa kvænzt ekki síðar en um 1485, því að Sesselja dóttir hans, er giptist 1505, mun vera meðal elztu barna hans.

2) Sbr. II, B. bls. 554 og Fbrs. VII, 347—349.

3) Hinn 25. júní 1504 veitir Kai van Anifell hirðstjóri Torfa sýslu milli Þjórsár og Jökulsár á Sólheimasandi (Rangárþing). Fbrs. VII, 696—697. En samt hefur Torfi haft þá sýslu fyrri.

ofan að norðurdyrum og greiddi högg mikið á dyrnar og spurði, hvort skolli væri inni. Biskupssveinn hertígaður, að nafni Loptur, hljóp fyrir dyrnar, og mælti: »Inni er skolli og ei hræddur, bið þú þess hann er klæddur, hórusonurinn, hver sem þú ert«. »Ertu þar stráka-Loptur. Þessu mundir þú ekki ansa, ef þú þættist ei hafa yfir fleiru að húa, en eg af veit«. Reið þá Torfi á braut við svo húið. Fleiri urðu atvik Torfa og ofsóknir við biskup. Svo bar til á alþingi, er Torfi gekk til lögréttu, að mönnum sýndist sem litill svartur flóki í fuglsliki kæmi norðan frá Skjaldbreið, og steypiti sér ofan yfir Torfa. Rak hann þá upp hljóð mikið og gerðist svo ofursterkur, að mjög margir menn urðu að halda honum, en þó varð það um síðir, að hann varð bundinn. Kom þá þangað biskup Stefán og allur kennilyður með honum, og hvolfði stakksermi sinni yfir höfuð Torfa, því öllum ofbauð augnabragð hans og andlit, og ofurhljóð. Féll biskup á kné og allir með honum til bænar með lestrum og söngvum. Sefaðist þá Torfi nokkuð og batnaði síðan. Urðu þeir biskup og hann vinir útvortis að kalla, en þó aldrei þelaust. Torfi kaus sér legstað í Skálholti.

Þá var mikill yfirgangur Lienharðs, er hafði verið fógeti á Bessastöðum. Gerði hann margt stórlega. Hétzt við Torfa í Klofa, og settist í Arnarbæli með rán. En þá Lienharður var staddur að Hrauni í Ölfusi, fór Torfi þar að honum með marga menn. Eysteinn fylgdarmaður Lienharðs, 18 vetra, varði bæjardyrnar, svo Torfa menn fengu ei aðgert, rufu þeir þá húsin að baki honum, og féll þar Lienharður. Var það 1502 að sögn Bjarnar á Skarðsá<sup>1)</sup>. Stefán biskup lét sér ei það verk mislíka, og bað hann hafa unnið það verk manna heppnastur. Gekk Torfi til skripta við biskup, og sætti litlum fésektum.

Torfi hélt Árnes-, Rangár-, Dala- og máske fleiri sýslur fyr. Ei er fullvíst á hverju ári hann tók hverja sýslu, þó áður sé nokkurs til getið; en víst er, að hann hélt Ár-

1) Til er bréf frá Stefáni biskupi til ónafngreinds frænda síns um kirkjuleg fyrir Lénarð »svoddan stórbrotamann«. Er það ártalslaust, en talið til ársins 1502 í Ísl. Fornbrs. VII, 625—626.

nes og Rangárþing til síns dauða, sem flestir segja hafi tilfallið 1502 (aðrir 1503). Um andlát Torfa eru og tvennar sagnir: Nokkrir segja hann hafi dáið á Fíflholtþingi af drykkjuskap, en aðrir, að hann hafi dáið í sótt á Skíðabakka í Landeyjum<sup>1</sup>).

Torfi var hinn mesti yfirgangsmaður og ráðrikur stórhöfðingi. Hann tjaist að hafa verið mesti hljóðfærasláttarmaður; þaðan er sagður málshátturinn: »Hefurðu verið í Klofa, þar harpan bannaði börnunum að sofa«. Torfi kallast sumstaðar riddari, en það ætla eg vilt, og blandað við Torfa Arason. Ríki Torfi kallast hann og sumstaðar, og mun það rétt.

Hjá Stefáni biskupi varð Helgu konu Torfa dýrkeypt leg manns síns í Skálholti, mátti hún þar fyrir gefa jarðirnar: Vindás, Hreiður, Akbrautarholt og bezta silfurkross<sup>2</sup>). Tjáði biskup Torfa ei betri, en þeir er farga sjálfum sér, og lítur það til fyrri sagnarinnar. Máske Torfi hafi af drykkjuskap orðið veikur á Fíflholtþingi, ferðast þaðan og dáið á Skíðabakka.

1) Á alþingi 1504 gerði Torfi aðsúg að Arnóri sýslumanni Finnssyni, er hann sat þar að dómum, gekk Torfi að dóminum með tygjað fólk með bogum, byssum, sverðum, spjótum og arngeirum og náði Arnóri á einmæli, en menn Torfa stóðu þá svo þykkt í kringum Arnór, að hann mátti hvergi burtu komast. Hafði Torfi stefnt Arnóri þar á þinginu, en Arnór fékk þá stefnu ónýtta með dómi Finnboga lögmanns 2. og 3. júlí 1504 (Fbrs. VII, 705—709). Skömmu síðar hefur Torfi andazt, líklega á því sama ári (1504), því að af vitnisburði útnefndum á Breiðabólstað í Fljótshlíð 11. febrúar 1505 (Fbrs. VII, 755—756) sést, að hann er látinn. Mun hann hafa verið um fimmtugt, er hann andaðist, eða hátt á fimmtugsaldri. Hinn 28. júlí 1505 kvittar Stefán biskup Helgu ekkju hans um þær fésektir, er hún varð honum skyldug vegna bónda síns um það sem Torfi hafði orðið misfara við guð, heilaga kirkju og biskup (Fbrs. VII, 787—788).

2) Bréf um þetta þekkest nú ekki. Í bréfinu frá 1505 eru ekki nefndar aðrar jarðeignir, er Helga lætur af hendi, en Köldukinn í Holtum og Kolbeinsey í Þjórsá, en það kemur fram í bréfinu, að dómur hafi verið áður genginn og samkvæmt honum hafi gjaldið átt að vera meira, en í bréfinu greinir, en biskup gefur henni það upp »fyrir auðmýkt hennar og góða eptirleitun«. Einnig gefur biskup Eystein Brandsson (hinn sterka í Mörk) í hennar vald um það, sem hann hafi til hans að tala (Fbrs. VII, 788).

## Þorvarður Erlendsson.

- Faðir:* Erlendur sýslumaður Erlendsson Narfasonar (sjá Rangárþing).
- Móðir:* Guðriður Þorvarðardóttir sýslumanns Loptssonar ríka.
- Kona fyrri:* Margrét dóttir Ásmundar illa (bróður Stefáns biskups Jónssonar. Aðrar ættir telja Margréti dóttur Jóns, en systur Stefáns biskups)<sup>1</sup>).
- Börn:*
- A. Erlendur lögmaður á Strönd (sjá síðar).
- B. Ragnheiður átti Orm Einarsson í Saurbæ á Kjalarnesi Þórólfssonar frá Hofsstöðum. (Ormur var veginn í Viðey 1519 af Erlendi bróður Ragnheiðar); börn:
- a. Halldór átti Þórdísi dóttur Eyjólfss yngra mókolls<sup>2</sup>); börn:
- aa. Eyjólfur sýslumaður í Rangárþingi (sjá þar).
- bb. Valgerður átti síra Jón í Stafholti 1571 son Egils á Ingjaldshóli Jónssonar og börn.
- b. Sesselja Ormsdóttir átti Odd í Öskjuholti son Tómasar á Borg Oddssonar Sigurðssonar (sjá Dalasýslu)<sup>3</sup>); börn:
- aa. Bjarni á Skarði (sjá Dalasýslu).
- bb. Ragnhildur átti fyr Jón Þórðarson frá Stað í Súgandafirði<sup>4</sup>); börn:
- aaa. Páll.
- bbb. Ingibjörg.
- ccc. Soffía.

1) Það er réttara.

2) Sbr. II, 531.

3) Sbr. II, 608—609.

4) Fyrri maður Ragnhildar hét Þórður, eftir því sem séra Jón Halldórsson segir og dóttir þeirra Soffía, er átti Jón Jónsson, systurson Benedikts ríka Halldórssonar á Möðruvöllum, þeirra son Þorkell faðir Þórðar í Bæ í Hrutafirði föður Ásgeirs prests á Álptamýri.



Svo Orm Jónsson í Fremri-Gufudal, börn:

ddd. Sira Jón á Kvennabrekku.

eee. Halldóra.

cc. Katrín Oddsdóttir átti Guðmund og börn.

dd. Ingibjörg Oddsdóttir gíptist og átti börn.

c. Málfríður Ormsdóttir<sup>1)</sup>.

*Kona seinni* Þorvarðar var Kristín dóttir Gottskálks biskups á Hólum. Gíptust þau 1508, taldi Þorvarður sér þá 6 hndr. hndr. í fasteign og 5 hndr. hndr. í lausafé (aðrir skrifa 10 hndr. hndr. hálf í föstu og hálf í lausafé). En biskup taldi dóttur sinni 3 hndr. hndr. í jörðum og 2 hndr. hndr. í lausafé. Þorvarður gaf Kristínu 60 hndr. í föstu, hvort sem hún vildi heldur Innra-hólm á Akranesi eða Saurbæ á Kjalarnesi, en að bekkjargjöf gaf Þorvarður henni djásn gullbúið, vóg 4 merkur. Biskup tilskildi með þeim helmingafélag.

Ekki get eg fundið með sönnu, að þau hafi átt börn, sem til fullorðins aldurs komust, þó nokkrar ættir telji Margrétu konu Sigurðar sýslumanns Finnbogasonar þeirra dóttur<sup>2)</sup>, álit eg það vilt (sjá Hegranesping).

Þorvarður var sýslumaður í Vaðlaþingi 1489, því það ár lét hann þar dóm ganga, þó hefur hann annaðhvort ekki haft utan hálfá sýsluna, eða hann hefur ekki verið þar sýslumaður í sífellu eptir það, til 1503, en þá máske haft sýslur annarsstaðar. 1499 gerðist Þorvarður lögmaður sunnan og austan. 1503 tók hann Árnæssýslu eptir Torfa í Klofa<sup>3)</sup>. 1505 kallast hann sýslumaður í Kjalarnesi.

1) Flestar ættatölur nefna ekki þessa Málfríði meðal barna Orms og Ragnheiðar.

2) Það er alls ekki rétt. Margrét kona Sigurðar sýslumanns var Þorvarðsdóttir Bjarnasonar sýslumanns Marteinssonar, sbr. I, 317—318.

3) Þorvarður er orðinn sýslumaður í Árnæssýslu í janúar 1492 (Fbrs. VII, 88—89).

nesþingi, og lét þar þá ganga dóm um vígsbætur, þá Árni Eiríksson hafði vegið Hannes, sem hafði yfirfallið Árna með höggum og slögum; var Árni dæmdur að betala 15 hndr. í vígsbætur.

1506 fór hann utan með Erlendi bróður sínum<sup>1)</sup>, upp á Möðruvallamál. Þeir bræður komu út 1507. Þá hófust að nýju Möðruvallamál (sjá um þau við Grím Páls-son í Þingeyjarþingi).

1508 giptist Þorvarður Kristínu á Hólum, sem áður er sagt, og bjó hann á ýmsum sínum jörðum, optast sunn-  
anlands.

Þorvarður átti garð í Noregi, og þótti honum fýsi-  
legra að vera þar en hér, fór hann því utan með konu  
sína um 1510 og lézt þar 1513.

Auðvitað er, að Þorvarður hefur haldið umboðsmenn  
í lénnum sínum, og líkast er til hann hafi fengið Vigfúsi  
bróður sínum umboð sitt, þá hann fór utan til Noregs.

Eptir dauða Þorvarðar kom Kristín kona hans út,  
og fór til Gottskálks biskups föður síns, og giptist svo  
aptur 1516 Jóni sýslumanni Einarssyni á Geitaskarði (sjá  
Húnavatnssýslu).

1505 lét Þorvarður lögmaður ganga dóm að Varmá,  
og nefnist hann í þeim dómi sýslumaður í Kjalarnesþingi,  
máské hann hafi haldið það ásamt Árneseþingi til 1510,  
að hann fór utan alfarinn<sup>2)</sup>.

### Vigfús Erlendsson.

(Sjá um hann við Rangárþing). Þó Vigfús hafi tekið  
Rangárþing 1503 eptir Torfa, lítur svo út, sem samfélag  
hafi með sýsluvöldin verið þeirra bræðra á millum um  
Rangár- og Árneseþing, því dómur finnst líka í Rangárþingi  
eptir Þorvarð 1503. En þá Þorvarður fór utan alfarinn,

1) Á vitanlega að vera: Vigfús.

2) Þorvarður lögmaður fór utan 1512, og andaðist um vet-  
urinn í Noregi, líklega snemma árs 1513. Sum ártöl hjá Boga,  
að því er Þorvarð snertir, eru ónákvæm. Sjá annars um Þor-  
varð lögmann: Lögsgögumannatal og lögmanna: Safn til s. Ísl.  
II, 96—100, og vísast til þess hér.

sem sumir meina að hafi verið nálægt 1509, aðrir 1511, er líkast til að Vigfús hafi og tekið Árneshing, og víst var, að lögmannsdæmið tók hann eptir Þorvarð bróður sinn, því á alþingi 1510 bauð Björn sýslumaður Guðnason mál sitt undir Vigfús, sem það ár slepti hirðstjóraembætti. Lítur það og til þess, að Þorvarður hafi þá ei nærri verið sem lögmaður.

1513 lét Vigfús ganga 12 manna dóm um virðingu á köplum. Vigfús mun hafa haldið Árneshing ásamt Rangárþingi til þess hann fór utan 1520, og deyði í þeirri ferð í Noregi 1521. Báðir þeir bræður hafa haft umboðsmenn<sup>1)</sup>.

### Halldór Brynjólfsson

í Tungufelli. Um hann lét Stefán biskup ganga dóm í Skálholti 1492 fyrir misþyrming á staðarins landseta Gesti Pálssyni, þar fyrir bætti Halldór biskupi Ketilsstaði í Á-verjahreppi; þar eptir gekk 6 manna dómur millum biskups og Halldórs um Haukholt í Hrunamannahreppi, og Hraun í Grimsnesi, og dæmdust báðar af Halldóri undir Skálholtskirkju.

1493 í plágunni miklu, tilféll Halldóri stórfé í arfa, svo hann varð hinn auðugasti maður.

Freysteinn hét einn sonur Halldórs, sem gerðist bróðir í Viðey, og gaf þar klaustrinu með sér Vaðnes í Grimsnesi; þá gjöf samþykkti Halldór 1515. Því get eg til, að Halldór hafi einhver sýsluvöld haft, að hann kallast bóndi, sem þá var valdsmannatitill<sup>2)</sup>.

1) Vigfús lögmaður hefur andazt snemma árs 1521. 23. og 24. maí 1521 lætur Hólmfríður Erlendsdóttir systir hans virða alla peninga hans kvika og dauða, sem börnum hans höfðu til erfða fallið. Er sú virðingargerð prentuð í Ísl. Fornbrs. VIII, 794—811, mjög ítarlegt skjal og merkilegt, og er það hin elzta dánarbús-uppskrift, sem til er í heilu lagi. Sjá frekar um Vigfús lögmann Erlendsson: Lögsögumannatal og lögmannna í Safni til s. Ísl. II, 107—109 og hér síðar (við Rangárþing).

2) Að líkindum hefur Halldór ekki haft sýsluvöld í Árneshing, þótt hann sé kallaður »bóndi«. Faðir hans hefur verið Brynjólfur Eiríksson bóndi í Ytrihrepp, sem kemur við bréf 1481 (Fbrs. VI, 411), 1492 (Fbrs. VII, 118) og 1493 (Fbrs. VII, 176—177). Að hann hafi verið son Eiríks Krákssonar í Skarði á Landi, og

## Árni Guðmundsson bóndi.

Honum útgaf Stefán biskup bréf 1492 og er ei ólíklegt, hann hafi einhver völd haft, sem umboðsmaður í sýslu<sup>1</sup>).

móðurbróðir Torfa í Klofa, eins og talið er fullum fetum í registri við 6. bindi Fornbréfasafnsins, er eflaust hæpið. Gjafabréf Freysteins sonar Halldórs til Viðeyjarklausturs er dagsett 27. október 1515 (Fbrs. VIII, 571—572). Er Halldór þá lifandi. Af Freysteinsnafninu mætti ætla, að þeir Grímssynir, séra Freysteinn, og bræður hans, hafi verið í ætt við Halldór í Tungufelli. Grímur faðir þeirra var bóndi í Árnessýslu, bjó um hrið í Auðsholti í Biskupstungum eptir 1500, en föðurnafn hans er ekki kunnugt, svo að vist sé, en ef til vill verður það ljóst, er registur er komið við 8. og 9. bindi Fornbréfasafnsins. Hann er líklega sá Grímur, sem nefndur er í vaðmálareikningi Skálhóltsstaðar 1502 (Fbrs. VII, 628). Grímur faðir séra Freysteins gæti t. d. verið dótturmaður Halldórs í Tungufelli. Halldóra hét dóttir Gríms, móðir séra Gríms Skúlasonar í Hruna. Synir Halldórs aðrir en Freysteinn voru Oddur prestur í Gaulverjabæ, Snæbjörn á Keldum og Brynjólfur prestur í Odda faðir Guðrúnar konu Jóns í Skarði Eiríkssonar Torfasonar í Klofa (sjá hér áður).

1) Ekki tel eg líklegt, að Árni þessi hafi hatt sýsluvöld í Árnessýslu. Sáttargerð milli hans og Stefáns biskups — staðfesting á samningi Sveins biskups og Árna út af Oddgeirshólareid —, er gerð í Skálholti 25. janúar 1492 (Fbrs. VII, 88—90). Þessi samningur Sveins biskups er frá 12. marz 1474 (Fbrs. V, 730—731). Hann er sá Árni bóndi Guðmundsson, er tveir prestar votta um í Holti undir Eyjafjöllum 11. júlí 1499, að gert hafi testamenti sitt (Fbrs. VII, 431—432) og er Árni þá látinn. Er í bréfi þessu nefnd ekkja hans, Steinunn Sigurðardóttir, og er hennar einnig getið í hinu fyrnefnda bréfi Sveins biskups.

Meðal heldri lögréttumauna í Árnespingi um 1500 voru:

*Ari Narfason.* Hann var einn dómsmanna á Öxarárpingi 30. júní 1495 (Fbrs. VII, 271) og árið eptir einn í hinni alkunnu Áshildarmýrarsamþykkt (Fbrs. VII, 321—324). Hann mun hafa átt heima í Hreppunum (Eystri- eða Ytrihrepp).

*Páll Teitsson* er í Áshildarmýrarsamþykkt 1496 og 1. júlí 1501 einn dómsmanna á Öxarárpingi (Fbrs. VII, 575). Hans er og getið í áreiðargerð um landamerki Núps í Eystrihrepp 31. okt. 1502 (Fbrs. VII, 620—622) og 1504 er hann á alþingi næst fyrstur dómsmanna og næst á undan Jóni Magnússyni á Núpi. 1. júlí 1508 er hann einn dómsmanna á alþingi (Fbrs. VIII, 225). Hann mun hafa búið í Eystrihrepp, og hygg eg hann son Teits á Krossi í Landeyjum Helgasonar sýslumanns Styrssonar. Mun Teitur hafa átt systur Jóns Narfasonar föður Magnúsar á Krossi

## Erlendur Þorvarðsson.

*Faðir:* Þorvarður lögmaður Erlendsson (sjá að fram-  
an)

*Móðir:* Margrét Jónsdóttir, systir Stefáns biskups<sup>1</sup>).

*Kona fyrsta:* Þórunn dóttir Sturlu sýslumanns á Staðar-  
felli Þórðarsonar Helgasonar. Þórunn giptist  
1525 innan tvítugt, varð ekki gömul og deyði  
á Kolbeinsstöðum. 1525 var svofelldur kaup-  
máli lýstur og staðfestur á Staðarhóli á brúð-  
kaupsdegi Erlends lögmanns Þorvarðarsonar  
og Þórunnar Sturludóttur:

Sturla bóndi og Guðlaug húsfreyja gáfu  
Þórunni dóttur sinni jarðirnar: Ballará, Vig-  
hólsstaði og Svíney, einnig Rafnkelsstaði og  
Álptárþakka á Mýrum, samt Þakka á Skaga-  
strönd, allar fyrir 2 hndr. hndr. og þar til 40  
kúgildi og 20 hndr. í silfri. Erlendur lögmaður  
lagði þar á móti 4 hndr. hndr. Strönd í

---

og Narfi sonur þeirra, er var í Krossreið og vann á Magnúsi,  
verið á þennan hátt náskyldur Magnúsi, þeir verið systkinasynir.  
Getur og vel verið, að Ari lögréttumaður Narfason hafi verið  
móðurbróðir Narfa Teitssonar, en föðurbróðir Magnúsar á Krossi  
og orðinn gamall 1496, því að son Narfa Teitssonar getur hann  
varla verið. Aranafnið kemur og fram í Núpsættinni, því að  
svo hét sonarsonur Jóns Magnússonar hins eldra á Núpi. En  
þetta er vitanlega að eins lausleg getgáta og annað ekki. Það er  
t. d. ekki óhugsandi, að faðir Páls hafi verið Teitur Pálsson lög-  
réttumaður í Rangárþingi (1481) er verið mun hafa systkinabarn  
við Teit Helgason (sjá Rangárþing).

Ólafur Þorbjarnarson er einn í Ashildarmýrarsamþykkt  
1496 og hann er einn dómsmanna á Vatnsleysu í Biskups-  
tungum 13. febrúar 1500 (Fbrs. VII, 470) og í dómi á alþingi 1.  
júli 1508 (Fbrs. VIII, 225). En Ólafur Þorbjarnarson, sem getur  
vitnisburð í Hvammi í Kjós 20. júní 1500 (Fbrs. VII, 489—490), er  
líklega annar maður. Ólafur Þorbjarnarson lögréttumaður í Ár-  
nesþingi mun vera = Ólafur Þorbjarnarson faðir síra Einars í  
Hrepphólum afa séra Jóns Egilssonar.

1) Jón Sigurðsson (Lögsögumannatal og lögmannna: Safn II,  
110) telur Erlend launson Þorvarðar lögmanns og Margrétar, en  
það er skakkt, því að þau Þorvarður og Margrét voru gipt (sbr.  
Fbrs. VII, 636) og Erlendur hjónabandsbarn.

Selvogi með tilliggjandi jörðum og 100 kúgildum. Skyldi Þórunn eignast Nes í Selvogi og þar til 30 kúgildi, eða ef hún heldur vildi Hlíðarenda, Breiðabólstað og Litlaland fyrir 90 hndr. og þar til 30 kúgildi. Skyldi þessa fyr skrifaða peninga hafa húsfrú Þórunn átölu-laust, hvort heldur vex eða þverra peningar lögmanns, og alla þá gripi, sem hann gæfi henni fyr eða síðar; skyldi hún og hennar erfingjar þetta eiga, eins hvað henni kynni að tilfalla af arfi, gjöf eða gjaldi. Framfóru þessir ljárskilmálar í stofunni á Staðarfelli, að nærverandi brúðkaupsvottum: Ólafi Guðmundssyni, Páli Ólafssyni, Halldóri Tyrfingssyni prestum, Þorleifi Pálssyni, Pétri Loftssyni, Hákonu Björgólfssyni leikmönnum. Bréfið skrifað á Staðarhóli í Saurbæ, og þar innsiglað sama ár, laugardaginn næstan fyrir translationem Magni martyris<sup>1)</sup>.

*Börn:*

- A. Jón átti Sigríði Þorsteinsdóttur frá Hjörsey, Torfasonar ríka sýslumanns í Klofa<sup>2)</sup>.
- B. Guðbjörg giptist í fyrra sinni nálægt 1550 Grími sýslumanni og klausturhaldara á Munkapverá (sjá Vaðlaþing)<sup>3)</sup> síðar 1561 Jóni sýslumanni Marteinsyni (sjá Vaðlaþing)<sup>3)</sup>. Guðbjörg dó 1594.  
Laundóttir Erlends með Ingveldi Jónsdóttur:
- C. Margrét átti Þórólf son Eyjólfsson á Hjalla og Ásdísar systur Ögmundar biskups; börn:
  - a. Sigmundur á Hofi á Rangárvöllum, lög-sagnari í Rangárþingi (sjá þar).
  - b. Þorvarður á Suður-Reykjum, átti Vilborgu dóttur Gísla biskups Jónssonar, börn:

1) P. e. 15. desember (1525). Kaupmálabréf þetta er prentað í Ísl. Fornbrs. IX, 288—289.

2) Þau voru bl.

3) Sbr. I, 214—222.

- aa. Magnús.
- bb. Erlendur.
- cc. Kristín.
- dd. Gísli.
- ee. Þórður.
- c. Vigdís Þórólfsdóttir seinni kona Þorláks sýslumanns Einarssonar (sjá Ísafjarðarsýslu).
- d. Guðrún Þórólfsdóttir<sup>1)</sup> átti síra Pétur í Hvammi í Hvammssveit, son síra Árna í Hitardal Arnórssonar, barn:
  - aa. Síra Magnús í Miðdalapíngum, átti börn.
- e. Þórunn Þórólfsdóttir seinni kona síra Erasmusar Villadssonar; börn:
  - aa. Helga.
  - hb. Margrét, giptust og áttu börn.
- f. Jarþrúður Þórólfsdóttir átti síra Jón Kráksson; börn:
  - aa. Síra Ólafur.
  - bb. Margrét.
  - cc. Sturla, giptust og áttu börn<sup>2)</sup>.

---

1) Guðrún kona séra Péturs í Hvammi hefur ekki verið dóttir Þórólfs Eyjólfssonar frá Hjalla, heldur annars eldra Þórólfs, er reyndar var náskyldur Ögmundi biskupi og fékk jarðir hjá honum, sbr. Bisks. II, 288, en Guðrún er þó heldur ung til að geta verið dóttir Þórólfs Ögmundssonar, er kallaður var »biskup«, móðurbróður Ögmundar biskups, þótt sá Þórólfur hafi eflaust orðið gamall. Í ættatölunum í Bisks. II, 294—298 er Guðrún ekki heldur talinn meðal barna Þórólfs Eyjólfssonar.

2) Um næstu afkomendur Þórólfs Eyjólfssonar og Margrétar Erlendsdóttur sjá Bisks. II, 294—298. Er mikill ættbálkur þaðan kominn. Í dómabókum finnst, að einn son Þorvarðar Þórólfs-sonar, er ekki er getið í ættatölum, hefur verið:

1. Ormur (ef til vill sami og Ormur prestur Þorvarðsson á Reynivöllum † 1629). Börn hans:
  - a. Jón prestur (líklega séra Jón Ormsson í Laugardælum 1636).
  - b. Rögnvaldur, (ef til vill sami og Rögnvaldur prestur Orms-son í Möðrudal?).
  - c. Þórður.

*Kona önnur Erlends*: Guðrún Jónsdóttir. Anno 1541 laugardaginn næstan fyrir Mikaelsmessu á Skarði í Langadal, framfór svofelldur kaupmáli millum Erlends lögmanns Þorvarðssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, sem þá gerðist hans ektakvinna, með ráði og samþykki hennar næstu frænda, sem var hennar móðir Kristín Gottskálksdóttir og elzti skilgetinn bróðir Egill Jónsson, að þau mæðgin Kristín og Egill gáfu og lögðu þessa peninga henni til giptingar, með þeim peningum, sem hún átti áður í sinn föðurarf: jarðirnar Vik og Hól í Skagafirði fyrir 100 hndr. og Víkurland á Skaga fyrir 20 hndr., Bjarg í Miðfirði 60 hndr. og hér til 20 kúgildi og 40 hndr. í silfri og öðrum góðum peningum. Hér á mót lagði greindur Erlendur lögmann 5 hndr. hndr. og gaf henni þar af eitt hundrað hundraða, og skyldi hún vera mála-kona í hans garð. Á sama stað gerði Erlendur lögmaður brúðkaup og festing til nefndrar Guðrúnar. Að téðum gerningi voru vottar: Helgi ábóti á Þingeyrum, síra Björn Ólafsson, Eiríkur Þorvarðarson, Þormóður Arason, Jón Björnsson, Flóvent Helgason, sem settu sín innsigli fyrir kaupmálabréfið.

- 
- d. Þórólfur, dáinn um 1642, átti Briet Jónsdóttur og Brietar Teitsdóttur prests á Lundi Péturssonar, p. b.:
- aa. Þóra (f. um 1632).
- bb. Katrín (f. um 1633) átti Pál Bjarnason. Dóttir hennar Briet.
- cc. Elízabet (f. um 1636).
- dd. Teitur (f. um 1637 ÷ 7. júní 1692), bjó í Grafarkoti í Lundarreykjadal, átti Hallfríði Arnþórsdóttur, p. b.: Þórður, Rögnvaldur, Þóra.
- ee. Margrét (f. um 1640).
- ff. Jón var á 1. ári 1642, var á Kroppi í Reykholtsdal 1672. Laundóttir hans með Kristínu Hallsdóttur Guðrún. [Þetta um afkomendur Orms Þorvarðssonar er tekið eptir framfærsludómi frá 1642 í svonetndri Hörgslands dómabók í landsskjalasafninu].



1542 að Strönd í Selvogi in visitatione St. Maríæ voru framanskrifaðir skilmálar endurnýj- aðir svoleiðis: Erlendur lögmaður hafði til kaups við konu sína 5 hndr. hndr. en hennar heimanfylgja var 2 hndr. hndr. Upp í téð 5 hndr. hndr. taldi hann sér: Kolbeinsstaði í Kolbeinsstaðahreppi 100 hndr., Gröf í Eyrar- sveit 20 hndr., Breiðabólsstað í Ölfusi 50 hndr., Hraun 30 hndr., Grímslæk og Litlaland 30 hndr. og Þúfu 20 hndr., allt í sömu sveit. Þar til 1 hndr. hndr. í silfri og 30 málnytjukúgildi, 1 hndr. hndr. í skipum og öðrum þarflegum aurum. Hennar peningar töldust: Ás í Vatns- dal 60 hndr. Brekka 20 hndr., Eyjólsstaðir og Bakki 40 hndr., Bjarg í Miðfirði 60 hndr. og hér með 20 málnytju kúgildi, 40 hndr. í silfri og 20 hndr. í þarflegum peningum. Reiknast þetta til samans 2 hndr. hndr. Hér til lagði herra Erlendur af fyr skrifuðu sínu fé, 1 hndr. hndr., svo máli greindrar hústrúr Guðrúnar varð 3 hndr. hndr., voru þar í sérdeilis tilskildir Kolbeinsstaðir og hér úti löggjafir, sem er fjórð- ungsgjöf, og áður var umtalað að vera skyldi 60 hndr. Vitni þessa gernings voru: Síra Björn Ólafsson er fyr var viðstaddur á brúð- kaupsdegi, síra Jón Jónsson, Ormur Þorsteins- son og Björn Þórðarson, sem settu undir það kaupmálabréf sín innsigli.

*Kona þriðja* Erlends nefnist Arnleif.

Óvíst er um börn þeirra kvenna; þó telja sum- ar ættir, að einn son þessa Erlends hafi verið Narfi faðir Erlends á Kirkjulandi í Landeyjum og Salbjargar Narfadóttur, konu Eyjóls föður Narfa föður Vigdísar og Gunnlaugs, einnig Guðmundar og Jóns, sem drukknuðu í Þjórsá á Eyjarvaði, og áttu þá eptir laungetin börn<sup>1)</sup>.

1) Þetta er röng ágizkun hjá Boga. Narfi faðir Erlends, Sal- bjargar, Guðmundar og Jóns var Narfi sýslumaður Erlendsson

Þá Erlendur vóx upp gerðist hann mikill uppvöðslumaður. Hann giptist snemma og bjó þá fyrst á eign sinni Kolbeinsstöðum. Óljóst er mér, hvort hann hefur þá haldið sýslu í Þverárþingi, eða annarsstaðar. Þess er getið, þá Erlendur var á léttasta skeiði, og fylgdi Stefáni biskupi móðurbróður sínum, var hann ásamt fleiri höfðingjum í Viðey 1518<sup>1</sup>). Þar var þá og Ormur Einarsson, er átti Ragnheiði systur hans, bar þeim á millum út af heimanfylgju Ragnheiðar, hvar af Erlendur hafði undir sig dregið nokkuð, Sóttust þeir með vopnum í útidyrum í Viðey, meðan biskupsveizla yfir stóð. Tveir menn vildu stöðva þá, en særðust og fengu ei aðgert. Erlendur særði Orm banasári. Meina menn að biskup og Vigfús lögmaður frændur hans hafi þá komið honum utan, og hafi hann þá fengið aflát hjá konungi, og bætt fyrir vígið, en komið út 1520 eða 1519, og að Vigfús lögmaður hafi þá sett hann fyrir sinn umboðsmann 1520, þá hann sjálfur fór utan með Ögmundi biskupsefni. Hitt er vist að lögmaður var hann orðinn sunnan og austan 1523<sup>2</sup>), því 1523 mándaginn eptir páskaviku, lét Erlendur ganga 12 manna dóm í Kópavogi um rán Thyla Péturssonar á Bessastöðum, þá hann rænti því hann náði, og fangaði Hannes hirðstjóra og hélt honum hjá sér í 14 daga. Dæmdist Thyle óbótamaður<sup>3</sup>). (Að sönnu ritar dr. Finnur biskup, að hann hafi orðið lögmaður 1527 og slept því embætti 1554, en því get eg ekki samsinnt). 1536 fékk Erlendur kóngs Kristjáns 3. bréf fyrir lögsögu sunnan, austan og

---

föðurbróðir Erlends lögmanns Þorvarðssonar, en alls ekki sonur hans (sjá Rangárþing). Annars er mjög óvist um 3. konu Erlends lögmanns, en venjulegast er hann þó talinn prikvæntur.

1) Réttara mun 1519. Erlendur hefur þá verið ungur, því að hann mun ekki fæddur öllu fyr en um 1496, eða litlu áður og mun ekki hafa verið eldri en rúmlega hálfþritugur, er hann var kjörinn lögmaður 1521, ef til vill heldur yngri (Fbrs. VIII, 816).

2) Hann varð lögmaður sunnan og austan 1521 (sjá hér á undan).

3) Þessi dómur frá 1. júní 1523 er prentaður í Ísl. Fornbrs. IX, 140—142.

vestan á Íslandi en 1539 á St. Mathíæ dag annað, að vera lögmaður sunnan og austan. 1538 lét Erlendur Þorvarðarson lögmaður dóm ganga að Bakkarholti í Ölfusi, um hýsingu fátækra manna, með 6 mönnum.

Árnessýslu mun hann og hafa tekið eptir Vigfús lögmann 1522; þar finn eg hann hefur 1525 nefnt 6 menn í dóm<sup>1</sup>). Erlendur hélt Jón Björnsson fyrir umboðsmann, því í hans umboði lét Jón dóm ganga um dráp Diðriks af Mynden; voru þá dómsmenn: Páll Vigfússon á Hliðarenda, Sæmundur Eiríksson í Ási, Daði Guðmundsson í Snóksdal og lleiri.

1543 lét Erlendur 12 manna dóm ganga á Egilsstöðum í Múlasýslu, um byggðarrikti, að Sesselja Loptsdóttir hefði drepið mann sinn (það var lögmannsdómur).

1544 nefndi Erlendur 6 menn í dóm að Nesi í Selvogi, miðvikudaginn næstan fyrir Pálsmessu um veturinn, að dæma um orðbragð, skatthald og ógoldna landsskuld, millum Erlends lögmanns og Þorsteins Pálssonar. Þar af sézt, að Erlendur hélt þá enn Árneshing; þá hafði hann og Kjalarneshing. En fyrir 1550 hefur hann slept Árneshingi og Jón Björnsson tekið það<sup>2</sup>).

Lögdæminu sleppti Erlendur 1553, þá hann var afsettur embættinu af Páli Hvítfeld. Voru honum þá bornar margar sakargiptir:

1. að hann hefði stungið með hnífi Guðlaugu Runólfsdóttur.
2. að hann hefði verið með að rupla kóngsgarðinn Bessastaði.
3. hafi í nokkur ár ekki goldið biskupstúndir eða kirkjugjöld.
4. selt kóngsjörð, sem lengi hafði í eyði verið.

---

1) Árið 1525 finnst ekki annar dómur eptir Erlend en 6 manna alþingisdómur (1. júlí 1525) um ákæru Péturs Loptssonar til Eyjólfssonar (Fbrs. IX, 268—269). Ártalið líklega skakkt hér og á við einhvern síðari dóm Erlends lögmanns í Árnessýslu, ef til vill Bakkarholtsdóm 1538.

2) Talið er þó, að Erlendur hafi verið kongsumboðsmaður í Árnessýslu 1551 (sbr. Sýslumannaskrá J. S, 64 fol. í landsbókafögninu).

5. gefið friðlausum manni, sem drepíð hafði húsbónda sinn, verndarbréf.
6. veitt högg, stingi og misþyrmingu Ormi Þorsteinssyni og hans fylgjurum. Hér fyrir dæmdist hann af embætti og allt hans fé fallið undir kong. Stóðu málin lengi yfir og hafði hann fyrst ýms undanbrögð, og þá ekki dugði skaut Erlendur þeim fyrir kong, sem 1558 dag 27. janúar gaf honum lausn á fé sínu fyrir 500 rdl.

Þess er að geta, að Erlendur lögmaður hjó fyrst á Kolbeinsstöðum, og þar missti hann sína fyrstu konu. Skrifað er, að eptir það hann vóg Orm mág sinn, hafi hann vegið pilt á Kolbeinsstöðum. Nálægt eða fyrir 1530 flutti hann að Strönd í Selvogi til hægðar sér í embættisverkum, þá hann hélt Árnæssýslu. En hans kona deyði snögglega, og var þar um margt rætt. Er og sögn hann hafi vegið nokkur víg, en ekki er kunnugt hvað mörg, eða með hverjum atvikum.

Fyrst framan af voru þeir Ögmundur biskup vinir, en brátt kólnaði kærleiki þeirra. Biskup ásakaði hann fyrir, að hafa slegið prest nokkurn í Vogsóskirkjukór, og annan prest á Kolbeinsstöðum, og hefði svo báða hrakið, að blætt hefði. Einnig að hann héldi hóru sína á heimili sínu; að hann héldi Skálholtskirkjueign; að hann hefði stefnt biskupi fyrir kóng; að hann hefði sagt, að biskupinn fóttræði konungsins rétt og héldi konungsjörðunni Háeyri; að hann hefði lofað prestunum að bæta þeim, en ekki efnt það; að hann hefði ekki viljað tala við biskupsins erindisreka, sem hefði átt að stefna honum. Vegna þriggja fyrst talinna saka var hann dæmdur að betala Skálholtskirkju og biskupi 90 merkur, og fallinn í bann; en vegna orða hans um biskupinn, skyldi hann taka aflausn biskups og vera fallinn í bann, ef hann þrjóskaðist í því í-dæmda. Ei er ljóst, hver málalok urðu, þó ætla eg að Erlendur hafi lítið til vægt, og biskup minnkað ofsa sinn. Erlendur hefur opt farið utan og fengið uppgjöf konungs á vígaferlum sínum.

Sagt er hann hafi með ellinni orðið því nær blindur, og því rita sumir, að hann hafi slept lögmannsdæminu.

1561 eða 1562, þá Jón sýslumaður Marteinson giptist

Guðbjörgu dóttur hans, var hann í því brúðkaupi, og þá að kalla blindur.

1576 (al. 1577) deyði Erlendur<sup>1</sup>). Hafði hann verið hið mesta afarmenni, ofsafenginn, kvennamaður. Hann var og kallaður fjölkunnugur. Þar hjá var hann spekingur að viti og auðmaður. Hann hliðraði sér hjá eptir megni málum biskupanna, lét Jón umboðsmann sinn gera í málum, svo sem um dráp Diðriks af Mynden og hans fylgjara, og eigi vildi hann blanda sér í mál Jóns biskups Arasonar, sem sjá má af bréfi Kristjáns skrifara til Daða í Snóksdal, hvar Kristján hrósar vitsmunum og forsjálni Erlends.

### Jón Björnsson.

1525 nefndi hann 6 menn í dóm um ákæru þá, er Jón Ísleifsson kærði til Jóns Eyjólfssonar um hald á vinnukonu, dæmdist af Jóni Eyjólfssyni eyrir á viku fyrir haldið og 4 merkur í fullrétti<sup>2</sup>). (Mun hafa verið í umboði Erlends). 1529 nefndi hann menn í dóm að Þjóðólfshaga, um þá sem halda lögráðið hjú annars manns<sup>3</sup>) 1539 útnefndi hann menn í dóm um dráp Diðriks af Mynden<sup>4</sup>). Hygg eg allt þetta í umboði Erlends lögmanns, og að

1) 1576 mun réttara. Hefur Erlendur þá verið kominn yfir áttætt. Sjá meðal annars um hann: Lögsögumannatal og lögmannna: Safn II, 110—111.

2) Þessi dómur finnst ekki í Fornbréfasafninu þetta ár (1525), og er því líklega frá öðru ári síðar. Hinsvegar er til 6 manna dómur um framfæri Sigríðar Jónsdóttur, útnefndur á Vatnsleysu í Biskupstungum 12. maí 1524 af Jóni Björnssyni, er þá hafði »míns herra kongsins sýslu og umboð í Árnesi« (Fbrs. IX, 211—212). Hefur þá Jón beinlínis haldið sýsluna fyrir eigin reikning, en ekki í umboði Erlends. Þó virðist hann síðar hafa verið stundum umboðsmaður hans.

3) Ártalið 1529 á þessum dómi er skakkt og á að vera 1539. Er sami dómurinn og Bogi getur síðar um, að Jón hafi dæmt í Þjóðólfshaga 1539 um hald á vinnukonu og dráp á kú.

4) Sá dómur var útnefndur í Laxárholti, og segir séra Jón Halldórsson beinlínis að það hafi verið í umboði Erlends lögmanns (Hirðstjóraannáll: Safn til s. Ísl. II, 681—682).

Jón hafi nálægt 1525 orðið hans umboðsmaður og haldið því umboði til þess um 1545, þá Erlendur hefur nálægt þeim tíma sleppt sýslunni, en Jón tekið hana að veitingu, og haldið hana til 1554 eða nálægt því, þó árið sé óvíst. 1545<sup>1)</sup> var Jón vottur að trúlofun Þorláks Einarssonar og Katrínar Hannesdóttur. 1550 var hann í Skálholti og mælti á móti aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans; kallast hann þá sýslumaður í Árnessýslu.

1539 lætur hann að Þjóðólfshaga ganga dóm um hald á vinnukonu og um dráp á kú. Þar dómur þessi framfór í Rangárþingi hygg eg hann hafi dæmt í umboði Jóns Hallssonar (máske þetta sé sami dómur og nefndur er fyrir við árið 1529). 1541 að Reyðarvatni lét hann dóm ganga um skipsáróðrarmenn. 1554 fékk Eggert Hannesson sýsluna og hefur Jón Björnsson þá líklega orðið umboðsmaður 1555—1556.

### Niels Ólafsson.

Eg meina hann danskan. Var hann umboðsmaður hirðstjórans Páls Stígssonar yfir þremur landsfjórðungum, og ásamt öðrum sýslum tók hann sjálfur undir sig Árnesþing 1564 og lét sama ár dóm ganga að Bakkarholti í Ölfusi. Eg meina hann hafi eigi sjálfur haldið sýsluna, utan það eina ár, en þar eptir haft Gisla Sveinsson fyrir sinn umboðsmann í þessari sýslu, því umboðsmenn hirðstjóra tóku sjálfir þær sýslur, sem þeim sýndist, um þær mundir, eins og Henrik Krag tók þá Snæfellsnessýslu og Stapaumboð sama ár<sup>2)</sup>.

Auðvitað er, að Jón Björnsson hefur þá verið frá sýslunni og máske dáinn.

### Eggert Hannesson lögmaður.

Eptir veitingarbréfi Eggerts fyrir lögdæminu S. og A. dagsettu sunnudaginn judica 1554 af Kristjáni þriðja, lénar

1) Mun réttara: 1544 (sbr. Árb. Esp. IV, 15). Ætt Jóns sýslumanns Björnssonar er ekki kunn.

2) Sbr. Hirðstjóraannál Jóns Halldórssonar: Safn til s. Ísl. II, 705. Niels hefur vafalaust verið danskur að ætt.

hann Eggert í lögmannskaup Árneshing, utan 13 marka og óbóta-mál. Mun Eggert hafa slept þessari sýslu fyrir 1560 eða um 1556 eða 1557.

### Ormur Jónsson.

1560 útnefndi hann dómsmenn á Vælugerðisþingi, um kaplageymslu Skálholtsstaðarlandseta. (Hann var þetta ár settur fyrir sýsluna, en í Þverárþingi 1561)<sup>1)</sup>.

1) Þetta er Ormur Jónsson, er bjó í Reykjavík (sbr. Safn til s. Ísl. I, 114) og andaðist 1564. Er svo sagt í hdr. 199 4<sup>to</sup> (Lbs.) með hendi Hannesar biskups, að Ormur hafi fallið af hestbaki og dáið af afleiðingum þeirrar bylту. Af sama hesti hafi og Páll Stígsson hirðstjóri dottið og Grímur Þorleifsson frá Möðruvöllum og beðið báðir bana af (sbr. Ísl. Sagnapætti I, 19). Framætt Orms er ókunn, en lítill vafi virðist á því, að Ormur Vigfússon í Eyjum hafi verið af þessari sömu ætt og ef til vill heitinn eptir Ormi í Vik, hvernig sem þeim skyldleika hefur verið háttáð. Þykir mér sennilegt, að Ormur Jónsson hafi verið af Viðeyjarmönnum kominn (ætt Steinmóds ábóta), eins og eg hef áður talið um Orm í Eyjum (sbr. hér að framan bls. 6–7 n. m.). Um 1500 kemur *Jón Ormsson* opt við bréf og gerninga í Viðey og gæti hann verið faðir Orms, og sonur *Orms Jónssonar* konventubróður í Viðey eptir miðja 15. öld, því að það er enginn efi á, að sá Ormur er dáinn fyrir 1497, eins og sjá má af vitnisburði Böðvars prests Jónssonar á Starnesi 20. apríl það ár (Fbrs. VII, 337). En hitt skjalið, þar sem Orms er getið (landamerkjaskrá um Laugarvatn og Snorrastaði er ártalslaus og sennilega eldri en frá 1497 (Fbrs. VII, 324–325). Að Árni Magnússon segir, að Ormur »konventubróðir« hafi verið á lífi 1497 (Fbrs. VII, 325 n. m.) stafar eflaust af lauslegri athugun á Starnesvitnisburðinum. Þessi Ormur Jónsson hefur því verið munkur í Viðey á tímum Steinmóds ábóta (um 1450–1480). Son hans og bróðir Jóns Ormssonar gæti verið sá Vilhjálmur Ormsson, sem verið hefur í Viðey, og er annar vottur að sölu Þorvarðs Steinmóðssonar (ábóta) á 20 hundruðum í Reykjavík. Fer sá gerningur fram 22. desember 1487, en bréfið ritað tveim árum síðar (1489) í klaustrinu í Viðey (Fbrs. VI. 610–611). Vilhjálmur er dáinn fyrir 8. marz 1494, því að þá gefur Stefán biskup Þorbirni Jónssyni leyfi til að flytja burt af Viðey peninga þá, er féllu eptir Vilhjálmi heitann Ormsson og Guðrúnu Andrésdóttur (Fbrs. VII, 305). Einkennilegt er, að Vilhjálmsnafnið, sem er mjög fágætt á þeim tímum, kemur síðar fram í Kalastadaættinni, því að einn son Vigfúsar á Kalastöðum og bróðir Orms í Eyjum hét Vilhjálmur. Tel eg lítinn vafa á, að þetta sé ein og sama ættin og ætt Orms í Vik. Með því að landa-

## Gísli Sveinsson.

- Faðir:* Sveinn Hólmfastsson.  
*Móðir:* Guðlaug Jónsdóttir Erlendssonar<sup>1)</sup> (sjá Rang-  
 árþing).  
*Kona:* Guðrún dóttir Gísla biskups Jónssonar (seinni  
 maður Guðrúnar var Stefán son Gunnars Gísla-  
 sonar).  
*Börn:* A. Sira Guðmundur í Gaulverjabæ<sup>2)</sup> (dó 1605),

---

merkjaskrá Reykjavíkur, sem talin er frá því um 1500 (Fbrs. VII, 458), er árstalslaus, verður tæplega byggt á því, að Jón Pálsson, sem þar er nefndur búandi ásamt Ólafi Ólafssyni, og þá meira en fimmtugur að aldri, hafi verið faðir Orms í Vik, því að landamerkjaskrá þessi getur verið miklu yngri en frá 1500, þótt einn vottanna sé Gissur Þorleifsson, sem opt kemur við Viðeyjarbrét um þær mundir. En þessi Jón Pálsson, sem í landamerkjaskránni er nefndur, getur þó tímans vegna ekki verið Jón faðir Vigfúsar á Kalaslöðum, enda þótt skráin væri ekki eldri en frá því um 1520.

Ormur Jónsson sýslumaður í Reykjavík átti Ingibjörgu dóttur Narfa ábóta Ívarssonar á Helgafelli<sup>1)</sup> og voru synir þeirra:

- a. Narfi í Reykjavík (sbr. II, 502—504). Einn ættleggur frá honum (»Narfaættin« í Árnessýslu) er rakin á bls 4—6 n. m. hér að framan.
- b. Ögmundur bjó í Reykjavík um hrið ásamt Narfa bróður sínum. Son hans Ormur var austur í Ölfusi, átti Þorkötlu Ólafsdóttur frá Bakkarholti Eyjólfssonar á Hjalla Jónssonar, systur Sigurðar í Bakkarholti. Ætt frá þeim er ókunn.

1) Jón faðir Guðlaugar var bróðir þeirra Erlendssona, Þorvarðs og Vigfúsar.

2) Séra Guðmundur og séra Bjarni voru ekki synir Gísla og Guðrúnar Gísladóttur biskups, þótt svo sé talið í öllum ættartölum, heldur synir Gísla og fyrri konu hans Guðlaugar Guðmundsdóttur prests í Hrepphólum Jónssonar eldra á Núpi Magnússonar (sjá hér áður). Þetta sést beinlínis af framfærsludómi í dóma-bók Einars sýslumanns Hákonarsonar frá 1620. Guðrún dóttir Gísla biskups var s. k. Gísla og voru 5 börn þeirra: (Sveinn, Magnús, Valgerður, Guðrún, Ingunn, Kristín).

---

1) Í ættartölubókinni Lbs. 199 4<sup>to</sup> er kona Orms talin Katrín Hallsdóttir, systir Solveigar, er átti Þorleif Grimsson á Möðruvöllum, og Þorgerðar konu Björns á Breiðavæði í Langadal. Hún hefur því ef til vill verið s. k. hans.



átti Önnu dóttur Þorláks Hreiðarssonar á Köllustöðum<sup>1)</sup>); börn:

- a. Salvör átti Bjarna á Stokkseyri Sigurðs-son; börn:
  - aa. Síra Þorlákur á Helgafelli, tvígiptur barnlaus, dó 1673.
  - bb. Gísli í Skarði á Landi, giptist og átti börn, kól 1629.
  - cc. Magnús Vestmannaeyjasýslumaður (sjá þar).
  - dd. Markús á Stokkseyri kól 1629, dó 1687, giptist átti börn.
  - ee. Ragnheiður átti Einar Ólafsson Árnasonar í Gunnarsholti og börn.
  - ff. Ingibjörg seinni kona Páls Gíslasonar landskrifara, átti börn.
  - gg. Síra Guðmundur, dó barnlaus.
  - hh. Sigurður á Háeyri, barnlaus.
- b. Guðlaug Guðmundsdóttir átti Torfa á Keldum Eiríksson; börn:
  - aa. Guðmundur dó á Keldum 1669, átti 1644 Valgerði dóttur Halldórs lögmanns Ólafssonar og börn.
  - bb. Sigríður.
  - cc. Jón.
  - dd. Gróa fyrri kona Hákonar Bjarnasonar Hákonarsonar Árnasonar.
- c. Helga átti Arnór »Laganóra« holgóma eystra á Öndverðarnesi, börn:
  - aa. Jón á Skeiðum<sup>2)</sup> átti Þorgerði Oddsdóttur og börn.

---

1) Þorlákur bjó á Loptsstöðum.

2) Jón átti Skálmholtshraun og bjó þar. Þorgerður kona hans var dóttir séra Odds Stefánssonar í Gaulverjabæ, þ. b.:

a. Oddur í Háholt á Skeiðum átti Katrínu Erasmusdóttur prests í Hrepphólum Pálssonar, þ. b.:

aa. Gísli átti Óshildi Hinriksdóttur Magnússonar, þ. b.: Ingibjörg, Sólborg, Katrin, Guðlaug, Þorgerður, Sigríður og Valgerður, er átti fyr Jón Eiríksson á Laugum í Flóa

- bb. Magnús<sup>1)</sup> átti Guðnýju Torfadóttur og börn:
- cc. Guðrún tvígipt, átti Nikulás fyr<sup>2)</sup> og Erlend<sup>3)</sup> síðar og börn.
- dd. Borghildur átti Guðmund<sup>4)</sup> og börn.
- d. Magnús Guðmundsson átti Guðrúnu Jónsdóttur Stefánssonar; börn:
  - aa. Puriður átti Einar Jónsson Ólafssonar og börn.

- 
- Hjörtssonar, p. b.: Guðmundur verksmiðjuforstöðumaður í Reykjavík, faðir Kristjáns á Brekkum í Hvollhrepp. S. m. Valgerðar Gísladóttur Páll Helgason, p. b.: Óshildur.
- bb. Guðmundur átti Önnu Guðmundsdóttur á Lindarhamri Viglússonar á Ísabakka Þórólssonar.
- b. Guðmundur. Börn hans:
- aa. Helgi í Sandvík í Flóa.
  - bb. Þorvarður í Sauðholti í Holtum og Hamrahól átti Ingvaldi Gísladóttur og mörg börn. Ennfremur mun hafa verið son Guðmundar:
  - cc. Arnór á Gjábakka í Þingvallasveit átti Puriði Jónsdóttur. Son þeirra Guðmundur á Skálabrekku, faðir Jóns s. st., föður Einars föður Halldórs hreppstjóra á Kárastöðum.
- c. Ingibjörg átti Þorstein skáld á Hæli í Eystrihrepp son Magnúsar Eiríkssonar á Skriðufelli og var f. k. hans. Hann var á lífi 1729, 77 ára. S. k. hans Guðlaug Örnólfsdóttir. Son hans og Ingibjargar:
- aa. Guðni í Langholti í Flóa, átti Margræti Magnúsdóttur, p. b.:
    - aaa. Ingibjörg átti Eyjólf Björnsson í Litlutungu í Holtum, p. d.: Margrét átti Ólaf í Nesi við Þjórsá Jónsson s. st. Jónssonar og Ingvaldar Sigurðardóttur í Skálmholtshrauni Ísólssonar.
- d. Arnór.
- e. Helga.
- f. Ingiríður.

1) Magnús bjó á Kotferju. Guðný kona hans var dóttir Torfa Jónssonar lögréttumanns í Hlíð sjá hér áður bls. 224.

2) Nikulás Oddsson í Sauðholti var bróðir Þorgerðar konu Jóns Arnórssonar, bróður Guðrúnar.

3) Erlendur s. m. Guðrúnar var Erlendur Bjarnason í Ásum í Eystrihrepp.

4) Maður Borghildar er venjulega nefndur Guðni og hafi þau verið á Kalmannstjörn í Höfnum.

- bb. Salvör átti Gunnar Jónsson í Hvammi á Landi og börn.
- cc. Þórdís átti Daða son síra Jóns Gunnlaugssonar og börn.
- dd. Guðrún átti Þórólf Guðmundsson frá Háfi og börn.
- ee. Guðrún yngri átti Loft Jónsson á Eyvindarstöðum og börn<sup>1)</sup>.

1) Sonur Lopts var:

- a. Sigurður á Hjalla og síðar Nesi í Selvogi átti Guðríði Snorra-dóttur, p. b.:
  - aa. Bjarni í Nesi í Selvogi átti Guðrúnu Pálsdóttur lögréttu-manns Björnssonar.
  - bb. Pétur í Nesi í Selvogi átti Helgu Þorsteinsdóttur, p. b.:
    - aaa. Sigurður í Vorsabæ í Flóa átti Járngerði Hjörts-dóttur á Velli Andréssonar; son þeirra Bjarni ridd-ari, kaupmaður í Hafnarfirði.
    - bbb. Herdís átti Þorstein á Bjarnastöðum í Selvogi Jóns-son í Eymu Hróbjartssonar, p. b. mörg, þar á með- al Guðmundur á Járngerðarstöðum faðir Páls í Hauka- dal föður Eyvindar á Stafnesi og Sigurðar í Hauka- dal föður Greips, er þar bjó síðar, og Jóns Guð- manns á Laug.
    - ccc. Þorsteinn átti Ingunni Klemensdóttur frá Einarshöfn Jónssonar, p. d. Una átti fyr Ísak Jónsson á Gufu- nesi, en síðar séra Helga Bjarnason á Reynivöllum.
    - ddd. Katrín átti Jón Þorsteinsson á Ófriðarstöðum.
    - eee. Anna átti Þorkel Hjörtsson á Rútsstöðum, p. b.: Hjörtur á Bjarnastöðum í Selvogi, Ísólfur á Mið- húsum í Biskupstungum, Hinrik í Brandshúsum, Hafliðj á Birnustöðum, Herdís, er átti Valda Markús- son í Geirakoti, og Guðrún f. k. Ólafs Lénharðsson- sonar á Egilsstöðum.
  - fff. Guðrún átti Orm á Hamri í Flóa Arnþórsson Björns- sonar; þeirra son Bjarni í Sviðugörðum.
  - ggg. Guðlaug átti Guðmund Björnsson á Galtastöðum í Flóa; þeirra dóttir:
    - a) Guðrún átti Pétur Grimsson á Galtastöðum, þeirra synir Guðmundur verzlunarstjóri í Reykjavík (sbr. III, 357—359), Friðfinnur á Galtastöðum, Bjarni í Hákoti og Andrés í Hólmfastskoti.
  - hhh. Guðríður átti Þórð í Þorlákshöfn launson Gunnars Jónssonar og Þuríðar Halldórsdóttur frá Stóru- Sandvík Jónssonar, p. b.:

- ff. Guðný tvígípt átti son, sem sigldi.
- e. Gísli átti Kristínu Eiríksdóttur, Björnssonar frá Keldum; börn:
- aa. Eiríkur átti Önnu Jónsdóttur og mörg börn.
- bb. Guðmundur átti Guðrúnu Jónsdóttur og börn.
- cc. Vilborg (al. Guðrún) átti Bjarna Jónsson og börn.
- dd. Katrín átti Jón Ólafsson á Búðarhvoli og börn.
- ee. Salvör átti Sigurð Hallsson og börn.
- 
- a) Pétur á Loptsstöðum átti Hildi Þorkelsdóttur, p. b.:
- a. Þorkell í Skógsnesi.
- b. Þorsteinn á Ragnheiðarstöðum í Flóa.
- c. Vígfús í Móakoti í Grindavík.
- d. Þórður.
- e. Ingibjörg átti Orm í Hamarshjáleigu Magnússon Ormssonar og Halldóru Oddsdóttur í í Vorsabæ Loptssonar í Árhrauni Guðmundssonar.
- f. Guðriður átti Eyvind Björnsson verzlunarmann í Keflavík.
- g. Helga átti launson með Þórði Eyjólfssyni frá Skúflæk Sigurðssonar, er Þórður hét.
- h. Jón.
- i. Hildur.
- Launson Péturs Þórðarsonar:
- k. Gísli á Óseyri við Hafnarfjörð átti Þorbjörgu Þorlákisdóttur frá Fossi í Ytrihrepp Þorsteinsonar í Jötu Oddssonar (sjá hér áður) p. b. Guðný átti Hans Möller kaupmann í Reykjavík.
- b) Þorsteinn í Þorlákshöfn átti Ingibjörgu Halldórsdóttur í Þorlákshöfn Jónssonar á Kröggólfsstöðum Eyjólfssonar, p. b.:
- a. Guðbjörg átti Einar á Reyðarvatni Gunnarsson frá Hvammi á Landi Einarssonar.
- c) Þuríður átti Jón Freysteinnsson á Þurá í Ölfusi.
- d) Margrét átti Gísli Eiríksson á Úlljótuvatni.
- e) Guðrún átti fyr Ásmund Jónsson á Litlalandi, síðar Þorgeir á Litlalandi Þorláksson á Hjalla Guðmundssonar, þeirra dætur Herdís og Guðriður.

B. Síra Bjarni Gislason í Ásum í Skaptártungu átti fyr Katrínu (al. Kristínu) dóttur Halldórs sýslumanns og klausturhaldara í Skaptarfellssýslu (sjá Skaptárþing); börn:

- a. Síra Gísli prófastur á Stað í Grindavík (dó 1656) átti fyr Guðrúnu systur síra Gunnars Pálssonar, börn:
  - aa. Síra Ólafur í Hvalsnesþingum, seinni maður Guðríðar Gísladóttur, hans son: Gísli í Njarðvík faðir Ólafs biskups.
  - bb. Jón á Hópi í Grindavík, átti börn.
  - cc. Sigurður á Stafnesi átti Guðbjörgu og börn.
  - dd. Bjarni fór utan til Hollands 1645.
  - ee. Katrín átti síra Vigfús Oddsson og börn.
  - ff. Ingveldur átti síra Sumarliða Ormsson og börn.
  - gg. Guðríður átti Helga, sem hernuminn var, Jónsson og börn,

Seinni kona síra Gísla Bjarnasonar: Guðrún dóttir síra Jóns í Grindavík. barnlaus<sup>1</sup>).

- C. Sveinn (son Gísla sýslum.) átti Guðrúnu dóttur Stefáns í Oddgeirshólum Gunnarssonar á Viðivöllum<sup>2</sup>); börn:
  - a. Sveinn átti fyr Kristínu Þormóðsdóttur ekkju frá Bræðratungu, þau barnlaus.

1) Frá þeim séra Guðmundi og séra Bjarna sonum Gísla Sveinssonar, er mikill ættbálkur kominn, sem hér yrði oflangt að rekja út í æsar.

2) Í Bisks. II, 651 er kona Sveins talin Guðríður Sveinsdóttir frá Kálfafelli (dóttir séra Sveins Jónssonar á Kálfafelli) og mun það rétt, þ. b.: Sveinn og Katrín, en sennilegt er, að Guðrún Stefánsdóttir Gunnarssonar hafi verið s. k. Sveins. Annars er í ættartölum mikill ruglingur um börn Gísla sýslumanns Sveinssonar og erfitt að greiða úr því með fullri vissu, enda hefur Bogi allmjög í þessu villzt og verður það leiðrétt hér, eptir því sem unnt er.

Seinni kona Sveins Guðríður Sveinsdóttir frá Kálfholti<sup>1</sup>), börn:

- aa. Katrín átti launbarn, það dó; hún giptist og átti börn<sup>2</sup>).
- bb. Ingunn átti barn við Kvæða-Eyjólfi, giptist svo og átti börn<sup>3</sup>).

1) Þetta er skakkt. Guðríður Sveinsdóttir var kona Sveins föður hans og móðir Sveins yngra, að því er talið er.

2) Katrín þessi var dóttir Sveins Gislasonar, en ekki sonar-dóttir hans. Hún er ómági í Miðfelli 1675 og þá dæmd á framfæri skyldmenna sinna. Systurson hennar er þá nefndur Sveinn Sveinsson á Seltjarnarnesi.

3) Ingunn, er átti barn með Kvæða-Eyjólfi, var dóttir Gísla sýslumanns Sveinssonar, en ekki Sveins yngra. Það sést ljóslega af dómi Einars sýslumanns Hákonarsonar 15. apríl 1624 í Gröf í Ytrihepp um framfæri Þorgils Þórissonar, bróðursonar Gísla sýslumanns. Eru þá séra Gíslí Árnason og Sveinbjörn Geirmundsson eiginmenn Guðrúnar og Ingunnar Gísladætra þar nefndir. Ingunn átti Sveinbjörn Geirmundsson, hjuggu þau á Skúmsstöðum á Eyrarbakka. Sveinbjörn hefur verið son Geirmundar Jónssonar, er kemur við bréf á Eyrarbakka á síðari hluta 16. aldar. Bræður Sveinbjarnar voru Björn og Arnljótur Geirmundssynir og systir þeirra eflaust Guðrún Geirmundsdóttir, er átti Ögmund Sighvatsson (Galdra-Ögmund) á Loptsstöðum. Sonur þeirra Páll bjó á Loptsstöðum, átti Sigríði Björnsdóttur þ. b.: Gíslí, Guðmundur og Snjólaug, er átti Þorlák Arvíðsson Þorleifssonar, Ásmundssonar frá Hvoli. Dóttir Páls Ögmundssonar mun og hafa verið sú Geirlaug Pálsdóttir, er 1685 giptist Jóni Egilssyni í Ytrihepp bróður Sveinbjarnar Egilssonar í Miðhúsum í Sandvíkurhreppi og eru þau Jón og Geirlaug talin þremmingar að frændsemi, er mun þannig háttað, að Sveinbjörn Geirmundsson hafi verið móðurfadir þeirra Egilssona og Sveinbjörn í Miðhúsum borið nafn hans. Verður þá skyldleikinn þannig: öðrumeginn: Guðrún Geirmundsdóttir — Páll Ögmundsson — Geirlaug Pálsdóttir, hinumeginn: Sveinbjörn Geirmundsson — dóttir Sveinbjarnar — Jón og Sveinbjörn Egilssynir. Þessi Sveinbjörn Egilsson í Miðhúsum, er uppi var á síðari hluta 17. aldar var forfadir dr. Sveinbjarnar Egilssonar í beinan ættlið, því að son Sveinbjarnar í Miðhúsum var Egill í Miðhúsum (á lífi 1729, 66 ára) fadir Sveinbjarnar í Njarðvík († 1773) föður Egils í Njarðvík († 1808) föður dr. Sveinbjarnar († 1852), og skiptast þar nöfnin Sveinbjörn og Egill stöðugt á um 200 ára bil. Hygg eg, að Egill fadir Sveinbjarnar elzta hafi verið bróðurson séra Jóns Egilssonar í Hrepphólum, son Einars Egilssonar í Miðfelli í Ytri-

- b. Katrín<sup>1)</sup> átti Sveinbjörn Geirmundsson; börn:
- aa. Brynjólfur skipasmiður, átti Guðriði og börn.
  - bb. Magnús á Skúmsstöðum, átti systur sterka-Fúsa.
  - cc. Guðmundur. (Sumar ættir telja þetta öðruvísi).
- [c. Einar Sveinsson á Skiðabakka.
- d. Sveinn.
- e. Guðrún<sup>2)</sup>.
- D. Síra Gissur í Þingmúla<sup>3)</sup>, átti Guðrúnu Einarsdóttur; börn:
- a. Síra Bjarni í Þingmúla, átti Ingibjörgu Þorvarðardóttur; börn:
    - aa. Síra Jakob á Kálfafelli, átti Guðnýju Guðmundsdóttur og börn.
    - bb. Síra Eiríkur á Hallormsstað, átti Þuríði Árnadóttur og börn.
    - cc. Henrik átti Guðrúnu Árnadóttur og barn.
- E. Magnús í Miðfelli dó fyrir 1640, átti Katrínu

---

hrepp. Sveinbjarnarnafnið er einnig í þeirri ætt, því að einn son séra Jóns hét Sveinbjörn.

Börn Sveinbjarnar Geirmundssonar og Ingunnar Gísladóttur hafa verið:

- a. Brynjólfur skipasmiður.
- b. Magnús á Skúmsstöðum, er tímans vegna gæti verið faðir Ögmundar á Loptsstöðum og Ófeigs lögréttumanns í Skipholti.
- c. Guðrún átti Orm Jónsson á Skúmsstöðum (sjá hér síðar).
- d. Guðmundur (ef til vill réttara: Geirmundur).

1) Þetta er skakkt. Kona Sveinbjarnar var ekki Katrín Sveinsdóttir Gíslasonar, heldur Ingunn föðursystir hennar (sjá hér næst á undan).

2) Frá [ á að falla burtu, því að það er skakkt.

3) Séra Gissur í Þingmúla var alls ekki son Gísla sýslumanns Sveinssonar, heldur son Gísla prests Örnólfssonar á Söndum í Dýrafirði. Þessir ættliðir frá séra Gissuri eiga því að falla hér burtu.

frá Bræðratungu Þormóðsdóttur Ásmunds-  
sonar; þeirra börn:

a. Valgerður átti Brynjólf Jónsson í Skarði  
á Landi<sup>1)</sup>; börn:

aa. Ásmundur á Litluvöllum á Landi,  
mikill smiður.

bb. Guðrún átti Álf Gíslason á Reykjum  
og börn.

cc. Helga átti Kolbein Guðmundsson og  
börn.

dd. Gíslí.

ee. Kristín átti Eirík Guðmundsson<sup>2)</sup>.

F. Þuríður Gísladóttir<sup>3)</sup>.

G. Guðrún<sup>4)</sup>.

---

1) Þetta er skakkt. Valgerður f. k. Brynjólfs í Skarði var ekki dóttir Magnúsar, heldur systir hans, dóttir Gísla sýslumanns Sveinssonar (sjá hér áður bls. 218) og son þeirra var Gíslí í Ólvaðsholti, en Ásmundur, Guðrún, Helga o. fl. voru börn Brynjólfs og s. k. hans Valgerðar Ásmundsdóttur (sjá hér áður bls. 219). Þetta er því allt skakkt rakið hjá Boga. En dóttir Magnúsar og Katrínar var:

a. Guðrún f. k. Ívars á Brúnastöðum Guðmundssonar í Vettleifsholti Magnússonar og Auðbjargar Nikulásdóttur, áttu eitt barn, er dó ungt.

2) Mun eiga að vera Eiríkur Guðnason í Miðfelli (sjá hér áður bls. 216) en kona hans var ekki Kristín dóttir Brynjólfs í Skarði, heldur Kristín dóttir Gísla sýslumanns Sveinssonar. Í Bisks. II, 652 stafar það af mislestri í ættatölunum, að kona Eiríks Guðnasonar í Miðfelli er talin Kristín Kolbeinsdóttir.

3) Þessi Þuríður á að falla hér burtu, og sömuleiðis Margrét, sem dætur Gísla Sveinssonar.

4) Guðrún þessi átti fyr séra Gísla Árnason, er var á lífi 1624. Er hann í ættatölum talinn sonarson Sveins prests Jónssonar á Kálfafelli, son Árna Sveinssonar og Margrétar Gísladóttur. Var sá Árni bróðir samfedra Guðríðar Sveinsdóttur, konu Sveins Gíslasonar, en Margrét Gísladóttir kona Árna talin systir stjúpmóður hans, er einnig hafi heitið Margrét, en mun réttara Guðríður (Bisks. II, 651).

Börn séra Gísla og Guðrúnar: Gíslí, Guðmundur og Margrét, er átti Magnús Gamalielsson á Eyrarbakka. Synir Guðmundar: Jón, Þórður, Hinrik og Gíslí. S. m. Guðrúnar var Stefán í Oddgeirshólum, launson Gunnars Gíslasonar á Víðivöllum, þau bl.



H. Kristín<sup>1</sup>).

I. Margrét átti Árna Sveinsson<sup>2</sup>).

K. Ingunn átti Sveinbjörn Geirmundsson<sup>3</sup>) og börn.

Gísli mannaðist vel og bjó í Miðfelli, gerðist og Skálholtsstaðarráðsmaður. Hann þótti lögvitur, var fyrst lög-réttumaður og í stóradómi var hann ásamt öðrum 1564.

1565 meina eg hann hafi orðið umboðsmaður danskra á Bessastöðum og þar eptir tekið veiting fyrir Árnassýslu<sup>4</sup>). Því til sanninda: 1566 nefndi hann 12 menn í dóm um lemstrarsár og sama ár nefndi hann 6 menn í dóm um þjófnað í Árnassýslu. 1567 nefndi hann 6 menn í dóm um mann, er hljóp frá konu sinni, og lét dóm ganga um sektir hans. Sama ár nefndi Gísli Sveinsson sýslumaður í Arnesþingi 6 presta og 6 leikmenn í dóm að Húsatóptum, eptir boði höfuðsmanns Henriks Krag um kirknafé; dæmdist að þeirra fé skyldi fyrst af öllum skuldum greiðast.

1570 var hann í lögmannskjörum ásamt Þórði Guðmundssyni og Þorláki undir Núpi, hefur hann því verið álitinn lögvitur maður. Hvað lengi hann hefur haldið Árnassýslu eða hvort Þormóður Ásmundsson hafði þar sýsluvöld sem lögsagnari, eða hafði sýsluna að veiting

1) Kristín átti Eirík Guðnason í Miðfelli (sjá hér á undan).

2) Þetta er vafalaust skakkt, þótt svona sé talið í sumum ættatölum, og að Árni og Margrét hafi verið foreldrar séra Gísla (sjá hér á undan).

3) Sjá hér á undan. Vegna þessa afarmikla ruglings um börn Gísla sýslumanns Sveinssonar þykir rétt að benda á, að f. k. börn hans voru þeir séra Guðmundur í Gaulverjabæ og séra Bjarni í Ásum, en s. k. börn hans með Guðrúnu Gísladóttur biskups hafa verið þessi: Sveinn, Magnús í Miðfelli, Valgerður f. k. Brynjólfs í Skarði, Kristín kona Eiríks Guðnasonar í Miðfelli Ingunn kona Sveinbjarnar Geirmundssonar og Guðrún, er átti séra Gísla Árnason.

4) Séra Jón Egilsson (Biskupaannálar: Safn til s. Ísl. I, 114) segir, að Gísli hafi fengið Árnassýslu 1564 hjá Hinrich Krag, og reið séra Jón, þá unglingspiltur, með honum um vorid í fyrstu þingaferð hans um sýsluna. Þetta mun því öldungis rétt.

1574, er mér dulið, eins nær hann deyði<sup>1</sup>); og annað fleira um hann. Hitt er ljóst, að hann hefir verið mikill auðmaður, því við hans dauða var arfur dóttur hans 60 hundruð. En þar vist er, að hann átti 5 syni og fimm dætur<sup>2</sup>) (ef ei fleiri), hefur hann mátt eptirláta börnum sínum hálf tunda hundruð hundruða, eða meira.

### Nikulás Björnsson<sup>3</sup>)

lét dóm ganga að Krossi 1577, um hald á hesti og 1579 er hann á alþingi nefndur Árnæssýslumaður, líkast í hálfri sýslunni.

### Þormóður Ásmundsson.

Faðir: Ásmundur í Bræðratungu, Lýtingsson Einarssonar<sup>4</sup>).

1) Gísli sýslumaður andaðist 1577 (Biskupaannálar: Safn I, 110). Bogi hefur auðsjáanlega ekki þekkt Biskupaannála séra Jóns. Sýslumannaröðin í Árnæssýslu á þeim árum mun eflaust rétt, eptir því sem séra Jón telur hana (Safn I, 114), en hún er þessi, svo langt sem séra Jón mundi:

*Ormur Jónsson í Vik* (1560—64).

*Gísli Sveinsson* (1564—1567?).

*Ólafur Jónsson Baggi* (c. 1568?—1569?).

*Gísli Sveinsson* aptur (c. 1569?—1570?).

*Gísli Þórðarson lögmáður* (c. 1570?—1574?).

*Ólafur Jónsson Baggi* aptur (c. 1574?—1580?).

*Gísli Þórðarson* aptur (c. 1580?—c. 1600).

*Jón Marleinnsson* tvisvar (c. 1585—1590? og c. 1600—c. 1603).

*Hákon Árnason* (c. 1603—1608).

Hákon hafði og sýsluna áður um tíma með Gísla Þórðarsyni milli 1590—1600 (sjá hér síðar). Þormóður Ásmundsson og Nikulás Björnsson (sjá síðar) hafa að eins verið umboðsmenn, líklega Ólafs Bagga.

2) Þetta mun nokkuð vafasamt hjá Boga (sjá hér áður).

3) Um Nikulás sýslumann Björnsson sjá Rangárþing og III, 417—418 n. m.

4) Lýtingur Einarsson faðir Ásmundar bjó í Súlunesi í Leirársveit og er nefndur í dómi Jóns sýslumanns Þórðarsonar 1525, er hann kærir þá menn, er lofað höfðu peningum til giptingar Oddi heitnum Einarssyni bróður hans sbr. III, 402—403 n. m. og Fbrs. IX, 265—266. Faðir Lýtings og Odds hefur verið *Einar Oddsson*

*Kona:* Ingibjörg (dó 1606) dóttir Þorsteins í Hjörsey, Torfasonar sýslumanns í Klofa (sjá hér að framan).

*Börn:* A. Síra Ásmundur í Hvammi í Norðurárdal, fyrst prestur til Torfastaða nálægt 1580, svo kirkjuprestur í Skálholti 1587, tók Hvamm 1592 til 1631, var við prestsembætti yfir 50 ár<sup>1)</sup>, átti Ingibjörgu dóttur síra Halldórs í Selárdal, Einarssonar Sigvaldasonar langalífs<sup>2)</sup>; börn:

a. Guðmundur í Stóraholti í Saurbæjarsveit átti 1633 Guðrúnu (dó 1660) dóttur Jóns yngra Dan; þeirra dóttir:

(gullsmiður), er búið hefur á Sturlureykjum í Reykholtsdal (»Gullsmíðsreykjum«), en ekki á Norður-Reykjum í Hálsasveit, eins og segir í registri við 5. bindi Fornbréfasafnsins). Hann kemur nokkrum sinnum við bréf og síðast 1504 (Fbrs. VII, 687—688). Er ekki ósennilegt, að hann sé sami maður og Einar son *Odds lögmanns Ásmundssonar* á Stóruvöllum á Landi, sem er fyrstur dómsmanna í dómi í Fíflholti 30. okt. 1475 (Fbrs. V, 805—806) ásamt Örnólfi bróður sínum. En litlu síðar fer Einar Oddsson að koma fyrir í bréfum í Borgarfirði. Eg tel þetta mjög sennilegt og Ásmundarnafnið bendir einnig á það. Kona Einars Odds-sonar á Sturlureykjum hefur eflaust verið sú *Guðrún Þormóðsdóttir*, sem nefnd er í bréfinu 1504 (Fbrs. VII, 687) og bróðir hennar sá Eilífur Þormóðsson, sem er einn í áreiðargerð um landamerki milli Signýjarstaða og Norður-Reykja í Hálsasveit 31. okt. 1480 (Fbrs. VI, 298—299) ásamt (mági sínum) Einar Oddssyni, sem þar er fyrstur áreiðarmanna. Eg tel þetta vafalaust auk þess sem Þormóðs nafnið í ætt þessari bendir beinlínis á, að þetta muni rétt vera. Þau Eilífur og Guðrún gætu verið börn Þormóðs Jónssonar konventubróður í Viðey 1484, en um það skal eg samt ekkert fullyrða. Þetta sem hér er sagt um framætt Þormóðs í Bræðratungu hefur ekki fyr verið athugað. Að Ásmundur Lýt-ingsson faðir hans hafi búið í Bræðratungu, eins og Bogi segir, mun vera rangt. Þormóður mun hafa búið þar fyrstur sinna kynsmanna og fengið jörðina að erfðum með konu sinni, því að Torfi í Klofa átti hana. Kona Ásmundar og móðir Þormóðs var *Guðrún Snorradóttir*, systir Hildar, er átti Finn Ólafsson frá Pernuvík.

1) Síra Ásmundur átti hálfa Bræðratungu og seldi hana Gísla lögmanni Hákonarsyni.

2) Sbr. II, 70.

- aa. Ólöf átti Magnús sýslumann á Eyri (sjá Ísafjarðarsýslu<sup>1</sup>).
- b. Þóra átti fyrir Pétur sýslumann Pálsson (sjá Strandasýslu<sup>2</sup>) en síðar Þorstein á Narfeyri, sem testamenteraði Eggert ríka fé sitt, þau barnlaus.
- B. Sira Jón á Skógarströnd og Helgafelli (dó 1622) átti Ingveldi Vigfúsdóttur sýslum. Jóns sonar (sjá Kjósarsýslu; börn<sup>3</sup>):
  - a. Guðmundur á Fróðá átti Þórunni dóttur Steindórs sýslumanns Finnssonar (sjá Snæfellsnessýslu).
  - b. Jórunn átti fyrir Sigurð son síra Gísla Guðbrandssonar; börn:
    - aa. Gíslí.
    - bb. Guðrún, bæði barnlaus.
 Seinna átti Jórunn Jón Einarsson á Skarðshömrum.
  - c. Ingibjörg, dó 1680, átti Þórð Eyjólfsson, barnlaus.
  - d. Sigríður átti Jón Gíslason (sjá Dalasýslu).
- C. Sira Gíslí<sup>4</sup> deyði í bólunni 1616.
- D. Einar átti fyrir Guðrúnu eldri, dóttur Sigvalda á Búlandi; börn:
  - a. Halldór í Þrándarholti, lögréttumaður og bryti í Skálholti, giptist og átti börn<sup>5</sup>).

1) Sbr. II, 48—49 og 221. Það er einkennilegt, að á þeim báðum stöðum er Þormóður í Bræðratungu sagður »Þorsteinson Torfasonar«, og hefur það ekki verið leiðrétt. Þar á auðvitað að standa: »tengdason« Þorsteins Torfasonar.

2) II, 371. Synir séra Ásmundar voru ennfremur:

c. Halldór sigldi og var 2 ár erlendis, andaðist í í bólunni 1616, bl.

d. Bárður dó í sömu bólu, 14 ára gamall.

3) Þau eru talin hér áður á bls. 21 og ítarlegar en hér. Afkomendur Guðmundar á Fróðá eru taldir III, 121—125 og afkomendur Sigríðar systur hans II, 655—665.

4) Hafi Gíslí þessi verið prestvígður, hefur hann að eins verið aðstoðarprestur.

5) Halldór lögréttumaður († 1696) átti Hallberu Magnúsdótt-

- b. Þormóður í Súluholti, giptist og átti börn<sup>1</sup>).
- c. Sigurður, átti launson<sup>2</sup>).
- d. Guðrún giptist og átti börn<sup>3</sup>).

Einars seinni kona var Jóhanna Einarasdóttir. Hún þótti skapstór, þau giptust 1616 að ráðum Odds biskups í Skálholti. Taldi þá Einar sér 40 hundruð og gaf henni fjórðungsgjöf, en henni voru talin 20 hundruð, hvar af hún átti sjálf 10 hundruð; biskup lofaði henni að gjöf 5 hundruðum, en Árni og síra Gísli bisk-

---

ur frá Skriðufelli Eiríkssonar (og Guðríðar Ögmundsdóttur) systur Þorsteins skálds á Hæli og eru frá þeim ættir, sbr. II, 341.

1) Þormóður átti Þorbjörgu Ögmundsdóttur, p. b.:

- a. Elin átti Hannes Hannesson.
- b. Guðrún átti Ólaf Ólafsson, sem er á lífi í Vorsabæ á Skeiðum 1729, 77 ára, p. b.: Þormóður, Þorbjörg og Þóra, er átti Magnús Jónsson í Vorsabæ.
- c. Salgerður átti Jón Jónsson í Kolsholti, þeirra son mun vera Þormóður Jónsson, er býr í Vatnsholti 1729, kvæntur Kristínu Þorvarðsdóttur, átti mörg börn.
- d. Guðrún yngri var blind, er á lífi á Bollastöðum í Flóa 1729, 78 ára gömul. Launson hennar með Gísla Þorsteinssyni á Hurðarbaki:
  - aa. Guðmundur á Bollastöðum átti Oddnýju Snæbjörnsdóttur (frá Neistastöðum Gunnarssonar) systir Guðfinnu f. k. Sigurðar Ísólfsdóttur í Skálmholtshrauni, p. b.: Oddur í Langholti í Flóa, Einar í Ölvaðsholti, Sigríður, Elin og Guðlaug, er átti Helga í Vola hjá Hraungerði Sigmundsson á Ófeigsstöðum Helgasonar, en Helgi í Vola var bróðir Ófeigs í Fjalli á Skeiðum, föður Vigfúsar í Fjalli, föður Ófeigs »rika«, er þar bjó einnig, föður Ófeigs í Fjalli og Vigfúsar föður Ófeigs prests í Fellsmúla (sbr. um þetta II, 341).

2) Hann hét Ásmundur og var í Ási í Melasveit.

3) Guðrún átti Magnús Einarsson í Múla í Biskupstungum, p. d.:

- a. Guðrún f. k. Einars í Efstadal Narfasonar s. st. Einarssonar í Gröf Jónssonar á Kringlu og Laugarvatni Narfasonar í Reykjavík Ormssonar, sbr. II, 341—342 og bls. 4—6 n. m. hér að framan og eru þar taldir nokkrir afkomendur þeirra. Skal

ups Odds synir öðrum 5 hundruðum, til samans 10 hundruð. Eptir dauða Einars vildu erfingjar hans svipta Svein son þeirra arfinum, og fundu það til, að þeir réttu giptingarmenn Jóhönnu rétt til bornir hefðu ei gefið sitt samþykki þar til, og hún hefði verið öðrum heitin. Kom þetta til alþingis 1637 og optar. Jóhanna giptist eptir dauða Einars síra Gottskálki í Miðdal<sup>1</sup>). Son Einars og Jóhönnu:

e. Sveinn átti tvö launbörn.

E. Kristín átti fyr Guðmund, svo Svein Sveinson (sjá að framan), barnlaus.

F. Katrín<sup>2</sup>) átti Magnús Gíslason (sjá að framan).

G. Þorgerður átti síra Pál í Klausturhólum, Jónsson<sup>3</sup>); börn:

a. Árni á Skúmsstöðum, átti Ástu Sigmundsdóttur<sup>4</sup>); börn:

---

Þess hér getið, að það sést af bréfabók Brynjólfs biskups, að kona Einars í Gröf og móðir Narfa (eldra) í Efstadal hefur verið Guðrún Jónsdóttir frá Seli Hallvarðssonar og Guðrúnar Sæmundsdóttur í Gröf Jónssonar rebba eða refs í Gröf, (er varð banamaður Diðriks von Mynden í Skálholti 1539), Sigurðssonar. En Jón refur var bróðir Guðrúnar, föðurmóður séra Jóns Egilssonar í Hrepphólum (Safn til s. Ísl. I, 70). Dætur Einars og systur Narfa (eldra) í Efstadal voru: Guðný, er átti Hall Þorsteinsson og Ingibjörg, er átti Jón Ívarsson. Kona Jóns Narfasonar var Guðrún Oddleifsdóttir, ekki Þuríður (bls. 4—6, II, 504). Það sést af bréfabókum Brynjólfs biskups.

1) Systir Jóhönnu var Ingunn Einarsdóttir, er átti Þórodd Magnússon í Skáldabúðum, p. b.: Gíslí prestur á Snæfoksstöðum († 1667) og Vilhjálmur.

2) Katrín bjó lengi ekkja eptir mann sinn á Hrauni á Eyrarbakka.

3) Séra Páll var son séra Jóns Egilssonar í Hrepphólum. Þorgerður hafði átt áður barn með smaladreng Markúsi Halldórssyni.

4) Ásta (eða Ástríður) kona Árna var dóttir Sigurðar í Bakkarholti Ólafssonar s. st. Eyjólfssonar á Hjalla Jónssonar.

- aa. Síra Páll á Kolfreyjustað, átti Halldóru Magnúsdóttur og börn<sup>1</sup>).
- b. Sigríður átti fyrst síra Odd í Miklagarði Jónsson; barn:
- aa. Páll.  
Síðar síra Halldór Jónsson og seinast Björn Ólafsson<sup>2</sup>).

1) Enn voru synir Árna Pálssonar:

- bb. Oddur prestur á Kálfatjörn átti Katrinn Jónsdóttur prests í Arnarbæli Daðasonar þ. d. Þorbjörg átti Jón sýslumann Ísleifsson (sjá Skaptafellssýslu).
- cc. Símon stúdent á Þórustöðum í Ölfusi, tvíkvæntur.
- dd. Jón var launson Árna Pálssonar, átti Margréti Daðadóttur prests í Steinsholti Halldórssonar, þeirra son Hákon í Kirkjuvogi faðir Vilhjálms í Kotvogi föður Hákonar dannebrogsmanns í Kirkjuvogi (sbr. bls. 165—166 og 175—177 hér að framan).

2) Enn voru dætur séra Páls og Þorgerðar:

- c. Hallgerður átti Þórð á Kiðabergi Ólafsson á Búrfelli Jónssonar, þ. b.: Páll, Steinunn.
- d. Ingibjörg átti Ólaf Gíslason prests í Arnarbæli Teitssonar sterka í Auðsholti Gíslasonar, bróður Álfs lögréttumans á Reykjum, þ. b.:
- aa. Álfur í Mundakoti á Eyrarbakka 1708. Synir hans Ólafur og Sturlaugur búa á Stokkseyri 1729 en Jón í Ferjunesi.
- bb. Sturlaugur bjó á Kotleysu 1708. Synir hans Einar á Efri-Brúnavöllum á Skeiðum og Bergur í Brattsholti, sem afarmil ætt er frá komin í Árnassýslu (Bergsætt) sbr. vísuna: Sex eru taldir synir Bergs | á sigluhundi | Ari, Valdi (þ. e. Þorvaldur), Grímur (þ. e. Þorgrímur), Gvendur, Jón og Mundi (þ. e. Ingimundur). Framætt Bergs hefur áður ókunn verið, en þetta, sem hér er sagt er rétt. Að rekja þessa Bergsætt ítarlega niður til núlífandi manna yrði oflangt mál, og verður því hér að sleppa. Frá Einari Sturlaugssyni bróður hans eru og ættir komnar.

H. Síra Jón laungetinn<sup>1</sup>), var seinni maður Halldóru Halldórsdóttur prests í Selárdal Einarssonar; börn:

- a. Guðmundur, hans dóttir:
  - aa. Hallfríður átti mörg börn.
- b. Páll í Stapadal; hans börn:
  - aa. Úlfur.
  - bb. Jón<sup>2</sup>).

Þormóður Ásmundsson fór 17 vetra gamall til Odds lögmanns Gottskáلكssonar (og sagði Oddi biskupi Einarssyni flest um Odd lögmann). En eptir dauða Odds giptist Þormóður, gerðist lögréttumaður og hjó í Bræðratungu. Hann gerðist sýslumaður í Árnessýslu, eg meina í umboði Gísla Sveinssonar, eða danskra á Bessastöðum.

1573 nefndi hann menn í dóm að Gröf í Ytrihrepp um hjáleigu- og búðarmenn, að þeir skyldu framfæra fátæka að tiltölu. 1574 lét Þormóður ásamt Gísla biskupi Jónssyni, ganga dóm að Borg í Grímsnesi og nefndi 6 leikmenn í dóm um krankleik hjónaefna og hjóna, og hvað væri lögmet orsök þar af til aðskilnaðar.

Hér af má sjá, að Þormóður hefur verið fyrir sýslumannsverkum í Árnessýslu, en hvað lengi er mér óljóst, þó ætla eg hann hafi þar verið nokkur ár.

1593 er hann á alþingi talinn með öðrum meðdómsmönnum í máli Guðbrands biskups. Hefur hann þá verið hniginn að aldri.

- 
- cc. Hallgerður f. c. 1645, er á lífi á Eyrarbakka 1729, 84 ára gömul. Dóttir hennar Geirný Guðmundsdóttir (f. c. 1677), ef til vill dóttir Guðmundar Pálssonar frá Loptstöðum Ögmundssonar (Galdra-Ögmundar) Sighvatssonar (sjá hér áður bls. 256).
  - dd. Helga f. c. 1650, er á Stokkseyri 1729 hjá Ólafi Álfssyni bróðursyni sínum, 79 ára gömul.

1) Hann er kallaður »séra Jón látúnssmiður« í Bisks. II, 612. Í Lbs. 199 4<sup>lo</sup> er sagt, að hann hafi verið prestur og misst embættið og orðið sár (p. e. veikzt af sárasótt).

2) Sonur Jóns Pálssonar var Úlfur faðir Jóns í Dufansdal föður Jóns Vestmanns prests í Móum á Kjalarnesi († 1859).



Pormóður var auðmaður og með heldri mönnum. Hann mun hafa verið umboðsmaður í hálfri sýslunni. Hann lét á Grafarþingi dóm 6 manna ganga í Ólafs umboði<sup>1</sup>).

### Ólafur Baggi Jónsson

eða Jansson<sup>2</sup>). 1575 útnefndi kongsumboðsmaður Ólafur Baggi í Árnessýslu 6 menn í dóm, mánudag næstan fyrir uppstigningardag, um skógaspjöll hjá Miðdal, sem Gísli bóndi Sveinsson í biskupsumboði klagði til síra Ólafs Gíslasonar og hans bræðra Diðriks og Árna.

Umboðsmaður Ólafs var 1574 etc. Pormóður Ásmundsson.

### Gísli lögmaður Þórðarson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu<sup>3</sup>). Hann hefur tekið þessa sýslu fyrir 1590, því 1590 þann 2. maí lét hann að Bakkarholti ganga dóm um Skálholtsstaðarmark. Hirðstjóraannáll nefnir hann og sýslumann í Árnessýslu.

1596 lætur hann dóm ganga með 6 mönnum, að þeir sem á sveit liggja ráði ekki kaupum sínum; kallast hann þá sýslumaður í Árnessýslu. Eg meina hann hafi sleppt þessari sýslu nálægt 1599 og ei ólíklegt hann hafi annaðhvort ekki haft utan hálfa sýsluna, eða verið sem umboðsmaður danskra stundum, bæði þar og í Kjalarnesþingi.

1598 dag 6. maí að Vælugerði lét Gísli ganga 12 manna dóm út af máli, milli Jóns Bjarnarsonar og Jóns Magnússonar, þá Jón Bjarnarson bar fram, að Jón Magnússon hefði kippt sér af baki hestsins og slegið sig fjögur hnefahögg etc.

1) Pormóður átti í skærum við Teit Gíslason sterka í Auðsholti (»Vopna-Teit«) og urðu áverkar milli manna þeirra. Eru bréf um það. Pormóður var mikill látúnssmiður.

2) Sjá nánar um Ólaf Bagga hér áður bls. 109—110 n. m.

3) III, 419—435.

### Jón Marteinsson.

(Sjá um hann við Vaðlasýslu)<sup>1)</sup>. Hann tók Vaðlasýslu 1560, sleppti henni 1573, flutti þar eptir til Suðurlands, og mun hann þá hafa tekið Vestmannaeyjasýslu, því 1575 nefndi Jón sýslumaður Marteinsson 12 menn í dóm að Lambey, um mannslagið, sem varð ófyrirsynju í Vestmannaeyjum. Eg meina Jón hafi stundum verið umboðsmaður í Árneshöfði eða fengið það hálf tölur fyrir 1600. 1592 seldi húsfrið Guðbjörg Erlendsdóttir með samþykki Jóns Marteinssonar bónda síns, Hákonar í Nesi dótturmanni sínum, Götu í Selvogi. 1593 var Jóni Marteinssyni dæmt skyldugt að gjalda fé Hólakirkju í Eyjafirði, er þá tilheyrði börnum Einars Grímssonar. 1603 þann 9. maí að Vatnsleysu lét Jón Marteinsson dóm ganga um þá, sem skera niður annara pening. Sama ár 17. maí á Stokkseyri á Eyrarbakka lét Jón ganga dóm með 6 mönnum um skyldu að fylgja líki til kirkju; því sýnist hann hafa þá haft þar sýslu, eg held hálf, eða verið umboðsmaður Hákonar. Hann mun hafa dáið 1603, en Guðbjörg deyði 1594.

Jón sýslumaður Marteinsson tjáist og hafa haft kongssýslu í Rangárhöfði 1572.

### Hákon Árnason.

*Faðir:* Árni sýslumaður á Hlíðarenda Gíslason (sjá Skaptárhöfði).

*Móðir:* Guðrún Sæmundsdóttir.

*Kona:* Þorbjörg dóttir Vigfúsar sýslumanns, Þorsteinsonar sýslumanns.

*Börn:* A. Gísli lögmaður (sjá hér síðar).

B. Einar sýslumaður (sjá síðar).

C. Bjarni hélt Þykkvabæjarklaustur<sup>2)</sup>, dó 1623, átti Katrínu (sem seinna átti Torfa son Eiríks á Keldum) sem dó 1652, dóttur Magnúsar sýslumanns í Ögri og Bæ Jónssonar; börn:

1) I, 218—222.

2) Bjarni bjó í Mörk undir Eyjafjöllum, en áður um hrið í Brautarhöfði (Lbs. 199 4<sup>o</sup>).

- a. Hákon á Keldum dó 1660<sup>1)</sup>, átti fyr Grón Torfadóttur, svo Ragnhildi Snæbjörnsdóttur prests frá Odda; börn:
  - aa. Torfi varð skipherra í Hollandi<sup>2)</sup>.
  - bb. Ragnheiður átti síra Gísla í Reykjadal Jónsson, barnlaus.
  - cc. Katrín átti Gísla Álfsson Gíslasonar á Reykjum og börn.
  - dd. Snæbjörn deyði barnlaus.
  - ee. Sesselja deyði ógipt.
- b. Guðrún Bjarnadóttir átti Einar Ísleifsson<sup>3)</sup>, þeirra dóttir:
  - aa. Ingibjörg átti Ísleif Magnússon<sup>4)</sup>, börn:
    - aaa. Valgerður<sup>5)</sup>.

---

1) Hann drukknaði í Þorleifslæk í Ölfusi (J. S. 163 fol.).

2) Torfi komst í vígsmálið með Þormóði Torfasyni, flæktist svo til Hollands. Hann seldi Jóni sýslumanni Vigfússyni (Bauka-Jóni) tóbaksrulluna, er mest stapp varð úr. Síðast tók hann Kalvinstrú í Hollandi og dó þar af brennivínsdrykkju.

3) Einar var Ísleiksson, en Guðrún kona hans hefur ekki verið systir Hákonar Bjarnasonar, heldur dóttir Bjarna launsonar Hákonar sýslumanns Árnasonar. Í ættatölum Lbs. 199 4<sup>o</sup> er Hákon einnig talinn einbirni Bjarna Hákonarsonar og Katrínar.

4) Ísleifur var Magnússon Ísleifssonar frá Höfðabrekku Magnússonar, og bjó á Seljalandi. Ingibjörg er fædd um 1694 og og átti síðar Einar Hafliðason á Seljalandi, p. b. Jón á Fitjamýri, Ísleifur í Kirkjulandshjáleigu og Erlendur í Ólafshúsum.

5) Valgerður átti Magnús, er kallaður var »bitur« son Filippusar Jónssonar á Seljalandi og f. k. hans Þorgerðar Jónsdóttur, p. b.:

- a. Tómas í Eyvindarholti átti Guðlaugu Erlendsdóttur frá Murnavelli Eiríkssonar, p. b.:
- aa. Valgerður átti Sigurð Jónsson stúdent í Varmahlíð, p. b.: Páll í Árkvörn, Jón prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi og Tómas í Varmahlíð.
- bb. Katrín átti Þorstein Magnússon frá Núpakoti Einarssonar á Leirum Oddssonar í Steinum Einarssonar, p. b.: Tómas prestur á Saudárkrók, Guðlaug, er átti séra Pál Jónsson Matthiesen í Arnarbæli, Agnes, er átti séra Benedikt Eggertsson Guðmundsen í Vatnsfirði, Sigríður, er átti séra

bbb. Gissur<sup>1</sup>).

D. Bjarni laungetinn (Aðrir segja, að Guðrún kona Einars Ísleifssonar á Höfðabrekku hafi verið dóttir hans, en ekki dóttir Bjarna bróður hans<sup>2</sup>).

---

Berg Jónsson í Vallanesi, Ísleikur í Núpakoti, Ingibjörg og Katrín.

- b. Ísleikur dó ókv. bl.
- c. Katrín átti Magnús Jónsson í Kollabæ í Fljótshlíð, bróður Hjartar afa séra Hjartar Jónssonar á Gilsbakka, og var s. k. hans.
- d. Snjófríður gíptist í Vestmanneyjum.
- e. Ingibjörg átti Hjörleif Sigurðsson.

1) Gissur bjó á Seljalandi (f. c. 1715 † 1782) átti Steinunni Filippusdóttir, systur Magnúsar, er átti Valgerði systur hans, þ. b.:

- a. Gottskálf á Syðri-Flankastöðum átti Margrétu Guðnadóttur sýslumanns Sigurðssonar og var s. m. hennar (sbr. bls. 164 hér að framan).
- b. Ingunn átti Jón Jónsson í Dalskoti og börn.
- c. Kristín s. k. Þórðar í Höfða í Biskupstungum Sæmundssonar í Hreiðurborg Ólafssonar.
- d. Ísleifur á Seljalandi átti Ingibjörgu Sigurðardóttur á Seljalandi Ketilssonar, Sigvaldasonar Snorrasonar Pálssonar Úlfssonar, þ. b.: Sigurður á Barkarstöðum, Einar á Seljalandi, Sesselja kona séra Guðmundar Lassen á Stóranúpi, Steinunn f. k. Sighvats Árnasonar í Eyvindarholti, Helga f. k. Árna Árnasonar í Garðsauka, og Guðrún, er átti Magnús Magnússon á Kanastöðum.
- e. Þóroddur í Dalsseli átti Guðrúnu Sigurðardóttur frá Vorsabæ í Flóa Péturssonar, systur Bjarna riddara kaupmanns í Hafnarfirði, þ. b.: Gissur faðir Þórodds á Reykjum í Ölfusi, Magnús í Dalsseli, Vilborg kona Torfa Jónssonar í Árbæ í Ölfusi og Margrét.

Enn voru börn Ísleifs Magnússonar á Seljalandi og Ingibjargar:

= Guðríður átti Sölmund Guðmundsson á Miðskála og börn: Jón í Vallnatúni, Einar og Agnesi, er átti Stein Þorsteinson á Yztaskála.

= Helga átti Jörund Sigvaldason í Nikuláshúsum í Fljótshlíð, bl.

= Oddný.

Síðasti maður Ingibjargar Einarsdóttur var Filippus Jónsson á Seljalandi, faðir Magnúsar »bits« og Steinunnar (sjá hér á undan) og var Ingibjörg s. k. hans, þau bl.

2) Það mun réttara, að Guðrún hafi verið dóttir Bjarna launsonar Hákonar sýslumanns, en betur kæmi það reyndar heim

Hákon var um hrið á Hóli í Bolungarvík og hélt norðurpart Ísafjarðarsýslu<sup>1</sup>). En 1593 er hann fluttur suður. 1583 nefndi Hákon Árnason 6 menn í dóm að Holti undir Eyjafjöllum, í umboði Árna föður síns, kongs-umboðsmanns í Rangárþingi, um þá er um vertíð setja upp skip sín á annara manna fjöru í óleyfi. Þar er Nikulás Björnsson fyrstur dómsmaður, og kallast svarinn lögréttumaður. (NB. Datum er 1593, hvað eg hygg rangt, því þá var Árni faðir hans dáinn. Óvist er nær hann hélt Ísafjarðarsýslu, eða hvort hann var þar annað en umboðsmaður Magnúsar í Norðurpartinum. Nálægt 1590 finn eg líklegast hann hafi þar haft sýslu. Téðan dóm mun hann hafa afsagt á fyrstu valdaárum sínum).

Sama ár nefndi hann 12 menn í dóm um orðbragð og blak, ei nefnist í hverri sýslu. Er líkast hann hafi um þær mundir verið umboðsmaður föður síns í Rangár- og jafnvel Skaptárþingi.

1593 hefur hann haft hálf Árneshöfði móts við Gísla

tímans vegna, að Bjarni faðir hennar hafi verið launson Hákonar Bjarnasonar.

*Aths.* Hafi Bjarni launson Hákonar sýslumanns verið faðir hennar hefur hann átt Guðrúnu í elli sinni, því að hún getur ekki verið fædd fyr en 1650—1660, en Hákon sýslumaður deyr 1608. En hafi hún verið sonardóttir Hákonar Bjarnasonar, þá kemur allt betur heim: Bjarni launson hans f. c. 1640, Guðrún dóttir hans c. 1665—70 og Ingibjörg dóttir hennar c. 1694, eins og áður er sagt. En Bjarna launsonar Hákonar Bjarnasonar er ekki getið í ættatölum og hin ættfærslan *getur* staðigt. Sumstaðar er kona Einars ísleikssonar og móðir Ingibjargar talin Agnes Jónsdóttir Guðbrandssonar á Steinum Jónssonar, en Ein- ar getur hafa verið tvíkvæntur og Agnes t. d. s. k. hans og stjúpa Ingibjargar. En áreiðanlega vissu um þetta mun erfitt að fá.

Annars er ætt þessi allmjög óviss í sumum atriðum. Meðal annars er talið í nokkrum ættartölum, að Bjarni Hákonarson Árnasonar hafi átt tvær laundætur: Helgu og Sunnefu með Önnu Ólafsdóttur frá Lambey Jónssonar, en sumir (t. d. Jón Magnússon bróðir Árna assessors) telja Helgu þessa dóttur Hákonar Bjarnasonar, en ekki systur hans. Ennfremur telja sumir (t. d. Jón Magnússon o. fl., sbr. Bisks. II, 674), að Hákon hafi einnig verið launson Bjarna og Önnu, sem vitanlega er alveg rangt, því að hann var hjónabandsbarn, sonur Bjarna og Katrínar konu hans. Það er áreiðanlegt.

1) II, 180—181.

(síðar lögmann) Þórðarson, því sama ár hefur hann látið þar ganga þrjá dóma, annan um illt skrif, hinn um ótekna jörð, þriðja um hórdómsbrot. 1594 heimti Hákon gjaf toll í Árnesþingi og fékk ei og sama ár dæmdi hann um áverka. Þar eptir finn eg ekki dóma hans í Árnesþingi fyrir en 1597 um hestborgun vinnumanns til húsbónda síns. Aftur hefur Hákon með Oddi biskupi og 12 dómsmönnum að Borg í Grímsnesi þann 12. maí 1604 látið dóm ganga um fálækraframfæri og sama dag að Borg lét hann dóm ganga, að fóðranaut og kýr skyldu útsvarast í löglegu standi. 1605 nefndi hann 12 menn í dóm um þjófnad. Af þessu meina eg, að hann hafi haldið hálfu Árnes-sýslu, fyrst móti Gísla lögmanni, svo móti Jóni sýslumanni Marteinsyni, og þar eptir móti Einari syni sínum. Getur og verið, að bæði Jón og Einar hafi ei verið utan umboðsmenn Hákonar. Ekki get eg fundið, að Hákon hafi verið sýslumaður í Rangárþingi öðruvísi en sem umboðsmaður föður síns 1583—84 og 1593 útnefndi hann dómsmenn að Lambey, í umboði Eyjólfss mágss síns. 1597 hefur hann nefnt menn í dóm í Skaptárþingi og 1603 á Egilsstöðum í Múlaþingi. Máske hann hafi téð ár haft þar sýsluparta, og það er nokkurnveginn víst, að hann hélt hálfu Skaptafellssýslu um hrið, og klaustur þar. 1587 hlaut Hákon í föðurarf sinn jarðirnar: Reynir 1 hundr. hundraða, Völl og Arngeirsstaði 80 hundr. 1604 gipti Hákon Helgu dóttur Eiríks danska Jakobssonar, Snæbirni syni síra Stefáns Gíslasonar biskups; var það mjög að óvilja móður Helgu.

Hákon flutti frá Hóli í Bolungarvík á Suðurland, þar eptir bjó hann á Reyni og áður í Klofa. Hákon var mesti höfðingi og stórauðugur. Hann varð ekki gamall; deyði 1608.

### Einar Hákonarson.

- Faðir:* Hákon sýslumaður, nýnefndur, Árnason.  
*Móðir:* Þorbjörg Vigfúsdóttir sýslumanns.  
*Kona:* Ragnheiður dóttir Magnúsar sýslumanns í Ögri, giptust 1608.

- Börn:*
- A. Kristín átti Markús Snæbjörnsson sýslumann í Vestmannaeyjum (sjá þar).
  - B. Hólmfriður átti Benedikt Pálsson Möðruvallaklausturhaldara, barnlaus.
  - C. Ingibjörg átti Sigurð son Hákonar sýslumanns í Nesi, Björnssonar (sjá Gullbringusýslu<sup>1</sup>). Þau Sigurður bjuggu í Ölfusi; börn:
    - a. Árni átti dóttur síra Magnúsar Péturssonar, barnlaus<sup>2</sup>).
    - b. Þorbjörg fyrri kona Odds Magnússonar á Sperðli<sup>3</sup>); son:
      - aa. Einar, mannleysa; þeirra börn dóu.
    - c. Hólmfriður átti launbarn, gíptist svo.
    - d. Brynhildur.
    - e. Guðrún.
    - f. Hákon.
 Afkomendur Ingibjargar urðu flest almúgamenn<sup>4</sup>).

Einar bjó í Ási í Holtum og fékk hálfu Árnassýslu 1603, þá Jón Marteinsson slepti, en alla 1608, þá faðir hans deyði, eða Einar varð umboðsmaður föður síns 1603, til þess hann deyði. Á Maríumessu síðari 1608 keypti Einar sýslumaður Ragnheiði Magnúsdóttur frá Ögri. Hans fasteign var þá 2 hundr. hundr. (þar í Brautarholt talið 1 hndr. hndr.) en lausafé 1 hundr. hundr., til samans 3 hundr. hundr. Ari, Þorleifur og Björn töldu systur sinni Ragnheiði 2 hundr. hundr. 1618 var dæmt á millum Einars sýslumanns og Arnórs holgóma<sup>5</sup>), af tilsettum com-

1) Sbr. bls. 114—123 hér að framan.

2) Kona Árna hét Guðrún dóttir séra Magnúsar á Hörgslandi.

3) Oddur var um hrið sýslumaður í Vestmanneyjum (sjá um hann þar).

4) Sigurður Hákonarson bjó á Breiðabólstað í Ölfusi, var ólánsmaður og sóaðist allt fé hans fast og laust, seldi hann séra Jóni Daðasyni í Arnarbæli miklar fasteignir (Bisks. II, 625),

5) Arnór bjó í Öndverðarnesi í Grímsnesi og átti Helgu dóttur séra Guðmundar Gíslasonar í Gaulverjabæ. Hann hefur líklega verið sonarson eða dótturson Arnórs bónda í Arnarbæli,

missariis. 1620 á alþingi sór Einar kongi eið. 1628 tóku Danir sýsluna af Einari og héldu hana sjálfir, létu þó þar vera sína umboðsmenn, og yfirumsjón sýslunnar hafði Gisli lögmaður Hákonarson frá 1628 til sins dauða 1631. En Björn Grímsson var þar lögsagnari eða umboðsmaður.

Einar sýslumaður deyði í svefni í kaupstaðarferð, fyrir alþing 1649<sup>1)</sup>. Í lífssögu Markúsar sýslumanns Snæbjörnssonar er ritað, að Einar hafi í 26 ár verið sýslumaður í Árnassýslu, og ber því saman við áður sagt.

### Gisli lögmaður Hákonarson.

- Faðir:* Hákon sýslumaður Árnason, nýnefndur.  
*Móðir:* Þorbjörg Vigfúsdóttir sýslumanns.  
*Kona:* Margrét dóttir síra Jóns Krákssonar (hún dó 1658). (Krákur Hallvarðsson faðir síra Jóns, var bóndi á Auðunnarstöðum í Víðidal, hann týndist ásamt bróður sínum í Víðidalsá, þá þeir voru að veiðiskap. Kona Kráks, en móðir síra Jóns, var Helga dóttir Jóns lögmanns Sigmundssonar. Síra Jón var 8 vetra, þá hann missti föður sinn. Biskup Jón Arason vígði Jón til prests, gerðist hann fyrst þingaprestur hjá Eggert lögmanni í Bæ á Rauðasandi, fékk svo Garðastað; átti Jarþrúði dóttur Þórólfs Eyjólfssonar á Hjalla, þeirra börn: Síra Ólafur í Görðum, Sturla og áðurnefnd Margrét kona Gísla lögmanns)<sup>2)</sup>.

er var einn þeirra bænda, er mótmæltu aftöku Jóns biskups Arasonar í Skálholti 1550, svo harðlega, að við sjálft lá, að hann yrði handtekinn (Bisks. II, 352).

1) Hann andaðist 10. júní (sbr. J. S. 64 fol. í landsbókasafninu). Í ættatölubókinni Lbs. 199 4<sup>to</sup> er honum lýst á þessa leið: »Hann var skynsamur maður sagður utan öls, en hinn mesti óróamaður og svo sem vitstola með drykkjuskap í hvern hann lagðist þó freklega etc«. Dómabók hans úr Árnassýslu um og eptir 1620 er enn til í safni Árna Magnússonar (afskript í landskjalasafninu gerð af dr. Jóni Þorkelssyni landskjalaverði). Frumritið er víða mjög skemmt.

2) Séra Jón Kráksson í Görðum dó 11. marz 1622, 89 ára gamall.



Börn:

- A. Vigfús sýslumaður í Rangár- og Árnesþingi (sjá Rangárþing og hér síðar).
- B. Hákon sýslumaður í Rangárþingi (sjá þar).
- C. Kristín giptist 1630, deyði 1694, 84 ára; átti Þorlák biskup Skúlason, börn:
- a. Gísli biskup á Hólum, giptist fyrst 1658 Gróu Þorleifsdóttur sýslumanns á Hlíðarenda. Hún deyði 1660 barnlaus. Aftur giptist Gísli biskup 1664 Ingibjörgu dóttur Benedikts sýslumanns Halldórssonar, hún dó [1673] barnlaus. Svo giptist Gísli biskup í þriðja sinn 1674 Ragnheiði Jónsdóttur. Biskup dó [1684] bl. Ragnheiður giptist aftur Einari biskupi 1696, missti hann [1696]<sup>1)</sup>, dó sjálf 1715 69 ára, barnlaus.
  - b. Magister Þórður, vigðist til biskups 1671, tók við Skálholtsstól 1674, sálaðist 1697, giptist 1674 Guðríði dóttur Gísla sýslumanns á Hlíðarenda; börn:
    - aa. Þorlákur, varð skólameistari í Skálholti, deyði af átumeini, ógiptur og barnlaus.
    - bb. Brynjólfur sýslumaður á Hlíðarenda (sjá síðar).
  - c. Síra Skúli á Grenjaðarstað, átti fyr Guðrúnu dóttur Benedikts sýslumanns Halldórssonar, þau barnlaus, svo Elínu dóttur Sigurðar sýslumanns Magnússonar. (5 þeirra börn dóu í stórubólu, en það 6. Jórunn lifði og giptist Br. Thorlacius (sjá Þingeyjarþing).
  - d. Guðbrandur sýslumaður í Húnavatnsþingi (sjá þar).
  - e. Jón sýslumaður í Múlaþingi (sjá þar).
  - f. Elín kona Þorsteins sýslumanns Þorleifs-

1) Einar biskup Þorsteinsson kvæntist Ragnheiði 12. september 1696, en andaðist 9. október s. á. Ragnheiður andaðist 10. apríl 1715.

sonar (sjá um hann við Múlaþing og Hegranesþing).

D. Valgerður Gísladóttir gíptist 1633 Eggert sýslumanni á Skarði á Skarðsströnd Björnsyni; varð ekkja 1680; dó sjálf 1702 (sjá um hennar afkvæmi við Barðastrandarsýslu)<sup>1)</sup>.

E. Þórður og

F. Jarþrúður dóu börn<sup>2)</sup>.

Gísli Hákonarson mannaðist vel, og gerðist maður vel lærður. Hann var orðinn maður fulltíða þá faðir hans deyði 1608, því Gísli var borinn 1583<sup>3)</sup>; hafði Gísli verið við lærdóm utan- og innanlands, og framast vel. Hann reisti fyrst bú í Laugarnesi, svo í Klofa á Landi, en keypti seinna Bræðratungu, og flutti þangað. Tók til sín Margréti dóttur Jóns prófests Krákssonar og egtaði hana. Gísli hafði og góðan kunningsskap við höfuðsmanninn Herluff Daae, og fékk sér veitta Rangárvallasýslu, eptir Gísla Árna son föðurbróður sinn nálægt 1612 (að eg meina); þó hefi eg ei fullvissu þar fyrir, því ei hefi eg séð hans sýslumannsdóm í Rangárþingi fyr en 1627 þann 5. maí, þá hann að Skarði á Landi útnefndi 6 manna dóm um skóga og fleira. Hann hefur haldið umboðsmenn í Rangárþingi.

Þá Gísli lögmaður Þórðarson frásagði sér lögsögu, var Gísli sýslumaður Hákonarson með allra samþykki tekinn til lögmans 1614. Kongsstaðfesting upp á lögmanssembætti Gísla lögmans er daterað 25. apríl 1615. 1618 þá þeir commissarii Friðrich Friis og Jörgen Wind komu út í málum Herluffs Daae og Árna Oddssonar, virtu þeir Gísla lögmann mest af öllum Íslendingum, og gegndu helzt hans tillögum.

1) II, 110—112.

2) Þórður son Gísla lögmans sigldi til háskólans og var skrifaður þar í stúdentatölu 4. febr. 1630, en mun hafa andazt ytra skömmu síðar. Helga hét og dóttir Gísla lögmans er andaðist ung, og ef til vill hefur hann átt annan Þórð, er dáíð helur barn. Hafa þau alls verið 4 börn hans, er ung önduðust, sbr. útfararminningu hans í ljóðum (Ísl. Ártíðaskrár bls. 183—184).

3) Hann var fæddur á Hlíðarenda (sbr. útfararminninguna).

Höfuðsmaðurinn Holgeir Rósenkranz virti og Gísla lögmann mikils, gerðist Gísli lögmaður hans umboðsmaður 1628. Eptir höfuðsmannsskipun tók hann Skagafjarðarsýslu af Halldóri lögmanni Ólafssyni fyrir skuldir, og veitti hana Jóni sýslumanni á Reynistað. Möðruvallaklaustur veitti hann Halldóru eldri Jónsdóttur, kvinnu Halldórs lögmanns. Árnessýslu tók hann eptir höfuðsmanns skipun af Einari bróður sínum fyrir skuldir og setti þar fyrir lögsagnara Björn Grímsson málara, en undir umsjón Gísla lögmanns, eða Bessastaðavaldsins. 1629 þá höfuðsmaðurinn kom út, fékk Halldór lögmaður fyrir tilögur Odds biskups, með nauðung að halda Skagafjarðarsýslu, þá hann áður hafði betalað skuldir sínar. Gísli lögmaður slepti umboði höfuðsmannsins árið 1630. Rígur var í millum Odds biskups og Gísla lögmanns, mest útaf Bræðratungukaupi, því biskup vildi ná í þá jörð; þó var það stórslysalaust, meðan þeir lifðu, en meiri varð óvild millum sona þeirra.

1617 þann 10. okt. keypti Gísli lögmaður Hákonarson í Klofa á Landi, jörðina Bræðratungu 80 hndr. af bræðrunum síra Ásmundi og síra Jóni Þormóðssonum. Síra Ásmundi fékk hann Brekku og Dalsmynni í Norðurárdal fyrir 40 hndr. og Straumfjörð á Mýrum 20 hndr. En síra Jóni Svefneyjar 40 hndr. og Hamar í Reykhólasveit 20 hndr. í sinn part. Var Bræðratunga seld fyrir tvenn 80 hndr. í peningum, en með sama hætti voru hver 60 hndr. er þeir bræður móttóku metin 80 hndr. í peningum.

Kongs Kristjáns IV. verndarbréf gefið Gísla Hákonarsyni, dat. 1634 (*NB.* Eptir hann dáinn).

Að Gísli lögmaður hafi haft yfirumsjón og vald í Árnessýslu, sést þar af, að hann dæmdi Þorláki á Baugsstöðum svo mikið af þeirri jörð til ábýlis, sem hann hafði áður haft, þar til honum væri löglegar útbyggingar sakir gefnar, og sá héraðsdómur var staðfestur á alþingi.

Þorlákur Hólabiskup bað 1630 Kristínar dóttur Gísla lögmanns, en hún var áður heitstúlka Eggerts Björnssonar á Skarði, og voru þeir feðgar Björn sýslumaður og Eggert komnir á ferð að vitja ráðsins. Vildi Gísli lögmaður ei

frávísa biskupi, reið á móti þeim feðgum, talaði fyrir þeim um þetta, og tjáði hvað virðugleg væri mágsemdin við biskup, bauð Eggert yngri dóttur sína, þá hún væri gjafvaxta, og talaði svo um fyrir þeim feðgum, að þeir létu sér það vel líka. En biskup skyldi fá Kristinar, gekk þá ráðahagurinn saman, og var brúðkaup Þorláks biskups haldið sama ár.

Tjald Þorláks biskups stóð langt frá bænum norður í holtum, þangað reið Oddur biskup með fylgd sína. Síðan var skipað niður brúðgumareidinni, sem þá var tíð í stórhófum, á laugardagskvöld heim til Bræðratungu, svo að jafnan riðu þrír og þrír samsíða með jöfnu millibili, þar til helmingur mannfjöldans var af stað kominn, en síðan tveir og tveir; seinast riðu biskuparnir báðir frá tjöldunum, og voru þá hinir fremstu komnir heim á staðinn, en er kom að túninu, var öllum mannfjöldanum skipt í tvær langar raðir, og sátu allir á hestum, var sín röð eða fylking á hverja hlið heim með tröðum öllum, þeir yztir, sem undan höfðu ridið, og svo hverjir að öðrum, voru þeir því meiriháttar, sem þeir voru síðar í brúðgumareidinni, en í gegnum kví þessa riðu fyrirmennirnir heim að staðnum og stigu af hestum. Sá þá ekki í völlinn fyrir hestum og mönnum, er þeir stigu af baki. Var Gísli lögmaður hinn mesti höfðingi og rausnarmaður heima fyrir, með vinaslokk sinn, og bað alla gesti sína vera velkomna; en kvaðst afskilja alla norðlenzka hæversku. Veitti lögmaður hið stórmannlegasta, svo ei hefur brúðkaup á þeim tímum verið ríkmannlegra hér. Var þá mikill uppgangur og virðing Gísla lögmanns. Oddur biskup var talsmaður Þorláks biskups, og vildi fyrir elli sakir heldur hvilast í tjaldi sínu, en í háreysti fjölmennis heima, þegar veizlan var. Einn morgun sem optar, gekk Gísli lögmaður út til tjalds biskups, að hressa hann, og spurði, hvort hann veki. Sveinarnir kváðu hann sofa mundi. Lögmaður gekk inn í tjaldið, og sá, að biskup svaf; lagði hönd sína á kinn honum og bauð honum góðan dag. Biskup vaknaði við og mælti: »Herra Gísli! Nú vaktir þú mig óhentuglega, mig var að dreyma um burtför mína, því lífdagar mínir eru fljótt á enda kljádír«.

Lögmaður gerði gaman af og mælti: »Þið andlegu mennirnir eruð jafnan með ykkar guðhræðslu«. Biskup mælti: »Þá eg er sofnaður, máttu gæta að þínum högum, því ekki mun langt verða á milli okkar; en þess bið eg þig, að þú sért við jarðarför mína, og ausir mig einni moldarreku«. Voru þeir Oddur biskup og lögmaður þá alsáttir, og kvöddust með kærleikum í veizlulok.

Oddur biskup andaðist aðfaranótt þriðja dags jóla á sama ári, er hann var vetri betur en sjötugur, hafði hann þá verið biskup einn vetur hins fimmta tugar, þrem mánuðum fátt í. Við jarðarför hans var Gísli lögmaður, og kendi þá sóttar. Komst hann heim til sín, elnaði þá sótt hans, lá 12 daga, og lézt þann 12. febr.<sup>1)</sup> 1631, er hann skorti tvo vetur á fimmtugan. Hann var lögmaður í 17 ár, og hélt ætíð virðingu sinni.

Gísli lögmaður var ríklundaður, örlátur, vinsæll, höfðingi mikill, djarfmaeltur, einarður og stundaði réttvísi. Mynd Gísla lögmanns er enn í Hólakirkju, hefur hann verið mikill maður og þó skapfallegur; þykkur og kringluleitur í andliti, með hæstu meðalmönnum, léttur og fimur á æskuskeiði; en varð með aldrinum holdugur, feitur og dimmleitur í andliti, en ætíð fyrirmannlegur.

### Björn Grímsson málari.

*Faðir:* Séra Grímur í Hruna<sup>2)</sup>. (Hans móðir var Halldóra Grímsdóttir, systir séra Freysteins í Stafholti).

1) Dánardagurinn líklega réttari 10. febrúar, því að svo stendur í samtíða ártíðaskrá (Ísl. Ártíðaskrár bls. 182, 184). Í hinni tyrnefndu útfararminningu er hann talinn dáinn 8. febrúar, en hitt er að líkindum réttara.

2) Séra Grímur var Skúlason. (Sjá um hann Ísl. Ártíðaskrár bls. 246—247). Hann hefur dáið um 1580 og ekki orðið gamall maður. Móðir hans Halldóra Grímsdóttir var fædd um 1493 og andaðist 1582 (Biskupaannálar: Safn. I, 43). Son séra Freysteins bróður hennar var Jón prestur í Borgarþingum, faðir Bréfa-Helgu, er gerð var á framfæri Þormóds Kortssonar, er kvæntur var Höllu Grímsdóttur prests Skúlasonar. Helga var ekki dóttir séra Freysteins, eins og talið er III, 308, heldur sonardóttir hans, og því þremmenningur að frændsemi við Höllu í Skógum, en ekki 2. og 3. (sbr. III, 308).

*Móðir:* Guðrún dóttir séra Björns Ólafssonar<sup>1</sup>).

Systkin Björns voru: 1. Halla átti Þormóð Kortsson; börn: a) Ámundi í Skógum (sjá Rangárþing). b) Nikulás, sem tók Kirkjubæjar-klaustur 1643.<sup>2</sup>) 2. Kristín átti Einar Stefánsson á Hörgslandi. 3. Guðrún kona séra Bergsveins á Útskálum.

Konu átti Björn enga. En þó átti hann launson: A. Séra Þorstein, fékk Útskála 1638, átti konu<sup>3</sup>) og börn. Varð sjálfur holdsveikur.

1) Guðrún var systir Nikulásar sýslumanns á Seljalandi (sbr. III, 417—418 og Ísl. Ártíðaskrár bls. 246). Að séra Grími látnum giptist Guðrún ekkja hans Eiríki Jakobssyni klausturhaldara og var dóttir þeirra Helga f. k. séra Snæbjarnar Stefánssonar í Odda. En alsystur Björns málara voru Halla, Kristín og Guðrún (sbr. dóm Hákonar sýslumanns Árnasonar um arfskipti eptir Eirík Jakobsson í Ísl. Ártíðaskrár bls. 247—249).

2) Nikulás klausturhaldari átti Katrínu Gísladóttur Erasmussonar prófasts Villatssonar, p. b.:

- a. Margrét átti Björn Jónsson yngra sýslumann í Dalasýslu og börn, sbr. II, 668.
- b. Björn lærði í skóla, varð klausturhaldari á Kirkjubæ eptir föður sinn, en misti klaustrið vegna skulda, fór í Austfjörðu og lenti í fátækt, átti Ingunni Þorsteinsdóttur prests á Svalbarði í Þistilfirði Jónssonar.
- c. Guðrún átti séra Halldór Eiríksson í Heydölum, p. b.: Höskuldur (sjá Múlaþing), Eiríkur, Kort, Elin f. k. séra Árna Alfssonar í Heydölum.
- d. Hólmfríður átti Bessa Guðmundsson sýslumann í Múlaþingi og var fyrri kona hans (sjá þar), þau bl. Hún arfleiddi mann sinn að öllu fé sínu.

Enn voru börn Þormóðs Kortssonar og Höllu Grímsdóttur:

- c. Kort átti Þórunni dóttur Hákonar Björnssonar sýslumanns í Nesi. Son þeirra Þorleifur lögmaður o. fl. Eru afkomendur systkina Þorleifs lögmanns taldir hér að framan bls. 115—121.
- d. Páll, varð kaupmaður.
- e. Sigríður átti síra Illhuga Jónsson (Galdra-Illhuga) á Kálfafelli (Esp. ætt.).

Móðir Þormóðs Kortssonar í Skógum var íslenzk, en faðir hans Kort Lýðsson var þýzkur kaupmaður (frá Hamborg) og sagður af aðalsætt.

3) Kona hans var Guðrún dóttir Björns Tómassonar í Skild-

Tók framhjá<sup>1)</sup> og misti prestskap og kallið 1660, lét aka sér millum búða á alþingi, og deildi á dómendur sína, vildi og ei burt flytja af staðnum, svo hann var fluttur þaðan nauðugur; gerði þá minnisstætt skrugguveður; var Þorsteinn prestur haldinn fjölkunnugur. Hann var vel heima í mörgu og mesti málagarpur. Lifði þar eptir við örbirgð í 15 ár; gerði sjálfur mikið grobbsfulla grafskript sína og deyði 1675<sup>2)</sup>.

Björn var að viðurnefni kallaður málari. Þá sýslan var tekin af Einari var Björn settur umboðsmaður í Árnessýslu, en Danir tóku afgjald sýslunnar sjálfir. 1628 mun Björn hafa verið þar settur, fyrst undir umsjón Gísla lögmanns til 1630. Hann sætti Baugstaðamál 1631. Þótti lítill lagamaður, og hjáhliðrunarsamur um mál. Síra Gísli Þorbjarnarson í Villingaholti klagaði Björn fyrir réttarneitun 1632 og stefndi honum til alþingis 1633. Mun Björn þá hafa verið frá settur sýsluvöldum, en Árna Odds-

inganesi og Guðnýjar Jónsdóttur prests í Laugardælum Stefáns-sonar. Börn þeirra voru:

1. Jón dó bl.

2. Póra, lærði hjá föður sínum reikningslist o. fl., átti fyrst launbarn með Porkeli Jónssyni, bróður Gísla skálds í Nýjabæ á Alptanesi, og giptist honum löngu síðar til að gera son þeirra arfgengan. Hann hét Gísli og hafðist við á Setbergi, þangað til hann varð að selja það sér til vidurværis; var ókvæntur og bl. Hann hefur ritað annál, er endar 1713 og geymdur er í Thottssafni í Kaupmannahöfn með eigin hendi Gísla. Eru þar í meðal annars merkilegar skýrslur um manndauða í stórubólu, og er ágrip af þeim prentað í Ísl. Ártíðaskrám bls. 16—21.

1) Barnsmóðir hans hét Ásný Hallsteinsdóttir.

2) Hann andaðist á Setbergi við Hafnarfjörð 1675, 63 ára gamall. Er því fæddur um 1612. Hann setti sér sjálfur grafskript á latínu með íburðarmiklu lofi, kallar sig þar »flos patriæ, antiqua magnus in historia« o. s. frv., og tekur síra Jón Halldórsson grafskriptina upp í prestæfir sínar (sbr. Árb. Esp. VII, 24—25) og segir að lesa megi hana á legsteini yfir síra Þorstein í Garðakirkjugarði. Síra Þorsteinn hefur ort kvæði á latínu, er hann nefndi »Noctes Setbergenses« (»Setbergsnætur«).

syni á hendur falið umboð sýslunnar. 1633 klagði Jón Ólafsson fyrir Árna lögmanni, að hann hefði ei fengið lög og rétt af Birni Grímssyni, en Björn forsvaraði sig, og lofði á Stokkseyrarþingi, að gera Jóni lög og rétt. Held og Björn hafi það ár verið umboðsmaður Vigfúsar Gíslasonar. Hann mun eigi hafa haft sýsluveiting, en verið umboðsmaður<sup>1</sup>).

Björn var mjög undarlegur maður. Eitt sinn var hann staddur á Hlíðarenda, um vetur, þá gerði mikla snjóaleysingu. Heimti hann þá hest sinn úr húsi með ákafa, og bað um fylgdarmann. Lézt eiga nauðsynjaerindi til Höllu systur sinnar í Skóga austur; komst um kvöldið yfir Markarfljót og önnur vatnsföll, er mönnum sýndust ófær, í miklu regni og leysingu til Skóga, og bað Höllu systur sína búa sér rúm í kirkjunni, og senda sér þangað vinnukonu hennar til gamans. Kvað það vera forlög sín að geta þar son. Mundi sá verða prestur, ef hann væri getinn í helgum stað. Halla gerði sem hann beiddi. Björn var þar um hrið og fór burt síðan. Vinnukonan varð þunguð og ól áðurnefndan Þorstein prest. Meinast að þetta hafi tilborið nálægt 1612. Ekki er þess getið, að Björn væri við konu kendur eptir né áður.

(Björn tjáist enn nú að hafa átt launson (sem síra Jón Halldórsson hefur ei af vitað) nefnilega: síra Eyjólf Björnsson á Snæfuglstöðum 1716, dó 1747 tvingiptur; af honum er fjöldi fólks kominn; en sé það satt, að hann hafi verið þessa Björns Grímssonar málara son, má Björn hafa orðið mjög gamall, og getið hann í elli sinni, og síra Eyjólfur orðið aldraður prestur. Getur þetta varla staðizt tímans vegna<sup>2</sup>).

---

1) Björn er nefndur »sýslumaður yfir Árnassýslu« í dómi 13. maí 1632 og konungsumboðsmaður og sýslumaður í Árnassýslu í dómi Árna lögmanns Oddssonar í Bakkarholti 11. júní s. á. Virðist hann hafa sleppt sýslunni það ár, því að þá fékk Vigfús Gíslason hana ásamt Niels Hanssyni. Er til dómur Vigfúsar sýslumanns útnefndur á Vatnsleysu í Biskupstungum 18. ágúst 1632. Björn sýslumaður Grímsson hefur dáið 1634 (síðla árs) eða 1635, sem ef til vill er réttara.

2) Þetta er alveg gripið úr lausu lopti hjá Boga. Að visu



## Árni Oddsson.

- Faðir:* Oddur biskup í Skálholti, Einarsson.
- Móðir:* Helga dóttir Jóns sýslumanns Björnssonar prófasts Jónssonar biskups Arasonar. Hún dó 1662, 95 ára<sup>1</sup>).
- Kona fyrri:* Helga, dó 1616, dóttir Jóns sýslumanns Vigfússonar, síðast á Galtalæk. Þau Árni giptust 1613. Helga gaf Árna ektamanni sínum í lög-gjöf Máná og Valadal á Tjörnesi.
- Barn:* Ingibjörg dó ung.
- Kona seinni:* Þórdís, dó á Leirá 1670<sup>2</sup>), þá 70 ára, giptist 16 vetra 1616. Hún var dóttir Jóns á Svalbarði<sup>3</sup>) Jónssonar á Ökrum Grímssonar.
- Börn:* A. Jón var málrómslitill, sigldi tvisvar, lærði lítið; var lengi á Leirá hjá föður sínum, síðan bóndi á Holtastöðum í Langadal,

hét faðir síra Eyjólfss á Snæfoksstöðum († 22. nóv. 1746) Björn Grímsson, en hann var son Gríms prests Bergsveinssonar í Görðum á Akranesi og systursonarson Björns málara, því að síra Bergsveinn á Útskálum faðir síra Gríms átti Guðrúnu Grímsdóttur, systur Björns (sjá hér áður).

## Niels Hansson

sbr. bls. 115 hér að framan og Hirðstjóraannál (Safn til s. Ísl. II, 735). Hinn 1. marz 1632 staðfesti konungur veitingarbréf Holgers Rosenkrantz fyrir allri Árnessýslu upp á lífstíð til Niels Hanssonar og Vigfúsar Gislasonar, fyrir venjulegt afgjald 55 rd. og  $\frac{2}{3}$  óvissra tekna eptir reikningi (sbr. sýslumannaskrá í safni J. S. 64 fol. í landsbókasafninu). Líklega hefur Niels þessi aldrei rekið sýsluna, en Vigfús haft þar lengstum umboðsmenn.

**Þorsteinn Magnússon** lét dóm ganga í Bakkarholti í Ölfusi 3. maí 1634 og annan á Núpi í Eystrihrepp um tíund af Ásólsstöðum í umboði Vigfúsar Gislasonar og komu þeir dómur til alþingis 1634. Hefur Þorsteinn verið umboðsmaður Vigfúsar það ár. Að hann sé sami maður og Þorsteinn Magnússon í Pykkvabæ, er þá var orðinn sýslumaður í Skaptafellspingi, getur verið, en ekki þori eg að fullyrða neitt um það.

- 1) Hún andaðist 23. október (Ísl. Ártíðaskrár bls. 197).
- 2) Hún andaðist 1. september.
- 3) Réttara: Sjávarborg.

deyði barnlaus 1685<sup>1)</sup>. Giptist 1678 Þórunni dóttur Hallgríms Halldórssonar lögmanns<sup>2)</sup>.

B. Sigurður Árnason<sup>3)</sup> í Leirárgörðum var skólagenginn og biskupssveinn, átti 1651 Elínu (dó 1660) dóttur Magnúsar sýslumanns í Haga Jónssonar sýslumanns eldra, Magnússonar sýslumanns í Ögri; börn:

a. Bjarni á Heynesi lögréttumaður 1700, átti Helgu dóttur Gísla á Skarði á Landi, sonar síra Guðmundar Gíslasonar sýslumanns í Miðfelli Sveinssonar<sup>4)</sup>. Helga var þá ekkja (því hún átti áður Jón Guðmundsson Torfasonar, bl.), börn:

aa. Síra Gísli á Melum í Melasveit (prestur og prófastur í 60 ár) dó ógiptur, barnlaus 1771.

bb. Síra Jón á Holtastöðum í Langadal, átti Þuríði Einarsdóttur; með henni börn, þau dóu ung<sup>5)</sup>.

b. Þorbjörg, dó 1736, átti Sæmund (dó 1699) son Árna Gíslasonar á Innra-Hólmi bl. (sjá Borgarfjarðarsýslu)<sup>6)</sup>.

c. Margrét fyrsta kona Þórðar á Hólmi

1) Í Bisks. II, 663 er hann talinn dáinn 1684.

2) Svo er að sjá sem Árni lögmaður hafi átt annan Jón yngri en hinn, og að hann hafi andast á Leirá 11. janúar 1666, sbr. Ísl. Ártíðaskrár bls. 193, en aldurs hans er þar ekki getið. Þessa Jóns er þó ekki getið í ættatölum meðal barna Árna lögmanns.

3) Sigurður dó 14. júní 1690 á 68. aldursári (Ártíðaskrár bls. 195 o. fl.).

4) Þetta er gersamlega rangt hjá Boga. Gísli í Skarði faðir Helgu var son Bjarna á Stokkseyri Sigurðssonar Bjarnasonar Torfasonar í Klofa (sbr. III, 107).

5) Um þá bræður síra Gísla og síra Jón sjá nánar III, 109.

6) III, 420.

Péturssonar Þórðarsonar sýslumanns, bl. (sjá Borgarfjarðarsýslu<sup>1)</sup>).

- d. Ljótunn átti Þorkel Jónsson í Njarðvík;
  - þ. son:
    - aa. Jón rektor 9 ár í Skálholti, barnlaus<sup>2)</sup>.
- e. Árni á Grund í Skorradal, varð lögréttu-  
maður 1709, dó 1736, átti Þóru dóttur  
sira Einars á Helgafelli Gíslasonar prests  
samastaðar; börn:
  - aa. Árni bjó og á Grund, átti Bergljótu  
Guðmundsdóttur, bl.
  - bb. Elin átti Þorleif Pálmason á Breiða-  
bólsstað og börn<sup>3)</sup>.
  - cc. Magnús á Indriðastöðum, tvígiptur;  
átti börn<sup>4)</sup>.

1) III, 439.

2) Jón rektor Þorkelsson dó í Kaupmannahöfn 5. apríl 1759.

3) Um framætt Þorleifs sjá II, 319 og III, 436. Börn hans og Elínar voru:

- a. Einar prestur í Guttormshaga († 22. marz 1834) átti Ragnhildi Sigurðardóttur prests á Kálfatjörn Jónssonar, þ. b.: Guðmundur í Hjallanesi, Sigurður í Saurbæ í Holtum, Gísli, Málfríður, er átti Pál Þórhallason prests á Breiðabólsstað í Fljótshlíð Magnússonar og Ragnhildur, er átti Magnús Brands-son á Læk í Holtum.
- b. Pálmi í Skörðum átti Kristínu Ólafsdóttur prests á Álptamýri Einarssonar, þ. b.: Ólafur, er átti Herðisi Hrómundsdóttur, Margrét átti Benedikt á Hvítskjaldarhóli Þórðarson prests í Hvammi í Norðurárdal Þorsteinssonar og Anna, er átti Jón Jónsson frá Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahrepp Jónssonar.
- c. Þórunn f. k. Gísla Ólafssonar á Kjörseyri, þ. d.: Þorbjörg, er átti Tómas Eiríksson prests á Staðarbakka Ólafssonar.
- d. Árni átti 3 launbörn.

4) F. k. Magnúsar var Margrét Bjarnadóttir frá Vogatungu Jónssonar, þau bl., en hin síðari Guðrún Árnadóttir Brynjólfs-sonar prests í Kirkjubæ í Tungu Halldórssonar, þ. d.: Þórunn f. k. Torfa stúdents Árnasonar á Mófellsstöðum og Sigríður, er fyr átti sira Auðunn Jónsson á Stóruvöllum (sjá um börn þeirra III, 503—504), en síðar Bergstein Guttormsson á Árgílsstöðum.

- dd. Jón, átti Hallgerði Brynjólfsdóttur og barn, líka laundóttur<sup>1</sup>).
- f. Hákon á Leirárgörðum, átti tvær laundætur með Jórunni Guðmundsdóttur:
- aa. Guðný, sem hann arfleiddi 1704; og með Oddnýju Hjaltadóttur:
- bb. Ásvör<sup>2</sup>). Hákon dó 1737.
- g. Helga Sigurðardóttir, átt Jón Þórðarson á Bakka<sup>3</sup>); barnlaus.
- h. Guðlaug átti Pétur Gam Daðason sýslumanns, barnlaus<sup>4</sup>).
- C. Helga Árnadóttir giptist 1642 síra Þórði Jónssyni í Hitardal. Hún deyði 1693<sup>5</sup>), 68 ára. Hann dó 1670, 61 árs; börn:
- a. Þorsteinn á Hrafnabjörgum og svo á Skarði á Skarðsströnd, átti Arnfríði dóttur Eggerts ríka Björnssonar 1675. Þorsteinn dó 1700, en Arnfríður 1726. Þeirra börn sjá við Barðastrandarsýslu<sup>6</sup>).
- b. Guðríður, átti Jón yngra sýslumann Vig-

1) Jón mun hafa verið barnlaus með konu sinni, en laundóttur átti hann, er Þórunn hét.

2) Ólafur Snókdalín telur þær Guðnýju og Ásvöru báðar laundætur Hákonar og Jórunnar, en í ættatölubók J. S. 163 fol. er Ásvör talin laundóttir Hákonar og Oddnýjar Hjaltadóttur (sbr. II, 92), Ásvör átti Jón smíð á Reyni á Skaga Jónsson Gíslasonar og var f. k. hans, p. b. talin hér að framan bls. 14.

3) Jón á Bakka var son Þórðar sýslumanns Hinríkssonar á Innra-Hólmi, sbr. III, 441.

4) Sbr. bls. 60 hér að framan.

Enn var son Sigurðar Árnasonar í Leirárgörðum og Elínar:

i. Halldór lærði í skóla, drukknaði í kaupstaðarferð af Akranesi 1709, ókv. bl. (J. H. ættatölur, sbr. Árb. Esp. VIII, 119). Kristín er og nefnd dóttir Sigurðar og Elínar í Bisks. II, 663, en síra J. H. getur hennar ekki. Hún mun hafa dáið ung.

5) Hún dó 11. ágúst á 67. aldursári (Ísl. Ártíðaskrár bls. 196).

6) II, 110, sbr. Bisks. II, 663.

fússon, er seinna varð Hólabiskup (sjá þeirra börn við Borgarfjarðarsýslu)<sup>1)</sup>.

Árni Oddsson var borinn 1592, var settur ungur til menta, og útskrifaðist 17 vetra. Fór hann sama ár (1609) utan til frekari lærdómsmentunar og dvaldi þar 3 ár; kom út 1612, þá tvítugur að aldri og var settur skólameistari í Skálholti. 1613 giptist hann Helgu Jónsdóttur, 1614 slepti hann skólameistaraembætti og tók að leggja sig eptir laga-vísindum.

Um 1615 misti Árni sína fyrri konu, en 1616 giptist hann seinni konu sinni. (Frá því hann slepti skólameistaraembætti, er sagt af sumum, að hann hafi um hríð flutt að Holtastöðum, og haft umboð nyrðra, en það hygg eg vilt).

Lítt féll á með höfuðsmanni Herluff Daae og biskupi Oddi, hafði þeim margt orðið til sundurlyndis; meina eg að biskup sendi Árna son sinn utan 1617 með kvörtun sína yfir Herluff Daae. 1615 gekk bólusótt og þar eptir hallæri á Íslandi, höfðu gjöldin orðið minni af landinu en fyrr. Höfuðsmaðurinn Herluff Daae hafði landsins gjöld í léni frá kongi, fyrir tiltekna peningaupphæð árlega; kvartaði yfir við konung, að afgjald landsins væri orðið mjög lítið, og sagði þó minna en var. Árni frétti þetta, og kom því svo fyrir, að það komst til konungs, er Árni kvað Herluff Daae segja ósatt um gjöldin, og kom þar með á framfæri skrifum föður síns, svo konungur tilsetti commissarios Jörgen Wind og Fridrich Friis stórherra erlendis, að rannsaka málið og gera öllum lög og rétt hér á landi. Komu þeir út snemma um vorið 1618 og þá að þeim tíma kom riðu þeir til alþingis, en ekkert spurðist til Árna; var Oddur biskup með döpru bragði, þar árið-andi skjöl hans voru hjá Árna. Höfuðsmaður hafði lagt hann að flytja Árna til landsins, fékk hann því ei far, þó beiddi, fyrr en með Vopnafjarðarskipi, sem síðast fór; kom hann út undir sjálft alþingi. Fékk sér viðbrigða

1) III, 461—465.

Son síra Þórðar í Hitardal og Helgu var ennfremur:  
c. Jón, er dó ungur, sbr. Bisks. II, 283.

hesta og reið nótt og dag, á fjórum dögum austan úr Vopnafirði til alþingis. Náði gögnum sínum og vitnum í málum þeirra, gengu þau að lokum á Herluff Daae, svo hann varð fyrir konungs ónáð, stórum fésektum og embættismissi og varð snauður.

Það er sagt, að Árni hafi um hrið haldið Reynistaðarklaustur, og búið á Holtastöðum. Getur hann ei hafa klaustrið haldið, utan það ásamt lögmanns- og sýslumanns-embætti hafi verið dæmt af Jóni Sigurðssyni 1618. En ei hefur Árni það haldið lengur en til 1620, þá Holger Rosenkranz hefur það Jóni aptur veitt, sé þetta rétt til getið. Líklegra er að Árni lögmaður hafi ei tekið Reynistaðarklaustur fyrir en eptir dauða Jóns 1635 og haldið því til síns dauða 1665, því 1641 á alþingi skipaði höfuðsmaður Pros Mundt Vigfúsi sýslumanni Gíslasyni, að sættast við Árna lögmann Oddsson og betala honum spjöll á Reynistaðarkirkju. Þetta sýnir, að Árni hefur ei tekið Reynistaðarklaustur fyrir en eptir Jón Sigurðsson. Árni lögmaður spyr höfuðsmanninn, hver betala skyldi klukkuumsteyping í Reynistaðarkirkju 1642.

Víst er að Árni bjó í Miðfelli, og gerðist Skálholtsstaðarráðsmaður; eg meina nálægt 1621. Hann var og viðriðinn Baugstaðamál. Upptök þess voru, að Þorláki á Baugsstöðum hafði Árni Oddsson útbygt, án löglegra saka. Þetta kærði hann fyrir Gísla lögmanni Hákonarsyni, sem tildæmdi Þorláki svo mikið af Baugstöðum, sem hann hafði áður haft, til þess löglegar útbyggingarsakir kæmu. Sá dómur var staðfestur á alþingi, og 4 merkur í dómsrof, en 8 merkur í bréfabrot af þeim er hindruðu. Ei að síður bar Gizur út peninga Þorláks, sló engjar hans og hélt fyrir honum 2 leigukúgildum, og enn fleiru, þó með vitund eða ráði Árna Oddssonar. Var þá við búið, að deila sú mundi lengra fara, nema þeir Gizur og Þorlákur hefðu sætt, að forlagi Árna Oddssonar og sýslumanns Björns Grímssonar málara, er gaf sakfellið kvitt. Þótti Árni ei sem jafnaðargjarn góður maður framan af æfi sinni. Mál þetta hófst 1628, en lyktaði með sætt 1631. Gefur héraðsdómur Gísla lögmanns til kynna, að hann hafi þá haft

umráð Árnessýslu, en Björn 1630, þá Gísli lögmaður hafði sleppt umboði Dana.

Björn Grímsson hefur ekki haft veitingu fyrir Árnessýslu, heldur verið umboðsmaður. Hann var ekki frásettur umboðinu 1633, svo eg víst viti. En óvíst er, hvort Vigfús Gíslason, eða Árni eða Danir héldu þá sýsluna. Máske henni hafi þá verið tvískipt milli Vigfúsar og Árna þau ár<sup>1</sup>). 1633 lét Vigfús Gíslason dóm ganga í Bakkarholti um mál Hannesar og Bjarna, Þar af sést að Vigfús hefur þá haldið að minsta kosti hálfa sýsluna.

1632 lét Árni ganga dóm að Bakkarholti, máske hann hafi 1631 til 1632 haft meðgerð með sýsluna hálfa, en Björn verið hans umboðsmaður.

1631 þá Gísli lögmaður hafði látizt, og til alþingis kom, var talað um lögmannskosningu, voru þá í kjörum: Þorsteinn sýslumaður á Þykkvabæ, Þorleifur sýslumaður á Hlíðarenda og Árni Oddsson. Þingheimur og Þorlákur biskup gerðu bænir til guðs, að sá yrði til lögmanns kosinn, sem bezt gegndi. Var hlutað um, og hlaut Árni Oddsson. Vann hann lögmannseið sinn á hjám og var beðið fyrir honum. Hafði Árni lögmaður þá um hrið Skálholtsstaðarráðsmensku, og eg meina umráð Árnessýslu, þó hann sem lögmaður hafi haldið þar umboðsmann. Kongsveitingarbréf Árna fyrir lögmannsembættinu er af 1. marz 1632.

1635 hefur Árni lögmaður látið ganga dóma í Vælu-gerði, og bauðst til á alþingi að forsvara þá. Þorlákur Markússon segir í sínum annál, að Árni lögmaður Oddsson hafi fengið Reynistaðarklaustur 1634 og haldið það í 31 ár. Eg hygg hann hafi tekið það eptir dauða Jóns lögmanns Sigurðssonar á alþingi 1635 og sé talið það ár 1635 og dauðaar Árna 1665, þó hann héldi ekki klaustrið þau ár út, þá eru það 31 ár. 1645 telst Benedikt í Bólstaðarhlíð klausturhaldari á Reynistað, líklega í umboði Árna lögmanns.

---

1) Eins og áður er getið hefur Vigfús tekið við sýslunni 1632 af Birni Grímssyni málara, er mun einmitt hafa haft konungsveitingu fyrir henni, en ekki verið umboðsmaður.

Óvild mikil var millum Vigfúsar Gíslasonar og Árna lögmanns, má það hafa orsakað, að Árni, nokkru þar eptir flutti að Leirá. Árni lögmaður var framan af æfi sinni framfús og vildi eigi láta hluta sinn, en var skarpur að náttúrufari, vitur og ráðagóður. Honum var til lýta lagt aðgerðir hans í Everts og Þyrilsmálum, samt fylgi í fleiru.

1635 sýnist Árni vera fluttur að Leirá, því hann lét ganga dóm að Bæ í Borgarfirði 1635, þá þar var millibil um sýslumenn; máske hann hafi eptir 1635 búið fá ár á Holtastöðum, eptir það hann fékk Reynistaðarklaustur.

Með ellinni gerðist Árni guðhræddur og bæn-ræknismaður mikill. Hann lét halda kvöld- og morgunsöng í Leirárkirkju, hepti ósiðu á elliárum, þá hann gat því viðkomid, og gerðist mesti reglumaður í hvívetna.

1663 þá hann var vetri betur en sjötugur, frásagði hann sér lögmannsdæmið 24. d. janúarmánaðar.

1665 gekk hann um veturinn einsamall til laugar á Leirá. Hann var vanur að láta hringja til bænahalds í kirkjunni kvöld og morgna, og fastaði hvern föstudag á langaföstu; var og þessi tilburður á frjúdegi á föstunni; þá hringt var um kvöldið og hann kom ei til bæna, sem hann var vanur, var hans leitað: fanst hann þá fljótandi á grúfu örendur í lauginni 10. d. marzmánaðar. Meina menn honum undir laugun hafi liðið í brjóst af gufunni og svo drukknað. Var hann sveipaður klæðum, heimfærður, og síðan virðulega greptraður. Hafði hann þá þrjá vetur hins áttunda tugar; verið lögmaður 32 ár, og þótti hinn ágætasti maður á hnígins aldri<sup>1</sup>).

Árni lögmaður og Þórdís ektafrú hans voru grafin í Leirárkirkju.

Benedikt prestur telur það furðu hans, þá Árni lögmaður skömmu áður vildi loka vesturdrabæjarhurð á

1) Frásögn um fráfall Árna lögmanns eptir annál síra Benedikts Péturssonar á Hesti er í Árb. Esp. VII, 40—41. »Mæltu margir« segir Espólin, »að ei mundi svo ágætur lögmaður upp þaðan landslögum stýra eða slikur höfðingi koma á Leirá« (Árb. VII, 41). Hin drengilega framkoma hans við hyllingareidinn nafnfræga í Kópavogi 1662 er nú kunn orðin eptir nýlega fundnum skrifum (sbr. Ríkisréttindi Íslands).



Leirá, gekk hurðin aptur og aptur upp og á hann. En lík hans var lagt á sömu hurð síðar.

Hallgrímur prestur Pétursson kvað heilræðavísur til Árna lögmanns.

1662 afsakaði Árni lögmaður sig frá lögmannsembættisfærslu, en fyrir bænarstað höfðingja var hann við embættið til 1663: það ár gerðist Sigurður Jónsson í Einarsnesi lögmaður.

Árni lögmaður dæmdi einn á alþingi árin 1661 og 1662, því Magnús lögmaður Björnsson var þá svo sjúkur, að ei komst til alþingis<sup>1</sup>).

### Vigfús Gislason.

*Faðir:* Gísli lögmaður í Bræðratungu Hákonarson sýslumanns Árnasonar sýslumanns (sjá hér að framan).

*Móðir:* Margrét dóttir síra Jóns Krákssonar (sjá hér að framan).

*Kona:* Katrín (dó 1693)<sup>2</sup>) dóttir Erlends sýslumanns á Hvoli Ásmundssonar Þorleifssonar lögmanns.

*Börn:* A. Magister Gísli, gerðist skólameistari á Hólum 1664, fór svo utan og fékk magistersnafnbót, kom út 1669, giptist 1670 Guðriði dóttur síra Gunnars að Hofi á Höfðaströnd, Björnssonar í Bólstaðarhlíð Magnússonar Björnssonar officialis á Melstað. Gísli bjó að Hofi á Höfðaströnd, dó 1673; barn:

a. Vigfús á Hofi, giptist 1700 Helgu dóttur Jóns biskups Vigfússonar (Vigfús dó í stórubólu 1707, 36 ára, aðrir segja 1709),

1) **Gísli Brynjólfsson** löggrétumaður í Ölvaðsholti var umbodsmáður Árna lögmanns Oddssonar í Árnessýslu 1635 að einhverju leyti. Hann var son Brynjólfs í Skarði á Landi Jónssonar Eiríkssonar Torfasonar í Klofa, dóttursonur Gísla sýslumanns Sveinssonar í Miðfelli (sjá hér áður bls. 218, 258).

2) Katrín var fædd 1612 og andaðist á 81. ári. Svo segir í erfíljóðum, er sonarson hennar síra Þórður Jónsson á Staðarstað orti eptir hana. Þau erfíljóð eru fremst í »Listiháf« Benedikts Bech (hdr. í minni eign).

en Helga giptist aptur sýslumanni Spendrurp, sjá Hegranessþing; börn Vigfúsar og Helgu:

aa. Jón klausturhaldari á Reynistað, dó 1752, átti Þórunni dóttur Hannesar sýslumanns Schevings Lárussonar sýslumanns (sjá Vaðlaþing), börn:

aaa. Jónas skólahaldari á Amager<sup>1</sup>).

bbb. Vigfús á Hofi á Kjalarnesi, átti Sesselju (sem druknaði í Jökulsá 1790, eptir stirt hjónaband) dóttur Þórðar klausturhaldara Brynjólfssonar, sjá um börn þeirra hér síðar.

ccc. Karitas átti Þorstein Eyjólfsson og 15 börn, varð alt bændafólk.

ddd. Guðlaug Jónsdóttir.

bb. Guðrún átti Hans Scheving Möðruvallaklausturhaldara. Hún dó 1767 (sjá Vaðlaþing)<sup>2</sup>).

B. Jón sýslumaður í Árnessýslu (sjá hér á eptir).

C. Jón yngri sýslumaður og síðar biskup (sjá Borgarfjarðarsýslu).

D. Salvör Vigfúsdóttir átti 1667 Sæmund prófast í Hítardal (sem dó 1687) Oddsson frá Borg Þorleifssonar Bjarnasonar. Salvör deyði 1711; þeirra dóttir:

a. Margrét gipt 1700 síra Þórði syni Jóns biskups Vigfússonar (sjá Borgarfjarðarsýslu), voru henni þá talin 6 hndr. hndr. Síra

---

1) Hann hét ekki Jónas heldur Jón og hann var ekki skólahaldari á Amager, eins og segir I, 263. Það var Jón Björnsson Scheving frændi hans. Jón Scheving son Jóns klausturhaldara Vigfússonar var útskrifaður úr Skálholtsskóla 1766, og skrifaður í stúdentatölu við háskólann 22. des. s. á., lenti í svalli og varð hermaður og vita menn ekki, hvað af honum hefur orðið. Sjá um Jón klausturhaldara Vigfússon og nánustu afkomendur hans: Guðfræðingatal mitt bls. 191—194.

2) I, 254.

Þórður deyði 1720, en Margrét . . . .<sup>1)</sup>.  
 Þeirra börn<sup>2)</sup>).

aa. Katrín (dó 1762) fyrri kona síra  
 Vigfúsar Jónssonar í Hitardal (Vig-  
 fús var bróðir Finns biskups) barn:

aaa. Síra Eiríkur í Reykholti (dó  
 1808) átti Sigríði dóttur Jóns  
 biskups Teitssonar, þeirra son  
 síra Vigfús í Hvammi etc.

bb. Þorbjörg átti 1733 síra Ásmund Jóns-  
 son á Breiðabólstað á Skógarströnd;  
 börn:

aaa. Síra Jón á Breiðabólstað, átti  
 Sigríði Jónsdóttur; bl.

bbb. Þuríður seinni kona Jóns sýslu-  
 manns Eggertssonar (sjá Borg-  
 arfjarðarsýslu).

cc. Salvör átti síra Halldór prófast á  
 Hólum Jónsson prests á Völlum Hall-  
 dórssonar; þeirra dóttir:

aaa. Helga giptist 16 vetra Magnúsi  
 sýslumanni Gíslasyni (sjá Húna-  
 vatnsþing).

dd. Sæmundur<sup>3)</sup> (dó 1749) átti Kristínu  
 dóttur síra Guðmundar á Helgafelli  
 Jónssonar; börn:

aaa. Guðmundur<sup>4)</sup>, átti Guðrúnu  
 Þorkelsdóttur lögréttumanns í  
 Perney; börn:

---

1) Eyða í handr. fyrir ártalinu. Margrét dó í Máfahlíð 6.  
 okt. 1725, 46 ára gömul (Prestaæfir Jóns Halldórssonar).

2) Þessara barna síra Þórðar og Margrétar er áður getið  
 III, 461—463.

3) Sæmundur lærði um hrið í skóla, en var ekki útskrifað-  
 ur. Hann var lánlitill. Sjá um börn hans III, 153—154. Sbr.  
 II, 648.

4) Afkomenda Guðmundar Sæmundssonar er getið nánar  
 III, 153, sbr. bls. 179—181 hér að framan og vísast til þess hér.

- α* Ragnheiður seinni kona Páls í Gufunesi (sjá Gullbringusýslu).
  - β* Kristín átti Jakob Snorrason.
  - γ* Ólafur átti Rannveigu Guðmundsdóttur, og síðar Helgu.
  - δ* Karitas<sup>1</sup>).
  - ε* Margrét.
- bbb. Guðrún átti Vigfús á Hálsi á Skógarströnd Arason; börn:
- α* Jón á Narfeyri og Hólmlátri átti Steinunni Jónsdóttur og börn.
  - β* Guðrún átti Odd Arngrims-son og mörg börn.
  - γ* Kristin átti Jóhannes á Hálsi Jónsson og börn.
- ee. Gísli sonur síra Þórðar á Staðarstað átti Önnu Katrínu dóttur Lárusar Schevings, þau bl.
- ff. Jón Þórðarson landsþingisskrifari og settur sýslumaður í Rangárþingi, drukknaði milli lands og Vestmannaeyja 1743 (sjá Rangárþing.
- E. Þorbjörg (dó 1693) átti 1664 Gísla Sigurðsson prófests í Stafholti Oddssonar biskups. Hann hafði verið utanlands 3 vetur, en giptist þá út kom og gerðist þá ráðsmaður í Skálholti, dó 1665. Þau barnlaus.

Vigfús Gíslason, fæddur 1608, var fljótskarpur og mjög vel gáfaður; snemma til menta settur, og var útskrifaður úr skóla 16 vetra, fór hann þá utan til Kaupmannahafnarháskóla, þaðan til Batavia og kom út 1628, þá tvitugur, haldinn lærðasti maður. Gerðist hann þá skólameistari á Hólum 1628—1629 og 1630 og síðar í Skálholti 1630—1631. Hann þótti ofharður, hvar fyrir nokkrir lærisveinar yfirgáfu skólann, því hann ætlaði þeim ofmikið, sem ei höfðu skarpleika að nema svo fljótt sem hann vildi, urðu

Því lærisveinar fegnir, þá hann vék frá því embætti. Hann tók Bræðratungu eptir föður sinn 1631 og hafði þar bú. 1632 slepti hann skólameistaraembættinu og tók Rangárþing (Hist. eccl. III, 528). En eptir Árbóka VI. deild 71. kap. bls. 64 tjáist hann að hafa tekið Árnessýslu. Björn var þá frá sýslunni, en Vigfús hefur hana 1632, og 1633 og 1634 lét Þorsteinn Magnússon ganga dóm að Núpi í umboði Vigfúsar Gíslasonar og s. á. 3. maí lét Þorsteinn ganga dóm að Bakkarholti um nafnið háskerðing, meinar Halldór lögmaður það hákall.

1633 hélt Vigfús brúðkaup Valgerðar systur sinnar og Eggerts Björnssonar frá Skarði með mikilli rausn í Bræðratungu og sama ár fór hann utan og setti Hákon bróður sinn undir umsjón Erlends á Hvoli yfir lén sín. Ei vissu menn orsök utanfarar Vigfúsar.

1634 kom Vigfús út með verndarbréf fyrir sig og systkin sín. Var þá á alþingi talað um Baugstaða- og Botns-mál. Meðgekk Vigfús sýslumaður, að hann hefði það tilkynnt, því bréf kom þar um út. Dæmdi höfuðsmaður Pros Mundt í Baugstaðamáli millum Árna lögmanns og Vigfúsar.

1632 þann 18. ágúst lætur Vigfús Gíslason ganga dóm um arf að Vatnsleysu í Biskupstungum og kallast hann þá kongsumboðsmaður í Árnessþingi. 1633, 1634, 1635, 1636 nefnist hann í alþingisbók sýslumaður. 1637 lýsir hann burtstroknum manni og biður, að hann flytjist til Bræðratungu, ef næst. 1638 er hann dómsmaður á alþingi. 1639 lét hann dóm ganga í Vestmannaeyjum og annan í Árnessþingi.

1634 afsetti Jens Söffrensson þá bræður Vigfús og Hákon frá lénum sínum, þá þeir vildu ekki vinna eiðinn fyrir honum.

1635 lét Árni lögmaður ganga dóma í Árnessþingi. Máske það sé árið, sem hann hélt það. Það ár telst Árni lögmaður fyrir Árnessýslu, þá Jens Söffrensson frásetti Vigfús og Hákon sýslunni. 1636 sýnist svo Vigfús hafa aptur fengið Vestmannaeyjar og Árnessþing eða Erlendur Árnessþing. 1636 lætur Vigfús ganga dóm í Vestmanna-

eyjum í hórdómsmálum. Hefur hann þá haldið Vestmannaeyjar.

1635 kom bréf konungs að selja burt af jörðum þau kúgildi, er fleiri voru, en að fornu höfðu verið. Eptir því spurði höfuðsmaður í lögréttu. Vigfús, en ei aðrir svörðu, að hann hefði með norðanskipum tilkynnt að á dómkirkjújörðum í Árnessýslu væru fleiri kúgildi, en jarðabókin héldi. Gísli biskup framlagði nokkra vitnisburði landseta, að þeir hefðu beiðst eptir kúgildum í þörf sinni, þá þeir felldu pening sinn etc. Um rekann á Þorlákshafnararskeiði var þá og útkljáð af höfuðsmanninum. En ekki urðu þeir Vigfús og Árni lögmaður sáttir á því þingi og elti lengi á þeirra óvild; varð margt þeim til ágreinings (sjá um Þyrilsmálið við Kjósarsýslu).

1636 komu höfuðsmaðurinn Pros Mundt ásamt beztu mönnum á sætt með Árna lögmanni og Vigfúsi Gíslasyni. Skildu þeir sáttir að kalla.

Eg er ei fullviss um, hvort Vigfús hefur tekið Árnessþing 1632 og þar eptir (haldið það) til 1640, því þá þeir bræður Vigfús og Hákon afsögðu 1634 að vinna eiðinn fyrir Jens Söflrenssyni fyrirbauð hann þeim Rangárþing og Vestmannaeyjar. Er þá ei getið þeirra valdstjórnar í Árnessþingi, hvert eg meina Erlendur á Hvoli hafi haldið frá 1634 til 1640<sup>1</sup>).

---

1) Frásögn Boga um sýsluvöld Vigfúsar er hér nokkuð á reiki og óákveðin. Eins og áður er getið hefur Vigfús tekið við sýslunni af Birni Grímssyni 1632 og haldið hana 1633 og 1634, en verið þá vikið frá af Jens Söflrenssyni og Árni Oddsson haft hana 1635, en Vigfús tekið hana svo aptur 1636 og haldið hana til dauðadags, en haldið umboðsmenn, sérstaklega eptir að hann fluttist austur að Stórólshvoli, sem orðið hefur eptir lát tengdaföður hans 1640.

### Vigfús Jónsson

er nefndur umboðsmaður Vigfúsar og hafi nefnt dóma í Árnessýslu í umboði hans 7. maí 1636 og 13. maí 1637 (sbr. Sýslumannaskrá J. S. 64 fol. í landsbókasafninu). Þessi Vigfús mun vera Vigfús lögréttumaður, er síðar bjó á Herjóltsstöðum í Álptaveri, son Jóns prests Stefánssonar í Kálfholti og bróðir Guðna lögréttumanns í Tungufelli, forföður Jóns Sigurðssonar (sbr. III, 248. Son Vigfúsar lögréttumanns var Eiríkur á Móeidarhvoli faðir Jóns s. st. föður Eiríks á Helluvaði móðurföður Grims

1640 við dauða Erlends tók Vigfús að visu Árnessþing, en slepti þá Rangárþingi til Hákonar bróður síns. Hann sýnist þá og að hafa haldið Vestmannaeyjasýslu, því eptir hans dauða fylgdist hún með Árnessþingi.

*Ormur Jónsson* var umboðsmaður Vigfúsar 1641 og þar eptir. Til Orms átti Arnór Eyjólfsson, sem strauk, að flytjast 1643. *Hannes Helgason* var lögsagnari Vigfúsar 1643. 1647 lætur *Indriði Jónsson* dóm ganga um Þorkels og Aldisarmál<sup>1</sup>).

1647 miðvikudaginn seinastan í vetri (þann 14. apríl segir Jón Ólafsson) deyði Vigfús sýslumaður, þá staddur á Seljalandi. Lík hans var jarðað á föstudaginn langa.

Vigfús sýslumaður var einhver hinn mesti höfðingi eptir það hann kom að Bræðratungu og þótti fyrir öðrum sínum systkinum. Hann var lærður, vitur, kappsamur og auðugur, en þótti harðgerður þá því var að skipta.

Þá Brynjólfur Sveinsson kom út í fyrra sinni og fáir skiptu sér af honum var Vigfús þá, 1631, skólameistari í Skálholti, en hafði bú í Bræðratungu. Gerði hann Brynjólfi orð að koma til sín og vera hjá sér heldur en ráfa um stéttarnar í Skálholti; því tók Brynjólfur þá með þökkum.

Katrín ekkja Vigfúsar sýslumanns bjó eptir hann að Stórólshvoli. 1648 brann bærinn að Stórólshvoli með með miklu lausafé Katrínar og barna hennar, þann 30. október. Er sagt, að Katrínu hafi áður dreymt, að kirkjan brynni, en hún hafi haft þar inni kistur sínar með mörgu

---

amtmanns Jónssonar. Son Vigfúsar með s. k. Jarprúði Sturludóttur Jónssonar prófests Krákssonar var Jón »Prúðuvangi«, er fór til Svipjóðar með Jóni Eggertssyni.

**Hákon Gíslason** í Bræðratungu bróðir Vigfúsar (sbr. Rangárþing) hefur að líkindum verið umboðsmaður bróður síns að einhverju leyti í Árnessýslu. En að Hákon hafi haft sýsluna ásamt Viglúsi um hrið, eins og Bogi hyggur, mun ekki á verulegum rökum byggt.

1) Indriði var lögréttumaður í Árnessþingi og dæmdi í umboði Vigfúsar í Bakkarholti. Mun það vera sá dómur, sem hér er getið, þótt sumstaðar sé hann talinn frá 1648, en þá var Vigfús sýslumaður dauður og Ormur á Skúmsstöðum millibils-sýslumaður (sjá síðar).

fémætu og hafi látið bera þær í bæinn, en kistur hjúa sinna í kirkjuna aptur. Það bjargaðist, sem í kirkjunni var, því hún brann ekki. Katrín var haldin féföst. Hún dó 1693<sup>1)</sup>.

### Erlendur Ásmundsson.

- Faðir:* Ásmundur á Stórólshvoli launsonur Þorleifs lögmanns Pálssonar (sjá Dalasýslu).  
*Móðir:* Hólmfríður dóttir Erlends á Stórólshvoli Jónssonar sýslumanns og skálds Hallssonar.  
*Kona:* Salvör dóttir síra Stefáns í Odda Gíslasonar biskups Jónssonar.  
*Barn:* Katrín kona Vigfúsar sýslumanns Gíslasonar (sjá hér áður).

Um uppvöxt og menning Erlends er sagnafátt og finn eg hans ekki getið fyr en 1607 þann 8. júlí, þá hann í umboði Gísla Árnasonar kongsumboðsmanns í Rangárþingi nefndi 6 menn í dóm í Holti undir Eyjafjöllum um ólof-aða skipsmeðferð.

Eg meina, að Erlendur hafi þá verið orðinn lögréttu- maður og það kallast hann enn 1624 og opt var hann í dómum á alþingi. Líka mun hann opt hafa verið um- boðsmaður Gísla lögmanns Hákonarsonar í Rangárþingi, og það mun hann hafa verið þá Gísli deyði 1631. En eg held, að hann hafi verið umboðsmaður Vigfúsar 1633, þá Vigfús fór utan og hafi tekið Árnessþing 1635 eða 1636 og haldið það þar eptir til síns dauða<sup>2)</sup>. 1635 var hann í lögréttumannatölu til dóms útnefndur af lögmönnunum Halldóri og Árna í máli Magnúsar Arasonar móti síra Einari Guðmundssyni, líka ásamt sýslumönnum til dóms- manns útnefndur 1634, 1637 og 1638. 1636 lét hann ganga dóm í Árnessþingi um pantsetning. 1638—39 kallast hann

1) Hún andaðist 12. marz (sbr. Ísl. Ártiðaskrár bls. 200).

2) Það er mjög vafasamt, að Erlendur hafi haft veitingu fyrir Árnessýslu, en virðist hafa verið þar umboðsmaður Vigfús- ar tengdasonar síns að einhverju leyti árin 1636—1639, og senni- legt, að hann hafi einnig verið umboðsmaður Vigfúsar í Rang- árþingi.



í lögréttu sýslumaður konungs og víða í ættatölum sýslumaður í Árnessþingi. Margir meina hann hafi ei verið utan umboðsmaður Vigfúsar tengdasonar síns. Erlendur deyði 1640. Hefur hann þótt með gildari mönnum og auðmaður, því hefur Vigfús gipzt hans einkadóttur Katrínu.

Strax að önduðum Erlendi tók Vigfús sýslumaður alla Árnessýslu, sem áður er sagt og hafði þó ásamt Vestmannaeyjar. 1641 tók hann lögsagnara. Það var

### Ormur Jónsson

lögréttumaður í Árnessýslu<sup>1</sup>). Hann lét 1641 dóm ganga í umboði Vigfúsar sýslumanns um preststiundir af öllum kirknajörðum þar í sýslu; kom sá dómur til alþingis til samþykktar, en biskup Brynjólfur mótstóð því, þar enginn vissi hana áður heimta og varð sú ályktun, að mál það skyldi standa til úrskurðar konungs.

1648 lét téður Ormur dóm ganga að Húsatóptum sem millibilssýslumaður um ómaga framfæri<sup>2</sup>).

Hannes Helgason Skálholtsstaðarráðsmaður, sem dó 1653, var um þessar mundir lögsagnari í Árnessýslu (sjá hér áður).

### Torfi Erlendsson.

*Faðir:* Erlendur sýslumaður í Múlaþingi son Magnúsar á Suður-Reykjum Þorvarðssonar sama staðar Þórólfssonar Eyjólfssonar á Hjalla. Eyjólfur átti Ásdísi systur Ögmundar biskups. Þórólfur

1) Ormur bjó fyrst í Kolsholti, en flutti síðar að Skúmsstöðum á Eyrarbakka. Hann var son Jóns prests á Mosfelli í Grímsnesi Stefánssonar Gunnarssonar á Víðivöllum Gíslasonar, og bróðir Jóns prests í Fellsmúla († 1682) og Gunnars bónda í Hvammi á Landi, er Hvammsverjar þar eru frá komnir. Ormur átti Guðrúnu dóttur Sveinbjarnar Geirmundssonar á Skúmsstöðum og Ingunnar Gísladóttur sýslumanns Sveinssonar (sjá hér áður bls. 257). 1654 og 1657 er hans getið sem umboðsmanns Torfa sýslumanns í Árnessýslu. Ormur dó 12. marz 1665 á heimleið frá kirkju. Synir hans voru Stefán, Sveinn og Jón á Skúmsstöðum († 1687), er átti Ástríði Snorradóttur.

2) Sá dómur er um Ellisif Ögmundsdóttur og dæmdur 4. nóv. (1648). Hann kom til alþingis 1649.

átti Margréti Erlendsdóttur lögmanns. Þorvarður átti Vilborgu Gísladóttur<sup>1</sup>).

*Móðir:* Þórdís dóttir Hinriks Gerkens (sjá Strandasýslu). Móðir Þórdísar var Jarþrúður dóttir Bjarna á Fellsenda Sumarliðasonar<sup>2</sup>) Jónssonar Ásbjörnssonar og Ragnheiðar dóttur síra Ásmundar á Hallbjarnareyri. (Aðrar ættatölur og ágrip Worms yfir Þormóð Torfason segja, að Þórdís kona Erlends hafi verið dóttir Magnúsar og Jarþrúðar Oddleifsdóttur<sup>3</sup>), en eg held það fyrra sannara, einkum vegna ættarnafna á börnum Erlends.

*Kona:* Þórdís dóttir síra Bergsveins Einarssonar og Guðrúnar Grímsdóttur, systur Björns málara. Þórdísar Bergsveinsdóttur fyrri maður var Sigurður son Árna Magnússonar á Grýtubakka og Sigríðar dóttur Árna Gíslasonar á Hlíðarenda. Börn Sigurðar og Þórdísar dóu ung, erfði svo Þórdís börnin og varð auðug<sup>4</sup>).

*Börn:* A. Sigurður, lærði utan og innanlands. Varð kirkjuprestur í Skálholti 1657. Missti prestskap fyrir barneign 1660, fór utan vegna sín og föður síns, fékk uppreisn, kom út og varð prestur á Melum í Borgarfirði 1663, og dó þar 1670<sup>5</sup>). Hans kona var Elín Benediktsdóttir, þau barnlaus.

---

1) Föðurætt Torfa er hér öldungis skakkt rakin hjá Boga. Erlendur faðir hans var son Magnúsar Jónssonar á Núpi í Eystrihrepp og f. k. hans Guðrúnar Erlendsdóttur, er var dótturdóttir Torfa í Klofa og er þaðan Torfanafnið í ættina komið (sbr. hér á undan bls. 223). Þórdís dóttir Hinriks Gerkens var s. k. Erlends Magnússonar.

2) Framætt Bjarna Sumarliðasonar á Fellsenda er óviss.

3) Hér virðist eitthvað blandað málum með Jarþrúði Bjarnadóttur, sem var s. k. Magnúsar á Núpi og stjúpá Erlends.

4) Sigurður og Þórdís bjuggu í Neshverfi á Seltjarnarnesi. Þórdís dó 13. júní 1669, 67 ára gömul (Lbs. 198 4to).

5) Síra Sigurður dó 9. júlí 1670, 41 árs gamall, eptir því sem segir

B. Þormóður, borinn í Engey hjá Reykjavík 1636<sup>1)</sup>, fór í Skálholtsskóla 1647, útskrifaðist þaðan 1654, fór utan og tók reynslupróf í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1657, kom út til Íslands sama ár, fór aptur utan 1658, en vegna ófriðar þorði ei skipið lengra en til Kristjánssands. 1659 fór hann þaðan með hollenzku skipi, sem Svíar tóku og færðu til Jótlands. Þormóður slapp þó þar frá og komst til Kaupmannahafnar í júlímánuði. 1660 gerðist hann konglegur útleggjari á gömlum sagnaskrifum. 1662 var hann sendur til Íslands að safna gömlum sagnabókum í fornfræði og dvaldi um veturinn hjá biskupi Brynjólfi. Þaðan ferðaðist hann til Hóla og fór utan um haustið 1663 til Glückstaðar, þaðan til Hamborgar og Lybeck, en komst um haustið til Kaupenhafnar. 1664 varð hann stiptamtsskrifari í Stafangursamti í Noregi. 1665 giptist hann Önnu Jónsdóttur þá ekkju. Hún átti óðalsgarðinn Strangaland<sup>2)</sup> á eyjunni Körmt. 1667 frásagði hann sér það embætti, en gerðist þá konunglegur fornsagnaskrifari. 1671 fór hann til Íslands að sækja arf eptir föður sinn, sem deyði 1665, og bróður sinn, sem deyði 1670. Seldi hann þá jarðir sínar, sem mælt var, að hafi hlaupið til 1500 spesía. Fór utau sama haustið til Amsterdam, þaðan til Danmerkur, en leið skipbrot við Skagann. Þaðan ferðaðist hann landveg

---

í ættatölubók síra Vigfúsar í Hitardal (Lbs. 199 4to), en í Ísl. Ártiðaskráum bls. 196 er ártiðardagur hans talinn 24. júlí, og í æfisögum presta á Melum er hann talinn dáinn 8. júlí. Elin kona hans var dóttir Benedikts á Háeyri Þorleifssonar í Búðardal Bjarnasonar á Skarði Oddssonar.

1) Fæðingardagur hans var 27. maí.

2) Réttara: Stangaland (Stangeland).

til Árósa. En þá hann vildi þaðan ferðast sjóveg, kom upp á þá veður, svo þeir máttu leggjast við akker undir Sámseyju. Um nóttina var hann yfirfallinn af skipverjunum, en hann varði sig með kórða og varð að bana einum dönskum manni. Hann var þá strax fangaður og dæmdur frá lífi fyrir héraðsrétti frá hverjum Þormóður skírskotaði til landþingsréttar, sem dæmdi, að drápið hefði að nokkru leyti verið nauðverja og dómurinn mætti ei exekverast, fyr en sökin væri borin fyrir kong. Konungur skipaði hæstarétti að rannsaka hana og segja sína meiningu, en kongur vildi sjálfur í henni dæma; þeirra meining varð, að vígið hefði skeð af hræðslu, en ekki af ásetningi. Þormóður skyldi standa opinberar skriptir og betala 100 rd. specie. Þessa þeirra meiningu staðfesti konungur 1673. Af þessu tilfelli missti Þormóður sitt embætti, ferðaðist til Noregs og lifði þar á búgarði sínum embættislaus til 1682; þá var hann á ný skipaður af konungi að gerast norskra sagna skrifari konungs með 600 rd. specie launum.

1695 deyði hans fyrri kona. 1706 féll hann í sjúkdóm í hverjum hann missti minnið, yfirlét því til prófessors Reitzer að útgefa sitt verk, sem ei náði lengra en til þess kalmarska sambands. — Þormóður gipti sig aptur 1709 Önnu Hansdóttur ráðsmanns í Stafangri, en átti engin börn með hvorugri konu sinni. Þormóður deyði 1719, 31. janúar.

Hjá Friðrik konungi 3. var Þormóður í mestu náð og náðaði [hann] bæði föður og bróður hans af velvild til Þormóðs. Kristján konungur 5. gaf honum líf og margt annað gott. Friðrik kongur 4. gisti hjá

honum 1704 á bæ hans St(r)angalandi, þá konungur ferðaðist til Noregs nefnt ár<sup>1</sup>).

C. Guðrún Torfadóttir átti Markús á Stokkseyri Bjarnason. Guðrún dó 1688, börn:

1. Guðríður átti Hans Londemann (sjá síðar).
2. Þórdís á Stokkseyri<sup>2</sup>), illa kynt, átti Guðmund West son Jasons enska, líkan konu sinni. Lá við hún yrði bannfærð þá hún deyði snögglega 1728; börn:
  - a. Markús dó bl.
  - b. Guðríður giptist<sup>3</sup>).
  - c. Guðrún átti Jón Sveinsson<sup>4</sup>) og börn, varð almúgafólk,

---

1) Jón Eiríksson konferenzráð hefur ritað æfisögu Þormóðs og er hún prentuð í danska tímaritinn »Minerva« 1786—1788, en höf. entist ekki aldur til að ljúka við hana; Þormóður var jarðaður undir kórnum í Ögvaldsneskirkju og sést þar enn legsteinn yfir hann, eptir því sem Ludvig Daae háskólakennari í Kristjaníu segir, en hann hefur ritað um Þormóð í Dansk biografisk Lexicon XVII, 453—459, Khöfn 1903. Hann er jafnan nefndur latneska nafninu »Torfæus«.

2) Var kölluð venjulega Stokkseyrar-Disa.

3) Guðríður átti Jón Þorsteinsson á Eyrarbakka, p. b. Jason dó utanlands.

4) Hann var ættaður undan Jökli og misjafnt kynntur. Er líklega sá Jón Sveinsson, sem lýst er burthlaupnum úr Snæfellsnessýslu á alþingi 1723 (Lögpbók 1723 nr. 29). Þau Jón og Guðrún búa 1729 á Stokkseyri og er Jón þá 26 ára gamall, en Guðrún 27 ára, p. b.:

a. Þórdís (f. 1729 † 1805, átti síra Einar Jónsson á Ólafsvöllum († 1774) p. b.

aa. Guðrún átti Jón á Stokkseyri († 27. ágúst 1825, 84 ára) Ingimundsson Bergssonar í Brattsholti Sturlaugssonar, p. b.

aaa. Þórður á Stokkseyri átti Sigríði Jónsdóttur, bl.

bbb. Einar drukknaði á Stokkseyri.

ccc. Ingibjörg átti Jón í Traðarholti Grímsson Jónssonar Bergssonar, þau þremmeningar, p. b.:

× Grímur í Gljåkoti átti Guðfinnu Sigurðardóttur p. b. mörg: Hákon á Disastöðum, nú í Reykjavík, Ingibjörg gipt Jóni Jónssyni hreppsnefndar-oddvita í Holti í Stokkseyrarhrepp, Jón, Sigurður, Þórður, Grímur, Þórdís, Guðný, Ingibjörg.

3. Guðrún átti Hákon Jónsson<sup>1)</sup>, þau bl.  
Hún tók framhjá með Bergi, þeirra son:  
a. Markús sýslumaður í Ísafjarðarsýslu  
(sjá þar).

- × Einar kaupmaður og borgari á Eyrarbakka. Börn: Sigfús söngkennari í Reykjavík, kvæntur danskri konu og Ingibjörg gipt síra Bjarna Þórarinssyni, er prestur var á Útskálum og fór til Ameríku.  
× Margrét. Launson hennar með Jóni á Syðsta-Kekki Sturlaugssyni á Grjótlæk Jónssonar Bergssonar er Jón hreppstjóri á Hliðarenda í Ölfusi, kvæntur Þórunni dóttur Jóns Árnasonar dbrm. í Þorlákshöfn.

ddd. Markús var á Stokkseyri, hálfgerður aumingi, dó bl.

eee. Elin átti fyr Bjarna Magnússon á Baugsstöðum, þeirra son Magnús á Baugsstöðum og Óseyrarnesi faðir Sigríðar, er átti Þórð Grimsson á Stokkseyri. Launson Magnúsar Jóhann í Eyfakoti. S. m. Elínar Hannes á Baugsstöðum launson Árna á Selalæk Ormssonar prests á Reyðarvatni Snorrasonar, þ. b.:

- × Bjarni í Óseyrarnesi átti Sigríði Guðmundsdóttur Jónssonar í Óseyrarnesi Snorrasonar Ögmundssonar Snorrasonar, þ. b.: Elin, er átti Grím í Óseyrarnesi Gíslason frá Kalastöðum Þorgilssonar s. st. Jónssonar úr Landeyjum Guðbrandssonar á Moshvoli Lafranssonar Þórðarsonar.

- × Magnús á Baugsstöðum átti Guðlaugu Jónsdóttur ríka á Loptsstöðum Jónssonar, þ. b.: Jón í Austur-Meðalholtum, Jón smiður á Baugsstöðum, Hannes, Magnús, Sigurður, Elin.

- × Þuríður átti Steindór í Fljótshólum Ólafsson s. st. Þorleifssonar í Árbæ í Ölfusi Ásbjörnssonar Loptssonar, þeirra son Halldór í Fljótshólum faðir Bjarna, er þar býr nú (1911).

bb. Elin átti Helga Sigurðsson í Brattsholti († 1817) bróður síra Jóns á Rafnseyri; þ. b.:

aaa. Margrét átti fyr Jens Haagensen í Ranakoti, þeirra son Ólafur í Stokkseyrarseli faðir Jóns timburmanns í Reykjavík. S. m. Margrétar Gunnlaugur Loptsson í Brattsholti, þeirra son Gunnlaugur dó ókv. bl.

bbb. Sesselja átti Jón Vigfússon í Ranakoti og börn Jóna tvo, Elínu og Sigurð.

1) Son Jóns prests Daðasonar í Arnarbæli. Ingveldur systir Hákonar átti Berg Benediktsson á Hjalla. Varð mikil rekistefna um hórdómsmál Bergs og Guðrúnar.

4. Bjarni dó 1679, barnlaus<sup>1</sup>).

D. Ása Torfadóttir átti Helga Jónsson<sup>2</sup>), barnlaus. Hún testamenteraði Londemann fé sitt; það var staðfest af konungi 1697.

Um uppvöxt og menningu Torfa er eg ófróður<sup>3</sup>) og finn hans ei getið fyr en hann var lögréttumaður í Reynivalladómi 1637. Þjó hann þá í Engey og gerðist grjótpáll danskra á Bessastöðum og stundum umboðsmaður. 1640 setti Jens Söflrensson hann sýslumann í Gullbringusýslu í sínu umboði (sjá Gullbringusýslu). 1643 fékk hann í lén 10 kongsjarðir í Borgarfirði. Hann flutti úr Engey suður á Stafnes og bjó þar um hríð, kom sér vel við Jens Söflrensson, en þótti jafnan harðdrægur við sýslubúa og ágengur, þá hann kom því við.

1647 þá Vigfús Gíslason deyði setti Jens Söflrensson Torfa fyrir Árnassýslu og Vestmannaeyjar og stjúpson sinn Jakob Bang. Ei höfðu þeir lengi þessar báðar sýslur<sup>4</sup>),

ccc. Guðrún s. k. Jóns Bjarnasonar í Grímsfjósun; p. b. Guðrún, Jens.

cc. Þóra átti Benedikt Thorlacius í Stokkseyrarseli son Jóns klausturhaldara á Kirkjubæ Brynjólfssonar sýslumanns Thorlaciusar (sjá hér síðar).

dd. Margrét dó ung.

ee. Elin önnur.

ff. Guðmundur,

gg. Jón,

hh. Sigurður, fóru allir utan.

1) Bjarni var skólagenginn. Hann druknaði við Leirárey (í Vogaál) 10. ágúst 1679 »af ofdirfsku sundreið«, ætlaði að kvongast Margrėti Guðmundsdóttur frá Heynesi, er síðar átti Þorgeir Jónsson, bróður Steins biskups.

2) Helgi var prestur á Melum († 10. nóv. 1682).

3) Torfi var fæddur á Skriðuklaustri 1598 eptir lát föður síns (Ísl. Ártíðarskrár bls. 249). Hann bjó fyrst á eign sinni Svignaskarði, er hann hefur erft eptir móður sína, kvæntist Þórdísi 1626, en síðar flutti hann til Engeyjar 1634. Þá er hann var kominn að Stafnesi lét hann byggja sér bæ í Porkelsgerði í Selvogi, sem síðar kallaðist Torfabær, og hafði þar útibú. Mun hann hafa búið þar eptir að hann tók Árnassýslu.

4) 1651 hefur Torfi fengið alla Árnassýslu.

Því Jakob yfirgaf þessa sýslan og voru þá Vestmannaeyjar frá skildar nálægt 1650 og þar settur Magnús Bjarnason, því konungur bauð, að þar skyldi vera sýslumaður út af fyrir sig. Þar eptir hafði Torfi einn Árnæssýslu og þar tók hann lögsagnara Orm Jónsson í stöku málum, sem áður var og lögsagnari Vigfúsar sýslumanns, en stundum var Hannes í Kolsholti Torfa lögsagnari af Torfa sjálfum tilkvaddur í stöku málum eða sýslusökum. 1657 lýsti Torfi burtstroknnum persónum. 1660 dæmdi hann um barn, sem druknaði í læk, sömuleiðis um Símon Brandsson.

1659 á Vatnsleysuþingi varð Torfi sýslumaður fyrir rétti mjög illmæltur við bóndamann Helga Sveinsson<sup>1)</sup>, sem klagði það fyrir Árna lögmanni og Jóhanni Klein. Þingaði því Árni lögmaður í því máli að Vatnsleysu þann 4. desember 1660, en vegna bóndans var Sigurður Jónsson settur áklagari Torfa. Dæmdi þá Árni lögmaður Torfa í nærfelt 84 marka sekt til konungs og Helga. Einnig dæmdi hann Torfa frá lénum og virðingu allri.

1661 átti Torfi í miklu málavastri við Árna lögmann og kom þar lítið út af annað en ófriður. Þá fór síra Sigurður sonur Torfa utan til bróður síns Þormóðs, sem þá var í Kaupmannahöfn og hafði mikla konungshylli. Er mælt þá Þormóður frá slyserli föður síns og bróður, að hann hafi slegið á sig fásinnu og borið það fyrir, að sér gengi svo nærri, er faðir hans á Íslandi væri sviptur æru og embætti og sótti hans vegna um náð konungs. 27. marz 1662 gaf konungur út bréf sitt til Henriks Bjelke höfuðsmanns og bauð að hann skyldi setja Torfa aptur í sýslu sína og fulla uppreisn á æru og embætti, einnig að hann skyldi fá betöluð embættislaun sín, meðan hann var frá sýslunni. Það konungsbréf er frá 29. janúar 1663. Þar með gaf konungur Sigurði bróður Torfa aptur prestskap og bauð að fá honum meðal prestsbrauð það fyrsta þá tilfelli. Sama ár (1662) komu þeir bræður Þormóður og síra Sigurður út og fékk síra Sigurður Mela, sem áður

---

1) Helgi bjó á Brú í Biskupstungum. Hróbjartur son hans bjó á Króki og Jón son hans þar eptir hann. Ingunn dóttir Hróbjarts átti Franz Illhugason prófasts í Hruna Jónssonar.



er sagt, en Torfi sýslu sína (1663). Þormóður fór utan árið eptir (1663). 1664 lét Torfi dóm ganga að Gaulverjabæ um húsrof. Þar eptir lifði Torfi í rósemi við sýslu sína og þótti meira til hans koma en áður, þá menn urðu varir, hvað náðugur konungur var honum og naut hann að Þormóðs sonar síns. 1665 kom Torfi með ómagadóm sinn á alþing.

Torfi sýslumaður deyði 1665<sup>1)</sup>. Var þá ger útför hans hin heiðarlegasta og stóðu 9 prestar yfir hans jarðarför og fjölmenni margt af öðrum heiðarlegum mönnum.

Torfi tjáist að hafa verið afarmenni að skapi, fédrægur þá hann því við kom, harðger og vitur, ágengnismaður og miðlungi réttvis, átti opt í þrætumálum og var heldur óvinsæll.

Við giptingu sína varð hann vel við efni, en auðgaðist mjög bæði að lendum og lausum aurum, svo hann varð auðmaður. Ekki varð hann mörgum harmdauði og þótti ei verið hafa góðmenni, heldur stórmennsku- og fjárgæzlu- maður mikill.

### Guðmundur Jónsson

var í útistöðum Torfa settur sýslumaður í Árnessþingi 1660. 1661 dæmir hann með meðdómsmönnum Sigríði Illhugadóttur og Jón Jónsson til hórdómssekta, því þau fengu ei eiðamenn. 1662 tók Guðmundur að Laxárholtsþingstað vitni af Helga Sveinssyni, að hann hefði betalað Torfa Erlendssyni 8 rdl. í sína hórdómssekt með Mattildi Bjarnadóttur. Hinn 1. júlí 1662 kom Guðmundur í lögréttu með dóm genginn að Hraungerði í Flóa þann 10. maí um vinnufólk<sup>2)</sup>.

1) Torfi andaðist 25. ágúst (1665) (Ettatölubók Lbs. 198 4to). Í Ísl. Ártíðaskrá m. bls. 219 er ártíðardagur hans talinn 24. ágúst.

2) Eg hygg það vafalaust, að þessi Guðmundur Jónsson, er var settur sýslumaður í Árnessýslu í útistöðum Torfa, hafi verið Guðmundur bróðir Sigurðar lögmanns Jónssonar í Einarsnesi. Hann varð síðar sýslumaður í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu (sbr. III, 347—348 og 472—473).

### Markús Bjarnason.

- Faðir:* Bjarni Sigurðsson á Stokkseyri.  
*Móðir:* Salvör Guðmundsdóttir.  
*Kona:* Guðrún dóttir Torfa sýslumanns Erlendssonar.  
*Börn:* A. Bjarni. B. Stokkseyrar-Þórdís. C. Guðriður.  
 D. Guðrún (sjá um þau hér á undan).

Markús bjó á Stokkseyri og gerðist umboðsmaður Torfa sýslumanns, lét dóm ganga 1659 um grunsemd Ólafs Jónssonar, að Sigríður Illhugadóttir kona sín hafi fram hjá sér. Málið kom til alþingis, þar ei fengust eiðamenn, dæmdist hún sek.

### Jakob Knutsson Bang

danskur, stjúpsonur Jens Söflrenssonar, en bróðir Gregers Bang, er Jens setti fyrir Snæfellsnessýslu og Stapaumboð 1647<sup>1)</sup>. Jakob Bang var ásamt Torfa gerður sýslumaður fyrir Árness- og Vestmannaeyjasýslu 1647. Hvað lengi Bang var þar við, eða hvað hans forlög voru framvegis, er mér dulið, en ei loddi hann þar lengur við en tvö ár. 1649 var hann úr Árnessýslu við hyllingareiðinn.

### Hannes Helgason.

- Faðir:* Helgi sonur síra Eyjólfss Grimssonar á Melum.  
*Móðir:* Sesselja dóttir Hannesar Ólafssonar í Hvammi í Kjós.  
*Kona:* Ragnhildur dóttir Daða silfursmiðs á Staðarfelli Jónssonar.  
*Börn:* A. Vigfús sýslumaður í Árnessýslu (sjá síðar).  
 B. Hólmfríður (prófastamóðir), dó 1731, 90 ára<sup>2)</sup>, átti 1664 síra Halldór Jónsson í Reykholti. Börn:  
 1. Síra Jón fróði, prófastur í Hítardal<sup>3)</sup> faðir Finns biskups etc.

1) III, 121.

2) Hún var fædd í Bræðratungu 30. nóv 1641, en dó í Reykholti aðfaranóttina 6. okt. 1731 (J. Halldórsson ættatölur).

3) Síra Jón (f. 6. nóv. 1665 † 27. okt. 1736) átti Sigríði dóttur

2. Hannes prófastur í Reykholti faðir Ragnhildar konu Þorgríms sýslumanns Sigurðssonar<sup>1</sup>).
3. Torfi prófastur á Reynivöllum, átti afkvæmi<sup>2</sup>).
4. Síra Jón yngri<sup>3</sup>).
- 5.—6. Sesseljur tvær<sup>4</sup>).
7. Guðrún.
8. Katrín<sup>5</sup>).

Hannes var mikilmenni, gerðist ráðsmaður í Skálholti og lögsagnari í Árnesþingi um hríð. Hann deyði 1653<sup>6</sup>).

síra Björns Stefánssonar á Snæfoksstöðum, systur Högna lögréttumanns á Laugarvatni.

1) Sjá um börn síra Hannesar III, 475.

2) Torfi prófastur, átti fyr Sigríði Pálsdóttur prests á Gilsbakka Gunnarssonar, p. b.:

a. Einar prestur á Reynivöllum, dó sviþlega á Svinaskarði 1758. Eitt barna hans Þorsteinn prestur á Staðarhrauni.

b. Halldór var lengi (8 ár) í Skálholtsskóla (1723—1731), varð holdsveikur, dó ungur.

c. Helga átti síra Sigvalda Halldórsson á Húsafelli, bróður Bjarna sýslumanns á Þingeyrum, p. b.: Þórarinn Liliendahl sýslumaður (III, 516), Torfi stúdent, djákn í Odda († 1785) og Sigríður, er átti síra Snæbjörn í Grimstungu son Halldórs biskups, og er þaðan fjölmenn ætt.

3) Síra Jón yngri prestur á Þingvöllum († 1739) átti fyr Guðrúnu († 1718) Benediktsdóttur prests á Hesti Péturssonar, p. b.:

a. Sesselja átti síra Markús Snæbjörnsson í Flatey.

b. Sigríður átti Torfa Erlendsson á Stórólshvoli (sjá hér síðar). S. k. síra Jóns Halldórssonar var Þórunn Sigurðardóttir Núpssonar, ekkja síra Snæbjarnar Einarssonar á Reynivöllum, þau bl.

4) Sesselja eldri átti síra Helga Jónsson á Staðarhrauni, bróður frú Valgerðar konu Steins biskups, þeirra son Jón prestur í Hofspingum († 1784).

Sesselja yngri Halldórsdóttir átti síra Björn Þórðarson á Melum, og var son þeirra Hannes prestur á Kvennabrekku faðir síra Benedikts í Miðdölum (sbr. bls. 25 hér að framan og II, 136).

5) Guðrún og Katrín dætur síra Halldórs og Hólmsfríðar dóu báðar ógiptar, fulltíða, í stórubólu 1707.

6) Dánardagur hans 30. júní.

Bjó í Kolsholti. Hann var fyrst lögsagnari Vigfúsar Gíslasonar 1643 og lýsti þá strokumanni á alþingi.

### Jón Vigfússon eldri.

*Faðir:* Vigfús sýslumaður Gíslason (sjá hér á undan).

*Móðir:* Katrín Erlendsdóttir.

*Kona:* Helga einkadóttir Þorláks Arasonar sýslumanns í Ögri Magnússonar sýslumanns Jónssonar (sjá Barðastrandarsýslu). Þorlákur giptist 1636 á Reykhólum Málmfriði dóttir Gísla á Hrafnabjörgum (sjá Borgarfjarðarsýslu), Bjó þar eptir fyrst í Súðavík, svo á Staðarfelli sínum eignarjörðum. Þaðan flutti hann 1666 austur á Rangárvelli og deyði þar 1667. — Jón Vigfússon og Helga giptust 27. október 1667.

*Börn:* A. Erlendur lögréttumaður á Hvoli átti Ingibjörgu dóttur Sigurðar lögmans Björnssonar (sjá Kjósarsýslu). Erlendur drukknaði í Markarfljóti 1723. Börn:

1. Torfi á Stórólshvoli, fæddur 1710, giptist 1740 Sigríði (fæddri 1712, hún dó 1785) dóttur síra Jóns eldra<sup>1)</sup> Halldórssonar á Þingvöllum. Torfi Erlendsson deyði 1777<sup>2)</sup>. Hans einkadóttir:

a. Guðfiinna gipt 1765 síra Halldóri í Hítardal, syni Finns biskups Jónssonar.

2. Síra Vigfús prófastur á Setbergi, dó 1781, átti Þóru dóttur Sigurðar sýslumanns á Hvítárvöllum, bl.<sup>3)</sup>.

---

1) Á að vera: síra Jóns yngra.

2) Í ættatölubók síra Vigfúsar í Hítardal (Lbs. 199 4to) er sagt, að Torfi hafi verið útskrifaður úr skóla, en það er víst skakkt, og naut hann að eins undirbúningskennslu undir skóla, svo var hann 10 ár skrifari Jóns biskups Árnasonar, en fór að búa á Stórólshvoli 1740. Hann dó í Hítardal 28. janúar 1777.

3) Enn voru börn Erlends á Stórólshvoli og Ingibjargar:

3. Jón varð úti á Bröttubrekku, þá er hann var

B. Kristín (dó 1707) átti fyr Torfa Guðmunds-son Torfasonar<sup>1</sup>), þeirra son Guðmundur deyði ungur, svo 1703 Sigurð landskrifara Árnassýslumann.

Jón eldri Vigfússon var ungur til menta settur, var ei fulltíða þá faðir hans deyði, fór utan til meiri lærdómsframa<sup>2</sup>), kom út og hlaut veiting fyrir Árnassýslu eptir Torfa sýslumann 1666 og tók sér bústað með móður sinni á Stórólshvoli. Hann giptist 1667, sem áður er sagt, og annaðist sitt embætti meðan lifði. 1666 biður Jón sýslumaður lögmann góðra ráða, hvernig fara skuli með þá óskilmerkilegu lýsing Guðrúnar Finnbogadóttur á barnsfaðerni hennar. Svar: Henni skal refsað og hún áminnast, svo til alþingis færa, ef ei betrast. 1667 lét hann dóm ganga um fé barna Sveins sál. Gíslasonar. 8. maí 1668 gaf kongur honum leyfi að búa utansýslu á sinni eignarjörðu og var því á Stórólshvoli til síns dauða. 1668 dæmdi hann um Guðrúnu Finnbogadóttur og annan dóm s. á. um barnsfaðernislýsingu Valgerðar sjónlausu Jónsdóttur. 1669 kom hann með dóm til alþingis um barnsfaðernislýsing Vigdísar Jónsdóttur. 1670 kom hann á alþing með mál Bjarna Lafranssonar. 1671, 17. júní lét hann dóm ganga um barneign Sigríðar, færði þann dóm og tvo aðra til alþingis. Upp á klögun hans 1669 um manntalsfiska var það svar lögmanns og lögréttunnar, að dómur 1590, 1654 og 1661 skæru þar úr fyrir utansýslumenn og áminntu, að þeir væru goldnir af utansýslubúum. 1672

---

á heimleið úr Hólaskóla með frænda sínum Jóni Sigurðssyni frá Hvítárvöllum (sbr. III, 498). Segir Espólin (Árb. IX, 135) að þeir nafnar hafi orðið úti 14. apríl 1738 (sbr. III, 498) en í Lbs. 199 4to er sagt að það hafi verið 1739 og í ættatölum síra Jóns Haldórssonar (viðbót síra Vigfúsar) vorið 1740. 1738 er réttast.

4. Sesselja dó ógipt, bl.

1) Torfi faðir Guðmundar var Torfi Eiríksson á Keldum.

2) Jón sýslumaður, er fæddur var 1639, kom í Skálholtsskóla um 1649 og var útskrifaður um 1656, en skrifaður í stúdentatölu við háskólann 5. nóvember 1660.

var Jón sýslumaður á alþingi. 1673 spurði hann um fjórðungsútleið Sigurðar Einarssonar, hve lengi vara skyldi, lögmenn svöruðu 3 ár. Jón sýslumaður hafði dæmt hann fyrir barneign. 1673 spyr Jón sýslumaður hverjum tilheyri eirketill fundinn í Skálholtskirkjufjörð, Svar: Kongsvaldi ber þar af reikning gera.

Jón sýslumaður varð ekki gamall maður, deyði að kalla á miðjum aldri (1682<sup>1)</sup>). Hann var kylrátur og spakur maður og hélt búíð með móður sinni, var ekki mjög riðinn við málaferli, en hélt sínum hlut með hægleti. Hann var auðmaður af örfum. Hann hélt Þormóð Ásmundsson fyrir umboðsmann í sýslu sinni<sup>2)</sup>, því honum voru leið málaferli, og var kylrátur friðsemdarmaður. Í konu sinnar fé hafði hann fengið margar jarðir meðal hverra var Staðarfell á Fellsströnd. 1572 hafði Árni Gíslason sýslumaður fengið þá jörð Guðbrandi biskupi í heimanmund Halldóru dóttur sinnar fyrir 60 hundruð. En Ari sýslumaður í Ögri keypti hana af Halldóru Guðbrandsdóttur upp í Silfrastaði og fékk þá fleiri jarðir vestra. Eptir Ara hlaut Þorlákur son Ara Staðarfell. Helga hlaut það eptir föður sinn. 1684 keypti Björn Jónsson Staðarfell af Jóni sýslumanni fyrir jarðir Margrétar konu sinnar Geldingalæk, Kaldaðarnes og Keldulæk í Mýrdal til samans 64 hdr. bóndaeign, en eptir á iðraðist Björn skiptanna, átaldi og óútsvöruð kirkjukúgildi, sem hann eptir Gísla máldaga kvað vera 14 og jörðina nærfellt hálfá kirkjueign, því bevisaðist að kúgildin voru ei utan 12. Biskup Þórður og amtmaður komu á sáttum milli Björns og Katrínar, eptir langa þrætu og hefur síðan Staðarfell ei komið í þá ættkvísl, en jafnan talin 12 kirkjukúgildi með því<sup>3)</sup>.

1) Réttara er, að Jón sýslumaður hafi andazt 29. desember 1681. Var hann þá á 43. aldursári (Ísl. Artíðaskrár bls. 198, 220).

2) Þetta er allmikil villa hjá Boga. Þormóður í Bræðratungu var þá löngu dauður (sjá um hann hér áður bls. 260—267).

3) Þessum kafla um Staðarfell hefur Bogi bætt hér við að gamni sínu, af því að hann átti jörðina og bjó þar, er hann reit Sýslumannaæfirnar. En ekki getur það verið rétt hermt hjá

**Magnús Kortsson.**

(sjá Rangárþing).

1677 lét hann dóm ganga í Árnassýslu um ákæru Torfa Þorsteinssonar upp á Einholt og 3 kúgildi, sem þar með væru.

**Hans Londemann.**

*Faðir:* Willum Londemann, danskur að kyni.

*Móðir:* ..... þýzkrar eða danskrar ættar.

*Kona:* Guðríður dóttir Markúsar Bjarnasonar og Guðrúnar dóttur Torfa sýslumanns Erlendssonar.

*Börn:* A. Evert Londemann, fæddur á Íslandi 1680, fór utan með foreldrum sínum 1692. Hann gerðist magister, prófessor og síðar biskup, var hafinn í aðalsstétt 1749 með nafninu Rosencrone og deyði sama ár. Hans fyrri kona var Maria Elizabet Wieland, svo Anna Kristína Nyegaard, börn:

1. ..... Rosencrone. Hans son:

a. Marcus Gerhard Rosencrone, barón, Legationssekreter í Svíaríki, svo Envoye til Dresden og Neapels, síðar Statsminister og greifi 1782, fékk lausn í náð frá embætti 1783. Hann átti dóttur geheimeráðs Hjelmstjerna, sem var sonur Nikulásar Henrikssonar erfðismanns á Reyðarfirði, svo ráðsmanns í Kaupmannahöfn.

2. Friðrik Rosencrone, konferenzráð dó ó-giptur, bl.<sup>1</sup>).

---

honum, að Björn Jónsson yngri hafi keypt Staðarfell 1684 af Jóni sýslumanni, því að hann var þá látinn. Björn hefur keypt jörðina af erfingjum Jóns.

Dómabók Jóns sýslumanns Vigfússonar í Árnassýslu 1666—1677 er enn til (í landskjalasafninu) en orðin mjög skemmd af fúa.

1) Evert Londemann var fæddur 5. júlí 1680 og var sendur 9 ára gamall í fóstur til föðurbróður síns Gert Willumsen amtskrifara í Vordingborg, föðurföður Gert Londemanns nafnkennds leikara í Kaupmannahöfn († 3. marz 1773: Dansk biografisk Lexi-

B. Þorlákur<sup>1</sup>) deyði 1726, átti Arnfriði, þ. d.:

con X, 362—363). Evert var skrifaður í stúdentatölu við háskólann 1698 og varð baccalaureus 1699, því næst kennari (heyrari) í 5. bekk Frúarskóla og 1706 sóknarprestur í Skelund í Vebjargastípti, fékk s. á. meistaratítul í heimspeki. Var boðið að verða biskup í Skálholti eptir Jón Vidalin 1720, en honum var ráðið frá því. 1727 varð hann kennari í heimspeki við háskólann og 1732 lektor í guðfræði í Bergen. 1734 varð hann hæstaréttarmálaflutningsmaður að nafnbót, og fékk 1735 biskupsnafnbót, keypti 1745 höfðingjasetrið Rosendal í Noregi með tilheyrandi jardeign. Var hafinn í aðalsstétt 29. janúar 1749 með nafninu *Rosencrone* og fékk Rosendalsgóss gert að ættareign 9. sept. s. á. En 7 dögum síðar (16. sept. 1749) andaðist hann á 70. aldursári. Hann þótt ágjarn maður til fjár. Sbr. um hann Dansk biografisk Lexicon XIV, 176—177. Með f. k. sinni Marie Christine (ekki Elisabeth) Wieland, dóttur Peder Wieland kaupmanns, er rak verzlun á Íslandi, átti hann þessi börn:

1. Christopher Rosencrone konferenzráð, er bjó á Nöragergaard á Jótlandi († 1774), og ól upp Markús hálfbróður sinn. Mun þetta vera sami maður og hér hjá Boga og annarstaðar í ættatölum er nefndur Friðrik Rosencrone konferenzráð, er hafi dáið ókv. bl. Er sagt í Lbs. 198 4to, að Markús greifi, sem þar er talinn ranglega bróðursonur hans, hafi erft hinar miklu eignir hans, og er það rétt (sbr. Dansk biografisk Lexicon XIV, 177—178).
2. María Margrét (f. 1714 † 1762). Sonur hennar:
  - a. Hans de Hoff (f. 1738, † 1769). Son hans:
    - aa. Christian de Hoff f. 1768, tók sér nafnið Hoff-Rosencrone, er hann erfði Rosendal eptir Rosencrone greifa, ömmubróður sinn 1811 (sjá síðar).
- Með s. k. sinni Önnu Christine Nyegaard (f. 7. febr. 1711 † 7. apríl 1743) ekkju Markúsar Müllers biskups í Bergen († 1731) átti Evert Londemann einn son:
3. Marcus Gerhard greifi, fæddur í Bergen 25. maí 1738, var alinn upp hjá hálfbróður sínum Christopher Rosencrone, eins

---

1) Þorlákur Hansson Londemann bjó á Litlu-Laugum í Reykjadal 1712 (Jarðabók A. M.) og hafði þá »ýmsar kongsjarðir í forléningu«. Í ættatölubókinni Lbs. 198 4to er sagt, að hann hafi verið lausamaður á Hólum í Hjaltadal og dáið þar ókvæntur og bl. um 1720 eða skömmu þar á eptir. Snókdalin segir beinlínis, að Þorlákur hafi dáið 1720 og telur ætt frá honum, eins og hér er gert, en hún er samt ekki með öllu viss. Son hans, Hans að nafni, varð úti með Jóni Pálssyni Vidalin á Hjaltadalsheiði 12. okt. 1726. Í Árb. Esp. IX, 86 er sá piltur ranglega nefndur Þorlákur Torfason Londemann.



## 1. Sigríður átti Jón smíð Hallvarðsson á Steinkrossi og börn:

og áður er sagt. 1766 varð hann sendiherraskrifari í Sachsen og 1767 í Stokkhólmi, 1773 kammerherra og sendiherra í Dresden og 1777 sendiherra í Berlin, en 1780 utanríkisráðherra í stað A. P. Bernstorfs. 1773 varð hann friherra og 1783 fékk hann greifanafnbót. 1784 varð hann að láta af ráðherraembætti ásamt Guldberg og fékk 2500 ríkisdali í eptirlaun. Hafði upp frá því ekki embætti á hendi. 1809 varð hann riddari af fílsorðunni og andaðist í Kaupm.höfn 5. desbr. 1811 (sjá um hann Dansk biografisk Lexicon XIV, 177—179). Hann kvæntist 1773 Agnete Marie Hjelmstjerne (f. 1752 † 3. sept. 1838) dóttur Hinriks Hjelmstjerne geheimeráðs og bókasafnanda († 18. júlí 1780), er var sonur Niels Hinriksens audugs manns, er verzlun hafði haft á Íslandi, en var síðar »ráðsmaður«, justisráð að nafnbót og varaborgarstjóri í Kaupmannahöfn († 9. okt. 1745). Þau Rosencrone greifi og kona hans voru barnlaus. Afhenti Rosencrone konunginum hið mikla bókasafn tengdaföður sins, og var ákveðið með kgl. tilskipun 6. marz 1807, að það skyldi jafnan vera sérstök deild í konunglega bókasafninu og nefnast »hið Hjelmstjerne-Rosencronske bókasafn«. Er það ágætt safn og merkilegt. Í sambandi við það er dálitið gripasafn. Bæði danska og norska vísindafélagið gerðu Rosencrone greifa að heiðursfélagi sínum, og áður en hann andaðist (1811) hafði hann og kona hans gert ráðstafanir til (30. nóv. 1809) að stofnsetja hina svonefndu »grevelige Hjelmstjerne-Rosencronske Stiftelse« og er höfuðstóll sjóðs þessa nú rúmar 2 miljónir kr. Stofnun þessi á að stuðla að því að hjálpa þeim, er ófyrirsynju hafa lent í bágindum, vinna að fjölgun farsælla hjónabanda meðal lægri stéttanna, styrkja framgjarna, efnalitla unga menn, efla menning og vísindi og hvetja efnilega menn til frekari framsóknar. Úthlutar stofnun þessi árlega miklu fé til ýmissa gagnsamlegra hluta. Eignina Rosendal erfði Christian de Hoff, systursonarson Rosencrone greifa, er þá nefndi sig Hoff-Rosencrone (sjá áður), en sá karlleggur dó út árið 1900 og þá komst Rosendal í eign systur síðasta eigandans og 1902 erfði hana sonur hennar Chr. Weis læknir, er fékk leyfi til að taka upp ættarnafn móður sinnar, Hoff-Rosencrone og nefnir sig Weis-Rosencrone. Háskólinn í Kristjaníu hefur eptir samningi milli Danmerkur og Noregs 20. apríl 1820 erfðarétt til Rosendaleignarinnar.

Af því sem hér hefur verið sagt og áreiðanlegt er, sést, að það er rangt, sem hér er talið hjá Boga og víðar í islenskum ættatölum, að Markús Rosencrone greifi hafi verið sonarson

- a. Elin átti Guðmund Magnússon<sup>1</sup>), deyði hjá Magnúsi Stephensen konferenzráði, þ. b.:
  - aa. Þorleifur halti á Fellsöxl, átti börn<sup>2</sup>).
  - bb. Auðunn<sup>3</sup>),
  - cc. Guðrún, giptust og áttu börn.
- b. Magnús átti Guðriði Hrómundsdóttur, þ. b.:
  - aa. Elin átti Nikulás Árnason á Reyni og börn<sup>4</sup>).
  - bb. Guðrún átti Ólaf Ólafsson.
  - cc. Arnfríður<sup>5</sup>).
- c. Vilhjálmur,
- d. Hannes<sup>6</sup>) fóru utan til frænda sinna, komu ei aptur til Íslands.

#### C. Torfi fékk veiting Beyers fyrir hálfri Árnese-

Everts Londemanns, því að hann var sonur hans af síðara hjónabandi.

1) Faðir Guðmundar, er bjó í Höfn í Melasveit, var Magnús yngri Sigurðsson Magnússonar á Sudur-Reykjum Þorvarðssonar, bróðir samfedra Auðunnar Sigurðssonar (III, 104, 457). Elin ekkja Guðmundar var lengi ráðskona í Viðey hjá Ólafi stiptamtmanni og síðar hjá Magnúsi Stephensen og andaðist 15. des. 1826, 78 ára (sbr. Kl.póst. IX, 165).

2) Þorleifur var tvíkvæntur, átti fyr Þuríði Magnúsdóttur (III, 184) þ. b. þar, en síðar Arnbjörgu Jónsdóttur frá Narfastöðum Sigmundssonar, þ. b. Auðunn.

3) Auðunn átti Guðrúnu Pétursdóttur frá Bigggarði Guðmundssonar, sjá um börn þeirra bls. 39 hér að íraman.

4) Faðir Nikulásar var Árni Jónsson á Mársstöðum, bróðir Asgauts í Dægru á Akranesi. Voru þeir synir Jóns Guðmundssonar og Gróu Ásgautsdóttur, er fyr hjuggu á Seli í Grímsnesi, en fluttu síðar vestur að Fellsöxl í Skilmannahreppi.

5) Arnfríður og Guðrún eru ekki nefnd meðal barna Magnúsar og Guðriðar hjá Ólafi Snókdalin.

6) Líkl. réttara: Hans, og svo telur Snókdalin. Son Þorláks Londemanns samnefndur varð úti á Hjaltadalshéiði 1726 (sjá hér á undan).

sýslu 1716, en hélzt ekki, því konungur hafði sama ár veitt hana alla Brynjólfi Thorlacius<sup>1</sup>).

Hans Londemann var snauður að fé, er hann kom til Íslands; mér er óljóst, hvort hann kom inn til Bessastaða eða var við höndlun á Eyrarbakka sem assistent fyrst eptir 1676, þá ástir Guðríðar og hans saman drógu-ust<sup>2</sup>). Sýnist og sem hann hafi verið orðinn umboðsmaður Jóns eldra Vigfússonar nálægt 1680. En 1682 þá Jón deyði var hann fyrir sýsluna settur svo sem umboðsmaður Dana í fyrstu, fékk þó veiting 26. október s. á. og kongsstaðfestingu þar upp á 11. nóvember 1683 og átti árlega að gjalda 55 rd., tvo frimenn til sjóar og gera reikning fyrir sakafalli og rekum.

Af því að hann var ekki lögvitur maður tók hann sér lögsagnara með kongs samþykki Einar Eyjólfsson og Vigfús Hannesson með vonarbréfi um sýsluna eptir hann fyrir hálfri hvor þeirra. Hann fór utan alfarinn 1692 og setti þá eptir téða tvo lögsagnara, gerðist sjálfur tollheimtumaður í Presteyju í Vordingborgaramti á Sjálandi, útvegaði lögsögnurum sínum bréf konungs hvorum fyrir hálfri sýslunni 1694, þá hann vildi sleppa, sem hann og gerði 1702. Hann deyði sjálfur 1705. Var hið mesta trúðmenni og gæflyndur.

### Einar Eyjólfsson.

*Faðir:* Sira Eyjólfur á Lundi (deyði 1672) Jónsson Hallssonar Jónssonar.

1) Torfi var á lífi 1738 og bjó þá í Nesi við Seltjörn. Í ættatölum er ekki getið barna Torfa og sumstaðar beinlínis sagt, að hann hafi verið bl. Það er beinlínis rangt hjá Espólin (Árb. IX, 86) að sonur hans Þorlákur Londemann lærisveinn í Hólaskóla, hafi orðið úti á Hjaltadalsheiði með Jóni Pálssyni Vidalin haustið 1726 (Árb. Esp. IX, 86) því að sá piltur var Hans son Þorláks Londemanns bróður Torfa (sjá hér áður).

Meðal barna Hans Londemanns og Guðríðar eru ennfremur talin:

D. Elin, og hjá Snókdalin

E. Vigfús. Sé það rétt hafa þau líklega dáið ung.

2) Hans og Guðríður giptust 1683, þrem árum síðar en Evert son þeirra fæddist. Hans var þá (1680) »eptirliggjari« (þ. e. fastur verzlunarmaður) á Eyrarbakka.

- Móðir:* Katrin Einarasdóttir systir Péturs á Ballará (sjá Barðastrandarsýslu).
- Kona:* Margrét dóttir síra Halldórs í Hruna. Margrét átti fyr Grim Einarsson. Margrét dó á Óslandi 1718<sup>1</sup>).
- Börn:* A. Halldór sýslumaður í Þingeyjarsýslu (sjá þar)<sup>2</sup>).
- B. Eyjólfur<sup>3</sup>) klausturhaldari á Reynistað 1713—15 átti Björgu dóttur Ara á Sökku 1710. Sá Ari dó 1698 af kulda og vosi í brimlending, þá hann hafði bjargað öðrum mönnum. Hann var son síra Jóns í Vatnsfirði Arasonar. Börn:
1. Þorsteinn.
  2. Katrín.
  3. Jón.
  4. Krístrún átti Guðmund bryta Arnþórs-son<sup>4</sup>). Börn:
    - a. Guðmundur<sup>5</sup>).
    - b. Steinvör.
    - c. Arnbjörg.
    - d. Sesselja.
    - e. Eyjólfur<sup>6</sup>).

---

1) Margrét dóttir síra Halldórs Daðasonar var þriggja og var Einar sýslumaður miðmaður hennar, en hinn síðasti síra Oddur Eyjólfsson eldri í Holti undir Eyjafjöllum († 1703), þau bl.

2) I, 113—117.

3) Eyjólfur dó í Reykholtssdal 1751.

4) Espólin segir, að Guðmundur maður Krístrúnar hafi verið bróðir Guðmundar bryta á Hólum.

5) Guðmundur bjó á Geirmundarstöðum.

6) Eyjólfur á Sviðningi átti Þorgerði Magnúsdóttur úr Eyjafirði; þ. b.:

a. Magnús á Grund í Þorvaldsdal átti Soffíu Jónsdóttur á Grund Finnssonar og Jórunnar Þorsteinsdóttur prests í Stærtaárskógi Hallgrímssonar, þ. b.:

aa. Jóhann, er bjó í Stærtaárskógi.

bb. Jórunn.

- f. Þjóðhildur.
- g. Krístrún<sup>1)</sup>.
- h. Jón.
- 5. Ari<sup>2)</sup>.
- 6. Helga<sup>3)</sup>.
- 7. Einar.
- 8. Þorbjörg.
- 9. Steinvör.
- 10. Anna.

Nokkur af þessum börnum urðu sek um sauðatöku ásamt móður sinni. Var Björg keypt undan hýðing, en sum börnin hýdd og einn eða tveir bræðurnir fóru á Brímarhólm. Komst því rýrð á þá ætt og urðu ógöfug giptumál, allt almúgamenn. Er það norðanlands og þeirra afkomendur margir ráðvendnismenn til munns og handa.

- C. Síra Grímur á Staðarbakka, laungetinn, deyði ógiptur barnlaus 1707 í stórubólu.

Laundóttir Einars með Sigríði systur Guðmundar antiquarii í Svíaríki Ólafssonar var:

- D. Anna, átti fyr Hálfðan Jónsson<sup>4)</sup> á Reykjum, börn:
  - 1. Síra Einar á Kirkjubæ 32 ár, dó 1752,

---

cc. Þorgerður átti fyr Ólaf Pétursson Hjaltested, en síðar Brynjólf Oddsson bókbindara í Reykjavík.

1) Krístrún var 1. kona síra Jóns Jónssonar gamla á Grenjarstað († 1866), bl.

2) Ari kvæntist í Hollandi.

3) Helga átti 3 launbörn, eitt með Jóni fálkafangara á Fjarðarhorni í Strandasýslu:

- a. Helga átti Hrólf Þórðarson á Karlsstöðum í Arnarfirði. Son þeirra Hrólfur.

4) Hálfðan var son Jóns Ásmundssonar á Reykjum í Ölfusi og kominn í beinan karlegg af Torfa í Klofa (sjá hér áður bls. 219).

átti Guðrúnu Sigurðardóttur prests Snorra-sonar, börn:

- a. Hálfðan rektor.
- b. Síra Ólafur á Snæfjöllum.
- c. Sigurður konrektor.
- d. Álfheiður, sem átti síra Tómas Skúla-son<sup>1)</sup>.

2. Grímur Hálfðanarson á Kotferju í Flóa, átti Sigríði Gunnlaugsdóttur<sup>2)</sup>, börn:

- a. Sveinbjörn<sup>3)</sup>.
- b. Steinunn<sup>4)</sup>.
- c. Sigríður<sup>5)</sup>.
- d. Guðrún<sup>6)</sup>.

Giptust öll og áttu börn.

Önnu seinni maður Magnús Einarsson<sup>7)</sup>. Þau barnlaus.

Einar lærði í skóla, varð vel að sér, átti síðan laun-son og misti prestlegan verðugleik. Sló sér til annara fræða, einkum fornyrða og laga. Var giptur og orðinn

1) Um börn þeirra sjá Guðfræðingatal mitt bls. 276—279.

2) Sigríður var dóttir Gunnlaugs Andréssonar á Þúfu og Bóthildar Jónsdóttur (sjá hér áður bls. 219).

3) Dóttir Sveinbjarnar var Sigríður, er átti Jón Kristófersson.

4) Steinunn átti fyrir Ólaf á Þórustöðum í Ölfusi Þorsteins-son í Geldingaholti Bergþórssonar og börn, en síðar Sigurð í Króki í Ölfusi Þorsteinsson frá Núpum Jónssonar Eysteins-sonar, bl.

5) Sigríður átti fyrir Jón Jónsson á Valdastöðum, en síðar Þorleif á Selfossi Valdason í Fljótshólum Eiríkssonar, þ. b. Einar, Ingveldur, Anna.

6) Guðrún átti Sigvalda Jónsson frá Háholti í Eystrihrepp Sigvaldasonar. Son þeirra Ingimundur í Vorsabæ á Skeiðum faðir Sigvalda á Björk í Grímsnesi föður Jónasar, sem nú (1911) býr á Björk.

7) Magnús var son Einaris prests Magnússonar í Guttorms-haga († 1716). Þau hjón Magnús og Anna búa á Reykjum í Ölfusi 1729. Er Anna þá talin 63 ára, og er því fædd um 1666, sjálf-sagt áður en Einar faðir hennar kvæntist.

lögrettumaður 1680. En 1683 gerðist hann lögsagnari hjá Hans Londemann í Árneshöfði og síðan opt. Eftir að amtmaður Müller kom út til síns embættis 1688, setti hann Einar til dómara í mörgum málum, því hann reyndi Einar fjölvitrán, lærðan og skarpan. 1693 setti amtmaður hann að gera í morðsmálinu úr Vestmannaeyjum, 1694 í hvalrekamálinu á Skagaströnd, hvar í Einar lét dóm ganga við Vallnalaug. Var hann þá í lögmanns stað og dæmdi við Vallnalaug, og sama ár var hann í lögmanns stað á alþingi. Sama ár fékk hann og konungs vonarbréf fyrir hálfu Árneshöfði. Það var dagsett 19. maí 1694. Sama ár var hann af amtmanni Müller skipaður til að þjóna lögmanns verkum á alþingi eftir Magnús lögmann Jónsson fráfallinn.

1695 fékk Einar veiting fyrir Snæfellssýslu og Stapumboði, og ætlaði að flytja vestur að Ingjaldshóli, en deyði þá í Traðarholti á Eyrarbakka 55 ára gamall<sup>1)</sup>.

Einar var vinur amtmanns Müllers og var hald manna, að amtmaður sækti stundum til hans ráð og fræði, því Einar var maður skarpvitur og ungengilegur. Amtmaður Müller var og maður vel lærður.

Við sögupprentanir Þórðar biskups var Einar Eyjólfsson hans helzti meðhjálpari. Fyrir utan inntak úr vís- um í sögu Ólafs Tryggvasonar hefur hann skrifað að- skiljanlegt í fornfræði. Er meining manna, að Páll lög- maður Víðalín, sem um þær mundir var skólameistari í Skálholti, hafi töluvert fræðst af Einari, einkum í gömlum fornfræðum, lögbókarfornyrðum og gömlum kveðskap. Er mælt, að Víðalín hafi látið Halldór son hans njóta þess vinfengis, er var þeirra Einars í millum, og frætt Halldór vel, sem hafði skarpar lærdómsgáfur.

1) Hann andaðist 15. júlí, 54 ára gamall, eftir því sem sagt er í ættatölum síra Jóns Halldórssonar og hefur þá verið fæddur um 1641. Í gömlum skólaröðum frá Skálholti: Lbs. 207 4to er Einarus Eyjólf (Einar Eyjólfsson) 3. að ofan í neðri bekk veturinn 1654—55 og þá talinn á 19. ári, en 7. skólaárið. Sé þetta Einar sýslumaður Eyjólfsson ætti hann ekki að vera fæddur síð- ar en 1637, en ef til vill er þetta annar maður, þótt mér sé hann ekki kunnur, eða þá aldur hans rangur í skránni og skólaveru- tíminn einnig. Ósennilegt að hann hafi verið svo lengi í neðri bekk.

## Vigfús Hannesson.

*Faðir:* Hannes Skálholtsstaðar ráðsmaður. Hann var Helgason Eyjólfssonar prests á Melum Grímssonar. Móðir Hannesar var Guðrún<sup>1)</sup> dóttir Hannesar Ólafssonar í Kjós. Hannes Helgason bjó í Kolsholti og var um tíma lögsagnari í Árnassýslu nálægt 1650. Hann deyði 1653.

*Móðir* Vigfúsar, en kvinna Hannesar í Kolsholti var Ragnhildur (fædd 1610, dó 1699) dóttir Daða silfursmiðs á Staðarfelli Jónssonar Ólafssonar (sjá Strandasýslu), börn:

1. Hólmfríður prófastamóðir, giptist 1664 síra Halldóri Jónssyni. Hún deyði 1731 nírað. Þeirra börn:

a. Síra Jón í Hítardal. b. Síra Hannes í Reykholti. c. Síra Torfi á Reynivöllum. d. Síra Jón á Þingvöllum. e. Sesselja. f. Sesselja yngri. g. Katrín al. Kristín. h. Guðrún<sup>2)</sup>.

*Kvinna* sú fyrri var Rannveig dóttir síra Torfa í Gaulverjabæ. Hún deyði 1688 bl.<sup>3)</sup> (sbr. Hegranesþing og Ísafjarðarsýslu).

*Kvinna* seinni: Guðriður dóttir Sigurðar lögmanns Björnssonar. Þau giptust 1699. Guðriður deyði 1707 29 ára<sup>4)</sup>.

*Barn:* Hannes á Hofi<sup>5)</sup> átti fyr Helgu dóttur Sigurðar

1) Réttara: Sesselja.

2) Þessara barna síra Halldórs og Hólmfríðar er hér áður getið nánar bls. 308—309.

3) Rannveig dó af barnstörum. Þau Vigfús áttu eptir eina dóttur, er dó í stórubólu 1707, ógipt, bl.

4) Sbr. bls. 64 hér að framan. (Guðriður eldri fædd 13. nóv. 1678).

5) Hannes var útskrifaður úr Skálholtsskóla 1729, bjó fyrst á Hvanneyri, en síðar á Hofi á Kjalarnesi og andaðist þar 1772, 66 ára gamall. Hann sótti um Mýrasýslu 1731, en fékk ekki. Helga f. k. hans dó um 1745.



eldra sýslumanns í Árneshöfði og landsþings-  
skrifara Sigurðssonar. Börn:

A. Síra Erlendur á Kvennabrekku og Gufudal,  
átti fyrir Hólmsfriði Runólfsdóttur; börn:

1. Runólfur prestur á Brjánslæk, dó 1834,  
gíptur á börn<sup>1)</sup>).
2. Vigfús dó ungur barnlaus<sup>2)</sup>).

Seinni kvinna síra Erlends var Jar-  
þrúður, ekkja, dóttir síra Ólafs prófests  
á Ballará. Þeirra son:

Hannes skómakari<sup>3)</sup>).

1) Síra Runólfur átti fyrir Kristínu Þorlákisdóttur klaustur-  
haldara á Þykkvabæ Þórðarsonar Thorlaciusar Brynjólfssonar,  
voru systkinabörn, þ. b.:

- a. Erlendur á Hamri á Barðaströnd († 1859) átti fyrir Önnu  
Soffíu Gunnlaugsdóttur prests á Hafsteinsstöðum Magnús-  
sonar, þ. b. Kristján, en síðar Valgerði Jónsdóttur Bergþórs-  
sonar, þ. b. Jón, Marteinn, Vigfús.
- b. Sigurður í Sauðeyjum, kvæntur.
- c. Hólmsfriður átti Þórð Gislason prests í Selárdal Einarssonar.
- d. Helga átti Brynjólf Eggertsson á Melanesi (II, 706)
- e. Ólöf, launson hennar með Bessa Sigurðssyni: Guðbjartur.
- f. Ingibjörg átti fyrir Gísla Ísleifsson úr Patreksfirði Jónssonar,  
bróður Jóns í Bæ á Rauðasandi (II, 706), en síðar Guðmund  
Guðmundsson á Vattarnesi.

S. k. síra Runólfs á Brjánslæk var Guðrún Vernharðs-  
dóttir prests í Otrardal Guðmundssonar, er síðar varð s. k.  
Hálfðanar prófests Einarssonar á Eyri í Skutulsfirði. Dóttir  
síra Runólfs og hennar:

- g. Kristín átti Jón Auðunsson á Eyri í Ísafirði vestur (sbr. III,  
503). Eitt barna þeirra Baldvin faðir Jóns prentara í Reykja-  
vík. Önnur dóttir síra Runólfs og Guðrúnar:
- h. Sigríður dó 6 vetra.

2) Vigfús var útskrifaður úr skóla 1804, varð úti yfir sauðfé  
á Gufudalshálsi 28. nóvember 1806. Enn var dóttir síra Erlends  
og f. k. hans.

3. Þóra varð holdsveik, dó ung í Gufudal.

3) Hannes skósmiður á Melnum í Reykjavík átti Sigríði  
Hallsdóttur frá Brúnastöðum í Tungusveit Jónssonar, þ. b.:

- a. Erlendur á Melnum átti Halldóru Jóhannsdóttur frá Árdal  
Þorleifssonar. Son þeirra Hannes fór til Ameríku, og sömu-  
leiðis Sigríður dóttir þeirra.

- B. Ólöf Hannesdóttir átti Þorlák klausturhaldara á Þykkvabæ Þórðarson *ibid.* Brynjólfssonar Thorlacii á Hlíðarenda, sýslumanns. Þorlákur dó 1775. Börn:
1. Þórður.
  2. Kristín átti síra Runólf á Brjánslæg og börn.
- C. Vigfús, deyði utanlands barnlaus<sup>1</sup>).
- D. Kristín Hannesdóttir átti Sigurð Jónsson í Fljótshlíð austur. Hennar laundóttir var Ingibjörg<sup>2</sup>).
- E. Guðríður Hannesdóttir barnlaus<sup>3</sup>).
- Seinni kvinna Hannesar var Ólöf Bárðardóttir<sup>4</sup>). Börn:
- F. Síra Illugi í Stóradal, átti Hildi Lýðsdóttur og börn<sup>5</sup>).
- G. Guðrún átti Pétur Pétursson í Eyjum (í Kjós) og börn<sup>6</sup>).

---

b. Kristjana María,

c. Jarprúður,

d. Vigfús, dóu öll ung.

1) Hann sigldi til að læra hattasmiði. Dó í Kaupmannahöfn.

2) Hún var s. k. Gísla Ólafssonar smíðs á Skarðshömrum.

3) Guðríður dó 1754, 21 árs að aldri.

4) Hún var dóttir síra Bárðar Jónssonar í Guttormshaga.

5) Sjá um þau við Skaptafellssýslu.

6) Meðal barna þeirra voru:

- a. Kristín var tvígípt. F. m. hennar Þorvarður á Skeggjastöðum í Mosfellssveit Einarsson í Stýflisdal Jónssonar á Núpum í Ölfusi Klemenssonar og Birgittu Þorvarðsdóttur, þ. b.: Jón átti fyr Þóru Árnadóttur frá Kópavogi Péturssonar, en síðar Ólöfu Magnúsdóttur, Snjálaug, er átti Bjarna Ketilsson í Knútskoti, Birgitta o. fl. S. m. Kristínar Pétursdóttur Bjarni Magnússon á Skeggjastöðum.
- b. Þórunn átti Þórarinn Loptsson í Eyjum, þ. d. Karítas átti Arnór í Mýrarhúsum Oddsson Snorrasonar í Engey Sigurðssonar, þ. b.: Þórarinn skipstjóri og Oddur í Reykjavík.
- c. Pétur dó 1826 ókv. Enn fleiri voru börn Péturs í Eyjum og Guðrúnar.

H. Ragnhildur, ógipt, barnlaus.

Vigfús lærði í Hólaskóla, lagði sig svo eptir lögvisi, giptist og bjó að Stóra-Hofi, missti þar sína fyrri konu<sup>1</sup>). Hann fékk vonarbréf fyrir hálfri Árnassýslu 1694<sup>2</sup>). Á sama ári fékk Einar Eyjólfsson vonarbréf fyrir hinum helming sýslunnar. En þá Einar var fráfallinn var Vigfús fyrir allri sýslunni vegna Londemanns til þess Londemann frásagði sér hana 1702. Þá fékk Vigfús veitingu fyrir henni. Hans veitingarbréf er af 19. maí 1702, í lögréttu uppleið sama ár. Hafði hann lengi áður þjónað sem lög-sagnari og fullmektugur Londemanns. Fyrir litlar sakir var Vigfús hart dæmdur af Páli Vidalín, en Vigfús skaut til hæstaréttar máli sínu og urðu það lok þess máls, að Vidalín mátti bæta erfingjum Vigfúsar 100 rd., því Vigfús deyði um vorið 1715 á heimili sínu<sup>3</sup>) áður dómur var til Íslands kominn. (Markúsar annáll segir Vigfús hafa dáið 1714<sup>4</sup>). Opt átti Vigfús í málaferlum og hélt hann hlut sínum. Ritfært er, að Vigfús hafi og búið í Langholti í Flóa.

Eptir dauða Vigfúsar sóttu margir um Árneshing. Var þá Oddur lögmaður utanlands og hafði sett fyrir sinn fullmektugan Lárus sýslumann Scheving, sem þá veitti landsþingsskrifara Sigurði eldra Sigurðssyni Árneshing þann 10. nóvember 1715, því Lárus stóð þá fyrir stiptamtmannsverkum. En landfógeti P. Beyer hafði þá og völd, líkaði (honum) þetta ekki og því veitti hann þann 9. maí 1716 hálfu Árnassýslu *Torfa* syni *Hans Londemanns* (sjá áður), en hina

1) Hann var skipaður ráðsmaður í Skálholti af Þórði biskupi 5. júní 1684.

2) Það bréf er dagsett 12. maí.

3) Vigfús sýslumaður bjó í Langholti í Flóa, að minnsta kosti lengstum meðan hann hafði Árnassýslu og þar andaðist hann snögglega úr höfuðsvima (slagi?) 2. desember 1714, 61 árs að aldri (sbr. Ættatölur Jóns Halldórssonar, Ísl. Ártíðaskrár bls. 219 o. fl.). Það er því rangt, sem hér og víðar er talið, að Vigfús hafi dáið vorið 1715.

4) Það er einmitt hið rétta.

hálfu Axel Friðrik, þó engar þessar veitingar héldust. Torfi hygg eg færi utan<sup>1)</sup>).

### Axel Friðrik Jónsson.

- Faðir:* Jón eldri Sigurðsson frá Einarsnesi sýslumaður í Húnavatnsþingi (sjá þar)<sup>2)</sup>.
- Móðir:* Bente Trúelsdóttir dönsk.
- Kona:* Ólöf dóttir Bjarna lögréttumanns Árnasonar á Skúmsstöðum Gíslasonar. Hún fædd 1670<sup>3)</sup>.
- Börn:* A. Páll sýslumaður, sjá Hnappadalssýslu<sup>4)</sup>.  
B. Guðrún átti Þórólf Finnsson Nikulássonar prests; börn:  
1. Finnur, dó ungu<sup>5)</sup>.  
2. Axel.  
C. Jón Hammer skradari, giptist á Jótlandi, bl.<sup>6)</sup>.  
D. Þorsteinn átti Málfríði<sup>7)</sup>.  
E. Jón átti Rannveigu, bl.<sup>8)</sup>.  
F. Valgerður átti Þorlák Brynjólfsson búðarloku á Eyrarbakka, Barn:

---

1) Torfi var lengstum hér á landi og mun hafa dáið hér. Þess er getið, að hann hafi einusinni siglt og var þá í húsi Everts bróður síns, en þóttu veitingar þar fremur óriflegar.

2) I, 585—586.

3) Ólöf mun fædd um 1673, er á Hömrum hjá Bjarna syni sínum 1729, 56 ára gömul.

4) III, 296—300.

5) Finnur Muhle stúdent dó við háskólann í Göttingen 1776 (sjá um framætt hans II, 282). Fleiri voru börn Þórólfs og Guðrúnar en Finnur og Axel.

6) Hann var smákaupmaður í Álaborg og kvæntist þar vel fjáðri ekkju 1733. Hann dó um 1765.

7) Þorsteinn bjó í Vorsabæ á Skeiðum, átti Rannveigu Erlandsdóttur, er síðar átti Þorvald í Vorsabæ Þorsteinsson á Birnustöðum Gíssurarsonar, þau bl.

8) Jón bjó austur í Landeyjum og hét kona hans Málfríður. Nöfnin á konum þeirra bræðra hafa skipzt hér á hjá Boga.

1. Sigurður átti Solveigu Nikulásdóttur silfursmiðs<sup>1</sup>).
- G. Halldór lögréttumaður á Smiðjuhóli, átti fyr Þorgerði, bl.<sup>2</sup>), svo Helgu Högnadóttur, systur síra Guðmuudar<sup>3</sup>). Þeirra börn:
1. Þorgerður, átti fyr Bjarna Egilsson; börn:
    - a. Egill. b. Guðrún<sup>4</sup>). c. Helga<sup>5</sup>).
 Svo Jón Snorrason og var hans seinni kona<sup>6</sup>).
  2. Jón Halldórsson átti Ragnhildi Pétursdóttur að austan. börn:
    - a. Ragnhildur<sup>7</sup>) og fleiri. Jón var launsonur Halldórs með Margrétu Jónsdóttur.

---

1) Nikulás silfursmiður Jónsson bjó í Auðsholti í Ölfusi. Son hans og bróðir Solveigar var Vigfús faðir Þorsteins föður Filippusar á Bjólu, föður Filippusar, er var á Gutunesi og þeirra bræðra.

2) Þorgerður var dóttir Jóns á Smiðjuhóli Jónssonar Evertssonar og tvígípt áður hún giptist Halldóri.

3) Í Vestmannaeyjum. Þau voru börn síra Högna Bjarnasonar í Ásum. Halldór Axelsson var fyrri maður Helgu.

4) Guðrún átti fyrst laundóttur með Jóni Sigurðssyni, er hét Halla, giptist svo Jóni Þórðarsyni á Grjóti í Þverárhlið, bl.

5) Helga átti fyr Halldór Einarsson í Múlaseli þ. b. Þorgerður, Eysteinn, Bjarni, Helgi. S. m. Helgu Jón Þórðarson á Grjóti, er átt hafði áður Guðrúnu systur hennar, þau bl.

6) Börn Jóns Snorrasonar á Svarfhóli í Hraunhrepp og Þorgerðar:

- a. Jón á Svarfhóli átti Ingiríði Einarasdóttur frá Moldbrekku, þ. b. Einar, Sigurlaug, Bjarni, Jón, Guðmundur, Halldór.
- b. Herdís átti Sigurð Oddsson frá Hvítstöðum Magnússonar, þ. b. Oddur, Guðrún, Jón, Herdís, Sigurður.
- c. Halldór dó bl.
- d. Guðrún dó bl.

7) Ragnhildur átti Hrómund Jónsson í Laxholti (þ. b. III, 276). Jón Halldórsson Axelssonar átti nokkur launbörn. Ein laundóttir hans Sesselja, fædd 1749, var lengi á sveitinni. Önnur laundóttir hans Hallfríður, er dó 1819, átti Sigurð Sigurðsson í Kvíslhöfða og voru börn þeirra: Sigurður á Langárfossi, Jón í

H. Bjarni lögréttumaður í Árneshöfningi, giptist 1701<sup>1)</sup>) Elinu Erlendsdóttur, hjuggu á Hömrum í Grímsnesi, börn:

1. Ólöf átti Bjarna í Öndverðarnesi í Grímsnesi og börn:
2. Þórunn átti Jón skyttu Ísleifsson í Botni við Hvalfjörð<sup>2)</sup>), börn:
  - a. Úlfdis átti Finn sýslumann, bl.
  - b. Ingibjörg átti Björn og börn.
  - c. Ísleifur á Grjóteyri átti Kristínu ibid. Hálfdanardóttur og börn.
  - d. Árni átti Ingveldi Þorsteinsdóttur og börn.
3. Erlendur, og fleiri voru þessi börn<sup>3)</sup>).

Axel Friðrik fæddist í Kaupmannahöfn og kom út með foreldrum sínum, mannaðist sæmilega, giptist síðan og fór að búa á Hömrum í Grímsnesi. Hann gerðist lögréttumaður fyrir 1710, en lögsagnari 1714 í Árneshöfningi. P. Beyer veitti honum hálf Árneshöfning 1716, en sú veiting hélzt ekki, því Brynjólfur Thorlacius fékk sama ár kon-

---

Akratanga, Helga f. k. Jóns Jónssonar á Snorrastöðum, Guðrún, er átti Bjarna Þórðarson í Gröf í Borgarhreppi, Sesselja er átti Snorra Þórðarson á Urriðaá bróður hans og Guðrún yngri, er átti Snorra Snorrason. Launson Jóns Halldórssonar með Kristínu Bárðardóttur brotinnefs á Stakkhamri Þórðarsonar var Þórður beykir í Reykjavík, er átti Guðrúnu Björnsdóttur föðursystur Teits Finnbogasonar dýralæknis, p. b.: Pétur, Jens, Dorótea, Puriður.

1) Þetta er gersamlega rangt. Bjarni var einmitt fæddur árið 1701. Elin kona hans var dóttir Erlends í Klasbarða Gislasonar prests á Skúmsstöðum Bárðarsonar. (Sjá um börn hennar og Bjarna bls. 128 hér að framan). Bjarni lögréttumaður dó á Hömrum 7. febr. 1771.

2) Þetta er fjarstæða, þótt Espólin telji einnig á þennan hátt. Þórunn dóttir Bjarna Axelssonar átti Jón smið Felixson í Káranesi († 1829) (sbr. bls. 128 hér áður), og á þetta ekkert skylt við Jón Ísleifsson föður Úlfdisar. Móðir þessara barna Jóns, sem hér eru talin, var Ingibjörg Oddsdóttir (sbr. bls. 38 hér að framan).

3) Þórður var enn son Axels Friðriks. Um hann ekkert kunnugt.

ungsveiting. Bjó því Axel Friðrik sem bóndi þar eptir um hrið. Hann datt út af kaupskipi ofan í bátinn, sem lá við skipssíðuna, í Hólmi syðra, náðist þó aptur mjög kostaður og var til lands fluttur. Nokkru seinna varð hann enn í sjóvolki. Lagðist hann þá og lifði þrjú dægur til þess hann deyði 1717. (Markúsar annáll segir hann hafi dáíð 1718).

### Brynjólfur Þórðarson Thorlacius.

*Faðir:* Þórður biskup í Skálholti Þorláksson.

*Móðir:* Guðríður dóttir Gísla sýslumanns Magnússonar á Hlíðarenda (sjá um hann við Múlasýslu). Guðríður fædd á Skriðuklaustri 1651, giptist Þórði biskupi 1674, deyði á Hlíðarenda 1707<sup>1</sup>).

*Kvinna fyrri:* Þrúður dóttur Þorsteins á Skarði á Skarðsströnd Þórðarsonar. Þau Brynjólfur og Þrúður giptust á Skarði 1704 undir eins og Bjarni giptist Elínu systur hennar. Taldi Brynjólfur sér þá til giptingar 9 hndr. hndr., en Bjarni 12 hndr. hndr. Þrúður deyði í stórubólu 1707 barnlaus<sup>2</sup>).

*Kvinna seinni:* Jórunn dóttir síra Skúla á Grenjaðarstað. Þau fengu kongsleyfi til giptingar 1710 og giptust á Hólum í Hjaltadal 1711. Hún dó 1761<sup>3</sup>).

*Börn:* A. Þórður klausturhaldari á Þykkvabæ<sup>4</sup>) átti Kristínu dóttur Sigurðar eldra sýslumanns (sjá síðar) í Árnesþingi, Sigurðssonar lögmanns Björnssonar (sjá Kjósarsýslu); börn:

1) Hún andaðist 8. apríl, var lík hennar flutt í Skálholt og jarðað þar með mikilli viðhöfn 2. maí.

2) Þrúður var fædd á Skarði 31. desember 1683, giptist 31. ágúst 1704, og andaðist á Hlíðarenda 4. september 1707. Espólin segir í ættatölum sínum, að sambúð þeirra hjóna hafi ekki verið »glæsileg«.

3) Jórunn var fædd 1693, en giptist Brynjólfi 27. sept. 1711.

4) Þórður var fæddur 31. desember 1712, og andaðist í Teigi 29. nóvember 1791. Kristín kona hans andaðist 21. janúar 1785, 72 ára.

1. Sesselja (dó 1790 í Jökulsá á Sólheimasandi) átti Vigfús á Hofi á Kjalarnesi son Jóns (er dó 1752) klausturhaldara á Reynistað Vigfússonar á Hofi (dó 1709) Gíslasonar Vigfússonar sýslumanns (sjá áður). Þeirra hjónaband ólaglegt; börn<sup>1</sup>):
  - a. Guðriður átti Jón Eyjólfsson í Mýrdal; börn:
    - aa. Guðrún. bb. Rannveig.
  - b. Jón Scheving bókbindari.
  - c. Kristín.
  - d. Rannveig.
2. Þorlákur (dó 1775) klausturhaldari á Þykkvabæ átti Ólöfu dóttur Hannesar á Hofi (sjá áður)<sup>2</sup>).

1) Sjá um börn Vigfúsar og Sesselju: Guðfræðingatal mitt bls. 193. Sesselja var f. k. Vigfúsar. Vigfús bjó síðar á Hellum í Mýrdal.

2) Samkvæmt æfisögubroti Þorláks, sem enn er til (í minni eign) með hendi Þorsteins Halldórssonar í Skarfanesi, er Þorlákur fæddur í Teigi 9. júní 1743, fékk Þykkvabæjarklausturs umboð 1763, fór þangað til veru 1765, kvæntist Ólöfu 7. júlí 1766 í Hjálmholti, flutti sig frá klaustrinu vorið 1774 að Teigi í Fljótshlíð og andaðist þar 15. júlí s. á. Þau hjón áttu 2 syni og 4 dætur, en að eins tvö þessara barna hafa komið til fullorðins aldurs.

- a. Þórður í Hvammi undir Eyjafjöllum átti Guðrúnu Grímsdóttur frá Götuhúsum í Reykjavík Ásgrímssonar Einarssonar á Hraunum í Fljótum Sigurðssonar; þ. b.:
  - aa. Þorlákur í Hvammi átti Guðrúnu Einaradóttur frá Vallatúni Jónssonar, þ. b.: Einar, Guðrún, Svanborg, Margrét.
  - bb. Grimur í Hvammi átti Gunnvöru Jónsdóttur Hjörleifssonar og Guðrúnar Hjaltadóttur, hl.
  - cc. Brynjólfur á Fornusöndum átti Ingibjörgu Jónsdóttur frá Galtarvík á Akranesi Vigfússonar, þ. b.: Jón í Klauf og Þórður í Berjaneshjáleigu, er átti Jórúnni Loptsdóttur frá Klasbarða Guðnasonar.
  - dd. Ólöf átti Jón Sveinsson frá Sólheimum Alexanderssonar, þ. b.: Sveinn í Miðeyjarhólmi o. fl.
  - ee. Hladgerður var f. k. Gríms Laxdals bókbindara á Akureyri sonar Gríms Laxdals borgara í Reykjavík Jónsson-



3. Gísli rektor í Reykjavík átti Halldóru dóttur Sigurðar landsþingsskrifara Sigurðssonar; barn:
  - a. Sigurður, deyði ungur<sup>1</sup>).
4. Skúli jústitsráð, rektor við Frúarskóla í Kaupmannahöfn átti Agathe dóttur síra Hans Christians Risbriets. (Skúli fæddur 1741, dó 1815)<sup>2</sup>). Börn:

ar garðyrkjumanns Grímssonar lögsagnara á Giljá Grímssonar (sbr. I, 118, 609), þ. b.:

- × Jón átti Elínu Helgadóttur prentara Helgasonar, þ. b.: Helgi Laxdal í Tungu á Svalbarðsströnd, Sigríður, Hlaðgerður, Jón.
- × Þorgrímur fór til Vesturheims.
- × Sigurjóna giptist ekki, dó í Vesturheimi.
- × Sigurður Pétur átti Katrínu dóttur Schou verzlunarstjóra á Húsavík.
- × Friðbjörg Guðrún átti Jón Guðmundsson á Akureyri, þeirra synir Grímur Laxdal verzlunarstjóri á Vopnafirði, fór til Vesturheims, og Jón Laxdal, tyrrum verzlunarstjóri á Ísafirði, nú í Reykjavík.
- × Eggert kaupmaður á Akureyri átti Rannveigu Hallgrímsdóttur Tómassonar á Steinsstöðum Ásmundssonar. Einkasonur þeirra Bernhard Ágúst stúdent dó ungur.

ff. Þórunn var f. k. Sigurðar dbrm. á Skúmsstöðum Magnússonar í Þorlákshöfn Beinteinssonar, þ. d.: Jórunn kona Jóns Árnasonar dbrm. í Þorlákshöfn (sbr. III, 135).

gg. Kristín eldri átti Gísla Eyjólfsson í Klauf, þeirra son Þórður á Lýtingsstöðum í Holtum.

hh. Kristín yngri átti Hall Pálsson í Fróðholtshól, þ. b.: Grímur á Kaldbak, Páll í Fróðholtshól, Þórður, Sigurður.

ii. Vigdís dó úr holdsveiki ógipt, bl.

kk. Helga átti fyr Þorstein Jakobsson á Fjósum og síðar Ólaf Þórðarson á Fjósum.

ll. Guðrún átti Jóhann á Ísólfstöðum á Tjörneshólum Jónsson Sigmundssonar og börn.

b. Kristín f. k. síra Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk, og eru börn þeirra hér áður talin.

1) Sjá um Gísla Thorlacius skólameistara: Guðfræðingatal mitt bls. 91—93. Með því að Þorlákur bróðir hans er fæddur 1743 mun Gísli fæddur 1744, en annars hef eg hvergi fundið fæðingarárs hans getið.

2) Skúli var fæddur í Teigi 10. apríl 1741, og því eldri en

- a. Kristian.
  - b. Borge.
  - c. Pétur.
  - d. Þórður sýslumaður (sjá Múlasýslu)<sup>1</sup>).
- B. Jón klausturhaldari á Kirkjubæ, átti Þórunni dóttur Halldórs biskups Brynjólfssonsonar. Jón og Þórunn giptust á Hólum í Hjaltadal þann 11. ágúst 1749. Þá orti Gunnar rektor Pálsson til þeirra Igðuspá (fornyrnt drápa)<sup>2</sup>). Börn:
- 1. Halldór fæddur 1758 átti Hildi Odds-dóttur<sup>3</sup>); barn:
    - a. Guðrún átti Andrés<sup>4</sup>); börn:
      - aa. Bjarni. bb. Halldór.
  - 2. Þóra átti Jón Einarsson Oddssonar<sup>5</sup>); börn:
    - a. Helga<sup>6</sup>).
    - b. Jón<sup>7</sup>).

bræður hans Þorlákur og Gísli. Sjá um hann og börn hans: Guðfræðingatal mitt bls. 252—254.

1) Enn var son Þórðar Brynjólfssonar Thorlaciúsar og Kristínar:

5. Sigurður dó 1765. Var þá lærisveinn í Slagelseskóla (sbr. Chr. Giessing Jubillærere I, 245).

2) Sjá um Jón Brynjólfsson og Þórunni: Guðfræðingatal mitt bls. 123. Jón varð að lokum snauður að fé, því að hann var mjög óspilunarsamur.

3) Hún var dóttir Odds í Ásum í Eystrihrepp Eiríkssonar Beinteinssonar, og átti síðar Björn Erlendsson í Ossabæjarhól, þau bl. Hildur dó 26. maí 1812.

4) Andrés í Grákletti hjá Hróarsholti maður Guðrúnar var Bjarnason Hjörtssonar á Kálfhóli Jónssonar. Dóttir þeirra var Hildur, er átti Odd í Keflavík Jónsson Lafranzsonar, þeirra son Jón. Synir Andrésar og Guðrúnar: Bjarni, Halldór, Sigmundur, Guðmundur, Andrés, Benedikt.

5) Jón og Þóra bjuggu í Butru í Fljótshlíð.

6) Helga átti Þorleif Jónsson frá Akurey Hjörtssonar, bróður síra Hjartar á Gilsbakka, p. b.: Jón í Fílholtshjáleigu og Jón rokkasmiður suður í Höfnum.

7) Jón dó bl.

3. Brynjólfur, fæddur 1760<sup>1)</sup>, tvígiptur, átti börn:
  - a. Halldór<sup>2)</sup>).
  - b. Jón<sup>3)</sup>).
  - c. Gísli<sup>4)</sup>).
  - d. Þórunn<sup>5)</sup>).
4. Benedikt átti Þóru dóttur síra Einars á Ólafsvöllum Jónssonar, er dó 1774<sup>6)</sup>; þeirra son:
  - a. Einar.

1) Brynjólfur var um hrið í skóla, hætti við nám og bjó á Minnanúpi í Eystrihrepp, dó 8. júní 1830, átti fyr Járngerði ekkju Jóns Knútssonar í Laugarási, en síðar Þóru († 1861) Erlingsdóttur Ólafssonar Gíslasonar í Langholti í Ytrihrepp Erlendssonar, p. b. pau, sem hér eru talin.

2) Halldór drukknaði í Þorlákshöfn 25. apríl 1840.

3) Jón eldri á Minnanúpi átti Margréti Jónsdóttur frá Baugstöðum Einarssonar og Sesselju Ámundadóttur, systur Halldórs prófests á Melstað, p. b.: Brynjólfur dbrm., fornfræðingur og nafnkendur fræðimaður, Jón, er bjó á Minnanúpi, Guðmundur á Baugsstöðum, Sesselja, Guðrún, Þóra, er til aldurs komust, en Halldór, Kristján og Sesselja dóu ung.

4) Gísli í Varmahlíð undir Eyjafjöllum, síðar á Melabergi á Suðurnesjum, drukknaði í Vestmannaeyjum, átti Þorbjörgu Bjarnadóttur frá Brekku í Biskupstungum Þorsteinssonar, p. b.: Brynjólfur í Kvihólma, Solveig, Halldór, Þorsteinn, Bjarni, Gísli.

5) Þórunn (réttara en Þóra) átti Jón í Lölukoti í Flóa og Rauðárhól Þórðarson Gissurarsonar (sjá hér á undan bls. 167), p. b.: Þóra, Brynjólfur, Gissur, dó ungur, og Þórdís, er átti Matthías Sigurðsson á Syðra-Velli, p. d. Sigurbjörg kona síra Ólafs Sæmundssonar í Hraungerði.

Enn var son Brynjólfs og Þóru Erlingsdóttur: e. Jón yngri bjó í Ölvaðsholti átti Margréti Sveinsdóttur frá Súluholti Einarssonar og mörg börn: Benjamín á Grímsstöðum við Reykjavík, Jósep járnsmiður í Rvík, er átti Guðrúnu Markúsdóttur frá Þormóðsstöðum Þórðarsonar, Jón í Einarshöfn, Brynjólfur, Halldóra átti Þórð Jakobsson í Vatnsholti, Jónas, Þóra og Guðlaug, er átti Gísla Jónsson í Eyfakoti á Eyrarbakka.

6) Sjá hér áður bls. 305.

- [5. Járngerður.  
 6. Guðrún.  
 7. Jón átti Guðrúnu úr Flóa<sup>1</sup>).  
 C. Helga átti Sigurð landsþingsskrifara (1743, dó 1780, 60 ára gamall). Helga dó 1784, 56 ára. Börn:
1. Ragnheiður miðkona síra Markúsar í Görðum, bl.
  2. Guðriður átti landlækni Jón Sveinsson, bl. Síðar átti hana síra Jón Steingrímsson í Reykjadal.
  3. Halldóra átti Gísla rektor (sjá hér á undan).
  4. Ingibjörg, fædd 1771<sup>2</sup>), fyrri kona síra Sæmundar Hálfðanarsonar, barnlaus.
  5. Jórunn, fædd 1756, giptist 18 vetra 1774 í fyrra sinni Einari Brynjólfssyni, sem dó 1785 (sjá síðar), átti svo síra Gísla í Odda Þórarinsson (sjá Vaðlaþing)<sup>3</sup>).
  6. Málfríður, fædd 1761<sup>4</sup>), seinni kona Þorleifs Nikulássonar (sjá Rangárþing).
  7. Þrúður átti fyr Jørgen Hansen assistent á Eyrabakka; börn:
    - a. Ingibjörg<sup>5</sup>).
    - b. Hans.

Svo seinni kona síra Arngríms Jónssonar fyr á Melum, bl.
  8. Síra Sigurður, fæddur 1771<sup>6</sup>), prestur á

---

1) Frá [ mun hæpið, að hafi verið börn Jóns Thorlaciusar.

2) Ingibjörg var fædd 1758. (Chr. Giessing Jubillærere I, 246).

3) I, 274.

4) Málfríður mun fædd 6. ágúst 1759.

5) Ingibjörg átti Guðmund í Rifshalakoti í Holtum Filippusson Sigurðssonar Klængssonar, p. b., Filippus, Brynjólfur, Skúli, Þrúður, Halldóra, Ragnheiður og Sigríður, er átti Gunnlaug Þórðarson á Litlahólmi í Leiru. Þrúður móðir Ingibjargar dó á Útskálum 1834.

6) Þetta er ekki rétt, á að vera 1760 (sbr. hdr. í Lbs. 615 4to).

Jótlandi, átti Elenoru gullsmiðsdóttur í Kaupmannahöfn; börn:

a. Sigurður, fæddur 1797<sup>1</sup>).

b. Helga<sup>2</sup>).

c. Jacob Arne<sup>3</sup>).

d. Pétur Wilhelm<sup>4</sup>).

9. Sira Brynjólfur varð candidatus theologiæ utanlands, kom út og varð proconrektor við Reykjavíkurskóla 2 ár, svo þar dómkirkjuprestur 1797, fékk Holt 1814, síðan prestur á Útskálum, fæddur 1767 (al. 1770), giptist 1805 Steinunni Helgadóttur Guðmundssonar, þá ekkju Guðmundar factors í Hafnarfirði Þórðarsonar Þórðarsonar á Kjörseyri. Guðmundur var faktor í 5 ár, en áður ökonomus tukthússins um tíma, giptist 1793, en deyði 1803. Voru hans börn, sem lifðu<sup>5</sup>):

a. Helgi prófastur í Odda, fæddur 1794, giptur Ragnheiði dóttur amtmanns Stefáns Ólafssonar; eiga börn.

b. Sigríður, fædd 1795.

c. Ragnheiður, fædd 1796, átti Guðmund Pétursson borgara.

d. Ástríður, fædd 1798, gipt Stephensen, dó 1834.

e. Guðrún, fædd 1799, átti kaupmann Sivertsen.

---

Sira Sigurður dó í Ferslev á Sjálandi 1814, eptir því sem segir í Lbs. 615 4to.

1) Sigurður (Sivert) var við landmælingar í hernum, dó 1840. Dætur hans: Thora giptist ekki og Helga giptist Sophus Schiött kaupmanni.

2) Helga dó 1873, 73 ára, átti Niels Möller jarðeiganda.

3) Hann var gullsmiður í Kaupmannahöfn, kvæntur og átti börn, dó 1877.

4) Hann var examinatus juris, kvæntist og átti mörg börn. Varð bráðkvaddur.

5) Um börn þeirra er ítarlega getið III, 357—358.

- f. Ingibjörg, fædd 1800, átti síra Thorgrimsen.
- g. Steinunn, fædd 1803.  
Börn síra Brynjólfs og Steinunnar voru<sup>1)</sup>.
- a. Helga, fædd 1807, átti síra Jón í Hruna Steingrímsson.
- b. Sigríður fædd 1808.
- c. Einar.
- d. Síra Sigurður á Útskálum, giptur Helgu (sjá Rangárþing).
10. Árni, fæddur 1772<sup>2)</sup>, kommissarius við jarðaverðleggingu, varð kammersekreteri, giptist Elisabeth Magdalenu borgaradóttur á Jótlandi; börn:
- a. Sivert. b. Arnete og 2 önnur.
11. Þorleifur, snikkarasveinn, tukhúsökonomus 1808<sup>3)</sup>.

D. Skúli, barnlaus<sup>4)</sup>.

Brynjólfur fæddist 1681<sup>5)</sup>, uppólst í Skálholti, lærði

1) Sjá ítarlega um börn síra Brynjólfs og Steinunnar í III, 358—359. Hér er Halldóru og Þórunni sleppt úr tölu barnanna, en hins vegar talin Sigríður, sem ekki er rétt. Guðmundur hét enn son síra Brynjólfs og dó nýfæddur.

2) Réttara: 1769. Dætur Árna Sívertsens voru: Marie, Arnette, Agathe, giptust ekki, en sonur Árna var Carl Adam Sívertsen skólakennari († 1859) átti mörg börn, þar á meðal voru Hans Árni timburmeistari í Höfn, Carl gullsmiður í Berlin, Sigurður kaupmaður á Falstri, Kristján og Nicolai voru í sjóferðum.

3) Þorleifur dó 1821, bl.

4) Skúli var skrifaður í stúdentatölu við Kaupmannahafnarháskóla 20. desember 1735 og er þá talinn á 19. aldursári. Hann andaðist í Kaupmannahöfn 8. marz 1736 (Jón Grunnvikingur segir 16. marz). Eftir honum hefur verið heitinn Skúli rektor Thorlacius bróðurson hans.

5) Brynjólfur sýslumaður hefur ritað stutta æfisögu sína fram að 1722, og er afskript af þessu æfisögubroti í minni eign með hendi Þorsteins Halldórssonar í Skarfanesi á Landi. Frumritið mun nú glatað, en hefur verið í eigu síra Sigurðar Sívert-

skólalærdóm og fór síðan utan til að frama sig<sup>1</sup>). Kom svo út aptur og var við útsvar Skálholtsstaðar til biskups Jóns Vídalín. Var þar góður vinskapur á milli; er mælt að frú Guðríður hafi þenkt að ekta Vídalín; bjó hún á hálfum Skálholtsstað 1698 móts við biskup Vídalín, en flutti sig í fardögum 1699 þaðan og að Hlíðarenda, því hún vissi, að biskup ásetti að giptast Sigríði, og ekki vildu þau mæðgin vera í brúðkaupi Jóns biskups. Guðríður deyði á Hlíðarenda 1707.

Brynjólfur giptist á Skarði 1704 og flutti þaðan að Bæ á Rauðasandi, hvar hann var um veturinn, því Guðrún Eggertsdóttir hafði ánafnað Þrúði konu hans Bæ eptir sig. Ekki féll Brynjólfi þar, flutti því austur að Hlíðarenda til móður sinnar, tók þar við húsi og bjó þar síðan meðan hann lifði. Hann misti konu sína 1707 sama ár og frú Guðríður móðir hans deyði. Ei áttu þau börn saman og ei sem skyldi yndislegt hjónaband þeirra, eptir sögn.

Brynjólfur setti mjög hug sinn til að fá sýsluvöld og þá Hákon Hannesson sýslumaður var frádæmdur Rangárþingi 1711 var Brynjólfur þar settur af þeim fullmektugu og sótti um sýsluna. En þar Hákon hafði skotið sínu máli til hæstaréttar og þeir fullmektugu fengu skipun konungs 1713 að setja Hákon aptur í völd sín, mátti Brynjólfur sleppa sýslunni 1714, þá Hákon við tók. Þá Vigfús

---

sens á Útskálum, er hefur skrifað það upp, þótt sú afskrift finnist nú ekki, en eptir henni hefur Bjarni Guðmundsson ættfræðingur tekið aðra afskrift, sem einnig er í minni eign, en sú afskrift er nokkru ónákvæmari en afskrift Þorsteins, sem er mjög fallega rituð. Samkvæmt þeirri afskrift segist Brynjólfur vera fæddur í Skálholti 28. september 1681 milli kl. 9 og 10 eptir miðjan dag, en í afskrift Bjarna er fæðingardagur hans talinn 24. september.

1) Brynjólfur útskrifaðist úr skóla vorið 1697, sigldi samsumars til Kaupmannahafnar og var skrifaður þar í stúdentatölu við háskólann 22. október s. á. Er hann þá í innritunarskránni talinn 17 ára (en á að vera 16). Er þá fyrst farið að geta aldurs þeirra, er innritaðir voru, og er Brynjólfur fyrsti Íslendingurinn með aldursákvörðun í skránni, en yfirleitt er nokkuð valt á þeim að byggja, þótt opt séu þær betri en ekki neitt.

Hannesson deyði 1715<sup>1)</sup>) brá Brynjólfur til utanferðar (að mælt er) og kom út með konungsveiting fyrir Árnassýslu ds. 13. apríl 1716. Er þó mælt hann hafi gefið 300 rd. í festu. Ónýttust þá allar hinar fyrri veitingar í Árneshöfði.

1718, undir veturnætur, strandaði danska stríðsskipið Gottenborg við Hafnarskeið í Árnassýslu, gekk þar sumt misjafnlega til, varð stapp um meðferð á því, sem upp rak og urðu á misjöfn skil. Í því vaxtri beiddist sýslumaður Brynjólfur Thorlacius um lausn frá sýslunni 1720, og fékk umbeðna lausn 1721<sup>2)</sup>).

Guðbrandur Hólabiskup hafði þá ráðstöfun gert fyrir prentverki sínu, að Páll sýslumaður sonur sinn skyldi halda því eptir sig, ef hann væri til fær, en annars skyldi það vera á Hólum, ef niðjar sínir vildu uokkuð prenta láta. Eptir dauða Guðbrands biskups tók Þorlákur biskup prentverkið sem sína eign. Þórður biskup tók það eptir hann með öðru arfafi sínu og setti það í Skálholt. Síðan fékk Björn biskup það til Hóla og hafði það að erfðum farið sem aðrir fjármunir. Eptir dauða Björns biskups var Páll lögmaður Vídalín fyrir hönd ekkjufrúarinnar Þrúðar að afhenda Hólastað og tillét prentverkið í ofanálág staðarins. Tók þá Steinn biskup við því og var alt kyrt um hrið. Seinna þá þeir biskup Steinn og Vídalín

1) Vigfús sýslumaður dó 1714 (sjá áður). Brynjólfur sigldi haustið 1715 og kom til Havnar 6. desember. Segir hann í æfisögu sinni, að sér hafi verið stefnt fyrir hæstarétt, og hefur það verið út af Hákonarmálinu. Kveðst hann hafa unnið sigur í því máli voruð 1716.

2) Um þetta farast honum svo orð í æfisögu sinni: »Þorði eg ekki lengur að voga minni tenere complexionem [þ: veiku líkamsbyggingu] undir stranga travallia [þ: ferðalög] svo sem embættis míns function [þ: starf] útkrafði, réði heldur af að conserva mína sanitatem [þ: vernda heilsu mína] og lifa rólegur í mínu eigin húsi við ánægjanleg meðul, sem guð hafði mér og mínum ríkuglega veitt, því suppliceraði [þ: sótti] eg til kongl. Majestat Anno 1721 um afskeiði eða dimission [þ: afsked = lausn] frá áður mér tiltrúðu sýslumannsembætti, hvert mér var allra náðugast meðdeilt 1722«. Er þetta dálitið sýnishorn af íslenskunni á þessu æfisögubroti.



voru orðnir beztu vinir, féll Vídalín upp á, að Guðbrandur biskup hefði gefið Hólastól téð prentverk; gerðist þar um mikið stapp, en kom aldrei til dóms. Eptir marga hnykki og útúrdúra Vídalíns, varð það loks, að Brynjólfur Thorlacius lét sig yfirtala að eptirláta Hólastól prentverkið sín og sinna erfingja vegna, en betalaði Hólastóls álag í öðru, mest jörðum.

Í mörgum fleiri miskliðum og málum átti Brynjólfur Thorlacius og útseldust þau misjafnt. 1734 misti Brynjólfur stórt skip í Vestmannaeyjum með 16 manns. Hann var haldinn í mörgu mikill höfðingi og hinn auðugasti maður um hríð. Er mælt, að þá hafi lítið skort jarðagóss hans á tólf hundruð hundraða og lengi hélzt fé við í hans ætt og hjá hans afkomendum. Hann var hinn mesti complimentamaður. Ekki var hann kallaður há-lærður eða skarpvitur. Höfðinglegur ásýndum tjaist hann að hafa verið, einnig veitingasamur og sjálfur gefinn fyrir ölföng á efra aldri.

Brynjólfur varð mjög hrumur, er hann var meir en hálf-áttæður og lagðist í kór, en kona hans Jórunn hafði þá mest búráð, þó hún væri þá um sjötugt, því hún var 10 árum yngri, en deyði 1761 á Hlíðarenda um Jónsmessu. Þá brá Brynjólfi svo við, að hann reis úr rekkju og hafði eptir mætti tillit um hú sitt, þar til árið eptir 1762, að hann lagðist og deyði á 81. aldursári.

1707 misti Jórunn 7 systkin sín í stórubólu, eins og Margrét systir hennar hafði fyrir spáð. Jórunn var þá að Hólum í fóstri hjá biskupi, föðurbróður sínum, 16 ára. Jórunn erfði foreldra sína og öll systkin sín og varð því mjög auðug. Bæði vegna auðs og ættgöfgis sótti því Brynjólfur mjög eptir að fá hennar. Hann hafði þá og erft foreldra sína. Voru honum þá til giptingar talin 10 hndr hndr., en henni 5 hndr. hndr. og þótti jafnt á komið. Líka voru þau sín á milli nákominn; bræðrabörn.

### Grimur Magnússon.

*Faðir:* Magnús bryti í Skálholti (hjá biskupi Þórði)

son Gísla bóndamanns Ólafssonar prests í Saurbæ Böðvarssonar<sup>1)</sup>.

*Móðir:* Borghildur Jónsdóttir frá Búrfelli<sup>2)</sup>.

Grímur lærði skólalærdóm<sup>3)</sup>, bjó þar eptir á Langholti í Flóa, en giptist ei eða átti börn, það eg viti. Hann var opt lögsagnari frá 1715, þó ei héldist veiting hans 1716, þá Thorlacius tók Árneshing (Beyer veitti honum part sýslunnar 9. maí 1716). Hann sótti um sýsluna þá Thorlacius vildi sleppa og fékk veiting fyrir henni 17. marz 1721. Svo bar til 1723, að hann bjóst að heiman til alþingis og þá hann var í þeirrar ferðar búningi settist hann til borðs og gestir með honum, er þar voru komnir nálægt miðdegi. Um matmálmstímann stóð hann upp frá borðinu og gekk út, kom ei inn aptur. En er mönnum lengdist var farið að leita hans. Fannst hann

1) Kona Gísla og móðir Magnúsar var Ingibjörg dóttir Magnúsar Illhugasonar, er kallaður var »miser« og Ástu Magnúsdóttur prests í Holtum Hróbjartssonar (sbr. Bisks. II, 677—678).

2) Faðir Borghildar var Jón Jónsson, er fyr átti Borghildi Einarsdóttur Teitssonar, og bjó fyrst á Iðu í Biskupstungum. Þar brunnu þau Einar og Borghildur inni í bæjarbruna 7. febr. 1636, en Jón flutti frá Iðu að Hömrum í Grimsnesi og gerðist ráðsmaður og yfirbryti hjá Brynjólfi biskupi, kvæntist þá aptur Arnleifu dóttur Björns Tómassonar lögréttumanns í Skildinganesi og voru börn þeirra auk Borghildar, er heitin var eptir f. k. hans: Björn prestur í Hrepphólum († 1696), Jón lögréttumaður í Laugardalshólum faðir Þórðar prests í Reykjadal, Finnur lögréttumaður á Búrfelli, er átti Agnesi Sigurðardóttur og Guðmundur. Jón bryti á Hömrum faðir þessara systkina er í sumum ættatölum talinn sonarson Jóns Sigurðssonar refs í Gröf, er vann á Diðrik van Mynden, en það getur naumast verið rétt, því að þar er of langt í milli. En það hygg eg réttara, að Jón bryti hafi verið son Jóns Hallvarðssonar á Seli og Guðrúnar Sæmundsdóttur Jónssonar refs, og hafi því verið bróðir Guðrúnar konu Einars í Gröf Jónssonar Narfasonar, móður Narfa eldra í Efstadal (sjá hér áður bls. 264). Það er enginn vafi á, að Jón bryti hefur verið af Jóni ref kominn og að líkindum á þennan hátt: sonardótturson hans. Í ættatölum er þessi Hamra- og Búrfellsætt allmjög rugluð.

3) Hann er útskrifaður úr Skálholtsskóla 1710 (sbr. skólaráðir Lbs. 207 4to) og hefur þá líklega verið rúmlega tvítugur, fæddur skömmu fyrir 1690.

þá örendur í brunni þeim, sem þar er við bæinn. Hafði hann verið geðveikur; en þó var alt hans góss gett upp-tækt fyrir þessa sök<sup>1</sup>).

### Niels Kjær.

Sjá um hann við Gullbringusýslu<sup>2</sup>).

Hann var hér settur sýslumaður eptir Grim 1723—24 til þess Sigurður við tók.

### Sigurður eldri Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður lögmaður Björnsson (sjá Kjósarsýslu).

*Móðir:* Ragnheiður dóttir Sigurðar lögmanns í Einarsnesi Jónssonar<sup>3</sup>).

*Kona fyrri:* Kristín (gipt 1703<sup>4</sup>), dó 1707) dóttir Jóns sýslumanns Vigfússonar (sjá áður).

*Barn:* A. Helga átti Hannes Vigfússon á Hofi (sjá hennar afkomendur að framan).

*Kona seinni:* Málfríður (gipt 1709)<sup>5</sup>) dóttir síra Einars prófests í Görðum Einarssonar prests á Reynivöllum Illhugasonar.

*Börn:* B. Brynjólfur sýslumaður (sjá hér á eptir).  
C. Sigurður landsþingsskrifari fæddur 1718, sigldi til lærdóms, varð sá fyrsti öconomus í Skálholli. Hann varð landþingsskrifari 29. nóv. 1743, skipti embættisverkum við sinn vice-landsþingsskrifara Þorleif Nikulás-

1) Greinileg skýrsla um fráfall hans er í dómabókum Árnessýslu frá þeim tímum (í landsskjalasafninu), því að allmikil réttarhöld urðu um það. Það var 5. júlí, sem hann fyrirfór sér. Sóknarprestur hans síra Jóhann prófastur Þórðarson í Laugar-  
dælum og síra Ólafur Gíslason, síðar biskup, voru þá staddir á heimili Gríms sýslumanns, og gáfu skýrslu um atvikin að dauða hans.

2) Sjá bls. 134—135 hér að framan.

3) Hún dó 1727.

4) Þau giptust 19. ágúst. Hún andaðist 10. okt. 1707 á 34. ári.

5) Giptingardagur þeirra 6. október.

son 1764, deyði sjálfur 1780<sup>1)</sup>). Hann átti Helgu dóttur Brynjólfs sýslumanns á Hlíð-arenda (sjá áður um þeirra afkomendur).

- D. Kristín átti Þórð klausturhaldara á Þykkva-bæ (sjá þeirra afkomendur hér að framan). Kristín átti laundóttur með Oddi Eiriks-syni<sup>2)</sup> áður, hét Margrét.

Sigurður gerðist maður vel að sér og gerðist landsþingsskrifari 1700, þá Sören Matthiasson, sem 1691 tók við af Árna (sem dó 1695) Geirssyni, sleppti því embætti við Sigurð og hélt Sigurður því í 28 ár, unz hann 1728 sleppti því við Magnús Gíslason (siðar amtmann). Sigurður fékk að sönnu veiting fyrir Árneshöfði 1715 10. nóvember af Lárusi Scheving, sem þá var fullmektugur Odds lögmanns Sigurðssonar, en sú veiting hélzt ekki, því Brynjólfur Thorlacius fékk kongsveiting 1716 fyrir Árneshöfði. 1724, þann 16. febrúar fékk Sigurður kongsveiting fyrir Árneshöfði og hélt henni þar eptir til síns dauða 1746<sup>3)</sup>. Að sönnu tók hann Brynjólf son sinn 1734 til aðstoðar í sýslumannsverkum, eptir kammerleyfi af 13. febr. 1734, en sleppti þó ekki sýslunni meðan hann lifði.

Sigurður var mikill lagamaður, öryggur og fylginn sér til allra framkvæmda, þótti og í harðara lagi yfirvald. Hann var og auðmaður mikill og þótti einhver hinn helzti sýslumaður í sinni tíð. 1716 var Sigurður skipaður af Lárusi Scheving, Odds umboðsmanni, að gegna norðan og vestan lögmanns verkum og Páll Beyer ítrekaði það, en Sigurður vildi ekki gefa sig þar til. Opt var Sigurður

1) Hann var fæddur í Eyjum í Kjós 10. nóvember 1718, kvæntist Helgu 21. sept. 1747, en andaðist 17. sept. 1780.

2) Oddur stúdent var son Eiriks prests í Hrepphólum Odds-sonar á Fitjum Eiríkssonar Oddssonar biskups.

3) Sigurður sýslumaður bjó jafnan utansýslu í Saurbæ á Kjalarnesi, flutti þangað frá Eyjum í Kjós 1719 og andaðist þar aðfaranóttina 11. janúar 1745 (ekki 1746) 65 ára gamall (f. 21. des. 1679, sbr. bls. 64 hér að framan). Hann útskrifaðist úr Skálholts-skóla 1699.

í málum og hélt jafnan sínum hlut. Hann varð 67 ára gamall<sup>1)</sup>).

1705 þann 6. marz setti kongur landskrifara Sigurð Sigurðsson og Eggert Jónsson á Ökrum fyrir contra commissarios millum amtmanns Müllers, Beyers og Lárusar lögmanns.

### Brynjólfur Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður sýslumaður, nýnefndur.

*Móðir:* Málfríður nýnefnd Einarsdóttir.

*Kvinna:* Ingibjörg<sup>2)</sup> dóttir Einars lögréttumanns á Reykjum í Mosfellssveit Ísleifssonar ibid. Þórðarsonar Erlendssonar á Suður-Reykjum Þorvarðssonar (sjá Vestmannaeyjasýslu). Ingibjörg dó 1767.

*Börn:* A. Guðni, lærði innan- og utanlands, fékk með kongsbréfi von um sýsluna eftir föður sinn 1769, dag 21. marz, en deyði 1770, ógiptur, bl.

B. Einar eldri, var við innanlandslærdóm og fór utan, var settur lögsagnari í Árnesþingi eftir dauða föður síns 1771, giptist svo Jórunni dóttur Sigurðar landsþingsskrifara (sjá hér áður) Sigurðssonar. Einar deyði barnlaus 1785<sup>3)</sup>.

C. Þórunn átti Pál konrektor Jakobsson, bl. (sjá Snæfellsnessýslu).

D. Guðrún fyrri kona Jóns sýslumanns Egg-

1) Réttara 65 ára (sjá hér á undan).

2) Þau Brynjólfur og Ingibjörg giptust í október 1739, bjó hann þá á Reykjum í Ölfusi með Kristínu systur sinni, en 1740 fluttu þau að Hrauni á Eyrarbakka og 1746 að Hjálmholti.

3) Hann var útskrifaður úr Hólaskóla 1767 og skrifaður í stúdentatölu við háskólann 28. desember s. á. Hann bjó í Haga í Eystrihrepp meðan hann var lögsagnari föður síns, en 1782 varð hann umboðsmaður Skóga- og Merkureigna. Hann bjó síðar á Barkarstöðum í Fljótshlíð, en síðast á Hlíðarenda og andaðist í svefni á ferð að Stórólshvoli 21. febrúar 1785, 36 ára gamall (f. í desember 1748).

ertssonar, dó af barnsförum, sjálf þá barnlaus (sjá Borgarfjarðarsýslu).

E. Ingibjörg átti síra Guðmund á Kálfatjörn Magnússon prests á Þingvöllum Sæmundssonar, börn:

1. Ragnhildur átti síra Torfa í Hruna og á Breiðabólstað (dó 1834) Jónsson; börn: a. Guðmundur. b. Markús. c. Jón. d. Magnús. e. Vilborg. f. Guðríður. g. Kristín. h. Guðni. i. Ingibjörg<sup>1</sup>).
2. Guðni, varð prestur í Miðdal, átti Þórdísi<sup>2</sup>), bl.
3. Guðrún. Hennar launson með Bjarna (Sveinssyni) hét Halldór. Giptist svo Jóni bónda Björnssyni í Núpstúni og Galtafelli<sup>3</sup>).
4. Ragnheiður gipt Bjarna frá Laugardælum. Hann bjó og á Kópsvatni<sup>4</sup>). Þau áttu mörg börn.

F. Helga Brynjólfsdóttir átti síra Björn á Set-

1) Börn síra Torfa og Ragnhildar eru talin ítarlega III, 165—166. Ragnhildur er fædd á Keldum á Rangárvöllum 1779, en ekki 1775 í Efri-Hól undir Eyjafjöllum, eins og sagt er í Guðfræðingatali mínu. Það var eldri systir hennar samnefnd, sem fæddist það ár, en andaðist vikugömul 12. des. 1775.

2) Hún var dóttir Björns sýslumanns Tómassonar sjá I, 129.

3) Jón var son Björns Högnasonar í Vorsabæ á Skeiðum og Bryngerðar Knútsdóttur. Meðal barna Jóns og Guðrúnar var Jón Björnson prestur á Dvergasteini († 1867), haldinn son Jóns lektors í Lambhúsum, Bryngerður, er átti Magnús Þorkelsson í Sölvholti, og Halla, er átti Gísla Gunnarsson í Heimalandi í Flóa, p. b. Stefán héraðslæknir í Mýrdal.

4) Þau Bjarni og Ragnheiður bjuggu í Laugardælum. Bjarni var son Símonar í Laugardælum Þorkelssonar á Reykjavöllum í Biskupstungum Símonarsonar í Höfða Jónssonar. Börn Bjarna og Ragnheiðar eru talin í Guðfræðingatali mínu bls. 101—102.

Enn voru börn síra Guðmundar og Ingibjargar:

5. Brynjólfur,
6. Halldór, dóu ungir.

bergi son Þorgríms sýslumanns (sjá Mýra-sýslu)<sup>1)</sup>, börn:

1. Ragnhildur átti síra Jón Bachmann á Hesti Hallgrímsson lækni. Börn:
  - a. Hallgrímur. b. Halldóra. c. Sigríður. d. Geir. e. Helga og fleiri.
2. Sigurður landfógeti og býfógeti í Reykjavík átti dóttur Jóns stýrimanns Vidalíns að nafni Sigríði, bl.
3. Þóra varð fyrst seinni kona Ólafs lækni Brynjólfssonar, og átti með honum börn. Seinna átti hún prest fyrir austan og börn.
4. Síra Þorlákur á Kúlu, dó 1832 ógiptur, bl.
5. Ingibjörg, ógipt, bl.
6. Sigríður og
7. Jón dóu unglingar.

G. Einar Brynjólfsson yngri, skólalærður, druknaði barnlaus. Hann lærði og utanlands<sup>2)</sup>.

Brynjólfur lærði utan og innanlands<sup>3)</sup>, en þá hann kom út gerðist hann heyrari við Skálholtsskóla 1733. En 1734 fékk hann kongsbréf<sup>4)</sup> að vera föður sínum til að-

1) III, 362—364 og er þar getið afkomenda síra Björns og Helgu ítarlegar en hér.

2) Hann var fæddur um 1752, kom í Skálholtsskóla 1765, en sigldi 1768 og gekk í Hróarskelduskóla, var útskrifaður þaðan og skrifaður í stúdentatölu við háskólann 30. júlí 1774, var óspilunarsamur og komst í stórskuldir, vann þó einu sinni 2000 dala í hlutaveltu (lotteri), var að lokum keyptur út og sendur heim aptur, bjó síðast á Hlíðarenda í Ölfusi og druknaði í Hólmsós í Ölfusi 1793, ókvæntur og bl.

Enn var son Brynjólfs sýslumanns og Málfríðar:

H. Björn (skírður 21. júní 1750, † s. á.).

3) Brynjólfur sýslumaður er fæddur í Eyjum í Kjós 4. desember 1708 og heitinn eptir móðurbróður sínum Brynjólfi stúdent Einarssyni, er dó í bólunni 1707, lærði í Skálholtsskóla og útskrifaðist þaðan 1730, skrifaður í stúdentatölu við háskólann haustið 1731.

4) Það bréf er dagsett 13. febrúar (1734). Brynjólfur bjó síðast á Stóranúpi.

stoðar með von um sýsluna eptir hann, hverja hann og öðlaðist algerlega við dauða föður síns 1746<sup>1)</sup>). Brynjólfs kongsveitingarbréf er daterað þann 26. apríl 1740. Brynjólfur bjó í Hjálmholti, auðugur og höfðingi, deyði 1771<sup>2)</sup>). Hann fékk af kongi 1750, dag 25. apríl Hjálmholt í maka-skiptum fyrir Þórisstaði og Gröf. 1768 fór Brynjólfur sýslumaður utan á Eyrarbakkaskipi og tók með sér Ólaf prest Gíslason, hvern hann hafði dæmt á sama árs alþingi fyrir banatilræði veitt amtmanni Ólafi<sup>3)</sup>).

### Guðni Brynjólfsson

(sjá hér áður) settur til aðstoðar föður sínum, fékk von um sýsluna eptir hann 1769, dag 21. marz, en deyði 1770, bl.<sup>4)</sup>).

### Einar eldri Brynjólfsson

(sjá áður) þénaði til þingaferða þá faðir hans deyði 1771

1) Á að vera 1745.

2) Hann andaðist á Stóranúpi 16. ágúst, en var grafinn í Hjálmholti 30. s. m. Eptir hann var geysimikill auður. Var hann og Þorsteinn sýslumaður Magnússon á Móeiðarhvoli taldir auðugastir menn hér á landi í sinni tíð. Fasteign Brynjólfs sýslumanns var metin 900 hundraða, en lausafé 1400 hundraða, alls 2300 hundraða.

3) Æfiminning Brynjólfs sýslumanns er í líkprédikun, er síra Sigurður Magnússon, þá aðstoðarprestur í Hraungerði, hélt yfir honum í Hjálmholtskirkju 30. ágúst 1771. Er hún meðal annars í safni Steingrims biskups í landsbókasafninu, en afskrípt eptir Pál stúdent Pálsson í safni Jóns Sigurðssonar 299 4to, og önnur afskrípt í Lbs. 481 4to, en þar vantar dálitið aptan af. Eptir þessari æfiminningu hefur sumu verið hér viðbætt, en óþarft þótti að taka upp líkrædulofid. Brynjólfur sýslumaður þótti nokkuð harðdrægur og héraðsríkur, en þó rausnarmaður og höfðinglyndur.

4) Guðni var fæddur um 1743, útskrifaður úr Skálholtsskóla 1766, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 22. desember s. á. og tók þar próf í dönskum lögum 23. apríl 1767 með 2. einkunn. Hann andaðist úr brjóstveiki í Hjálmholti 28. september 1770 (sbr. annála Hallgr. djákna) og var jarðsunginn 4. október. Hafði faðir hans þá um vorið áður afhent honum jörðina og flutt að Stóranúpi.



og aptur í forföllum eða við dauða Þorláks 1772<sup>1)</sup>, til þess Steindór sýslumaður við tók sýslunni. Einar giptist Jórinni, átti ei við henni barn, en bjó sem bóndi á Barkarstöðum til þess hann deyði 1785.

### Þorlákur Guðmundsson.

Sjá um hann við Vestmannaeyjasýslu. 1771 var hann hér settur sýslumaður, hafði þó klaustur eystra, var gamall og lasinn og þénaði hér lítið eða ekki, og deyði 1772. Var því Einar fyrir sýsluverkum til þess Steindór við tók sama ár<sup>2)</sup>.

### Steindór Finnsson.

*Faðir:* Finnur biskup í Skálholti Jónsson.

*Móðir:* Guðríður dóttir Gísla studiosi í Máfahlið Jónssonar biskups Vigfússonar. Sbr. Snæfellsnes-sýslu.

*Kvinna:* Kristín dóttir síra Halldórs Pálssonar sýslumanns Marteinssonar (sjá Múlaþing), barnlaus. Kristín deyði 1810<sup>3)</sup>, 70 ára.

Steindór var fæddur (í Reykholti) 1743 dag 7. janúar, lærði hér í landi<sup>4)</sup>, fór svo utan til meiri lærdómsfrömunar og tók reynslupróf í rómverskri lögspeki með góðri heppni. Fékk veiting fyrir Árneshöfði 1772<sup>5)</sup>; giptist 19.

1) Einar mun ekki hafa þjónað sýslunni 1772 eptir Þorlák og áður en Steindór tók við, heldur Steindór tekið beinlínis við af Þorláki.

2) Þorlákur mun hafa tekið við sýslunni þegar eptir dauða Brynjólfs, því að 4. október 1771 heldur hann rétt og þjónaði sýslunni þangað til um sumarið árið eptir, að Steindór tók við. Þorlákur hefur ekki dáið fyr en árið 1773 í fyrsta lagi og verða leidd rök að því síðar (við Vestmannaeyjasýslu). Þorlákur bjó síðast í Hrepphólum, en ekki finnst samt, að hann hafi dáið þar.

3) 13. apríl.

4) Steindór var útskrifaður úr Skálholtsskóla 15. maí 1759, og er sagt í vitnisburðarbréfi hans, að hann hafi ágætari gáfur (»præclaras ingenii dotes«). Hann var skrifaður í stúdentatölu við háskólann 23. júlí 1764, en tók embættispróf í lögfræði 7. júní 1771 með 1. einkunn.

5) 12. febrúar.

sept. 1776 og bjó í Oddgeirshólum<sup>1)</sup>, varð og maður auðugur. Hann átti ekki börn á lífi, tók því sína systurdóttur Guðríði til uppfósturs, er og varð hans bústýra eptir það hann misti konu sína 1810, gaf henni eptir sig Oddgeirshóla og búíð þar. Hún giptist síðar bóndamanni, Stefáni syni síra Páls Þorlákssonar á Þingvöllum. Steindór fékk cansellieráðsnafnbót 1810 þ. 8. ágúst, það um lausn frá sýslunni 1812, öðlaðist hana 1813 þann 31. marz<sup>2)</sup> með pensión. Hann deyði þann 26. ágúst 1819 á 77. aldursári. Var maður vel að sér í lögspeki og mörgu öðru, ráðvandur, stundaði sitt embætti, auðugur, góðgjarn og í flestu ágætur maður. Stundum í sínum aldurdomi brúkaði hann Jón í Skálholti sér til styrktar í sýslumanns verkum<sup>3)</sup>.

---

1) Hann var í Skálholti fyrstu 2 árin, er hann hélt sýsluna, bjó svo 6 ár (1774—1780) á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka, en síðan til dauðadags í Oddgeirshólum.

2) Sumstaðar er talið, að hann hafi fengið lausn 10. apríl en sumstaðar 24. apríl (sbr. Ísl. Sagnablöð IX, 104), en það er hvorttveggja rangt.

3) Æfiminning Steindórs sýslumanns eða líkprédikun yfir hann er til í handriti, þar á meðal í tvennu lagi í safni J. S. í landsbókasafninu 299 4to. Er honum lýst þar allrækilega og lítt úr lofinu dregið, enda ber öllum saman um, að Steindór sýslumaður hafi verið mætur maður. Um heyrnardeyfu hans segir þar meðal annars: »Hann hafði frá barndómi heyrn mjög daufa, svo hann heyrði ekki á hversdagsmál manna og traudlega nokkuð nema talað væri í hæsta lagi, þó hafði kona hans og einstaka menn lag á að hvísla skýrlega við eyra hans, lægra en í hálfum hljóðum, svo hann heyrði«. Enntremur segir svo um hann: »Hann var lærður maður, liðugur að færa penna í sínu móðurmáli, einnig dönsku. Auk latínu og grísku var hann vel skiljandi þýzka, franska og engelska tungu og hafði mikla lyst og skemmtun að lesa nýjar bækur í ýmsum visindum, djúpsær að meta þær eptir innihaldi. Hann var einhver hinn skarpvitrasti maður og í allri lögvísi talinn með þeim lærðustu hér á landi, svo sem hann í henni (sér í lagi þeirri fornu íslenzku), ekki einasta hafði grundaða, ljósa og útbreidda þekkingu, heldur og kunni með að fara« o. s. frv.

## Þórður Skúlason Thorlacius.

(Sjá um hann við Múlasýslu suðurhluta). 1813 þann 31. maí<sup>1)</sup> fékk hann konungsveiting fyrir Árnesþingi eptir Steindór. Hann fékk kammerassessors nafnbót þann 31. maí<sup>2)</sup> 1813. En þar hann var opt í utanferðum sínum og erlendis tók hann fyrir sinn lögsagnara Jón Jónsson, sem þá bjó í Skálholti. Þórður sagði af sér Árnessýslu 1818 og fékk embætti utanlands<sup>3)</sup> og lausn frá sýslunni 1819.

## Jón Jónsson.

- Faðir:* Jón Jónsson sýslumaður í Rangárþingi (sjá þar) son síra Jóns í Stafholti.
- Móðir:* Sigríður dóttir Þorsteins sýslumanns á Móið-arhlvoli (sjá Rangárþing).
- Kvinna:* Halla<sup>4)</sup> dóttir Magnúsar bónda á Skeiðum Jónssonar bónda. Móðir Höllu var Margrét dóttir Sigurðar bónda í Skálmholti Ísólfssonar<sup>5)</sup>.
- Börn:* A. Jón, lærði hér í landi, fór svo utan til meiri lærdóms frama og tók reynslupróf í rómverskri lögvísi 1832<sup>6)</sup>. 1836 fékk Johnsen annað assessors- og sekretera embætti við yfirrétt Íslands. Giptist utanlands, kom út til síns embættis 1836. Varð fullmektugur

---

1) Réttara: 31. marz.

2) Réttara: 17. júní.

3) Hann var skipaður héraðsritari í Ulfborg og Hindhérudum í Ringkjöbingamtí 11. desember 1818. Hann andaðist í Kaupmannahöfn 12. ágúst 1850, 76 ára gamall. Hann var á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka meðan hann hélt Árnessýslu.

4) Hún andaðist 10. september 1851 74 ára. Þau Jón og Halla giptust 22. júní 1804.

5) Magnús faðir Höllu bjó í Skálmholtshrauni. Hann var son Jóns í Skálmholtshrauni Oddssonar á Yztaskála undir Eyja-tjöllum Bárðarsonar. Kona hans og móðir Höllu var ekki Margrét dóttir Sigurðar Ísólfssonar, heldur Margrét Vigfúsdóttir frá Húsatóptum á Skeiðum Einarssonar s. st. Þorgilssonar.

6) Réttara: 1830.

stiptamtmanns Hoppe 1844 og hafði mörgu fleiru að gegna<sup>1)</sup>).

B. Helga átti Árna Magnússon Beinteinssonar bónda<sup>2)</sup>).

C. Magnús<sup>3)</sup>).

D. Þorsteinn<sup>4)</sup>, lærði utanlands og innan, settur sýslumaður í Múlaþingi<sup>5)</sup>).

Jón var fæddur 11. maí 1778<sup>6)</sup>, var á ungdómsárum við lærdómsmentir<sup>7)</sup>. Giptist svo Höllu 1804 og fór að búa á Drumboddsstöðum. Þaðan flutti hann í Skálholt, hvar hann bjó um hríð, síðan að Ármóti. Jón var auð-

1) Hann varð bæjarfógeti og ráðamaður í Álaborg m. m. 6. maí 1848, fékk lausn frá embættum 22. september 1873, og andaðist í Álaborg 7. júlí 1881, hálfátræður að aldri (f. 24. febr. 1806). Hann var kvæntur danskri konu Önnu Cathrine Martine Blichert prestsdóttur frá Kolding og var einn son þeirra Jón landshöfðingjaritari (f. 23. apríl 1841, † 4. jan. 1883 ókv. og bl.). Annar Pétur Arild (f. 8. des. 1843) varð bóndi á Jótlandi. Þriðji Bjarni (f. 18. nóv. 1860) er yfirréttarmálafærslumaður og bankastjóri í Vébjörgum.

2) Sjá um börn þeirra III, 153. Helga var fædd á Drumboddsstöðum 18. febrúar 1805.

3) Magnús (f. 2. ágúst 1807 † 28. maí 1889) var síðast kaupmaður í Reykjavík, bjó í Bráðræði, átti Guðrúnu († 24. maí 1882) dóttur síra Jóns Oddssonar Hjaltalín á Breiðabólstað á Skógarströnd. Sjá um börn þeirra bls. 145—146 hér að framan.

4) Sjá um hann hér síðar.

5) Laundóttir Jóns á Ármóti með Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Miðhúsum í Biskupstungum Gamalielssonar var:

E. Þorbjörg f. 20. okt. 1828, dó 20. okt. 1857 á Móciðarhvoli, ógipt, bl.

6) Réttara: 11. maí 1779. Hann var fæddur á Stórólshvoli, en ekki á Móciðarhvoli, eins og sagt er í Tímar. III, 276.

7) Hann var útskrifaður úr heimaskóla 1797, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 5. maí 1798 með 1. einkunn, en tók embættispróf í dönskum lögum 26. júní og 7. júlí 1801 (ekki 22. júní 1800, eins og segir í Lögfr. tali M. Stephensens í Tímar. III, 276) með 2. einkunn í báðum prófum. Hann varð s. á. lögsagnari Steindórs sýslumanns, og er það því ekki rétt hjá Boga, að hann hafi fyrst orðið lögsagnari hans 1812.

maður og húþegn góður. Hann gerðist lögsagnari í Árneshöfði 1812, einnig þar eptir Þórðar sýslumanns Thorlaciusar í hans utanferðum<sup>1)</sup>. Hann var og fyrir sýslunni allsendis árin 1818 og 1819 og 1820, meðan á því stóð, að kansalliráði Þórði var veitt Árneshöfði og hann afsakaði sig þar frá, til þess justitsráð B. Thorarensen við tók. Að stiptamts tilhlutun hélt hann sýsluna téð ár, eins árin 1814 og 1815, en hin árin, sem hann þénaði var að frivilja samkomulagi. 1833 þá Þórður sýslumaður fór utan gerðist Jón enn lögsagnari í Árneshöfði<sup>2)</sup>.

1842 drukknaði Jón ofan um áris 13. nóv.<sup>3)</sup>. Hann var valmenni, vinfastur og í mörgu afbragð annara manna.

### Þórður Björnsson.

(Sjá um hann við Þingeyjarþing).

Kansalliráði Þórði var veitt Árneshöfði 1819, en sagði henni jafnskjótt af sér vegna elliburða, að flytja sig svo langan veg og öðlaðist þar um bænhyrslu 1820<sup>4)</sup>. Hélt hann síðan Þingeyjarþingi til þess hann deyði um veturinn 1834.

### Bjarni Vigfússon Thorarensen.

*Faðir:* Vigfús kansalliráð Thorarensen (sjá Rangáring).

1) Það var árin 1815—1819. Hann þjónaði og sýslunni frá því Bjarni Thorarensen slepti henni vorið 1822 til sumars 1823, er Þórður Sveinbjörnsson tók við.

2) Hann þjónaði þá sýslunni til sumarsins 1835, að Páll Melsted tók við henni.

3) Það var í Þjórsá. Er greinileg frásögn um frátall hans í sögunni af Þurði formanni og Kambsránsmönnum bls. 254—257. En þar og í Lögfræðingatali M. St. Tímarit III, 276 er drukknun hans talin 1843, en 1842 er réttara. Það var nóttina milli 13. og 14. nóv., sem hann drukknaði. Jón var umboðsmaður yfir konungsjörðum í Árneshöfði, þangað til þær voru seldar, hin síðasta 1837. Var hann því kallaður »administrator« en optast aðeins »Jónson«. Var hann mjög riðinn við rannsóknir í hinu alræmda Kambsránsmáli og er hans mjög víða getið í þeirri sögu.

4) Hann fékk veitingu fyrir Árneshöfði 11. maí 1819, en 22. júní 1820 fékk hann leyfi til að vera kyr í sýslu sinni nyrðra.

- Móðir:* Steinunn dóttir Bjarna landlæknis Pálssonar.
- Kvinna:* Hildur<sup>1)</sup> dóttir Boga í Stykkishólmi Benediktssonar á Staðarfelli Bogasonar í Hrappsey Benediktssonar s. st.
- Börn:* A. Vigfús giptist ekkju Arnórs<sup>2)</sup> sýslumanns Árnasonar (sjá Þingeyjarþing).
- B. Bogi fór dimissus utan 1846, tók examen artium 1847<sup>3)</sup>.
- C. Steinunn<sup>4)</sup>.
- D. Þórarinn<sup>5)</sup>.
- E. Jón<sup>6)</sup>.
- F. Hildur Solveig<sup>7)</sup>

1) Hún andaðist 11. nóvember 1882.

2) Á að vera: Jóhanns sýslumanns bróður hans (sbr. I, 132), því að Arnór sýslumaður kvæntist aldrei. Vigfús var gullsmiður vestra og bjó síðast í Gvendareyjum, dó þar 5. júlí 1861. Kona hans Oline Marie Jacobine, dóttir Bonnesens sýslumanns, skildi við hann og giptist í 3. sinn Sigurði Vigfússyni fornfræðing, en Viglús kvæntist aptur 1858 Valgerði Jónsdóttur eldra í Stykkishólmi Arnfinnssonar, er síðar átti Hallgrím dbrm. Jónsson á Staðarfelli.

3) Um Boga sýslumann Thorarensen sjá II, 745, III, 244, 377.

4) Steinunn († 15. júní 1891) átti síra Jón Pálsson Melsted í Klausturhólum (sjá um börn þeirra síðar).

5) Þórarinn var ekki með fullu ráði, dó ókv. bl.

6) Jón var prestur í Saurbæjarþingum († 25. ágúst 1895) bjó í Stórholti, átti Steinunni Jakobínu († 26. nóv. 1903) Jónsdóttur prests í Stórholti Halldórssonar, p. b.:

a. Jón í Reykjavík, kvæntur Elinu dóttur Jóns Einars Jónssonar stúdents á Ingunnarstöðum í Geiradal († 1889) og Herdisar Andrésdóttur, p. b.: Jón, Jakobína, Ólafur.

b. Lárus Þórarinn, prestur í Vesturheimi.

c. Hildur átti fyr Eirik Sverrisson verzlunarmann († 13. maí 1904) son Sigurðar sýslumanns Eiríkssonar Sverrissons (sbr. II, 404) en síðar Ketil í Kotvogi í Höfnum Ketilsson s. st. Ketilssonar.

d. Bogi í Hvammsdal kvæntur Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Felli í Kollafríði Einarssonar, p. b.: Jón, Guðmundur.

7) Hildur átti Bjarna Einar Magnússon sýslumann á Geitaskarði (I, 635) og voru synir þeirra Guðmundur Scheving héraðs-

G. Skúli.

H. Tómas. I. Jarþrúður. J. Sigríður, dóu öll ungbörn.

Bjarni er borinn 1786 þann 30. desember<sup>1)</sup>, ólst upp hjá foreldrum sínum og fluttist með þeim að Hlíðarenda 1789. Þá hann hafði aldur til var hann settur til bóknáms, svo til latínulærdóms hjá Þorvaldi presti Bøðvarsyni, sem fann að hann hafði flugskarpar gáfur og sagði um hann, að ekki þyrfti hann annað til lærdóms, en vilja. Bjarni var hjá honum til þess hann var 16 vetra við lærdómsmentir. Lét þá Vigfús sýslumaður þennan sinn son fara utan 1802, þá 16 vetra. Tók Bjarni examen artium 1803, en í rómverskum lagavísindum embættispróf 1806 með bezta lofi. Þar eptir gaf hann sig í cansellii þénustu í 6 ár og varð undircansellisti 21. ágúst 1809, cansellisekreteri 22. febr. 1811. 1811 varð Castenskiöld hér stiptamtmaður og fékk Bjarna Thorarensen sem kunnugan í Íslandi að leiðbeina sér ókunnugum í ýmislegu. Þá Bjarni kom út var assessor Benedikt Gröndal orðinn biladur að heilsu, svo ei gat þénað sínu embætti. Var þá Bjarni settur að þjóna hans embætti með mjög litlum launum (300 rd.) og þjónaði hann frá 20. marz 1811 til 18. júní 1817 téðu embætti, en þá varð hann virkilegur annar assessor með 500 rd. launum. 1817, þá stiptamtmaður Castenskiöld fór utan, fékk hann assessor Bjarna Thorarensen að gegna sínu embætti í fjarveru sinni (eins og hann hafði í stiptamtmannsins utanferð gert 1814 og 1815). Hafði Thorarensen það á hendi til þess 18. júní 1819, þá stiptamtmaður Moltke kom út og tók við embættinu. Um þessa tíma uppihélt assessor Bjarni sér optast í Reykjavík. Þá var og á Leirá í fóstri hjá Jónasi sýslumanni Scheving Elin dóttir amtmanns Stefáns Ó. Stephensens, sem með ráði fóstara síns og föður var trúlofuð assessor B. Thorarensen. Millum amtmanns og

---

læknir á Hólmavík († 1909), Páll Víðalín sýslumaður Skagfirðinga og Brynjólfur bóndi í Pverárdal.

1) Bjarni er fæddur í Brautarholti á Kjalarnesi, en ekki á Lágafelli, eins og segir í Lögfræðingatali M. St. Timarit III. 213.

assessors Bjarna kom misklið, svo amtmaður brá upp giptumáli þessu. Orsök miskliðar var: Hannes og Pétur synir amtmanns Stefáns voru þá í skólanum á ölmusu, báðir vel gáfaðir, en amtmaður vildi innþrengja í annars þeirra stað Stefáni syni sínum, en assessor mótmælti því, þar hann væri mjög gáfnalitill, en ölmusur tilheyrðu einasta gáfupiltum. Uppskátt var af amtmanni gert, að ofmikil yrðu vensli í yfirréttinum, ef þessi ráðahagur tækist, skyldi hann því sækja um Árnessýslu, sem þá var liðug, hvað assessor Thorarensen gerði og fékk fyrir henni veiting 22. júlí<sup>1)</sup> 1820, en Bjarni Thorsteinsson, sem síðar varð amtmaður, fékk þá hans embætti. Þá svo var komið sá assessor brögð þessi, er honum var uppsögð konan, og áleit þetta mundi gert vera til að rýma sig frá yfirréttinum; var þó við sýslu sína það árið; þvarr ei hugur assessors Bjarna þar við, leitaði sér annars kvonfangs og fékk Hildar dóttur Boga í Stykkishólmi og giptist henni þar þann 15. september 1820.

Bjarni assessor hafði áður keypt undir bú sitt jörðina Gufunes og lét þar búið standa, en var sjálfur um veturinn optast að Arnarbæli í Ölfusi, því hann þjónaði optast assessorsembættinu, þar assessor Bjarni Thorsteinsson var þá í Kaupmannahöfn, en fékk sér veitt amtmannsembættið á Vesturlandi 1821. Þá assessorsembættið varð liðugt, sótti assessor Thorarensen um það embætti aptur og fékk þess veiting þann 1. maí 1822 með 700 rd. launum. Var honum þá og uppálagt að yfirsetja jústitsmál, sem utan voru send. Þjó assessor Thorarensen þann veg á Gufunesi um hrið við sæmilega velliðan. 1829 þann 1. ágúst veitti kongur honum virkilegs jústitsráðs nafnbót, skyldi hann og vera meðlimur í þáverandi lagaverki m. m.

Um þessar mundir fékk amtmaðurinn í Norðuramtinu, Grímur Jónsson, brauð utanlands, svo amtmannsembættið nyrðra varð liðugt. 1833 brá því jústitsráð B. Thorarensen til utanferðar í maí téð ár og sótti um amtmannsembættið í Norðurlandi. Kom hann aptur til Íslands í júlí, þá hann hafði talað við kong og fleiri höfð-

1) Réttara: 22. júní.



ingja og var í óvissu um það embætti. En öndverðlega í september kom honum til handa kongs veitingarbréf af 10. ágúst 1833 fyrir Norður- og Austuramtinu. Ferðaðist hann því í októbermánuði norður að Möðruvöllum með þénara sinn og tók við amtsskjölum af sýslumanni kammerráði G. Briem, sem settur hafði verið fyrir amtmanns-embættið, þá amtmaður og etatsráð Grimur fór utan til síns embættis. Var þá sýslumaður Briem mjög heilsulasinn, svo hann dvaldi á Möðruvöllum hjá amtmanni B. Thorarensen að mestu um veturinn, en andaðist litlu eptir það hann komst heim 1834.

1834 í júnímánuði fór amtmaður B. Thorarensen á Suðurland að sækja konu sína og börn. Þá bar svo til, að prinz Friðrik frá Kaupmannahöfn var kominn til Íslands og vildi ferðast norður. Mátti þá Bjarni amtmaður fylgja honum norður, síðan ferðast suður aptur að sækja konu sína, sem áður hafði sjúk lagst. Í þeirri ferð lét amtmaður Thorarensen auctionera bú sitt á Gufunesi með miklum skaða sínum, en sendi bækur sínar með skipi, sem ætlaði til Eyjafjarðar og forlisti á leiðinni.

Þá hann var kominn að Möðruvöllum varð hann að arka upp á nýjan stofn, að afla sér flestra búshluta, sem honum varð kostnaðarsamt, leggja í ekkjukassa fyrir konu sína og hafði þar að auk miklar og margvíslegar útgiptir, sem of langt er að telja, hitti og fyrir bág ár, en hafði mannmargt og rausnarbú. En vegna góðrar forsjónar auðgaðist hann heldur en tapaði, þó hann yrði fyrir stórum sköðum.

1836 og 1837 ferðaðist hann um amt sitt, og optar; þá Reykjavíkursamkomurnar voru haldnar, var hann þar ásamt öðrum höfðingjum.

1841, þá amtmaður Thorarensen kom frá Reykjavíkursamkomunni norður til Friðriksgáfu, varð honum litlu síðar eitt kvöld snögglega illt, lagði sig til svefnis, en gat ekki sofnað. Verkurinn óx óðum og var strax sent eptir lækni, en áður hann kom andaðist amtmaður um nóttina milli þess 24. og 25. ágúst, menn meina úr blóð-slagflóði. Hann var jarðaður í Möðruvallakirkjugarði hjá börnum sínum nálægt leiði amtmanns og konferensráðs Stefáns

Thorarensens. Þar eptir var prýðilegur legsteinn bestiltur og lærður yfir hans legstað. Þess er að geta, að þetta sama ár, 1841, sæmdi konungur hann með heiðurs riddara orðu af Dannebrogen.

Bjarni amtmaður Thorarensen var maður að gáfum flugskarpur. Var það meðal annars ljóst af því, að hann á þrem árum tók öll reynslupróf utanlands með bezta lofi, tjáist þó ei iðnismaður við lærdóm. Hann var og að náttúru ágætasta skáld, en vandaði það oft lítið. Hvarvetna lýsa þó hans góða skáldskapar anda ljóðmæli hans. Hann var bæði margfróður og hálærður í mörgu, að sögn, þó haldinn beztur í lögspeki. Jarðræktarmaður var hann mikill og góður búþegn. Að náttúrufari var hann bráðlyndur, hreinskilinn, og lét í ljósi sína sanna meiningu við hvern, sem þess leitaði, sáttgjarn við alla og vildi öllum vel; varð hann því ástsæll meðan hann hafði embætti á hendi. Örlátur var hann jafnvel fram yfir sín efni og góðgjarn við snauða menn. Hlut sínum vildi hann halda við höfðingja og í dómum hjáhliðrunarlaust fylgdi hann lögum og rétti. Höfðingi var hann heim að sækja. Skorti efni að framfylgja örlætislyndi sínu, því lengst af varð hann að bjargast á sínar spýtur.

### Þórður Sveinbjörnsson.

*Faðir:* Sveinbjörn bóndi, sem fyr bjó á Ytra-Hólmi á Akranesi og var þar smáhöndlari; þar eptir keypti hann Hvítárvelli af sekretera Birni Stephensen og bjó þar til þess hann deyði. Faðir Sveinbjarnar bónda var Þórður son Sveinbjarnar Jónssonar í Þerney Helgasonar<sup>1</sup>).

1) Þessi framætt Þórðar háyfirdómara hlýtur að vera röng, þótt svona sé talið í flestum ættatölum. Það nær engri átt, að Þórður Sveinbjörnsson í Akrakoti á Álptanesi, afi Þórðar háyfirdómara, hafi eins og talið er venjulegast verið dótturson síra Jóseps Loptssonar á Ólafsvöllum, er andaðist gamall 1683. Sess-elja dóttir síra Jóseps, sem líklega er ekki fædd síðar en um 1650 átti Sveinbjörn son Jóns Helgasonar í Þerney, og er þá ljóst, að Þórður í Akrakoti, sem andaðist fimmtugur að aldri 1771, getur ekki verið son þeirra. Hér vantar því liði í milli, en ættin mun samt vera frá þeim Sveinbirni og Sesselju komin og sama Svein-

*Móðir:* Halldóra<sup>1)</sup> dóttir Jóns smiðs í Bár Jónssonar.

bjarnarnafnið. Faðir Þórðar í Akrakoti hygg eg að hafi verið *Sveinbjörn Oddsson*, er bjó á Hliði á Álptanesi á fyrri hluta 18. aldar og andaðist í Melshöfða 1758. Hann mun hafa verið að minnsta kosti prikvæntur og Þórður son hans með 1. eða miðkonunni. En með síðustu konunni átti hann meðal annars Einar, sem er fæddur 1751, og var faðir Þórdísar, er átti Halldór Pálsson fræðimann á Ásbjarnarstöðum. En móðir Þórðar í Akrakoti hygg eg hafi verið systir Þorgeirs Þórðarsonar í Akrakoti, föður Guðlaugs prófests í Görðum, þótt fulla vissu hafi eg ekki fyrir því. Faðir Sveinbjarnar á Hliði hygg eg að hafi verið *Oddur Valgarðsson*, er bjó í Sviðholti á Álptanesi fyrir og um 1720, og það kæmi vel heim tímans vegna, að hann hefði átt dóttur Sveinbjarnar Jónssonar frá Perney og Sesselju Jósepsdóttur, og Sveinbjörn son þeirra borið nafn afa síns. En Oddur gæti verið son *Valgarðs Jónssonar*, er bjó í Borgarholti í Biskupstungum á síðari hluta 17. aldar. Valgarðs nafnið kemur einmitt síðar fram í ætt Sveinbjarnar Oddssonar, því að son Þórhildar dóttur hans, er átti Helga Einarsson í Hliðsnesi og var móðir Þorbjarnar á Ketilvöllum, hét Valgarður og dó hann ungur. Virðist þetta benda á, að Sveinbjörn sé rétt talinn son Odds Valgarðssonar. Til styrktar þessari ættfærslu skal og þess getið, að í annál Halldórs Pálssonar á Ásbjarnarstöðum, telur höf. Þórdís konu sína, er var bróðurdóttir Þórðar í Akrakoti komna í 5. lið frá síra Jósep og yrði það einmitt eptir því sem hér er talið: 1. Sesselja Jósepsdóttir, 2. hennar dóttir gift Oddi Valgarðssyni 3. þeirra son Sveinbjörn, 4. synir hans Þórður í Akrakoti og Einar, 5. Dóttir Einars Þórdís kona Halldórs. Narfa nafn er og í þessari ætt. Narfi Sveinbjarnarson, er verið hefur móðurbróðir Sveinbjarnar Oddssonar, bjó í grennd við Reykjavík eptir 1700, og Narfi hét einn son Þórðar í Akrakoti, bróðir Sveinbjarnar á Hvítárvöllum. Þetta fólk hefur verið skylt Jóni Helgasyni, er bjó á Brekku á Álptanesi á fyrri hluta 18. aldar og var faðir þeirra Helga á Hliði og Ketils í Sviðholti ala Ketils elzta í Kotvogi. Bróðir Jóns Helgasonar var Narfi Helgason faðir Páls í Laxnesi föður Narfa, er síðast bjó á Brúastöðum í Þingvallasveit († 1827, 94 ára). Ketill hét og einn son Sveinbjarnar Oddssonar á Hliði og Þórdís dóttir hans. Þetta fólk mun því hafa verið náskylt og komið frá Jóni Helgasyni í Perney föður Sveinbjarnar, er átti Sesselju Jósepsdóttur. Í einni ættatölu hef eg séð Jón í Perney talinn son Helga lögréttumanns á Reykjum í Miðfirði Ingjaldssonar Illhugasonar prests í Múla Guðmunds-

1) Halldóra var f. k. Sveinbjarnar, en hin síðari Margrét Brandsdóttir frá Hróarsholti Pálssonar og synir þeirra Sveinbjörn prestur á Staðarhrauni, Guðmundar tveir og Guðlaugur.

Móðir Halldóru var Sigríður Böðvarsdóttir Jónssonar Jónssonar annars á Stakkhamri Björns-sonar Þorvarðssonar Brandssonar.

*Kvinna fyrri:* Guðrún dóttir síra Odds á Reynivöllum í Kjós Þorvarðssonar. Hún átti fyrst amtman Stefán Stephensen og með honum börn, sem dóu. Svo átti hún Þórð sýslumann Sveinbjörnsson. Þeirra börn deyðu<sup>1</sup>).

*Kvinna seinni:* Kristín Knudsen<sup>2</sup>), hálfðönsk að ætt, dóttir faktors L. Knudsen og Margrétar dóttur beykis Lars Hölters og Guðrúnar Þorbergsdóttur prests.

*Börn:* A. Þórður<sup>3</sup>).  
B. Guðrún<sup>4</sup>).

sonar, og það hyggur Þórður Sveinbjörnsson rétt í æfisögu sinni, en sú ættfærsla mun þó nokkuð hæpin, þótt vel geti hún staðizt tímans vegna. En tengdir urðu milli ætta þessara síðar. Son Illhuga prests Ingjaldssonar á Tjörn bróður Helga á Reykjum var síra Erlendur á Tjörn faðir Guðnýjar er átti Þorgeir Þórðarson í Akrakoti, og var son þeirra Guðlaugur prófastur í Görðum. En bróðir Guðnýjar var Davíð Erlendsson, faðir Guðmundar í Hlíðarhúsum og Vigdisar, er 1757 giptist Þórði Sveinbjörnssyni í Akrakoti, og var móðir Sveinbjarnar föður Þórðar háyfirdómara (sbr. II, 570—571). Vigdis Davíðsdóttir dó á Ytra-Hólmi hjá syni sínum 19. nóvember 1788.

1) Guðrún f. k. Þórðar háyfirdómara dó 11. nóvember 1838. Börn þeirra voru: 1. Stefán (f. 12. marz 1824, † 27. ágúst 1827). 2. Jóhanna María (f. 11. des. 1825, † 12. júlí 1827).

2) Hún hét fullu nafni Kirstín Katrin, fædd 27. apríl 1813 † 8. jan. 1874. Son hennar með Edvard Thomsen kaupmanni í Rvík var Lárus Edvard Sveinbjörnsson háyfirdómari († 7. jan. 1910) sbr. bls. 192—193 hér að framan og I, 134—135. Þórður háyfirdómari gerði hann að kjörsyni sínum og gaf honum nafn sitt, er hann kvæntist móður hans. En þau giptust 21. okt. 1840.

3) Réttara: Theodor f. 22. apríl 1841, útskrifaður úr skóla 1858, tók próf í læknisfræði við háskólann 1866 með 1. einkunn, varð »praktiserandi« læknir í Silkeborg á Jótlandi og andaðist þar 21. desember 1883. Hann var kvæntur danskri konu Selma Ritta Johanne Mathilde Knudsen, íósturdóttur Knud Peter Knudsens prests í Blegind í Áróstasípti, móðurbróður Theodors læknis. Dóttir þeirra er s. k. Þórðar Gadjohnsens í Kaupmannahöfn (sjá síðar).

4) Guðrún Lauretta f. 14. ágúst 1842, dó 30. júní 1861, ógipt, bl.

C. Halldóra Guðrún<sup>1)</sup>.

Þórður er borinn . . .<sup>2)</sup>. Lærði seinast skólalærdóm i Bessastaðaskóla og dimitteraðist<sup>3)</sup>. Fór svo fyrir þénara til amtmanns Stefáns Stephensen, þá búandi á Hvanneyri. Til meiri lærdómsframa fór Þórður utan, tók öll venjuleg lærdómspróf og seinast i rómverskri lögvisi með góðri heppni<sup>4)</sup>.

1822, þann 16. maí, fékk Þórður kongsveiting fyrir Árnassýslu næst eptir assessor Bjarna og giptist ekkjufrú Guðrúnu. Setti bú i Hjálmholti og keypti síðan þá jörð og gerðist auðugur.

1833 brá hann til utanferðar og dvaldi um veturinn i Kaupmannahöfn, hvar hann kom svo sinni ár um borð,

1) Réttara: Halldóra Margrét f. 18. júní 1844, var f. k. Þórðar Gudjohnsens verzlunarstjóra á Húsavík, þau systrabörn (sjá síðar). Enn voru börn Þórðar háyfirdómara og Kirstinar:

D. Aurora Didrikka Ingibjörg f. 13. apríl 1846 † 19. jan. 1851.

E. Sveinbjörn cand. theol., tónskáld (f. 28. júní 1847.) Var lengi i Edinborg, en er nú fluttur til Kaupmannahafnar, kvæntur enskri konu.

F. Stefán f. 26. ágúst 1848 † 1. nóv. 1850.

G. Árna-Bjarni f. 26. okt. 1849, heitinn i höfuðið á Árna stiptprófasti Helgasyni og Bjarna amtm. Thorsteinson, fór til Vesturheims og mun vera þar enn á lífi.

H. Aurora Didrikka Ingibjörg f. 23. apríl 1853, giptist Christjáni Trampe póstafræðslumanni á Jótlandi syni Jörgens Trampe stiptamtmanns. Þau eiga börn nokkur.

2) Hér er eyða fyrir ártalinu hjá Boga. Þórður var læddur á Ytra-Hólmi 4. september 1786.

3) Hann lærði i heimaskóla hjá síra Bjarna Arngrímssyni á Melum, en var útskrifaður af Geir biskup Vidalin 1802, var svo 2 ár i vinnumennsku hjá kennara sínum síra Bjarna á Melum, en því næst 7 ár hjá föður sínum og reri þá til sjáfar á vertíðum. 1811 fór hann i þjónustu Stefáns amtmanns, er þá flutti að Hvítárvöllum eptir lát Sveinbjarnar föður Þórðar.

4) Hann tók lögfræðispróf 13. júní 1820 með 1. einkunn i báðum prófum.

að hann gerðist 1834, þann 12. apríl efri assessor í landsyfírréttinum. Kom hann út um vorið til síns embættis, en hélt þó jafnframt Árnæssýslu það ár. Hann tók *Jón Jónsson* á Ármóti fyrir sinn lögsagnara haustið 1833 við utanför sína, en stiptamtmaður setti hann fyrir sýsluna 1834, þá Sveinbjörnssen kom út og hafði fengið assessors-embættið. Hélt Jón sýslunni til þess við tók 1835 kammerráð Melsteð, sem áður hafði norðurpart Múlasýslu.

1835 flutti assessor Sveinbjörnssen að sinni nýkeyptu jörð Nesi við Seltjörn, en var þó optast sjálfur í Reykjavík<sup>1)</sup> því fógæti Ulstrup fór utan haustið 1835 og fékk hann assessor Sveinbjörnssen að gegna sínu land- og býfógætaembætti. 1836, þá stiptamtmanns fullmektugur, assessor Ólafur Finsen deyði, var assessor Sveinbjörnssen settur að interim af amtmanni og riddara B. Thorsteinsen að gegna stiptamtmanns verkum. Slepti hann þá fógætaembættum, fyrir hver fógætans þénari og amanuensis var þá settur af háttnefndum amtmanni. En O. M. Stephen- sen vice-sekreteri var settur til að gegna efra assessoris verkum við yfírréttinn. Stefán sýslumaður Gunnlaugsson gegndi annars assessors verkum.

Þá stiptamtmaður Krieger kom út 1836 slepti Þórður því embætti, en tók aptur um hrið við bý- og landfógætaembættum.

1836 fékk Þórður kongsveiting fyrir justitiarii embætti við yfírréttinn, Þórður Jónasson Vaðlasýslumaður efra, en Jón sonur Jóns á Ármóti annað assessorat, komu þó ei til embætta það ár, fyr en 1837. Þórður Sveinbjörnsson gerðist 1847 forseti á alþingi. Fékk etatsráðsnafnbót 1844<sup>2)</sup>.

---

1 Hann flutti frá Nesi til Reykjavíkur 1851 og andaðist þar 20. febrúar 1856.

2) Þetta er skakkt. Hann fékk konferensráðsnafnbót 8. júlí 1848, en 1841 varð hann riddari af dannebrog.

Þórður háyfirdómari hefur ritað æfisögu sína allt fram að þjóðfundinum 1851 og er þetta eiginhandarrit hans nú í eign Guðm. Sveinbjörnssonar aðstodarmanns í stjórnarráðinu. Er það 148 bls. þéttskrifaðar í 8vo, merkisrit og margt á því að græða um menn og málefni á fyrri hluta 19. aldar. Væri nytsemdarverk

## Páll Þórðarson Melsted.

Sjá um hann við norðurpart Múlasýslu. 1835, þann 24. febr., veitti konungur kammerráði Melsted Árneshöf. Flutti hann sig því með nokkru af varnaði sínum, ásamt frú sinni og mikla barnahóp, á dönsku skipi til Reykjavíkur sumarið 1835 og þaðan að Hjálmholti, hvert assessor Þórður Sveinbjörnsonen yfirlét honum til bústaðar ásamt miklu af búshlutum og lifandi peningi. Melsted hafði og sama gert við sinn eptirmann í Múlasýslu norðurparti, candidatum juris Carl Ferdinand Walsøe, og yfirlét honum bústað og eignarjörð sína Ketilsstaði á Völlum með því mesta af búshlutum og lifandi peningi sínum. 1836, þá Eiriki sýslumanni Sverrissyni var veitt Rangárhöf, gegndi Melsted þar sýslumannsverkum hans vegna, þar til Sverrisen flutti austur. Melsted fékk kammerráðs nafnbót 1832, þann 22. maí<sup>1)</sup>. Þannig bjó kammerráð Melsted á eignarjörðu sinni Hjálmholti við nægtir og uppól börn sín eptir mætti til manndóms og menningar. Hann var og ásamt mörgum öðrum á nefndarfundum í Reykjavík tilsettur 1839—1841—1845.

1844 missti Melsted konu sína Önnu dóttur konferensráðs og amtmanns St. Thorarensen. 1846 giptist kammerráð Melsted aptur jómfrú Ingileif dóttur síra Jóns Bachmanns Hallgrímssonar lækni Jónssonar.

Téð ár var og svo Melsted í ráðum með öðrum um innleiðslu ýmislegs í lögum hér á landi, sem þó enn er óstaðfest af kongi, en sumt hefur allgott þótt.

Melsted var og á alþingi 1845 og hefur átt mikinn þátt í einu og öðru, sem um var rætt. Frá því fyrsta hefur hann og verið á öllum standaðingum þar syðra og forseta meðhjálpi<sup>2)</sup>.

---

að geta það út, því að vér Íslendingar eigum því miður svo fátt af slíkum minningarritum. Þórður Sveinbjörnsson var einnig svo mikilhæfur maður og mikilsvirtur á sinni tíð, að minningu hans má gjarnan á lopti halda.

1) Réttara: 8. maí.

2) Páll Melsted sigldi til Danmerkur haustið 1848 og var skipaður amtmaður í Vesturamtinu 12. maí 1849, og þjónaði því

## V i ð a u k i .

### Páll Pálsson Melsted.

Hann þjónaði Árnessýslu í fjarveru föður síns frá því í nóvemberbyrjun 1848 og til vorsins 1849, að hann var

embætti til dauðadags. Hann andaðist í Stykkishólmi 9. maí 1861. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 10. júní 1841, jústisráðsnafnbót 8. júlí 1848, heiðursmerki dannebrogsmanna 21. september 1851 og kommandörkrossi dannebrogssorðunnar 14. júlí 1859. Á pingunum 1849, 1853, 1855, 1857 og 1859 var hann konungsfulltrúi, en konungkjörinn pingmaður á þjóðfundinum 1851 og var forseti fundarins. Stutt æfiminning hans er í Þjóðólfi XIII. árg. 1861 bls. 103. Börn hans og f. k. hans Önnu Sigríðar († 8. júní 1844) Stefánsdóttur amtmanns Þórarinssonar voru:

1. Páll sagnfræðingur (f. 13. nóv. 1812 † 9. febr. 1910) sjá um hann bls. 190—191 hér að framan.
2. Ragnheiður (f. 1816) átti Vigfús Sigurðsson Thorarensen sýslumann í Strandasýslu († 1854). Sjá II, 400—403.
3. Ingibjörg (f. 28. sept. 1817 † 17. maí 1885) átti síra Gísla Sigurðsson Thorarensen, síðast prest á Stokkseyri († 25. des. 1874) bróður Vigfúsar sýslumanns, er átti Ragnheiði systur hennar, p. b.: Sigurður og Páll.
4. Sigurður lektor, forstöðumaður prestaskólans (f. 12. des. 1819 † 20. maí 1895) átti Ástríði Helgadóttur biskups Thordersens og börn (sbr. Guðfræðingatal mitt bls. 242—244).
5. Margrét (f. 6. maí 1821 † 18. okt. 1893 ógipt, bl.).
6. Guðrún tvíburi við Margréti (f. 6. maí 1821 † 6. júní 1822).
7. Sigríður (f. 1. maí 1822 † 10. júní 1828).
8. Björg (f. 3. júní 1823 † 1. febr. 1887) átti Guðmund Pálsson sýslumann í Mýrasýslu († 1886) bl., sbr. III, 380.
9. Þórdís (f. 7. júlí 1824 † 16. nóv. 1825).
10. Guðrún (f. 29. ágúst 1825 † 3. okt. 1896) átti síra Stefán Pétursson Stephensen prófast í Vatnsfirði († 14. maí 1900) p. b.:
  - a. Páll prestur í Holti í Önundarfirði kvæntur Helgu Þorvaldsdóttur lækni á Ísafirði Jónssonar.
  - b. Ólafur læknir í Vesturheimi, kvæntur.
  - c. Anna Sigríður († 9. ágúst 1882) f. k. Einars Gudjohnsens lækni á Vopnafirði, p. b. 4: Guðrún Sigríður, Pétur, Stefán, Anna Ragnheiður.
  - d. Ragnheiður s. k. Einars Gudjohnsens, p. b.: Anna Sigríður.
  - e. Ástríður átti síra Ólaf Petersen á Svalbarði í Pistilfirði († 31. maí 1898) og börn.
11. Stefania (f. 13. jan. 1827 † 28. apríl 1862) átti Halldór Guðmundsson kennara við lærða skólann († 13. febr. 1904) bl.



settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu. Sjá frekar um hann

12. Jón prófastur í Klausturhólum (f. 28. maí 1829 † 13. febr. 1872) átti 29. júlí 1853 Steinunni Þjarnadóttur amtmanns Thorarensens, p. b.:
  - a. Ingileif (f. 30. maí 1853 † 28. apríl 1901) f. k. Jóns bónda á Búrfelli Sigurðssonar á Kröggólfsstöðum Gíslasonar, p. b. sem lifðu: Stefania og Steinunn.
  - b. Páll andaðist ungur, skömmu eftir að hann hafði fengið innngöngu í lærða skólann.
  - c. Bogi Thorarensen cand. mag. í Kaupmannahöfn, ókvæntur.
  - d. Bjarni bóndi í Framnesi á Skeiðum. kvæntur Jórinni Guðmundsdóttur frá Miðengi Jónssonar, eiga mörg börn.
  - e. Anna Sigríður († 20. febr. 1894) átti Guðjón, er um tíma bjó í Klausturhólum, en fór síðar til Vesturheims, son Vigfúsar á Neðra-Apavatni Danielssonar á Hæðarenda Snorrasonar.
  - f. Brynjólfur dó uppkominn.
  - g. Stefania dó ógipt, bl.
  - h. Hildur dó 12. maí 1892, tæplega þritug, ógipt, bl.
13. Jakobína Jóhanna Sigríður (f. 9. júlí 1831) f. k. Péturs Eggerz í Akureyjum († 5. apríl 1892) Friðrikssonar prests í Skarðsþingum Eggertssonar, p. b.:
  - a. Arndís gipt síra Páli Ólafssyni í Vatnsfirði (sbr. I, 417 og Guðfræðingatal bls. 227).
  - b. Páll átti fyr Ragnheiði dóttur Sigurðar prests Sivertsens á Útskálum og börn, en síðar Ingibjörgu Þórarinsdóttur jarðyrkjumanns Árnasonar. Páll fór til Vesturheims og andaðist þar skyndilega.
  - c. Elinborg átti Kristján Hall verzlunarstjóra á Borðeyri son Péturs Hall og Önnu Margrétar Norgaard, systurdóttur Helga biskups (III, 357) p. d.: Ragnheiður gipt Einari M. Jónassyni málafræslumanni í Reykjavík.
  - d. Friðrik fór til Vesturheims.
  - e. Ingibjörg († 16. júlí 1898) f. k. síra Magnúsar Blöndal Jónssonar í Vallanesi, áttu mörg börn.
  - f. Pétur (þessara barna er áður getið II, 727).
14. Halldór cand. phil., amtskrifari í Reykjavík (f. 21. okt. 1832 † 27. febr. 1895) ókv., bl.
15. Þórdís (f. í Hjalmsólum 24. okt. 1835 † 22. nóv. 1891) átti Jónas Jónsson Thorstensen sýslumann í Suðurmúlasýslu († 28. okt. 1861) p. b.: Jón prestur á Þingvöllum og Elín kona Magnúsar Stephensens landshöfðingja.  
Sonur Páls amtmanns Melsteds og s. k. hans Ingileifar Jónsdóttur (f. 6. maí 1812 † 13. marz 1894) var
16. Hallgrímur landsbókasafnsvörður (f. 26. jan. 1853 † 8. sept. 1906) ókv., bl.

bls. 190—191 hér að framan og III, 243, 377). Hann andaðist í Reykjavík 9. febrúar 1910, á 98. aldursári.

### Pétur Guðjónsson.

- Faðir:* Guðjón, er um tíma bjó á Sjávarborg í Skagafirði, Sigurðsson Grímssonar Þorlakssonar prests í Miklagarði Grímssonar. (Sjá ætt hans í Tímarriti Jóns Péturssonar II. B. bls. 28—31).
- Móðir:* Guðlaug Magnúsdóttir prófasts á Hrafnagili († 23. jan. 1836) Erlendssonar.
- Kona:* Guðrún Sigriður (f. 15. nóv. 1818 † 12. júlí 1899) dóttir Lárusar M. Knudsens kaupmanns í Reykjavík og Margrétar Andreu († 3. maí 1849) dóttur Lars Jóhanns Hölters beykis í Stykkishólmi. Þau Pétur og Guðrún giptust 15. október 1841.
- Börn:*
- A. Laura Michaeline (f. 16. maí 1842) gipt sira Jóni Bjarnasyni í Winnipeg, bl.
  - B. Jörgen Pétur Havsteen stúdent, verzlunarstjóri á Vopnafirði (f. 2. júní 1843 † 9. apríl 1901) átti Þórunni Elísabetu dóttur Halldórs prófasts Jónssonar á Hofi í Vopnafirði, þ. d.:
    1. Guðrun gipt Sveini kaupmanni Einarsyni á Raufarhöfn, bróður Páls borgarstjóra í Rvík.
  - C. Þórður Sveinbjörnsson lengi verzlunarstjóri á Húsavík, nú í Kaupmannahöfn (f. 14. sept. 1844) átti fyr Halldóru Margrétu dóttur Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara (sjá hér áður). Börn þeirra voru:
    1. Þórður læknir á Borgundarhólmi.
    2. Stefán verzlunarstjóri á Húsavík.
    3. Sveinbjörn fór til Klondyke.
    4. Baldur garðyrkjumaður þar.
    5. Pétur stúdent, er dó í Kaupmannahöfn 7. apríl 1900.
    6. Kirstín s. k. Ásgeirs Lárussonar Blöndals héraðslæknis á Eyrarbakka.
- Síðar kvæntist Þórður Gudjohnsen dóttur

Theodórs Sveinbjórsson's læknis í Silkiborg,  
þau eiga börn.

- D. Guðlaug Magnea Ingibjörg (f. 21. jan. 1846)  
gíptist Hermanní stúdent, syni Hjalmar's  
dannebrogsmann's Hermannssonar á Brekku  
í Mjóafirði, fóru til Ameríku, eiga börn.
- E. Margrét Andrea (f. 25. sept. 1847) dó ung.
- F. Einar Oddur héraðslæknir á Vopnafirði (f.  
17. febr. 1849 † 3. júlí 1891) átti fyr Önnu  
Sigríði Stefánsdóttur prófast's Stephensen's í  
Vatnsfirði, en síðar Ragnheiði systur hennar,  
og börn með báðum (sjá hér áður).
- G. Kirstín Katrín (f. 6. maí 1850) átti síra  
Lárus Halldórsson fríkirkjuprest († 24. júní  
1908) þ. b.:
1. Guðrún kona Sigurbjarnar Á. Gíslason-  
ar cand. theol.
  2. Halldór dó fulltíða 28. sept. 1903.
  3. Pétur prentari, í Rvík.
  4. Valgerður, gípt séra Þorsteini Ólafssyni  
Briem í Grundarþingum.
- H. Marta María (f. 2. ágúst 1851) gípt Indriða  
Einarssyni skrifstofustjóra, þ. b.:
1. Efemía gípt Jens Eggertssyni Waage  
bókara við Íslands banka.
  2. Guðrún.
  3. Einar, bankaaðstoðarmaður.
  4. Emilia.
  5. Lára, gípt Pétri Bogasyni lækni á Sjá-  
landi.
  6. Marta.
  7. Jens.
  8. Ingibjörg.
- I. Guðrún Sigríður (f. 31. des. 1852) gípt síra  
Jens prófasti Pálssyni í Görðum á Álpta-  
nesi, bl.
- K. Theodora Andrea Petrina (f. 4. sept. 1854  
† 12. sept. 1857).

- L. Andreas Peter Berggreen (f. 18. marz 1856  
† 16. sept. 1857).
- M. Theodora Jóhanna Andrea (f. 27. júlí 1857  
† 13. jan. 1874).
- N. Anna Lovisa (f. 17. des. 1858) gipt Þórði  
Jónssyni Thoroddsen, fyrrum héraðslækni  
í Keflavík (sbr. III, 538).
- O. Emilia († 18. nóv. 1885) f. k. Ásgeirs Lár-  
ussonar Blöndals héraðslæknis á Eyrar-  
bakka, bl.
- P. Kristjana (f. 2. maí 1863) gipt Halldóri  
Jónssyni bankagjaldkera í Rvík, þ. b.:
1. Pétur bóksali í Rvík, kvæntur Ólöfu  
Björnsdóttur yfirkennara Jenssonar.
  2. Jón aðstoðarmaður við landsbankann.
  3. Hólmfríður.
  4. Gunnar.
  5. Halldór.

Pétur Guðjónsson var fæddur á Hrafnagili í Eyjafirði 29. nóvember 1812, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1835<sup>1)</sup>, sigldi og varð lærisveinn við Johnstrupkennaraskóla 1838, og kom þaðan að afloknu prófi þar 26. apríl 1840. Varð organleikari við dómkirkjuna í Reykjavík 1841 og hafði það starf á hendi til dauðadags. Jafnframt gegndi hann margvíslegum öðrum störfum. Hann veitti t. d. for-  
stöðu barnaskóla í Reykjavík 8 ár, var einn vetur 1848—  
1849 tímakennari í dönskum stíl við lærða skólann og söngkennari við sama skóla frá 1846 til dauðadags, enn fremur söngkennari við prestaskólann, en stiptamts- og landshöfðingjaskrifari 25 ár samfleytt. Hann var og þing-  
maður fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu á þingunum 1865 og 1867. Hann fékkst og við málafærslumannsstörf. — Þorsteinn Jónsson, er settur hafði verið sýslumaður í Ár-  
nessýslu 20. júlí 1849, fékk Pétur Guðjónsson til að fara þá austur og þjónaði hann sýslunni fyrir hann þangað til

1) 1834 segir í Þjóðólfi XXIX. árg. bls. 107 og í 50 ára minn-  
ingarriti lærða skólans 1896 bls. 20, en það er rangt. Pétur organ-  
leikari skrifaði sig jafnan *Gudjohnsen* og var svo nefndur almént.  
Varð það að ættarnafni.

i júlímánuði árið eptir (1850), að Þórður sýslumaður Guðmundsson tók við. Pétur sigldi snöggva ferð til Kaupmannahafnar haustið 1865 og kom aptur í marzmánuði 1866. Fór hann þá ferð til að kynna sér póstmál, og ætluðu menn, að hann mundi verða skipaður í hið nýja póstmeistaraembætti, er þá var í ráði að stofna hér á landi, en sú embættisskipun fórst fyrir í það sinn. Á þjóðhátiðinni (10. ágúst) 1874 var hann sæmdur heiðurspeningi úr gulli. Hann andaðist í Reykjavík 25. ágúst 1877. Eptir hann er prentuð Söngkenslubók, og var hann fyrsti maður hér á landi, er vann að almennri útbreiðslu sönglistarinnar, og hafði í þeim efnum mikil áhrif á hina yngri kynslóð. Hann var dugnaðarmaður, fastlyndur og hreinskilinn og margt vel gefið.

### Þórður Guðmundsson.

Um foreldra hans og kvonfang er þegar áður getið (bls. 81 hér að framan). Jóhanna kona hans var fædd 8. október 1817, en andaðist á Litla-Hrauni 17. desember 1883. Þau giptust 9. janúar 1841.

*Börn þeirra voru :*

- A. Margrét Andrea (f. í Rvík 5. ágúst 1841) átti (8. okt. 1864) síra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ († 23. júlí 1887), þ. b.:
  1. Sigurður héraðslæknir á Sauðárkrók (drukknaði 13. okt. 1910) átti Þóru Gísladóttur verzlunarmanns í Reykjavík Tómassonar.
  2. Þórður héraðslæknir í Borgarnesi, kvæntur Guðrúnu Björnsdóttur ritstjóra Jónssonar.
  3. Árni cand. phil., ritstjóri í Reykjavík, var kvæntur Kristínu Benediktsdóttur sýslumanns Sveinssonar.
  4. Jóhanna Andrea dó fulltíða.
  5. Anna Guðrún gipt Sigurði sýsluskrifara í Arnarholti Sigurðssyni skólakennara Sigurðssonar.
  6. Laura Michaelina dó á tvítugsaldri.

- B. Sigríður (f. í Rvík 27. júní 1843 † 13. ágúst s. á.).
- C. Árni (f. í Rvík 2. febr. 1845) fór til Ameríku og kvæntist þar austfirzkrí konu, Býr nú (1912) ekkjumaður á Washington-eyjunni.
- D. Soffía Amalía (f. í Rvík 26. ágúst 1846 † 29. apríl 1848).
- E. Þórður héraðslæknir á Suðurnesjum (f. í Rvík 14. marz 1848), fór til Ameríku og hafði þar læknisstörf á hendi í Detroit Harbour á Washington-eynni. Andaðist þar 29. janúar 1899, ókv. og bl.
- F. Oddgeir prestur í Vestmanneyjum (f. í Rvík 11. ágúst 1849), kvæntur Önnu dóttur Guðmundar prófests Einarssonar Johnsens í Arnarbæli, eiga mörg börn, þar á meðal:
1. Guðmundur aðstoðarm. í landsbankanum.
  2. Þórður aðstoðarprestur á Sauðanesi.
  3. Jóhanna Andrea († 17. nóv. 1906) 2. kona Magnúsar sýslumanns Jónssonar í Hafnarfirði.
  4. Guðrún Sigríður 3. kona Magnúsar sýslumanns (sbr. bls. 196 hér að framan).
- G. Þorgrímur (f. í Hjálmholti 6. des. 1850), tungumálakennari og ferðamannatúlkur í Reykjavík, ókvæntur.
- H. Sigríður (f. í Hjálmholti 26. okt. 1852) s. k. sira Jóhanns prófests Þorsteinssonar í Stafholti síðar biskupsskrifara í Reykjavík.
- I. Guðný, tvíburi við hana (f. 26. okt. 1852 † 11. nóv. 1866).
- K. Sigurður sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (f. 24. des. 1856) sbr. III, 381).
- L. Skúli (f. 27. jan. 1860) var heyrnar- og mállaus, dó ungur.
- Áður en Þórður sýslumaður kvæntist átti hann laundóttur með Valgerði Einarisdóttur í Reykjavík, hét
- M. Guðný (f. 3. apríl 1839 † 27. jan. 1840).

Þórður sýslumaður Guðmundsson var fæddur í Arnardal við Ísafjarðardjúp 11. apríl 1811, ólst upp að nokkru leyti hjá móðurbróður sínum Árna stíptprófasti Helgasyni í Görðum, er kenndi honum skólalærdóm og útskrifaði hann 1830. Hann sigldi samsumars til háskólans og tók þar aðgöngupróf (examen artium) með 1. einkunn, og annað lærdómspróf 1831 með sömu einkunn, tók embættispróf í lögum 25. apríl 1835 með 2. einkunn í teoretiska hlutanum og sömu einkunn í praktiska hlutanum 16. nóv. s. á., gekk aptur upp í þeim hluta prófsins 30. nóvember 1836, en fékk þá einnig sömu (2.) einkunn. Hann var því næst á skrifstofu Bardensfleths stíptamtmanns, var settur sýslumaður í Vestmanneyjum 1. júlí 1839 og þjónaði þeirri sýslu þangað til í maí árið eptir, var settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. ágúst 1840 og fékk veitingu fyrir henni 14. janúar 1841. Meðan hann var þar sýslumaður bjó hann í Reykjavík og hafði þá opt önnur störf á hendi jafnframt sínu embætti. Hann þjónaði t. d. Borgarfjarðarsýslu 1846—1847 (III, 529 og bls. 82 hér að framan). bæjarfógetaembættinu í Reykjavík 1848—1849, sat í landsyfirréttnum optast sem 2. assessor, en síðast sem 1. assessor á árunum 1846—1850 (sbr. Lögfr.tal M. St. Tímar. III, 261). Hinn 16. maí 1850 var honum veitt Árnessýsla og tók við henni þá um sumarið, þjónaði henni þangað til um sumarið 1866, en fékk algerlega láusn frá embætti 19. febrúar 1867. Hann sat á alþingi 1855 og 1857, sem konungkjörinn þingmaður. Hann var og kosinn varaþingmaður Árnesinga 1869. 21. september 1851 var hann sæmdur kammerráðs nafnbót. Meðan hann var sýslumaður í Árnessýslu, bjó hann leugstum á Litla-Hrauni á Eyrarbakka, flutti þangað frá Hjálmholti 1853, en eptir lát konu sinnar (1883) brá hann búi og flutti til tengdasonar síns sira Páls Sigurðssonar í Gaulverjabæ, en eptir lát hans (1887) til Reykjavíkur. Andaðist þar 19. ágúst 1892. Hann var valinkunnur sæmdarmaður og mjög vel látinn hjá sýslubúum sínum, sakir réttisýni, góðgirni og lipurðar.

## Lárus Edvard Sveinbjörnsson.

Hann var settur sýslumaður í Árnessýslu sumarið 1866, þá er Þórður sýslumaður sagði henni af sér, og þjónaði Lárus henni þangað til í júnímánuði 1868, er hann tók við sýslumannsembættinu í Þingeyjarsýslu. Dvaldi hann á Eyrarbakka meðan hann þjónaði Árnessýslu, og kvæntist þar 27. ágúst 1868. Sjá frekar um hann I, 134—135 og bls. 192—193 hér að framan. Hann andaðist í Reykjavík 7. janúar 1910.

## Jón Jónsson

bæjarfógeta í Álaborg Jónssonar (sjá bls. 349—351) þjónaði Árnessýslu sem settur, fyrir Þorstein sýslumann föðurbróður sinn, frá því í júnímánuði 1868 og þangað til snemma í ágúst s. á., að Þorsteinn kanselliráð tók við henni. Var Jón þá nýlega (17. apríl 1867) orðinn kandidat í lögfræði með 1. einkunn, en síðar varð hann landshöfðingjaritari og andaðist í Reykjavík 4. janúar 1883, ókvæntur og bl. (Sjá um hann Lögfr.tal M. St.: Tímar. III, 231—232).

## Þorsteinn Jónsson.

Um foreldra hans er hér áður getið á bls. 349—351. Sjá enn fremur I, 133. Kona hans Ingibjörg Elizabet (f. 4. júlí 1830), dóttir Gunnlaugs Oddssonar dómkirkjuprests, andaðist 2. júlí 1893. Synir þeirra, er til fullorðins aldurs komust, voru:

- A. Gunnlaugur Jón Halldór dbrm. á Kiðabergi (f. í maí 1851) kvæntur Soffíu Skúladóttur prófasts á Breiðabólstað Gíslasonar, eiga mörg börn.
- B. Jón Ólafur (f. 23. maí 1853) var 4 vetur í skóla, en hætti við nám sakir augnveiki og varð síðar kaupmaður í Reykjavík, en drukknaði í Granton á heimleið til Íslands haustið 1895, ókv. bl.
- C. Halldór Ólafur (f. 22. des. 1855) fyr prestur í Landeyjapingum, átti Björgu dóttur L. J. C. Schou's verzlunarfulltrúa á Húsavík. Hún skildi við hann og fór til Ameríku.



Enn var son Þorsteins sýslum.:

D. Halldór Gísli (f. 7. júlí 1854, † 8. okt. .s. á.).

Um Þorstein sýslumann er getið ítarlegar hér áður við Þingeyjarsýslu I, 133—134, sbr. ennfremur Lögfræðingatal M. St. Timarit III, 266—267, og vísast að mestu leyti til þess hér. Eins og áður er sagt, var hann settur sýslumaður í Árnessýslu 20. júlí 1849, en fór þangað ekki í það sinn og fékk Pétur Guðjónsson til að þjóna sýslunni fyrir sig, en 7. júní 1867 fékk Þorsteinn kansalliráð veitingu fyrir Árnessýslu og tók við henni í ágústmánuði 1868, fékk lausn frá embætti 14. ágúst 1878, en þjónaði þó Árnessýslu til 24. júní 1879. Hinn 13. september 1880 var hann settur málaflutningsmaður við landsyferréttinn og gegndi því starfi til 1. janúar 1884, að hann sagði því af sér, flutti þá til Gunnlaugs sonar síns að Kiðabergi í Grimsnesi og andaðist þar 9. marz 1893. Hafði hann búið á Kiðabergi lengi meðan hann var sýslumaður í Árnessýslu. Hann var talinn með heldri sýslumönnum á sinni tíð og þótti jafnan mikið að honum kveða. Hann var tryggur vinur vina sinna og margt vel um hann.

### Stefán Björnsson.

- Faðir:* Björn Sigurðsson bóndi á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð, kominn af Njarðvíkurætt.
- Móðir:* Þorbjörg Stefánsdóttir prests Schevings í Presthólum († 18. okt. 1825) Lárussonar (sbr. I, 258—259). Þorbjörg var áður gipt Eiríki bónda Grimssyni á Skinnalóni, og var son þeirra Magnús cand. theol. í Kaupmannahöfn († 3. júlí 1881).
- Kona:* Karen Emilia Jörgensen, dóttir gózeiganda í Kaupmannahöfn.
- Börn:* A. Björn<sup>1)</sup> sýslumaður í Dalasýslu (sjá II, 754—755).  
B. Hans Sigfús stúdent (f. 24. sept. 1857), fyrrum norskur vísikonsúll á Ísafirði, nú í

---

4) Synir Stefáns sýslumanns hafa allir tekið upp ættarnafnið *Bjarnarson*.

Kaupmannahöfn, kvæntur Ingibjörgu Þorsteinsdóttur bakara á Ísafirði Þorsteinsonar, bl.

- C. Benedikt (f. 24. sept. 1858) fór til Vesturheims, kom aptur, kvæntist í Ameríku Steinunni Jónsdóttur söðlasmiðs Sigurðssonar og Ragnhildar Jónsdóttur prests á Rafnseyri, þau skildu. Er á Ísafirði, kvæntur síðar Jarþrúði Jónsdóttur, eiga mörg börn:
1. Ragnar.
  2. Ingibjörg.
  3. Stefán.
  4. Kamillus Vik.
  5. Alheid Dagmar.
- D. Alheid Dagmar er kennslukona í Parísarborg, ógipt.
- E. Petrine Thora Kamilla (f. 10. okt. 1864) gipt Magnúsi Torfasyni sýslumanni og bæjarfógeta á Ísafirði (sjá Rangárvallasýslu).
- F. Þorbjörg (f. 3. júní 1866, † 30. jan. 1902) f. k. Klemens Jónssonar landritara, þ. b.:
1. Agnar Stefán, dó ungur.
  2. Anna.
  3. Karen, dó uppkomin.
- G. Pétur Magnús kaupmaður á Ísafirði, forstjóri niðursuðuverksmiðju þar (f. 3. júní 1866), kvæntur danskri konu, Sopie Höegdenskov, bl.
- H. Þórarinn skipstjóri á gufuskipi, kvæntur danskri konu.

Stefán sýslumaður Björnsson var fæddur á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð 29. júlí 1826, kom í Reykjavíkurskóla haustið 1846, en vék þaðan eptir »pereatið« 1850, sigldi til Kaupmannahafnar og var útskrifaður af Magnúsi Eirikssyni bróður sinum 1851, tók s. á. aðgöngupróf (examen artium) við háskólann með 2. einkunn og 2. lærdómspróf 3. marz og 26. júní 1852 einnig með 2. einkunn, en embættispróf í lögfræði 18. júní 1858 sömuleiðis með 2. einkunn í báðum prófum. Hann var s. á. settur sýslumaður í

Ísafjarðarsýsla og fékk veitingu fyrir henni 28. janúar 1859, og 26. febrúar 1866 varð hann jafnframt bæjarfógeti á Ísafirði. Hinn 6. nóvember 1878 var honum veitt Árnæssýsla og tók við henni 24. júní 1879. 1888 tók hann Björn son sinn sér til aðstoðar í sýslumannsverkum, en fékk algerlega lausn frá embætti 1. nóvember 1890, og og slepti sýslunni þá þegar. Hann bjó í Gerðiskoti í Flóagallshverfi og andaðist þar 3. júlí 1891. Stefán sýslumaður var stór vexti og öldurmannlegur ásýndum, góðmenni og spakmenni og yfirleitt vel þokkaður af sýslubúum.

### Sigurður Eggertsson Briem

var settur sýslumaður í Árnæssýslu 9. október 1890 frá 1. nóvember s. á., tók þá við sýslunni af Stefáni sýslumanni og þjónaði henni þangað til Sigurður sýslumaður Ólafsson tók við henni vorið 1891. Var Sigurður Briem þann vetur (1890—91) til heimilis á Eyrarbakka. (Sjá meira um hann III, 249—250).

### Sigurður Ólafsson.

*Faðir:* Ólafur óðalsbóndi í Hjálmholti († 2. maí 1900) Þormóðsson bónda sama staðar Bergssonar Halldórssonar. Móðir Þormóðs var Ingibjörg Ólafsdóttir frá Fljótshólum Þorleifssonar í Árbæ í Ölfusi Ásbjörnssonar í Árbæ Loftssonar, en kona Þormóðs og móðir Ólafs í Hjálmholti var Margrét Sigurðardóttir smiðs á Hæringsstöðum Gíslasonar og Guðnýjar Guðmundsdóttur prests í Kálfholti Bergssonar.

*Móðir:* Guðrún Jónsdóttir bónda í Langholti í Flóa Eyvindssonar í Höfða í Biskupstungum Þórðarsonar í Höfða Sæmundssonar í Hreiðurborg Ólafssonar (sbr. III, 134). Kona Jóns Eyvindssonar og móðir Guðrúnar var Ástriður Guðmundsdóttir frá Hlíð í Eystrihrepp Bergsteinsonar í Bræðratungu Guðmundssonar s. st. Jónssonar.

*Kona:* Sigriður (f. 23. okt. 1858) Jónsdóttir umbóðs-

manns í Vik í Mýrdal Jónssonar stúdents á Leirá Árnasonar (sbr. III, 531). Sigríður var áður gift Jóni Sigurði Ólafssyni lækni í Vestur-Skaptafellssýslu († 30. júní 1882).

- Börn:*
- A. Jón stúdent í Kaupmannahöfn (f. 18. febr. 1886).
  - B. Halla, f. 18. júní 1887.
  - C. Ólafur (f. 31. jan. 1889) kandídat í búfræði frá landbúnaðarháskólanum í Khöfn.
  - D. Guðrún, dó ógipt, bl.
  - E. Haraldur (f. 5. maí 1892), lærir söng við söngskólann (Musik-konservatoriet) í Kaupmannahöfn.

Sigurður sýslumaður Ólafsson er fæddur í Hjálmholti í Flóa 14. marz 1855, kom í lærða skólann 1869 og var útskrifaður þaðan 1876 með 2. einkunn (71 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 25. júní 1877 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 9. júlí 1881 með 2. einkunn (85 st.), var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 20. s. m. frá 1. ágúst s. á., og fékk veitingu fyrir sýslunni 6. janúar 1883, kvæntist skömmu síðar s. á. og fór að búa á Kirkjubæjarklaustri, fékk veitingu fyrir Árnassýslu 9. janúar 1891 frá 1. maí s. á. og tók þá við þeirri sýslu, keypti því næst höfuðbólið Kaldaðarnes með hjáleigum öllum og hefur búið þar síðan. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 8. ágúst 1907.



## IV. Rangárvallasýsla.

---

Þeir gömlu þingstaðir í Rangárbíngi:

1. Þingskálir, þriggja hreppa þing.
  2. Holt undir Eyjafjöllum.
  3. Kross í Eystri-Landeyjum.
  4. Fíflholt í Ytri-Landeyjum.
  5. Reyðarvatn á Rangárvöllum.
  6. Stórólshvoll í Hvolhrepp.
  7. Lambey í Fljótshlíð.
  8. Kirkjulækur í Fljótshlíð.
  9. Þjóðólshagi í Holtum.
  10. Skarð í Landmannahreppi.
- 

Nú á tímum eru takmörk Rangárvallasýslu mót austri frá Skaptafellssýslu, Jökulsá á Sólheimasandi, en mót vestri aðgreinist hún frá Árnessýslu af Þjórsá. Í fyrri tíðum voru ekki téð sýslutakmörk regluleg, því stundum héldu sýslumenn parta af tveimur sýslum og enn fyrri voru goðorð ekki bundin við viss pláss, heldur sögðust ýmsir í þing með ýmsum höfðingjum opt langt frá liggjandi; gekk það svo til þess landið komst undir kong 1264. Óskipulega gekk og margt lengi þar eptir. Í fornsögum getur margra goða í öllum landsfjórðungum; voru goðorðin mjög misjöfn að viðlendum og þingmönnum. Ómögulegt er um flesta að vita, nær þeir tóku eða sleptu goðorðum.

Sæmundur fróði hygg eg hafi verið oddviti fyrir því síðar nafnfræga Oddverjagoðorði. Með konu sinni Guðrúnu dóttur Kolbeins goða og lög[sögu]manns Flosasonar

mun hann hafa fengið goðorð Kolbeins um 1090 nálægt því sem hann giptist. 1097 var hann ásamt Markúsi lög-[sögu]manni Skeggjasyni aðstoðarmaður til þess að tiund hér á landi á kæmist. Börn Sæmundar prests fróða voru Eyjólfur prestur, Loptur prestur, Loðmundur og Þórey, allt gölugmenni. Sæmundur fróði deyði 1133<sup>1)</sup>.

Loptur prestur var ungur í förum og um hrið í Noregi, hvar hann giptist Þóru dóttur Magnúsar konungs berfætts, og vissu þá fáir, að hún væri kongsdóttir. Þar eftir fór Loptur til Íslands og bjó á föðurleifð sinni. Átti mörg börn.

Jón hét einn son Lopts prests og Þóru. Hann var á unga aldri í förum og mjög við lærdómsmentir. Hann giptist fyrir 1154 Halldóru Skeggbrandsdóttur, þeirra börn Sæmundur og Solveig. Margar frillur átti Jón, ein þeirra var Ragnheiður systir Þorláks biskups, þeirra synir voru: Páll, er síðar varð biskup, og Ormur breiðbælingur, mikill höfðingi. Jón átti með Æsu Þorgeirsdóttur son, er hét Þorsteinn, og við Helgu Þórisdóttur Einar, og við Valgerði Loptsdóttur Hallbjörn prest<sup>2)</sup>. Öll börn Jóns Loptssonar mönnuðust vel. Jón Loptsson var mestur höfðingi og vinsælastur á Íslandi. Hann hafði mikil völd, stórt goðorð og auð mikinn, var hann tilkvaddur að gera um flest stórmál, því hann þótti réttssýnn. Opt fór hann utan og var í miklum metum. 1164 og 1171 getur útkomu hans frá Noregi og optar. Hann hélt lærðan skóla í Odda, hvar Snorri Sturluson og margir fleiri voru uppfræddir. 1197 deyði þessi stórhöfðingi.

Sæmundur Jónsson, fæddur 1154, tók eftir föður sinn goðorð hans og mannvirðingar. Sæmundur var ekki eiginkvæntur, því hann vildi ekki sækja brúðkaup sitt til Orkneyja, þá honum var boðin Langalíf jarlsdóttir<sup>3)</sup>. En fjölda átti hann

1) Ártíðardagur Sæmundar er 22. maí (Ísl. Ártíðaskrár bls. 48).

2) Sigurður var og son Jóns Loptssonar og Valgerðar.

3) Hún hét Langlit og var dóttir Haralds jarls Maddaðarsonar í Orkneyjum. Nafn hans mun hafa borið Haraldur son Sæmundar.

frillu-barna, sem flest urðu að mönnum. Sæmundur var og mikill höfðingi og hélt því til síns dauða.

Eptir Sæmund skiptist hans stóra goðorð millum barna hans í mörg smærri, og loks voru þeir Filippus og Haraldur Sæmundarsynir neyddir til að fara utan og fá Hákon konungi goðorð sín 1250. Þeir drukknuðu 1251. Mest goðorð Sæmundarsona voru um Rangárvelli<sup>1)</sup>. Þorvaldur í Hruna og Gissur son hans höfðu þá og goðorð bæði áður, um og eptir þann tíma þar syðra; hélt Gissur þar nokkrum goðorðum ásamt þeim í Skagafirði og víðar, því Hákon konungur gerði Gissur að jarli yfir Íslandi 1258, áður en hann hafði fengið yfirráð yfir öllu landi, sem fyrst varð allsendis 1264; hét þar eptir svo, að Gissur væri jarl yfir öllu Íslandi til þess hann deyði 1268.

1270, þá Gissur jarl var dáinn, setti Magnús konungur lagabætur Rafn Oddsson og Orm son Orms Svínfellings yfir allt Ísland. Ormur drukknaði sama háusti í Herðluveri við Noreg, þá hann ætlaði til Íslands, týndist þar sonur hans og öll skipshöfn. En Rafn Oddsson komst með heilu

1) Þeir bræður, herra *Sighvatur Hálfðanarson* á Keldum og herra *Loptur Hálfðanarson*, sonarsynir Sæmundar, tóku Oddastað 1284 og áttu í brösum við Árna biskup. Hafa þeir verið mestir höfðingjar sinna ættmanna þá, og sömuleiðis bræðrungr þeirra herra *Kristoforus Vihjálmsson* (Sæmundssonar). Um hann vita menn að visu lítið. Er útkomu hans getið í annálum 1288 og 1292, en hann andaðist 1312. Þessir frændur hafa eflaust haft völd á Rangárvöllum á síðasta hluta 13. aldar. Herra Sighvatur Hálfðanarson á Keldum hefur andazt skömmu eptir 1305, en herra Loptur bróðir hans 1312, og var þá kominn að Grund í Eyjafirði. Um líkur fyrir því, að Grundar-Helga hafi verið sonardóttir hans er áður getið II, 489—491. Synir Andrésar Sæmundssonar munu trauðla hafa haft nokkur völd í Rangárfingi, eptir að forvigismaður þeirra Þórður var drepinn (1264). Það væri þá helzt *Eyjólfur Andrésson*, er bjó í Skarði hinu ytra á Landi eptir föður sinn, og kemur við stadamál, tók Hraungerði 1284. Ekki er ólíklegt, að þeir nafnar Andrés Gislason hirðstjóri og Andrés Sveinsson hirðstjóri á 14. öld hafi verið niðjar Andrésar Sæmundssonar, þótt nú verði það ekki með vissu rakið. Getgáta all-sennileg um afkomendur Andrésar Sæmundssonar er í Ísl. Artíðaskráum bls. 257.

til Íslands sama haust og hafði af kongs hendi stjórn yfir öllu landi.

1272 setti Magnús konungur Þorvarð Þórarinsson með Rafni yfir Ísland, og voru þeir sem hirðstjórar þar eptir, þó þeim veitti örðugt að koma við stjórn yfir landinu, því Árni biskup Þorláksson var þá sem konungur og átti hlut í flestum málum, en bannfærði þá, er settu sig móti honum. Voru þá Rafn, Þorvarður og þar eptir fleiri kallaðir sýslumenn kongs, en ei hirðstjórar, þó þeir hefðu hirðstjóravöld. Af því að landið var víðlent, settu þeir menn í ýmsa parta landsins, sem þeir kölluðu sveina sína. Um fæsta þessara hef eg sagnir, en get þó einstöku manna.

### Ásgrímur Þorsteinsson

frá Hvammi, átti Guðnýju dóttur Mána í Gnúpufelli og með henni Eyjólf, Mána, Jón og Þorstein. Ásgrímur varð óþokkasæll, af því að hann var að Flugumýrabrennu með Eyjólfvi bróður sínum. En seinna, þá Rafn og Þorvarður komust til valda, léntu þeir sýslu beggja megin Þjórsár Ásgrími Þorsteinssyni. Komst hann í þætu við Árna biskup. Sættist þó aptur við hann. Ásgrímur dó 1285. (Sjá framar um hann við mína viðbót við hirðstjóraannál<sup>1)</sup> og sögu Árna biskups). Hann hafði herra titil<sup>2)</sup>.

### Eyjólfur Ásgrímsson.

Honum lénti Rafn hirðstjóri 1285 sýslu eptir föður sinn, en ei finn eg, hvað lengi hann hélt hana. Eyjólfur átti Guðnýju dóttur Garðs úr Austfjörðum. Var Eyjólfur herraður og deyði 1302. Hans getur við Villingaholtskirkjumáldaga Vilkins biskups<sup>3)</sup>.

Nú veit eg ekki víst, hverjir hirðstjóraþénarar hafi haft lögsögn í Rangárþingi eða Árneshöfði eða öðrum sýsl-

1) Þetta rit Boga er í minni eign, í allþykku bindi.

2) Um herra Ásgrím er getið nánar við Árneshöfði.

3) Sá Eyjólfur bóndi, sem nefndur er í þessum máldaga Vilkins 1397 (Fbrs. IV, 59) er alls ekki herra Eyjólfur Ásgrímsson, því að þessi Eyjólfur býr í Villingaholti, þegar máldaginn er saminn. Sjá nánar um herra Eyjólf við Árneshöfði.



um í Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðungum eptir þetta um hrið, þó eg telji þar til líklégastan *Hauk lögmann Erlends-son* um tíma eptir og um 1300, *Snorra Markússon* á Melum lögmann, helzt í Gullbringu-, Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslum eptir 1300, *Grim riddara*<sup>1)</sup>, lögmann og um 3 ár hirðstjóra eptir 1310, *Guðmund eldra Sigurðsson*<sup>2)</sup> lögmann um tína í einhverri af tæðum sýslum sunnanlands, þó fá ár máske hver og margir fleiri.

1342 voru þeir *Jón Hallsson* og *Arnór Þórðarson* ósamþykkir um sýslu millum Þjórsár og Lómagnúps (vesturpart Skaptafells- og alla Rangárvallasýslu), er hvortveggja þóttust halda eiga. Var Arnór fanginn af Jóni og fylgjurum hans, en svo fóthögginn og fingurhögginn að ráðum Þorsteins, sem 1343 var þar fyrir veginn<sup>3)</sup>. Er líklegt, að Jón hafi þá haldið Rangárþing um stuttan tíma.

### Árni Þórðarson

hygg eg hafi haldið Rangárþing um 1349 og þar eptir, en fékk hirðstjórælæni yfir  $\frac{1}{4}$  hluta Íslands 1357. Hann lét taka Markús barkað, konu hans og son, sem höfðu drepit eða sært til ólífis Orm á Krossi, og lét þar fyrir höggva þau. Árni Þórðarson missti hirðstjórnarhluta sinn 1360, þá Smiður Andrésón tók hirðstjórn yfir öllu landi. Við hann batt Árni venskap, en Jón lögmaður skráveifa

1) Um Grim lögmann Þorsteinsson sjá II, 435—437.

2) Um Guðmund lögmann Sigurðsson, sjá Lögsögumannatal og lögmanna: Safn. til s. Ísl. II, 53—54, 59.

3) Flateyjarannáll skýrir nákvæmast frá þessum skærum og segir, að Arnór hafi verið aflimaður hægri hendi og vinstra fæti austur við Seljalandsfoss af ráðum Þorsteins Nikulásssonar Gunnhylltings (þ. e. frá Gunnarsholti), en tilskipun Jóns Hallssonar. Segir annállinn, að Þorsteinn hafi verið veginn sama ár (1342), sjálfsgagt vegna þessara afskipta. Hans er getið í Vilkinsmáldaga Gunnarsholtskirkju (Fbrs. IV, 85) og Péturs í Gunnarsholti sonar hans. Það er ekki ósennilegt, að Arnór Þórðarson hafi verið bróðir Árna hirðstjóra Þórðarsonar, og Arnórs nafnið úr Kolbeinsrættinni í Skagafirði. En Jón Hallsson gat t. d. verið son Halls í Dal undir Eyjatjöllum Sigurðssonar seltjarnar Sighvatssonar hins auðga Höskuldssonar (Fornasonar). Þó er þetta vitanlega getgáta.

klagaði Árna fyrir aftöku Markúsar barkaðar og afflutti mjög Árna, en vingaðist við Smið, sem tók upp Barkaðarmál og setti 12 manna dóm yfir Árna, sem var dæmdur til lífláts. Árni skaut máli [sinu] til kongs, bauðst að vera í böndum til þess kongsdómur félli, en fékk ei áheyrslu og var aftekinn í Lambey 1362. Meðfram var þar til orsök hatur milli Árna og Jóns skráveifu, því árinu áður börðust þeir Árni og Jón og menn þeirra á alþingi, og særðust margir menn. Árnes- og Vestmannaeyjasýslur hygg eg Árna [og] hafa haldið<sup>1</sup>).

### Skúli Þórðarson,

sem eg hygg bróður Árna<sup>2</sup>), mun hafa klagð þetta, en

1) Sjá um Árna hirðstjóra Þórðarson við Árnesping:

#### Andrés Gíslason

í Mörk undir Eyjafjöllum, ef til vill sonarson Grims lögmanns Þorsteinssonar (sbr. II. 437) hefur fengið hirðstjórnarvöld ásamt Ormi Snorrasynti o. fl. 1366. Hann var opt í förum (Annálar) og drukknaði af Sunnefusúðinni 1375, er hann ætlaði út til Íslands (sbr. II, 437). Son hans var *Gisli* ríki í Mörk (+ 1428) og ef til vill Bjarni ábóti í Viðey, er andaðist sama ár (1428). Er ekki ósennilegt, að Gisli Andrésson hafi haft einhver völd í Rangárpíngi. Sbr. um hann Hirðstjóra-annál Jóns Halldórssonar: Safn. II, 622.

#### Oddur Gíslason

bróðir Andrésar hirðstjóra fór utan 1367 ásamt bróður sínum og fleirum. Er sagt í Flateyjarannál, að hann hafi gengið af landi burt 1368, ásamt Jóni Ketilssyni og hvorugur þeirra komið aptur, og er það eflaust svo að skilja, að þeir hafi gengið til Róms og ekki komið aptur úr þeirri ferð, andazt á Suðurvegum. Hvort Oddur Gíslason hafi verið nokkur valdamaður er óvíst.

#### Andrés Sveinsson

bróðir Narfa lögmanns Sveinssonar, og að líkindum sonarson Grims lögmanns Þorsteinssonar, tók við hirðstjórn um allt land 1372, en síðast er hans getið í annálum 1387 (sjá frekar um hann II, 465—466). Að öðru leyti þykir ekki ástæða til, að geta hér nánara hirðstjóranna á 14. og 15. öld, enda er þeirra flestra getið á við og dreif í riti þessu, og auk þess í Hirðstjóra-annál síra Jóns Halldórssonar: Safn til s. Ísl. II. B. En rækilegt og áreiðanlegt rit um þau efni með nýjum rannsóknum, er enn ósamið. Hirðstjórásafn Boga, er áður hefur verið minnst á, er tilraun í þá átt, en þyrfti auðvitað mikilla lagfæringa og athugasemda við.

2) Það er gersamlega röng ágizkun. Sjá um það hér áður.

Smiður hirðstjóri var þá fallinn, svo það féll niður. Þessi Skúli hygg eg hafi haft sýslur í Sunnlendingufjórðungi, helzt Árnes- og Rangárþing. Hann var í fórum og kom inn með sýslubríf 1368. Skúli fór utan ásamt Þorgauti hirðstjóra 1373. Hefur máske haft Árnes-, Vestmannaeyja-, Gullbringu- og Kjósarsýslu til skiptis.

### Helgi Styrsson,

bróðir Loga prests<sup>1)</sup>, hafði sýslu í Vestmannaeyjum 1419—

1) Þetta er gersamlega rangt. Logi prestur og officialis á Ljósavatni var Stígsson, og hafa þeir Helgi vist ekkert verið skyldir. En villan mun stafa af því, að Bogi hefur haft fyrir sér bréf, þar sem Logi prestur hefur verið talinn Styrsson (í stað Stígsson). Helgi Styrsson hefur verið bróðir Guðrunar Styrsdóttur, er fyr átti Snorra Torfason á Ökrum á Mýrum, en giptist síðar 1410 Gísla Andrésyni í Mörk. Var Snorri maður hennar þá lifandi og hafði verið 4 ár (1406—1410) á Grænlandi. Mun hún hafa hugað hann dauðan og því gipzt Gísla. Kom Snorri út 1413, og reið Guðrún þá til fundar við hann og fór allt vel á með þeim. Hefur þá hjónaband hennar og Gísla orðið ógilt. — Þess skal hér getið, að bréf það, sem getur Snorra Torfasonar og Guðrúnar Styrsdóttur konu hans og heimfært er til 1. febr. 1369 í Ísl. Fornbréfasafni III, 250—251 mun vera 30 árum yngra eða frá 1399, eins og afskriftin í bréfabókum Brynjólfs biskups telur, en afskrift Jóns Magnússonar (bróður Árna) sem bréfið er prentað eptir röng að þessu leyti. Ef 1369 væri rétt og Guðrún þá gipt Snorra, hefðu þau að minnsta kosti verið á sjötugsaldri eða um sjötugt 1410, og ólíklegt, að Guðrún hefði þá gipzt svo gömul. Torfi Kodransson faðir Snorra deyr 1394 og Snorra er ekki getið fyr en í Vilkinsmáldaga 1397, þegar 1369 er sleppt. En það sem tekur af allan vafa í þessu efni er, að Guðrún er enn á lífi á Ökrum 17. janúar 1436, og vottar þá um gjöf Árna biskups Ólafssonar til Helga Guðinasonar (Fbrs. IV, 555). Hefði hún þá átt að vera á tíræðisaldri að minnsta kosti, væri hún gipt Snorra fyrir 1369. Helgi Styrsson bróðir hennar hefur og verið roskinn maður, en ekki gamall um 1420, og líklega ekki fæddur síðar en um 1370, en þó sjálfsagt yngri en Guðrún, er mun fædd um 1360—1370. Styr sonur hennar og Snorra er kvæntur 1416. Eg hygg því vafalaust, eptir þessum rökum, að hið fyrnefnda bréf sé frá 1399 en ekki 1369. Um afkomendur Snorra og Guðrúnar sjá II, 548—550, en sumt af því, sem þar er talið eru getgátur (eptir Jósafat Jónasson) og meðal annars það, að Þorgeir faðir Halldórs sýslumanns hafi verið sonarson Snorra (sbr. III, 16—17).

1430, þá hann fyrst fri tók, en árin þar eptir ásakaði enska fyrir yfirgang og ránskap. Hann hygg eg hafa haldið bæði Rangár- og Árnesþing, þó ei allar þessar sýslur undir eins.

Helgi Styrsson er fyrst nefndur í hyllingarbréfi Íslendinga til Eiríks konungs af Pommern á Þingvelli 1. júlí 1419 (Fbrs. IV, 269). Í bréfi 11. apríl 1420, er hann kallaður »sýslumann í Vestmannaeyjum«, og lofuðu þá sex enskir kaupmenn, er höfðu haft þar vetursetu og verzlauð þar og reist hús í óleyfi, að koma til næsta alþingis og hlýða þar góðra manna umdæmi (Fbrs. IV, 275—276). Sama ár 1. júlí á alþingi er hann ásamt Þorsteini Helmingssyni nefndur hirðstjóri í bréfi því, er alþingi þá ritar Eiríki konungi um erindi Hannesar Pálssonar og Þorleifs Árnasonar (Fbrs. IV, 281). 15. ágúst s. á. (1420) er Helgi og nefndur hirðstjóri sunnan og austan á Íslandi í bréfi gerðu í Brautarholti um samtal Hannesar Pálssonar og húsrú Guðríðar Ingimundardóttur (Fbrs. IV, 284—285). Hve lengi Helgi hefur haft hirðstjórnina á hendi verður ekki séð, en ekki er hann nefndur hirðstjóri í máldaga Jóns biskups Gerrekssonar fyrir Krosskirkju í Landeyjum 1430 (Fbrs. IV, 423). Þýr Helgi þá á Krossi og virðist þá hafa verið þar all-lengi. Hvenær hann hafi andazt er óvíst. Kona hans var Sigríður Þorsteinsdóttir og fastnaði hann hana á Viðimýri í Skagafirði með samþykki Páls bróður hennar, en hvenær það hafi verið, sést ekki, því að þessara giptumála er að eins getið í dómi nokkrum um Kross í Landeyjum frá því um 1460, þar sem úrskurðað er, að jörðin Kross skuli vera æfinleg eign Teits sonar Helga (Fbrs. V, 223—224). Jósafat Jónasson hefur gízkað á (Ath. í registri við V. B. Fornbrs. bls. 911), að Sigríður kona Helga Styrssonar hafi verið dóttir Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar og systir Arnfinns hirðstjóra, en um það verður ekkert sagt með vissu. Son Páls Þorsteinssonar bróður hennar hefur verið Þorsteinn lögsagnari (sjá síðar). Son Helga og Sigríðar er:

1. Teitur, bjó fyrst á Krossi (sbr. Fbrs. V, 223—224), en seldi síðar jörðina Birni Þorleifssyni (sbr. Fbrs. VI, 621). Synir hans:
  - a. Narfi, var einn í Krossreið 1471, þá er Magnús Jónsson var veginn, og lýsti Narfi vígi hans á hendur sér (Fbrs. V, 640).
  - b. Helgi er vottur við bréf gert á Reyðarvatni 12. júní 1475 (Fbrs. V, 790—792) og 23. október s. á. neindi Erlendur sýslumaður dóm á Kirkjulæk um mál Helga og Þorleifs Björnssonar og dæmdi Helga jörðina Efrídal undir Eyjafjöllum til frjáls forræðis. Helgi er og einn dómsmanna í dómi Eyjólfssonar lögmanns Einarssonar útnefndum á Hlíðarenda 29. október 1481 (Fbrs. VI, 413—415).
  - c. Páll lögréttumaður í Arnnesþingi (sjá þar) hefur annaðhvort verið son Teits Helgasonar eða frændi hans, son Teits Pálssonar Þorsteinssonar (sjá hér síðar).

Undir bónda nafni getur þessara í Vilkins biskups máldaga.

Við Býjaskerjakirkjumáldaga 1397 Andrésar bónda. Það mun hafa verið annaðhvort *Andrés Gíslason* hirðstjóri yfir  $\frac{1}{4}$  lands 1357—1359, og aptur 1366 yfir hálfu landi og 1367—1368, drukknaði 1378, eða *Andrés Sveinsson* hirðstjóri 1372 optast til 1387 yfir meiru og minna af Íslandi. Báðir Andrésar höfðu sýslur þar syðra<sup>1</sup>).

Við Útskálakirkju Bjarna bónda Guttormssonar<sup>2</sup>).

- Bræðratungukirkju Björns bónda, máske Klofa-Björns.
- Hvalsness- og Útskálakirkju Björns bónda Ólafssonar<sup>3</sup>), máske sama.
- Stokkseyrarkirkju Jóns bónda Jónssonar.
- Kaldaðarneskirkju Jóns bónda, máske sama.
- Strandarkirkju í Selvogi Ívars bónda, máske hirðstjóra<sup>4</sup>).

1) Ákvörðunin um hirðstjórnarár þeirra nafnanna er ónákvæm hér hjá Boga. Það verður að teljast mjög hæpið, að annarhvor þeirra sé sá Andrés bóndi, sem nefndur er í Býjaskerjamáldaga Vilkins 1397 (Fbrs. IV. 105) og þá dáiinn tyrir nokkru. En fremur væri það þó Andrés Sveinsson, en Andrés Gíslason. Andrés Magnússon, sem nefndur er í Kirkjuvogsmáldaga sama ár (Fbrs. IV, 106), er þá á lífi, er máldaginn er saminn, og því annar en Andrés á Býjaskerjum.

2) Bjarni Guttormsson á Útskálum (um miðja 14. öld) hefur líklega verið bróðir Jóns lögmanns skráveifu og frú Unu Guttormsdóttur konu Ketils hirðstjóra Þorlákssonar, en þau hafa verið börn Guttorms lögmanns Bjarnasonar, og mun það hafa verið skylt Kolbeinsstaðamönnum.

3) Björn bóndi Ólafsson á Hvalsnesi dó 1388 (Gottskálksannáll), og er auðvitað allur annar maður en Björn bóndi í Bræðratungu. Að sá Björn sé = Klofa Björn lögmaður er ólíklegt. En Björn bóndi á Hvalsnesi, er eflaust sá Björn Ólafsson, sem kosinn er af leikmanna hendi á alþingi 1358 með Ívari Vigfússyni Hólmi til að semja um kirkjumál við »visitatores« Eyjólf prest Brandsson og bróður Eysteín Ásgrímsson (Safn til sögu Ísl. II, 72).

4) Þ. e. Ívar Vigfússon Hólmur hirðstjóri († 1371) Fbrs. IV, 100—101.

Við Hjallakirkju Nikulásar bónda<sup>1</sup>).

— Úlfjótsvatnskirkju Nikulásar bónda, máske sama<sup>2</sup>).

— Kirkjubólskirkju á Suðurnesjum Ólafs bónda<sup>3</sup>).

— Skarðskirkju á Landi Sæmundar bónda, máske Eirikssonar<sup>4</sup>).

— Gnúpakirkju í Ölfusi Þórhalls bónda<sup>5</sup>).

— Teigskirkju í Fljótshlíð Sölmundar bónda<sup>6</sup>).

*Sölmundur* bóndi var faðir Hallberu, sem *Erlendur Narfason* frá Kolbeinsstöðum átti. Bæði *Sölmundur* og *Erlendur Narfason* hafa haft sýslur, *Sölmundur* fyrir, um og eptir 1400 í Rangárþingi fram um 1420, en *Erlendur Narfason* um 1440 og þar eptir. Ei er vist, að þeir hafi haft alla sýsluna eða í sífellu<sup>7</sup>). Nokkrir af áður töldum bændum

---

1) Sbr. Fbrs. IV, 97. Í máldaga Torfastaðakirkju í Ölfusi (nú í Grafningi), er og Nikulásar getið (Fbrs. IV, 93), en hann er ekki nefndur »bóndi«.

2) Fbrs. IV, 93.

3) Þessi Ólafur bóndi á Hvalsnesi mun vera Ólafur Bjarnarson hirðstjóri († 1354).

4) Sæmundur þessi hefur verið af ætt Oddaverja. Dætur hans voru Guðrún, er átti Jón Ófeigsson (Fbrs. IV, 310—311). Þórdís og Ingibjörg (sbr. Ísl. Artíðaskrár, bls. 259).

5) Fbrs. IV, 96. Kona Þórhalls hét Guðríður.

6) *Sölmundur* hefur verið talinn son Guðmundar Þorgeirssonar, sem getið er í máldaga Teigskirkju (Fbrs. IV, 78). *Sölmundur* og Þuríður kona hans bua í Teigi 1397, þá er Vilkinsmáldagi er gerður. Í bréfi frá 1518 (Fbrs. VIII, 674) er talin ætt frá *Sölmundi Tafssyni* (í Hitardal?) og dóttir hans talin Hallbera móðir Einars föður *Erlends*. Líklega er hér um aðra Hallberu *Sölmundardóttur* að ræða en Hallberu í Teigi, þótt nafnið sé fágætt. Hver veit nema *Sölmundur Tafsson* sé = *Sölmundur* í Teigi? Að hann hafi verið Guðmundsson eru ekki beinar sannanir fyrir eptir Teigskirkjumáldaganum frá 1397.

7) Engar heimildir eru fyrir því, að *Sölmundur* eða *Erlendur* tengdason hans hafi haft sýslu í Rangárþingi. *Erlendur* bjó í Teigi eptir *Sölmund* tengdaföður sinn. Hann kemur fyrst við bréf 1439 (Fbrs. IV, 585—586), og er á lífi 1458. (Fbrs. V, 176) en mun hafa andazt skömmu síðar. Son hans og Haliberu, annar en *Erlendur* sýslumaður (sjá hér síðar) var *Sölmundur*, er var í visitasiuferð Sveins biskups Péturssonar um Vestfjörðu 1473, og er hans getið í Vatnsfirði 28. ágúst það ár (Fbrs. V, 714).

hafa máske haft syðra eða eystra sýslur um hrið, en fleiri þeirra munu verið hafa lögréttumenn og fyrirtaks bændur.

### Helgi Ólafsson

meinast sonur Ólafs hirðstjóra og lögmanns 1364 Péturs-sonar lögmanns 1331 Halldórssonar<sup>1</sup>). Helgi bjó fyrst á Keldum og fékk Akra-Kristínar Þorsteinsdóttur lögmanns og hirðstjóra Ólafssonar. Þeirra börn: Þorsteinn á Reyni og Eiríkur á Keldum<sup>2</sup>). (Síðar átti Akra-Kristín Torfa hirðstjóra og riddara Arason, sem dó í Noregi 1458, varð riddari 1448, hirðstjóri 1450 í 6 ár, þeirra börn: Málfríður, sem giptist Finnþoga lögmanni 1467 og Guðrún). Helgi flutti seinna að Ökrum og varð lögmaður eptir 1436, en mun hafa dáið um 1452 eða 1453<sup>3</sup>). Rangár- og Skaptárþing meina eg hann hafi haldið um hrið nálægt 1430, þó er ei þar fyrir full vissa. Kristín varð gömul og bjó á Ökrum eptir báða menn sína.

### Erlendur Erlendsson.

*Faðir:* Erlendur Narfason, er fyr bjó á Kolbeinsstöðum. Narfi var Vigfússon Ketilssonar<sup>4</sup>) hirðstjóra Þorlákssonar.

1) Þetta er skökk ættfærsla. Helgi sá, sem hér er um að ræða maður Akra-Kristínar var Helgi *Guðnason* lögmaður, systursonur Arna biskups milda Ólafssonar, en um ætterni hans er að öðru leyti ókunnugt. En faðir Þorsteins lögmanns tengdaföður hans mun hafa verið Ólafur í Gnúpufelli son Péturs lögmanns Halldórssonar (sbr. II, 483), sem líklega er sami maður og Ólafur Pétursson hirðstjóri (um 1363), sem aldrei mun hafa verið lögmaður. Ólafur Pétursson í Gnúpufelli andaðist 1410.

2) Eiríkur var son Þorsteins, en ekki bróðir hans. Þorsteinn var fyrsti maður Ragnheiðar Eiríksdóttur frá Skarði Krákssonar.

3) Helgi mun ekki hafa búið á Ökrum, en Kristín fluttist þangað, er hún giptist Torfa og lifði lengi eptir hann ekkja. Helgi lögmaður Guðnason er dáinn fyrir 7. maí 1445. Sjá um hann: Lögsögumannatal og lögmannna: Safn til s. Ísl. II, 84—85. Að Helgi lögmaður hafi haft sýsluvöld í Rangárþingi er alls ekki ósennilegt, þótt dómur hans þar finnist ekki.

4) Þetta er skökk ættfærsla. Vigfús faðir Narfa á Kolbeinsstöðum var Flosason, en mun hafa verið kvæntur dóttur Ketils

- Móðir:* Hallbera Sölmundardóttir, sem sagt er að hafi erfitt eftir foreldra sína og aðra ættmenn, allar bændaeygnir í Fljótshlíð. Hennar móðir var Þuríður. Þau Sölmundur og Þuríður lifðu 1397 á Teigi í Fljótshlíð.
- Kona:* Guðríður á Möðruvöllum dóttir Þorvarðar Loptssonar ríka (sjá Vaðlaþing).
- Börn:*
- A. Þorvarður lögmaður (sjá Árnassýslu).
  - B. Vigfús hirðstjóri 1507 (sjá síðar).
  - C. Hólmfriður átti fyr Einar son Eyjólfssonar lögmanns Einarssonar (sjá Skaptafellssýslu), en síðar Jón sýslumann Hallsson (sjá síðar).  
Síra Jón Egilsson telur enn börn Erlends og Guðríðar:
  - D. Jón. Hans dóttir:
    - 1. Guðlaug móðir Gísla sýslumanns í Miðfelli (sjá Árnassýslu).
  - E. Narfi. Hans börn:
    - 1. Guðmundur.
    - 2. Erlendur.
    - 3. Jón. Þeirra afkomendur allt fátækt fólk. Eg meina þeir hafi verið launsynir Erlends<sup>1)</sup>, því ei getur þeirra í arfaskiptum<sup>2)</sup>.

---

hirðstjóra. Hefur framætt Vigfúsar verið hér áður talin, eftir því sem telja má fullvíst, í beinan karlegg frá Erlendi lögmanni sterka.

1) Þeir Jón og Narfi munu hafa verið skilgetnir synir Erlends sýslumanns, því að það sannar ekkert, þótt þeirra sé ekki getið í arfaprættum þeirra Þorvarðs og Vigfúsar við Grim Pálsson. Narfi hafði um tíma sýslumannsumboð í Rangárþingi fyrir Vigfús bróður sinn (sjá síðar). Erlendur son Narfa bjó á Kirkjulandi í Landeyjum, en Jón og Guðmundur bræður hans drukknuðu á Eyjarvaði (í Þjórsá) á dögum Ögmundar biskups (Biskupaannál- ar Jóns Egilssonar: Safn I, 80). Salbjörg er og enn í ættatölum talin dóttir Narfa Erlendssonar og hafi átt Eyjólf nokkurn, þeirra son Narfi, og börn Narfa: Guðmundur, Gunnlaugur, Vigdís, Jón. Frá þessu fólki verða ekki ættir raktar.

2) Arfaskipti eftir Erlend sýslumann eða Guðríði konu hans, sem lifði lengur en hann, eru mér ókunn.



Erlendur var ungur sveinn í Skálholti á dögum Gottsveins biskups, en þá var þar prestur Sveinn spaki Pétursson. Hér um 1444 skyldi síra Sveinn um veturinn embætta á Torfastöðum og kvaddi Erlend til ferðar með sér, sem svein sinn. En þá þeir komu í hólana fyrir sunnan Hrosshaga brast á forráðsveður, svo þeir villtust og því næst lögðust fyrir. Erlendur var þá lítt harðnaður og tók að kala. Prestur þæfði hann til hita. Erlendur kvaðst aldrei komast þaðan með lífi. Prestur bað hann bera sig vel, »því gott kemur hér á eptir og verður okkar önnur æfi, þá eg er orðinn biskup í Skálholti, en þú fær dóttur Þorvarðar ríka á Möðruvöllum og húsfrú Margrétar«. Erlendur mælti: »Það má vel ske, að þér verðið biskup í Skálholti, en það aldrei, að eg fái svo ríka og vel borna konu, svo fátækur sem eg er hjá henni«. »Efa þú aldrei guðs miskun« sagði prestur, »því svo mun verða sem eg segi og það til merkis, þá þú riður til kaupa, mun koma slík helliskúr, að menn munu varla þykjast muna slíka«. Að morgni létti upp hriðinni og fóru þeir til Torfastaða. (Það var á orði, að Sveinn skildi hrafnamál eða hann hefði sagnaranda í hrafnsliki, segir síra Jón Egilsson)<sup>1</sup>).

Erlendur mannaðist vel og gerðist umboðsmaður í Rangárþingi nálægt 1450. Hygg eg, að hann hafi algerlega fengið Rangárþing næst eptir Helga lögmann Ólafsson um 1453 eða miklu fyr, því Helgi lögmaður mun þar hafa sleppt sýslu um 1440<sup>2</sup>). 1459 lét Erlendur dóm ganga,

---

1) Biskupaannálar: Safn til s. Ísl. I, 37—38, sem frásögn þessi um Svein biskup og Erlend er tekin eptir. Erlendur er líklega fæddur um 1430 eða litlu fyr.

2) Erlendur mun ekki hafa tekið sýslu í Rangárþingi fyr en eptir að hann kvæntist 1460. Dómur hans frá 1459, er Bogi getur um, þekkist nú ekki og mun ártalið skakkt (ef til vill í staðinn fyrir 1479). Hinn fyrsti dómur Erlends sýslumanns, sem nú er kunnur, er Krossreiðardómur í Lambey og á Keldum 9. og 10. september 1471 (Fbrs. V, 636—642). 25. janúar 1472 dæmir hann á Hliðarenda um Eyjólf lázara Gunnarsson, er var einn í Krossreið (Fbrs. V, 655—656). Dómur hans í Skarði á Landi 25. júní 1475 er vafasamur (Fbrs. V, 794—795).

sem getið er. 1460 giptist hann á Möðruvöllum og tjáist rælt hafa spá Sveins spaka. 1471 (alii 1473, Björn á Skarðsá 1480) var ránið á Krossi í Landeyjum. Um það lét Erlendur dóm ganga ásamt um víg Magnúsar og ákomu Ragnheiðar konu hans. 1475 lét Erlendur dóm ganga að Kirkjulæk í Fljótshlíð á tveggja postula messu um Efradal undir Eyjafjöllum frá Þorleifi Björnssyni á Reykhólum til Helga Teitssonar<sup>1)</sup>, annan að Fíflholtum í Landeyjum mánudag fyrir allra heilagra messu um Kollabæ í Fljótshlíð<sup>2)</sup>. Dæmdist hann Þorleifi frá Guðmundi Eirikssyni. 1481 tildæmdist Erlendi Lágafell í Ytri-Landeyjum af Eiriki Jónssyni<sup>3)</sup>. 1482 seldi Erlendur Hrossatungu til Hafurs<sup>4)</sup>. 1494 þá Möðruvallamálin hófust lifði Erlendur. 1492 gekk dómur um vígsbætur af Ormi Jónssyni 27 hndr. eptir Sigurð Þorsteinsson í Fljótshlíð; hafði hann verið saklans veginn. Þessi Ormur Jónsson lét og dóm ganga 1492 á Egilsstöðum með tólf mönnum um vígsbætur, nefnist hann þar kongsumboðsmaður í Múlaþingi<sup>5)</sup>. Erlendur hafði að veitingu meðan lifði Mörk og

---

1) Fbrs. V, 802—804.

2) Fbrs. V, 805—806.

3) Fbrs. VI, 413—415. 20. maí 1482 á Þorkelshóli var Erlendi ásamt Páli Brandssyni dæmt umboð Orms Bjarnasonar (Fbrs. VI, 436—438).

4) Þetta kaupbréf Erlends og Hafurs Ólafssonar er gert í Odda 14. júní 1483 (Fbrs. VI, 487—488). Hinn 7. febrúar 1491 á Möðruvöllum selur Erlendur með samþykki Guðriðar konu sinnar Arna Einarssyni jörðina Kambfell fyrir 30 hundruð (Fbrs. VI, 738—739). 2. október 1494 á Kolbeinsstöðum selur Erlendur klaustrinu á Helgafelli jörðina Hraunholt í Hnappadal (Fbrs. VII, 224). 2. marz 1495 á Strönd í Selvogi selur Erlendur og Guðriður kona hans Erlendi Jónssyni jörðina Bakka á Kjalarnesi fyrir Lágafell í Landeyjum (Fbrs. VII, 252—253). Skömmu síðar mun Erlendur hafa dáið. Virðist hann vera á lifi í júní 1495 (sbr. Fbrs. VII, 265—268, 273—274), en hefur líklega dáið seint á því ári.

5) Þessir tveir dómar Orms, er Bogi getur um, eru einn og sami dómur útnefndur á Egilsstöðum í Fljótsdalshjerði, en ártæður til 1422 í Ísl. Fornbréfasafni IV, 297—298. Hefur Bogi

Merkureignir, en þar eptir Vigfús son hans til 1522. Eptir 1495 hygg eg Erlendur hafi dáið, og þangað til haldið sýsluna.

### Torfi Jónsson.

í Klofa (sjá um hann við Árnessýslu). Hann mun hafa tekið Árnessþing nálægt 1480, Dalasýslu ásamt 1497 og

líklega haft fyrir sér aðra afskript með ártalinu 1492, og er ekki auðvelt að segja, hvort réttara er. Tölurnar XX og XC (20 og 90) má mislesa á víxl. Ormur Jónsson er í Árnessþingi (eða Rangárþingi) um og eptir 1490, og hann er einmitt fyrstur votta við kaupbréf Erlends 2. marz 1495 á Strönd í Selvogi, sem fyr var getið. Hann er og ef til vill sami maður og sá Ormur Jónsson, sem er einn dómsmanna í dómi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar á Borg í Grímsnesi 22. maí 1504 (Fbrs. VII. 692—694). Að hann sé sami maður og Ormur Jónsson Ásgeirssonar sýslumaður í Þórsnesþingi (sbr. III, 18—19) getur ef til vill verið. Ormur sýslumaður átti í skærum við Stefán biskup 1492 (Fbr. VIII, 105—108), og er svo að sjá, sem hann hafi þá haft sýsluvöld og jafnvel átt heima í grend við Skálholt. Er ekki ómögulegt, að hann hafi um það leyti haft t. d. sýslu í Árnessþingi. En hver sá Ormur Jónsson var, er sýslu hafði í Múlaþingi og dæmdi þar Egilsstaðadóm 1422, sé það ártal rétt, vita menn ekki. Til skýringar við III, 19 skal þess getið, að eg hef fundið í fornum bréfum, að Sigurður son Orms sýslumanns hefur átt Guðrúnu Eyjólfsdóttur, og hefur hún verið dóttir Eyjólf á Hjalla og Ásdísar systur Ögmundar biskups.

### Þorsteinn Pálsson

var umboðsmaður Erlends sýslumanns Erlendssonar í Rangárþingi 1476, og lætur þá dóm ganga í umboði hans 25. júní það ár í Skarði á Landi, um Þjórsártungur milli Tungnár og Sprengisands. Er það hinn nafnkuuni Veidivatnadómur, og er skýrt nákvæmlega frá sögu þessa dóms í Ísl. Fornbréfas. VI, 79—83. Þorsteinn Pálsson hefur verið mikilsháttar lögréttumaður og er fyrstur dómsmanna í Hliðarendadómi Erlends sýslumanns 25. janúar 1472 (Fbrs. V, 655—656). Hann er og einn dómsmanna í Kirkjulækjardómi Erlends sýslumanns 23. október 1475 (Fbrs. V, 802—804). Enn er Þorsteinn lögréttumaður einn dómsmanna í Hliðarendadómi Eyjólf lögmanns Einarssonar 29. október 1481 (Fbrs. VI, 413—415). Eg tel mjög sennilegt og enda með öllu víst, að Þorsteinn þessi sé son Páls Þorsteinssonar, bróður Sigriðar, er Helgi Styrsson á Krossi átti (sjá hér áður), og stýðst það meðal annars við það, að bróðir hans hefur verið sá *Teitur Pálsson* lögréttumaður, er ásamt Þorsteini er einn dómsmanna í

þá sleppt henni, en tekið Rangárþing eptir Erlend, nálægt 1498. Árness- og Rangárþing mun hann hafa haldið til síns dauða 1503 (alii 1502)<sup>1</sup>).

### Vigfús Erlendsson.

*Faðir:* Erlendur sýslumaður Erlendsson (sjá hér á undan).

*Móðir:* Guðriður Þorvarðsdóttir.

*Kona:* Guðrún dóttir Páls á Skarði, sem veginn var á Öndverðareyri 1498 (sjá Dalasýslu). (Guðrún hefur ekki verið dóttir Solveigar Björnsdóttur, heldur fyrri konu barn Páls, máske með Akra-Guðnýju, sem líklegt sýnist, að Páll hafi áður átt og hún hafi verið dáið fyrir 1480, áður en Páll giptist Solveigu<sup>2</sup>).

*Börn:* A. Páll á Hliðarenda (sjá síðar).

B. Anna átti mörg börn í frillulífi með Hjalta Magnússyni, áður Páll lögmaður bróðir hennar vildi samþykkja þeirra giptingu, þar af voru:  
1. Magnús átti fyrst<sup>3</sup>) Þórunni dóttur séra

---

hinum fyrnefnda dómi Eyjólfis lögmanns 1481. En son þessa Teits (eða Tcits Helgasonar á Krossi) hefur verið Páll lögréttumaður í Árnespíngi (sjá þar). En son Þorsteins Pálssonar hefur verið *Teitur* prestur *Þorsteinsson* í Hrepphólum († c. 1530), sbr. Fbrs. IX, 605—606, er kemur við bréf í Steinsholti í Eystrihrepp 31. október 1502 (Fbrs: VII, 620—622). Þar í Eystrihrepp mun og Páll lögréttumaður Teitsson hafa verið, og virðist allt benda á, að þeir Krossverjar, afkomendur og skyldmenn Teits Helgasonar Styrssonar, hafi flutt í Eystrihrepp, enda eru miklar líkur fyrir því, að það fólk hafi verið náskýlt og nátengt Jóni Magnússyni (eldra) á Núpi, og hefur þess verið áður getið við Árnespíng bls. 238—239.

1) Torfi hefur dáið síðla árs 1504, fremur en eptir nýár 1505. (Sjá Árnessýslu bls. 233). Hvenær hann hafi fyrst tekið Rangárþing er óvíst. Getur vel verið, að hann hafi þegar tekið sýsluna að Erlendi látnum um 1496, en haft þar umboðsmann meðan hann hélt Dalasýslu. Sjá nánar um Torfa við Árnessýslu bls. 229—233.

2) Sjá um þetta II, 567—568 n. m., sbr. einnig II, 560.

3) Talið er í sumum ættatölum, að Magnús hafi verið þrikkvæntur og fyrsta kona hans Valgerður dóttir Ólafs Björnssonar í Marteinstungu, en það mun skakkt og getur ekki staðizt tímans vegna.

Björns Gíslasonar í Saurbæ (bróður  
 Árna Gíslasonar); börn:  
 a. Páll á Heylæk<sup>1</sup>).

1) Páll átti stjúpdóttur sína Þórunni Einaradóttur Grímssonar Þorleifssonar á Möðruvöllum; p. b.:

1. Hjalti í Teigi átti fyrir Dómhildi Ormsadóttur sýslumanns í Eyjum Vigfússonar; p. b.:

a. Þórunn (sbr. bls. 51 hér að framan).

S. k. Hjalta Elin Eiríksdóttir lögréttumanns á Búland; Sigvaldasonar; p. b.:

b. Jón prestur í Saurbæ í Eyjafirði (f. 1643, † 1705) átti Helgu Jónsdóttur; p. b.:

aa. Hjalti prestur í Saurbæ († 1707) átti Önnu Björnsdóttur sýslumanns á Esphóli Pálssonar; bl.:

bb. Jón hafði fengið veitingarbréf fyrir Barði í Fljótum, en hann dó í stórubólu, átti Elinu Björnsdóttur, systur Önnu; bl.

cc. Elin fyrri kona síra Jóns Einarssonar greipaglennis á Skinnastöðum; p. b.:

aaa. Einar prestur á Skinnastöðum átti Guðrúnu Björnsdóttur sýslumanns á Bustarfelli Péturssonar og mörg börn (sjá Múlaping).

dd. Þórunn átti síra Þorgrím Jónsson á Hálsi í Fnjóskadal († 1739); p. b.:

aaa. Jón prestur á Hálsi († 19. nóv. 1798) átti Katrínu Hallgrímsdóttur, fæðursystur síra Sigurðar Árnasonar á Hálsi og mörg börn. Eitt þeirra var Þórunn kona síra Gunnars Hallgrímssonar í Laufási, móðir síra Gunnars, er þar var síðar († 1853).

bbb. Hjalti prestur í Nesi í Aðalreykjadal († 1754) átti Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Hallgílsstöðum í Fnjóskadal Guðmundssonar, p. b.: Þorsteinn á Krossi í Bárðardal og Þorgrímur.

ccc. Ragnheiður átti síra Ólaf Brynjólfsson í Kirkjubæ í Tungu, þeirra börn: Brynjólfur prestur í Stöð, Sigríður s. k. Péturs sýslumanns Þorsteinssonar (sjá Múlaping), Ragnheiður kona síra Erlends Guðmundssonar í Stöð, Þórunn s. k. síra Gísla Sigurðssonar í Heydölum, Helga og Ingibjörg, er átti Ingimund Jónsson í Garði í Ólafsfirði og var þeirra son Ólafur stúdent á Torfalæk.

ee. Helga átti Jón Jónsson á Æsustöðum; p. b.:

aaa. Hjalti á Gílsá átti Ingibjörgu Halldórsdóttur, p. b.: Helga átti Benedikt Sigurðsson (sbr III, 239).

bbb. Gunnlaugur.

## b. Erlendur.

- ccc. Páll. Dóttir hans, segir Guðmundur í Melgerði, að hafi verið Helga, er átti Bjarna Jónsson í Lundi í Fnjóskadal. Eitt barna þeirra Páll faðir Helgu, er átti sira Björn Jónsson á Reynivöllum († 1867). [Sumir telja, að faðir Helgu konu Bjarna í Lundi hafi verið Páll son Hjalta Jónssonar á Gilsá, en Guðmundur í Melgerði má vita það betur].
- ff. Páll.
- gg. Gunnlaugur, voru báðir skólagengnir, eru skrifaðir í stúdentatölu við háskólann 28. nóvember 1704, en önduðust í stórubólu 1707, ókv., bl. Hafði Páll þá fengið veitingu fyrir Höskuldsstöðum.
- Allir fjórir synir sira Jóns Hjaltasonar önduðust í þeirri drepsoött, barnlausir. Sira Jón ferðaðist sumarið 1705 suður að Teigi í Fljótshlíð, því að hann átti þá jörð, veiktist hann þar og andaðist í sama rúmi, sem hann var fæddur í.
- c. Dómhildur átti sira Þorstein Gunnlaugsson, er síðast hélt Þingeyraklaustur († 1686); p. b.:
- aa. Hjalti prófastur í Vatnsfirði († 17. jan. 1752) átti Sigríði Þorsteinsdóttur prófests á Völlum í Svarfaðardal Illhugasonar, p. b.:
- aaa. Elin átti Markús sýslumann Bergsson í Ögri (sjá Ísafjarðarsýslu).
- bbb. Steinvör átti sira Gísla Hannesson á Stað í Grunnavík og börn:
- ccc. Guðrún tvígipt. Launson hennar með Einari Jónssyni í Reykjarfirði var Þorbergur prestur á Eyri í Skutulsfirði faðir Hjalta prests á Kirkjubóli, föður sira Ólafs á Breiðabólstað í Vesturhópi, föður Bergs Thorbergs amtmanns. Er mikill ættbálkur frá sira Þorbergi Einarssyni kominn.
- Annað launbarn Guðrúnar Hjaltadóttur með Ólafi Árnasyni sýslumanni í Haga var Sigurður klausturhaldari í Kirkjubæ (sbr. II, 136).
- ddd. Halldóra átti sira Þórð Guðmundsson a Grenjadarstað († 1741). Um börn þeirra sjá Guðfræðingatal mitt bls. 286—288.
- bb. Eiríkur prófastur í Saurbæ í Eyjafirði († 8. nóv. 1738) átti Helgu Björnsdóttur prests Skúlasonar og Sigríðar Þorgilsdóttur frá Brimilsvöllum. Sjá um börn þeirra og afkomendur III, 159—161.
- cc. Helga átti Pál Erasmusson prests í Hrepphólum Palssonar; p. b.:

c. Þórður, laungetinn<sup>1</sup>).

- aaa. Þórunn átti Sigurð Jónsson austur í Skógum.  
 bbb. Guðrún átti Bjarna Ívarsson vestra og börn:  
 ccc. Katrín.  
 ddd. Helga.  
 eee. Járngerður [um börn Páls og Helgu er annars nokkuð óvíst, og ekki áreiðanlegt, að þau séu hér rétt talin. Ó. Snókdalin telur og dóttur Páls og Helgu Guðlaugu, er átt hafi Guðmund í Miðfelli í Ytrihrepp. Sá Guðmundur var Eyvindsson, en kona hans hét Guðlaug Jónsdóttir, og eru frá þeim bændaættir í Árnessýslu. Annar Guðmundur Jónsson bjó í Miðfelli um sama leyti og nafni hans, og var kona hans Guðlaug Erasmusdóttir prests í Hrepphólum, systir Páls. Mun ruglingurinn í ættatölunum stafa af þessum venzlum Guðmundar Jónssonar í Miðfelli við Pál Erasmusson].
- dd. Þorbergur skáld á Þorgeirsfelli í Staðarsveit, átti Halldís Hákonardóttur (II, 670) bl.
- ee. Jón prestur í Hvammi í Laxárdal († 1707) átti Guðrúnu Tómasdóttur, bl.
- ff. Guðrún átti fyrir Pétur Björnsson, þeirra dætur:  
 aaa. Þorgerður.  
 bbb. Sigríður.  
 ccc. Ólöf. S. m. Guðrúnar Halldór Guðmundsson Steindórssonar (III, 117); bl.
- gg. Erlendur var umboðsmaður konungsjarða á Barðaströnd. Son hans:  
 aaa. Þorsteinn. Börn hans Dýrfinna, er átti Þorleif Pétursson á Haukabrekku og Erlendur, er átti Helgu Jónsdóttur í Rauðseyjum Jónssonar.
- hh. Þorkell, lærði í skóla, sigldi, kom aptur, dó bl.  
 ii. Helga yngri.
- d. Páll gekk í Skálholtsskóla, dó ungur 1655, áður en hann útskrifaðist (Bisks. II, 394). Þar (í Bisks. II, 394) er enn talinn son Hjalta og s. k. hans Elinar Björn í Teigi, en það stafar beinlínis af mislestri á handritinu, eins og sést af frumritinu (ættatölubók síra Jóns á Lambavatni) sem er í minni eign. Í ættatölu undan Eyjafjöllum (eptir Jón Sigurðsson í Steinum), er son Hjalta Pálssonar, sem þar er kallaður Kola-Hjalti á Rauðafelli, enn fremur talinn Jón faðir Brands föður Magnúsar á Rauðafelli, sem ættir eru

1) Þórður átti Guðlaugu dóttur Erasmusar prófasts Villadssonar á Breiðabólstað.

Síðan átti Magnús Þuriði<sup>1)</sup> dóttur  
Magnúsar Arnasonar í Stóradal. Hana

frá komnar þar eystra, en sú ættfærsla er ekki ábyggileg, og því ekki tekin hér til greina, enda mun hér vera um annan Hjalta að ræða, þ. e. Hjalta á Raufarfelli son Jóns prests Stefánssonar í Kálfholti (sjá hér síðar). Hjalti í Teigi druknaði 1650.

2. Björn Pálsson í Teigi átti Elinu dóttur síra Jóns Sigurðssonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð; þ. b.:
  - a. Jón átti Solveigu Guðmundsdóttur prests í Fljótshlíðarþingum Guðmundssonar.
  - b. Hjalti átti Ragnhildi Hallsdóttur harða í Möðrufelli Bjarnasonar. Börn þeirra eru talin I, 238. Son Steinunnar Hjaltadóttur Arnbjörn (rangt: Arnbjörg). Hjalti son Þórðar Magnússonar í Felli og Guðrúnar Hjaltadóttur Björns-sonar var faðir Einars prests á Þóróddsstað († 30. apríl 1827).
  - c. Páll lögréttumaður á Bjarnastöðum í Selvogi, var á lífi 1729, 76 ára, átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Hróarsholti Loftssonar, systur Þorsteins í Hróarsholti, Íunnar, er átti Gísla Jónsson á Kröggólfsstöðum, og Randíðar, er átti síra Jón Halldórsson á Ólafsvöllum. Börn Páls og Guðrúnar talin Björn og Guðrún, er átti Bjarna Sigurðsson í Nesi í Selvogi bróður Péturs s. st. [Hjá Snókdalín er Bjarni maður Guðrúnar talinn ranglega Sigmundsson].
  - d. Ragnhildur átti Magnús son Einars digra lögréttumanns í Njarðvík eystra Magnússonar í Njarðvík Þorvarðssonar Björnssonar skafins; þ. b.:
    - aa. Þrúður átti Þorleif lögréttumann Einarsson, bróður Ísleifs sýslumanns í Skaptafellssýslu og þeirra bræðra, þ. b.: Þorleifur og Sesselja, dóu ung.
  - e. Guðrún átti Jón Guðmundsson lögréttumann á Raudalæk í Holtum bróður Solveigar, er átti Jón Björnsson bróður Guðrúnar; þ. b.:
    - aa. Grímur lögréttumaður á Reyðarvatni átti Guðfinnu Ísleifsdóttur Þórðarsonar (sbr. II, 305); þ. b.:
      - aaa. Elin átti fyr Þorstein Kortsson í Árbæ (sjá afkomendur þeirra bls. 118 hér að framan), en síðar Þórð í Árbæ Jónsson prest í Eyvindarhólum Oddssonar, bl.
      - bbb. Solveig s. k. síra Daða Guðmundssonar á Reyni, þ. b.: Ástriður tvígipt, Þorbjörg, er átti Björn í Eyvindarholti Magnússon prests í Stóradal Sveinssonar, Þóra miðkona Halldórs Jónssonar á Steins-

1) Hún hét Þrúður.



hafði áður átt Einar Grimsson Porleifssonar; þeirra börn: Þórunn, Sol-

mýri, Guðfinna, Grimur, Daði og Guðni, er átti ýms launbörn, eitt þeirra Steinunn, er átti fyr Ara Höskuldsson frá Pverhamri og börn, en síðar Árna Jónsson frá Klömbrum og börn.

bb. Björn.

cc. Guðríður.

dd. Elin.

i Ingunn átti Gísla Guðmundsson á Rauðalæk bróður Jóns; p. d.:

aa. Guðrún átti Nikulás á Pverlæk Magnússon prests í Kálfholti Pálssonar, p. b.:

aaa. Ingibjörg átti Guðmund á Efri-Rauðalæk Bjarnason Ingimundssonar á Strönd í Selvogi Grimssonar Einarssonar Grimssonar á Möðruvöllum Porleifssonar, p. b.:

× Nikulás kvæntist ekki.

× Páll í Holtsmúla átti fyrir Ingunni Jónsdóttur í Bolholti Þórarinssonar í Næfurholti Brynjólts-sonar, þeirra dóttir a) Guðrún s. k. Magnúsar Sigurðssonar á Núpi í Fljótshlíð, en síðar átti Páll Katrínu Þorsteinsdóttur í Ostvatnsholti Helgasonar, og s. k. hans Elinar Hallvarðsdóttur, p. b.: b) Þorsteinn á Vindási faðir Jóns er þar bjó einnig, og Katrínar konu Vigtúsar Pálssonar á Stóra-Hofi í Eystrihrepp; c) Eiríkur í Álfhólum; d) Guðfinna s. k. Einars Guðmundssonar í Stúfholti.

× Guðrún eldri átti Finn Þorgilsson á Efri-Rauðalæk, föðurbróður Jóns á Rauðnefsstöðum, p. d.: Helga átti Þórð Ólafsson á Ketilsstöðum í Holtum.

× Guðrún yngri átti Eyjólf Jónsson í Áshól, p. d.: Ástríður átti Markús Þorvaldsson í Traustholtshólma.

× Þórunn átti Hákon Jónsson í Marteinstungu, þeirra son Gislí.

× Sigríður átti Magnús Þorgilsson í Tungu á Rangárvöllum, bróðurson Finns, p. b.:

a) Þorgils í Bjóluhjáleigu, drukknaði í Rangá 1824, átti Ingileif Guðmundsdóttur, og börn:

b) Guðmundur í Glöru í Eystrihrepp átti Valgerði Eiríksdóttur í Háholti Marteinsonar og börn.

veig og Grimur (sjá Vaðlaþing). En með þessum seinni manni var hennar son:

- c) Kristin átti Stein í Króktúni Guðmundsson frá Keldum Erlendssonar í Gunnarsholti Þorsteinssonar Guðmundssonar á Reynifelli Jónssonar og 15 börn, þar á meðal: Torfi sōðlasmiður, Eiríkur, Steinn í Bakkakoti og Magnús.
- d) Margrét átti Guðmund Magnússon í Ketil-húshaga og börn.
- × Málfríður átti Pál Guðnason í Moldartungu, þ. b.: a) Guðni í Garðsauka, b) Halldóra, er átti Runólf Kárason í Kollabæ, c) Guðrún s. k. Lopts Bjarnasonar frá Vikingslæk, móðir Lopts á Kaldbak og d) Anna, er átti Þorkel á Hár-laugsstöðum Arnórsson frá Selfosskoti Vigfússonar, þ. b.: Gísli á Seli í Holtum, Arnór o. fl.
- × Þórellfur.
- × Elin mun hafa dáið bl.
- bbb. Guðrún s. k. Eiríks Bjarnasonar í Kvíarholti bróður Guðmundar á Rauðalæk; þ. b.:
- × Nikulás átti dóttur Odds Eiríkssonar í Ásum í Eystrihrepp.
- × Páll.
- × Anna.
- × Guðrún.
- ccc. Þorgerður f. k. Jóns Guðmundssonar í Köldukinn og Saurbæ í Holtum, þ. b.:
- × Magnús í Holtsmúla. Hans dóttir Þorgerður átti fyr Magnús Jónsson í Litla-Klofa, en síðar Eirík Gíslason í Fellsmúla, og var son þeirra Magnús í Hladgerðarkoti, er átti Valgerði Ólafsdóttur ekkju Höskulds Sverrissonar í Haga og mörg börn. Laundóttir Þorgerðar Magnúsdóttur konu Eiríks með Jóni Ingvarssyni í Flagbjarnarholti hét Guðný. Þær mæðgur urðu báðar úti í byl.
- × Þorgerður.
- × Hallbera.
- ddd. Páll var á Þverlæk.
- eee. Björn á Samsstöðum. Synir hans tveir Jónar, dóu bl.
- fff. Ingunn f. k. Þorsteins Helgasonar í Ostvatnsholti; þ. b.:
- × Guðmundur í Snjallsteinshöfða átti Ingiriði

d. Arni á Heylæk, sem átti Solveigu Eyjólfsdóttur og mörg börn (sjá síðar).

Finnsdóttur Þórðarsonar prests í Villingaholti Þorsteinssonar; p. b.: Einar í Stúfholti, Finnur í Snjallsteinshöfða, Jón og Ingiríður, er átti Árna Gislason á Brekkum.

× Magnús í Bjalla á Landi átti Guðrúnu Einarsdóttur í Húsagarði Jónssonar; p. b.: Einar á Bjalla, Ingunn og Gunnlaugur.

× Kristín átti Eirik í Bolholti Jónsson s. st. Þórarinssonar og fjölda barna (Bolholtsætt): Þorsteinn í Kílhrauni, Magnús í Efra-Langholti, Jón í Hörgholti, Helgi á Sólheimum, Guðmundur sýsluskrifari, Ingibjörg kona Ingvars Magnússonar í Skarði, Elin kona Jakobs prófasts Árnasonar í Gaulverjabæ, Ingunn f. k. Eiríks Vigfússonar dbrm. á Reykjum, Margrét kona Bjarna Stefánssonar í Árbæ, Guðlaug f. k. Eiríks Sverrissonar sýslumanns, Guðrún f. k. Magnúsar Sigurðssonar frá Sólheimum í Mýrdal, og Valgerður kona Jóns Jónssonar í Haukholtum. Af þessum sysfkinum er kominn fjöldi fólks viðsvegar um land.

ggg. Páll annar, hhh—iii Magnúsar tveir.

g. Ingibjörg átti Magnús Guðmundsson lögréttumann í Litlutungu í Holtum bróður Jóns og Gísla á Rauðalæk, er báðir áttu systur Ingibjargar, p. b.:

aa. Björn. Son hans:

aaa. Grímur á Lindarhamri í Ytrihrepp (Ullar-Grimur) átti Helgu Gísladóttur frá Laugardalshólum Þórðarsonar, þeirra dóttir: Guðlaug átti Bjarna Pétursson Jónssonar Kolbeinssonar, þeirra son: Gunnar Melby í Þingholti í Rvík, þeirra börn: Gunnar og Guðlaug, er átti Árna Gislason leturgrafara í Rvík.

Son Magnúsar Guðmundssonar í Litlutungu er og talinn

bb. Bjarni í Litlutungu, er átti Halldóru Ingimundsdóttur frá Haukholtum í Ytrihrepp Jónssonar og mörg börn, sem miklar ættir eru frá komnar í Holtum. En með því að það er alls ekki víst, að Bjarni hafi verið son Magnúsar og Ingibjargar Björnsdóttur frá Teigi, þá er sá ættleggur ekki rakinn hér niður.

h. Kristín átti Guðmund Jónsson eldra í Skipagerði Þorleifssonar Ásmundssonar á Hvoli Þorleifssonar og tvo sonu, sem ættir verða ekki taldar frá.

2. Erlendur átti Guðrúnu Árnadóttur Brands-  
sonar; þ. b.:  
a. Eiríkur<sup>1</sup>).

Enn eru talin börn Páls Magnússonar á Heylæk og Þórunnar Einarsdóttur.

3. Jón í Nesi í Selvogi, átti Guðriði Gísladóttur prests Árnasonar og börn (sbr. Bisks. II, 641—642).
4. Þórunn átti Hallgrím lögréttumann Magnússon í Kerlingardal bróður Ísleifs á Höfðabrekku og börn. Jón í Nesi er talinn frá Tungu: (í ættatölufrumriti síra Jóns á Lambavatni), en það getur verið misletrað fyrir »Teigi«. Í Bisks. II, 394 eru ekki nefnd önnur börn Páls og Þórunnar, en Hjalti og Björn. Getur verið, að Páll hafi verið tvíkvæntur og Þórunn kona Hallgríms dóttir hans af síðara hjónabandi og heitin eptir f. k. hans.

1) Eiríkur bjó á Borg undir Eyjafjöllum og síðar á Barkarstöðum, átti Helgu Þorleifsdóttur yngra Ásmundssonar frá Hvoli; þ. b.:

1. Jón á Egilsstöðum í Flóa átti Sigríði Illhugadóttur prests á Kálfafelli (Galdra-Illhuga) Jónssonar prests í Presthólum Bjarnasonar; þ. b.:
  - a. Guðleif átti síra Gísla Eiríksson á Krossi í Landeyjum († c. 1693); þ. b.:
    - aa. Eiríkur stúdent, lögréttumaður í Flögu í Skaptártungu átti fyr Gróu eldri Jónsdóttur Fabíanssonar Jónssonar prófests á Kálfafelli Hakasonar. Voru saman eitt ár og dó hún af barnsförum, en síðar Elínu Einarsdóttur prófests á Prestbakka Bjarnasonar; þ. b.:
    - aaa. Gísl í Skál átti Guðrúnu Jónsdóttur, systur Björns í Hlíð; þ. b.:
      - × Einar í Gjáhusum í Grindavík, tvíkvæntur. Börn hans: Eiríkur greppur í Keflavík og Elin, Halla og Helga.
      - × Vigfús var á Sólheimum.
      - × Sveinn var undir Eyjafjöllum. Son hans Arni hvarf svo enginn vissi, hvað af varð.
      - × Guðrún eldri giptist í Mýrdal.
      - × Guðrún yngri átti Snorra Jónsson í Lónshúsum í Garði; þ. b.: Gísl á Miðhusum, Þorkell í Lónshúsum og Jón á Gauksstöðum faðir Sesselju móður Jóns Sigurðssonar á Steinum í Reykjavík († 1877), er var vel að sér og ættfróður.
      - × Eiríkur komst vestur í Strandasýslu, var á Felli í Kollafirði, átti Oddfríði Árnadóttur

b. Björn<sup>1)</sup>.

- Sveinbjörnssonar; þeirra son Gisli á Þorpum í Steingrímsfirði, faðir Oddriðar, er átti síra Halldór Jónsson í Tröllatungu.
- bbb. Guðleif átti Svein Magnússon að norðan; þ. b.:
- × Jón í Melshúsum í Reykjavík átti Sigríði Guðmundsdóttur, ekkju Jóns snikkara Magnússonar; bl.
  - × Ragnhildur átti Sigurð Þorgeirsson frá Arnardrangi Oddssonar og var s. k. hans; þ. b.:
    - a) Sveinn verzlunarstjóri á Eyrarbakka og síðar kaupmaður í Arendal í Noregi, átti Rannveigu Gísladóttur Þorsteinssonar á Steinsmýri Þorsteinssonar; þ. b. Jón og Þorsteinn sigldu báðir. Laundóttir Sveins var Ingibjörg, er átti Ólaf Nikulásson á Skúmsstöðum á Eyrarbakka Þorsteinssonar. Sveins er getið í Kambsráns sögu bls. 28 o. s. frv.
    - b) Elin.
    - c) Runólfur.
- Laundóttir Eiríks Gíslasonar í Flögu var:
- ccc. Gróa átti Hannes Höskuldsson frá Hörgslandi (1720) Hannessonar Höskuldssonar í Hlíð undir Eyjafjöllum Hannessonar Crumbecks hins enska, er bjó á Lambafelli; þ. b.:
- × Einar snikkari átti norska konu; þ. b.:
    - a) María átti fyr Hans Hinriksson verzlunarstjóra á Eyrarbakka og síðar verzlunarmann í Reykjavík, bl. (sbr. bls. 137), en síðar Ara

1) Börn Björns Erlendssonar eru talin:

1. Magnús átti Málmfriði Björnsdóttur á Laxamýri Magnússonar ekkju síra Guðmundar Guðmundssonar í Fljótshlíðarþingum. (Í II, 306 er Björn faðir Magnúsar ættfærður öðruvísi, ekki son Erlends Hjaltasonar, heldur sonarson Erlends Magnússonar Hjaltasonar, en það verða of margir liðir og mun »Eiríksson« að minnsta kosti eiga að falla burt. En vel getur verið, að hann sé réttar talinn son Erlends Magnússonar).
2. Jón á Borg. Dóttir hans:
  - a. Ásta átti Jón Hallgrímsson Magnússonar á Kirkjulæk Eiríkssonar, þeirra son Hallgrímur faðir Klemens í Kerlingardal föður Runólfs verzlunarstjóra í Rvík, og verður sá ættleggur síðar talinn nánar.
3. Árni.
4. Jón annar.
5. Ingibjörg.

c. Guðrún<sup>1)</sup>.

verzlunarstjóra í Hafnarfirði Jónsson frá Stokkseyri Gamalielssonar; p. b.: aa) Daniel Johnsen verzlunarstjóri, faðir Ara Johnson söngvara og söngkennara í Kaupmannahöfn; bb) Sigríður, er átti Torla Thorgrimsen verzlunarstjóra í Ólafsvík son Þorgríms prests Thorgrímsens í Saurbæ; cc) Þóra, átti Þórð verzlunarmann, son Jóns prentara Jónssonar í Rvík; dd) Anna; ee) Margrét.

b) Margrét átti Tómas Thomsen verzlunarstjóra í Rvík; p. b.: Kristjana, María, Tómas Anna.

c) Valborg Elizabet átti Pétur Hansen beyki í Reykjavík. (Sjá um þeirra börn bls. 138 hér áður). Einn son þeirra, Jóhannes (ekki Jóhann) í Hafnarfirði, átti Kristínu Jóns-

---

1) Guðrún átti að því er flestir telja Einar Þorleifsson Ásmundssonar frá Hvoli Þorleifssonar lögmanns Pálssonar, p. b.:

1. Kristín átti Magnús Guðmundsson í Háfi, er verið mun hafa son Guðmundar í Velleifsholti [og Háfi Magnússonar á Núpi Jónssonar sbr. II, 293, og er barna þeirra þar getið. Þó er óvist, að Einar lögréttumaður í Haga hafi verið son þessa Magnúsar og Kristínar.

2. Halla átti Vigfús Magnússon, p. b.:

a. Magnús var óþokkamenni.

3. Ingibjörg átti Ólaf Ketilsson í Lambhaga.

4. Magnús.

S. m. Guðrúnar Erlendsdóttur Árne Ólafsson, p. b.:

5. Vigfús.

6. Ólafur átti Elinu Árnadóttur og Halldóru Sigvaldadóttur frá Búlandi: p. b. mörg, þar á meðal:

a. Ólöf átti Jón Freysteinnsson, þeirra son Ólafur í Steinum faðir Þuríðar móður Ámunda snikkara Jónssonar föður Halldórs prófests á Melstað.

b. Arndís átti Sigvalda Snorrason (Pálssonar Úllssonar), þeirra son Ketill faðir Sigurðar á Seljalandi.

c. Sigríður átti Ívar Bergsteinsson í Berjanesi undir Eyja-fjöllum. [Ættartala þessi frá Erlendi Hjaltasyni er í sumum atriðum ekki öldungis viss, en þetta, sem hér hefur verið talið mun sönnu næst].

Enn var son Erlends Hjaltasonar á Borg og Guðrúnar Árnadóttur:

— Hjalti í Hildisey átti Þorgerði Sigmundsdóttur ekkju síra Orms Ófeigssonar í Vestmannaeyjum.

## 3. Kristín bjó í Fíflholtum, dó 1603, ógipt, bl.

dóttur í Hafnarfirði Gíslasonar í Hlíðar-  
endakoti og börn: Einar, Jón, Hendrik,  
Pétur. Dóttir þeirra P: Hansens og Val-  
borgar sú er átti Elís Iversen, hét Hend-  
rikka.

d) Þóra átti fyrir Pétur Andrés Maack; þeirra  
dóttir María átti Þorstein Guðmundsson  
kaupmann á Akranesi. Son þeirra Pétur  
Andrés Maack prestur á Stað í Grunnavík  
(† 8. sept. 1892). S. m. Þóru Þorfinnur  
Jónatansson kaupmaður í Hafnarfirði og  
Rvík; bl.

bb. Sigurður á Flankastöðum átti Steinunni Árnadóttur,  
er síðar átti Jón Halliðason langafa síra Hjarfar Jóns-  
sonar á Gílsbakka. Börn Sigurðar og hennar:

aaa. Andrés á Flankastöðum átti Sesselju Nikulásdóttur;  
þ. b.: Álfheiður f. k. Erlends Jónssonar á  
Bátsöndum, Guðlaug f. k. síra Vigfúsar Björns-  
sonar í Garði í Kelduhverfi, Hallfríður, Þórdís  
og Margrét. Launson hennar með Árna á Kirkju-  
bóli Jónssyni Bergsteinssonar var Andrés á Kirkju-  
bóli (bls. 157). Svo varð Margrét miðkona Jóns  
Jónssonar á Járngerðarstöðum, og áttu þau mörg  
börn, en 3. kona Jóns var Guðrún Gissuradóttir  
lögrettumanns á Arnarhóli (bls. 155).

bbb. Einar í Miðeyjarhjáleigu átti Oddrúnu Ólafsdóttur,  
laundóttur Elínar Einarsdóttur prófests á Prests-  
bakka Bjarnasonar; þ. b. mörg:

ccc. Erlendur á Sperli í Landeyjum, tvíkvæntur. S. k.  
hans Ólöf Magnúsdóttir prests í Stóradal Sveins-  
sonar; þ. b.: Illhugi í Oðdhól faðir Andrésar í  
Állhólum og þeirra systkina, Sigurður í Hól og  
Guðmundur í Galtarholti. Eru þaðan fjölmennar  
ættir.

ddd. Þorgerður átti Ólaf Loptsson í Ytri-Ásum; þ. b.:  
Árni á Flögu, Hugborg, er átti Jón Runólfsson í  
Hlíð og Loptur á Giljum í Mýrdal, faðir Hjartar  
á Hvoli, Ólafs í Þjóðóllshaga og Guðmundar í  
Hvammi föður Lopts á Vestri-Geldingalæk og  
Sigriðar, er átti síra Gísla Ísleifsson Einars í Kálf-  
holti.

eee. Sigurður í Flankastaðakoti.

fff. Valgerður.

2. Einar var tvíkvæntur.

3. Herdís átti Jón Ólafsson Helgasonar.

4. Vigfús<sup>1)</sup> og fleiri (6 voru þeirra launbörn

- 
4. Jón yngri.
5. Erlendur átti Þorbjörgu Magnúsdóttur frá Kirkjulæk Eiríkssonar, systur Vigfúsar á Höfðabrekku, og mun það réttara, en að Þorbjörg hafi verið dóttir Vigfúsar, sem sumir telja, en þó er það óvist; p. b.:
- a. Sigurður var í Eyjum í Kjós 1710.
- b. Einar dó í stórubólu 1707.
- c. Kristín.
- d. Guðlaug, er á lifi á Hliðarenda 1729 hjá Eiríki bróður sínum, 66 ára gömul.
- e. Steinunn.
- f. Guðrún átti Einar Jónsson á Vomúlastöðum, er dó í stórubólu 1707; p. b.:
- aa. Erlendur á Torfastöðum í Fljótshlíð átti Guðfinnu Magnúsdóttur frá Grafarbakka Jónssonar Hinríkssonar og Hallberu Ásmundsdóttur frá Tungufelli Guðna-sonar; p. b.:
- aaa. Arnður á Torfastöðum átti Helgu Einarsdóttur frá Vatnsdal Guðmundssonar og börn.
- bbb. Hallbera átti Guðmund Magnússon á Torfastöðum; p. d. Puriður átti Magnús í Hólmum Árnason s. st. Þorleifssonar Árnasonar; p. d. Hallbera átti Jón í Hólmum Eyjólfsson í Búðarhólshjáleigu Guðmundssonar s. st. Grímssonar á Úlfstöðum Jónssonar; þeirra son Magnús í Hólmum.
- ccc. Arnfríður átti Jens í Ámundakoti Sigurðsson Eyjólfssonar í Eyvindarmúla Guðmundssonar;

---

1) Vigfús átti Guðrúnu Ólafsdóttur; p. b.:

- a. Þórdís átti sira Jón í Kálfholti Stefánsson prests í Odda Gíslasonar biskups; p. b.:
- aa. Guðni lögréttumaður í Tungufelli átti Guðrúnu Þorsteinsdóttur sýslumanns í Pykkvabæ Magnússonar. Þaðan komin Ásgarðsætt (föðurætt Jóns Sigurðssonar) sjá síðar.
- bb. Vigfús lögréttumaður á Herjólssstöðum átti fyr Guðrúnu Þorsteinsdóttur systur Guðrúnar, er Guðni bróðir hans átti og mörg börn (sjá síðar), en síðar Jarprúði Sturludóttur Jónssonar prófasts Krákssonar (sjá hér síðar).
- cc. Jón átti Þórunni Björnsdóttur.
- dd. Hjalti á Raufarfelli átti Málmfríði Jónsdóttur í Rauðskriðu Þorsteinssonar prófasts Illhugasónar, p. b.:
- aaa. Þórdís átti Guðmund Eyjólfsson Ísleifssonar (sjá síðar). [Eg hygg, að þessi Hjalti sé sá »Kola«-Hjalti á Rauðatelli, sem blandað er saman við Hjalta Pálsson í Teigi, sjá hér áður bls. 393—94].



áður Páll bróðir hennar gaf leyfi til þeirra giptingar, því náðu ei börnin til arfs eptir Pál, þá hann deyði.

p. b.: Erlendur á Arngeirsstöðum, Bóel s. k. Jóns Þorleifssonar sýslumanns í Vestmannaeyjum og Guðleif, er átti Eyjólf Arnbjörnsson í Múlakoti.

bb. Arnóddur á Uppsölum í Hvolhrepp átti Vilborgu Björnsdóttur frá Berjanesi Finnbogasonar, þeirra einkason, Björn, dó ungur.

cc. Grímur í Nikuláshúsum, kallaður Sögu-Grímur, átti Guðleifu Arnoddsdóttur frá Markaskarði; bl.

dd. Kristín átti fyrir Pál Guðmundsson á Torfastöðum; p. d.:  
aaa. Signý átti Jón Sigurðsson frá Kirkjulæk Ísleifssonar og börn.

S. m. Kristínar Einarsdóttur Þorsteinn Jónsson í Kotmúla.

g. Eiríkur á Barkarstöðum, fæddur um 1669; átti Ástriði Erlendsdóttur; p. b.:

aa. Erlendur á Barkarstöðum og síðar Murnavelli átti Ingveldi Nikulásdóttur Sveinssonar og Katrínar Pétursdóttur; p. b.:

aaa. Eiríkur á Murnavelli átti fyrir Solveigu Pétursdóttur, en síðar Önnu Hálfðanardóttur frá Klasbarða Gíslasonar; p. b.: Nikulás, Erlendur og Helga, móðir Eiríks Ólafssonar frá Brúnum.

bbb. Guðlaug átti fyrir Tómas Magnússon í Eyvindarholti; þeirra dætur Valgerður, er átti Sigurð stúdent Jónsson í Varmahlíð, og Katrín, er átti Þorstein Magnússon í Núpakoti.

ccc. Þorsteinn kvæntist í Vestmannaeyjum og átti börn.

ddd. Pétur á Hjalteigisöndum átti Margrétu Jónsdóttur og börn. Launson hans með Arndisi Ólafsdóttur s. k. Árna Egilssonar í Garðsauka var Sigurður.

bb. Margrét átti Runólf Þórðarson í Réttarhúsum, p. b.: Filippus og Þórður faðir Jóns á Steinsmýri.

cc. Steinunn átti Orm Gunnlaugsson í Ormskoti og börn.

dd. Steinunn önnur átti Hjalta Þorkelsson Eyjólfssonar í Vallnatúni Gíslasonar, þeirra son Sigurður í Vallnatúni, tvíkvæntur.

ee. Guðrún fór norður í land með síra Vigfúsi Sigurðssyni í Nesi í Aðaldal.

ff. Kristín átti Einar Gíslason frá Stórumörk Þorlákssonar Egilssonar bróður síra Hálfðanar í Eyvindarhólum, p. b.:  
aaa. Katrín átti Pál í Strandarholti Eyjólfsson Páls-sonar og börn.

C. Kristín meðhjálp séra Magnúsar á Grenjaðarstað Jónssonar biskups Arasonar; barn:

1. Guðrún átti Gunnar Gíslason á Viðivöllum (sjá Hegranesþing). Eptir dauða síra Magnúsar átti Kristín með Jóni Grímssyni launson, hét:
2. Vigfús (sjá Mýrasýslu)<sup>1)</sup>.

D. Guðríður átti Sæmund Eiríksson í Ási, p. b.:

1. Guðrún átti Árna sýslumann Gíslason (sjá Skaptafellssýslu).

*Kona önnur* Vigfúsar tjáist að hafa verið Salgerður Snjólfsdóttir; p. b.:

E. Erlendur dó barn. (Sumir segja að þau hafi ei barn átt).

Laundætur Vigfúsar Erlendssonar teljast:

F. Guðrún átti Pál Eyjólfsson og Ásdísar systur Ögmundar biskups. Þau bjuggu á Hjalla. Börn:

1. Páll<sup>2)</sup>.

bbb. Erlendur koparsmiður í Seljalandsseli átti Katrínu Pétursdóttur, p. d. Vigdís átti Einar Sigurðsson í Klömbрум.

ccc. Sigríður átti fyr Jón Jónsson í Mörtungu og var son þeirra Einar prestur á Desjarmýri († 15. sept. 1811) en síðar Þorleif Jóhannesson í Mörtungu.

gg. Jón.

hh. Þóra.

- ii. Erlendur annar er talinn að hafi átt Margræti Eyjólfsdóttur frá Stórumörk, systur Arnbjarnar á Kvoslæk og eina dóttur Guðlaugu, er giptist Jóni Gunnsteinsyni á Skála.

[Í XVII. árg. Þjóðólfs 1865 bls. 77—78, er dælitil frásögn um eigendur Barkarstaða, Erlend og Eirik eptir afkomanda þeirra Pál Sigurðsson í Árkvörn].

1) III, 337—338.

2) Páll bjó á Hjalla átti Birgit; p. b.:

- a. Björn í Arnarbælishverfi átti Guðrúnu Erlingsdóttur Gíslasonar Snæbjörnssonar Gíslasonar í Haga Filippussonar, p. b.:
- aa. Páll. Hans son ef til vill Brandur, er bjó á Hliðarenda í Ölfusi 1708, faðir Páls á Hliðarenda, er átti Kristínu Ásbjörnsdóttur frá Purá Þorvarðssonar, og voru þeirra

2. Björn.
3. Guðbjörg.
4. Birgit<sup>1</sup>).

G. Ingveldur átti Jón nokkurn; þ. b.:

1. Valdi seinni maður Katrínar dóttur síra Þorleifs á Breiðabólstað í Fljótshlíð.
2. Vigfús á Hrútafelli, faðir Jóns sama staðar, er lifði 1670<sup>2</sup>).

synir: Brandur í Hróarsholti, Ásbjörn, Tómas, Sigvaldi o. fl. Móðir Páls Brandssonar Vigdís Pálsdóttir er á lifi á Hlíðarenda í Ölfusi hjá Páli syni sínum 1729, 72 ára gömul. (Manntal í Árnespingi í minni eign).

- b. Birgit átti Þorstein eldra Erlingsson í Fjalli í Ölfusi bróður Guðrúnar.
- c. Guðrún átti Ólaf son Brands Brandssonar, bjuggu á Hrauni í Ölfusi; þeirra son Brandur, ef til vill sá Brandur Ólafsson, er býr á Efri-Grímslæk 1708 (Jarðabók Á. M.), en hefur þá hlotið að vera gamall. Þá býr Ólafur Brandsson á Syðri-Grímslæk, ef til vill sonur hans. Jón Brandsson er húsmáður í Króki í Hjallahverfi 1729, 72 ára, og gæti hann verið son Brands Ólafssonar. — Guðný Pálsdóttir (72 ára 1729) kona Jóns Péturssonar á Bjarnastöðum og Halldóra Pálsdóttir 75 ára sveitarómagi í Hraunshverfi 1729, eru að líkindum af þessari ætt og ef til vill systur Brands Pálssonar á Hlíðarenda eða Vigdísar Pálsdóttur konu hans. Yfirleitt verða ættir ekki raktar niður frá Páli Eyjólfsyni á Hjalla með fullri vissu.
- d. Halldóra (sumir nefna hana Hallvöru) átti Þorstein yngra Erlingsson Gíslasonar og bjuggu þau í Ölfusi (í Gljúfurárholti). Dóttir þeirra mun hafa verið sú Björg, er var f. k. Erlends Jónssonar prests í Villingaholti Erlendssonar (Bisk.s. II, 675).

Son Þorsteins Erlingssonar (eldra eða yngra) hét Páll. Hans dóttir Katrín.

1) Þessi þrjú: Björn, Guðbjörg og Birgit munu ekki hafa verið börn Páls Eyjólfsssonar á Hjalla, heldur sonarbörn hans, því að nöfn þeirra eru hin sömu og á börnum Páls Pálssonar, nema Guðbjörg í stað Halldóru.

2) Talið er að Jón Vigfússon á Hrútafelli hafi átt Ingibjörgu Pétursdóttur Þorleifssonar prests Eiríkssonar, bróðurdóttur Katrínar, er Valdi föðurbróðir hans átti; þ. d. Ingigerður. Sumir telja að Vigfús á Hrútafelli hafi verið son Valda Jónssonar, en

Aðrar ættatölubækur segja, að bæði Guðrún og Ingveldur hafi verið dætur Salgerðar eða Valgerðar Snjólfsdóttur og Vigfúsar, en ekki arfgengar, því meinbugir hafi á verið.

Vigfús setti bú saman að Hlíðarenda og tók Rangárþing næst eptir Torfa 1503<sup>1)</sup>. 1502 gaf Benedikt hirðstjóri Hersten kvitteringu Vigfúsi um högg eða blak, er hann veitti Þórði Brynjólfssyni við Krosskirkju í Landeyjum. 1503 lét Vigfús dóm ganga að Lambey um hrossavirðing. Hann hafði ásamt bróður sínum Kjalarnesþing og lét dóm ganga að Vogu í Kjalarnesþingi 1506 (skóbótadóm<sup>2)</sup>). 1506 fór Vigfús utan í Möðruvallna arfaþrætumálum (sjá þar um Þingeyjarþing). Það ár uppgaf konungur Vigfúsi það mál, sem

---

ekki bróðir hans, og kæmi það betur heim tímans vegna, því að liðirnir eru annars nokkuð fjarri frá Vigfúsi lögmanni, en staðist getur það þó, með því móti, að Ingveldur sé fædd litlu fyrir 1520, Vigfús son hennar 1550—60 og Jón son hans um 1600.

Í sumum ættatölum eru enn talin börn Vigfúsar lögmanns:

H. Björn.

I. Brigit eða Briet, en það mun óábyggilegt.

1) Vigfús mun fæddur skömmu fyrir eða um 1470, og er fyrst getið 1495 í reikningi um fjárheimtur Skálholtsstaðar vestra (Fbrs. VII, 285) og því næst 18. september 1496, er Stefán biskup afleysir hann fyrir blak og tilræði við Þórð Brynjólfsson í Krosskirkju í Landeyjum (Fbrs. VII, 311—312), hið sama, er Benedikt Hersten hirðstjóri kvittar hann fyrir á Bessastöðum 18. júlí 1502 (Fbrs. VII, 609). 21. janúar 1505 fær hann landsvistarbréf hjá Hans konungi fyrir handarhögg á Halli Brandssyni (Fbrs. VII, 748—749). Í bréfi gerðu á Hlíðarenda 8. nóvember s. á. er Vigfús fyrst kallaður bóndi (Fbrs. VII, 805). Mun hann það ár hafa tekið Rangárþing eptir Torfa, því að Lambeyjardómur sá um hrossavirðingu, er Bogi segir að Vigfús hafi dæmt 1503 er ekki frá því ári, heldur frá 1513 (Fbrs. VIII, 466—467). 1507 er Narfi Erlendsson bróðir Vigfúsar umboðsmaður hans, og dæmir þá dóm í Fíflholti 18. maí (Fbrs. VIII, 146—148). Er Vigfús þá nefndur konungsumboðsmaður (í Rangárþingi) og varð s. á. hirðstjóri. Eptir það kemur Vigfús við ýmsar bréfastærðir, er hér yrði oflangt að telja. Sjá um hann Lögsögumanna tal og lögmanna: Safn til s. Ísl. II, 107—109.

2) Dómur þessi er árfærður til 1518 í Fbrs. VIII, 669—671. Bæjarnafnið Vogur líklega = Kirkjuvogur.

hann var í sökum fyrir handhögg Halls Grimssonar<sup>1)</sup>. 1507 gerði kongur hann að hirðstjóra um 3 ár og veitti hann því sýslur, er hann kom út sama ár. 1508 lét hann ganga dóm að Reyðarvatni, að hreppar skyldu vera arfar fátækra. Sama ár náði hann, ásamt systkinum sínum, með yfirgangi Möðruvallaarfi af Grimi Pálssyni, jafnvel þó þeir hefðu þar um áður sætt og haft jarðaskipti mikil hver við annan. 1509 gaf konungur Vigfúsi kvittunarbréf fyrir þriggja ára skatti af Íslandi, því Sveinn Þorleifsson Rantzows umboðsmaður tók 1510 við hirðstjórn yfir Íslandi. 1511 þá bróðir hans Þorvarður fór utan til Noregs, tók Vigfús við hans lögsögn, eg hygg í umboði bróður síns, en 1513 var hann algerlega lögmaður sunnan og austan. Hans veitingarbréf fyrir lögmannsdæminu er útféð af Kristjáni konungi, dat. Kaupenhöfn 1513 á St. Marci evangelista dag<sup>2)</sup>. 1515 urðu enn mikil jarðaskipti og samningar milli Grims Pálssonar og þeirra systkina Vigfúsar og Hólmfríðar um Möðruvallaarf, því Grimur bar fyrir konung þeirra fyrri sætt, hver kongur úrskurðaði að haldast ætti. Náði því Grimur mestum hluta fjárins.

1517 og þar eptir, til 1521, sagði Vigfús á alþingi lög yfir alt land eptir biskupa og flestrar alþýðu beiðni og samþykki.

1520 að Breiðabólstað í Fljótshlíð gáfu 13 prestar, hverra fyrirliði var séra Ögmundur Pálsson á Breiðabólstað, Vigfúsi Erlendssyni hinn bezta vitnisburð í framferði sínu, bæði þá hann var hirðstjóri og síðan hann tók lögsögn og beiddust af Kristjáni konungi 2., að Íslendingar mættu njóta þess sáttmála, sem gerður var fyr við Noregs kong, að hafa lögmennt og hirðstjóra íslenzka, og tilnefndu Vigfús Erlendsson vel til hirðstjóra fallinn<sup>3)</sup>, Þá ætlaði

1) Réttara: Brandssonar.

2) P. e. 25. apríl (Fbrs. VIII, 421—422).

3) Bréf 13 leikmanna um þetta efni gert á Hlíðarenda 14. júlí 1520 er prentað í Fbrs. VIII, 738—739, en bréf prestanna á Breiðabólstað, sem Bogi getur hér um, fyrirfinnst ekki, og er það að líkindum glatað, því að ósennilegt er, að hér sé um eitt

Vigfús utan, en hafi hann farið á því skipi sem Ögmundur biskup, er þetta ár ætlaði utan til biskupsvíglu og varð apturreka, hefur ekki orðið af hans utanferð fyrir en 1521<sup>1)</sup>.

1520 meina eg hann hafa sett fyrir sinn umboðsmann í lögsögu Erlend Þorvarðsson, er seinna bjó á Strönd og máské líka fyrir sýsluna á Rangárvöllum, en Halldór Brynjólfsson í Tungufelli fyrir umboðsmann í Árnesþingi undir umsjón Erlends.

1521 var Vigfús staddur í Noregi ásamt Ögmundi biskupi. Varð honum þá féskortur af skotsilfri og lánaði hjá biskupi töluvert, en setti biskupi í pant og til afgjalds Kirkjuhöfn, Kalmanstjörn, Engey og Laugarnes<sup>2)</sup>. Höfðu síðan ýmsir hönd á Engey og Laugarnesi. En Páll sonur Vigfúsar náði síðar algerlega Kirkjuhöfn og Kalmanstjörn.

Ei er víst, hvort Vigfús deyði erlendis 1521 eða 1522, þó rita fleiri það hafi verið 1521; var þá Páll son hans 10 vetra.

1523 þá Ögmundur biskup var hér að völdum settur lét hann hefja mál móti Vigfúsi heitnum Erlendssyni, er

---

og sama bréf að ræða, þótt efnið hafi verið sama, eins og sést af skýringu Boga.

1) Hann fór einmitt utan sumarið 1520.

2) Vigfús veðsetti Ögmundi biskupi Kalmanstjörn 11. ágúst 1520, og voru þeir þá í Harwick á Englandi, en bréf fyrir veðsetningu Engeyjar og Laugarness er ekki til. Vigfús hefur andazt í Noregi snemma árs 1521, því að í maí er lát hans frétt út hingað, en 27. marz veit Tili Pétursson ekki annað en að hann sé lifandi (sbr. bréf hans ritað í Flensborg: Fbrs. VIII, 778—782). Hann hefur því líklega andazt í marz eða apríl. Vigfús lögmaður var mjög skuldugur utanlands og innan, og varð arfahluti barna hans lítill. Var Hólmsfriði systur Vigfúsar dæmt umboð barna hans 1521, en árið eptir vill hún losna við það umboð vegna skulda, er á fjánum hvildu, en tylftardómur útnefndur á alþingi 1. júlí það ár (1522) þóttist ekki geta leyst hana frá þessu umboði (Fbrs. IX, 101—102). Salgerður ekkja Vigfúsar fær og heldur ekki sér tildæmda fjórðungsgjöf úr eignum bónda síns á alþingi 1521, því að dómsmenn segja, að sá hluti mundi enginn verða eptir skuldagreiðsluna og erfingjarnir lítið sem ekkert upp bera (sbr. dóm Erlends lögmanns Þorvarðssonar 2. júlí 1521: Fbrs. VIII, 816—818).

vinur hans hafði verið, fyrir þá sök, að hann hefði inngengið hjónaband með Salgerði Snjólfsdóttur í fjórmenningsmeinum. Lét hann dæma sér þar fyrir 90 merkur af fé Vigfúsar og jafnmikið Skálholtskirkju, en 60 merkur fyrir kirkjugöngu og þar að auki allt hans fé upptækt. Mun þó hafa komizt miðlun á dóminn<sup>1)</sup>, því ríkir voru afkomendur Vigfúsar.

Vigfús hafði verið á yngri árum yfirgangsmaður, fédrægur, höfðingi mikill og kvennamaður. Hann átti í deilum við Hólmsfríði systur sína og hjuggust menn þeirra á með vopnum, og í þeirri hrið mun Vigfús hafa handhöggvið Hall, sem fyr er sagt. Vigfús var bráðlyndur, en góðmenni og læknir góður. Réttvis vildi Vigfús vera í lögsögu sinni, þó sýnist, sem hann hafi stundum gengið um of eptir biskupanna ímyndaða heilagleika og vilja. Yfir höfuð mátti Vigfús um þær mundir teljast hinn mesti höfðingi, vitur og varfærinn með aldrinum, og sneiddi eptir mætti hjá ofsa og rangsleitni biskupa.

*Jón Erlendsson* tjá flestir hálfbróður Vigfúsar og nefna hann sýslumann. Er líkast það hafi verið í Rangár- eða Árnesþingi í umboði Vigfúsar, er þá var lögmaður<sup>2)</sup>.

### Narfi Erlendsson

lét 1507 ganga 6 manna dóm um Eystra-Fíllholt milli síra

1) Dóm þennan dæmdu 6 prestar í Skálholti 9. nóvember 1523 (Fbrs. IX, 180—181) og var húsfrú Hólmsfríði Erlendsdóttur stefnt fyrir hönd barna Vigfúsar, því að hún hafði umboð þeirra. Degi síðar (10. nóv.) fær hún Ögmundi biskupi jörðina Sandgerði á Suðurnesjum fyrir Eyvindarmúla í Fljótshlíð (Fbrs. IX, 181—182). Hvort nokkur miðlun hefur á málum þessum orðið, eins og Bogi segir, er óvíst. Líklega hefur Ögmundur biskup náð undir sig flestum öðrum jörðum Vigfúsar, er ekki hafa farið í aðrar skuldir. 5. júlí og 21. júlí 1522 kvittar Hannes Eggertsson hirðstjóri á Bessastöðum Jón Hallsson vegna húsfrú Hólmsfríðar og vegna barna Vigfúsar fyrir greiðslum á skuldum Vigfúsar til konungs o. fl. (Fbrs. IX, 104—105).

2) Að Jón Erlendsson bróðir Vigfúsar hafi nokkru sinni haft umboð hans í Rangárþingi er ósennilegt. Hann kemur mjög sjaldan við bréf og virðist hafa verið minnst háttar þeirra bræðra.

Jóns Árnasonar og Hafliða Arnórssonar, eg meina í umboði Vigfúsar lögmanns<sup>1</sup>).

### Erlendur Þorvarðsson.

(Sjá um hann við Árnesþing).

Eg ætla, að hann hafi tekið Rangárþing 1520 og síðan haldið það eptir föðurbróður sinn látinn nokkur ár<sup>2</sup>), en fyrir 1529 hefur hann því sleppt, og hefur því verið skipt í milli tveggja sýslumanna, eptir það Erlendur sleppti því. Þó er þetta ekki fullvist<sup>3</sup>).

### Jón Hallsson.

Faðir: Hallur Magnússon<sup>4</sup>).

1) Um þennan Fiflholtsdóm Narfa er áður getið. Narfi hefir líklega að staðaldri verið umboðsmaður Vigfúsar í sýslunni, og þá er Vigfús sigldi síðast 1520, hefur hann sett Narfa fyrir umboðsmann sinn, því að 21. maí 1521 nefnir hann 6 manna dóm í Lambey um afgreiðslu á peningum þeim, er Salgerður Snjólfsdóttir hafði næsta ár (þ. e. næstliðið ár) umboð yfir vegna Vigfúsar bónda sins. Segir í þeim dómi (Fbrs. VIII, 792—793), að Narfi hafi þá haft »fullmektugt umboð yfir Rangárvallasýslu«. Narfi er og einn virðingarmanna við uppskrift á dánarbúi Vigfúsar bróður sins á Hliðarenda 23. og 24. maí 1521. (Fbrs. VIII, 794—811). Um börn hans er áður getið. Urðu afkomendur hans litilla manna og eru ókunnir.

2) Erlendur Þorvarðsson mun alls ekki hafa haft sýsluvöld í Rangárþingi eptir Vigfús lögmann, heldur mun Jón Hallsson hafa tekið sýsluna 1522 eptir Narfa Erlendsson umboðsmann Vigfúsar.

3) Bogi telur hér næst á eptir Erlendi *Nikulás Björnsson* sýslumann í Rangárþingi og hafi hann látið dóm ganga 1529 um skáldskap Erlends Magnússonar, en þetta ártal er skakkt og dómur sá, sem hér ræðir um, er frá 1574 og útnefndur af Jóni sýslumanni Björnssyni (sjá hér síðar), því að Nikulás var ridinn við málið. Vegna hins ranga ártals hyggur Bogi, að þessi Nikulás sýslumaður Björnsson sé annar maður en Nikulás Björnsson á Seljalandi († 1600), er sýslumaður var í Rangárþingi allengi fyrir 1600. En þessum hugleiðingum Boga er hér sleppt, og Nikulási út úr sýslumannaröðinni hjá honum á þessum tíma, því að það er að eins byggt á misskilningi, og að eins um einn Nikulás sýslumann Björnsson að ræða, er síðar verður getið um.

4) Þetta er eflaust skakkt. Framætt Jóns sýslumanns Hallssonar er ekki kunn. En sennilegt þykir mér, að faðir hans hafi



*Kona:* Hólmfriður frá Dal Erlendsdóttir, systir Vigfúsar og Þorvarðar, hún átti áður Einar Eyjólfsson.

*Börn:* A. Erlendur á Stórólshvoli, nefnist í ættatölum sýslumaður í Rangárþingi, líklega lögsagnari<sup>1)</sup> átti Emerentiönu dóttur síra Þorleifs á Breiðabólstað austur Eiríkssonar, þ. b.:  
 1. Hólmfriður átti Ásmund Þorleifsson lögmans Pálssonar á Skarði (sjá Dalasýslu), þ. b.:  
 a. Þorleifur átti Kristínu Vigfúsdóttur á Hólum í Landeyjum, þ. b.:  
 aa. Jón<sup>2)</sup>.

verið sá *Hallur Jónsson*, sem er nefndarmaður í Rangárþingi á síðari hluta 15. aldar. Hann er einn dómsmanna í Krossreiðardómi Erlends sýslumanns Erlendssonar 9. september 1471 (Fbrs. V, 637) og hann er einn votta við kaupbréf á Reyðarvatni 12. júní 1475 (Fbrs. V, 790—792), og er þar talinn næstur á eftir Eyjólf Einarssyni (síðar lögmanni). Ó. Snókdalín telur Jón sýslumann son Halls skálds Magnússonar, en það nær vitanlega engri átt, því að Hallur skáld var uppi á síðari hluta 16. aldar. Eftir þessu mun Bogi hafa farið, er hann telur föður Jóns Hall Magnússon, en honum hefur líklega þótt athugavert, að telja hann sama mann og Hall Magnússon skáld.

1) Hér er eflaust blandað málum og mun hér átt við Erlend Ásmundsson á Hvoli, dótturson Erlends Jónssonar. Þó er ekki óhugsandi, að Erlendur Jónsson hafi einhverntíma haft einhver sýsluvöld, og sumir ætla, að hann sé sami maður og Erlendur Einarsson á Hvoli, sem getið er um miðbik 16. aldar. Sé svo hefur hann verið kenndur við Einar fyrri mann Hólmfriðar. En venjulegast er hann beinlínis talinn son Jóns Halls-sonar.

2) Jón átti Sigríði Guðnadóttur Eiríkssonar Torfasonar í Klofa og eru sumstaðar talin að eins 3 börn þeirra: Vigfús, Þórarna og Kristín, en aðrir telja enn fremur Ásmund, Þorleif og Þorgerði. Ekki verða með vissu æftir frá þeim systkinum raktar. Nikulás Þorleifsson býr á Arnarstöðum í Flóa 1729, 60 ára gamall. Son hans mun hafa verið Ásmundur faðir Nikulásar í Görðum í Kolbeinsstaðahrepp. Nikulás á Arnarstöðum gæti verið son Þorleifs Jónssonar Þorleifssonar frá Hvoli. Er talið, að Þorleifur Jónsson hafi átt Margréti Gunnarsdóttur frá Hvammi á Landi Jónssonar, en það er vist, að sú Margrét átti Þorstein Ásmundsson frá Minni-

bb. Árbjartur bryti<sup>1</sup>).

cc. Arviður<sup>2</sup>).

dd. Ingibjörg<sup>3</sup>).

b. Þorleifur yngri í Skipagerði átti Herdís (al. Þórdís<sup>4</sup>) dóttur síra Erasmusar Villatssonar, þ. b.:

aa. Ásmundur<sup>5</sup>).

völlum Brynjólfssonar, og að son þeirra var Ásmundur lögréttumaður í Laugardalshólum. Getur því verið, að Þorleifur hafi verið fyrri maður Margrétar, en Þorsteinn hinn síðari, og þeir Nikulás á Arnarstöðum og Ásmundur í Laugardalshólum bræður sammæðra. Nikulás er fæddur um 1669, en Ásmundur um 1679. Í ættatölum Snókdalins er ætt Nikulásar<sup>1</sup> og Ásmundar blandað svo einkennilega saman, að skyldleiki hlýtur þar að hafa verið á milli.

1) Árbjartur átti Oddrúnu Þorsteinsdóttur prests á Mosfelli í Mosfellssveit Einarssonar prests á Útskálum Hallgrímssonar, þ. b.:

a. Þorgerður f. k. síra Jóns Gíslasonar í Miðdal, þ. d.:

aa. Oddrún átti Gísla lögréttumann í Úthlíð Ásmundsson frá Minnivöllum Brynjólfssonar (sjá Árneshing bls. 220).

b. Steinunn. Son Árbjarts mun vera:

c. Hólmtastur, er dó í Mýrarhúsum á Álptanesi í Stórubólu 1707. Sumir telja Árbjart bryta son Þorleifs yngra Ásmundssonar.

2) Arviður. Son hans:

a. Þorlákur lögréttumaður bjó í Stóru-Vogum 1703 átti Snjálaugu Pálsdóttur frá Loptsstöðum Ögmundssonar Sighvatssonar. Son hans Arviður sigldi og lærði timbursmíði. Bróðir Þorláks mun hafa verið:

b. Þórður (Arviðsson) er bjó á Stóra-Hólmi í Leiru 1703.

3) Ingibjörg átti Kláus Eyjólfsson í Hólum í Landeyjum, lögsagnara í Vestmanneyjum (sjá um hann þar).

4) Réttara: Þórdís.

5) Ásmundur átti fyr Arnbjörgu Pálsdóttur, en síðar Úlhildi Eyjólfsdóttur prests í Görðum á Akranesi Arnþórssonar, bl. Launson Ásmundar var:

a. Þorsteinn, líklega sá Þorsteinn, er bjó á Þórustöðum á Miðnesi 1703, átti Sigríði Einarisdóttur Jónssonar Einarssonar á Kalmanstjörn Ólafssonar; þ. b.:

aa. Ásmundur bjó í Króki í Garði 1703 (Jarðabók A. M.).

bb. Jón í Skipagerði<sup>1)</sup>.

- 1) Jón átti Ástriði Guðmundsdóttur frá Bæ í Borgarfirði Guðmundssonar Hallssonar sýslumanns í Hjörsey Ólafssonar, p. b.:
- a. Guðmundur átti Kristínu Björnsdóttur í Teigi Pálssonar.
  - b. Valgerður átti Klæng Eiríksson prests á Krossi Þorsteins-sonar; p. b.:
    - aa. Eiríkur var síðast á Flóagafli í Flóa og dó þar gamall, átti Ingveldi Snorradóttur á Núpi í Fljótshlíð Björnssonar og Guðriðar Gísladóttur lögréttumanns Illhugasonar, p. b.:
      - aaa. Einar á Flóagafli, hélt Kaldadarnesspítala, átti Þuríði Magnúsdóttur systur síra Nikulásar í Berufirði; p. b.:
        - a) Sæmundur prestur á Útskálum, átti Guðrúnu yngri Einarisdóttur lögréttumanns í Þrándarholti Hatliðasonar prests Bergsveinssonar; p. b.: Einar Sæmundsen prófastur í Stafholti, Snorri prestur á Desjarmýri, Einar hattari í Rvík, Þuríður, er átti Þorgeir Andrésen í Króki, Þóra, er átti Gísla Þórarinsson, Elin, er átti Erlend Erlendsson á Lambastöðum í Garði, Sigríður, er átti Guðmund Guðmundsson í Vatnagarði, Kristín og Guðrún, er fyr átti Nikulás Sigurðsson, en síðar Bárð í Hemru. Systkin Sæmundar prests og afkomendur þeirra eru talin III, 328—329.
  - c. Stefán í Skipagerði átti Vigdís Árnadóttur Þorsteinssonar sýslumanns í Þykkvabæ Magnússonar; p. b.:
    - aa. Guðmundur á Strönd í Landeyjum átti Guðriði Brynjólfsdóttur; p. b.:
      - aaa. Brynjólfur í Skipagerði († 20. jan. 1803) átti fyr Helgu Jónsdóttur prests í Tröllatungu Jónssonar (III, 156); p. b.:
        - a) Þórður prestur í Reynisþingum, þrikvæntur, átti mörg börn, og er sumra þeirra getið III, 156.
        - b) Ástriður átti fyr Gísla Pálsson, en síðar Högná á Fossi á Síðu Einarsson í Holti Nikulásssonar í Hlíð undir Eyjafjöllum Jónssonar, þeirra son:
          - aa) Einar á Hvoli í Mýrdal. Son hans Jón á Hvoli faðir Ragnhildar konu Guðmundar Þorbjarnarsonar á Hvoli og síðar Stóra-Hofi.
    - c) Hallgrímur á Efra-Velli í Flóa († 6. júlí 1812) átti Guðriði Ögmundsdóttur prests á Krossi Högnasonar. Hún dó 1859, 99 ára; p. b.:
      - aa) Þorvarður í Brattsholti átti fyr Gróu Sigurðardóttur, p. b.: Hallgrímur í Votmúla faðir Gísla í Kolsholti. S. k. Þorvarðs Elin Þorgilsdóttir frá Kalastöðum Jónssonar, p. b.:

cc. Helga<sup>1)</sup>.

- Pórður í Traðarholti, Sigurður, Gróa og Guðrún.
- bb) Helga átti Jón í Stórumörk Guðmundsson á Þórunúpi Hannessonar, p. d.: Puriður, átti Erling Pálsson í Árhrauni, p. b.: Jón, Páll sundkennari, Þorsteinn skáld í Rvík o. fl.
- cc) Hallgríma átti fyr Magnús Gíslason í Roðgúl á Stokkseyri, p. d.: Guðrún átti Pórð Pálsson í Brattsholti og mörg börn. S. m. Hallgrímu Sveinn Sveinsson á Kotleysu.
- Laundóttir Hallgrímu með Jóni Sturlaugssyni var Guðríður, er átti Pórð Þorvarðsson í Traðarholti, þau systkínabörn.
- dd) Þórdís átti Árna í Neðradal undir Eyjafjöllum Árnason í Hamragörðum Örnólfssonar, p. b.: Þorleifur smiður í Króktúni o. fl.
- ee) Erlendur á Skeggjastöðum í Landeyjum átti Gunnvöru Magnúsdóttur. Son þeirra Hallgrímur drukknaði, ókv., bl.
- ff. Guðrún átti Guðmund Guðmundsson í Götum í Mýrdal og mörg börn, þar á meðal voru: Hallgrímur í Götum og Brynjólfur á Litlu-Heiði.
- d) Erlendur í Skarði kvæntist 1798 Guðríði Ásgeirsdóttur lögréttumanns á Vötnum í Ölfusi Jónssonar í Þorlákshöfn Þorsteinssonar.
- S. k. Brynjólfs í Skipagerði var Sigríður Ögmundsdóttir prests á Krossi Högnasonar, p. b.:
- e) Una, mun hafa andazt ung.
- f) Brynjólfur á Miðskála undir Eyjafjöllum, átti Guðnýju Erlendsdóttur, áttu mörg börn. Einn son þeirra:
- aa) Pétur. Laundóttir hans með Guðrúnu Höskuldssdóttur frá Ásóllsstöðum Höskuldssonar í Haga Sverrissonar Oddssonar er Margrét, er átti Eyleif Einarsson í Árbæ við Elliðaár.
- g) Þórður á Seljalandi átti Kristínu Erlendsdóttur; þeirra dóttir:
- aa) Vilborg átti Loft Guðmundsson á Tjörnuni og börn.
- h) Vigfús mun hafa andazt ungur.
- i) Salvör átti Halldór á Kúhóli í Landeyjum Guðmundsson í Akureyri Einarssonar, p. b.: Brynjólfur

1) Helga átti Eirik Erlendsson á Barkarstöðum, og er ætt frá þeim rakin hér á undan bls. 398 etc.

dd. Árbjartur<sup>1</sup>).

í Vestmanneyjum, Solveig átti Jón Hallsson á Rauðsbakka, Katrin átti Vigfús Erlendsson, Guðrún og Una, er átti Þorvarð á Rauðalæk.

bbb. Þorbjörg átti Einar Grímsson og börn.

ccc. Valgerður átti Guðna Filippusson í Gerðum í Landeyjum; p. b.:

a) Jón í Seljatungu í Flóa átti Guðriði Jónsdóttur Hjörtssonar á Velli Andréssonar, p. b.:

aa) Guðni í Seljatungu og Syðri-Gróf átti Ólöfu Þórðardóttur á Mýrum Oddssonar á Gafli Sturlusonar á Hlemmiskeiði Ólafssonar Sturlusonar, p. b.: Gestur á Forsæti, Þórður á Egilsstöðum, Sesselja átti Jón Jónsson á Syðraseli í Ytri-hrepp, Guðný og Jóhanna, er átti Þorberg Helgason á Arnarstöðum, og er son þeirra Guðni bóndi á Leirá.

bb) Vigfús í Rútsstaðahjáleigu faðir Jóns í Vöðlakoti.

cc) Guðrún átti Sigurð Gestsson á Efra-Velli, þau bræðrabörn. Eitt barna þeirra Matthías á Syðra-Velli faðir Sigurbjargar konu síra Ólafs Sæmundssonar í Hraungerði.

dd) Jón í Seljatungu varð gamall.

ee) Jón annar í Vorsabæjarhjáleigu átti Lisebet Gestsdóttur, þau systkinabörn.

b) Gestur í Vorsabæ í Flóa átti Sigríði Sigurðardóttur Péturssonar í Nesi Sigurðssonar, systur Bjarna riddara; p. b.:

aa) Sigurður á Efra-Velli (sjá hér áður).

bb) Lisebet átti Jón Jónsson í Vorsabæjarhjáleigu (sjá hér áður).

cc) Guðrún átti Jón Jónsson í Seljatungu bróður hans (sjá hér áður).

dd) Hólmfríður átti Eirík Bjarnason í Túni og börn. Eitt þeirra Bjarni í Túni faðir Guðmundar er nú (1912) býr í Túni.

ee) Þuríður átti Jón í Vorsabæ Helgason á Sólheimum Eiríkssonar í Bolholti Jónssonar og börn.

ff. Guðmundur í Vorsabæjarhjáleigu átti Helgu Ívarsdóttur og börn.

1) Árbjartur mun fremur vera sonur Þorleifs eldra, þótt það sé ekki öldungis vist.

ee. Einar<sup>1)</sup>.

- c) Einar í Gerðum átti Þórhildi Jónsdóttur á Stóra-Hofi Einarssonar. Son þeirra Jón í Oddhól o. fl.
- d) Vigdís átti Þorstein í Kilhrauni Eiríksson frá Bolholti og mörg börn, þar á meðal var Eiríkur smiður á Laugarbökkum.
- e) Helga átti Jón Magnússon á Efra-Velli í Flóa, þ. b. mörg, þar á meðal Magnús í Sandgerði, Stefán í Króki í Villingaholtshrepp, Ólafur í Vatnskoti í Pykkvabæ, Sigmundur, Guðrún, er átti Einar Bjarnhéðinsson frá Langagerði Sæmundssonar, og Þuríður, er átti Bernhard Jónsson frá Sumarliðabæ og var móðir Jóns gullsmíðs í Reykjavík föður Bjarna snikkara og dbrm.
- f) Guðmundur á Strönd á Rangárvöllum átti Katrínu Sveinsdóttur frá Varmadal Guðbrandssonar Lafranssonar Þórðarsonar; þ. b.:
- aa) Eyjólfur í Gerðum í Gardi, dó bl.
- bb) Guðni í Lambhaga.
- cc) Guðmundur í Lambhaga faðir Eyjólfss, er þar bjó síðar o. fl. systkina.
- dd) Valgerður dó ógipt, bl.
- g) Anna átti Stefán hreppstjóra Sveinsson í Varmadal bróður Katrínar, er átti Guðmund Guðnason; þ. b.:
- aa) Filippus hreppstjóri í Varmadal átti Kristínu Einarasdóttur og mörg börn, þar á meðal: Filippus, Stefán, Einar, Þorgrimur.
- ddd. Sigríður átti Eirík Marteinson á Vikingslæk og síðar í Háholti í Eystrihrepp; þ. b.:
- a) Árni í Háholti átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Sandlækjarkoti Oddssonar og mörg börn, þar á meðal var Oddur í Háholti, Jón í Glóru, Ólafur í Háholti, Guðríður, er átti Eyjólt Jónsson á Minnivöllum, Sigríður, er fyr átti Steindór Þórðarson í Flagveltum, en síðar Gísli Brynjólfsson s. st., og Guðlaug, er átti Gunnar Einarsson í Dalbæ.
- b) Jón á Vikingslæk, dó ókv., bl.
- c) Helga átti Jón Guðmundsson í Brattsholti og börn.
- d) Valgerður átti Guðmund í Glóru Magnússon Þorgilssonar (sjá hér áður bls. 395).
- eee. Halldór á Strönd í Landeyjum († 1799) átti Vigdís Jónsdóttur frá Skeiði Pálssonar, þ. b.:

1) Einar átti Guðrúnu Erlendsdóttur Hjaltasonar, eptir því sem venjulegast er talið (sjá hér áður).

- ff. Þórarinn<sup>1</sup>).  
 gg. Þorgerður<sup>2</sup>).  
 c. Katrín átti Gísla son síra Erasmusar,  
 þ. b.:  
 aa. Katrín átti Nikulás klaustrhald-  
 ara á Kirkjubæ Þormóðsson Korts-  
 sonar Lýðssonar, þ. b.:  
 aaa. Margrét átti Björn sýslumann  
 (sjá Dalasýslu).  
 bbb. Björn á Kirkjubæjarklaustri.  
 ccc. Guðrún.  
 ddd. Hólmfríður átti Bessa sýslu-  
 mann (sjá Múlasýslu)<sup>3</sup>).  
 d. Sesselja átti fyr síra Jón Stefánsson  
 í Kálfholti og var hans seinni kona,  
 börn:  
 aa. Jón.  
 bb. Hjalti.

- 
- a) Jón á Strönd átti Eirnýju Bjarnhéðinsdóttur og börn.  
 b) Guðmundur á Strönd átti Þórunni Jónsdóttur, þeirra son Halldór smíður á Strönd.  
 c) Katrín átti Filippus Sveinsson undir Eyjafjöllum, bl.

Börn Guðmundar Stefánssonar á Strönd og Guðriðar Brynjólfsdóttur eru enn fremur talin:

ff. Hólmfríður.

ggg. Ástriður.

hhh. Þórdís. Munu annaðhvort hafa andast ung eða dáið bl.

d. Guðmundur yngri Jónsson (Þorleifssonar).

e. Hólmfríður.

f. Sigríður átti Gísla Ólafsson frá Gunnarsholti Árnasonar. (Esp. ættat.).

g. Jón. Um ætt frá þessum börnum er ókunnugt.

1) Þetta á að falla burt, en í þess stað komi: Emerentiana, er átti Þórarinn Oddsson bóndamann.

2) Þorgerður dó bl.

3) Þessara barna Nikulásar og Katrínar er áður getið bls.

- cc. Vigfús. Aðrar ættir segja, að Jón bróðir sira Jóns í Kálfholti hafi verið fyrri maður Sesselju, og þau hafi ei átt börn<sup>1)</sup>. Seinni maður Sesselju var Daði silfursmiður á Staðarfelli Jónsson (sjá Stranda-sýslu).
- e. Erlendur sýslumaður á Hvoli (sjá um hann við Árnassýslu).
- f. Valgerður átti Brynjólf Jónsson<sup>2)</sup>; þ. b. :  
 aa. Ásmundur.  
 bb. Eyvindur.  
 cc. Valgerður.  
 ff. Guðrún.  
 gg. Guðrún önnur.  
 hh. Jón.
2. Narfi<sup>3)</sup>. Hans börn:  
 a. Erlendur á Kirkjulandi í Landeyjum.  
 b. Salbjörg, sem átti Eyjólf föður Narfa o. s. frv.
- B. Guðrún mun og hafa verið skilgetin dóttir Jóns Hallssonar, dáíð barnlaus<sup>4)</sup>.

1) Það er réttara (sbr. ættatölubók sira Jóns á Lambavatni, Bisks. II, 639). Sira Jón í Kálfholti bróðir þessa Jóns manns Sesselju átti Þórdísi Vigfúsdóttur Hjaltasonar í Teigi og börn þeirra voru þau: Jón, Hjalti og Vigfús, sem hér eru taldir, og enn fremur Guðni (sjá hér áður bls. 402).

2) Eirikssonar Torfasonar í Klofa. Valgerður Ásmundsdóttir var s. k. Brynjólfs og er barna þeirra áður getið (bls. 219—221).

3) Þessi Narfi var ekki son Erlends á Hvoli Jónssonar Hallssonar, heldur son Erlends sýslumanns Erlendssonar og bróðir Þorvarðs og Vigfúsar lögmanns (sjá hér áður).

Ó. Snókdalin segir, að sonur Ásmundar Þorleifssonar og Hólmfríðar hafi ennfremur verið:

g. Guðmundur, er átt hafi barn með Oddnýju, er síðar átti Einar Arnórsson bróður séra Bjarna á Mýrum í Dýrafirði, en aðrar ættatölur sleppa honum.

4) Talið er, að Guðrún þessi hafi átt Sæmund Jónsson (Esp. ættat.). Í ýmsum ættatölum er ekki getið þessara dætra Jóns Hallssonar og Hólmfríðar.



C. Katrín hét og laundóttir Jóns. Hennar dóttur skilgetinni var á alþingi dæmdur arfur eptir Guðrúnu Jónsdóttur Hallssonar 1594.

Jón Hallsson var fyrst sveinn Einars Eyjólfssonar og Hólmfríðar<sup>1)</sup>. Svo bar til, að Einar tók krankleik og lá lengi sjúkur. Var þá sagt, að Jón fíplaði Hólmfríði, fæddi hún þá Erlend áður nefndan. Oróromur var á, að Erlendur mundi vera son Jóns en ekki Einars. Tók þá Hólmfríður sig til og fór í Skálholt, en á leiðinni tilsetti hún Jón Hallsson, að gera sig að förukarli, og vera á leið hennar, til að bera hana yfir torfæru nokkra; fór það líkt og fyrir Spes og Þorsteini drómund, að hann datt með hana og um leið þuklaði hana bera um miðju. Kom hún loks í Skálholt og vann eið fyrir alla menn utan bónda sinn og karl þann, sem hefði yfir um torfæruna borið sig, því að hann hefði verið of fjölþreifinn. Datt svo það mál niður um sinn. Eptir dauða Einars var Hólmfríður stödd í Skálholti með syni sínum Erlendi, þá unglingspilti. Þá Erlendur var þar úti staddur, kom maður að honum, gaf honum kinnhest og kallaði hann hóruson. Drengurinn hljóp til móður sinnar og sagði henni frá þessu. Hún meðgekk þá allt fyrir biskupi Stefáni og tóku þau Jón lausn af honum hér fyrir, giptust síðan og hjuggu að Næfurholti og Eyvindará<sup>2)</sup>.

1) Hann mun fyrst hafa verið sveinn Erlends sýslumanns föður Hólmfríðar, og er fyrst getið 1495. Er hann þá kaupvottur á Strönd í Selvogi, er Erlendur Jónsson selur Erlendi sýslumanni Lágafell í Landeyjum (Fbrs. VII, 252—253). Hefur Jón þá verið ungur, og mun hann fæddur litlu fyrir eða um 1470 og á aldur við Hólmfríði. Sá Jón Hallsson, er á í barsmíðarmáli og dómur gengur um á Kaldárbakka í Hnappadalssýslu 1. júní 1500 (Fbrs. VII, 484—485) mun vera annar maður en Jón Hallsson sýslumaður, og sama er ef til vill að segja um þann Jón Hallsson, sem nefndur er í sáttagerð Stefáns biskups og Andrésar Guðmundssonar í Saurbæ á Raudasandi 19. sept. 1505 (Fbrs. VII, 797—799), en þó er ekki óhugsandi, að það sé Jón í Næfurholti og hafi hann þá verið í fylgd Stefáns biskups. Hins vegar er hann eflaust sá Jón Hallsson, sem er einn dómsmanna í dómi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar útnefndum á Borg í Grimsnesi 22. maí 1504 (Fbrs. VII, 692—694).

2) Á að vera: Eyvindarmúla.

1522 lénti Hannes hirðstjóri Eggertsson Jóni Hallssyni Mörk og Merkureignir, sem Vigfús lögmaður Erlendsson hafði fyr haft, máske Jóhann Pétursson hafi 1524 lént Jóni Hallssyni sýsluna annað hvort hálfra eða alla<sup>1)</sup>. 1529 gefur Jóhann Pétursson hirðstjóri Jóni kvitteringu fyrir afgjaldi af Rangárþingi og Merkureignum, og lét hann hafa umboðið næsta ár. Hér af er auðráðið, að Jón hafði þá fengið Rangárþing, en máske ekki utan hálf.

1530 nefndi Jón Hallsson kongsumboðsmaður i Rangárþingi 6 menn i dóm að Hvoli i Hvolhrepp um fjárakæru Jóns Einarssonar til Eiríks og Bjarna Torfasona.

1534 veitti Ögmundur biskup Jóni Rangárþing. Meina eg, að Jón hafi þar eptir haldið sýsluna til 1540, en þar eptir i fá ár máske hálfra móti Páli Vigfússyni, en varla lengur en til 1547. Óljóst er nær Jón slepti sýslu eða deyði. En fyrir 1578 hefir hann verið dáinn, því það ár vitnar Pétur Þorleifsson, að Jón heitinn Hallsson hafi fyr látið ganga dóm um verkaföll vinnufólks<sup>2)</sup>.

---

1) Eins og áður hefur verið getið, hefur Jón fengið Rangárvallasýslu 1522, því að 12. júlí 1523 kvittar Hans (Hannes) Eggertsson hirðstjóri hann fyrir skattinum og sýslugjaldinu af Rangárþingi og eins fyrir gjald af Skóga- og Merkureignaumboði, er fylgt hefur sýslunni, og hann hefur þá haft hvorttveggja um eitt ár (Fbrs. IX, 160—161). Skaptafellssýslu hefur hann tekið 1520, því að 5. júlí 1522 kvittar Hannes Eggertsson hirðstjóri hann fyrir skattinum af Skaptafellspingi (»Síðusýslu«) um tvö ár (Fbrs. IX, 104). 1522 gefur Hólmfríður honum Næfurholt til æfinlegrar eignar, og á þeim árum fær hann kvittanir hjá hirðstjóra fyrir skuldagreiðslum Vigfúsar Erlendssonar, því að Hólmfríður, er þá hefur verið gípt Jóni, hafði umboð barna bróður síns, eins og fyr er getið. Eptir það koma fyrir allmargir dómur Jóns i Rangárþingi, enda er dómabók hans enn til á skinni. Vestmannaeyjasýslu hefur hann og einnig haft samhliða, líklega optast nær, því að 5. júní 1528 hefur hann nefnt dóm á Vilborgarstöðum um húsmenn og kaplatölu i eyjunum (Fbrs. IX, 477—478), og 1537 kvittar Ögmundur biskup hann fyrir tollinum af Vestmannaeyjum. 4. júlí 1530 fær hann enn að nýju Skóga- og Merkureignir og umboð yfir öllum konungsjörðum i Rangárþingi (Fbrs. IX, 540—541).

2) Jón hefur dáíð löngu fyrir 1578. Hans mun síðast vera getið 1537 og hefur líklega andazt skömmu síðar, eða um 1540. Espólin segir (i ættatölum sínum) að hann hafi haldið Rangár-

Jón var skáld mikið og því nefnir biskup Jón Arason: Hallsson hróðrarsnilli | hefur kunnað fyrir sunnan<sup>1)</sup>.

### Páll Vigfússon.

*Faðir:* Vigfús lögmaður og hirðstjóri Erlendsson (sjá hér á undan).

*Móðir:* Guðrún dóttir Páls á Skarði Jónssonar.

*Kona:* Guðný Jónsdóttir prests í Holti Gíslasonar Eyjólfssonar mókolls, barnlaus.

Páll var borinn 1512 eða 1513, því hann var 10 vetra, þá Vigfús lögmaður faðir hans deyði. Hann var um hrið með Ögmundi biskupi og gerði biskup vel til hans og að vin sínum. Hygg eg, að hann hafi veitt Páli hálf Rangárþing fyrir 1540, en fékk það allt, þá Jón Hallsson deyði eða nálægt 1547. Eptir 1530 fór hann að búa á föðurleifð sinni Hliðarenda, og gipti sig þar eptir, gerðist og lögréttumaður um það leyti. En hálf Rangárvallasýslu hygg eg hann hafi tekið 1539 eða litlu fyr<sup>2)</sup>.

1539 er Páll fyrst talinn í dómi um Diðriks Mindens víg, er þótti vandasamt og þá Daða Guðmundsson í Snóksdal meina eg báða orðna valda- og sýslumenn um þann tíma.

---

vallasýslu 20 ár, og lætur það nærri (frá 1522—c. 1540), því að hann mun hafa haldið sýsluna til dauðadags. Hólmfríður mun hafa lifað fá ár eptir hann og andast 1544 eða 1545. Hefur hún þá verið gömul.

1) Ekki er annað kunnugt af kvæðum Jóns en »Ellikvæði«, og sýnir það að Jón hefur verið skáld gott (sbr. Jón Þorkelsson: »Om Digtingen paa Island i det 15. og 16. Aarhundrede, Kbhvn 1888, bls. 311—313).

2) Hann hefur tekið Rangárvallasýslu litlu fyrir eða um 1540, eptir fráfall Jóns Hallssonar. Sjá um Pál lögmann Safn til s. Ísl. II, 122—123. Sögusögn um viðskipti hans og Hjalta Magnússonar, er átti börn með Önnu systur hans, er í Þjóðólfi 17. árg. 1865 bls. 77, eptir Pál Sigurðsson í Árvör. Er þar sagt, að Hjalti hafi eitt sinn bjargað lífi Vigfúsar lögmanns, er hann féll í Markarfljót, og við það hafi lögmaður blíðkast. Öll þessi sögusögn á við Pál lögmann, en ekki Vigfús föður hans, því að Anna mun hafa verið á barnsaldri, er hann andaðist, svo að hann hefur ekki getað hatazt við Hjalta út af barneignum með dóttur hans.

1540 lætur Páll ganga dóm í Rangárþingi um útróðr-armenn.

1545 þá dómur gekk á Neðri-Reykjum á Skeiðum af 9 prestum, samt Páli Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Magnúsi öðrum Jónssyni, sem nefnast svarnir lögréttumenn, hygg eg Magnúsarnir hafi verið lögréttumenn, en Páll þá haft að minnsta kosti hálf Rangárþing.

1553 lætur Páll enn dóm ganga í Rangárþingi að Stórolfshvoli um vinnufólk, ef sýkist.

1555 meina eg, að Páll hefði fyrir sína lögsagnara, Árna Gíslason og Þorstein Finnbogason, því beggja þeirra dómar finnast þetta ár í Rangárþingi.

Fyrst framan af hafði Páll í léni 13 jarðir í Kjósarsýslu og Arnessýslu og 5 í Rangárvallasýslu, allar fyrir 14 rd. afgang.

1556 gerðist Páll lögmaður norðan og vestan eptir Odd Gottskálksson og skipti síðar sama sumar lögðæmum við Eggert Hannesson og tók lögsögu sunnan og austan, og fékk konungsstaðfestingu þar upp á 24. apríl 1558, og annað konungsbréf síðar fyrir lögmannsdæminu 28. marz 1560, og að hann hafi í léni Skóga- og Merkureignir. — 1559 boðaði Páll Stígsson hann frá embætti fyrir róg um að hann hefði banað Eyjólf Kolgrímssyni með því að riða á spjótskapt hans. Frá þeim rógi hreinsaði Páll sig sama ár, en ekki þó því, að hann hefði um of haldið með enskum kaupmönnum í Vestmanneyjum. Fékk hann þá að nýju áðurnefnt staðfestingarbréf af konungi fyrir lögmannsembættinu. 1563 var hann boðaður utan af konungi út af tollahaldi í Vestmannaeyjum o. fl. 1566 getur enn hans héraðsdóms. Mun hann hafa haldið Rangárþing til síns dauða 1570. Ekki kom Páll til alþingis 1569 og sat Eggert Hannesson það ár í hans stóli. Sumir segja hann hafi þá verið settur frá lögmannsembætti, en aðrir, að hann hefði þá tekið sína banalegu<sup>1)</sup>.

Páll tjáist að hafa verið mikill höfðingi og mjög auðugur, stórgerður en óhlutdeilinn. Guðríður, systir Páls,

1) Hann var einmitt dæmdur frá lögmannsembættinu 1569 vegna ákæru Simonar Surbecks kaupmanns í Vestmannaeyjum, að hann hefði styrkt verzlun Englendinga þar í eyjunum.

erfði hann, en síðan Guðrún dóttir hennar, kona Árna Gíslasonar á Hlíðarenda.

Óljóst er hverjir hafi verið umboðsmenn Páls í Rangárþingi.

### Jón Björnsson.

Árið 1539 föstudaginn næstan fyrir Símonardag um veturinn í Þjóðólfshaga útnefndi Jón Björnsson 6 menn í dóm um það, að Jón Ísleifsson klagði til Eyjólfss Þorvaldssonar, að hann hefði haldið hans vinnukonu síðan fardaga, ítem, að naut Eyjólfss hefði drepíð kú fyrir sér. Þessi Jón er líklega sá Jón Björnsson, er var sýslumaður í Árnessýslu, en óvíst hvort hann þá hafði hálfu sýsluveiting eða var umboðsmaður Jóns Hallssonar eða Páls Vigfússonar.

1574 samþykkti Jón bóndi Björnsson (líklega sami maður) 6 manna dóm að Holti undir Eyjafjöllum um skáldskap Erlends<sup>1)</sup> Magnússonar móti Nikulási Björnssyni<sup>2)</sup>.

### Nikulás Björnsson.

Eg meina þetta sé sá Nikulás Björnsson á Seljalandi,

1) Með því að Jóns Björnssonar (sonar Björns Guðnasonar í Ögri) er tyrst getið sem sýslumanns í Árnessýslu 1524, getur það naumast staðizt, að hann sé sami maður og sá Jón Björnsson, sem dæmir í Holti undir Eyjafjöllum 1574, eða að minnsta kosti hefur hann þá hlotið að vera kominn hátt á áttæðisaldur eða um áttætt, sé ártalið á dómnum rétt og þetta einn og sami maður. Dr. Jón Þorkelsson (Ártíðaskrár bls. 185) telur dóm þennan frá 1570 eða 1571.

### 2) Þorgrímur Oddsson,

»kongsvaldsins löglegur umboðsmaður í Rangárþingi«, útnefndi dóm á Reyðarvatni 29. maí 1574 um ákæru sira Erasmusar Villadssonar í Odda gegn Halldóri Gíslasyni út af rekstri afreittarfjár í svonefndri Norðurkinn. Er Nikulás Björnsson þar einn dómsmanna og Oddleifur Brynjólfsson lögréttumaður (eflaust faðir Einars bls. 217). [Eptir bréfi í safni A. M. Apogr. 2141, afskrípt í Oddaskjölum í Lskjs.]. Hefur Þorgrímur því haft sýslu í Rangárþingi þetta ár, en þó dæmir Nikulás þar dóm s. á. Þorgrímur þessi er vafalaust = Þorgrímur lögréttumaður Oddsson, er átti Þórunni Bjarnadóttur Torfasonar frá Klofa, og er barna þeirra áður getið I, 319 og (IV) bls. 222 hér að framan. Hvergi hef eg fundið getið um sýsluvöld Þorgríms nema í þessu eina bréfi.

sem átti Kristínu dóttur Markúsar Jónssonar á Núpi undir Fjöllum. En móðir Kristínar var Sesselja systir Eyjólfss í Dal Einarssonar Eyjólfssonar lögmanns. Börn Nikulásar og Kristínar voru:

A. Herdís, sem átti fyr Halldór á Álptanesi Marteinson biskups og börn, svo síra Höгна Jónsson<sup>1</sup>).

B. Auðbjörg átti Guðmund Magnússon í Háfi og börn<sup>2</sup>). (Sjá Skaptafellssýslu).

Nikulás hefur að vissu tekið hálftr Rangárþing 1570 eptir Pál, en Árni Gíslason hinn hálftr hlutann, eptir því sem síðar sést af dómum þeirra. 1572 lét Nikulás ganga dóm með 6 mönnum um óhlýðnan gegn hreppstjóra skipun. 1574 lætur hann og dóm ganga að Holti með 6 mönnum um skáldskap<sup>1</sup>), og kallast þá kongsvaldsins löglegur um-

---

1) Síra Högni á Stafafelli († 1648) var son síra Jóns Egilssonar í Stafholti. Hann missti prestsskap fyrir hórdóm.

2) Barna þeirra er getið II, 293. Þar er þó vantalin Kristin, er átti Filippus Teitsson Björnssonar Jónssonar biskups Arasonar; þ. b.: Gunnlaugur á Sandhólaferju og Auðbjörg kona Einars sýslumanns Þorsteinssonar frá Pykkvabæ. Hannes og Erlendur voru og synir Guðmundar í Háfi og Auðbjargar Nikulásdóttur. Er enginn efi á, að Guðmundur í Háfi hefur verið son Magnúsar Jónssonar á Núpi í Eystrihrepp og s. k. hans Jarprúðar Bjarnadóttur. Jarprúður gíptist í 3. sinn Nikulási sýslumanni á Seljalandi, og var s. k. hans. Þau voru bl., enda hefur hún hlotið að vera allgömul, er hún gíptist Nikulási. Hefur Guðmundur son hennar þá gíptst Auðbjörgu dóttur Nikulásar og f. k. hans. Var Auðbjörg f. k. Guðmundar, en hin síðari Una Þorgrímsdóttir lögréttumanns Oddssonar og Þórunnar Bjarnadóttur Torfasonar í Klofa; þau bl. (sjá Árnassýslu).

Þriðja dóttir Nikulásar sýslumanns hefir verið:

C. Guðbjörg (sbr. Ártiðaskrár bls. 248).

3) Það er þessi dómur um skáldskap Erlends Magnússonar, sem Jón Björnsson samþykkir (sjá áður), líklega af því að Nikulás var málsaðili. Hafði Erlendur ort nið um Nikulás. Erlendur þessi er Erlendur Magnússon frá Núpi, síðar sýslumaður í Múlaþingi, faðir Torfa sýslumanns. Hefur að líkindum lítill vinátta verið með honum og Nikulási, er þá hefur eflaust verið kvæntur Jarprúði stjúpu Erlends. Nikulás sýslumaður mun vera

boðsmaður. 1578 lætur hann ganga dóm að Hvoli með 6 mönnum um próventu og nefnist þá kongs valdsmaður í Rangárþingi. 1588, 4. maí að Holti lætur hann dóm ganga, að leiguliði sé skyldugur að viðhalda húsum að viðuni og veggjum. 1589 á þriggja hreppa þingi að Lambey mánudag fyrir Þorláksmessu með 12 mönnum um hreppstjóra, umferðarfólk, vistarfólk, þess skyldur og kaup etc. Sama ár um mannsslag. Þar eptir sýnist sem Nikulás hafi tekið Skaptafellssýslu, því laugardaginn fyrir hvítasunnu 1596 að Kleifum með 6 dómsmönnum lætur hann ganga dóm um öreiga og stelpur, sem um sveit fara með fleiru. 1599 hefur Nikulás enn lifað, því þá dæmir Gísli sýslumaður Árnason millum hans og Jóns Ásmundssonar, og sektaðist Jón fyrir, að hafa varnað mönnum Nikulásar veg heim til Fitjar. Af áðurtöldu sést, að Nikulás hefur haldið Rangárþing, að visu frá 1570 til 1580 og aptur frá 1588 til 1590, en meiri efi er á, hvort hann hefur haldið það allt um téð ár eða Árni Gíslason jafnframt, er eg hygg muni réttast, eða Nikulás hefir verið lögsagnari Árna til þess hann deyði, en síðar haldið alla eða hálfu sýsluna til þess Gísli Árnason tók hana eða verið umboðsmaður Gísla<sup>1</sup>).

### Jón Marteinsson

kongsumboðsmaður í Rangárþingi útnefndi 1572 dóm á Skarði, þar ein systir klagaði, að hún hefði ei fengið fullt við önnur sín systkin. Það ár mun Jón hafa haldið hált Rangárþing eða verið umboðsmaður. (Sjá Vaðlaþing, Árneshing og Vestmanneyjar).

### Árni Gíslason.

(Sjá um hann við Skaptafellssýslu, Ísafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu).

sá »Niels Björnsson«, er útnefndi dóm í Vestmannaeyjum 10. júlí 1591.

1) Nikulás sýslumaður andaðist á Seljalandi 19. apríl 1600 (sbr. Ártíðarskrár bls. 181) og mun hafa haldið sýslu til dauðadags. Um framætt hans sjá hér áður III, 417—418, sbr. ennfremur Ártíðaskrár J. Porkelss. bls. 185—186, 246—249.

Hafi Árne ekki tekið hálfu sýsluna 1570 móts við Nikulás er víst, að Árne hefir tekið Rangárþing um 1580, en þó mun það fyrra rétt, því 1570 að Kirkjulæk í Fljótshlíð nefndi kongsvaldsmaður í Rangárþingi Árne Gíslason 6 menn í dóm um próventu Valgerðar. 1582, 28. maí (alii 15. maí) að Holti undir Eyjafjöllum lætur Árne ganga dóm um fátæklinga, og 9. janúar 1585 lét kongsumboðsmaður Árne Gíslason ganga dóm í Rangárþingi um hýsing fátækra. Árne bjó á Hlíðarenda 1570—1587 eptir það hann flutti frá Þingeyraklaustri.

Eg held að Árne hafi haldið að minnsta kosti hálfu sýsluna til síns dauða, en Eyjólfur Halldórsson tengdason hans haft Árna umboð til 1587, að Árne deyði og Eyjólfur fékk hálfu sýsluna að veiting. (Sjá um hann hér á eptir).

### Einar Eyjólfsson.

Velburðugur mann Einar bóndi Eyjólfsson kongsumboðsmaður í Rangárþingi lét 6 manna dóm ganga 4. júní 1581 að Lambeyjar héraðsþingi um Kirkjubæjarteig í Hrafn-tóptalandi í Holtamannahreppi, sem Erlendur Magnússon upp á klagaði etc. Dæmdist teigurinn Kirkjubæjar eign<sup>1)</sup>.

### Eyjólfur Halldórsson.

*Faðir:* Halldór Ormsson Einarssonar á Hofstöðum Þórólfssonar (sjá Gullbringusýslu).

*Móðir:* Þórdís Eyjólfsdóttir mókolls yngra Gíslasonar Filippussonar.

*Kona:* Solveig dóttir Árna Gíslasonar sýslumanns á Hlíðarenda.

*Börn:* A. Ísleifur í Saurbæ (deyði 1654) átti Sesselju dóttur Magnúsar sýslumanns í Ögri (giptust 1605). Sesselja hafði áður átt tvö launbörn (sjá Barðastrandarsýslu); þ. b.:

1. Magnús átti Helgu Oddsdóttur Andrés-sonar; þ. b.:

---

1) Einar þessi er Einar í Dal son Eyjólfssonar í Dal og Helgu Jónsdóttur biskups Arasonar. Hefur hann um tíma verið umboðsmaður í sýslunni, annaðhvort fyrir Árna á Hlíðarenda eða Nikulás á Seljalandi.



- a. Hinrik á Hvitárvöllum átti Eygerði  
(sjá Kjósarsýslu).  
b. Solveig átti Þorvarð Erlendsson<sup>1)</sup>.

1) Þorvarður á Hvítanesi maður Solveigar var son Erlends á Suður-Reykjum Þorvarðssonar Þórólssonar Eyjólfssonar á Hjalla (Bisks. II, 294—295). Börn Þorvarðs og hennar:

1. Guðmundur á Hvítanesi átti Elínu Guðmundsdóttur frá Neðra-Skarði Þórðarsonar.
  2. Jón átti Steinunni Guðmundsdóttur systur Elínar; p. d.:
    - a. Ingibjörg átti Jón Magnússon á Efra-Skarði og mörg börn, þar á meðal voru Magnús á Neðra-Skarði, Narfi á Geldingá, Þórunn kona Árna Jörundssonar í Stóra-Lambhaga, Jón á Efra-Skarði, Sveinn á Hvanneyri, Guðmundur á Hvítanesi, Guðrún kona Kaprasíusar Hallsteinssonar og Ingibjörg kona Magnúsar Ólafssonar í Ausu; þeirra son Þiðrik hreppstjóri í Viðvíkursveit.
  3. Torfi átti Sæunni Sigurðardóttur og börn.
  4. Gísli. Laundóttir hans:
    - a. Guðrún var tvígipt.
  5. Einar á Hvítanesi átti Sesselju Ólafsdóttur frá Hvammi í Kjós Jónssonar í Hvammi Hannessonar Ólafssonar Narfasonar (III, 571); p. b.:
    - a. Þórður á Kiðafelli átti fyr Karitas Hinriksdóttur; p. b.: Brandur á Kiðafelli og Hallvarður, en síðar Margréti Guðmundsdóttur frá Neðra-Skarði Ólafssonar.
    - b. Þorvarður í Brautarholti († 1769) átti fyr Agötu Halldórsdóttur frá Möðruvöllum í Kjós Þórðarsonar; p. b.:
      - aa. Snæbjörn prestur á Lundi.
      - bb. Einar á Útskálhamri.
      - cc. Guðmundur.
      - dd. Sigprúður. Þessara barna og alkomenda þeirra er ítarlega getið bls. 32—41.
- S. k. Þorvarðs í Brautarholti Solveig Kortsdóttir lögréttumanns á Kirkjubóli á Miðnesi Jónssonar; p. b.:
- ee. Oddur prestur á Reynivöllum átti Kristínu Hálfðanar-dóttur prests í Eyvindarhólum Gíslasonar; p. b.:
    - aaa. Hálfðan prestur á Mosfelli í Grimsnesi, missti prestsskap fyrir barneign, druknaði 5. des. 1808, átti Ingibjörgu Magnúsdóttur prests í Bjarnanesi Ólafssonar; þeirra dóttir Þorbjörg átti Þorleif prófast Jónsson í Hvammi (sbr. II, 387—388).
    - bbb. Þorvarður í Brautarholti druknaði með bróður sínum 1808, átti Þóru Guðmundsdóttur frá Fljótsdal Nikulássonar sýslumanns Magnússonar; p. b.:
      - a) Kristín s. k. Ólafs Péturssonar smíðs á Kala-

## c. Guðmundur.

- stöðum, þeirra son Þorvarður á Kalastöðum, er átti Margréti Sveinbjarnardóttur prests á Staðarhrauni Sveinbjarnarsonar; p. b. mörg, þar á meðal Þorvarður prentsmiðjustjóri í Rvík.
- S. m. Kristínar Árni Jónsson á Lundum; bl.
- b) Þórður í Kalastaðakoti átti Kristínu Loptsdóttur, systur síra Þorláks í Móum; bl.
- c) Einar á Grund á Akranesi átti Gunnhildi Halldórsdóttur; p. b.: Halldór á Grund o. fl.
- ccc. Gróa s. k. síra Jóns Oddssonar Hjaltalins á Breiðabólstað á Skógarströnd. Sjá um börn þeirra bls. 145—146.
- ddd. Guðrún fyrst s. k. Stefáns Ólafssonar Stephensen amtmanns; þeirra börn dóu ung, en síðan f. k. Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara (sjá Árnassýslu).
- eee. Karitas átti Lopt hreppstjóra Guðmundsson á Nedra-Hálsi í Kjós, bróður Þorsteins stúdents í Laxanesi (bls. 40—41); p. b.: Oddur í Hækingsdal, Þorsteinn í Þúfu, Þórarinn í Eyjum og Margrét, er átti Björn Tómasson Beck söðlasmið í Sjávarhólum.
- fff. Kristín átti Jóhann á Kaðalsstöðum í Stafholtstungum Bjarnason prests á Mælifelli Jónssonar; p. b.: Bjarni, Gróa, Hálfðan, Kristín. Launson Kristínar Oddsdóttur með Guðmundi smið Sigurðssyni á Hitardalsvöllum hét Guðmundur.
- ggg—iii. Margrétar þrjár dóu ungar.
- ff. Agata f. k. Guðmundar Guðmundssonar í Eilífsdal og Þorláksstöðum; p. b.:
- aaa. Krístrún átti Guðmund á Sandi í Kjós Eyjólfsson í Eyjum Guðmundssonar á Meðalfelli Jónssonar; p. b.: Eyjólfur á Þorláksstöðum, Guðmundur á Hvítanesi, Agata átti Sigurð Ólafsson á Sandi, Gísli í Útkoti, Hallbera átti Grím Jónsson frá Hvammsvík, Vigdis, er átti fyr Þórólf Þórðarson frá Saurbæ Ólafssonar (bls. 34) og síðan Magnús Magnússon og Krístrún, er átti Magnús Guðmundsson á Kíðafelli.
- gg. Sesselja átti Ólaf Jónsson í Eyrar-Uppkoti, bróður samfedra Þuridar, er átti Jón Snorrason í Sölvhól (faðir þeirra var Jón Þorvarðsson á Ketilsstöðum á Kjalarnesi). Börn Ólafs og Sesselju voru Sigurður í Skrauthólum og Ketilsstöðum, er átti Kristínu Guðmundsdóttur frá Fljótsdal Nikulásssonar, og Guðrún, er átti Kort Kortsson Þorvarðssonar; þau systkinabörn.

## d. Jón.

- hh. Guðrún átti Jón Þorsteinsson á Vallá, er síðar var verzlunarmaður í Hafnarfirði og bjó á Ófriðarstöðum; p. b. Magnús stýrimaður í Hafnarfirði, Vigfús, Guðmundur og Solveig, er átti Gísla Skæringsson í Kjós.
- ii. Kort í Flekkudal átti fyr Ingibjörgu Oddsdóttur frá Atlastöðum í Svarfaðardal Sæmundssonar prófasts á Miklabæ Magnússonar; p. b.:
- aaa. Magnús á Írafelli átti Ragnhildi Jónsdóttur frá Fremra-Hálsi Gíslasonar; p. b.:
- a) Guðmundur í Káraneskoti átti Ingibjörgu Þorvaldsdóttur; p. b.: Ingibjörg, Jóhannes, Guðbjörg, Valgerður, Auðbjörg.
  - b) Guðrún átti Halldór í Hvammi Jónsson í Skrauthólum Örnólfssonar; p. b.: Oddur, Valgerður, Þorkell, Magnhildur, Helga og Þóra, er átti Halldór Jónsson í Þormóðsdal.
  - c) Guðrún átti Ólaf Vigfússon frá Reykjakoti Halldórssonar; p. b.: Magnús í Laxnesi, Vigfús í Nauthól, Halldóra og Valgerður, er átti Mattías Eyjólfsson á Fossá.
  - d) Guðriður átti Lárus Gunnarsson sterka í Melrakkaey Halldórssonar; p. b.: Gunnar, Marta.  
Laundóttir Magnúsar Kortssonar með Höllu Alexiusdóttur var:
  - e) Valgerður átti Ólaf Jónsson; p. b.: Kristinn á Steinum við Rvík, Þórunn, Valgerður, Kristín.
- bbb. Oddur átti Guðrúnu Pálsdóttur prests á Þingvöllum Þorlákssonar; bl.
- ccc. Guðrún átti sira Jón Benediktsson á Rafnseyri; p. b.: Stefán, Sigurður söðlasmiður á Haukagili í Hvitársíðu. Benedikt Gabriel, Helga, Ragnhildur átti Jón Sigurðsson í Valdarási, Hildur átti Sigurð Andrés�on prests Hjaltasonar móðir Ásgeirs kaupmanns í Rvík og Hjalta, og Guðrún, er fyr átti Egil Villads Sandholt skósmið á Ísafirði og börn, en síðar Jón Sæmundsson í Arnardal og var síðasta kona hans; þeirra son Jón Benedikts stúdent.
- ddd. Solveig átti Magnús í Brautarholti Sigurðsson Árnasonar og Solveigar Snorradóttur í Narfakoti Gissurarsonar; p. b.:
- a) Kristinn í Engey átti Guðrúnu Pétursdóttur í Engey Guðmundssonar, þeirra son Pétur í Engey.

2. Eyjólfur átti Agötu Helgadóttur á Hvitár-  
völlum; börn:

- 
- b) Brynjólfur í Nýjabæ átti Halldóru Guðmunds-  
dóttur systur Ólafs í Mýrarhúsum.
- c) Katrín dó ung.
- f) Friðrik.
- g) Ása átti Bjarna Ólafsson á Ketilsstöðum á  
Kjalarnesi (bls. 31) og börn.
- eee. Kort í Eyrar-Uppkoti átti Guðrúnu Ólafsdóttur  
(sjá áður); þau systkinabörn; þ. b.:
- a) Kristín átti Steina Halldórsson Steinasonar á  
Valdastöðum Jónssonar; þ. b. mörg, þar á  
meðal Guðfinna gipt Helga Guðmundssyni á  
Hvítanesi, nú í Rvík, og Kortrún kona Bjarna  
hreppstjóra Péturssonar á Grund í Skorradal.
- b) Sesselja átti Gísla Guðmundsson í Uppkoti og  
börn.
- c) Margrét átti Gísla Þórðarson; bl.
- f) Guðrún átti Jón Guðmundsson í Eyrar-Upp-  
koti; þ. b.: Ólafur, Guðbjörg og Guðrún kona  
sira Jónmundar Halldórssonar á Barði í Fljótum.
- g) Kort á Útskálahamri átti Sigríði Magnúsdóttur  
og börn.
- h) Sigurður á Stórhólmi í Leiru og víðar átti Sol-  
veigu Jónsdóttur frá Fremra-Hálsi Eyjólfssonar  
og börn.
- i) Þorsteinn dó bl.  
S. k. Korts Þorvarðssonar í Flekkudal Þór-  
dis Einarsdóttir; þ. b.:
- fff. Björn á Möðruvöllum átti Helgu Magnúsdóttur  
prests í Steinnesi Árnasonar; þ. b.:
- a) Jónas prestur í Sauðlauksdal († 16. apríl 1896),  
átti Rannveigu Gísladóttur og börn.
- b) Anna s. k. Ólafs Guðmundssonar í Mýrarhúsum,  
áttu 5 dætur.
- c) Kristín átti Jóhannes Jónsson hreppstjóra á  
Hóli í Lundareykjadal; þ. b.: Björn á Hóli  
í Lundareykjadal Ástriður kona sira Magn-  
úsar Þorsteinssonar á Eyrum við Patreks-  
fjörð o. fl.
- d) Lárus á Kongsbakka í Helgafellssveit átti Rósu  
Jónsdóttur; þ. b.: Ingólfur skipstjóri í Rvík  
o. fl.
- ggg. Einar í Tjarnarhúsum átti Guðrúnu Gísladóttur;  
þeirra dóttir Ingibjörg átti Eirík Bjarnason á Eiði  
á Seltjarnarnesi.

- a. Sesselja átti Halldór Þórðarson<sup>1)</sup>.  
 b. Erlendur í Brautarholti<sup>2)</sup> átti Ingi-  
 björgu Pálsdóttur.

hhh. Kort yngri dó bl.

iii. Ingibjörg s. k. Ólafs Bjarnasonar í Flekkudal  
 bróður Þorsteins lögregluþjóns í Rvík; p. b.:

a) Þórdís átti Brynjólf í Meðalsfells koti Einars-  
 son prests á Reynivöllum Pálssonar; p. b.:  
 Ólafur, Ragnhildur, Einar og Guðrún, er átti  
 Jón skipstjóra í Melshúsum Jónsson í Mýrar-  
 húsum Sigurðssonar.

b) Ingibjörg átti Jón yngra Erlendsson á Eyjum  
 í Kjós og mörg börn.

kk. Jón.

ll. Guðbjörg.

Laundóttir Þorvarðs Einarssonar í Brautarholti

mm. Karitas átti Magnús Bárðarson.

1) Afkomendur Halldórs og Sesselju eru taldir itarlega hér  
 að framan bls 28—42.

2) Hann hét ekki Erlendur, heldur Erlingur og bjó síðast í  
 Blönduholti í Kjós, en fyrst í Brautarholti. Hann var lögréttu-  
 maður. Ingibjörg kona hans var dóttir Páls landskrifara Gisla-  
 sonar lögmanns Þórðarsonar. Börn Erlings og hennar:

1. Jón prestur á Ólafsvöllum († 1707) átti Solveigu Jónsdóttur  
 frá Hliði á Álptanesi Péturssonar, er síðar átti Ólaf lögréttu-  
 mann í Haukadal son Jóns prests Ólafssonar í Fellsmúla.  
 Börn síra Jóns og hennar:

a. Pétur bjó í Haukadal, átti Guðrúnu Halldórsdóttur.

b. Ingibjörg átti Hans Danielsson hálfðanskan að ætt. Hann  
 drukknaði í Hvítá hjá Bræðratungu.

c. Hildur átti Vernharð lögréttumann og stúdent á Búrfelli  
 son Ófeigs Magnússonar lögréttumanns í Skipholti og Bryn-  
 hildar Jónsdóttur; p. b.:

aa. Jón á Búrfelli († 1822, 88 ára) átti Ingunni Magnús-  
 dóttur frá Laugardalshólum Rögnvaldssonar; p. b.:

aaa. Ófeigur smiður á Heiðarbæ átti Þorbjörgu Gunn-  
 laugsdóttur Jónssonar á Gýgjarhóli Gissurarsonar  
 Oddssonar og mörg börn; þar á meðal voru Vig-  
 fús í Nesjum, Vernharður og Ingibjörg.

bbb. Sigríður átti Þorkel Guðmundsson frá Ásgarði  
 Magnússonar; p. b. mörg; þar á meðal Ásmundur í  
 Ásgarði, Guðmundur í Öndverðarnesi, Jón á Fossi  
 faðir Þorkels dbrm. á Ormsstöðum, Gislí í Laug-  
 ardalshólum, Magnús í Ásgarði, Hildur, Helga og

c. Þuriður átti Jón Pálsson<sup>1)</sup>.

- Ingunn, er átti Gisla á Kringlu Magnússon á Snæfoksstöðum Hjörtssonar; p. b. Þorkell snikkari í Rvík.
- ccc. Ólafur á Efri-Brú og síðar Svartagili átti Ragnhildi Beinteinsdóttur Ingimundssonar Bergssonar Sturlaugssonar og mörg börn; þar á meðal var Einar í Litla-Botni faðir Beinteins sem nú (1912) býr í Grafardal, og er það ættfólk annarstaðar talið (III, 98—99).
- ddd. Ásmundur í Laugardalshólum átti Solveigu Einarsdóttur; p. b.: Hildur og Ingunn, er átti Þorleif Eyjólfsson í Efstadal.
- eee. Magnús á Laugarvatni átti Önnu Vernharðsdóttur lögréttumanns Gunnarssonar; p. b.: Ingunn átti Guðmund Ólafsson í Eyvindartungu, Guðrún eldri átti Filippus Knútsson á Laugarvatni, Guðrún yngri átti Eyjólf Eyjólfsson á Laugarvatni og Hólmfríður átti Guðna í Haga Tómasson frá Helludal Sæmundssonar.
- fff. Björn á Búrfelli átti Ragnhildi Jónsdóttur prests í Klausturhólum Jónssonar prests í Hruna Finnsónar biskups, p. b. Jón prestur á Eyrarbakka († 1892), Jón annar söðlasmiður á Hömrum og Margrét kona Guðmundar Guðmundssonar í Landakoti á Vatnsleysuströnd.
- ggg. Guðrún átti Erlend í Miðengi Þorgilsson Ormsónar smíðs Ásmundssonar, p. b. Þorgils á Minni-borg, Jón á Torfastöðum í Gratingi Guðrún kona Þorsteins Gíslasonar í Mýrarkoti, Ingunn kona Nikuláasar í Hraunkoti Þórðarsonar Eyvindsónar í Votmúlakoti Ófeigssonar o. fl.
- bb. Valgarður í Efstadal († 1800, 62 ára) átti Þuriði Jónsdóttur frá Látalæti Jónssonar og Guðriðar Gísladóttur, systur Ólafs biskups, p. b. Ófeigur í Kaldárhöfða, Gíslí í Efstadal, Jón í Búrfellskoti, Guðný, dó bl., Guðrún átti Magnús Bjarnason á Litlahálsi, og Guðriður, er átti Guðmund Vigfússon prests í Miðdal Jónssonar, og var son þeirra Valgarður í Þórðarkoti í Selvogi.
- cc. Ófeigur stúdent, var skrifari Eggerts lögmanns Ólafsónar og druknaðr með honum á Breiðafirði 1768.
- dd. Ólafur dó ókv. bl.
- ee. Björn átti fyr Bryngerði Magnúsdóttur, p. b. Stefán á

1) Jón var bróðir Ingibjargar, er átti Erling í Blönduholti bróður Þuriðar.

d. Elín átti Ólaf Jakobsson<sup>1)</sup>.

Egilsstöðum í Flóa og Guðrún, en síðar Kristínu Ólafsdóttur ekkju Helga Illhugasonar Skálholtsbryta.

ff. Magnús dó á Laugarvatni ökv., bl. á áttæðisaldri.

gg. Guðrún var f. k. Porkels á Valdastöðum í Kjós Guðmundssonar á Meðalfelli Jónssonar, p. b. Hildur átti Jón Bjarnason á Valdastöðum og Ingibjörg átti Einar Jónsson á Práandarstöðum.

hh. Solveig († 1807) átti Gunnar lögréttumann á Laugarvatni Högnason lögréttumanns Björnssonar prests á Snæfoksstöðum Stefánssonar, p. b.:

aaa. Vernharður lögréttumaður á Laugarvatni átti Guðrúnu Símonardóttur prests í Selvogi Sveinbjarnarsonar (eða dóttur Símonar Sighvatssonar í Krisuvík, bls. 154) [Guðrún var kennd sira Símoni dauðum], p. d. Anna átti Magnús Jónsson Vernharðssonar (sjá hér á undan).

bbb. Hildur átti Einar Jónsson í Laugardalshólum og börn.

ii. Ingibjörg († 1776) átti Porkel Magnússon á Selfossi, p. b. Hildur átti Pétur Þórðarson frá Þorlákshöfn Gunnarssonar og Guðný, er átti Bjarna á Hæðarenda Guðmundsson frá Stóra-Ármóti Loptssonar, p. b. Þóróddur í Sölvhól o. fl.

kk. Guðrún önnur (Guðrún eldri) dó bl.

ll. Ragnheiður átti Einar á Stóra-Hálsi í Grafningi Jónsson prests í Arnarbæli Andréssonar, p. b. Ragnheiður, Hannes og Dómhildur.

d. Ingibjörg önnur átti sira Stefán Þorsteinsson í Steinsholti († 1773), p. b.:

aa. Jón lögréttumaður á Járngerðarstöðum, síðar á Vatnsleysuströnd átti Vigdís Vilhjálmsdóttur lögréttumanns á Járngerðarstöðum Jónssonar.

bb. Guðrún átti Arnpór Magnússon í Kampholti, þeirra son Kláus. Dóttir hans Guðný átti Stefán Bjarnason í Framnesi á Skeiðum.

cc. Þorsteinn í Dalbæ í Ytrihrepp átti Guðriði Guðmundsdóttur á Kópvatni Þorsteinssonar; p. b.:

aaa. Stefán í Neðradal í Biskupstungum átti Vigdís Diðriksdóttur og Guðrúnar Högnadóttur prests á Breiðabólstað Sigurðssonar, p. b. a) Þorlákur í Neðradal faðir Stefáns hreppstjóra s. st., Einars í Hvassahrauni og Guðrúnar konu Sigurðar Guðmundssonar, er lengi bjó í Gröf í Mosfellssveit;

1) Sbr. bls. 42 hér að framan.

## e. Sigurður bl.

- b) Diðrik í Laugarási faðir Diðriks í Króki í Flóa, Gissurar á Vatnsenda í Flóa og Guðmundar í Keldnaholti í Biskupstungum föður Gísla, er þar býr nú (1912); c) Páll í Múla í Biskupstungum faðir Egils, er þar bjó síðar, föður Páls læknis í Kaupmannahöfn, Geirs bónda, er nú býr í Múla og Jónínu konu Gríms Skúlasonar Thorarensens á Kirkjubæ; d) Guðrún átti Pál Einarsson á Bergsstöðum og börn; e) Guðríður; f) Þorsteinn í Langholtsparti í Flóa faðir Margrétar móður Sigurðar Sigurðssonar alþm. og búnaðar-ráðunauts; g) Þórunn f. k. Guðmundar á Þórisstöðum í Grimsnesi Tómassonar í Helludal Sæmundssonar.
- bbb. Katrín f. k. Vigfúsar í Lambhúskoti Vigfússsonar á Ísabakka Vigfússsonar s. st. Þórólfsssonar.
- ccc. Gunnlaugur fór vestur undir Jökul, átti fyr Guðrúnu Svartsdóttur Kristjánsssonar og mörg börn, en síðar Sigríði Magnúsdóttur frá Bryggju í Biskupstungum Björnssonar Eyjólfsssonar.
- dd. Guðmundur.
- ee. Sigríður.
- ff. Jón annar var reikunarmaður (flakkari).
2. Hannes prestur í Arnarbæli († 1707) átti Þorbjörgu Jónsdóttur lögréttumanns á Hliði Péturssonar systur Solveigar, er átti síra Jón bróður hans; p. b.:
- a. Guðríður átti Þorstein á Skammbeinsstöðum Hákonarson sýslumanns Hannessonar (sjá síðar).
- b. Sigríður átti síra Jón Andrésson í Arnarbæli († 1780); p. b.:
- aa. Einar á Stóra-Hálsi átti Ragnheiði Vernharðsdóttur lögréttumanns Ófeigssonar (sjá hér áður).
- bb. Vigfús prestur í Miðdal átti Agötu Halldórsdóttur frá Úlfjótuvatni Brandssonar, p. b. Guðmundur, er átti Guðríði Valgarðsdóttur Vernharðssonar (sjá áður). Helga, er átti Arngrím Pálsson í Álfsnesi, Guðrún s. k. Þorleifs Guðmundssonar á Bøðmódsstöðum, Steinunn, er átti Jón Bjarnason í Efstadal, Jónar tveir, Jór-unn og Sigurður, dó ungur.
- cc. Hannes varð holdsveikur, dó ókv., bl.
- dd. Andrés átti Ástriði dóttur Nafra-Jóns Ólafssonar í Oddagörðum, p. b. Magnús, Sigríður.
- ee. Ragnheiður átti Tómas í Auðsholti í Ölfusi Einarsson Magnússonar á Selfossi Magnússonar, bróður Jóns læknis í Ármúla, p. b. Einar í Mjóanesi í Þingvallasveit faðir Einars, er þar bjó síðar († 1900), Vigfús í



f. Guðmundur í Eyjafirði, svo á Melum<sup>1)</sup>.

Móakoti í Kaldaðarneshverfi, Guðrún átti Guðmund Þorsteinsson á Stóra-Hálsi í Grafningi, Þorbjörg og Valgerður.

ff. Guðlaug s. k. Þórðar Einarssonar í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, þ. b. Bjarni og Barbara, er átti Magnús Magnússon í Hamrakoti í Andakíl.

gg. Guðlaug önnur átti launbörn (tvíbura) með Sæfinni Þorleifssyni frá Árbæ í Ölfusi Ásbjörnssonar, giptist síðar Jóni Helgasyni, þjuggu í Krísvíkurbær og flosnuðu upp.

3. Sigurður. Dóttir hans mun hafa verið Guðrún, er átti Halldór Brandsson á Úfljótuvatni (sjá síðar).

4. Ingibjörg átti síra Sæmund Jónsson í Miðdal († 1707) og Sesselju Einarsdóttur af bændaþingi úr Borgarfirði (Sesselja var á lífi á Drumboddsstöðum í Biskupstungum hjá Ingibjörgu tengdadóttur sinni 1729, 99 ára gömul); þ. b.:

a. Sigurður, útskrifaður úr skóla 1726, bjó sem bóndi á Grims-læk í Ölfusi átti Helgu Jónsdóttur Þorvaldssonar, þ. b.: Sigurður, Ingibjörg.

b. Steinunn f. k. síra Þorláks Sigurðssonar á Prestsbakka, þ. b.:

aa. Guðmundur aðstoðarprestur á Kirkjubæjarklaustri († 1777) átti Kristínu Jónsdóttur silfursmiðs í Árkvörn Vigfússonar sbr. bls. 130 og er barna þeirra þar getið.

bb. Þorsteinn í Nýlendu á Seltjarnarnesi átti Guðrúnu Páldóttur smiðs Loptssonar prests á Krossi Rafnkelssonar, þ. b. Þorsteinn, Guðmundur, Þóra.

cc. Jón á Flókastöðum í Fljótshlíð, tvíkvæntur. Son hans með f. k. Eyjólfur á Moshvoli, en dóttir hans með s. k. Helgu Jónsdóttur frá Höll í Borgarfirði Halldórssonar var Sesselja f. k. síra Þórðar Halldórssonar á Torfastöðum, þ. h. Þorleifur í Bræðratungu, Jón og Halldór (eldri).

dd. Halldóra átti fyr Grim á Seljalandi í Fljótshverfi Ormsson prests á Reyðarvatni Snorrasonar, þ. b. Jón og Hallgerður, er átti Árna Stefánsson í Fáskrúðsfirði. Dóttir þeirra var Guðný sú, er séra Vigfús Ormsson á

1) Að Guðmundur hafi verið í Eyjafirði er vitanlega rangt. Hann mun hafa verið á Melum í Melahverfi á Kjalarnesi, og þar bjó Eyjólfur faðir hans. Dóttir Guðmundar, Þóra, átti Bjarna Sigurðsson bróður síra Gísla á Kvennabrekku (sbr. bls. 52). Kona Guðmundar var Þórdís Hjaltadóttir, eflaust dóttir Hjalta á Rautarfelli Jónssonar prests í Káltholti Stefánssonar (sjá hér áður bls. 402).

g. Helga<sup>1</sup>).

Valþjófsstað ætlaði að kvongast á gamalsaldri (sbr. Ísl. Sagnapætti í Þjóðólfi 61. árg. 1909, bls. 214).

S. m. Halldóru Þorlákadóttur Jón Sverrisson eldri á Seljalandi, bróðir Eiríks sýslumanns, áttu börn.

ee. Sesselja f. k. sira Jóns Hinrikssonar á Keldum, bl.

5. Agata giptist 1710 Ólafi Ólafssyni í Hvammi í Kjós og var son þeirra Eyjólfur fæddur 1711. Eg hef áður (bls. 35) gízkad á, að hún hafi fyr verið gipt Brandi í Hvammi, og þeirra son hafi verið ef til vill Halldór á Úlfjótavatni. En í ættatölum Espólins og Snókdalins og víðar er talið, að Agata hafi átt Sigurð nokkurn og dóttir þeirra verið Guðrún, kona Halldórs á Úlfjótavatni, en réttara mun, að sú Guðrún hafi verið dóttir Sigurðar Erlingsssonar (sjá hér áður). Dóttir Halldórs og Guðrúnar var Agata, er átti sira Vigfús Jónsson í Miðdal. Er sennilegast, að Halldór (f. c. 1708) hafi verið systurson Agötu Erlingsdóttur, son Brands Svartssonar og Guðrúnar Erlingsdóttur. Halldór er í Arnarbælishverfi 1729. Guðrún Sigurðardóttir 32 ára 1729 er þá gipt Ólafi Guðmundssyni á Úlfjótavatni og hefur Halldór ef til vill verið s. m. hennar og hann þá farið að búa á Úlfjótavatni. Guðrún var f. k. Halldórs. Börn þeirra önnur en Agata voru: Sæmundur, er bjó í Selvogi og Herdis, er fyr átti Snorra Magnússon á Suður-Reykjum (bls. 116) en síðar Jón Helgason í Stardal.

S. k. börn Erlings lögréttumanns í Blönduholti hafa verið:

6. Gisli prestur á Ólafsvöllum († 1744) átti Ingibjörgu Gísladóttur prests í Kaldaðarnesi Álfssonar; p. b.:
- a. Vigfús á Reykjum á Skeiðum átti Guðlaugu Bjarnadóttur á Reykjum Jónssonar; p. b.:
- aa. Eiríkur dbrm. á Reykjum († 1839) átti fyr Ingunni Eiríksdóttur frá Bolholti Jónssonar; p. b.:

1) Á að vera: Helgi, hann bjó á Tindstöðum, átti fyr Helgu Bjarnadóttur frá Kúludalsá Eyjólfssonar, en síðar Ólöfu Guðnadóttur. Dóttir hans og Helgu var Þóra, er átti Sölmund hringjara á alþingi Filippusson á Klafastöðum Grimssonar prests í Gørðum Bergsveinssonar:

[Enn er talin dóttir Eyjólfss Ísleifssonar bæði hjá Snókdalin og Espólin:

- h. Valgerður. Launson hennar með Pétri Sighvatssyni:
- aa. Hinrik í Melshúsum á Álptanesi, tvíkvæntur, átti fyr Þórunni Teitsdóttur, þeirra son Teitur á Breiðinni. Þessi framætt Hinriks er þó mjög valasöm og hætt við, að það sé rangt, að móðir hans hafi verið Valgerður Eyjólfsdóttir Ísleifssonar, heldur dóttir einhvers annars Eyjólfss].

## 3. Solveig átti síra Þorstein Jónsson; börn:

- aaa. Katrín átti Magnús alpm. í Syðra-Langholti Andrés-sonar Narfasonar í Efstadal Einarssonar, p. b.: Helgi í Birtingaholti, Sigurður á Kópavatni, Andrés í Syðra-Langholti o. m. fl. Synir Helga voru: Guðmundur fyr prófastur í Reykholti, Magnús forstöðumaður kennaraskólans, Kjartan prestur í Hruna og Ágúst dbrm. í Birtingaholti, en son Andrésar er Magnús prófastur á Gilsbakka. Dóttir Magnúsar alpm. Andrés-sonar og Katrínar var og Ingunn móðir síra Árna Þórarinssonar á Raudamel og þeirra systkina.
- bbb. Ingibjörg átti Eirik Þorsteinsson smið á Lauga-  
bökkum og börn.  
S. k. Eiríks Vigfússonar á Reykjum var Guðrún eldri Kolbeinsdóttir prests í Miðdal Þorsteins-sonar, ekkja síra Sigurðar Ólafssonar aðstoðar-  
prests í Miðdal; p. b.:
- ccc. Vigfús á Reykjum átti Ingibjörgu Gísladóttur frá Stóra-Hofi í Eystrihrepp Einarssonar, p. b. a) Gísli á Syðri-Brúnavöllum, b) Eiríkur í Útverkum, c) Ingimundur og d) Guðrún, er átti Sigmund Jónsson á Vatnsenda í Flóa.
- ddd. Kolbeinn á Hlemmiskeiði átti Solveigu Vigfús-  
dóttir frá Fjalli Ófeigssonar s. st. Sigmundssonar, p. b. a) Eiríkur á Hömrum í Eystrihrepp átti Sigríði Jakobsdóttur frá Skálmholtshrauni Högnasonar í Skógum Benediktssonar, p. b. Kolbeinn í Stóru-Mástungum, Jakob á Holstöðum á Álptanesi og Sigríður, er átti frænda sinn Loft Loftsson í Steinsholti, b) Jón á Hlemmiskeiði átti Þórdísi Snorradóttur, p. b. Kolbeinn, drukknaði. c) Ingunn, d) Guðrún átti Jón Árnason á Galtalæk.
- eee. Loftur í Austurhlið í Eystrihrepp, þrikvæntur. Son hans með miðkonunni var Loftur í Steins-  
holti, er átti Sigríði Eiríksdóttur frá Hömrum Kolbeinssonar. En son Lofts Eiríkssonar með síðustu konunni er Erlendur á Hamarsheiði.
- fff. Eiríkur dbrm. á Reykjum († 9. nóv. 1893) átti Sigríði Sturlaugsdóttur Gunnarssonar í Auðsholti Egilssonar, p. b. a) Ásbjörn í Andrésfjósum. Synir hans Þorsteinn í Hafnarfirði og Sigurður í Reykjavík. b) Guðrún átti Magnús Sigurðsson á Votamýri og mörg börn c) Þorbjörg átti Guðmund Guðmundsson á Álfstöðum og mörg börn, þar

a. Margrét átti sira Þorkel Arngrímsson, þeirra son Jón Vidalin biskup.

á meðal var Eiríkur í Efri-Gróf í Flóa og Björn í Vesturkoti. d) Eiríkur á Ólafsvöllum. Son hans er Sigurður reglubóði og dbrm. í Reykjavík. e) Ingigerður gípt Þorsteini smið á Reykjum Þorsteinssyni Jörundssonar á Laug Illhugasonar Skálholtssmiðs Jónssonar í Neðradal Freysteinssonar, þ. b. mörg, þar á meðal Bjarni á Hlemmiskeiði, Þórður á Reykjum, Kolbeinn snikkari í Rvík, Ingvar bókbíndari í Rvík, Þorgeir, Sigríður, Ingveldur, Þórdís.

ggg. Ingunn átti Ófeig hinn ríka í Fjalli Vigfússon Ófeigssonar Sigmundssonar og var f. k. hans, þ. b. a) Ófeigur í Fjalli átti Vilborgu Eyjólfsdóttur hreppstjóra í Auðsholti Guðmundssonar, þ. b. mörg, þar á meðal, Ófeigur, Guðmundur, Eyjólfur í Rvík, Helga í Rvík og Ingunn, Ólafur verzlunarstjóri í Keflavík. b) Vigfús í Framnesi átti Margrétu Sigurðardóttur frá Arnarbæli í Grímsnesi Gíslasonar. Son þeirra Ófeigur prestur í Fellsmúla. c) Sigríður f. k. Högnu í Skálmholtshrauni Jakobssonar s. st. Högnasonar. d) Sigríður yngri miðkona Einars Einarssonar á Urriðafossi. e) Margrét átti Ólaf í Fjalli Stefánssonar prests á Heiði í Mýrdal Stefánssonar. f) Ingunn. g) Margrét önnur átti Guðmund í Ásum í Eystrihrepp Þormóðsson frá Hjálmholti Bergssonar, þeirra son Ófeigur í Nesi við Seltjörn (drukknaði) faðir Jóns málfræðings í Rvík. h) Guðrún átti Sigurð Jónsson á Kálfhóli, þeirra son Ófeigur í Arakoti. i) Guðrún önnur átti Sigurð Sigurðsson í Útey og börn, þar á meðal er Ingvar í Rvík. k) Sigríður þriðja átti Guðbrand Árnason í Miðdal, þ. b.: Ingvar á Bjarnastöðum, Sigurður í Árbæ í Ólfusi, Ófeigur fór til Ameríku o. fl. l) Ingveldur átti Eirík Hafliðason í Vorsabæ, þeirra son Eiríkur hreppstjóri, er bjó í Miklholti o. fl.

bb. Gísli í Kampholti átti Katrínu Jónsdóttir frá Skálmholtshrauni Oddssonar, þ. b.:

aaa. Vigfús átti laundóttur, er Guðrún hét með Þórdísi Jónsdóttur í Miðbýli Einarssonar á Iðu Jónssonar.

bbb. Margrét átti Þorstein á Brú í Flóa Pálsson í Arhrauni Ketilssonar í Vaðnesi Þorgeirssonar s. st.

b. Hildur átti sira Odd Eyjólfsson<sup>1)</sup>.

Pórðarsonar. Þeirra son Jón á Miðkekki átti Pórdísi Þorsteinsdóttur frá Hæringsstaðahjáleigu Runólfssonar í Bitru Þorsteinssonar, þeirra son var Þorsteinn læknir í Vestmanneyjum.

cc. Ingigerður átti Guðmund Þórðarson í Andrésfjösum.

dd. Guðrún átti Pál Jónsson á Ármóti í Flóa.

ee. Anna átti Stefán Oddsson í Kasthúsum á Álptanesi, p. b. Stefán, Guðný;

ff. Guðfinna dó ógipt. bl.

gg. Bjarni á Ósabakka átti Guðlaugu Jónsdóttur frá Kröggólfsstöðum Eyjólfssonar prests á Snæfoksstöðum Björnssonar, p. b.:

aaa. Bjarni í Rvík átti Halldóru Pálsdóttur í Úthlíð Snorrasonar og börn.

bbb. Þórður í Úthlíð átti Margréti Ólafsdóttur frá Húsatóptum Grimssonar á Reykjum Ólafssonar á Hlemmiskeiði Grimssonar og börn.

ccc. Solveig. ddd. Valgerður dó ung.

eee. Bjarni yngri á Ósabakka átti Ragnheiði Narfadóttur frá Gerðum í Flóa Gíslasonar í Skarði í Eystrihrepp Jónssonar og Elizabetar Gissurardóttur í Hlíð í Ytrihrepp Þorsteinssonar í Jötu Oddssonar, bl.

hh. Guðrún yngri dó bl.

Launson Vigfúsar Gíslasonar á Reykjum:

ii. Jón átti Ásdísi Pálsdóttur Ólafssonar.

b. Guðrún († 1792) átti Ólaf í Syðra-Langholti Gíslason s. st. Erlendssonar; p. b.:

aa. Gíslí á Stóruborg í Grimsnesi átti Þórnyju Þorsteinsdóttur á Stóruborg Erlendssonar, p. b.:

aaa. Sigurður smíður í Arnarbæli átti Vilborgu Jónsdóttur prests í Klausturhólum Jónssonar, p. b.: Jón í Arnarbæli, Sveinn á Smærnavelli í Garði og Margrét, er átti Vigfús Ófeigsson í Framnesi (sjá áður).

bbb. Þorsteinn í Mýrarkoti átti Guðrúnu Erlendsdóttur frá Miðengi Þorgilssonar. Son þeirra var Magnús, er lengi var í Halakoti á Álptanesi, en síðar í Rvík og druknaði þar.

1) Börn sira Odds í Holti, voru: Þorsteinn prestur í Holti, Þórður prestur á Völlum í Svarfaðardal, Rannveig dó ógipt, bl. í stórubólu og Jakob dó bl.

## 4. Elizabet átti Halldór Helgason; börn:

- ccc. Ólafur gullsmiður í Há koti á Álptanesi átti Jór-  
unni Jónsdóttur systur Bjarna rektors.
- bb. Sveinn í Útverkum átti Vilborgu Jónsdóttur, systur  
sira Guðmundar á Staðastað, p. b. Elin átti Guðmund  
í Útverkum Þorsteinsson frá Kilbrauni Eiríkssonar frá  
Bolholti, Guðrún, Vilborg, Ólöf, Jón, Elizabet, Þórður.
- cc. Erlingur. Laundóttir hans með Helgu Jónsdóttur á  
Ásólfstöðum Þorsteinssonar var:
- aaa. Þóra, er átti Brynjólf á Minna-Núpi Jónsson klaust-  
urhaldara Brynjólfssonar sýslumanns Thorlacius  
á Hliðarenda (sjá Árnassýslu).
- dd. Guðfinna átti Þorstein Þorsteinsson í Holtakoti.
- ee. Ingveldur f. k. Gísla Jónssonar á Sóleyjarbakka.
- ff. Guðrún átti Þórð Guðmundsson á Stóraflljóti í Bisk-  
upstungum, bl.
- gg. Einar.
- hh. Sveinn annar.
- ii. Ólafur.
- kk. Þorbjörg. Þessi síðastöldu munu hafa dáð ung.
- c. Þuríður átti Guðmund Ófeigsson í Egilsstaðakoti, p. b.:  
Ófeigur, Vigfús, Ingveldur.
- d. Katrín f. um 1720, dó ógipt, bl.
- e. Sigríður f. um 1721.
- f. Erlingur f. um 1723, dó ókv., bl. [Sbr. Manntal í Árnes-  
þingi 1729 í minni eign. Kona sira Gísla er þá (1729) dáin].
7. Kristín átti Sighvat Halldórsson. Sjá um börn þeirra III, 414.
8. Guðrún átti Brand Svartsson í Auðsholti í Ölfusi, er kallaður  
var Hlutar-Brandur (af sjávarafla) p. b.:
- a. Hannes í Þorkelsgerði átti Rannveigu Aradóttur frá Helga-  
stöðum Pálssonar, bl.
- b. Guðrún átti Ögmund Snorrason í Kotleysu bróður Knúts  
í Gerðum og var f. k. hans, p. b.:
- aa. Snorri, er drukknaði á Óseyrarnesferju 1800. Son hans  
Jón hreppstjóri í Óseyrarnesi, og er frá honum all-  
mikil ætt.
- bb. Andrés í Kotleysu. Son hans Brynjólfur í Kotleysu  
átti Aldísi Jónsdóttur.
- cc. Brandur í Breiðumýrarholti átti Þorbjörgu Þórðar-  
dóttur.
- dd. Ingveldur.
- ee. Ingunn.
- ff. Guðrún.
- gg. Kristín dó 1826, ógipt, bl., hálf-niræð.
- hh. Þuríður.

- a. Síra Guðmundur í Ögurþingum.
- b. Þórður smiður faðir Elizabetar móður síra Árna í Gufudal etc.
- c. Guðrún átti Þorleif Einarsson og börn<sup>1</sup>).

- 
- c. Guðrún önnur f. k. Sveins Guðnasonar á Árgilstöðum í Hvolhrepp, p. b.:
    - aa. Sigvaldi á Herru í Holtum átti Gróu Þorsteinsdóttur frá Króki Jónssonar í Kálholtshjáleigu Péturssonar, p. b.:
      - aaa. Þórunn átti Guðna Ólafsson, bl.
      - bbb. Guðlaug, dó bl.
      - ccc. Guðrún átti fyr Jón Guðnason frá Seli í Stokks-eyrarhrepp Magnússonar Þorsteinssonar, bl., en síðar Sigurð Erlendsson á Stóru-Reykjum, og börn.
    - bb. Guðrún átti Bjarna Höskuldsson á Gljúfri í Ólfusi, p. b.: Gíslí, Guðni, Þórey.
    - cc. Geirlaug giptist vestur í Gufudalssveit.
    - dd. Þuríður átti Jón Þorsteinsson eldra á Gljúfri, þeirra dóttir Guðrún átti Árna á Litla-Hálsi og víðar Brands-son Jóhannssonar í Auðsholti Jónssonar og áttu mörg börn, þar á meðal Brandur í Arnarfelli átti Guðfinnu Ólafsdóttur Mosdals Ólafssonar prests í Miðdal Jón-sonar, þeirra son Narfi.
    - ee. Þórdís s. k. Jóns Jónssonar á Bjarnastöðum í Grims-nesi, p. d. Þórunn átti Ólaf Guttormsson á Bjarna-  
stöðum og mörg börn.
  - d. Jón.
  - e. Jón annar.
  - f. Helga lenti á vergangi (er á Drumboddsstöðum hjá Ingi-  
björgu Erlingsdóttur móðursystur sinni 1729, 16 ára gömul),
  - g. Þuríður.

*Aths.:* Svo er talið í flestum ættatölum, að Erlingur lögrétu-  
maður Eyjólfsson í Blönduholti hafi verið einkvæntur, og öll  
börn hans talin börn Ingibjargar Pálsdóttur. En í prestaefum  
síra Jóns Halldórssonar er sagt, að Ingibjörg hafi verið fyrri  
kona hans og síra Jón á Ólafsvöllum son Erlings og hennar, en  
síra Gíslí hálf-bróðir síra Jóns, eptir s. k. Erlings, sem ekki er  
nafngreind, enda telur Steingrímur biskup svo, og í ættatölu-  
handriti Lbs. 42 fol. eru börn Erlings og Ingibjargar talin: Sig-  
urður, Jón, Hannes, Ingibjörg og Agata, og hef eg fylgt því hér.  
En s. k. börnin hafa þá verið: Gíslí, Kristín og Guðrún.

1) Eitt barn Þorleifs og Guðrúnar var Ísleifur prestur á Eyri  
í Skutulsfirði, faðir Guðmundar prests í Nesþingum og Torfa  
prestis á Stað í Súgandafirði. Þaðan ættir.

- d. Katrín átti síra Guðmund Einarsson og börn<sup>1</sup>).
- e. Sesselja átti Odd Einarsson og börn<sup>2</sup>).
- f. Árni í Arnarholti átti börn<sup>3</sup>).
- g. Helga ógipt, bl.
- 5. Sigríður átti síra Jósep Loptsson; börn:
  - a. Síra Loptur í Skálholti, bl., dó 1714<sup>4</sup>), 84 ára.
  - b. Skapti lögréttumaður (sjá Hegranesþing).
  - c. Þorleifur dó bl.
  - d. Þórður.
  - e. Ísleifur.
  - f. Björn.
  - g. Árni.
  - h. Sesselja.
  - i. Kristín<sup>5</sup>).

---

1) Son síra Guðmundar í Skarðsþingum og Katrínar var Jón á Knerri faðir Bjarna á Knerri († 1790), er ýmist var kallaður »Djöflabani« eða »Latínu-Bjarni«, því að hann hafði gengið í Skálholtsskóla um hrið eptir 1730, en tók þó ekki stúdentspróf (sbr. III, 114).

2) Á að vera Oddur Eiríksson annálaritari á Fitjum. Var Sesselja f. k. hans. Voru börn þeirra: Eiríkur prestur í Hrepphólum, Þorbjörg kona síra Páls Sveinssonar í Goðdölum, Valgerður, er átti Árna Ketilsson prests í Ásum Halldórssonar (bls. 50), Kristín, er átti Þórarinn Jónsson ríka á Ásgeirsá og Helga, er átti síra Hall Ólafsson í Grimstungum.

3) Dóttir Árna var Halldóra móðir síra Péturs Björnssonar á Tjörn á Vatnsnesi föður Péturs prófasts á Viðivöllum.

4) Á að vera: 1724.

5) Frá síra Jósep Loptssyni er mikill ættbálkur kominn. Var hann þrikvæntur og Sigríður Ísleifsdóttir 1. kona hans. Börn þeirra voru þau, sem hér eru talin: Loptur kirkjuprestur í Skálholti, Skapti lögréttumaður á Þorleifsstöðum í Skagafirði, Ísleifur á Miðfelli á Hvalfjarðarströnd, Þorleifur, Björn, Þórður, Árni, Sesselja, er átti Sveinbjörn Jónsson í Perney og Kristín, er átti Jón á Lambastöðum á Seltjarnarnesi Þórarinsson prests á Bægisá-Ólafssonar (Þorleifur, Árni og Þórður dóu bl.).



6. Valgerður átti síra Þorvarð Ólafsson; börn:
  - a. Síra Ólafur á Breiðabólstað nyrðra, giptist, átti börn.
  - b. Sigríður átti Hákon Þorkelsson og börn.
  - c. Sesselja átti síra Bjarna Arngrímsson og börn<sup>1)</sup>.
7. Árni dó 1646.
8. Þorgerður.
- B. Árni átti Margréti dóttur síra Erasmusar; börn:
  1. Solveig átti Ámunda í Skógum Þormóðsson Kortssonar kaupmanns Lýðssonar; börn:
    - a. Kort konrektor, dó 1669.
    - b. Síra Páll á Kolfreyjustað<sup>2)</sup>.
    - c. Páll klausturhaldari á Kirkjubæ 1682.
    - d. Páll yngsti<sup>3)</sup>.
    - e. Síra Árni á Setbergi.
    - f. Síra Högni í Eyvindarhólum<sup>4)</sup>.

---

1) Enn var son síra Þorvarðs og Valgerðar:

- d. Páll, er varð aðstoðarprestur hjá föður sínum á Breiðabólstað í Vesturhópi og andaðist ungur. Synir síra Þorvarðs og Valgerðar eru ennfremur taldir:
- e. Ísleifur.
- f. Gisli, er báðir hafa dáið bl.

2) Synir síra Páls Ámundasonar voru: Guðmundur prestur á Kolfreyjustað, Ámundi aðstoðarprestur í Heydölum († 1714) og Torfi stúdent »heimski« á Stóra-Sandfelli, faðir Árna á Löndum í Stöðvarfirði föður<sup>1)</sup> Torfa stúdents á Mófellsstöðum (III, 425).

3) Laundóttir Páls yngsta með Vigdísí Árnadóttur Þorsteinssonar sýslumanns í Pykkvabæ var Guðríður, er átti síra Högna Sigurðsson á Breiðabólstað, og er þaðan mikil ættkvísl.

4) Síra Högni átti Þórunni Torfadóttur prófasts í Gaulverjabæ, og var son þeirra Benedikt lögréttumaður í Skógum, faðir Þorsteins prests á Skorrastað og Högna í Skógum föður Einars stúdents í Skógum föður Þorsteins prests á Kálfafellsstað.

g. Álfheiður<sup>1</sup>).

h. Þormóður.

C. Þórdís átti Eyjólf Eiríksson í Múla<sup>2</sup>); börn:

1. Jón í Eyvindarmúla átti Bergljótu Guðmundsdóttur, þ. b.:

a. Guðmundur eldri í Eyvindarmúla<sup>3</sup>).

b. Guðmundur yngri<sup>4</sup>).

2. Solveig átti Árna Magnússon á Heylæk; börn:

a. Guðríður átti síra Björn Höskuldsson<sup>5</sup>).

1) Álfheiður átti Jón Einarsson klausturhaldara bróður Ísleifs sýslumanns á Felli í Suðursveit, og voru synir þeirra Árni prestur í Eyvindahólum og Kort lögréttumaður á Kirkjubóli faðir Gísla stúdents s. st. og Solveigar s. k. Þorvarðs Einarssonar í Brautarholti. Er ætt frá henni áður rakin ítarlega.

2) Eyjólfur var son Eiríks í Múla (Eyvindarmúla) Eyjólfssonar í Dal Einarssonar Eyjólfssonar lögmanns Einarssonar. Bjó Eiríkur í Múla fyrstur sinna ættmanna og andaðist þar um 1600. Eptir hann bjuggu þeir langfedgar þar hver eptir annan: Eiríkur, Eyjólfur, Jón, Guðmundur og Eyjólfur hinn spaki. Dóttir Eyjólf, Gróa, var s. k. Jóns Vigfússonar silfursmiðs og eru þau talin þremmingar að frændsemi, sbr. II, 362. Guðrún dóttir Jóns silfursmiðs af fyrra hjónabandi átti Jón Ísleiksson fálkafangara í Eyvindarmúla föður Þórðar s. st. föður Jóns s. st. föður Auðunnar, er nú (1912) býr í Eyvindarmúla, svo að það má segja, að ættmenn Eyjólf Eiríkssonar hafi búið á þessari sömu jörð nokkuð á 4. öld, og mun það fátítt hér á landi.

3) Um Guðmund eldra verður síðar getið.

4) Guðmundur yngri átti fyr Margréti Bárðardóttur í Vatnsdal Gíslasonar (bls. 130), en síðar Sesselju Sturludóttur Kárasonar.

5) Börn séra Björns á Reyðarvatni og Solveigar:

aa. Marteinn á Reyðarvatni átti Þórunni Þorsteinsdóttur frá Dufþekju Jónssonar prests Þorsteinssonar Diðríkssonar; þ. b.:

aaa. Þórdís átti fyr síra Helga Bjarnason á Mosfelli í Grímsnesi og börn, en síðar síra Gísla Andrésson í Hrepphólum og var son þeirra Andrés aðstoðarprestur í Flatey.

bb. Eyjólfur á Reyðarvatni átti Kristínu Jónsdóttur; þ. b.:

aaa. Jón í Staðarkoti átti Þorbjörgu Þorsteinsdóttur, systur Þórdísar konu Marteins föðurbróður hans; þ. b.:

b. Ragnhildur átti síra Sigurð Bjarnason og börn<sup>1)</sup>).

a) Eyjólfur í Áshól í Holtum, faðir Þorsteins í Vatns-skarðshólum, b) Páll á Efraholli, c) Þorsteinn eldri í Staðarkoti, d) Gottskálk á Gaddsstöðum, e) Þorsteinn yngri á Þðu faðir Þórarins og Jóns á Þðu, f) Ingibjörg, er átti Magnús Jónsson á Grafarbakka, g) Guðrún dó ógipt bl.

bbb. Guðriður átti Bjarna á Vikingslæk Halldórsson frá Stokkalæk Bjarnasonar og Sigríðar Ólafsdóttur prests á Hvalsnesi Gíslasonar, föðursystur Ólafs biskups Gíslasonar. Frá þeim Bjarna og Guðriði er komin afarfjölmenn ætt, Vikingslækjarætt. Börn þeirra, er til aldurs komust, voru: a) Halldór á Vikingslæk faðir Þorsteins í Skarfanesi föður Guðmundar í Hlíð í Eystrihrepp föður Lýðs í Hlíð, b) Brandur faðir Guðmundar í Kirkjuvogi föður Brands í Kirkjuvogi föður Guðmundar alm. í Landakoti, c) Eiríkur á Ægis-síðu faðir Höskulds og Erlends í Holtsmúla, d) Höskuldur bjó í Landeyjum, e) Jón eldri. Dóttir hans Þórunn átti Jón í Seli á Landi Ingvarsson á Stóruvöllum Magnússonar og börn, f) Jón yngri á Vindási faðir Jóns s. st. og Kristínar, er átti Gunnar Einarsson í Hvammi á Landi, áttu fjölda barna, g) Stefán í Árbæ faðir aa) Brynjólfs í Vestra-Kirkjubæ föður Guðmundar »ríka« á Keldum og bb) Bjarna í Hjálmholti föður Eiríks í Túni; h) Gissur á Neðra-Seli á Landi, átti börn, i) Ólafur á Fossi á Rangárvöllum faðir Margrétar, er átti Odd á Fossi Guðmundsson á Steinkrossi Hallvarðssonar á Heiði Teitssonar og mörg börn, k) Loptur á Kaldbak faðir Lopts hreppstjóra s. st. og Eiríks í Ketilhúshaga, l) Kristín s. k. Sigríðar Jónssonar á Þorleifsstöðum; p. b.: Jón a Þorleifsstöðum og Guðrún, er átti Bjarna Hannesson á Steinkrossi.

(Brynjólfur Stefánsson í Kirkjubæ, sonarson Bjarna á Vikingslæk, fróður maður, hefur ritað ítarlega um ætt þessa, og Þorsteinn Halldórsson í Skarfanesi annar sonarson Bjarna og fróðleiksmaður, hefur og ritað um ættina með stuttum æfisögum. Er þetta hvorttveggja merkisrit).

1) Ragnhildur var f. k. séra Sigríðar á Kálfatellsstað og voru börn þeirra:

aa. Eyjólfur átti Arnbjörgu Sigmundsdóttur.

bb. Guðmundur átti Þóru Magnúsdóttur prófasts á Hörgslandi Péturssonar.

cc. Sigríður átti Árna Stefánsson frá Hörgslandi Einarssonar.

dd. Sigríður önnar átti Eirík Sigmundsson og mörg börn.

- c. Anna átti Þorlák Gunnlaugsson og börn<sup>1</sup>).
- d. Þuríður átti síra Gísla Bárðarson og börn<sup>2</sup>).
- e. Ólöf átti Magnús Hannesson í Næfurholti og börn<sup>3</sup>).
- f. Þorbjörg átti fyr Þorgrím Pétursson og börn.  
Seinni maður hennar Auðunn í Svinaskógi<sup>4</sup>); áttu börn.
- g. Ólafur á Heylæk átti Guðrúnu Guðmundsdóttur og börn<sup>5</sup>).

### 3. Sigríður.

- D. Þórður á Rekstöðum á Barðaströnd átti fyr Steinunni Björnsdóttur, bl., svo Inghjörgu dóttur síra Jóns Þormóðssonar, bl.
- E. Guðríður átti síra Bjarna Ormsson á Kolfreyjustað, þ. b.:  
1. Síra Eyjólfur<sup>6</sup>).

1) Þorlákur var son Gunnlaugs prests Sigurðssonar í Saurbæ í Eyjafirði. Hann lærði í Hólaskóla, var lengi í Hollandi. Son hans og Önnu var Erlendur faðir Helga á Vindási á Landi og síðar Hæringsstöðum lóður Erlends s. st. og hefur þess verið áður getið. Frá Erlendi á Hæringsstöðum er margt fólk komið í Árnessýslu.

2) Kona síra Gísla (sbr. bls. 127) hét Þrúður (en ekki Þuríður). Dóttir síra Gísla, er átti Sigurð Magnússon Kortssonar (bls. 129) mun og hafa heitið Þrúður, en ekki Þuríður. Meðal barna síra Gísla og Þrúðar Árnadóttur er vantalin (bls. 127—129) Arni á Bryggjum í Landeyjum. Dóttir hans hét Þrúður.

3) Son Magnúsar Hannessonar í Næfurholti og Ólafar var Gíslí á Keraugastöðum á Landi (f. c. 1694) stór maður og sterkur. Er sögn um, að hann hafi glímt við útlendan kraptajötun (»blámann») á Eyrarbakka og borið hærra hlut.

4) Son Auðunnar Brandssonar og Þorbjargar var Þorgeir, er átti Guðrúnu Oddgeirsdóttur úr Bjarneyjum.

5) Börn Ólafs og Guðrúnar eru talin II, 306.

6) Séra Eyjólfur á Kolfreyjustað átti Guðrúnu dóttur síra Ólafs prófests Einarssonar í Kirkjubæ, bróður Odds biskups (Í Bisks. II, 670 er sagt, að hann ætti Margréti dóttur síra Gísla Einarssonar á Stað á Reykjanesi, en það mun rangt).

2. Gissur<sup>1</sup>).
3. Margrét.
4. Halldóra eldri<sup>2</sup>).
5. Halldóra yngri.

F. Sturla bartskeri, dó utanlands, bl.

(Aðrar ættir segja, að Sturla, Árni, Þórdís og Guðríður hafi verið börn Þórðar<sup>3</sup>).

1) Gissur í Tungu í Fáskrúðsfirði átti Guðnýju Höskuldsdóttir prests í Heydölum Einarssonar; þeirra son Jón prestur í Berufirði († 1710).

2) Halldóra átti síra Jón Höskuldsson á Hálsi í Hamarsfirði († 1670); p. b.:

a. Árni átti Ingibjörgu Guðbrandsdóttur.

b. Helga átti Jón Guðmundsson í Papey; þeirra dóttir Lukka átti Ketil Ólafsson frá Hvalnesi Ketilssonar prests á Kálfafellsstað Ólafssonar; þeirra dóttir Helga átti launson með síra Jóni Þórðarsyni á Reynivöllum, er Jón hét. Önnur dóttir Ketils og Lukku var Ingibjörg, er átti Einar Árnason; þeirra dóttir Arndís átti Þorbjörn Jónsson á Teigarhorni. Son þeirra mun hafa verið Pétur á Krossi á Berufjarðarströnd faðir Árna föður Eiríks á Teigarhorni.

c. Steinunn.

d. Úlfheiður.

e. Ormur prestur á Hálsi († 1721) átti Herdísu Guðmundsdóttur prests á Stafafelli Laurentíussonar; þeirra son Guðmundur prestur á Stafafelli faðir Egils Staffeldts stúdents («Egils Snotru-fóstra»).

3) Það er öldungis skakkt. Í Annál (Fitjaannál hinum eldri?) í safni Jóns Sigurðssonar 2 fol. í Lbs. er launson Eyjólls sýslumanns Halldórssonar talinn:

G. Jón, er ált hafi Þórunni dóttur Jóns Grimssonar, er veginn var í Siðumúla og p. b.:

a. Jón í Þorlákshöfn. Dætur hans hafa verið Guðrún, er átti Rafn Jónsson á Úlfjótuvatni og Þuríður, er fyr átti Jón eldra Snorrason frá Hæringsstöðum (Bisks. II, 676), en síðar Orm Klængsson á Litlalandi, strauk svo fyrir 1670 með Þorgeiri Ingjaldssyni á Breiðabólstað í Öltusi og lenti í vandræðum vegna þess.

b. Jón annar.

c. Vigfús, sterki Fúsi, fyrir austan (sbr. Bisks. II, 652). Getur vel verið, að sá Vigfús sé sami maður og Vigfús Jónsson á Bjarnastöðum í Selvogi, er átti Gunnhildi Björns-

Eyjólfur bjó á Reyðarvatni, þá hann hafði fengið Solveigar dóttur Árna sýslumanns Gíslasonar. Gerðist hann hjá honum umboðsmaður og lét 1585 dóm ganga og sama ár finnst dómur Árna í Rangárþingi. En við dauða Árna 1587, hefur Eyjólfur fengið hálftr Rangárþing. 1592 nefndi Eyjólfur 6 menn í dóm að Fíflholtum um reka<sup>1)</sup>, og kallast þá kongs-umboðsmaður. 1591 að Reyðarvatni lét hann dóm ganga um öreigaskuldir, og sama ár lét hann ásamt Oddi biskupi ganga helminga-dóm í máli síra Orms Ófeigssonar og Erlends á Stóruvöllum.

1593 lét Hákon sýslumaður Árnason ganga dóm að Lambey í umboði Eyjólfss sýslumanns Halldórssonar. Eyjólfur brúkaði og fyrir sinn lögsagnara í Rangárþingi Sigmund Þórólfsson. Hvað lengi Eyjólfur hélt hálftr sýsluna er mér óljóst, þó meina eg hann hafa haldið sýslu-partinum fram yfir 1596 eða lengur.

### Sigmundur Þórólfsson.

- Faðir:* Þórólfur á Hjalla í Ölfusi son Eyjólfss á Hjalla og Ásdisar systur Ögmundar biskups.  
*Móðir:* Margrét dóttir Erlends lögmans Þorvarðssonar (sjá Árnassýslu).

---

dóttur Geirmundssonar, og var faðir Þór-  
 elfar konu Ingimundar Grímssonar á Strönd  
 (sbr. Bisks. II, 394). Þessa Jóns launsonar Eyj-  
 ólfss sýslumanns er hvergi annarstaðar getið,  
 en í þessum fyrnefnda annál, sem lítt eður  
 alls ekki hefur verið þekktur hingað til og  
 er bygður á annál Jóns Sigurðssonar bart-  
 skera í Káranesi († 1670), en sá annáll  
 brann hjá Árna Magnússyni 1728. Í annál  
 þessum (J.Sig. 2 fol.) er fjöldi ætta, og ýmis-  
 legt, er ekki finnst annarstaðar. Hann er rit-  
 aður 1694 (af Oddi Eiríkssyni á Fitjum?).

1) Sá dómur er frá 23. júní. Eyjólfur mun ekki hafa haldið sýsluna lengi. Mun hann hafa haft helming hennar móts við Nikulás Björnsson á Seljalandi. Hann er dáinn 1597, og 16. júní 1603 fara fram skipti eptir hann og Solveigu konu hans, er andazt hefur um 1602. Það sést af visitaziubók Brynjólfss biskups um Sunnlendingafjórðung bls. 157 (í Lskjs.).

- Kona:* Margrét dóttir Björns á Keldum Þorleifssonar lögmanns á Skarði (sjá Dalasýslu).
- Börn:*
- A. Ögmundur átti Helgu dóttur síra Erasmusar Villadssonar á Breiðabólstað, bl.
  - B. Örnólfur átti dóttur síra Hannesar<sup>1)</sup> Evertssonar þýzka. (Aðrar ættir segja, að Örnólfur hafi ekki verið son Sigmundar, heldur son Guðmundar og Ásdisar Sigmundsdóttur og hafi átt Hallberu dóttur síra Hinriks Evertssonar í Villingaholti; þ. b.: 1. Halla. 2. Margrét).
  - C. Páll átti Kristínu Erasmusdóttur prests Villadssonar, bl.
  - D. Ásdis átti Guðmund Eyjólfsson á Hofi<sup>2)</sup>; börn:
    1. Finnur á Snjallsteinshöfða átti Helgu Ólafsdóttur<sup>3)</sup>; þ. b.:

1) A að vera síra Hinriks Evertssonar. Það hefur verið Örnólfur Sigmundsson, sem trúlofaðist dóttur hans (nafns hennar er ekki getið) 1610 og voru saman nokkur ár, en það var Örnólfur Guðmundsson á Hellum († 1650) sem átti Hallberu (Simonardóttur) að norðan, systur Herdisar Simonardóttur 3. konu Torfa lögréttumanns Jónssonar í Hlíð; en það er skakkt, að telja hana dóttur síra Hinriks, eins og gert er í ættatölum og í registri við Biskupasögur II. B. Það mun fremur vera Helga dóttir Örnólfs Sigmundssonar, er átti Snorra Jónsson lögréttumann á Hæringsstöðum, heldur en dóttir Örnólfs Guðmundssonar á Hellum, þótt það sé ekki alveg víst; þ. b.: a) Kolbeinn í Seljatungu faðir Hannesar í Seljatungu föður Hróbjarts á Votamýri og Kolbeins sögu-skrifara, b) Jón á Purá. Hans son líklega Örnólfur á Þórisstöðum í Ölfusi (f. c. 1666) faðir Valda á Rauðará föður Örnólfs í Álfsnesi. c) Hallfríður átti fyr Svein á Ármóti Gíslason frá Ölvaðsholti Brynjólfssonar (sjá hér áður), þeirra son Runólfur lögréttumaður á Stafnesi, en síðar átti hún Þórð Runólfsson, og var son þeirra Runólfur lögréttumaður í Sandgerði. d) Gróa, ef til vill sú, sem er í Syðri-Vallarbjáleigu 1729, 72 ára (f. c. 1657). Helga Örnólfsdóttir mun síðar hafa átt Jón Gíslason lögréttumann á Hæringsstöðum bróður Sveins, er átti Hallfríði og var f. k. hans.

2) Faðir Guðmundar á Hofi var Eyjólfur Þórarinsson.

3) Helga kona Finns var dóttir síra Ólafs Egilssonar í Vestmannaeyjum.

- a. Ingibjörg<sup>1</sup>).
- b. Guðrún<sup>2</sup>).
- c. Guðlaug<sup>3</sup>).
- d. Katrín<sup>4</sup>).

1) Ingibjörg átti síra Daða Halldórsson í Steinsholti, er barnið átti með Ragnheiði dóttur Brynjólfs biskups; p. b.:

- a. Ingibjörg, er átti síra Guðmund aðstodarprest í Steinsholti Jónsson Fabianssonar; þeirra son Daði prestur í Reynisþingum.
- b. Guðrún s. k. síra Eiríks Oddssonar í Hrepphólum.
- c. Margrét átti Jón Árnason Pálssonar prests í Klausturhólum Jónssonar; þeirra son Hákon í Kirkjuvogi (bls. 165).
- d. Kristín.
- e. Anna. (Sjá nánar um afkomendur síra Daða II, 333).

2) Guðrún átti Jón Jónsson ráðsmann á Hólum; p. b.: Jón prestur á Möðruvallaklaustri († 1707) og Guðrún, er átti Marteinn prentara Arnoddsson.

3) Guðlaug átti Ásmund Guðnason lögréttumanns í Tungufelli Jónssonar prests í Kálfholti Stefánssonar; p. b.: Guðríður s. k. síra Þórðar Þorsteinssonar í Villingaholti, Ásdis, er átti síra Eyjólf Björnsson á Snæfoksstöðum, Þorsteinn, Ólafur, Hallgerður, Hallbera, er átti Magnús Jónsson á Grafarbakka og Kristín, er átti síra Jón Gíslason í Villingaholti.

4) Katrín átti Sigurð Guðnason í Ásgarði bróður Ásmundar í Tungufelli, er átti Guðlaugu; p. b.:

- a. Asmundur í Ásgarði átti Sigríði Jónsdóttur prests á Seltjarnarnesi († 22. febr. 1718) Stefánssonar prests s. st. Hallkelssonar; p. b.:
  - aa. Sigurður í Ásgarði átti Guðrúnu Ívarsdóttur Helgasonar; p. b.:
    - aaa. Jón prestur á Rafnseyri faðir Sigurðar prófests s. st. föður Jóns Sigurðssonar.
  - bbb. Salvör átti síra Ögmund Högnason á Krossi; p. b.: Sigurður prestur á Ólafsvöllum faðir Ögmundar prests á Tjörn, Sæmundur í Eyvindarholti faðir Tómasar prófests á Breiðabólstað o. fl.
  - ccc. Vigfús á Kiðabergi átti Arnlaugu Grimsdóttur frá Norðurkoti við Öndverðarnes Jónssonar; þeirra synir: Þorsteinn í Miðdalskoti faðir Halldórs s. st. föður Sigurðar á Efri-Brú í Grímsnesi og Bergur í Vesturkoti hjá Hjálmholti.
  - ddd. Gísli átti Steinunni Eiríksdóttur frá Púfu í Olfusi Brynjólfssonar; þeirra son Gísli á Villingavatni í Grafningi átti Þjóðbjörgu Guðnadóttur frá Reykjakoti Jónssonar Eysteinssonar og mörg börn, þar á



2. Þórólfur átti Guðrúnu dóttur Magnúsar prests Guðmundssonar<sup>1)</sup>; börn:

meðal voru Ingimundur í Króki og Magnús á Vill-ingavatni faðir Magnúsar, er nú býr þar (1912), og bræðra hans.

eee. Helgi í Brattsholti í Flóa, síðast í Stokkseyrarseli, átti fyrir Elinu Einarsdóttur prests á Ólafsvöllum Jónssonar, og eru börn þeirra áður talin bls. 304—305. S. k. hans Vígdís Alexiusdóttir; þ. b.: Eiríkur, Guðrún.

fff. Guðrún átti Melkjör Jónsson í Gelti í Grimsnesi († 1814); þau bl.:

ggg. Guðbjörg átti Halldór Jónsson á Ytri-Purá í Ölfusi bróður síra Engilberts í Saurbæ; þ. d.: Ingibjörg, er fyrir átti Þorstein Þórðarson, en síðar Halldór Guðmundsson á Reyðarvatni, og var þeirra dóttir Guðrún, er átti Böðvar Tómasson á Reyðarvatni.

hhh. Guðrún yngri s. k. Jóns Ísleifssonar í Botni; þ. b. bls. 39—41.

iii. Guðný dó bl., var á sveit í Grimsnesi 1814.

bb. Steinunn átti Hans Jörgensson Klingenberg á Krossi á Akranesi; þ. b.: Ellisif, Anna, Katrín og Jörgen faðir Ásmundar í Elínarhöfða, sem átti fjölda barna, er fjölmenn ætt er frá komin á Akranesi og um Borgarfjörð.

cc. Þórdís († 3. ágúst 1785) átti fyrir síra Benedikt Jakobsson í Fljótshlíðarþingum, en síðar síra Pál Högnason á Torfastöðum og var þeirra dóttir Vígdís f. k. síra Halldórs Þórðarsonar á Torfastöðum.

dd. Ingibjörg átti Halldór Teitsson á Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd Þorleifssonar.

ee. Ásmundur á Kjaransstöðum og Reyni á Akranesi átti Kristínu Ingimundardóttur frá Haukholtum Jónssonar; þ. b.: Ingimundur prestur á Eiðum, Vígfús faðir Ásmundar á Bjarteyjarsandi við Hvalfjörð og Þórunn, er átti Guðmund Jónsson frá Þórustöðum í Ölfusi Guðmundssonar.

b. Ingibjörg átti Sigurð Jónsson á Svarfhóli í Hraunhrepp. Launson hennar með Páli Árnasyni úr Staðarsveit var Jón prófastur á Stað í Steingrímsfirði faðir Ásgeirs prófasts á Stað föður dr. Snæbjarnar Stadfeldt héraðsfógeta í Randers og Jóns prests í Stapatúni föður Ásgeirs Stadfeldt héraðsfógeta í Noregi.

1) Magnús faðir Guðrúnar var ekki prestur, heldur son Guðmundar prests Gíslasonar í Gaulverjabæ. Þórólfur bjó á Sandlæk í Eystrihrepp.

- a. Guðmundur<sup>1</sup>).
  - b. Guðmundur annar<sup>2</sup>).
  - c. Árni.
  - d. Brynjólfur<sup>3</sup>).
  - e. Vigfús<sup>4</sup>).
3. Björn á Flagveltum átti fyrir Guðriði Erasmusdóttur; þ. b.:

1) Guðmundur eldri átti Ingibjörgu dóttur Gísla prests Þórðssonar á Snæfoksstöðum og Valdisar Guðmundsdóttur.

2) Guðmundur yngri á Velli í Flóa. Börn hans:

- a. Guðmundur í Gerðum átti Ástriði Gísladóttur frá Hlíð í Eystrihrepp Tortasonar lögréttumans í Hlíð Jónssonar. Meðal barna þeirra Valdis s. k. Runólfs Sveinssonar lögréttumans á Stafnesi og Ingibjörg, er átti Gissur í Flagbjarnarholti Tómasson Gissurarsonar á Lækjarbotnum Gíslasonar.
- b. Þórólfur í Vorsabæ í Flóa átti fyrir Helgu Jónsdóttur lögréttumans á Hæringsstöðum Gíslasonar og fjölda barna, sem mikil ætt er frá komin í Árnessýslu og víðar. Einn son hans Jón á Kekki faðir Jóns á Ásgautsstöðum föður Guðmundar í Starkarhúsum föður Bjarna ættfræðings († 1893) og systkina hans. S. k. Þórólfs í Vorsabæ var Halldóra Vigfúsdóttir frá Haugi í Bæjarhrepp Magnússonar prests í Kálfholti Páls-sonar; þ. b.: Magnús, sigldi til Grænlands, var þar 20 ár og komst aftur til Kaupmannahafnar.
- c. Björn á Efra-Velli átti fyrir Gunnhildi Jónsdóttur og mörg börn, síðar Þuríði Einarsdóttur. Einn son hans Jón í Eyjum í Kjós faðir Sæmundar föður Ara umboðsmanns á Akureyri.
- d. Ingunn átti Loft Guðmundsson í Holti í Stokkseyrarhrepp og mörg börn, þar á meðal Jón í Nýjabæ í Flóa faðir Gísla á Disastöðum og Guðmundur á Stóra-Ármóti faðir Bjarna á Hæðarenda.
- e. Þuríður átti Gísla Ögmundsson á Hellum í Bæjarhrepp og börn.

3) Brynjólfur bjó í Narfakoti í Njarðvíkum.

4) Vigfús á Ísabakka. Synir hans voru: Vigfús á Ísabakka, faðir Vigfúsar í Lambhúskoti, Jón í Snússu og Guðmundur á Lindarhamri faðir Önnu, er var þriggja og átti síðast Þórð Halldórsson í Haukholtum; þeirra son Halldór prestur á Torfastöðum († 1831).

Son Þórólfs á Sandlæk var ennfremur:

- f. Magnús, var skólagenginn og dó bl.

- a. Helga<sup>1</sup>).
- b. Ástriður<sup>2</sup>). Svo giptist Björn aptur í elli sinni og áttu þann son, er hét:
- c. Adam<sup>3</sup>).
- 4. Sigmundur átti Helgu Eiríksdóttur<sup>4</sup>); börn:
  - a. Eiríkur<sup>5</sup>).
  - b. Kolbeinn<sup>6</sup>).

- 
- 1) Helga átti Gissur Gíslason á Lækjarbotnum á Landi p. b.:
  - a. Tómas í Flagbjarnarholti átti Ástriði Gunnlaugsdóttur systur Teits föður Hallvarðs á Steinkrossi; p. b.:
  - aa. Gissur í Flagbjarnarholti átti Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Gerðum Guðmundssonar á Velli Þórólfssonar (sjá hér áður); p. b.: Björn og Hallfríður.
  - bb. Þórunn átti Jón Þorsteinsson í Markaskarði, p. b.: Gottsveinn, Ólafur, Tómas.
  - cc. Púriður.
  - dd. Gíslí í Hjallanesi átti fyr Helgu Jónsdóttur prests í Fells múla Ólafssonar; p. b. Hannes á Minnivöllum, Gíslí í Gröf á Rangárvöllum, Jón og Álfheiður, en síðar átti hann Ingiríði Guðmundsdóttur í Hjallanesi Jónssonar og Þorgerðar Hallbjörnsdóttur, p. b.: Guðmundur í Hjallanesi, Gíslí og Helga, er átti Stefán Filippusson prests í Kálfholti Gunnarssonar og mörg börn (II, 146).
  - 2) Ástriður átti Stefán Tómasson, bl.
  - 3) Adam Björnsson seldi Guðmundi Jasonssyni West á Stokkseyri 10 hdr. í Flagbjarnarholti 1696. Adam mun hafa dáið bl.
  - 4) Helga var dóttir Eiríks Jónssonar í Skál og Helgu Stefánsdóttur prests í Odda Gíslasonar biskups. Sigmundur mun hafa búið á Lýtingsstöðum í Holtum.
  - 5) Eiríkur bjó í Bjólu 1709 (Jarðabók A. M.).
  - 6) Kolbeinn bjó á Berustöðum í Holtum 1709 (Jarðabók A. M.). Hans son:
    - a. Bjarni í Bjólu, dó gamall 1773, átti Aldisi Jónsdóttur, p. b.: Hinrik í Bjólu, Sigmundur og Guðrún. Son Kolbeins er og ef til vill:
    - b. Þorsteinn í Tungufelli faðir Kolbeins prests í Miðdal († 1783), en það er samt óvist. 1729 er á Ásólfstöðum í Eystrihrepp hjá Jóni Sigmundssyni (bróður Kolbeins?) Sigríður Þorsteinsdóttir 70 ára, er gæti verið ekkja Kolbeins á Berustöðum og móðir Bjarna og Þorsteins. Dóttir Kolbeins á Berustöðum:
    - c. Anna s. k. Jóns Guðmundssonar í Köldukinn (sjá áður).

- c. Guðmundur.
- d. Solveig<sup>1)</sup>.
- 5. Örnólfur átti Hallberu Hinriksdóttur<sup>2)</sup>;
- p. b.:
- a. Margrét<sup>3)</sup>.

1) Solveig átti Jón Eyjólfsson bróður sira Asmundar á Breiðabólstað á Skógarströnd; þeirra son (eptir því sem talið er, en mun þó vafasamt):

- aa. Sigmundur í Fossnesi átti Sesselju Loptsdóttur; p. d.:
- aaa. Hallbera átti Ingvar á Stóruvöllum Magnússon frá Þjórsárholti Einarssonar og Asdisar Pétursdóttur frá Guðna-  
bakka Árnasonar, þeirra son Magnús faðir Ingvars í  
Skarði á Landi og er sú ætt fjölmenn.
- Enn var son Sigmundar á Lýtingsstöðum og Helgu:
- e. Jón (ef til vill sá Jón Sigmundsson, sem bjó á Ásólfssstöðum  
í Eystrihrepp 1729, 77 ára). Son Jóns Sigmundssonar:
- aa. Jón, ef til vill sá Jón Jónsson, er bjó á Berustöðum 1729,  
35 ára, kvæntur Agnesi Magnúsdóttur. Son Jóns Jóns-  
sonar Sigmundssonar:
- aaa. Gisli á Syðri-Hömrum í Holtum faðir Jóns á Syðri-  
Hömrum og Jóns í Sauðholti, sem fjölmenn ætt er  
frá komin í Holtum.

Dóttir Sigmundar Guðmundssonar mun enn fremur:

- f. Guðrún móðir Sigmundar Helgasonar á Ófeigsstöðum hjá  
Steinsholti (1729) er átti Ingibjörgu Jónsdóttur, p. b. Salgerður,  
Helgi, er bjó í Vola í Flóa, Ófeigur, er síðar bjó í Fjalli á  
Skeiðum og Jón í Vorsabæ á Skeiðum faðir Eiríks á Álfs-  
stöðum föður Guðmundar ríka, er bjó í Haukadal og síðar  
í Miðdal í Mosfellssveit. Guðrún Sigmundsdóttir móðir Sig-  
mundar á Ófeigsstöðum, er þar hjá syni sínum 1729, 78 ára  
gömul (sbr. Manntal í Árnespingi í minni eign). Jón Sig-  
mundsson býr og á Skriðufelli 1729, 70 ára gamall og gæti  
hann ef til vill verið bróðir Jóns á Ásólfssstöðum og Guðrúnar.

2) Það er ekki rétt, að Hallbera kona Örnólfs Guðmunds-  
sonar á Hellum hafi verið dóttir sira Hinriks Evertssonar, og er  
því ruglað saman við kvonfang Örnólfs Sigmundssonar (sjá hér  
á undan).

3) Margrét var f. k. Björns á Hellum á Landi Þorvaldssonar  
frá Auðbrekku Ólafssonar og voru dætur þeirra Kristín f. k. sira  
Þorkels Oddssonar í Gaulverjabæ og Elin, er átti sira Pál Ketils-  
son á Staðastað, þeirra son Bóðvar stúdent á Slitvinda-  
stöðum faðir Árna skálds á Ökrum. Í ýmsum ættatölum, þar

b. Halla<sup>1</sup>).

6. Magnús var bl.<sup>2</sup>).

E. Páll yngri.

F. Kristin.

G. Kristín önnur.

H. Helga.

I. Erlendur<sup>3</sup>).

á meðal síra Jóns á Lambavatni (sbr. Bisks. II, 368) er kona Björns Porvaldssonar nefnd Guðrún Örnólfsdóttir, og má vera að það sé réttara.

1) Halla átti Snorra Björnsson (sumir telja hann Bjarnason), sem sagður er norðlenzkur, ættaður úr Hörgárdal. Son þeirra:

aa. Örnólfur á Helluvaði. Son hans a) Jón í Gunnarsholti átti Ingibjörgu Höskuldsdóttur, p. b. mörg, þar á meðal aa) Andrés á Reykjanesi í Grimsnesi faðir Arnodds á Kollaugum, Gisla í Gröf í Ytrihrepp, Jóns í Halakoti í Biskupstungum og Bjarna á Reykjanesi föður Andrésar í Suðurkoti hjá Öndverðarnesi. bb) Björn í Haga í Holtum átti Marínu Þórarinsdóttur frá Svinhaga Salómonssonar í Eystri-Kirkjubæ Andréssonar Salómonssonar, p. b.: Salómon prestur á Dvergasteini, Eggert í Haga o. fl. cc) Jón í Helli og Klofa á Landi faðir Porvalds í Klofa. Dóttir Örnólfs Snorrasonar mun og hafa verið Guðlaug s. k. Þorsteins skálds Magnússonar á Hæli í Eystrihrepp.

Enn er talinn son Örnólfs Guðmundssonar á Hellum og Hallberu:

c. Vigfús, og sumir telja einnig dóttur hans Helgu, er átti fyr Snorra Jónsson á Hæringsstöðum, en síðar Jón Gíslason lögréttumann s. st., en eg hygg, að það sé réttara, að hún hafi verið dóttir Örnólfs Sigmundssonar (sjá hér áður). Grimur Örnólfsson, er býr í Árbæ á Landi 1709, er og eflaust af þessari ætt, og líklega bróðir Jóns í Gunnarsholti en eldri.

2) Magnús bjó í Skarfanesi á Landi, dó snögglega á alþingi 1668.

3) Þessa Erlends er óviða getið í ættatölum meðal barna Sigmundar Þórólfssonar, en hins vegar er talin Þuríður dóttir hans (sbr. Bisks. II, 295).

*Aths.:* Launson Guðmundar Eyjólfssonar á Hofi, er átti Ásdisi Sigmundsdóttur, hét Kolbeinn, og kemur hann ekki þessari ætt við, en börnum hans og Kolbeins Sigmundssonar bróðursonar hans er víða blandað saman. Kolbeinn Guðmundsson átti Helgu Brynjólfsdóttur frá Skarði Jónssonar, og var eitt barna þeirra Ingunn s. k. síra Hannesar Tómassonar í Guttormshaga.

Sigmundur bjó að Hofi á Rangárvöllum og var opt lögsagnari í Rangárþingi. 1589<sup>1)</sup> útnefndi heiðarlegur og vel forstöndugur man, Sigmundur Þórólfsson, 6 menn í dóm á Reyðarvatni um húsgangsmenn etc. 1591 að Skarði í Landmannasveit þingaði Sigmundur Þórólfsson að boði Eyjólfss Halldórssonar um illyrði gefin kvennmanni<sup>2)</sup>. 1594 útnefndi vel forstöndugur man, Sigmundur Þórólfsson, 6 menn í dóm að Lambey, að dæma um, hvers þeir skyldu sekir, sem legðust undir fénað. Dæmdust þeir sekir, sem fyrir eyris þjófnað.

### Hákon Björnsson.

(Sjá um hann við Gullbringusýslu). Hann hefur haldið þessa sýslu hálfu 1594<sup>3)</sup>, og haldið þar umboðsmann, *Magnús Hjaltason*, sem lét í hans umboði dóm ganga á Stórólshvoli með dómsmönnum: Vigfúsi Þorsteinssyni, Sigurði Þórólfssyni, Snorra Ásgeirssyni og Magnúsi Erlendssyni lögréttumönnum og Þorleifi Ásmundssyni og Jóni Guðmundssyni bændum um arf síra Sæmundar Jónssonar er dáinn var; handskrift Hákonar Árnasonar fram kom, að Jón lögmaður og fógetinn á Bessastöðum hefðu skipað honum þann arf að sér taka, virða og færa til Bessastaða etc.

### Gisli Árnason.

*Faðir:* Árni sýslumaður á Hlíðarenda Gíslason.  
*Móðir:* Guðrún Sæmundsdóttir (sjá Skaptafellssýslu).  
*Kona:* Ragnhildur dóttir Guðmundar Helgasonar á Eyri við Seyðisfjörð vestra.

---

1) 2. maí.

2) Sá dómur er talinn dæmdur 25. desember. 1589 mánudaginn næstan fyrir Þorláksmessu um sumarið var 12 manna dómur útnefndur af Nikulási sýslumanni Björnssyni á þriggja hreppa þingi um þann dóm, sem Sigmundur lét ganga á Reyðarvatni vorið fyrir, og er þar líklega átt við dóm Sigmundar 2. maí s. á. (sbr. Sýslumannaregistur J. S. 64 fol. í Landsbókafölsafninu). 1599 er og Sigmundar getið sem umboðsmanns.

3) 1593 dæmdi Hákon í Lambey í umboði Eyjólfss Halldórssonar um kröfukrapt Jóns Magnússonar til Vigfúsar Þorsteinssonar (J. S. 64 fol.).

- Börn:*
- A. Gróa fyrri kona Þorleifs sýslumanns Magnússonar (sjá síðar og Skaptafellssýslu).
  - B. Guðrún fyrsta kona síra Jóns á Breiðabólstað í Fljótshlíð Sigurðssonar prests samastaðar Einarssonar frá Eydölum offici-  
alis. Guðrún giptist 1610; börn:
    - a. Síra Magnús á Breiðabólstað í Fljótshlíð 68 ár, deyði 1707, 93 ára, átti fyrir Ragnhildi dóttur síra Halldórs í Hrana Daðasonar á Staðarfelli Jónssonar (sjá Strandasýslu); börn:
      - a. Jón átti fyrir Guðriði Magnúsdóttur, bl., svo Guðrúnu Sigurðardóttur, bl.
      - b. Björn átti Álfhildi<sup>1)</sup> dóttur síra Sigmundar í Ásum.
      - c. Kristín átti síra Vigfús Ísleifsson; börn:
        - aa. síra Jón<sup>2)</sup>.
        - bb. Helga<sup>3)</sup>.
        - cc. Guðmundur<sup>4)</sup>.

1) Et til vill réttara: Álfheiður.

2) Jón prestur í Meðallandi († 1707) átti Gróu yngri Jónsdóttur í Flögu Fabianssonar, p. b.:

- a. Benedikt prestur í Vestmanneyjum átti fyrir Hólmfríði Sigurðardóttur lögréttumans á Sólheimum Jónssonar, p. b. Vigfús prestur á Kállafellsstað, Þormóður sigldi, Magnús og Þórdís, dóu bl., en síðar Þuríði Magnúsdóttur lögréttumans á Rauðafelli Brandssonar, ekkju síra Einars Jónssonar aðstoðarprestis á Heiði í Mýrdal († 1746); p. b. Theodorus átti Sigríði Hafliðadóttur og Hólmfríður, er átti Jón Eyjólfsson undirkaupmann í Vestmanneyjum, p. b. Páll prestur (skáldi í Vestmanneyjum, Þuríður, er átti Pál Guðmundsson á Keldum og Anna María, er átti Erling Guðmundsson frá Fljótshlíð Nikulássonar.
- b. Þorleifur í Pétursey. Son hans Jón í Pétursey.
- c. Kristín átti Hinrik á Selalæk Ísólfsson s. st. Loftssonar, þeirra son Jón prestur í Keldnapingum.

3) Helga var 1. kona Bjarna sýslumanns Nikulássonar (sjá Skaptafellssýslu).

4) Guðmundur bjó á Hryggjum í Mýrdal. Son hans Jón á Ketilsstöðum í Mýrdal.

- dd. Finnur.  
 ee. Einar<sup>1</sup>).  
 d. Ragnhildur átti síra Gunnar Einars-  
 son; börn:  
 aa. Síra Filippus<sup>2</sup>).  
 bb. Erlendur<sup>3</sup>).  
 cc. Ragnhildur<sup>4</sup>).

1) Einar dó i stórubólu 1707. Finnur mun og hafa dáð-  
 ungur. Enn var son síra Vigfúsar og 1. konu hans Kristinar  
 Magnúsdóttur:

ff. Ísleifur, gekk i Skálholtsskóla, en dó i stórubólu 1707,  
 áður en hann væri útskrifaður.

2) Síra Filippus i Kálfholti var ekki son síra Gunnars Ein-  
 arssonar i Kálfholti, heldur Gunnars Filippussonar lögréttu-  
 manns i Bolholti. (Sjá um afkomendur hans III, 146—149).

3) Erlendur var klausturhaldari i Pykkvabæ, átti Sigríði  
 Guðmundsdóttur frá Einarsnesi Sigurðssonar lögmanns, er síðar  
 átti Vigfús Sigurðsson i Hjörtsey (sbr. bls. 71).

4) Ragnhildur átti Högna lögréttumann á Laugarvatni Björns-  
 son prests á Snæfoksstöðum Stefánssonar og Hildar Högnadóttur  
 lögréttumanns á Gufunesi Sigurðssonar; p. b.:

a. Jón á Laugarvatni átti Guðrúnu Einarsdóttur prests eldra á  
 Lundi Oddssonar: p. b.:

aa. Jón sýslumaður i Bæ i Hrútafirði (sbr. II, 395—397).

b. Ragnhildur († 1793) átti (1744) séra Sigurð Jónsson á Kálfa-  
 tjörn († 1801), son Jóns prests Ólafssonar, er þar var áður; p. b.

aa. Ragnhildur átti síra Einar Þorleifsson i Guttormshaga;  
 p. b.: Guðmundur i Rappholti, Sigurður i Saurbæ i Holt-  
 um, Gísli, Ragnhildur, er átti Magnús Brandsson á Læk  
 og Málfriður, er átti Pál Þórhallason prests á Breiðaból-  
 stað Magnússonar.

bb. Högni i Flekkuvík († 1787) átti Ingveldi Þorláksdóttur  
 þeirra son: Eyjólfur á Ásláksstöðum († 1859) tvíkvæntur.  
 Dætur hans: Kristin kona Freysteins Jónssonar á As-  
 láksstöðum, Guðrún kona Péturs Andrésssonar i Tuma-  
 koti og Ingveldur kona Gunnars Gunnarssonar i Fagurhól.

cc. Halldór smiður á Bakka hjá Kálfatjörn, dó ókv., bl. 1818.

c. Hildur átti Jón i Stóra-Klofa son Bjarna prests Helgasonar  
 i Fellsmúla; p. b.:

aa. Vilborg átti Björn Guðmundsson i Útey i Laugardal; p. b.  
 Jón i Útey, Ragnhildur átti Ólaf Bergsveinsson i Gröf,  
 Hildur átti Gunnar Einarsson i Laugardalshólum, Ástriður  
 og Vilborg.



dd. Auðbjörg<sup>1</sup>).

- bb. Helgi í Klofa átti Margræti Jónsdóttur Hreiðarssonar og fjölda barna. Einn son hans Hreiðar í Hól, faðir þeirra bræðra Bergsteins á Yrjum og Hreiðars, er drukkuðu í Þjórsá, Jóns í Skarðsseli og Arna. Annar son Helga Jón í Ívarshúsum í Garði faðir Þorsteins s. st., Péturs á Gufuskálum o. fl.
- cc. Högni. Son hans Ólafur í Ósgröf.
- dd. Guðný átti Filippus Sigurðsson í Flagveltu; p. b.: Sigurður í Lúnansholti. Ingveldur, er átti Jón Þorvaldsson frá Klofa, Hildur, er átti Björn Gíslason í Hjallanesi og Guðlaug 3. kona Guðna Runólfssonar í Brattholti.
- ee. Margrét átti Þorvald í Stóra-Klofa Jónsson Jónssonar í Gunnarsholti Örnólfssonar (sjá hér áður), áttu mörg börn, eitt þeirra Björn á Bergþórshvoli faðir Þorvalds á Þorvaldseyri, nú (1912 í Núpakoti.
- ff. Guðrún átti Einar Þorsteinsson á Galtalæk.
- d. Björn í Vorsabæ á Skeiðum átti Bryngerði Knútsdóttur, systur Jóns í Laugarási; p. b.:
- aa. Knútur á Drumboddsstöðum átti Steinunni Guðmundsdóttur frá Króki í Holtum Erlendssonar; p. b.: Filippus á Laugarvatni, Þorsteinn, Bryngerður og Sigríður, er átti Þorstein Tómasson á Drumboddsstöðum (sbr. bls. 29).
- bb. Jón í Núpstúni átti Guðrúnu Guðmundsdóttur prests í Hrepphólum Magnússonar, og er barna þeirra áður getið bls. 344.
- cc. Þorvaldur í Auðsholti átti Ólöfu Halldórsdóttur frá Tindstöðum Eyjólfssonar (sbr. bls. 31).
- dd. Þorbjörg átti Sturlaug á Brjámsstöðum Gunnarsson Egilssonar á Bergstöðum Gissurarsonar. Dóttir þeirra Sigríður átti Eirík Eiríksson dbrm. á Reykjum (sjá hér áður bls. 437—438).
- ee. Gróa átti Jón Björnsson í Útey.
- ff. Þórunn dó í bólu 1786.
- e. Anna átti Simon Sighvatsson í Krísvík, bl.
- f. Gunnar lögréttumaður á Laugarvatni átti Solveigu Vernharðsdóttur lögréttumanns á Búrfelli Ófeigssonar, og er barna þeirra áður getið bls. 433.
- Laundóttir Högna á Laugarvatni var:
- g. Guðrún. Laundóttir hennar Bryngerður Magnúsdóttir átti Björn Vernharðsson frá Búrfelli Ófeigssonar (sjá áður).
- 1) Auðbjörg átti sira Vigfús Jóhannsson í Kaldaðarnesi; p. b.:
- a. Jóhann á Flankastöðum átti Sigríði Runólfsdóttur lögréttumanns á Stafnesi Sveinssonar; p. b.: Gísli í Votmúla og Tómas í Minnivogum, Ragnheiður, Auðbjörg, Guðrún.

- e. Guðrún átti Guðmund Magnússon<sup>1)</sup>;  
börn:
  - aa. Magnús.
  - bb. Halldór.
  - cc. Ragnhildur.
  - dd. Vilborg.
- f. Guðný átti fyr síra Bjarna Jónsson<sup>2)</sup>,  
bl. Svo Jason<sup>3)</sup>, bl.
- g. Ingunn átti Þorstein son Magnúsar  
Kortssonar í Árbæ<sup>4)</sup>.

- b. Páll í Votmúla átti Ástriði Daðadóttur prests í Reynisþingum  
Guðmundssonar. Launson hans Jón á Haugi í Flóa.
- c. Sigurður átti Sigríði Einaradóttur. Son þeirra Sigurður í  
Ásakoti í Flóa átti Helgu Simonardóttur frá Laugardælum  
Þorkelssonar.
- d. Ólöf átti Vigfús Álfsson í Valdakoti (sbr. III, 421—422).
- e. Helga.

Enn var son séra Gunnars og Ragnhildar:

- ee. Vigfús í Kirkjuvogi átti Vilborgu Guð-  
mundsdóttur frá Leirubakka (sjá síðar).

1) Afkomenda Guðmundar Magnússonar á Leirubakka og Guðrúnar verður síðar getið.

2) Séra Bjarni var prestur á Melum († 19. apríl 1685).

3) Líklega sá Jason Guðmundsson, er bjó á Núpi í Fljóts-  
hlið 1710 (Jarðabók A. M.). Hann var í Skálholtsskóla 1685—1687  
og mun hafa verið systursonur Guðmundar Jasonssonar West  
á Stokkseyri, er átti Stokkseyrar-Disu. Svo segir séra Eyjólfur á  
Völlum í »Onomasticon« (Lbs. 390 4<sup>to</sup>).

4) Sbr. bls. 116 hér að framan.

Enn er talin dóttir síra Magnúsar á Breiðabólstað og f. k.  
hans Ragnhildar:

- h. Guðfinna, er átti Ólaf Ólafsson í Miðkoti  
í Landeyjum og mun hafa verið f. k. hans;  
þ. b.:
  - aa. Magnús á Kirkjulandi, átti mörg börn:  
Ólafur í Snotru, Katrín, er átti Hrein  
Guðmundsson í Hildisey, Margrét, er  
átti Eyjólf Ólafsson á Heylæk, Árni á  
Skíðbakka, Jón á Velli í Flóa, Vigfús í  
Eystra-Fiðholti, Guðfinna, er átti Jón

Seinni kona Mægnúsar prests var Guðrún dóttir síra Sigmundar Guðmundssonar í Ásum, þau bl.

2. Elin átti Björn í Teigi Pálsson Magnússonar; börn:
  - a. Jón átti Solveigu dóttur síra Guðmundar Guðmundssonar í Fljótshlíð.
  - b. Hjalti átti Ragnhildi Hallsdóttur.
  - c. Ragnhildur átti Magnús Einarsson.
  - d. Guðrún átti Gisla Guðmundsson.
  - e. Ingibjörg átti Magnús Guðmundsson.
  - f. Páll átti dóttur Jóns í Hróarsholti.
  - g. Kristín átti Guðmund Jónsson<sup>1</sup>).

Flestöll þessi systkin áttu börn. (Seinni kona síra Jóns [Sigurðssonar] Kristín Teitsdóttir, þ. b.: 1. Guðrún, giptist og átti börn<sup>2</sup>). 2. Ólafur átti börn<sup>3</sup>). Þriðja kona síra Jóns Guðrún Snorradóttir<sup>4</sup>), þau bl.).

Sigurðsson á Úlfsstöðum og Guðrún, er átti Guðmund Sigurðsson á Kálfsstöðum.

- bb. Ólafur á Kirkjulandi. Kona hans hét Hallbera; þ. b.: Ólafur í Vestra-Fiflholti faðir Ingvars í Vorsabæ, Þurður, er átti Orm Guðmundsson í Eystri-Hól og Jón í Hallgeirsey faðir Gisla s. st. og Guðrúnar móður Tómasar prófasts Sæmundssonar.

1) Um alkomendur Elinar og Björns Pálssonar í Teigi er áður getið ítarlega (í Teigsætt).

2) Guðrún átti Magnús Þorsteinsson sýslumanns í Þykkvabæ (sjá hér síðar).

3) Ó. Snókdalin telur Ólaf þennan lóður Magnúsar á Kirkjulandi (sjá hér áður), en það er skakkt. Hafi síra Jón Sigurðsson á Breiðabólstað átt nokkurn son, er Ólafur hét, verða ekki ættir frá honum taldar. Magnús Ólafsson á Kirkjulandi hefur verið dótturson síra Magnúsar á Breiðabólstað, en ekki bróðurson hans, enda gæti það tæplega staðigt tímans vegna.

4) Hún var dóttir Snorra Ásgeirssonar á Varmalæk (sbr. III, 448).

Gísli gerðist fyrst umboðsmaður föður síns í Skaptafellssýslu og svo fyrir klaustri, sem Arni hafði þar eystra, og síðan hlaut Gísli Þykkvabæjarklaustur og hálf Skaptárþing eptir föður sinn, en eg meina hann skipti því seinna nálægt 1590 við Nikulás Björnsson fyrir hálf Rangárþing, en hélt klaustrinu og bjó á Hlíðarenda eptir föður sinn.

Meðal annars hefur Gísli látið í Rangárþingi ganga sjálfur þessa eptirfylgjandi dóma: 1592 að Lambey með 6 mönnum um hjáleigna forsvar, að hjáleigumenn skyldu eptir tiltölu fyrir þeim standa, ásamt öðrum almennilegum útgjöldum. 1599 að Stórólshvoli með 6 mönnum um ráð þeirra fyrir kaupum, sem þurfa sveitarstyrk. 1599 lét Gísli ganga dóm millum Nikúlasar Björnssonar og Jóns Ásmundssonar. 1600 lét hann að Lambey dóm ganga um orðbragð. 1601 um óskilamenn við húsbændur. 1602 að Lambey með 6 mönnum um sveitarómaga. 1603 að Lambey með 6 mönnum um stuld. 1603, 7. maí, að Reyðarvatni með 6 mönnum um skyldu að fylgja líki til grafar, sá það ei geri löglega tilkvaddur sekur 3 álnum til konungs. 1604 um orðbragð. 1604, 10. maí að Hvoli um stuld. 1608, 3. maí að Holti með 6 mönnum um barnsfaðernislýsing Kristbjargar. 1608 að Lambey dæmdar sárabætur Jóni Halldórssyni 6 hundruð, sem Jón Ásgrímsson skyldi honum lúka etc.

Fleiri dóma Gísla hefi eg ei fundið, en það sýnir, að hann hefur haldið Rangárþing 1592—1608. 1602 hætti hann ásamt Jóni Dan 350 rd. fyrir barneign tengdaföður síns Guðmundar. 1605 gekk dómur eptir beiðni Gísla Skaptárþingi um, hvort Þykkvabæjarklausturs landsetar væru skyldugir til að róa á skipum Gísla, þar það hefði ei verið áskilið við þá í fyrstu, þá þeir tóku jarðirnar til leigu. Var því neitað. 1608 lætur Sigvaldi á Búlandi dóm ganga í Skaptárþingi, eptir beiðni Gísla Árnasonar um óskil á rekum tilheyrandi Þykkvabæjarklaustri.

Umboðsmenn hefur Gísli Árnason haft, svo sem 1599 hefur *Gísli Brandsson*<sup>1)</sup> látið dóm ganga á Stórólshvoli

5) Um þennan Gísla Brandsson (sem sumstaðar er kallaður Ormsson) er nokkuð vafasamt, hvort hann hefur nokkurt umboð

um vinnufólk etc. 1609, 1610 og 1611 hefur Gísli haldið Snorra Ásgeirsson fyrir sinn umboðsmann, því téð ár finnast hans dómur í Rangárþingi. Fyrir 1600 hefur Gísli tekið allt Rangárþing, þá Eyjólfur Halldórsson hefur sleppt sínum sýsluparli.

### Snorri Ásgeirsson.

(Sjá um hann við Borgarfjarðarsýslu)<sup>1)</sup>. Hann hefur gerzt umboðsmaður Gísla, eptir það hann ektaði Önnu systur hans, sem orðin var þá ekkja.

1609 nefndi Snorri Ásgeirsson 6 menn í dóm að Reyðarvatni um mál Gríms Jónssonar etc. 1610 nefndi hann enn 6 menn í dóm hinn 12. maí um ábata vinnufólks etc. 1611 nefndi Snorri enn 6 menn í dóm, þá kvennmaður vildi ekki segja, hver hennar barnsfaðir var. Meina eg Snorri hafi verið umboðsmaður Gísla meðan Gísli hélt Rangárþing, en þar eptir flutt til Borgarfjarðarsýslu.

### Þorleifur Magnússon.

(Sjá um hann við Skaptafellssýslu). Þótt margra meining sé, að hann hafi tekið Rangárþing eptir Gísla

haft í Rangárþingi. Er þess reyndar getið, að hann hafi látið dóm ganga að Stórolfshvoli 20. maí 1599 um vinnufólk, sem elst upp á hreppunum, og gæti það verið sami dómur og dómur Gísla sýslumanns sama ár á sama stað um kauparáð þeirra, sem þurfa sveitarstyrks. En þótt svo sé, að Gísli Brandsson hafi dæmt dóm þetta ár, þá má telja vist, að sá Gísli Ormsson, sem á að hafa dæmt dóm í Rangárþingi 1603 er eflaust Gísli Arnason sjálfur, en nafnið albakað eða mislesið »Ormsson« fyrir Árnason. Getið er þess, að Magnús Hjaltason frá Teigi hafi haft umboð Gísla Árnasonar 1604 og 1605, og hefir hann þá hlotið að vera all-gamall. Þorleifs Magnússonar er og getið sem umboðsmanns Gísla 1611 (J. S. 64 fol. í landsbókasafninu). Yfirleitt er sýslumannaröðin í Rangárvallasýslu á þessum árum og allan fyrri hluta 17. aldar all-njög óviss og rugluð. T. d. ætla sumir, að Hákon sýslumaður Árnason († 1608) hafi haft þar sýsluvöld fyrir 1600, en sumir Hákon Björnsson, og er þeim nöfnum ruglað saman. Getur og verið, að þeir báðir hafi haft þar sýslu um tíma eða umboðsmennsku. Bogi telur Hákon Björnsson en ekki Hákon Árnason.

1) Sbr. III, 442—452.

tengdaföður sinn, er eg þar um í efa, því hans dóma finn eg þar ekki, en það er í fræðibókum tjáð, að hann hafi haldið Skaptárþing og víst er, að hann hélt það hálf t um hrið. Hefði Þorleifur haldið Rangárþing, hefði það orðið að vera eptir 1612. Verið getur og, að hann hafi haldið hálf Rangárþing stundum frá 1614 til 1620 eða lengur, en allt stundum eptir 1630 til 1640. Eg held líklegra, að Gísli lögmaður Hákonarson hafi haldið Rangárþing eptir Gísla föðurbróður sinn, að minnsta kosti hálf. Þorleifur var settur fyrir Rangárþing 1635<sup>1)</sup>, því Jens Söffrensson tók það af þeim Vigfúsi og Hákonni bræðrum. En hvort hann sleppti því öllu eða hálfu til Hákonar 1640 er óvíst<sup>2)</sup>.

### Gísli Hákonarson

lögmaður (sjá um hann við Árnassýslu). Gísli fékk fyrst kongsjarðumboð og setti bú í Laugarnesi. Þar bjó hann 1612 eða fyr og var þá giptur. Var við dómaraverk í Gullbringusýslu. 1614 fékk hann að visu hálf Rangárþing og varð lögmaður. 1615 flutti hann að Klofa á Landi. 1617 keypti hann Bræðratungu og flutti þangað. 1628 var hann settur yfir Árnassýslu. Eg meina, að hann hafi haldið Rangárþing til síns dauða 1631, annaðhvort allt eða hálf. Vigfús son hans tók strax við þeirri sýslu eptir hann dáinn 1632. Fáa héraðsdóma finn eg eptir Gísla, því hann hefur optast haldið umboðsmenn í sýslu sinni. 1627, 5. maí að Skarði á Landi nefndi hann 6 menn í dóm um óheimild á brúkun skógar, sem annar maður átti.

Umboðsmenn Gísla í þessari sýslu munu hafa verið *Erlendur Ásmundsson* á Hvoli (sjá um hann við Árnassýslu) og *Jón Björnsson*, sem 1629 föstudaginn næstan fyrir Símonsmessu nefndi 6 menn í dóm í máli millum Jóns Ísleifssonar og Eyjólfssonar<sup>3)</sup>.

1) Réttara 1634.

2) Þorleifur dó 13. október 1652.

3) Þetta er byggt á misskilningi, því að dómur þessi er frá 1539 (sbr. hér áður um Jón Björnsson bls. 247—248).

### Vigfús Gislason.

(Sjá um hann við Árnassýslu). Hann tók þessa sýslu 1632 og fylgdi henni þá Vestmannaeyjasýsla, sem optast að undanfögnu. Var þá og um sýsluvöld með honum Hákon bróðir hans í báðum tédum sýslum. Þá Jens Söflrensson 1634 frá setti þá bræður Vigfús og Hákon Rangár- og Vestmannaeyja og Árnassýslum, setti hann Þorleif Magnússon fyrir Rangárþing, Árna lögmann Oddsson fyrir Árnesþing og Kláus Eyjólfsson fyrir Vestmannaeyjasýslu. Þorleifur mun hafa haldið Rangárþing allt til þess 1640, en Kláus ekki utan það ár Vestmannaeyjar, því 1636 lét Vigfús þar dóma ganga og þar eptir. Erlendur Ásmundsson mun hafa haldið allt Árnesþing til 1639, því þá fyrst finn eg þar dóm Vigfúsar og þar eptir, síðan Árnesþing var af honum tekið. Hafði hann þá sýslu jafnframt Vestmannaeyjum til þess hann deyði 1647. Ásamt Hákon bróður sínum hafði hann stundum fyrir sinn umboðsmann Erlend Ásmundsson<sup>1)</sup> (sjá um hann við Árnesþing).

### Hákon Gislason.

- Faðir:* Gisli lögmaður Hákonarson (sjá Árnesþing).  
*Móðir:* Margrét dóttir sira Jóns Krákssonar.  
*Kona:* Helga Magnúsdóttir lögmanns Björnssonar (sjá Vaðlasýslu). Þau giptust á Möðruvöllum 1639. Helga dó 1676.  
*Börn:* A. Elin giptist 1672, 12. sd. eptir trinitatis í Bræðratungu, sira Guðbrandi í Vatnsfirði, en deyði á Leirá hjá dótturmanni sínum Vigfúsi 1716. Sira Guðbrandur dó undir jól 1690 (sjá Barðastrandarsýslu); þ. b.:  
 1. Vigfús prestur á Helgafelli, dó 1707, bl.

---

1) Hinn 11. júlí 1633 nefndi Jón Jónsson dóm í Lambey á þriggja hreppa þingi í umboði Vigfúsar Gislasonar (sbr. Alþingisbók Árna Oddssonar). Hver þessi Jón Jónsson hafi verið, verður ekki sagt með vissu. Hans er og getið um sama leyti, sem umboðsmanns Vigfúsar í Árnassýslu. Eptir því sem segir í Sýslumannaregistri J. S. 64 fol. hefur Erlendur Ásmundsson dæmt dóm þar 1632 og 1635, eflaust í umboði Vigfúsar.

2. Hákon átti Ólöfu Jónsdóttur frá Eyri í Seyðisfirði; voru saman mánuð; hann dó 1707, bl. (sjá Ísafjarðarsýslu og Borgarfjarðarsýslu).
  3. Kristín átti Vigfús Jónsson á Leirá, dó 1733 bl.
  4. Helga átti Jón bónda Hákonarson á Vatnshorni. Hún deyði 1707, bl.
  5. Jón dó bl.
- B. Sigríður dó 1733, 85 ára, giptist síra Sigurði á Staðastað (sem deyði 1690, 44 ára) syni síra Sigurðar í Stafholti, er var prestur 54 ár og deyði 1675, þá 84 ára; börn:
1. Oddur lögmaður, dó 1741 bl. (sjá Snæfellsnessýslu).
  2. Helga, deyði í stórubólu 1707.
- C. Jarþrúður fyrri kona Magnúsar Sigurðssonar í Bræðratungu, giptist 1680, en deyði 1686, að fjórða eða fimmta barni, sem öll fæddust andvana.
- D. Vigfús, kom út 1670 frá Kaupmannahöfn, hafði hann þar stúderað, dó í Bræðratungu 1671, bl.<sup>1)</sup>.
- E. Gísli.
- F. Hákon.
- G. Ingibjörg tjást og börn Hákonar, er öll hafa dáið ung.

Hákon er borinn 1613, mannaðist vel og var ásamt bróður sínum Vigfúsi sýslumaður í Rangárþingi og Vestmannaeyjum 1632. 1636 var Hákon dómsmaður á alþingi, 1637 og 1638. 1637 gerðist hann Hólastaðarráðs-

---

1) Vigfús var fæddur 1647, heitinn eptir Vigfúsi föðurbróður sínum, lærði 4 ár í heimaskóla, en var 6 ár í skóla, skrifaður í stúdéntatölu við háskólann 21. september 1668, en kom út hingað 1670 og andaðist hjá móður sinni í Bræðratungu aðfaranóttina 14. nóvember s. á. Í handriti, sem eg á, er ættartala Vigfúsar flutt (í líkræðu) af meistara Brynjóífi biskupi í Bræðratungu 16. nóvember 1670, en blöð þau eru orðin all-mjög rotin. Sumir telja, að Vigfús hafi dáið í Kaupmannahöfn, en það er skakkt.



maður. 1639 fékk hann Helgu dóttur Magnúsar lögmanns á Munkaþverá Björnssonar. 1640 tók Hákon Rangárþing. Eg meina hann hafi þá ei haft það nema hálfmóti Þorleifi á Hlíðarenda. Nálægt 1640 sleppti og Vigfús Bræðratungu og flutti að Hvoli, hvar hann dó 1647. Hákon sýslumaður tók þá Bræðratungu og bjó þar síðan meðan hann lifði.

Nokkrir meina, að með þeim bræðrum hafi Rangár-, Árness- og Vestmannaeyjasýslur verið í sameiningu, meðan þeir höfðu þær báðir. En það er víst, að eptir andlát Vigfúsar sýslumanns hélt Hákon ekki nema Rangárvallasýslu til síns dánardægurs. 1648 kom í lögréttu dómsnefnd Hákonar um barnsfaðerni Ástríðar Snorradóttur.

Hákon deyði í sinni búð í Þorlákshöfn á ferð sinni 27. september 1652 á 39. aldursári. Var lík hans flutt að Bræðratungu og þar jarðað 4. október<sup>1)</sup>. Þótti Hákon verið hafa mikilmenni, spakur í lund og auðmaður mikill, en ei var hann gáfaður, eins og Vigfús bróðir hans, og þó maður vel lærður.

### Bárður Gíslason.

1647 var á alþingi lesinn upp dómur genginn af Bárði Gíslasyni að Holti undir Eyjafjöllum um þann veika mann Njál Hinriksson<sup>2)</sup> etc. 1653, 9. maí að Þjóðólshaga, lét Bárður ganga dóm um framsæri laungetins barns Filippusar sál. Jónssonar, er dæmdist á bræður hans<sup>3)</sup>. Bárður hafði

---

1) Samkvæmt bréfabókum Brynjólfs biskups (afskr. Lbs. nr. 1077 bls. 80 etc.) varð Hákon bráðkvaddur (af slagi?) 24. september (1652) á leið úr Þorlákshöfn úf í Selvog, kvartaði um, að sér væri illt, fór af baki og var þegar örendur. Lík hans var jarðsett í Bræðratungu 3. október, með yfirsöng Brynjólfs biskups. Þessi frásögn hlýtur að vera rétt.

2) Mun eiga að vera Niels Hinriksson (sbr. Alp.bók 1647 nr. 12). Bárður útnefndi og 6 manna dóm í Þjóðólshaga 25. september 1640 í umboði bræðranna Vigfúsar og Hákonar um skuldakæru Jörgens Andreas Richte fögeta á Gullandi (Jyllandi?) til Einars Hákonarsonar, sömuleiðis annan dóm 1645 í umboði Vigfúsar um útmokstur Holtsóss (Alp.bók 1645 nr. 3 og 24).

3) Bogi getur þess á öðrum stað, að *Böðvar Sturluson* hafi

hvergi sýsluveiting og ekki lögsögu nema í stöku málum, þá hann var til kvaddur, helzt í Rangárþingi. 7. maí 1653 á Kirkjulæk lét hann dóm ganga um ómagaflutning. (Sjá framar um hann við Gullbringusýslu).

### Hákon Ormsson.

- Faðir:* Ormur sýslumaður í Eyjum Vigfússon (sjá Kjósarsýslu).  
*Móðir:* Guðríður Árnadóttir prests í Holti Gíslasonar (sjá um ættina við Kjósarsýslu).

Hákon giptist ekki eða átti börn, en gerðist maður vel lærður. Varð svo landþingsskrifari 1641 eptir Pál Gíslason. Þar eptir varð hann Skálholtsstaðar ráðsmaður um hrið. 30. júní 1645 bar hann fram sín forföll að gegna landsþingsskrifara embætti og fékk bezta vitnisburð og þakkir, en 1652 tók hann það embætti aptur og hélt því til 1655. 1653 tók hann Rangárþing eptir Hákon Gíslason og Þorleif, og hélt það til síns dauða, að minnsta kosti hálf. 1655 útnefndi hann dóm að Hvoli, sem Magnús Bjarnason bar fyrir lögmenn. 1655 eða 1656 fékk fúgetinn Tómas Nikulásson Hákon fyrir sinn umboðsmann á Bessastöðum, þá téður fúgeti fór utan. 1656, 13. september<sup>1)</sup> deyði Hákon á Bessastöðum og var grafinn í

---

látið þennan dóm ganga að Þjóðólfshaga 9. maí 1653. Getur það naumast annar verið, en síra Böðvar Sturluson, er síðar hélt Valþjófsstað, en hann var um þetta leyti prestur í Vestmannaeyjum. Þetta hlýtur því að vera eitthvað málum blandað.

1) Síra Jón Halldórsson segir í Hirðstjóraannál sínum (Safn til s. Ísl. II, 752), að Hákon hafi andazt 13. desember og svo er víðar talið, en réttast mun að telja andlátsdag hans 13. nóvember, því að svo er talið í þremur ártíðaskráum (sbr. Ártíðaskrár J. P. bls. 212). 13. september og 13. desember mun því hvortveggja skakkt. Hákon var á 43. aldursári, er hann andaðist (sbr. Ártíðaskrár bls. 197) og er því fæddur um 1613 og jafn gamall nafna sínum Hákon Gíslasyni. Áður en Hákon andaðist hafði hann sótt um konungsleyfi til að kvongast Helgu Benediktsdóttur (í Búðardal Þorleifssonar), er var þremmingur hans að frændsemi (réttara 2. og 3.). Leyfisbréfið er ds. í Kaupm.höfn 22. maí 1657 (Lagasafn M. Ket. III, 145) og hefur lát Hákonar þá ekki verið frétt til Hafnar.

Bessastaðakirkju kór norðan fram við legstein Matthíasar Sölfrenssonar. Hákon var haldinn maður fastúðigur og vítur.

### Magnús Guðmundsson.

(Sjá um hann við Vestmanneyjasýslu). 1655 gerðist hann lögsagnari Hákonar Ormssonar.

### Magnús Þorsteinsson.

*Faðir:* Þorsteinn Magnússon sýslumaður í Skaptárþingi og klausturhaldari á Þykkvabæ (sjá Skaptafellssýslu).

*Móðir:* Guðríður yngri Árnadóttur prests í Holti Gíslasonar.

*Kona fyrri:* Guðrún dóttir Teits á Holtastöðum sonar Björns officialis á Melstað Jónssonar biskups Arasonar (Þessi Guðrún hafði áður átt barn með Þórði Sturlusyni, sem hestur Þórðar Þorlákssonar hreytti steini í augað á, svo hann varð á því auga blindur).

*Börn:* A. Þuríður átti Magnús lögréttumann Kortsson, er seinna bjó á Árbæ; börn:

1. Þorsteinn átti Ingunni Magnúsdóttur; börn:
  - a. Jón.
  - b. Snorri.
  - c. Loptur.
  - d. Kort.
2. Magnús átti Guðrúnu Sæmundsdóttur, áttu mörg börn.
3. Síra Lýður, var prestur 56 ár, dó 1746, 87 ára, átti launbörn með Sigríði Daðadóttur Þorvaldssonar, þau dóu. En með Guðrúnu Þórðardóttur var hans launson:
  - a. Guðmundur faðir Lýðs sýslumanns (sjá Skaptafellssýslu).
4. Sigurður átti Þuríði Gísladóttur, þ. b.:
  - a. Þuríður.
  - b. Árni.

- c. Magnús.
  - d. Jón.
  - 5. Kort átti fyr Solveigu dóttur síra Gísla Bárðarsonar; börn:
    - a. Jón á Járngerðarstöðum átti Sigríði,
      - þ. b.:
      - aa. Jón á Járngerðarstöðum, giptur, bl.
      - bb. Krístrún átti síra Einar Einarsson í Holtáþingum, þ. b.
      - aaa. Einar á Járngerðarstöðum, giptist átti börn.
      - bbb. Guðrún giptist, átti börn.
      - cec. Ragnhildur.
      - ddd. Sigríður.
    - b. Þorsteinn í Árbæ átti Elinu Grimsdóttur, þ. b.:
    - aa. Kort.
    - bb. Guðrún.
    - cc. Guðmundur.
- Seinni kona Korts Magnússonar Ingibjörg Daðadóttir, bl.
- 6. Valgerður átti Þorstein Þorsteinsson.
  - 7. Solveig.
  - 8. Halldóra.
  - 9. Magnús<sup>1)</sup>.

*Kona önnur* Magnúsar var Guðrún dóttir síra Jóns Sigurðssonar á Breiðabólstað; börn:

- B. Síra Einar í Dals- og Holtáþingum 33 ár, dó 1716, átti Guðríði<sup>2)</sup> dóttur Jóns Jónssonar á Gullberastöðum og Hjalla; börn:
  - 1. Magnús<sup>3)</sup> átti fyr Valgerði Einarsdóttur, þ. b.:

---

1) Um afkomendur Magnúsar Kortssonar og Þuríðar sjá hér áður bls. 116—118.

2) Guðríður var systir Þorsteins í Þorlákshöfn og Ásgeirs skrifara Árna Magnússonar.

3) Magnús bjó á Reykjum í Ölfusi, og er víðast hvar talið, að Anna laundóttir Einars sýslumanns Eyjólfssonar (sjá Árnes-

- a. Einar. Síðar átti Magnús Önnu Einarsdóttur, bl.
2. Ingveldur átti Gísla Þorláksson í Mörk<sup>1)</sup> og börn.

sýslu) hafi verið f. k. hans, en Valgerður hin síðari. Einar son þeirra átti Steinvöru Arnórsdóttur á Gjábakka Guðmundssonar ekkju Guðmundar Péturssonar á Brúsastöðum, bl.

1) Börn Gísla og Ingveldar voru:

- a. Hálfðan prestur í Eyvindarhólum († 1785) átti Margréti Jónsdóttur klausturhaldara á Kirkjubæ Þorsteinssonar, p. b.:
- aa. Jón prestur í Eyvindarhólum († 16. júní 1797) átti Þorbjörgu Sigurðardóttur prófests í Holti Jónssonar.
- bb. Sæmundur prestur í Fljótshlíðarþingum († 29. marz 1821), átti tyr Ingibjörgu Sigurðardóttur landþingsskrifara Sigurðssonar bl., en síðar Ingibjörgu Arngrímsdóttur prests á Melum Jónssonar, bl.
- c. Kristín átti síra Odd Þorvarðsson á Reynivöllum og börn, sem áður eru talin.
- dd. Guðrún átti fyr síra Pál Magnússon í Vestmanneyjum, p. b.:
- aaa. Grímur prófastur á Helgafelli († 28. marz 1853) átti fyr Solveigu Eyjólfsdóttur frá Kröggólfsstöðum Jónssonar, p. d. Guðrún átti launbarn með Högna stúdent Einarssyni frá Skógum, það dó ungt, giptið svo Guðlaugi í Öxney syni Jóns prests Matthíassonar í Arnarbæli, p. d. Ingibjörg og Solveig (sbr. III, 496). S. k. síra Gríms Pálssonar Þórunn Ásgrímsdóttir prests við Hellna Vigfússonar, p. b. Sigríður átti Jónas Guðmundsson í Hvarfi í Viðidal og Kristín átti fyr Friðrik Eggertsson Fjeldsted, bl., en síðar Eypór kaupmann í Reykjavík Felixsson frá Brunná Sveinssonar, p. b. Árni, Ásgeir, Jóhanna, Sigríður. Asgrímur.
- bbb. Margrét miðkona síra Guðmundar Jónssonar á Staðastað, p. b. Jón prestur á Helgafelli, Páll á Reykhólum, Sæmundur, Ögmundur o. fl.
- ccc. Ingibjörg átti síra Jón Matthíasson í Arnarbæli. Sjá um börn þeirra III, 495—496.
- ddd. Kristín.
- S. m. Guðrúnar Hálfðanardóttur síra Jón Högnason í Vestmanneyjum, bl.
- b. Teitur á Borg undir Eyjafjöllum átti Guðnýju Magnúsdóttur; p. d.: Þuríður.
- c. Einar átti Kristínu Eiríksdóttur frá Barkarstöðum Erlendssonar (sjá hér áður).

3. Valgerður.

4. Sigurveig átti Brynjólf á Rangárvöllum og börn<sup>1)</sup>.

d. Puriður átti Jón á Lambalæk Magnússon á Yztaskála Þórðarsonar; p. b.:

aa. Ásgeir á Kirkjulæk átti Margréti Sigurðardóttur, p. b. Katrín átti Erasmus Eyjólfsson á Kirkjulæk, Guðrún, Sesselja, Sigurður og Ólöf, er fyr átti Björn Sigmundsson en stóðar Sigmund Jónsson Magnússonar á Kirkjulandi Ólafssonar.

bb. Gísli átti Sigríði Ólafsdóttur.

cc. Álfheiður.

dd. Guðrún.

ee. Ingveldur.

e. Bjarni.

1) Brynjólfur Markússon, maður Sigurveigar, bjó á Sandhólaferju 1729, hafði mjög opt býlaskipti, og var því kallaður »20 býla Brynki« eda »Brynjólfur alstaðar«, dó í Vöðlakoti í Flóa. Hann mun hafa verið son Markúsar Jónssonar í Hjálmholti og Guðrúnar Þorsteinsdóttur, en Markús var bróðir Egils í Skapholti, og ætla eg, að þeir hafi verið synir Jóns Egilssonar á Seli í Ytri-hrepp bróður Sveinbjarnar í Miðhúsum í Sandvíkurhreppi, forföður dr. Sveinbjarnar Egilssonar. Börn Brynjólfs og Sigurveigar voru:

a. Jón prestur á Eiðum († 15. febr. 1800) átti Ingibjörgu Sigurðardóttur Eyjólfssonar í Eyvindarmúla Guðmundssonar; p. b.:

aa. Sigurveig átti Arna Finarsson í Jórvík í Hjaltastaðapinghá og börn.

bb. Elizabet átti Andrés Jónsson á Djúpalæk á Langaneströndum og börn.

cc. Brynjólfur í Gilsárteigshjáleigu átti Elizabetu Árnadóttur Rustikussonar.

dd. Sigurður í Hólshjáleigu á Útmannasveit átti Kristínu Mariu Sigfúsdóttur prests í Ási Guðmundssonar, p. b.: Jón í Njarðvík eystra, fróðleiksmaður († 7. jan. 1884), Þorkell í Njarðvík, Sigríður átti Jón Andrés�on í Stóru-Breiðuvík, Aslaug tvígípt, Guðríður átti Kjartan Jónsson á Sandbrekku og Sigfús.

Sigurður í Hólshjáleigu átti 3 launbörn.

ee. Ólafur söðlasmiður á Hrafnabjörgum í Hjaltastaðapinghá átti Gróu Guðmundsdóttur og börn.

ff. Bóel átti fyr Bjarna Jónsson á Fossi á Síðu og börn, en síðar Pál bónda í Fljótshverfi.

5. Þorsteinn átti Vigdís Halldórsdóttur.
  6. Magnús.
- C. Katrín átti síra Þórð Bárðarson; börn<sup>1)</sup>.
1. Kristín fyrri kona síra Jóns Oddssonar í Eyvindarhólum og börn.

gg. Niels í Hlaupandagerði átti Guðriði Sigfúsdóttur prests Guðmundssonar og börn, þar á meðal var Jón á Hrollaugsstöðum og Niels á Ósi.

hh. Guðrún dó ógípt, bl.

ii. Kristín átti Eyjólf Þorsteinsson á Heyskálum og börn.

kk. Magnús á Jökulsá í Borgarfirði átti Guðrúnu Guðmundsdóttur Ketilssonar og mörg börn, þar á meðal voru Jón í Geitavík, Eyjólfur á Ósi, Þorsteinn í Höfn í Borgarfirði og Sigurlaug.

Er fjöldi manna í Múlasýslum frá séra Jóni Brynjólfssyni kominn og flest myndarfólk.

- b. Guðrún átti Ólaf á Mýrum í Flóa Jónsson prests í Villingaholti Gíslasonar, p. b.: a) Ásmundur á Auðnum. b) Jón átti Vilborgu Jónsdóttur, p. b.: Jón í Hlíð í Ytrihepp, Finnur, Guðni, Þórður, Einar, Þóra og Guðrún, er átti Þorvarð Jónsson í Hausastaðakoti, p. d. Elin, átti Guðmund á Bárungaheyri Jónsson á Deild Guðmundssonar s. st. Gíslasonar í Óttarsstaðakoti Ólafssonar, p. b.: Þorvarður í Hákoti og Jón á Bárungaheyri. c) Þórunn, er átti Ólaf Þorleifsson í Fljótshólum.
- c. Ingveldur f. k. Helga á Helgastöðum á Skeiðum Þórðarsonar á Alisstöðum Jónssonar, p. b.: Jón á Helgastöðum († 1841, 90 ára), Markús, dó fulltíða, Gróa.
- d. Þorgerður.
- e. Guðrún yngri, dó bl.
- f. Gunnvör, átti Snorra í Árbæ í Holtum.
- g. Agnes miðkona Jóns á Ásólfstöðum Þorsteinssonar í Geldingaholti Bergþórssonar, p. b.: Bjarni á Hvalsnesi, tvíkvæntur, Sigríður s. k. Guðmundar Sveinssonar á Miðbýli, Margrét, er átti Kristján Jónsson í Miðhúsum í Eystrihepp, Katrín, er átti Jón Ófeigsson á Hamarsheiði, Sigríður önnur og Helga 3. kona Jóns Jónssonar bryta í Skálholti. Laundóttir Helgu með Erlingi Ólafssyni (bls. 80) var Þóra, er átti Brynjólf Jónsson (Thorlacius) á Minnanúpi.

Enn er talin dóttir Brynjólfs Markússonar og Sigurveigar: Gróa, er átt hafi Jón bónda á Neistastöðum og dóttir þeirra Petrónella 3. k. Gísla í Nesi í Selvogi Þorlákssonar Hildibrands-sonar á Kálfhóli Eyvindssonar.

1) Sbr. bls. 130 hér að framan.

2. Síra Jón í Fagrahvammi<sup>1)</sup> átti Guðrúnu Rafnsdóttur og börn.
  3. Katrin.
  4. Helga<sup>2)</sup>.
- D. Guðríður átti Guðmund Jónsson<sup>3)</sup>; börn.
1. Eyjólfur spaki átti Hildi Þorsteinsdóttur<sup>4)</sup> og börn.

1) Þetta á að vera síra Jón Þórðarson »siðamaður« í Hvammi í Laxárdal († 1689), en hann var alls ekki son síra Þórðar Bárðarsonar á Torfastöðum, heldur son Þórðar prests Ólafssonar í Nesi í Aðalreykjadal og á því ekkert skylt við þessa ætt.

2) Þessara dætra síra Þórðar Bárðarsonar er ekki getið í ættatölum og mun því hér eitthvað málum blandað hjá Boga og á ef til vill við systur síra Jóns Þórðarsonar í Hvammi.

3) P. e. Guðmundur yngri son Jóns Eyjólfssonar í Eyvindarmúla (sjá hér áður).

4) Hildur var dóttir Þorsteins prests Oddssonar í Holti undir Eyjafjöllum. Eyjólfur dó í Eyvindarmúla 24. nóvember 1783, hálf-tíraður að aldri. Börn hans og Hildar:

- a. Sigurður, bjó á Surtstöðum í Jökulsárhlíð, en síðar á Pykkva-bæjarklaustri, átti Bóel dóttur Jens Wium sýslumanns (sjá Múlaping), p. b.:
  - aa. Ingibjörg átti síra Jón Brynjólfsson á Eidum og eru börn þeirra talin hér á undan.
  - bb. Jens í Ámundakoti átti Arnfríði Erlendsdóttur frá Torfastöðum í Fljótshlíð Einarssonar (sjá hér áður bls. 402).
  - cc. Bergljót.
  - dd. Vigdis átti Einar á Geirastöðum Bessason á Sleðbrjóts-seli Oddssonar.
  - ee. Þorsteinn í Austdal og síðar í Réttarhúsum, átti Sesselju Bessadóttur, systur Einars á Geirastöðum, p. b.: Eyjólfur á Heyskálum, Sigurður, faðir Eyjólfsmiðs á Hörni í Nesjum, Sigprúður átti Runólf Ásmundsson, Sæbjörn í Mýrnesi faðir Sveins, föður Ásmundar stúdents (II, 750—751) og Guðríður, er átti Arnbjörn Ólafsson á Flókastöðum og voru börn þeirra Sigurður í Vælugerði, Guðrún, er átti Vigfús Sigurðsson á Flókastöðum og Ólafur á Árgilsstöðum faðir Bergsteins s. st. og Arnbjarnar vita-varðar.
- b. Oddur átti Þorbjörgu Bjarnadóttur prests í Fellsmúla Helgasonar, p. b.:
  - aa. Jón í Húsagarði og síðar á Grjótá í Fljótshlíð, átti Ingibjörgu Eiríksdóttur frá Yrjum Magnússonar, p. b.: Arn-



2. Bergljót seinni kona Jóns Magnússonar<sup>1)</sup>  
og börn.

- björn, Oddbjörg átti Þórð í Heysholti Stefánsson Filippussonar (III, 146), Björg átti Guðna Pálsson í Garðsauka, Ingibjörg átti Sigurð Lafransson á Uppsölum og Elin.
- bb. Ástriður átti Árna Sveinsson á Skumsstöðum og börn.
- c. Margrét átti Lýð Guðmundsson sýslumann (sjá Skaptafells-sýslu).
- d. Gróa, s. k. Jóns Vigfússonar silfursmíðs (sbr. II, 361—362), p. b.:
- aa. Eyjólfur Moh skólahaldari í Sórey, kvæntist þar.
- bb. Hildur s. k. Sigurðar Sigurðssonar stúdents í Geitareyjum, áttu mörg börn, þar á meðal var Jón gullsmíður í Geitareyjum, Vigfús í Brokey, Kristján smíður í Vallnakoti, Benedikt, Sæmundur og Lárus stúdent, er dó ungur 1832. Þessa fólks er áður getið í riti þessu að nokkru leyti.
- e. Kristín f. k. síra Erlends Vigfússonar á Þæfusteini (sjá um börn þeirra bls. 71—72).
- f. Guðriður átti Einar eldri í Eyvindarmúla († 1783) Oddsson frá Steinum Einarssonar; bróður Einarssonar yngri á Leirum, p. b.:
- aa. Jón í Árkvörn og Butru átti Þóru dóttur Jóns Brynjólfs-sonar Thorlaciusar klausturhaldara, p. b.: Helga átti Þorleif Jónsson í Fíflholti bróður síra Hjartar á Gilsbakka, Jón og Eyjólfur, er átti Þorbjörgu Jónsdóttur og var þeirra dóttir Þorbjörg, er átti Sigurð Jónsson í Hallskoti.
- bb. Guðrún átti fyr Bjarnhéðinn Sæmundsson í Langagerði og börn, en síðar Guðmund Einarsson í Akurey, hl.

1) Jón var son Magnúsar Sigurðssonar í Bræðratungu og s. k. hans Þórdísar Jónsdóttur biskups á Hólum Vigfússonar (sbr. I, 102). Jón bjó fyrst í Bræðratungu eptir föður sinn, en síðar á Stóranúpi. Bergljót var 2. kona hans. Jón var fimmkvæntur, að því er sagt er. Börn hans og Bergljótar:

- a. Guðrún f. k. Þorleifs Nikulásssonar landsskrifara (sjá hér síðar).
- b. Sigríður átti Einar lögréttumann í Práandarholti Halliðason prests í Hrepphólum Bergsveinssonar og mörg börn, þar á meðal Helgi prestur á Eyri í Skutulsfirði faðir Arna stípt-prófests í Görðum, Þórður, Guðrún miðkona Þorvalds prófests Böðvarssonar, Guðrún yngri, er átti síra Sæmund Einarsson á Útskálum, Sigríður, f. k. Þórðar Ólafssonar í Brautarholti (bls. 32), Katrín átti Jón Snorrason í Njarðvík o. fl.
- c. Sigurður í Geldingaholti, átti Vilborgu Jónsdóttur frá Skaptholti Höskuldssonar, p. d.: Elin átti Jón smíð í Geldingaholti Jónsson frá Gýgjarhóli Gissurarsonar Oddssonar, p. b. mörg, þar á meðal Sigurður á Seli í Grimsnesi faðir Jóns í Mýrarhúsum, föður Jóns háskóladósent.
- d. Guðmundur í Hliðargerði átti Ingibjörgu Jónsdóttur og börn.

### 3. Þórdís seinni kona síra Jóns Oddssonar og börn<sup>1</sup>).

- 1) Börn síra Jóns í Eyvindarhólum og s. k. hans Þórdísar (sbr. bls. 130).
- a. Guðriður átti Þorleif Guðnason í Drangshlíð; þ. b.:
    - aa. Jón átti Þórdísi Einarasdóttur lögréttumanns Hafliðasonar prests Bergsveinssonar og börn.
    - bb. Páll átti Margræti Vigfúsdóttur.
    - cc. Þórdís átti Brand Einarsson í Drangshlíð og börn, meðal þeirra Magnús á Læk í Holtum faðir Einars í Götum og Valtýr faðir Sigurðar á Kotmúla og Brands.
    - dd. Gróa átti Steina Jónsson á Valdastöðum í Kjós og mörg börn.
  - b. Þórður í Árbæ í Holtum s. m. Elínar Grimsdóttur frá Reyðarvatni (bls. 118); bl.
  - c. Oddur prestur í Sólheimapingum átti Guðfinnu Þorsteinsdóttur frá Árbæ Kortssonar; bl. (sbr. bls. 118).
  - d. Sigríður átti Odd á Neðra-Hálsi í Kjós Jónsson Snorrasonar Jónssonar bartsкера í Káranesi Sigurðssonar; þ. b.:
    - aa. Guðrún átti Snorra Sigurðsson ríka í Engey; þ. b. Þórður á Blikastöðum, Jón dbrm. í Rvík, Solveig, er átti Gísli Eyjólfsson á Kröggólfsstöðum, Oddur og Ólöf, er átti Pétur Guðmundsson í Engey.
    - bb. Guðrún yngri átti Jón Guðmundsson á Fossá í Kjós, þ. b. Gunnhildur, Guðmundur, Ástriður, Jón, Þórður, Jóhannes, Oddur.
    - cc. Jón í Bæ í Kjós átti Guðfinnu Þorkeldsdóttur. Son hans Páll á Velli átti Valgerði Eyjólfsdóttur.
    - dd. Hólmfríður átti Þórólf Þorbjörnsson frá Engey Halldórssonar, þ. b.: Sigurður á Hofi á Kjalarnesi, Guðný f. k. Þorláks Þorkelssonar í Króki, Sigríður s. k. Þórðar Ólafssonar í Saurbæ (bls. 32), Jarprúður s. k. Þorláks í Króki, Sigríður önnur átti Ásbjörn Jónsson og Guðbjörg átti Jón Sæmundsson á Hofi á Kjalarnesi.
  - e. Guðrún átti Sigurð Þórðarson ráðsmanns í Háfi Þórðarsonar (sbr. III, 145—146).
  - f. Guðmundur kvæntist ekki.
  - g. Ragnhildur.
  - h. Guðrún önnur átti Sigurð Árnason í Þykkvabæ.
  - i. Kristín átti Höskuld Bjarnason frá Víkingslæk Halldórssonar. Hún átti laundóttur með Böðvari Jónssyni sýslumanni í Vestmanneyjum (sjá þar). (Espólin segir í ættatölum sínum, að Kristín önnur dóttir síra Jóns Oddssonar (en ekki Kristín kona Höskulds) hafi átt laundóttur með Böðvari sýslumanni og getur vel verið, að það sé réttara. Espólin segir og, að Kristín þessi hafi átt laundóttur með Jóni Þórðarsyni á Steinum, Björgu, er átt hafi Odd í Ólafshúsum í Vestmanneyjum).

E. Kristín átti Guðmund Þórðarson lögréttu-  
mann.

F. Guðrún.

G. Kristín önnur o. fl.

Launson Magnúsar var

H. Vigfús átti Höllu<sup>1</sup>); þ. b.:

1. Magnús, sem eins og faðir hans var  
heldur misjafn maður.

1653 tóku þeir Magnús og Hákon Þorsteinssynir við Pykkvabæjarklaustri af föður sínum Þorsteini. Bjó Magnús í Árbæ. 1656 var Magnús settur sýslumaður í Rangárþingi, þá Hákon Ormsson deyði, og þar hafði hann sýslu 1657 til 1659, að Gísli Magnússon við tók sýslunni, því þó Magnúsi Bjarnasyni væri veitt sýslan 1658, kom hann þangað ei til embættisstarfa, því hann deyði sama ár, að nýfenginni veitingu. En Magnús Þorsteinsson hafði seinna vesturpart Skaptafellssýslu (sjá þar). 1657 kom Magnús Þorsteinsson með dóm úr Rangárþingi um Eysteinn Jónsson.

### Magnús Bjarnason.

(Sjá um hann við Vestmanneyjar).

Magnús fékk veitingu fyrir Rangárþingi 1658, en deyði sama ár, þá hann hafði ný-fengið veitingarbréfið. Aðrir rita, að veiting hans fyrir sýslunni og hans andlát hafi til fallið 1657<sup>2</sup>).

1) Halla kona Vigfúsar er í ættartölum talin dóttir Einars Þorleifssonar frá Hvoli Ásmundssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur Hjaltasonar í Teigi (sjá hér áður).

2) Hinn 1. júlí 1658 beiddist Guðni Magnússon og móðir hans ráða um, hvernig fara skyldi um Rangárvallasýslu, hvort honum væri vitalaust við að skilja, þar dóms og laga er nú beidst um þau mál, sem til kunna að falla, en þeir eru ekki í landið komnir, sem sýsluna eiga að veita. Var því svo svarað af lögmanni og lögréttumönnum, að nauðsynlegt væri, að sýslan stæði í umsjón erfingja Magnúsar heit. Bjarnasonar og að Magnús Þorsteinsson nefni dóma út og léti lög og rétt hafa sinn gang í Rangárvallasýslu, en Kláus Eyjólfsson í Vestmanneyjum, þangað til æðri yfirvöld komi og geri þar á aðra skipun (sbr. Alp.bók 1658 nr. 27).

## Gísli Magnússon.

Um ætt hans, konu, börn og ungdóm sjá við Múla-sýslu.

Gísli kom úr utanferðum sínum 1644 og dvaldi á þriðja ár hjá foreldrum sínum á Múkaþverá til þess hann tók Skriðuklaustur 1647 eða 1648 og eg meina hálfu Múla-sýslu eða gerðist þá umboðsmaður Bjarna sýslumanns Oddssonar, en fekk seinna algerlega sýsluna. Hann giptist 1649 Þrúði Þorleifsdóttur, sem dó 1658 eptir 9 ára hjónaband. 1659 tók Gísli allt Rangárþing og flutti að Hlíðarenda, hvar hann bjó til 1686, þá hann flutti í Skálholt til síns dótturmans, biskups Þórðar, en hafði lög-sagnara sína í Rangárþingi, Björn son sinn 1671—1675, þar eptir Hákon Hannesson, sem fékk kóngsvonarbréf fyrir sýslunni 1688 og sýsluna fullkomlega 1696.

1660 lét Gísli ganga dóm um lausamenn og vinnu-fólk í Rangárþingi. Hann var á alþingi meðdómsmaður 1661 og margopt þar eptir. 1665 var Gísli á alþingi og lýsti Þorkel Nikulásson frá konu og börnum strokinn. 1666 lét Gísli ganga dóm um Flagbjarnarholt.

Gísli dvaldi í Skálholti í 10 ár. Þótti hann staðar-prýði og hrókur alls fagnaðar.

Loks deyði hann í Skálholti af steinsótt 1696 á 75. aldurs ári<sup>1)</sup>.

Hann var ýmist kallaður *Lærði-* eða *Visi* eða- *Gjafa-Gísli* og tjáist það hafa verið sannnefni. Hallgrímur prestur Pétursson orkti til hans eitt sinn á alþingi visu þessa:

Hodda- gengur, staf studdur,  
stirðfættur meðal virða  
(burða var betri forðum)  
-baldur að Gísla tjaldi;  
hann mun sízt að sinni,  
seðjendur, hér kveðja,  
dyrbliks, hungurs, darra,  
dád kunnuga runna.

Sagt er að Gísli hafi reynt til með sáðverk á Hlíðar-enda og hafi fengið á ári eina tunnu af korni, þá góðæri voru og það móðnaði. Góðgerðasamur, lærður, vitur og

1) Hann andaðist 5. júní.

einhver hinn mesti höfðingi var Gísli haldinn um sína daga. Þó hafði hann sína bresti, sem aðrir dauðlegir menn. Hann ritaði mikið um Íslands viðrétting og búnaðarfræði yfir höfuð, sem konferenceráð Jón sál. Eiríksson hafði í höndum, þá hann útgaf skrif P. Vidalins Deo, Regi, Patriæ dedicerað.

### Björn Gíslason.

(Sjá um hann við Barðastrandarsýslu<sup>1</sup>).

Þá Björn var á 22. aldursári gerðist hann með konungsbréfi af 20<sup>ta</sup> Maji 1671 föður síns aðstoðarmaður í Rangárþingi með von um sýsluna eptir hann, en sleppti því umboði, þá hann tók Barðastrandarsýslu 1675 og deyði þar 1679. 1675 sór hann sinn sýslumannseið.

### Hákon Hannesson.

*Faðir:* Hannes lögréttumaður í Norðtungu (dó-1671) sou Árna lögréttumanns á Ytra-Hólmi (dó 1654) Gíslasonar lögmans (dó 1619) Þórðarsonar lögmans (dó 1609) Guðmundssonar.

*Móðir:* Guðrún dóttir Árna bartskera Halldórssonar á Álptanesi, Marteinsonar biskups.

*Kvinna:* Þrúður dóttir Björns sýslumanns á Espihóli Pálssonar (sjá Vaðlaþing).

*Börn:* A. Þórður (dó 1764)<sup>2</sup>) í Norðtungu átti Jarþrúði dóttur Magnúsar Benediktssonar klausturhaldara Pálssonar sýslumanns Guðbrandssonar biskups. Börn:

1. Anna átti Ólaf prófast á Ballará Einarsson (sjá Önnu afkomendur við Húnavatnsþing<sup>3</sup>).

1) II, 94—95.

2) Í viðauka við ættatölubók síra Jóns Halldórssonar (eptir síra Vigfús son hans) er sagt, að Þórður hafi dáið 4. nóvember 1761, s. á. og Hannes bróðir hans. Þórður var skólagenginn, útskrifaður úr Skálholtsskóla 1717, og skrifaður í stúdentatölu við háskólann 22. janúar 1720. Er þá talinn á 20. ári (f. c. 1700).

3) I, 541—543.

Þessar voru laundætur Þórðar:

2. Puriður Þórðardóttir<sup>1)</sup> átti Jón Pálsson Sigurðssonar, þeirra börn:
  - a. Jón í Máfahlið, bl.
  - b. Þórður<sup>2)</sup>.
  - c. Elin<sup>3)</sup> tvígipt, átti börn.

1) Puriður var laundóttir Þórðar með Helgu Helgadóttur systur Guðmundar í Skáneyjarkoti. Var Jón Pálsson f. m. hennar, en hinn síðari Ásmundur Þórðarson frá Arnarstapa Jónssonar á Hvítsstöðum Þórðarsonar.

2) Þórður var 1. maður Sigríðar Björnsdóttur frá Straumfirði Þorvarðssonar (III, 271), p. b.: Guðrún átti Guðna Sigurðsson á Leirulæk og Puriður.

3) Elin átti fyr Salómon Jónsson Nikulássonar, p. b.:

- a. Halldór á Beigalda átti fyrir Guðbjörgu Björnsdóttur í Múla koti Bjarnasonar bl., en síðar Sigríði Gísladóttur frá Langholti Jónssonar, p. b.: Salómon, Þórunn, Eyjólfur.
  - b. Guðrún átti Sigurð á Litlafjalli í Borgarhrepp, Jónsson í Nýjabæ á Skaga Sigurðssonar á Englandi í Lundareykjadal Árnasonar bryta í Skálholti Ketilssonar prests í Ásum Halldórssonar, p. b.:
    - aa. Jón alþm. í Tandraseli átti Guðrúnu Teitsdóttur frá Hrafnabjörgum Halldórssonar. Launson hans hét Sigurður.
    - bb. Vigdis átti Berg í Galtarholti Sveinsson frá Ferjukoti Arnfinnssonar í Hafnarhólmi á Selströnd Jónssonar, p. d. Sigurlín átti Jón Sæmundsson.
    - cc. Salómon í Stapaseli. Hans son Jónatan í Hjörsey faðir Salóme Sigríðar konu Péturs Þórðarsonar, sem nú (1912) býr í Hjörsey.
    - dd. Jóhann á Kárastöðum í Borgarhrepp faðir Björns í Einarsnesi.
    - ee. Sigurlaug dó bl.
    - ff. Puriður dó bl.
    - gg. Ingibjörg átti Svein Oddsson í Máfahlið í Lundareykjadal.
    - hh. Puriður.
    - ii. Elin f. k. Jóns Þórðarsonar í Norðtungu:
    - kk. Þorbjörg átti Jón Jóhannsson á Grimsstöðum í Álptaneshrepp.
    - ll. Guðný dó bl.
- S. m. Elinar Jónsdóttur Bjarni Bjarnason í Galtarholti bróðir Guðmundar borgara í Rvík, p. b.:

3. Ingibjörg<sup>1)</sup> átti Brynjólf Einarsson.

B. Páll lögsagnari föður síns í Rangárþingi 1716—1724, átti 1716 Ragnheiði dóttur Bjarna lögréttumanns í Veteifsholti, Gíslasonar s. st.<sup>2)</sup>. Börn:

1. Halldóra átti Þorleif Árnason<sup>3)</sup> í Framnesi, börn:

a. Ólöf<sup>4)</sup>. b. Jón<sup>5)</sup>. c. Ingibjörg. Varð lítið úr þeim.

c. Salómon í Miðhúsum átti Ragnhildi Eyjólfsdóttur, p. b.: Sigurður á Hömrum, Guðmundur, Elin og Helga, er fyr átti Guðmund Vestmann, en síðar Sigurð Jónsson á Háhol Finns-sonar.

1) Ingibjörg var laundóttir Þórðar með Guðbjörgu Bjarna-dóttur.

2) Sbr. III, 108. Páll bjó í Veteifshotti 1729 (Manntal í Rangárþingi í minni eign) og er þá nefndur »fyrrum vicedómari«. Hvorki er þar getið aldurs hans né heimilisfólks, og er það venja í því manntali, er um presta eða heldri menn er að ræða, þótt manntal þetta sé annars ítarlegt. Páll mun hafa verið útskrifaður úr Skálholtsskóla um 1711. Hann drukknaði við veiðiskap 1742, eptir því sem segir í bréfi frá síra Guðmundi Högnasyni í Vestmanneyjum til Þorsteins prófests Péturssonar á Staðarbakka 18. febr. 1743.

3) Þorleifur í Framnesi í Holtum var Hannesson, bróðir Hannesar á Arnkötlustöðum og Bjarna. Móðir þeirra hét Steinunn Jónsdóttir.

4) Ólöf átti laundóttur, er Ragnheiður hét með Guðmundi »kala«, syni Gísla prófests Snorrasonar í Odda, og launson með Árna Ormssyni á Selalæk. Það var Hannes á Baugsstöðum, (sjá hér áður bls. 304).

5) Jón tók þátt í draugagangi hjá foreldrum sínum veturinn 1767—1768 og varð úr því stapp allmikið (Framnes-draugagangur). Jón kvæntist ekki, dó vinnuamaður hjá Steingrími biskupi Jóns-yni í Laugarnesi 1830.

Enn var son Þorleifs í Framnesi og Halldóru:

d. Snæbjörn í Gíslholti auðugur bóndi, dó 1839, blindur, 85 ára gamall, átti Þorbjörgu Þórðardóttur frá Rappholti. Dóttir hans Margrét átti Hjört Eysteins-son í Gíslholti.

2. Bjarni átti Þorbjörgu frá Spóastöðum Jónsdóttur Þórðarsonar.

C. Hannes<sup>1)</sup> á Hólmi, medicus, dó 1761, átti 1723 Helgu yngri dóttur Jóns sýslumanns í Einarsnesi Sigurðssonar lögmanns. Börn:

1. Helga átti Finn Arnórsson sýslumanns; börn:

a. Helga átti síra Pál son Árna biskups og börn<sup>2)</sup>).

---

Son Páls Hákonarsonar og Ragnheiðar enn fremur:

3. Gísli fæddur 28. október 1718, mun hafa and-  
azt ungur, og dóttir Páls er enn fremur talin  
(hjá Espólín o. fl.):

4. Þrúður átti Magnús Högnason prests í Ás-  
um Bjarnasonar, bróður síra Guðmundar í  
Vestmannaeyjum, p. b.:

a. Sigríður átti Gísla Gamalielsson í Hliðargerði í Eystrihrepp.  
[Sumir telja Sigríði konu Gísla dóttur Magnúsar Jónssonar í  
Kollabæ í Fljótshlíð bróður Hjartar í Akurey, afa síra Hjartar  
Jónssonar á Gilsbakka og er því þessi ættfærsla frá Páli Há-  
konarsyni ekki öldungis viss].

1) Hannes var útskrifaður úr Skálholtsskóla um 1711 og hefir  
líklega verið elztur barna Hákonar sýslumanns.

2) Þau síra Páll og Helga voru bl.

Laundóttir Helgu Hannesdóttur með Oddi Árnasyni var:

b. Sigríður átti Ólaf Narfason á Eyri í Svinadal, p. b.:

aa. Narfi átti Agnesi Guðmundsdóttur frá Seljatungu Vigfús-  
sonar, er áður hafði verið trúlofuð Þórði Sveinbjörns-  
syni (síðar háyfirdómara), p. d. Sigríður.

bb. Guðlaug átti Jón Þorvarðsson í Gardaseli og börn.

cc. Oddný.

dd. Helga átti Helga í Lónkoti í Sléttuhlíð Jónsson á Depl-  
um í Stíflu Guðmundssonar, p. b.:

aaa. Jón á Róðhóli átti Önnu Jónsdóttur frá Miðgrund  
Jónssonar, p. d. Björg átti Þorleif Jónasson á Róðhóli.

bbb. Sigríður átti Pétur á Fjalli í Sléttuhlíð launson Sig-  
mundar Eyjólfssonar á Ljótstöðum, p. b.: Kristín,  
Jóhanna-Lovisa, Björn-Sigmundur, Helgi, Anna og  
Vilmundur.

ccc. Guðmundur í Glæsibæ í Sléttuhlíð átti Margréti laun-  
dóttur Péturs Jónssonar á Stórubrekku og börn.

ddd. Ólöf átti Jón Hinriksson frá Syðri Á í Ólafsfirði  
Gíslasonar skálds á Hóli í Siglufirði Þorkelssonar.



2. Hákon giptur á Akranesi. Hans launson Magnús<sup>1)</sup> á Hvítanesi.
  3. Helga önnur. Hennar laundóttir Sigríður átti Ólaf Narfason<sup>2)</sup>.
  4. Ragnheiður.
- D. Þorsteinn<sup>3)</sup> á Skammbeinsstöðum átti Guðríði dóttur síra Hannesar Erlendssonar. Barn:
1. Gísli í Landeyjum.
- E. Ragnhildur átti síra Guðmund Eiríksson<sup>4)</sup>, börn:
1. Eiríkur Hoff prentari átti Sigríði Jónsdóttur Konráðssonar, bl. Eiríkur dó í Kaupenhöfn.
  2. Guðný átti Jón Marteinsson<sup>5)</sup>. Hennar annar maður var síra Sigurður Vigfússon<sup>6)</sup>.

---

1) Magnús átti Ólöfu Þorleifsdóttur, p. d.:

a. Halldóra átti Ketil Einarsson á Stórakroppi. Peirra son Magnús. Illhugi í Síðumúla var launson Ketils.

2) Það er líklega réttara, eins og hér er talið áður eptir. Snókdalin, að Sigríður kona Ólafs Narfasonar hafi verið laundóttir Helgu, er átti Finn Arnórsson, en ekki samnefndrar systur hennar, eins og hér er talið. Þó átti Hannes Hákonarson aðra Helgu, en konu Finns, og segir Espólin (í ættartölum sínum), að sú Helga hafi brunnid inni á Hvitárvöllum 1751, í brunanum þar.

3) Þorsteinn bjó á Skammbeinsstöðum, dó á Móeiðarhvoli í desember 1778, rúmlega áttræður. Guðríður kona hans var dóttir síra Hannesar Erlingssonar í Arnarbæli (sjá hér áður).

4) Síra Guðmundur var prestur á Refstað og Hofi í Vopnafirði, dó í júlí 1781.

5) Marteinn faðir Jóns var son Björns sýslumanns Péturssonar á Bustarfelli.

Dóttir Jóns og Guðnýjar:

a. Ragnhildur átti Hallgrím Árnason í Sigluvík, bróður síra Sigurðar á Hálsi í Fnjóskadal og börn.

6) Það er ekki rétt, að Guðný hafi átt síðar síra Sigurð Vigfússon á Skeggjastöðum og Hofi í Álptafirði, því að hann var einkvæntur og var kona hans Guðrún Eymundsdóttir frá Skálum á Langanesi, Ólafssonar. (Espólin segir, að síra Sigurður hafi átt Sigríði dóttur síra Guðmundar Eiríkssonar, en það er einnig rangt).

3. Guðrún átti síra Skapta Árnason á Hofi, börn:
  - a. Síra Árni á Hálsi, tvígiptur, átti börn.
  - b. Síra Skapti á Skeggjastað.
  - c. Síra Guðmundur.
  - d. Sigríður. e. Valgerður.
  - f. Helga. g. Guðrún<sup>1</sup>).
4. Sigfús prestur<sup>2</sup>).
5. Sigríður<sup>3</sup>).
6. Guðný<sup>4</sup>).
7. Eiríkur<sup>5</sup>).

F. Halldór Hákonarson.

---

1) Um þessi börn síra Skapta Árnasonar er áður getið, I, 396–397, en vitanlega mætti þar rekja miklu ítarlegar niður en gert er.

2) Sigfús prestur í Ási í Fellum († 1810) átti fyrir Guðríði Jónsdóttur prófasts á Hólum Þorlákssonar, þ. b.:

- a. Margrét átti fyrir Jón Jónsson á Vakursstöðum í Vopnafirði og börn, þar á meðal Jón á Vakursstöðum († 1889) en síðar Björn Ólafsson í Pistilfirði.
- b. Guðríður átti Niels Jónsson prests á Eiðum Brynjólfssonar og börn (sjá hér áður).
- c. Kristín María átti Sigurð Jónsson í Hólshjáleigu, bróður Níelsar og börn (sjá áður).  
S. k. síra Sigfúsar var Guðríður Hermannsdóttir frá Fagraðal í Breiðdal Einarssonar; þ. b.:
- d. Sigríður átti fyrir Jón Bjarnason í Sleðbrjótsseli og var son þeirra Björn í Sleðbrjótsseli († 1889), en síðar átti hún Þórð í Sleðbrjótsseli Jónsson prests í Þingmúla Hallgrímssonar og börn.
- e. Guðný átti Hall Sigurðsson í Sleðbrjótsseli.
- f. Guðný önnur átti Jón í Snjóholti Einarsson í Mýrnesi Jónssonar prests á Hjaltastað Oddssonar.
- g. Þóra átti Vilhjálmmarteinsson á Ormarsstöðum í Fellum.
- h. Ásdis átti Snjóll Rustikusson á Vaði í Breiðdal.
- i. Ragnhildur átti Einar Hálfðanarson á Hóli í Hjaltastaðapinghá. Hún dó 14. febr. 1893, 97½ árs.
- k. Guðbjörg átti fyrir Pál Pálsson á Arnórsstöðum, en síðar Jón Jónsson á Reismýri.

3) Sigríður átti Jón Jónsson á Fossvelli.

4) Guðný önnur er að minnsta kosti oftalin.

5) Eiríkur var beykir og hermaður utanlands, dó bl.

Hákon<sup>1)</sup> var við lærdóm innan og utanlands; en eptir það hann kom út gerðist hann lögsagnari Gísla sýslumanns Magnússonar í Rangárþingi og fékk kóngsbréf þar upp á með von um sýsluna eptir Gísla, dagsett 7. apríl 1688. Þjónaði hann svo sýslumannsembættinu til þess Gíslis dó 1696 og varð þá algerlega sýslumaður í Rangárþingi með konungsstaðfesting af 19. apríl 1701. 1704 var Hákon og svo settur fyrir dómara í Gullbringusýslu.

1711 var Hákon frá settur sýslumannsembætti af þeim svo kölluðu fullmektugu fyrir mjög litlar sakir<sup>2)</sup>. Skaut hann því máli sínu til kóns, sem bauð 1712 að innsetja Hákon í sitt embætti aftur.

1713 kom hæstaréttardómur, sem ónýtti dóm þeirra fullmektugu, samt streittust þeir við, að innsetja Hákon í sýslu sína, þó þeir ættu þá að betala til Hákonar 300 rd.

1714 kom ný konungsskipun, að setja Hákon í völd sín og gera honum skil fyrir embættisgjöldum. Þá fundu þeir Oddur lögmaður og Jón vísilögmaður Eyjólfsson upp á því, að sakfella Hákon Hannesson sýslumann fyrir kyrsetningu á nokkru góssi og dæmdu upp á ný undir kongsúrskurð, hvort hann mætti halda embætti sínu.

1716 komu þeir saman í lögréttu og rengdu þann sinn dóm í guðs trausti og lagaleyfi og létu Hákon síðan í friði<sup>3)</sup>.

Þeir fullmektugu höfðu veitt 1711 hálfu sýsluna Brynj-

1) Hákon er fæddur um 1662, var 6 ár í Skálholtsskóla, sigldi til háskólans og var skrifaður í stúdentatölu 17. október 1687, en hefur verið skamma hríð ytra, með því að vorið eptir fær hann veitingu fyrir Rangárvallasýslu. Hann kvæntist 1689, eptir því sem síra Jón Halldórsson segir í ættatölum sínum. Hann segir og að hann hafi fyrst verið skrifari hjá meistara Þórði biskupi, sjálfsagt áður en hann sigldi.

2) Hann sagði að nafninu til af sér 17. júlí 1709, eða sleppti þá að minnsta kosti hálfri sýslunni við Brynjólf Thorlacius, ef kongur eða »forléningsmenn« leyfðu, en 22. júlí 1711 samþykktu þeir Oddur lögmaður og Páll Beyer uppgjöfina á sýslunni, en um sama leyti var honum þó vikið frá sýslumannsembættinu vegna »tilmæla æðri yfirvalda og fyrir mikilvægar ástæður«.

3) Sbr. Alþingisbók 1716 nr. 3.

ólfi Thorlaciusi, en hálfu Stefáni Jónssyni, sem þar var lögsagnari.

1716 tók Hákon sér lögsagnara Pál son sinn til 1724 (sjá um hann áður).

1724 tók Hákon fyrir sinn lögsagnara Nikulás Magnússon og sótti um 1726, hjá kóngi, að veita honum hálfu sýsluna með von um hana alla eptir sig. Það veittist 1727<sup>1</sup>).

1730 deyði Hákon, þá 68 ára gamall. Hann þótti mikilmenni í mörgu; var opt við málastapp; við morðsmál Sigurðar var hann á Seltjarnarnesi 1704. Í Schwartzkopfs máli var hann og kommissarius ásamt sira Þorleifi Skaptasyni.

Í hans valdatíð voru lögsagnarar í Rangárfingi:

Magnús Kortsson í Árbæ . . . . .	1695
Vigfús Hannesson . . . . .	1696
Guðmundur Einarsson <sup>2</sup> ) . . . . .	1697
Brynjólfur Thorlacius og Stefán Jónsson .	1711—1714
Páll sonur hans . . . . .	1716—1724
Nikulás Magnússon . . . . .	1724—1730 <sup>3</sup> )

### Magnús Kortsson.

(Albróðir Þorleifs lögmans Kortssonar. Sjá hans ætt við Ísafjarðarsýslu, en kvinnu hans og börn hér að framan<sup>4</sup>).

1) Hákon sýslumaður fékk algerlega lausn frá embætti 26. apríl 1727. Hann bjó lengst af á Skammbeinsstöðum í Holtum, en 1729 er hann á Lambalæk í Fljótshlíð (Manntal í Rangárfingi) og mun hann hafa andast þar 1730, 68 ára gamall, eptir því sem sira Jón Halldórsson segir (í ættatölum sínum).

2) Guðmundur var son Einars Þorsteinssonar sýslumanns í Skaptafellssýslu. Hann var lögréttumaður og bjó á Steinum undir Eyjafjöllum. Hinn 8. janúar 1698 nefndi hann dóm í Þjóðólshaga í Holtum og annan 6. júní s. á. að Þingskálum að settu þriggja hreppa þingi um dauða Gísla sál. Jónssonar búanda í Holtamannahreppi (Alþingisbók 1698 nr. 1).

3) Nikulás var lögsagnari frá 1724 til 1727, er hann fékk veitingu fyrir sýslunni.

4) Sjá bls. 115—119.

Hann var stöku sinnum brúkaður fyrir lögsagnara, þar á meðal 1695 í Rangárþingi og 1677 í Árnesþingi.

### Vigfús Hannesson.

(Sjá um hann við Árnessýslu).

Hann var hér lögsagnari í stöku málum 1696.

### Brynjólfur Thorlacius.

(Sjá um hann við Árnessýslu).

1711 þá Hákon var frá settur veittu þeir fullmektugu Brynjólfi hálfu sýsluna; sótti hann um hana hjá konungi 1713, en fékk ei. Varð hann svo að sleppa sýslupartinum 1714.

### Stefán Jónsson.

Var hér lögsagnari 1711—1714. Honum veittu þeir fullmektugu hálftr Rangárþing 1711. Sú veiting ónýttist<sup>1)</sup>.

### Nikulás Magnússon.

- Faðir:* Magnús son Benedikts klausturhaldara á Möðruvöllum Pálssonar sýslumanns, Guðbrandssonar biskups (sjá Húnavatnsþing).
- Móðir:* Ingibjörg dóttir Þorkels sýslumanns á Þingeyrum Guðmundssonar sýslumanns (sjá Húnavatnsþing).
- Kvinna:* Rannveig dóttir síra Þorsteins í Holti Oddssonar prests Eyjólfssonar<sup>2)</sup>.
- Börn:* A. Þorleifur landsþingskrifari (sjá síðar).  
B. Guðmundur eldri átti fyrir Helgu Erlingsdóttur<sup>3)</sup>; börn.

1) Þetta mun vera Stefán Jónsson lögréttumaður í Skipagerði, er átti Vigdísu Árnadóttur Þorsteinssonar sýslumanns í Þykkvabæ, og er getið ítarlega ætternis hans og afkomenda hér áður bls. 413 etc.

2) Rannveig dó í Fljótsdal í Fljótshlíð hjá Guðmundi syni sínum 12. júlí 1785, 77 ára gömul. Hafði þá verið 43 ár ekkja, en var 11 ár í hjónabandi. Hafa þau Nikulás þá gipt um 1731.

3) Helga dó 1788. Hún var dóttir Erlings á Raufarfelli undir Eyjatjöllum Einarssonar í Pétursey Sigurðssonar og systir

1. Erlingur í Brautarholti átti Önnu dóttur Jóns undirkaupmanns í Vestmannaeyjum Eyjólfssonar Jónssonar og börn<sup>1</sup>).
2. Ragnhildur átti Jón sýslumann Guðmundsson (sjá Skaptárþing).
3. Þorsteinn<sup>2</sup>).
4. Rannveig<sup>3</sup>).
5. Kristín<sup>4</sup>).

Sigríðar móður síra Odds Sverrissonar á Stóranúpi. Guðmundur eldri Nikulásson dó í Fljótsdal 27. september 1818, 84 ára.

1) Anna kona Erlings var systir síra Páls Jónssonar skálda í Vestmanneyjum (sjá um móðurætt þeirra hér áður bls, 457). Erlingur dó í Fljótsdal 11. marz 1820. Börn hans og Önnu:

- a. Benedikt átti fyr Sigríði Eyjólfsdóttur frá Heylæk, p. d.:
  - aa. Ragnhildur átti Odd á Sámstöðum í Fljótshlíð Eyjólfsson Oddssonar á Fossi Guðmundssonar Hallvarðssonar. Eitt barna þeirra var Eyjólfur gullsmiður í Rvík, er átti Ragnheiði Guðmundsdóttur prests á Borg Bjarnasonar í Laugardælum Simonarsonar.
- S. k. Benedikts Erlingssonar Þórunn Sigurðardóttir frá Steig í Mýrdal Árnasonar og var hann f. m. hennar, p. b.: Sigurður og Erlingur, er dó 24 ára gamall á hingaðleið frá Englandi.
- b. Þorsteinn átti Vilborgu Sigurðardóttur frá Uppsölum Lafranssonar, p. b.: Vilborg, Jón, Ingibjörg.
- c. Guðmundur.
- d. Jón.
- e. Helga átti fyr Pál Ólafsson á Kvoslæk Arnbjörnssonar, p. b.:
  - aa. Erlingur á Sámstöðum og síðar Árhrauni á Skeiðum átti Púriði Jónsdóttur frá Stórumörk Guðmundssonar á Þórunúpi Hannessonar, p. b.: Þorsteinn skáld í Rvík, Páll sundkennari, Jón, Ingvar, Helga, Guðríður, Guðbjörg, (sbr. bls. 414).
  - bb. Guðrún.
  - cc. Ólafur.

S. m. Helgu Erlingsdóttur Þorsteinn Einarsson í Hliðar-  
endakoti.

2) Þorsteinn dó í skóla 1793.

3) Rannveig var miðkona síra Eggerts Bjarnasonar, er síðast var prestur í Stafholti, voru skamma stund saman, bl.

4) Kristín átti Sigurð Ólafsson á Ketilsstöðum á Kjalarnesi (sjá hér áður í Kortsætt bls. 428), p. b.: Katrín og Sesselja, f. k. Jóns Sæmundssonar á Efra-Hálsi.

6. Þóra<sup>1</sup>).

Guðmundar seinni kona Þórunn Loptsdóttir<sup>2</sup>).

C. Þorsteinn deyði utanlands, stúdent<sup>3</sup>).

D. Guðmundur yngri<sup>4</sup>) átti fyrir Önnu dóttur Jóns Ísleifssonar í Selkoti. Börn:

1. Þorsteinn hrapaði ungur.

2. Ingibjörg<sup>5</sup>).

1) Þóra († 1844) átti fyrst Þorvarð Oddsson í Brautarholti og börn (sjá hér áður bls. 427), síðar Ísak Ólafsson á Hvítanesi (bls. 34), en síðast Runólf á Hofi á Kjalarnesi Magnússon frá Bakka Hallgrímssonar Þorleifssonar.

2) Hún var dóttir sira Lopts Rafnkelssonar á Krossi og hafði fyrir átt Eyjólf Þórarinsson í Miðhúsum í Hvolhrepp. Dóttir Guðmundar og hennar:

7. Ingibjörg átti Jón í Hliðarendakoti Ólafsson prests í Eyvindarhólum Pálssonar og eru börn þeirra talin hér áður bls 177.

3) Þorsteinn var fæddur 1734, útskrifaður úr Skálholtsskóla 30. apríl 1754, og fékk hæstan vitnisburð af þeim, er þá útskrifuðust, sigldi til háskólans og var skrifaður þar í stúdentatölu 19. desember 1754, varð baccalaureus í heimspeki 28. júlí 1758, samdi sögulegt rit á latínu, »De com meatu veterum Islandorum navali« (Um siglingar (og verzlun) hinna fornu Íslendinga) og var það prentað í 3 hlutum í Kaupmannahöfn 1759—1760, og fékk Þorsteinn verðlaun fyrir það. Skömmu síðar var hann rekinn burtu (»relegeraður«) frá háskólanum fyrir einhverjar sakir, sem ekki er kunnugt um, og andaðist í Kaupmannahöfn 23. sept. 1764, þritugur að aldri. Hann var skarpur maður, en »geðlíkur föðurfrændum sínum« segir Steingrímur biskup í ættatölum sínum.

4) Guðmundur yngri bjó í Eystri-Skógum og andaðist þar 3. desember 1808. Anna kona hans var ekki dóttir Jóns Ísleifssonar í Selkoti, þótt svo sé alment talið.

5) Ingibjörg átti Magnús í Núpakoti Einarsson á Leirum Oddssonar, þ. b.:

a. Þorsteinn í Núpakoti átti Katrínu Tómasdóttur, frá Eyvindarholti Magnússonar. Meðal barna þeirra: Tómas prestur að Reynistaðarklaustri, Sigríður, er átti sira Berg Jónsson í Vallanesi, Agnes, er átti sira Benedikt E. Guðmundsen í Vatnsfirði og Guðlaug, er átti sira Pál Jónsson Matthiesen í Arnarbæli.

3. Steinvör<sup>1</sup>).

- b. Magnús á Kanastöðum í Landeyjum átti Guðrúnu Ísleifsdóttur á Seljalandi Gissurarsonar, p. b.: a) Ísleilur á Kanastöðum átti Sigríði Árnadóttur frá Stóra-Ármóti Magnússonar (III, 135), p. b.: Árni, Helga, Þórunn, Gissur, Guðrún, Sigurður, Magnús, Guðfinna. b) Guðrún átti Jón Hjörleifsson hreppstjóra og dbrn. í Eystri-Skógum, nú (1912) í Drangshlíð, p. b.: Magnús í Klausturhólum, Hjörleifur í Skarðshlíð, Gissur í Eystri-Skógum, Ólafur Helgi á Eystri-Sólheimum, Anna og Guðrún. c) Ingibjörg átti Jón Þorsteinsson á Sólheimum.
- c. Guðmundur á Keldum átti Guðrúnu Pálsdóttur á Keldum Guðmundssonar Erlendssonar, p. b.: a) Einar í Gunnarsholti faðir Jóns s. st. b) Jón í Vtleifsholti faðir Páls á Gaddstöðum og Magnúsar í Gunnarsholti. c) Puriður átti Gunnar Ingimundsson á Hæringsstöðum. d) Ingibjörg yfirsetukona átti Sigurð Sigurðsson á Eystri-Loptsstöðum. e) Magnús á Stokkalæk faðir Magnúsar á Laugarvatni, föður Bøðvars hreppstjóra, er þar býr nú (1912). f) Guðmundur á Rauðnefsstöðum. g) Guðrún átti Árna á Reynifelli, Guðmundsson á Keldum Brynjólfssonar, þeirra son Jónas á Reynifelli.
- d. Anna s. k. Magnúsar Sigurðssonar hreppstjóra á Leirum, er var sonarson Bjarna sýslumanns Nikulásssonar (sjá Skaptafellssýslu).
- e. Hildur átti fyr Stefán Jónsson á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka, bróður Sigurðar stúdents í Varmahlíð, þeirra son Magnús rennismiður í Skógsnesi, en síðar átti hún Jón rennismið á Arnarhóli í Flóa Jónsson sýslumanns Arnórssonar og börn (sbr. III, 228).

1) Steinvör átti Gísla í Hlíðarendakoti Jónsson í Háamúla Eyjólfssonar, p. b.:

- a. Jón í Hafnarfirði átti fyr Solveigu Oddsdóttur frá Rauðalæk Bjarnasonar (bls. 118), p. b.: a) Kristín átti Jóhannes Hansen í Hafnarfirði (sjá hér áður bls. 138). b) Jón hreppstjóri í Hraunprýði átti Þórunni Gunnarsdóttur frá Ölvaðsholti Einarssonar og mörg börn, þar á meðal er Pétur Fjeldsted fyr bóndi í Krisuvík, nú verzlunarmaður í Ryík, kvæntur Ragnheiði Árnadóttur sýslumanns Gíslasonar.

S. k. Jóns Gíslasonar í Hafnarfirði Halldóra, dóttir síra Jóns Hallgrímssonar Bachmanns (sbr. III, 362).

- b. Þórunn 3. kona síra Eggerts Bjarnasonar, er síðast var prestur í Stafholti, p. b.: a) Rannveig tvígípt, fyrri maður hennar síra Magnús Jónsson Nordahl í Meðallandsþingum (sjá um börn þeirra II, 726), en síðari Gísli Magnússon á Rofabæ. b) Steinvör átti síra Magnús Gíslason í Sauðlauksdal, bl. c) Gísli á Stóra-Kroppi. d) Magnús. e) Þorgrímur. f) Eggþór.



Seinni kona Guðmundar yngra, Steinunn<sup>1)</sup>).

Nikulás lærði<sup>2)</sup> og fór 1720 utan með Þorleifi prófasti Skaptasyni, kom svo út og gerðist lögsagnari Hákonar sýslumanns Hannessonar í Rangárþingi 1724. En 1726 sótti Hákon sýslumaður um hjá kongi, að Nikulási veittist hálf sýslan, að sér lifandi, en öll eptir sinn dag, og kom kongsveiting fyrir því 1727<sup>3)</sup>. En 1730 fékk hann alla sýsluna. 1735 braut Eyrarbakkaskip austur í Mýrdal og keypti Nikulás sýslumaður hol allan, rá og reiða fyrir 100 rd. 1738 var húskarl Nikulásar settur í járn og varð þar um þras nokkuð.

1740 sat Nikulás sýslumaður í sæti lögmans Beckers á alþingi eptir skipun amtmanns Lafrenz.

1742 var Nikulás sýslumaður á alþingi og sendi boð til Magnúsar lögmans Gíslasonar með skjölum og peningum; bað hann sjá um Þorleif son sinn, kvað líf sitt

- 
- g) Eggþóra s. k. síra Andrésar Hjaltasonar í Flatey. h) Björg átti Andrés smið Þórarinsson í Holti í Stokkseyrarhrepp, þ. b.: Guðrún átti Ingimund Gunnarsson í Oddagörðum og Steinunn átti Guðmund Guðmundsson á Efraseli í Stokkseyrarhrepp. Enn fleiri voru börn síra Eggerts og Þórunnar.
- c. Guðný átti Auðunn Ásmundsson á Arngeirsstöðum.
- d. Guðmundur varð geðveikur.
- e. Guðni.

1) Steinunn Jónsdóttir s. k. Guðmundar Nikulássonar hafði fyr átt Björn ríka á Sólheimum Jónsson s. st. Jónssonar Oddssonar á Hánni (»Háeynni«) í Vestmannayjum Péturssonar, og var son hennar af því hjónabandi Jón í Drangshlíð faðir Kjartans prests í Ytri-Skógum, Hjörleifs í Drangshlíð og þeirra systkina.

2) Nikulás mun fæddur um 1700, kom í Skálholtsskóla 1713 og er þá talinn 15 ára eða á 15. ári, 1714 (Lbs. 207 4<sup>to</sup>). Var þar 6 ár og mun annaðhvort útskrifaður úr skólanum 1719, eða af Þorleifi stiptprófasti Skaptasyni s. á., eða árið eptir, því að hann er ekki í skólanum veturinn 1719—1720. Hann er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 21. desember 1720 og er þá talinn 20 ára. Samkvæmt þessum tveim aldursákvörðunum er einmitt árið 1700 hið sennilegasta fæðingarár Nikulásar.

3) Veitingarbréf Nikulásar er dagsett 26. apríl. Hann bjó um 1730 á Núpi í Fljótshlíð, síðar á Stórólshvoli, en síðast á Barkarstöðum.

verða á enda um 3 daga; ætla menn hann hafi óttazt mál við landsskrifarann, er reið á æru. Fannst Nikulás 3 dögum seinna í vatnsgjá nærri Þingvelli; var hann slæddur upp með atburðum. Og héldu margir, að hann hefði týnt sér sjálfur; lá það þó kyrt að kalla<sup>1)</sup>.

Ekki þólti Nikulás allsendis heppinn í málum sínum; var þó í mörgu haldinn mætur maður.

### Jón Þórðarson.

*Faðir:* Sira Þórður á Staðarstað son Jóns biskups Vigfússonar.

*Móðir:* Margrét dóttir Sæmundar prófasts Oddssonar. Konu eða börn átti hann ei, svo eg viti.

Jón er borinn 1711, lærði hér og gerðist landsþings-skrifari 1738 (settur 13. febr., virkilegur 3. október). Við dauða Nikulásar sýslumanns, 1742, setti amtmaður Lafrenz Jón fyrir sýslumann í Rangárþingi. En um vorið 1743 drukknaði hann ásamt fleirum millum lands og Vestmannaeyja, í lendingu þá hann kom frá eyjunum<sup>2)</sup>.

1) Hann andaðist nóttina milli 23. og 24. júlí (1742). Gjá sú, er hann drekkti sér í, heitir síðan Nikulásargjá. Frásögn um fráfall hans er í Grímsstaðaannál, J. S. 159 fol. Þar segir svo: »Aðfaranóttina þann 24. júlí (1742) gekk hann (Nikulás sýslumaður) frá húð sinni og suður yfir Öxará utan Þorleifshólma, hvar hann skildi við sinn þénara á hólmanum og gekk svo suður í hraunið, en þénari hans gekk heim að Þingvöllum og sagði prestinum til. Var síðan strax leitað og fannst hann í einni vatnsgjótu, sokkinn til botns, en dokumentin úr vasa hans lágu þar á stallhorni við vatnsgjótu þessa. Var kræktur upp með krók á færi og varð að síga ofan að vatninu einn maður með þetta færi; hann hafði og stjaka í hendi og náðist svo þessi maður, var fluttur heim í kirkjuna og grafinn síðan í kirkjugarðinum«. Frásögn þessi er svo greinileg, að hún virðist vera eptir sjónarvott.

Í »Íslands árbók« eptir Svein lögmann Sölvason, Lbs. 1424 4to, er enn ítarlegri frásögn um fráfall Nikulásar sýslumanns, og er þar meðal annars sagt, að hann hafi fyrirfarið sér í þunglyndiskasti, en því mótmælt, að hann hafi óttazt mál við landsskrifarann, er reið á æru, eins og Espólin segir.

2) Jón Þórðarson kom í Skátholtsskóla 1728 og var útskrifaður þaðan 1732, sigldi þá samsumars til háskólans, var skrifaður þar í stúdentatölu 22. desember s. á. og tók próf í dönskum lögum

## Þorsteinn Magnússon.

- Faðir:* Magnús lögsagnari á Espihóli sonur Björns sýslumanns Pálssonar sýslumanns Guðbrands-sonar (sjá Vaðlaþing).
- Móðir:* Sigríður eldri, dó 1725, dóttir Jóns biskups á Hólum Vigfússonar (sjá Borgarfjarðarsýslu).
- Kvinna:* Valgerður dóttir Bjarna ríka á Skarði Péturs-sonar. Þau giptust á Skarði 1743.
- Barn:* Sigríður átti Jón sýslumann (sjá síðar).

Þorsteinn lærði hér, fór svo utan til lærdóms-  
frama og var sá fyrsti Íslendingur, sem tók reynslupróf í  
lögspeki með góðri heppni (Laudabilis in jure Romano).  
Þorsteinn var um hrið í þénustu hjá amtmanni Lafrenz.  
Hann fékk sér veitt Rangárþing 25. febr. 1743, giptist  
sama ár og setti bú á Skammbeinsstöðum, en síðan á  
eignarjörð sinni Móeiðarhvoli. Hann tók sér til aðstoðar  
dótturmann sinn Jón, er fékk þar um kongsbréf 1768 með  
von um sýsluna eptir Þorstein. Voru þeir báðir á Mó-  
eiðarhvoli, þar til Þorsteinn deyði 1785<sup>1)</sup>.

Þorsteinn var nýtasti maður, höfðingi, auðugur, laga-  
maður mikill, þurlyndur, féfastur, yfirmannlegur, en ekki  
friður. Búhöldur mikill og héraðsríkur embættismaður.  
Var hann talinn að hvívetna einhver mesti sýslumaður á  
sinni tíð. Þótti stórlátur, sem þá var títt yfirmönnum.  
En mjög grandvar í tekjum og fastúðigur. Hans undir-  
menn höfðu fremur ótta fyrir Þorsteini, en elsku á honum.

---

13. apríl 1736 með 1. eink. Hann drukknadi í lendingu við Eyja-  
fjöll, er hann kom frá rannsókni í þjófnadarmáli í eyjunum sam-  
kvæmt amtmannsskipun. Í ættatölum Steingrims biskups er sagt,  
að hann hafi drukknad laugardaginn fyrir páska (13. apríl) og að  
hann hafi verið að fara út til eyjanna í þingferð, en það mun  
skakkt. Einhversstaðar hefi eg séð talið, að þetta slys hafi orðið  
19. maí.

1) Þorsteinn sýslumaður var fæddur 2. febrúar 1714 á Espi-  
hóli, útskrifaður úr Hólaskóla 1733, skrifaður í stúdentatölu við  
háskólann 31. júlí 1736, tók lögfrædispróf 10. maí 1738 með 2.  
einkunn. Andaðist á Móeiðarhvoli 20. júní 1785. Valgerður kona  
hans dó 26. apríl s. á., 78 ára gömul og hafði þá legið í kór  
5 ár.

## Jon Jónsson.

- Faðir:* Sira Jón í Stafholti (dó 1740) son Jóns sýslumanns Sigurðssonar lögmanns, Jónssonar sýslumanns Sigurðssonar; bjuggu allir í Einarsnesi.
- Móðir:* Ragnheiður dóttir Gísla í Máfahlíð, Jónssonar biskups Vigfússonar.
- Kvinna:* Sigríður dóttir Þorsteins sýslumanns nýnefnds. Giptust þau Sigríður 1769. Hún fæddist 1747, deyði 1824.
- Börn.*
- A. Guðbrandur lærði innan og utanlands í mörg ár, en tók ekki reynslupróf í lögum, kom svo út og var settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu (sjá þar)<sup>1</sup>).
  - B. Jón stúderaði (sjá um hann við Árnesþing).
  - C. Margrét giptist ekki eða átti barn<sup>2</sup>).
  - D. Ragnheiður<sup>3</sup>) átti Helga son Sigurðar bónda Sigurðssonar, bónda Magnússonar á Miðfelli. Helgi var skólalærður, gerðist svo skrifari hjá biskupi Finni, síðan um tíma proconrektor í Skálholti; kom sér lítt við skólapilta; gaf sig svo til ráðsmanns að Móeiðarhvoli og fékk áðurnefndrar Ragnheiðar. Helgi dó 1819. Börn:
    - 1. Þorsteinn fór utan, dimissus 1823, stúderaði guðfræði og tók þó ekki þar í reynslupróf. Kom út 1831. Fékk Reykholt 1833 og giptist sama ár Sigríði dóttur Páls sýslumanns Guðmundssonar (sjá Múlaping). Séra Þorsteinn í Reykholti drukknaði með reiðhesti sínum ofan um áris veturinn 1839<sup>4</sup>).

---

1) II, 146—147.

2) Margrét dó í Rvk. 26. maí 1857, 83 ára.

3) Hún var fædd 27. nóvember 1782, giptist 9. júní 1803, en andaðist 22. október 1859.

4) Dætur síra Þorsteins og Sigríðar voru: Ragnheiður, s. k. Skúla Vigfússonar Thorarensen lækni (sjá síðar), Sigríður f. k. Péturs Sívertsen í Höfn í Melasveit og Guðrún, er átti Skúla prófast Gíslason á Breiðabólstað.

2. Helga gípt 1833 síra Sigurði syni síra Brynjólfs (sjá Árneshöfning).
3. Sigríður gípt 1836 chirurgo Skúla Thorarensen (sjá síðar).

E. Valgerður gíptist fyrst 16 eða 17 vetra biskupi Hannesi Finnssyni árið 1789, þann 16. september.

Hannes biskup var fæddur í Reykholti í Borgarfirði þann 8. maí 1739. Stúdent fór hann utan 1755 til meiri lærdómsframa, gekk með bezta hrósi gegnum öll venjuleg lærdómspróf, það í guðfræði tók hann 1763, hvar við hann öðlaðist sama hrós. Dvaldi hann við ýmsar lærdómsmentir mestpart í Kaupenhöfn í 19 ár. 1775 var hann kallaður til dómkirkjuprests í Skálholti; bætti kongur því við, að hann skyldi vera stiptprófastur og fá annað hvort Odda eða Staðastað. 1776 var hann í Kaupenhöfn vígður til prestsembættis af biskupi Harboe.

1777 var hann af kongi skipaður föður sínum til aðstoðar og biskup eptir hann, var og til þess embættis vígður sama ár af biskupi Harboe, og kom út föður sínum til styrktar. 1785 tók biskup Hannes algerlega við biskups-embættinu af föður sínum.

1780, þann 28. júní gíptist hann fróken Þórunni dóttur Ólafs amtmanns Stephensen, aflaði hann með henni son 1784, sem deyði eptir 18 daga. 1785 fæddist þeim og annar sonur, sem deyði 1786, þann 14. febr. Hétu báðir Ólafs nafni. 1786 þann 7. febr. misti hann þessa sína konu í bólu. 1789 gíptist hann aptur áður nefndri frú Valgerði. 1790 varð hann Doctor theologiæ. 1796 þann 4. ágúst deyði hann í Skálholti og er þar jarðaður. Hans mörgu lærdómsrit er hér of langt upp að telja.

Börn Hannesar biskups og frú Valgerðar voru:

1. Jón (kallast Finsen) cancellie-sekreteri, bý-

og héraðsfógeti í Ringkjöbing á Jótlandi, giptur. Barn:

- a. Hannes Valgarð Steingrim.
2. Ólafur (kallast Finsen) kammerráð sýslumaður í Kjósarsýslu og Gullbringu (sjá þar).
3. Þórunn gipt amtmanni B. Thorsteinsen 1821, börn:
  - a. Finnur Vilhelm.
  - b. Árni.
  - c. Steingrímur.
4. Sigríður gipt 1835 síra Árna í Gørðum Helgasyni, barnlaus<sup>1)</sup>.

Seinni maður frúr Valgerðar, Steingrímur son síra Jóns á Mýrum, svo í Holti, Jónssonar prests á Mýrum í Álptaveri. Steingrímur var fyrst þénari hjá biskupi Hannesi, fór síðan utan, tók reynslupróf í guðfræði og öðrum lærdómsgreinum með góðri heppni. Gerðist Rector eða Lector theologiæ við latínuskólann. Giptist svo biskupsekkju frú Valgerði. Gerðist prestur í Odda og prófastur í Rangárþingi. Var kosinn fyrir biskup og fór utan til biskupsvígslu 1824. Hann stiptaði biskupsaðsetur í Laugarnesi, hvar upp á alþjóðlegan kostnað var byggð steinstofa með mikilli fyrirhöfn árin 1825—1827. Þeirra son:

5. Hannes skólalærður giptur Sigríði dóttur Simonar<sup>2)</sup> Hansen borgara í Reykjavík.

---

1) Barna og barnabarna Hannesar biskups og næstu afkomenda m. fl. er getið í Guðfræðingatali mínu bls. 144—146. Sjá enn fremur um afkomendur Ólafs Finsens yfirdómara, bls. 185—186 hér að framan, um Árna Thorsteinsson landfógeta III, 246—247 o. s. frv.

2) Sjá um framætt frú Sigríðar Johnsen, bls. 136—138 hér að framan. Á bls. 138 er Ólafur Hannesson Johnsen nefndur yfirkennari í Árósum, í stað Odense. Hann hefir nú fengið lausn frá embætti.

Enn voru börn Jóns sýslumanns á Móeiðarhvoli og Sigríðar Þorsteinsdóttur:

Að tilhlutun Magnúsar amtmanns Gíslasonar var Jón Jónsson settur til lærdóms, og þá hann hafði hér í landi numið venjulegan skólalærdóm fór hann utan og tók venjuleg reynslu lærdómspróf, það seinasta í lögspæki með góðri heppni. Kom svo út og gerðist lögsagnari og aðstoðarmaður Þorsteins sýslumanns Magnússonar og fékk kongsbréf þar upp á 8. marz 1768 með von um sýsluna eptir hann. Jón sýslumaður settist að Móeiðarhvoli og gíptist Sigríði dóttur Þorsteins sýslumanns, sem áður var sagt 1769. Jón sýslumann þraut heilsu nálægt 1786, tók hann þá fyrir sinn aðstoðarmann Þorleif landsþingsskrifara Nikulásson. Eptir langvinnan krankleik deyði Jón sýslumaður á Móeiðarhvoli 1788<sup>1</sup>).

Jón sýslumaður tjáist að hafa verið ekki dáfríður maður, en höfðinglegur ásýndum, ljúfmenni og kom sér vel, nokkur vinur af ölföngum, lagamaður góður, vel auðugur og að mörgu vel á sig kominn. Jón var meðal- maður vexti og skörulegur að sjá, dökkhærður.

### Þorleifur Nikulásson.

- Faðir:* Nikulás sýslumaður Magnússon (sjá framar).  
*Móðir:* Rannveig dóttir síra Þorsteins Oddssonar.  
*Kvinna fyrri:* Guðrún dóttir Jóns á Stóra-Núpi Magnússonar í Bræðratungu (sjá Þingeyjarþing)<sup>2</sup>).  
*Börn:* A. Jón sýslumaður í Vestmanneyjum (sjá þar).  
*Kvinna seinni:* Málmfriður (fædd 1761) dóttir Sigurðar landsþingsskrifara Sigurðssonar<sup>3</sup>) (sjá Árnesþing).  
 Börn:

---

F. Þorsteinn stúdent, útskrifaður úr heimaskóla 1792, dó úr tæringu í Kaupmannahöfn 15. marz 1795, 21 árs að aldri.

G. Helga f. 29. sept. 1788, † 20. ágúst 1794.

1) Hann andaðist 20. ágúst (1788), en Sigríður kona hans 11. maí 1824. Jón sýslumaður var fæddur eptir lát föður síns síra Jóns í Stafholti, er dó 4. janúar 1740 (dánarár hans 1739 í prestatali Sv. Nielssonar er skakkt). Jón sýslumaður bjó fyrst á Seljalandi undir Eyjafjöllum, síðar á Stórólfsbhvoli og síðast á Móeiðarhvoli.

2) Sjá hér áður bls. 475.

3) Þau Þorleifur og Málmfriður gíptust 2. maí 1785. Málmfriður var fædd í Skálholti 6. ágúst 1759 (ekki 1761), en andaðist í Hruna 13. júní 1838.

B. Ragnheiður<sup>1</sup>).

G. Guðmundur<sup>2</sup>).

Þorleifur var barnungur þá faðir hans deyði og mun Magnús amtmaður Gíslason hafa haft tilsjón með honum að koma honum til lærdóms og menningar. Þorleifur gerðist vísi-landspingsskrifari Sigurðar Sigurðssonar og þénaði því embætti frá 1764 úr því, en varð virkilegur landspingsskrifari 1780. Fékk lausn í náð frá embætti árið 1800 með 80 rd. pension. Deyði sjálfur 1805<sup>3</sup>).

Þorleifur varð lögsagnari Jóns sýslumanns á Móeiðarhvoli í hans sjúkleik á ýmsum hans seinni árum, einkum frá 1786.

Þorleifur bjó í Miðfelli og var sámilegur bústandsmaður.

1788—89 var Þorleifur settur sýslumaður í Rangárbíngi eftir dauða Jóns sýslumanns.

Þorleifur var fyrirmannlegur og laglegur ásýndum, meðalmaður að vexti, gefinn fyrir ölföng á elliárum. Hann var skýr maður og margt vel um hann.

1) Ragnheiður var fædd í Ási í Holtum 4. marz 1787. Hún dó ógipt, bl.

2) Guðmundur var fæddur á Hlíðarenda 26. nóvember 1789, drukknaði í Vestmanneyjum, ef til vill með Jóni sýslumanni bróður sínum, 1815. Viða er svo talið, að Þorleifur hafi einnig átt með fyrri konu sinni Guðmund og Ragnheiði, er hafi dáið ung, en það mun málum blandað.

3) Þorleifur var fæddur 1732, og ólst upp eftir fráfall föður síns hjá Magnúsi amtmanni Gíslasyni, útskrifaður úr Skálholts-skóla 6. maí 1755, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 28. apríl 1759, tók embættispróf í lögfræði 23. apríl 1762 með 3. einkunn í hinu teóretiska en 2. einkunn í hinu praktiska prófi, varð varalandskrifari 16. marz 1764 til 17. sept. 1780, að Sigurður landskrifari lézt. Þorleifur bjó fyrst í Tungufelli í Ytriherpp, er Magnús amtmaður hafði gefið honum, en síðar í Ási í Holtum, en 1788 flutti hann að Hlíðarenda og 1790 að Hlíðarendakoti, þá er Vigfús sýslumaður fór að Hlíðarenda. Þorleifur hætti búskap 1804 vegna efnaleysis og lasleika og flutti sjálfur til Guðmundar yngra bróður síns í Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum og andaðist þar 8. júlí 1805.



## Vigfús Þórarinsson.

- Faðir:* Þórarinn sýslumaður í Vaðlaþingi (sjá þar)<sup>1)</sup>.  
*Móðir:* Sigríður Stefánsdóttir prests.  
*Kvinna:* Steinunn dóttir landlæknis Bjarna sonar Páls prests á Upsum Bjarnasonar prests í Vesturhópshólum Þorsteinssonar. Hún var fædd í Viðey 1763, giptist sama staðar 1782, dó 1827<sup>2)</sup>.  
*Börn:* A. Bjarni amtmaður (sjá Árneshöfði).  
 B. Ragnheiður giptist 1812 (að óvilja foreldra sinna) síra Gísla í Vesturhópshólum Gíslasyni<sup>3)</sup>; börn:  
 1. Gísli<sup>4)</sup>.  
 2. Skúli<sup>5)</sup>.  
 3. Árni<sup>6)</sup>.  
 4. Ólöf<sup>7)</sup>.  
 5. Þóra<sup>8)</sup>.

---

1) I, 270—280.

2) Hún dó 9. febrúar 1828. Rannveig Skúladóttir móðir hennar dó á Hlíðarenda 7. ágúst 1803.

3) Síra Gísli var síðast prestur á Gilsbakka († 28. júlí 1760). Ragnheiður var f. k. hans og var hjónaband þeirra skrykkjótt, skildu þau að lokum. Ragnheiður var fædd í Brautarholti 1790, en andaðist á Hjallalandi í Vatnsdal 29. júní 1846.

4) Gísli var síðast í Reykjarfirði á Ströndum, var kvæntur skáldkonunni Rósu Guðmundsdóttu frá Fornhaga Rögnvaldssonar (Vatnsenda-Rósu), bl.

5) Skúli prófastur á Breiðabólstað († 2. des. 1888) átti Guðrúnu Þorsteinsdóttur prests í Reykholti Helgasonar, p. b.: Skúli prestur í Odda, Helgi bóndi á Herriðarhóli, Gísli prestur á Stóra-Hrauni, Þorsteinn dó uppkominn og Soffía giptist Gunnlaugi Þorsteinssyni dbrm. á Kiðabergi.

6) Árni var sýslumaður í Skaptafellssýslu (sjá um hann þar).

7) Ólöf átti Svein Guðmundsson á Valdalæk, p. b.: Jóhanna, Ragnheiður, Ingibjörg, átti Stefán Stefánsson gullsmið á Eyrarbakka, Sigríður átti Gissur Bjarnason söðlasmið á Eyrarbakka, Þórarinn dó bl., Ásta-María gipti suður í Garði og Aðalheiður gipti Halldóri Ólafssyni á Kotmúla í Fljótshlíð.

8) Réttara: Þórunn.

6. Margrét<sup>1)</sup>.

C. Rannveig giptist fyrst Þórarni sýslumanni Øfjord (sjá um hann við Skaptárþing)<sup>2)</sup>; b.

1. Ingibjörg<sup>3)</sup>.

2. Vigfús<sup>4)</sup>.

3. Þórarinn<sup>5)</sup>.

Svo Sveinbirni stúdent Sveinbjarnarsyni; börn<sup>6)</sup>.

1) Margrét átti Stein bónda Oddsson í Dalkoti á Vatnsnesi og börn.

Enn voru börn sira Gísla og Ragnheiðar:

7. Sigríður átti Benedikt Sigurðsson smið í Vesturhópshólum bróður Jónasar í Bakkaseli, p. b., fóru til Vesturheims.
8. Guðrún.
9. Þórarinn dó ókv., bl.
10. Vigfús í Samkomugerði í Eyjafirði átti Sigríði Þórarinsdóttur, p. d: Ragnheiður gípt Sigurði Sigurðssyni héraðslækni í Dalasýslu, Sigríður átti Pálma Jósepsson, Helga Stefania átti Eggert Valdimar Jónsson í Samkomugerði.

2) Þórarinn kvæntist Rannveigu á Hlíðarenda 5. jan. 1820.

3) Ingibjörg (f. 1. okt. 1821) var miðkona Jóhanns Einarssonar í Þingnesi í Borgarfirði, giptust 28. maí 1846, dó skömmu síðar. Önnur Ingibjörg dóttir Þórarins Öefjord og Rannveigar, var fædd 16. júlí 1820, dó 27. júlí 1821.

4) Vigfús (f. 29. sept. 1822) var sílfursmiður, bjó í Ketilhúshaga á Rangárvöllum. Börn hans með bústýru sinni Guðríði Brandsdóttur voru: a) Ingibjörg fór til Ameríku, giptist þar og átti börn, og b) Þórarinn hóndi í Austurhlíð í Eystrihrepp, kvæntur Guðnýju Oddsóttur, p. b.: Steinn, Magnús, Vilborg.

5) Þórarinn var fæddur 7. janúar 1824 (eptir lát föður síns), kvæntist á Staðarhrauni 26. okt. 1852 Margrétu Árnadóttur, er síðar átti Gísla Gottskálfsson í Landbrotum. Þórarinn fór að búa í Hraunsmúla 1853, en drukknaði í Árkvarnarlæk hjá Staðarhrauni 14. júlí s. á., bl.

6) Hann var bróðir samfedra Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara (sjá Árnæssýslu). Var prestur á Staðarhrauni og andaðist 12. júní 1869. Rannveig lifði báða menn sína og andaðist 2. október 1871.

4. Sigríður.
  5. Helgi<sup>1)</sup>.
- D. Kristín gípt síra Jóni syni síra Halldórs í Saurbæ við Hvalfjörð Magnússonar sýslumanns Gíslasonar biskups. Börn:
1. Vigfús.
  2. Sigríður.
  3. Málfriður.
  4. Sæmundur.
  5. Anna<sup>2)</sup>.
- E. Guðrún gípt síra Sigurði á Stórólshvoli syni síra Gísla í Odda Þórarinssonar sýslumanns (sjá Vaðlaþing<sup>3)</sup>); börn:
1. Gísli.
  2. Vigfús.
- F. Skúli dimissus, stúderaði chirurgien utan-

---

1) Helgi á Hlíðarfæti í Svinadal átti fyrir Steinunni Gísladóttur frá Hraunhöfn Árnasonar (II, 746) og börn, þar á meðal Helgi, er bjó á Hlíðarfæti, Sveinbjörn og Rannveig kona Einar Eyjólfssonar á Kotströnd í Ölfusi. S. k. Helga Sveinbjarnarsonar Þorbjörg Gunnarsdóttir stúdents á Hlíðarfæti Þorsteinssonar, ekkja Árna Jónssonar á Hlíðarfæti (III, 530).

Enn voru börn síra Sveinbjarnar og Rannveigar:

6. Þórður bjó síðast í Lukku í Staðarsveit, átti Guðrúnu Gísladóttur frá Hraunhöfn Árnasonar, og mörg börn, eitt þeirra Bogi bóndi á Lágafelli í Mosfellssveit.
7. Margrét átti fyrir Þorvarð hreppstjóra Ólafsson á Kalastöðum (sjá hér áður bls. 428), en síðar Ólaf Þórðarson járnsmið í Rvík.
8. Ragnheiður átti fyrst Gest Jónsson í Múlaseli í Hraunhrepp, svo Grím Sigurðsson, en síðast Guðlaug Magnússon.
9. Halldóra.

2) Sjá ítarlegar um börn síra Jóns Halldórssonar og Kristínar II, 702—703, en þar er Vigfúsar ekki getið. Hann var aumingi og ekki með fullu ráði. Hér vantar Ingibjörgu í upptalningu barnanna hjá Boga. Kristín dóttir Vigfúsar sýslumanns dó í Múla í Biskupstungum hjá Önnu dóttur sinni 16. júní 1882, 85 ára.

3) Sbr. I, 274 og er þar getið barna síra Sigurðar Thorar-ensen og Guðrúnar. Þau hjón voru bræðrabörn.

lands. Varð fjórðungslæknir í Rangárþingi etc., giptur Sigríði Helgadóttur frá Móeiðarhvoli<sup>1)</sup> (sjá framar).

Að auk áðurtaldrá, voru önnur 7 börn, er deyðu flest öll ung eða lítt stálpuð.

Vigfús Þórarinsson er fæddur á Stóru-Grund í Eyjafirði 1756, skírður 21. maí s. á. 1767, þá Vigfús var 11 vetra, missti hann föður sinn; var honum þá komið fyrir til menningar og lærdóms hjá Þorsteini sýslumanni á Móeiðarhvoli.

Skólalærður fór hann til Kaupmannahafnar, tók öll venjuleg examina, eins embættis reynslupróf í rómverskum lagavísindum með loflegum vitnisburði prófessoranna.

1781, þá hann var hálfþritugur, veitti konungur honum Kjósarsýslu og héraðsdómaraembætti í Gullbringusýslu.

---

1) Skúli héraðslæknir á Móeiðarhvoli, dó 1. apríl 1872, 67 ára gamall (f. 28. marz 1805). Var Sigríður Helgadóttir f. k. hans, en hin síðari Ragnheiður Þorsteinsdóttir prests í Reykholti Helgasonar, p. b.:

- a. Þorsteinn á Móeiðarhvoli kvæntur Solveigu Guðmundsdóttur frá Austurhlið í Biskupstungum Eyjólfssonar (bls. 145).
- b. Grímur í Kirkjubæ, kvæntur Jónínu Egilsdóttur frá Múla í Biskupstungum Pálssonar (II, 703).
- c. Bjarni drukknaði ókvæntur, bl.
- d. Hannes forstöðumaður slátrunarhúss Suðurlands í Rvík, kvæntur Lovísu dóttur H. J. Bartels verzlunarmanns.
- e. Sigríður átti Jón Árnason frá Vestri-Garðsauka Árnasonar s. st. Egilssonar prests á Útskálum Eldjárnssonar og 3 börn, Elinu, Skúla og Ragnheiði.
- f. Steinunn gípt síra Magnúsi Helgasyni forstöðumanni kennarskólans í Rvk, bl.
- g. Móeiður gípt Ágúst Helgasyni dbrn. í Birtingaholti, bróður síra Magnúsar, eiga börn.
- h. Ragnheiður gípt Matthíasi í Holti í Rvík Matthíassyni s. st. Markússonar prests á Álptamýri Þórðarsonar og Solveigar Páldóttur prests skálda í Vestmannaeyjum Jónssonar, eiga börn.

Enn var dóttir Vigfúsar sýslumanns Þórarinssonar og Steinunnar:

- G. Sigríður (f. 3. sept. 1791) dó ógipt, bl., 25. ágúst 1813.  
Tveir synir Vigfúsar sýslumanns:
- H. Þórarinn,
- I. Jón, dóu báðir ungbörn.

Kom hann út sama ár og hafði aðsetur sitt í Viðeyju hjá fógeta Skúla Magnússyni. Fóstur- og dóttur-dóttir Skúla, Steinunn, dóttir Jandlæknis Bjarna, var þá í Viðey. Dróguust ástir þeirra Vigfúsar þar saman, svo hann fékk hennar 1782. Var þeirra brúðkaup haldið í Viðey.

1789<sup>1)</sup> veitti konungur honum Rangárvallasýslu; flutti hann þá að Hlíðarenda, hvern hann þar eptir keypti og bjó þar síðan alla æfi.

1810 veitti konungur honum cancellie-ráðsnafnbót fyrir dugnað hans og langa embættis-þénustu.

Tvö sumur var hann og settur á gamla alþingi, að gegna lögmanns verkum.

1812 fékk Vigfús Vestmannaeyjasýslu ásamt með Rangárþingi; hétt hann báðum þeim sýslum til síns dánardægurs.

1819, þann 13. apríl, eptir sögn, þá er hann hafði farið til smiðju sinnar, að smíða undir hest sinn, fannst hann þar örendur. Vigfús sýslumaður tjáist lengi hafa verið plágaður af brjóstkrampa, og þá hann var í smiðju sinni kom að honum brjóstkrampi; hann stóð þá upp, tók höndum um smiðjubítann, en féll þá svo, að steðjinn varð undir brjóstinu; drengur, sem þar var hjá honum, hljóp þá í bæinn, að segja þetta. Menn hlupu strax til, en hann var þá látinn. Var hans útför ger hin sæmilegasta.

Vigfús var fyrrmannlegur, en ekki friður, sómði sér vel, var að vexti þrekinn meðalmaður; lagamaður var hann mikill talinn og vel tölugur, stundaði réttvísi í sínum dómum og embættisverkum. Hann var stjórnsamur í sýslum sínum og héraðsríkur, hinn mesti hjargvættur hrekklausra og dugnaðar-manna. Sýslubúar óttuðust hann þess vegna og elskuðu; báru og mikla virðingu fyrir honum. Vigfús varð á elliárum gefinn fyrir ölföng, einkum þá hann var á ferðareisum. Hann hafði gylliniæðarsjúkdóm, er sumir héldu, að honum hefði að bana orðið. Vigfús var ágætismaður í mörgu og jafnan talinn með helztu sýslumönnum. Ekki var hann mikill auðmaður, en hafði fé vel til hlítar.

---

1) Veitingarbréfið dags. 10. júní.

Steinunn var 19 ára, þá hún giptist Vigfúsi sýslumanni, aflaði með honum 12 barna, varð ekkja 56 ára, deyði sjálf 64 ára 1827<sup>1</sup>). Hún var einhver hin mesta kona í síuu standi fyrir hvervetna sakir, og bjó á Hlíðar-enda við nægtir, til þess hún deyði<sup>2</sup>).

### Þórarinn Magnússon Æfjörd.

(Sjá um hann við Skaptafellssýslu).

Þá Vigfús deyði var hann hér settur sýslumaður 1819, en þótt Rangárþing væri veitt Jóni sýslumanni Guðmunds-syni 1819<sup>3</sup>), var téður sýslumaður dáinn, áður en veitingarbréfið kom; fór hann því ei til sýslumannsverka í þessari sýslu og hélt Þórarinn sýslunni<sup>4</sup>) til þess Bonnesen viðtók 1822.

### Jón Guðmundsson.

(Sjá um hann við Skaptárþing).

Honum var af konungi veitt Rangárþing eptir cancelleráð Vigfús sýslumann 1819<sup>5</sup>). En þá veitingarbréfið innkom var Jón dáinn og kom því ei til embættis í þessari sýslu. Þess vegna hélt Þórarinn Æfjörd þar lögsögu til 1821.

1) Hún dó, eins og áður er sagt, 9. febrúar 1828 og hefir þá verið á 65. ári (f. 1763).

2) **Jón Jónsson Víðalín** bróðir Geirs biskups var settur fyrir Rangárvallasýslu eptir lát Vigfúsar sýslumanns, en var þar skamma stund. Þó tók hann hreppstjóraeíð af Þorsteini Hreinssyni á Önundarstöðum fyrir aukarétti á Hlíðarenda 22. maí 1819, en í lok þess mánaðar hefir hann sleppt sýslunni, því að 8. júní er Þórarinn Æfjörd orðinn settur þar og heldur þar manntalsþing. Jón Víðalín andaðist í Reykjavík 5. apríl 1836 (sbr. Guðfræðingatal bls. 190).

3) Rangárvallasýsla var veitt Jóni 22. júní 1820, en þá var hann dáinn (27. marz s. á.)

4) Þórarinn flutti vorið 1821 að Vestri-Garðsaukai Hvollhrepp, en næsta vor (1822) að Skammbeinsstöðum í Holtum.

5) Réttara: 1820 (sjá hér áður).

## Isaak Jacob Bonnesen.

(Sjá um hann við Strandasýslu og Snæfellsnessýslu).

*Kvinna:* Anna Christine sædd Ohlmann, dönsk. Hana átti fyr kaupmaður Schram í Höfðastaðakaupstað og áttu þau börn saman.

*Börn:* A. Oline Marie Jacobine gipt 1836 Jóhanni í Rauðuskriðu sýslumanni í Þingeyjarsýslu<sup>1</sup>).  
B. Karen Nicoline Fredericke, gipt bónda eystra<sup>2</sup>).

Bonnesen var danskur maður, sem hafði tekið danskt lagapróf og þénað sem skrifari við stríðs-cancelliet, fékk og þá nafnbót að vera stríðs-cancellie-sekreteri. Honum var 1817 þann 17. maí veitt Strandasýsla, kom út samsumars og hafði að mestu sitt aðsetur í Skagastrandar-kaupstað. Á Skagaströnd var þá kaupmaður Schram (er forðum ritaði bæklinginn »En Syenaal og en Skilling«). Konu átti hann danska; féll þeim stirt. Var mælt, að hvort þeirra fyrir sig hefði aðrar persónur kærari en sinn ektamaka. Kona Schrams fór utan til Kaupmannahafnar 1818; er mælt, að hún hafi þar barn alið, en eigi er getið um faðernið. Nokkru þar eptir var gerður skilnaður, hennar og kaupmanns Schrams. En 1818 þá Snæfellsnessýsla varð liðug fékk sekreteri Bonnesen sér veitta þá sýslu og fluttist

1) Sbr. I, 131—132. Ólína átti síðar Vigfús gullsmið Thorarensen, son Bjarna amtmanns Thorarensen, en síðast Sigurð gullsmið og fornfræðing Vigfússon († 1892). Hún andaðist í Reykjavík 1. marz 1902, 83 ára (f. í febr. 1819).

2) Karen (f. 24. maí 1822, † 14. ágúst 1892) átti Jón á Vindási á Landi Þorsteinsson s. st. Pálssonar (sjá framætt hans hér áður bls. 395), áttu 13 börn, er flest komust til aldurs:

- a. Kristófer bóndi á Vindási, kvæntur Guðriði Finnbogadóttur á Galtalæk Árnasonar, p. b.: Finnbogi, Finnbjörg, Jón, Vilhelm Frimann, Björgólfur.
- b. Ísak Jakob verzlunarmaður á Eyrarbakka, kvæntur, átti síðar Ólöfu Ólafsdóttur, p. b.: Ingibjörg, Jóna. Dóttir hans með f. k.: Friðsemd.
- c. Þorsteinn faðir Jónatans kaupmanns í Rvík.
- d. Anna átti Jóhann Jónsson snikkara á Eyrarbakka.
- e. Vilhelm Frimann var á Eyrarbakka, kvæntur. Dóttir hans Karen gipt Jóni Sigurðssyni verzlunarmanni þar.

þangað sama ár, tók sér aðsetur í Ólafsvík og dvaldi þar meðan hann hélt téða sýslu.

Um 1820 kom út fyrnefnd madame Schram og gerðist fyrirgangskona hjá sekretera Bonnesen og giptist hann henni nokkru þar eptir.

1822 þann 16. maí öðlaðist Bonnesen veiting kongs fyrir Rangárvallasýslu og flutti þangað um vorið 1822, tók sér bústað á Velli í Hvolhrepp og bjó búi sínu þar nokkur ár, en sleppti síðan búskap og var á téðum bæ í stofu sinni sem húsmáður.

1833, eptir 10 ára embættisveru sína hér, fór Bonnesen utan, að sækja um brauð í Danmörk, en hans ferð varð forgefins.

Bonnesen var ólatínulærður, en hafði tekið danskt juridískt reynslupróf. Dómaraaðgerðir höfðu honum erfitt gengið. Hann var haldinn brelliun og með lagakróka, bráðillur og eigingjarn, en þar hjá enginn slæmur maður að náttúru, góðgerðasamur og stundum um of talhlýðinn. Hann var með hærri mönnum á vöxt, hafði gildleik eptir hæð og sómdi sér ekki illa; jarpur á hár, ljósleitur og samlitur í andliti.

Bonnesen sýslumaður gerðist þrotinn að heilsu eptir 1830. Tók hann þá ýmsa fyrir þénara, sem og voru hans vegna til manntalsþingaferða. Seinast tók hann candi-datum juris Jóhann Árnason, sem gerðist hans fullmektugur og var eptir hans dauða settur sýslumaður í Rangárvæpingi um hrið, en fékk sér veitta Þingeyjarsýslu árið sama, nefnilega 1835.

Á sýslumann Bonnesen elnaði svo sóttin, að hann létzt þar af þann 29. janúar 1835. Var hann eptir eigin undirlagi jarðaður í Odda á Rangárvöllum, og stóð Helgi prófastur Guðmundsson Thordersen fyrir hans útför.

Enginn auðmaður var sekreteri Bonnesen og hrökk hans bú og eignir ekki til skuldalúkningar. Hann átti 2 dætur með konu sinni hér í landi. Hann deyði á síns aldurs 45. ári úr uppdráttarveiki. Mælt er, að Bonnesen væri á seinni árum mjög ölkær<sup>1</sup>).

1) Þá er Bonnesen sýslumaður sigldi 1827 var **Magnús Stephensen** sýslumaður í Skaptafellsýslu settur 31. júlí til að-



## Jóhann Árnason.

(Sjá um hann við Þingeyjarsýslu).

Hann var hér settur sýslumaður 1835, þá Bonnesen deyði<sup>1</sup>).

## Eiríkur Sverrisson.

(Sjá um hann við Snæfellsnessýslu og Mýrasýslu<sup>2</sup>)).

Eiríkur fékk kongsveiting fyrir Rangárþingi 1836 þann 19. apríl<sup>3</sup>), flutti þó ekki þangað það sama ár, heldur fékk Árnes-sýslumann Melsted, að gegna þar sýslumannsverkum. 1837 flutti hann til sýslunnar og tók sér bústað á Velli, hvar hann bjó eitt ár; þaðan flutti hann að Kollabæ og bjó þar til þess hann lézt 1843 á 53. aldursári.

Eiríkur sýslumaður hafði vel skarpar gáfur og stóð vel í sínu kalli og embætti, þó hann væri ekki utan danskur júrísti. Hann þótti annars harður, hvað sem hann tók sér fyrir við sýslubúa, og framkvæmdi meira af embættismyndugleika, en ósk sýslubúa. Í embættisverkum var hann hinn ötulasti, og haldinn vel að sér í lögvísi. Sumum þótti hann breytinn og á seinustu árum drykkju- maður.

Hann var að vexti stór og þrekinn, ekki andlitsfriður eða góðmannlegur<sup>4</sup>).

---

gegna sýslunni til næsta vors, en að nokkru leyti skrifari Bonnesens **Brynjólfur Benediktsson Svenson**, síðast sýslumaður í Borgarfirði (III, 533—534).

1) Jóhann var settur aðstoðar-»fullmektugur« í ágúst 1834 og 8. febrúar 1835 settur til að þjóna sýslunni eptir lát Bonnesens, og gegndi þar sýslumannsverkum þangað til sumarið 1836, að hann fór norður og tók við Þingeyjarsýslu. (Sjá um hann I, 131—132).

Hinn 11. júlí 1836 var **Páll Melsted** sýslumaður í Árnes-sýslu settur til að þjóna Rangárvallasýslu á ábyrgð Eiríks sýslumanns Sverrissonar, er kom þangað 1837.

2) III, 238, 371—372.

3) Eiríkur sýslumaður flutti frá Máfahlið að Einarsnesi 1828, þaðan 1829 að Hamri í Borgarhrepp og 1837 að Velli í Hvolhrepp.

4) Eiríkur sýslumaður andaðist í Stóra-Kollabæ 4. júlí 1843. Börn hans og f. k. Guðlaugar († 1813) Eiríksdóttur í Bolholti Jónssonar (sbr. III, 371) voru:

## Eggert Ólafur Briem.

1843 setti stiptamtmaður Eggert Ólaf Briem candi-

1. Oddný dó á Auðkúlu 30. júlí 1864, 51 árs ógipt, bl.
2. Kristín átti síra Jóhann Björnsson í Keldnaþingum († 15. júní 1847) bl. Hún dó í Viðey 2. júlí 1881, 67 ára gömul.
3. Sigríður átti séra Pál Ingimundsson í Gaulverjabæ († 11. nóv. 1879), p. b.:

- a. Jakob stúdent, útskrifaður úr skóla 1866, las um hrið læknisfræði, fór svo til Vesturheims og andaðist í borginni Milvaukee 26. janúar 1874, ókv. bl.
- b. Guðrún átti Bjarna í Sviðugörðum Þorvarðsson hreppstjóra s. st. Jónssonar í Eyvik Þorvarðssonar Sturlusonar, p. b.: Jakob, kennari um hrið við Hólaskóla, nú á skrifstofu í New-York, manna hæstur vexti, Ingibjörg, Sigríður, Þorlaug, Guðríður.
- c. Elin gipt Jóni Hannessyni frá Tungu í Bæjarhrepp Einarssonar Hannessonar spitalahaldara í Kaldaðarnesi Jónssonar Ketilssonar í Hraungerði Sigurðssonar á Flóagafli Þorsteinssonar Hálfðanarsonar Eyvindssonar, eru í Rvík, eiga mörg börn.

Laundóttir Sigríðar Eiríksdóttur, áður en hún giptist, með Jóhanni Gunnlaugssyni Briem, síðar presti í Hruna, var:

- d. Kristín († 1884), átti Pétur hreppstjóra Bjarnason í Há koti (sbr. I, 288). Börn þeirra: Bjarni kennari á Þingeyri við Dýrafjörð, Jóhann Páll, er um tíma var í lærða skólanum, en hætti við nám, nú sýsluskrifari á Efra-Hvoli, og Helga gipt Árna Eiríkssyni í Ríma hjá Selárdal.

Með s. k. sinni Kristínu Ingvarsdóttur (f. 21. okt. 1790, † 17. sept. 1876) systurdóttur f. k. hans, átti Eiríkur sýslumaður þessi börn:

4. Guðlaug (f. 1826, † í sept. 1899) átti séra Gísla Jóhannesson á Reynivöllum († 31. jan. 1866), p. b.:
  - a. Eiríkur prófastur á Stað í Hrutafirði, kvæntur Vilborgu Jónsdóttur prófasts á Auðkúlu Þórðarsonar, þau systrabörn.
  - b. Kristján á Borðeyri, kvæntur Höllu Björnsdóttur frá Torfa-staðakoti í Biskupstungum Árnasonar og Ragnhildar Guðmundsdóttur prests Torfasonar, p. d. Ragnhildur.
  - c. Jóhannes.
  - d. Brynjólfur í Skildinganesi, kvæntur Guðnýju Jónsdóttur prófasts á Auðkúlu Þórðarsonar.
  - e. Gísli dó ókv., bl.
  - f. Hólmfríður forstöðukona hússtjórnarskólans í Rvík.
  - g. Elin gipt Eggert bónda Finnssyni á Meðalfelli í Kjós, bróður séra Ólafs í Kálfholti.
5. Ingibjörg átti Eggert Gunnlaugsson Briem, síðast sýslumann

datum júris fyrir Rangárþing<sup>1</sup>). Hann var áður málsfærslumaður við landsyfirréttinn í Reykjavík. (Sjá um hann við Ísafjarðarsýslu<sup>2</sup>).

### Magnús Stephensen.

(Sjá um hann við Skaptárþing).

Magnús sýslumaður fékk veiting fyrir Rangárþingi 1844<sup>3</sup>), þá Eiríkur Sverrisson deyði, og tók þar við sýslu sama ár. Þá voru börn hans á lífi: 1. Magnús. 2. Guðrún. 3. Marta. 4. Sigríður. 5. Þórunn. 6. Elín.

Magnús sýslumaður flutti frá Höfðabrekku búferlum og að Vatnsdal í Fljótshlíð, og þar var hann þá Hekla spjó 1845. Á þessum bústað sínum, Vatnsdal, byggði hann sómasamleg húsakynni og stundaði mjög sauðfjárrækt, þar jörðin er einkar vel þar til fallin, hverja hann

---

í Skagafjarðarsýslu († 11. marz 1894). Um þeirra börn sjá hér síðar.

6. Ingvar (f. í Einarsnesi 22. sept. 1828, † 12. des. 1832).
7. Sigríður yngri (f. á Hamri 8. febr. 1830) átti Jón prófast Þórðarson á Auðkúlu († 13. júní 1885), p. b.: a) Kristín s. k. séra Richards Torfasonar bankabókara í Rvík. b) Vilborg gipt Eiríki prófasti Gíslasyni (sjá áður). c) Guðný gipt Brynjólfi Gíslasyni í Skildinganesi bróður hans. d) Theodor prestur á Bægisá, kvæntur Jóhönnu Gunnarsdóttur prests Gunnarssonar. e) Jóhanna. f) Guðrún gipt Eggert Briem skrifstofustjóra (sjá hér síðar). g) Þóra s. k. séra Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu.
8. Sigurður sýslumaður í Bæ í Hrútafirði, † 27. jan. 1899, (sjá um hann II, 403).
9. Elín (f. á Hamri 6. apríl 1832), dó ógipt, bl.
10. Áslaug (f. á Hamri 30. ágúst 1833) gipt Magnúsi Ólafssyni Stephensen fyrrum óðalsbónda í Viðey, nú í Rvík, p. b.: a) Ólafur fyr prestur á Mosfelli, nú bóndi í Grundarfirði, kvæntur Steinunni Eiríksdóttur frá Karlsskála Björnssonar. b) Kristín gipt Guðmundi Bøðvarssyni verzlunarumboðsmanni Rvík. c) Marta. d) Sigríður s. k. Jóns Þórarinssonar fræðslu málástjóra í Rvík. e) Elín.

1) Hann var settur 10. júlí, og þjónaði sýslunni til 6. júní 1844, síðustu tvo mánuðina fyrir Magnús Stephensen.

2) Sjá um Eggert Briem og börn hans hér síðar.

3) Veitingarbréfið dagsett 9. apríl.

hafði keypt undir bú sitt. Magnús sýslumaður varð auðugur að fé bæði í Skaptár- og Rangárþingi og fórust allvel embættisverk. Enginn gáfu- eða lærdómsmaður var hann talinn.

## V i ð a u k i.

*Magnús sýslumaður Stephensen* sat á þjóðfundinum 1851, sem þjóðkjörinn þingmaður fyrir Rangárvallasýslu. Hann fékk lausn frá embætti 6. desember 1857 og var þá sæmdur jústizráðsnafnbót, en áður hafði hann fengið kammerráðsnafnbót 16. maí 1850. Hann andaðist í Vatnsdal í Fljótshlíð 15. apríl 1866. Hann kvæntist 6. maí 1828 Margréti († 18. jan. 1866) Þórðardóttur prófests á Felli í Mýrdal og síðar í Reynisþingum († í Fagradal 1. jan. 1840) Brynjólfssonar, og er framættar hans ítarlega getið hér áður bls. 413.

Börn Magnúsar sýslumanns og hennar voru:

- A. Magnús (f. 5. júlí 1828 † 12. s. m.).
- B. Guðrún (f. 28. ágúst 1829 † 7. ágúst 1884) átti síra Þorvald Pétursson Stephensen aðstoðarprest á Torfastöðum († 30. ágúst 1860), bl.
- C. Sigríður (f. 18. febr. 1831 † 20. nóv. 1857) f. k. Jóns prófests Jónssonar á Hofi í Vopnafirði († 31. júlí 1898); bl.
- D. Þórunn (f. 18. maí 1833), ógipt í Rvík.
- E. Magnús (f. 17. jan. 1835 † 11. júní s. á.).
- F. Magnús (f. 18. okt.<sup>1)</sup> 1836) fyrrum landshöfðingi í Rvík, kvæntur Elínu dóttur Jónasar Thorsteinsens sýslumanns í Suðurmúlasýslu Jónssonar landlæknis Þorsteinssonar, þ. b.: Margrét s. k. Guðmundar Björnssonar land-

1) Í prestþjónustubók Höfðabrekkusóknar er fæðingardagur hans talinn 19. október, en sjálfur segir hann, að 18. sé réttara.

læknis, Magnús verzlunarmaður í Rvík, Ragna, Jónas stúdent á lagaskólanum, Ástriður gipt Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálsfærslumanni í Rvík (bls. 195—196), Elin gipt Júlíusi Stefánssyni verzlunarstjóra í Khöfn og Sigríður.

- G. Marta Maria Catrina Johanna (f. 9. júní 1838) ógipt í Rvík.
- H. Elin (f. 27. sept. 1839 † 5. apríl 1878) f. k. Eggerts Theodors Jónassens amtmanns († 29. sept. 1891) sbr. III, 379—80. Þ. d. Margrét dó ung.
- I. Stefán (f. 31. marz 1842, dó ungbarn).
- K. Stefán Theodor (f. 12. maí 1843) umboðsmaður Munkaþverárklosturs, býr á Akureyri, kvæntur Önnu Sigríði dóttur Páls Melsteðs sagnfræðings (sbr. bls. 190), þau bl.
- L. Pétur dó ungur.

### Stefán Helgason Thordersen.

- Faðir:* Helgi Guðmundsson Thordersen biskup († 4. desember 1867).
- Móðir:* Ragnheiður († 28. maí 1866) Stefánsdóttir amtmanns Stephensen.
- Kona:* Sigríður Ólafsdóttur Stephensens justizráðs í Viðey Magnússonar konferenzráðs og var hún áður gipt Jörgen P. Havsteen amtmanni (miðkona hans).
- Börn:* A. Helgi trésmiður í Rvík (f. 30. sept. 1868), kvæntur Ingveldi Stefánsdóttur Benedikts-sonar prests í Selárdal Þórðarsonar, bl.
- B. Ragnheiður (f. 3. apríl 1871), gipt Hannesi Hafstein ráðherra í Rvík. Sja um börn þeirra II, 752.
- C. Ólafur söðlasmiður í Hafnarfirði, kvæntur.

Stefán Thordersen var fæddur í Odda 5. júní 1829, kom í Bessastaðaskóla haustið 1843 og settist í efri bekk, útskrifaður þaðan 1846, sigldi samsumars til háskólans

og tók þar aðgönguþróf (examen artium) s. á. með 2. einkunn, en 2. lærdómsþróf 23. ágúst og 5. nóvember 1847, einnig með 2. einkunn, stundaði þar lög nokkur ár, en tók ekki þróf, og kom heim aptur. Hinn 28. september 1857 var hann skipaður Magnúsi sýslumanni Stephensen til aðstoðar í sýslumannsverkum, og þjónaði hann að mestu leyti sýslunni veturinn 1857—58, en frá fardögum 1858 var Stefán settur til að gegna sýslunni, þá er Magnús Stephensen sleppti henni algerlega, og þjónaði henni fyrir Eggert Briem, þangað til um sumarið 1859, að Magnús Blöndal tók við af honum. Hann var því næst um tíma (1860—61) settur sýslumaður í Vestmannaeyjum. Hinn 19. september 1863 fékk hann Kálfholt í Holtum og var prestvígður þangað af föður sínum á afmælisdegi sínum 5. júní 1864, fékk lausn frá prestsembætti haustið 1876, og flutti þá að Kálholtshjáleigu, en fékk Vestmannaeyjar 24. febrúar 1885 og andaðist þar 3. apríl 1889. Hann sat á alþingi 1865 og 1867 sem þingmaður Vestmanneyinga.

### Eggert Gunnlaugsson Briem.

Hann fékk veitingu fyrir Rangárvallasýslu 17. apríl 1858, kom þangað snöggvast síðari hluta sumars, en fór norður aptur í september og fékk leyfi til að vera kyrr í embætti sínu í Eyjafjarðarsýslu, fyrst um sinn, og var því næst veitt Skagafjarðarsýsla 18. febrúar 1861. Sjá um hann hér áður og Ísafjarðar-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslur (II, 249, I, 293—294, 432). Sjá enn fremur um hann Lögfræðingatal M. Stephensens: Tímar. III, 217—218. Hann fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu 29. marz 1884, flutti svo til Reykjavíkur og andaðist þar 11. marz 1894. Með konu sinni Ingibjörgu (f. 16. sept. 1827, † 15. sept. 1890) Eiríksdóttur sýslumanns Sverrissonar (sjá hér áður), er hann kvæntist 1845, átti hann þessi börn:

- A. Eiríkur, prófessor að nafnbót, fyrrum presta-skólakennari (f. 17. júlí 1846) átti Guðrúnu Gísladóttur lækni Hjálmarssonar, þ. b.: Eggert fyrrum óðalsbóndi í Viðey, kvæntur Katrínu dóttur Péturs Thorsteinssons, fyr

kaupmanns á Bildudal, Ingibjörg, dó uppkomin 24. júní 1900, Gísli og Guðlaug, dóu ung. Börn Eggerts og Katrínar: Ingibjörg, Ásthildur, Sverrir, Gyða.

- B. Gunnlaugur verzlunarstjóri í Hafnarfirði (f. 18. ágúst 1847, † 24. ágúst 1897), átti danska konu Friðrikku Claessen, systur Valgarðs landsféhirðis. Þeirra son: Ólafur Jóhann í Viðey verzlunarmaður, kvæntur Önnu Valgarðsdóttur Claessens landsféhirðis og s. k. hans Önnu Kristjánsd. Möllers.
- C. Valgerður, f. 25. ágúst 1848, dó í Rvík 20. maí 1884, ógipt, bl.
- D. Kristín (f. 19. okt. 1849, † 10. des. 1881) f. k. Jean Valgarðs van Deurs Claessens landsféhirðis, þ. b.: a) Jean Eggert yfirréttarmálsfærslumaður í Rvík, kvæntur Soffíu dóttur Jónasar Jónassens landlæknis. b) Gunnlaugur cand. med. & chir. c) Ingibjörg gipt Jóni Þorlákssyni landsverkfræðing í Rvík. d) María Kristín gipt Sigurði Jónssyni Thoroddsen kennara við hinn almenna menntaskóla (sbr. III, 539).
- E. Ólafur umboðsmaður á Álfgeirsvöllum (f. 28. jan. 1851), kvæntur Halldóru Pétursdóttur Pálmasonar, þeirra börn: Þorsteinn prestur á Hrafnagili (Grundarþingum) (sbr. bls. 365 hér að framan), Ingibjörg, Kristín, Eggert, Jóhanna, Sigríður.
- F. Halldór, fyrrum kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, nú aðstoðarmaður við landsbókasafnið í Rvík, (f. 5. sept. 1852), kvæntur enskri konu Susie Taylor, þ. b.: Sigurður, Haraldur, dó ungur.
- G. Jóhanna Kristjana (f. 4. febr. 1854, † 25. febr. 1863).
- H. Vilborg (f. 28. febr. 1855, † 10. febr. 1861).
- I. Páll Jakob, amtmaður í norður- og austuramtinu, (f. 19. okt. 1856, † 17. des. 1904. (sjá hér síðar).

- K. Elin Rannveig (tvíburi við Pál) (f. 19. okt. 1856) átti fyr Sæmund stúdent († 18. maí 1896) Eyjólfsson frá Sveinatungu Jóhannessonar Lunds Jónssonar Gestssonar Lunds smiðs í Hafnarfirði Árnasonar lögréttumanns á Mýrarlóni Ásmundssonar í Lögmannshlið Gíslasonar á Hlöðum Jónssonar á Skipalóni Þórarinssonar, bl., en síðar Stefán kaupmann á Sauðárkrók († 1910) son Jóns prófests Hallssonar í Glaumbæ, bl.
- L. Kristján Gunnlaugur (f. 2. marz 1858, † 24. febr. 1861).
- M. Sigurður póstmeistari í Rvík, (f. 12. sept. 1860), kvæntur Guðrúnu Ísleifsdóttur prests Gíslasonar (sjá um hann og börn þeirra III, 249—250).
- N. Sigríður (f. 14. nóv. 1862) s. k. Helga verzlunarstjóra í Borgarnesi og síðar bankaritara í Rvík Jónssonar á Ökrum Eyjólfssonar dbrm. í Svefneyjum Einarssonar, áttu börn: Eggert, Sæmund, Elínu, Friðriku, Pál.
- O. Kristján Vilhjálmur (f. 23. marz 1865, † 9. ágúst 1866).
- P. Jóhanna Kristjana (f. 23. marz 1865, † 19. ágúst s. á.).
- R. Eggert (f. 28. júlí 1866, † 8. ágúst s. á.).
- S. Eggert Ólafur skrifstofustjóri á 1. skrifstofu stjórnarráðsins, (f. 25. júlí 1867), kvæntur Guðrúnu Jónsdóttur prófests á Auðkúlu Þórðarsonar, þau systrabörn, þ. b.: Sigríður, Gunnlaugur.
- T. Kristján Vilhjálmur, fyr prestur á Staðarstað, nú þingkosinn gæzlustjóri Landsbankans, (f. 18. jan. 1869), kvæntur Steinunni Pétursdóttur frá Álfgeirsvöllum Pálmasonar, systur Halldóru konu Ólafs Briems, þ. b.: Eggert, Gunnlaug Friðrika og Unnur.
- U. Jóhanna Katrín Kristjana, (f. 2. febr. 1872),



gipt séra Einari Pálssyni í Reykholti, þ. b.: Eggert Ólafur Briem, Gunnlaugur Briem, Páll Björn, Vilhjálmur Einar, Fjóla Ingi-björg, Hróðný Svanbjörg og Kristín Valgerður<sup>1</sup>).

### Magnús Bjarni Blöndal.

- Faðir:* Björn Auðunnarson Blöndal sýslumaður í Húnavatnssýslu († 23. júní 1846), sbr. I, 631.
- Móðir:* Guðrún Þórðardóttir.
- Kona:* Ragnheiður (f. 13. ágúst 1833, † 17. maí 1907) dóttir Odds Thorarensens lyfsala á Akureyri († 27. nóv. 1880) Stefánssonar amtmanns Þórarinssonar og Solveigar Bogadóttur á Staðarfelli Benediktssonar. Þau áttu ekki börn.

Magnús B. Blöndal var fæddur í Hvammi í Vatnsdal 6. apríl 1830, kom í Reykjavíkurskóla haustið 1846, en vék úr skóla eptir nýár 1850, þá er upptöið («pereatið») varð þar, fékk síðan leyfi til að ganga undir burtfararpróf og útskrifaðist 1851, sigldi þá til háskólans og tók þar aðgöngupróf (examen artium) 1852 með 2. einkunn og 2. lærdómspróf 20. janúar og 21. júní 1853, einnig með 2. einkunn, las lög, en tók ekki embættispróf og kom heim aptur. Var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu í september 1859, með því að Eggert sýslumaður Briem fékk þá leyfi til að vera kyr í embætti sínu nyrðra. Var Magnús veturinn 1859—1860 til heimilis á Breiðabólstað í Fljótshlíð, en flutti vorið 1860 að Selalæk. Þjónaði hann sýslunni unz hann andaðist á Selalæk 15. september 1861 á 32. aldursári og hafði þá nýfengið veitingu fyrir Þingeyraklaustursumboði. Hann var atgervismaður til sálar og líkama og mjög vel látinn. Þótti rögg samt yfirvald þessi tvö ár, er hann þjónaði Rangárvallasýslu.

### Hermannus Elías Johnson.

- Faðir:* Jón Jónsson verzlunarstjóri á Ísafirði († 1827). (Sjá framætt hans II, 655).

1) Barna Eggerts Briems sýslumanns er áður að nokkru getið í riti þessu I, 288, en mjög stuttlega, og svo eru sum þeirra rangnefnd þar.

- Móðir:* Guðbjörg Jónsdóttir prests Hjaltalíns á Breiðabólstað á Skógarströnd Oddssonar (bls. 144).
- Kona:* Ingunn (f. 11. júní 1843) Halldórsdóttir bónda í Álphólum Þorvaldssonar í Klofa Jónssonar Jónssonar í Gunnarsholti Örnólfssonar (sjá hér áður bls. 110). Halldór var launson Þorvalds.
- Börn:*
- A. Guðrún (f. 18. marz 1866), gipt séra Eggert Pálssyni á Breiðabólstað í Fljótshlíð (sbr. bls. 76, 160 og III, 167), þ. b.: Ingunn.
  - B. Guðbjörg (f. 27. okt. 1867), gipt séra Jóni Thorsteinsen á Þingvöllum, syni Jónasar Thorsteinsens sýslumanns í Suður-Múlasýslu Jónssonar landlæknis Þorsteinssonar, þ. b.: Ingunn, Elín, Hermann, Jónas og Ásta Sigríður.
  - C. Jón skrifstofustjóri í stjórnarráðinu (f. 23. maí 1873), kvæntur Ástu dóttur Péturs Thorsteinssons fyrrum kaupmanns á Bildudal og Ásthildar Guðmundsdóttur prófests á Breiðabólstað Einarssonar, þ. b.: Gyða.
  - D. Kristín (f. 2. ágúst 1875), gipt séra Halldóri á Reynivöllum Jónssyni frá Stóra-Ámóti í Flóa Eiríkssonar í Kampholti Helgasonar.
  - E. Halldór stúdent (f. 6. jan. 1878) bókavörður við Fiskes bókasafnið (íslenzku deildina) við Cornell háskóla í Ithaca í Bandaríkjunum, ókvæntur.
  - F. Oddur cand. jur. í Reykjavík (f. 23. júní 1884), fulltrúi bæjarfógeta og aðstoðarmaður í stjórnarráðinu.

Hermannus E. Johnson var fæddur á Ísafirði 17. desember 1825, kom í Bessastaðaskóla 1845 og var útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1849, tók aðgöngupróf (examen artium) við háskólann 1850 með 2. einkunn og 2. lærdómspróf 7. apríl og 23. október 1851 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 12. júní 1856 með 2. einkunn í báðum prófum (89 st.). Hann var settur málaflutningsmaður við landsyfirréttinn 30. júlí 1858, þjónaði land- og bæjarfógetaembættinu í Reykjavík fyrir Vilhjálmi Finsen

veturinn 1859—1860 og því næst á eigin ábyrgð frá 25. ágúst 1860, þangað til Árni Thorsteinsson tók við árið eptir, en 25. maí 1861 var honum veitt Rangárvallasýsla og tók við henni þá um haustið, en fékk lausn frá embætti 2. janúar 1890 frá 1. maí s. á. Hann bjó á Velli í Hvolhrepp og andaðist þar 2. apríl 1894. — Hermannius sýslumaður var góður maður og gegn og hafði mannhylli.

### Björn Stefánsson Bjarnarson.

Hann var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 23. apríl 1890 og þjónaði henni frá 1. maí, þá er H. E. Johnson sleppti henni, til 1. september s. á., að Páll Briem tók við henni (sjá Dalasýslu: II, 754—755).

### Páll Jakob Eggertsson Briem.

*Faðir:* Eggert Gunnlaugsson Briem sýslumaður (sjá hér áður).

*Móðir:* Ingibjörg Eiríksdóttir.

*Kona fyrri:* Kristín (f. 5. júní 1862, † 24. okt. 1887) Guðmundsdóttir bónda á Auðnum á Vatnsleysuströnd Guðmundssonar. Þau giptust 19. marz 1886.

*Barn:* A. Kristinn verzlunarmaður á Sauðárkrók (f. 8. okt. 1887), kvæntur.

*Kona síðari:* Álfheiður (f. 11. nóv. 1868) Helgadóttir lektors Hálfðanarsonar. Þau giptust 21. júní 1895.

*Börn:* B. Þórhildur f. 7. desember 1896.

C. Eggert Ólafur f. 6. janúar 1898.

D. Friede Ingibjörg f. 7. október 1900.

E. Helgi f. 18. júní 1902.

F. Kristín Þórdís f. 1. apríl 1904.

Páll Briem var fæddur á Espihóli í Eyjafirði 19. október 1856, kom í skóla 1873 og settist í 2. bekk, útskrifaður 1878 með 1. einkunn (86 st.), sigldi samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 25. júní 1879 með 1. einkunn, gekk undir embættispróf í lögfræði 7. júní 1883 og fékk 2. einkunn (89 st.), en gekk upp aptur 5. júní 1884 og fékk þá 1. einkunn (97 st.), stundaði svo íslenzk lög nokkra hríð með styrk af landsjóði, en fékk veitingu fyrir

sýslumannsembættinu í Dalasýslu 5. nóvember 1886 og var á Staðarfelli veturinn 1886—1887, afsalaði sér sýslunni vorið 1887 og var skipaður málaflutningsmaður við landsyfirrættinn 25. maí s. á., en 21. júní 1890 var honum veitt Rangárvallasýsla og tók við henni 1. september s. á. Var hann þá fyrst til heimilis í Odda, en reisti síðan bú á Árbæ í Holtum. Hinn 12. september 1894 var hann skipaður amtmaður í norður- og austuramtinu og flutti þá til Akureyrar í nóvember s. á. Hafði hann það embætti á hendi til septemberloka 1904, að embættið var lagt niður, flutti til Reykjavíkur snemma í október s. á. og tók þá við sýslaninni sem 3. bankastjóri eða lögfræðilegur ráðunautur við hinn nýstofnaða hlutabanka, Íslands banka, en andaðist 17. desember s. á. (1904). Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 5. janúar 1899 og heiðursmerki dannebrogsmanna 1. ágúst 1904 um leið og hann var leystur frá amtmannsembættinu. Hann sat á alþingi 1887, 1889 og 1891 sem þingmaður Snæfellinga og 10. september 1904 var hann kosinn alþingismaður fyrir Akureyrarbæ, en auðnaðist ekki aldur til að sitja á þingi. Páll Briem var hæfileikamaður og áhugamikill um landsmál, kappsfullur og ósérhlifinn, og reit mikið í blóð og tímarit.

Æfissaga Páls Briems, rituð af Klemens landritara Jónssyni, er prentuð í Andvara 32. árg. 1907.

### Hans Magnús Torfason,

*Faðir:* Torfi Magnússon prests í Eyvindarhólum Torfasonar (III, 166).

*Móðir:* Jóhanna Sigríður Margrét (f. 22. júní 1839, † 4. apríl 1910) dóttir Jóhanns Bjarnesens verzlunarmanns í Vestmanneyjum († 18. júlí 1845) Bjarnasonar á Bakka á Kjalarnesi Bjarnasonar Tómassonar á Framnesi í Skagafirði Grimssonar. Var Bjarni á Bakka bróðir Guðrúnar konu Gísla kaupmanns Símonarsonar.

*Kona:* Petrina Thora Kamilla Stefánsdóttir sýslumanns Björnssonar (sjá Árnassýslu). Hún hefur tekið stúdentspróf og tók próf í heimspeki við

háskólann 18. júní 1890 með 1. einkunn. Þau Magnús sýslumaður og Kamilla giptust 22. júlí 1895.

*Börn:* A. Jóhanna Dagmar f. 22. júní 1896.

B. Brynjólfur f. 5. sept. 1897.

Eitt barn þeirra er dáíð.

Magnús sýslumaður Torfason er fæddur í Reykjavík 12. maí 1868, kom í lærða skólann 1884 og settist í 2. bekk, útskrifaður 1889 með 1. einkunn (95 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 25. júní 1890 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 13. febrúar 1894 með 1. einkunn (119 st.), kom s. á. út hingað og var settur málaflutningsmaður við landsyferréttinn 12. september, en 19. október s. á. var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu og fékk veitingu fyrir sýslunni 26. september 1895. Hann bjó í Árbæ í Holtum meðan hann þjónaði sýslunni, en 6. júní 1904 var hann skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað og sleppti Rangárvallasýslu 1. ágúst s. á. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 11. ágúst 1907. Sat á alþingi 1901 sem annar þingmaður Raugæinga.

Í júlímánuði 1904 var *Sigurður Pétursson Eggerz* cand. jur. settur sýslumaður í Rangárvallasýslu og fór austur, en hafði þar litla viðdvöl, reið suður aptur og afsalaði sér starfinu í s. m.

### Karl Júlíus Einarsson.

Hann var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 25. júlí 1904 frá 1. ágúst s. á., þá er Magnús Torfason sleppti, en þjónaði þar ekki nema tvo mánuði, ágúst og september, og var 23. september settur sýslumaður í Skaptafells-sýslu frá 1. október. (Sjá um hann við Vestmanneyja-sýslu).

### Einar Benediktsson.

*Faðir:* Benedikt Sveinsson sýslumaður í Þingeyjar-sýslu († 2. ágúst 1899), sbr. I, 135—136.

*Móðir:* Katrín Einarsdóttir umboðsmanns á Reynistað Stefánssonar.

*Kona:* Valgerður (f. 15. júní 1881) Einarsdóttir Zoëga veitingamanns í Reykjavík († 9. ágúst 1909) Jóhannessonar og Margrétar Tómasdóttur Klogs Steingrímssonar frá Ráðagerði á Seltjarnarnesi Illhugasonar. En kona Steingríms og móðir Tómasar Klogs var Margrét Gísladóttir frá Kálfakoti í Mosfellssveit Pálssonar í Miðdal Gíslasonar hreppstjóra í Miðdal Daðasonar á Stóruvöllum á Landi Jónssonar prests í Steins-holti († 1671) Gunnlaugssonar<sup>1</sup>). En kona séra Jóns var Guðrún Daðadóttir, systir Halldórs prófests í Hruna.

Einar og Valgerður giptust 15. júní 1899.

- Börn:*
- A. Einar Valur f. 22. febr. 1900.
  - B. Margrét Svala f. 3. okt. 1901.
  - C. Benedikt Örn f. 10. febr. 1904.
  - D. Ragnheiður Erla f. 19. febr. 1905.
  - E. Stefán Már f. 24. júlí 1906.
  - F. Katrín Hrefna f. 19. sept. 1908.

Einar Benediktsson er fæddur á Elliðavatni 31. október 1864, kom í lærða skólann haustið 1879 og var þar 4 vetur, útskrifaður sem utanskólasveinn 1884 með 2. einkunn (81 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók próf í heimspeki 25. júní 1885 með ágætiseinkunn, en tók embættispróf í lögfræði 18. maí 1892 með 2. einkunn (87 st.), var síðan í Reykjavík við málsfærslu og önnur störf, en var skipaður málaflutningsmaður við landsyferréttinn 9. júní 1898, og 9. september 1904 sýslumaður í Rangárvallasýslu, og tók við sýslunni 1. október, keypti nokkru síðar jörðina Stóra-Hof á Rangárvöllum og reisti þar bú, en fékk lausn frá sýslumannsembættinu með eptirlaunum sakir heilsubilunar 9. apríl 1907 frá 30. s. m., sigldi skömmu síðar til útlanda, Englands, Noregs og víðar, var um tíma búsettur nálægt Edinborg á Skotlandi, en hefur nú upp á síðkastið haft ýmist aðsetur í Kaupmannahöfn eða í Lundúnum. — Hann stofnaði blaðið »Dagskrá« 1. júlí 1896 og var ritstjóri þess þangað til í miðjum sept. 1898.

1) Þessi ættliður hefur ekki áður kunnur verið.

## Sigurður Pétursson Eggerz.

Hann var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 23. apríl 1907 frá 1. maí s. á., að Einar Benediktsson sleppti henni, og þjónaði henni til marzmánaðarloka 1908, að Björgvin Vigfússon tók við. Sjá um Sigurð Eggerz við Skaptafellssýslu.

### Björgvin Vigfússon.

- Faðir:* Vigfús Guttormsson prestur í Ási í Fellum († 19. marz 1874). Sjá framætt hans III, 479.
- Móðir:* Guðríður Jónsdóttir frá Gilsá í Breiðdal Einarssonar prests á Desjarmýri Jónssonar.
- Kona:* Ragnheiður (f. 21. des. 1865) Einarsdóttir hreppstjóra á Höskuldsstöðum í Breiðdal († 8. júlí 1887) Gíslasonar, systir Magnúsar dýralæknis í Reykjavík. Þau hjón eru systrabörn, giptust 15. júní 1898.
- Börn:* A. Páll f. 20. ágúst 1898.  
B. Einar f. 13. ágúst 1900.  
C. Helga Guðríður f. 13. des. 1903.  
D. Elizabet f. 5. júní 1908.

Björgvin sýslumaður er fæddur í Ási í Fellum 21. október 1866, kom í lærða skólann haustið 1882 og var útskrifaður 1888 með 2. einkunn (75 st.), sigldi þá samsumars til háskólans og tók þar próf í heimspeki 27. júní 1889 með 2. einkunn, og embættispróf í lögfræði 4. febrúar 1896 með 2. einkunn (113 st.). Hinn 29. desember s. á. var hann skipaður umboðsmaður yfir Múlasýslujörðum frá 1. janúar 1897 og fór hann þá að búa á Hallormsstað, en 19. desember 1904 var hann skipaður sýslumaður í Skaptafellssýslu og tók við henni vorið 1905. Reisti hann þar bú á Höfðabrekku í Mýrdal, en 10. september 1907 var hann skipaður sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1. október s. á., en tók ekki við þeirri sýslu fyr en 1. apríl 1908, því að 18. desember 1907 var hann settur til að þjóna Skaptafellssýslu frá 1. nóvember það ár til marzmánaðarloka 1908, en Sigurður Eggerz þjónaði

þá fyrir hann Rangárvallasýslu. Björgvin sýslumaður var fyrsta árið (1908—1909) í húsmennsku á Stórólshvoli, en keypti því næst mestalla jörðina Efrahol og fór að búa þar vorið 1909.

---



## V. Vestmannaeyjasýsla.

Í Vestmannaeyjum voru ekki í elztu tíðum sýslumenn út af fyrir sig<sup>1)</sup>, heldur höfðu þar lögsögn Árnass- eða Rangárþings sýslumenn og máské einstöku sinnum Skapt-árþings valdsmaður, en að fiskatollum voru þær ýmsum léntar og stundum höfðu höfuðsmenn þær sjálfir til fiski-tollaafgjalds<sup>2)</sup>. Að upptelja þá sýslumenn, er þar höfðu

1) Vestmannaeyja er opt getið í sögum og annálum, því að islenzk skip létu opt í haf þaðan, og þar var hinsvegar opt komið fyrst að landi utanlands frá, annaðhvort frá Noregi eða annarsstaðar. Þar tóku þeir Hjalti Skeggjason og Gissur hvíti fyrst land árið 1000, er kristni var lögtekin. Um 1140 keypti Magnús biskup Einarsson í Skálholti († 1148) því nær allar Vestmannaeyjar undir Skálholtsstól og ætlaði að setja þar munklífi, en honum entist ekki aldur til þess (Hungurvaka, Bisks. I, 77). 1218 varð þar bardagi milli Oddaverja og Norðmanna, þá er Ormur Jónsson Breiðbælingur, bróðir Sæmundar í Odda, var veginn (sbr. Sturl.). 1280 gaf Árni biskup Þorláksson († 1298) eyjarnar Mikjálsklaustri (Munklífi) í Björgvin, og er það gjafabréf enn til á latínu (ds. 31. júlí 1280: Ísl. Fornbrs. II, 191—192), en síðar urðu þær konungseign eptir síðaskiptin. Á árunum 1420—1425 höfðu enskir kaupmenn yfirgang þar í eyjunum og tóku til fanga hirðstjóran Hannes Pálsson og Balthasar af Damme 1425 (sbr. Ísl. Fornbr.safn IV. B. og annála). 1456 veitti Kristján konungur 1. Marcellusi Skálholtsbiskupi eyjarnar að léni með »öllum rétti og rentu, tekjum og tiundum« (Ísl. Fornbr.s. V., 138—139) og 1481 fékk Þorleifur Björnsson Ísland »og Vestmannaeyjar« að léni um 3 ár (Ísl. Fornbr.s. VI, 397—399). 1484 rændu enskir þar í eyjunum út af yfirgangi Diðriks Pinings (Fornbr.s. VII, 12—13). Síðar var rænt í eyjunum 1614, og síðast<sup>3)</sup> var Tyrkjaránið nafnkunna 1627 (sbr. Tyrkjaránssögu Rvík 1906—1909). Saga Vestmannaeyja er all efnismikil, ekki af stærra bletti.

2) Um 1450 hefur *Torfi Arason* »haft Vestmannaeyjar af

lögsögn, mætti telja Árnass-, Rangár- og stundum Skaptárþings sýslumenn<sup>1)</sup>, sem taldir eru við téðar sýslur, að mestu leyti, til þess að höfuðsmaður Herluf Daæ útferði hingað þá konungsskipan 1609, að þar skyldi vera sýslumaður út af fyrir sig<sup>2)</sup>. Þessir hjuggu þó optast á landi til 1696. Eptir að téður kongshöðskapur kom, meina eg, að haldið hafi Vestmanneyjasýslu:

1. *Porleifur Magnússon* á Hlíðarenda.
2. *Jakob Pétursson* umboðsmaður í Vestmannaeyjum um 1620, átti Álfheiði Árnadóttur og börn<sup>3)</sup>.

Daniel, sbr. Skrá um landskuldir af Vestmannaeyjum í tíð Torfa og síðar árið 1507, eptir sögn Stranda-Kols: Fbrs. VIII, 179—180. Sést af þeirri skrá, hve fiskitollurinn af eyjunum var hár á þeim tímum.

1) Í sýslubræfi *Torfa Jónssonar* í Klofa 25. júní 1504 (Fbrs. VII, 696—697) er hann fær sýslu milli Þjórsár og Jökulsár á Sólheimasandi (Rangárþing), er beint tekið fram, að Vestmannaeyjar fylgi þar með.

2) Í konungsbræfi þessu, sem er dagsett 25. febr. 1609 (Lagasafn M. Ket. II., 246—247) er beinlínis sagt, að áður hafi verið venja, að sýslumönnum af landi hafi verið gert að skyldu að fara til eyjanna á vissum tímum árlega til að skera úr málum manna.

3) Jakob mun ef til vill hafa verið son Péturs Tómassonar hirðstjóraumboðsmanns á Bessastöðum 1588. Hann var umboðsmaður Holgers Rosenkrants 1620 (Safn til sögu Ísl. II, 734). Andaðist í Kaupmannahöfn 1641. Álfheiður »hin væna« Árnadóttir, kona hans, er í ættatölum talin bróðurdóttir Gissurar biskups, en það mun vera skakkt, og um afkomendur þeirra er heldur ekki fullvíst. Árni son þeirra er talinn að hafa búið á Stóra-Hólmi í Leiru, en það er öldungis rangt, því að sá Árni var son Jakobs Helgasonar á Porkötlustöðum í Grindavík. Að Einar Stefánsson á Hörgslandi, er átti Kristínu Grimsdóttur prests í Hruna Skúlasonar, hafi verið sonarson Árna Jakobssonar Péturssonar, eins og Snókdalin telur, nær og engri átt. 1614 er getið um *Pétur Jakobsson* umboðsmann í Vestmannaeyjum (sbr. Tyrkjaránssögu p. XXXVI), og í ferðasögu séra Ólafs Egilssonar er getið um *Pétur Jakobsson*, er verið hafi 7 ár umboðsmaður í eyjunum, en bjó í Helsingjaeyri 1628 og átti fjölda barna. Er hann alstaðar í ferðasögunni nefndur *Pétur*, en ekki *Jakob*, sbr. Tyrkjaránssögu, en útgefandinn (dr. J. P.) hefur ætlað, að þar væri alstaðar átt við *Jakob Pétursson*. En það er nokkuð undarlegt,

3. *Gísli lögmaður Hákonarson* til 1631.
4. *Vigfús og Hákon* synir hans til 1647.
5. *Torfi Erlendsson og Jakob Bang*<sup>1)</sup> til 1650.

Hér verða taldir nokkrir Vestmannaeyjasýslumenn, þeir er eg hef fundið.

### Árni Þórðarson.

Hann var einn af þeim fjórum, sem fengu landið í léni 1357 og hafði sýslur syðra, meðal hverra Rangár- og Vestmannaeyjasýslur. Hann lét á Lambeyjarþingi 1360 eptir dómsnefnu höggva Markús barkað, konu hans og son, fyrir það þau höfðu drepið Orm á Krossi. En Smiður hirðstjóri lét 1361 þar fyrir hálshöggva Árna, sem enga áheyrn fékk, þótt hann skyti máli sínu undir konungdóm og Smiður hafði áður lofað honum vináttu. Meðfram var það orsök til þess, að Smiður var veginn 1362<sup>2)</sup>.

### Helgi Styrsson

var sýslumaður í Vestmannaeyjum 1419 og það fram yfir 1430<sup>3)</sup>.

### Jón Marteinsson.

Hann var um og eptir 1570 sýslumaður við og við í

að jafnkunnugur maður sem séra Ólafur skyldi hafa haft hausa-víxl á þessum nöfnum, einkum þá er nafnið Pétur Jakobsson kemur fyrir í skjali frá 1614, eins og áður er getið. Að líkindum er hér um 2 menn að ræða, líklega feðga, og þá helst, að Jakob, er andaðist 1641, hafi verið son þessa Péturs Jakobssonar (en ekki Péturs Tómassonar). Um það skal eg samt ekkert fullyrða.

1) Jakob Bang var systurson Jens Söfrenssonar. Hann og Torfi Erlendsson fengu Árnessýslu og Vestmannaeyjar 1647 eptir Vigfús Gíslason, og mun Jakob hafa þjónað Vestmannaeyjum til 1650, að Magnús Bjarnason fékk hana (sbr. bls. 308 hér að framan).

2) Sbr. bls. 207—209. Um sýsluvöld Árna er alls óvíst.

3) Sjá um Helga Styrsson og börn hans hér áður (í Rangárþingi) bls. 381—382. 1528 er *Jón Hallsson* í Næfurholti sýslumaður í Vestmannaeyjum (Fbrs. IX, 477—478). 1558 er *Simon Surbeck* borgari í Kaupmannahöfn nefndur fógeti á Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum, og hygg eg hann hafi haldið sýsluna út af fyrir sig til 1604<sup>1)</sup>).

### Andrés Franzson<sup>2)</sup>.

1591 hinn 9. júní í Vestmannaeyjum á almennum þingstað var 6 manna dómur útnefndur af séra Bergi Magnússyni andlegs valds vegna og *Hákoni Árnasyni* í löglegu umboði þess ærlega manns Andrésar Franzsonar, er þá var kgl. majestetets fógæti og sýslumaður yfir Vestmannaeyjum um hjónaband Korts Clensundts og Guðrúnar Þorsteinsdóttur.

### Niels Björnsson<sup>3)</sup>

útnefndi þann 10. júlí sama ár (1591) 6 manna dóm í Vestmannaeyjum um sömu persóna hjónabandsleyfi.

### Erlendur Ásmundsson

útnefndi 5. júní 1630 dóm um vökuna í Vestmannaeyjum<sup>4)</sup>).

1) Það hygg eg mjög vafasamt og að líkindum alveg skakkt.

2) Réttara mun: *Andrés Hansson*. Hann virðist hafa verið umboðsmaður í Vestmannaeyjum, því að hans er getið þar 1614 (*Tyrkjaránssaga* bls. XXXVI). Í kærú gegn séra Ormi Ófeiggssyni í Vestmannaeyjum, er samin mun um 1608, eru kærændurnir Andrés Hansson fyrverandi og *Niels Christensen* þáverandi fógæti á eyjunum, en vel getur verið, að kæra þessi sé yngri. Er hún í 16 atriðum. Frumrit hennar er í safni Árna Magnússonar 381 fol.

3) Þessi Niels Björnsson er eflaust *Nikulás Björnsson* sýslumaður á Seljalandi († 1600). Sjá Rangárþing. Niels er nfl. danska nafnið á Nikulás.

4) Dóm þennan hef eg ekki séð, og ekki er hans getið í *Tyrkjaránssögu*, en þar er (bls. 335) minnt á dóm, er hann hafi dæmt í Vestmannaeyjum í umboði Gísla lögmanns Hákonarsonar um fólk, sem lifi í hneykslanlegum lifnaði, ef til vill sami og dómur hans 5. júní 1630 á Hvítingum í bréfabók Gísla Oddssonar A. M. 247 4to.. Þar er og prentaður (bls. 360–366) Lambeyjardómur Erlends, 2. nóvember 1627, genginn í umboði Gísla lögmanns, um arf og umboðstökur eptir þá menn, er liflátnir voru í eyjunum, eða rænt burtu þar sama ár. Í alþingisdómi 30. júní 1632 er og getið um dóm Erlends áhrærandi hneykslanlegan lifnað þar í

## Kláus Eyjólfsson

hafði Vestmannaeyjasýslu árið 1635, eptir að þeir bræður Vigfús og Hákon voru frá henni settir, því að 18. apríl 1635 á þingstað réttum, Hvítungum í Vestmannaeyjum, útnefndi heiðarlegur manni, Kláus Eyjólfsson, kongsvaldsins fullmektugur umboðsmaður: Jón Þorleifsson Jaspar Kristjánsson, Þórólf Eyjólfsson, Magnús Egilsson og Magnús Tómasson í dóm um farteckju, háseta óhlýðni, haustmannafar og óleyfilega drykkjufiska. Anno 1658 eptir Magnús Bjarnason var Kláus Eyjólfsson settur til að útnefna dóma, láta lög og rétt hafa sinn gang í Vestmannaeyjum til þess æðra yfirvald til komi og aðra skikkun á geri (Lögþingisbók 1658)<sup>1</sup>).

eyjunum, og mun það vera dómur sá, er fyr var getið. (Sjá um Erlend Ásmundsson bls. 298—298). Af þessu sést, að Gisli lögmaður Hákonarson hefur haft Vestmannaeyjar með Árnassýslu til dauða síns 1631, en Vigfús son hans eptir hann. Útnefndi hann þar dóm 1635 eða 1636 um herleidda menn og hjónabandsbrot þeirra, og 7. ágúst 1638 dóm á Hvítungapingstað um vöktun á færleikum (sbr. hdr. J. S. 64 fol.). Talið er, að *Gisli Árnason* sýslumaður í Rangárþingi hafi og haft Vestmannaeyjar einhvern tíma á árunum 1597—1611, en óvíst er það, og ókunnugt er mér um dóma hans þar.

Með konungsbréfi 22. október 1633 var skipað að setja sýslumann í Vestmannaeyjum, og átti hann að fá sem þóknun 1—2 fiska af hverju hundraði, er veiddist þar í Eyjunum. Svo er samt að sjá af bréfi þessu, eins og gert sé ráð fyrir, að sýslumaður þessi þurfi ekki að vera heimilisfastur í eyjunum, því að fyrnefnda þóknun á hann að fá fyrir fyrirhöfn sína og kostnað að komast til eyjanna og úr þeim á ári hverju (Lagasafn M. Ket. II, 376—377, þar er bréfið dagsett 20. marz 1634).

1) Kláus var bróðurson séra Jóns Egilssonar annálaritara í Hrepphólum og séra Ólafs í Vestmannaeyjum. Hann var lögrettumaður og bjó í Hólum í Landeyjum. Er hans getið í Lambeyjardómi Erlends Ásmundssonar 2. nóv. 1627 (Tyrkjaránsaga, bls. 360) og í Lambeyjardómi Gisla lögmans Hákonarsonar 2. maí 1628 (s. st., bls. 370—371). Kláus hefur samið hina fyrstu og elztu ritgerð um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum. Er hún samín í júlímánuði 1627 og prentuð eftir fjórum handritum í Tyrkjaránssögu, Rvík 1906—1909, bls. 18—90. Kláus andaðist 1674, níræður að aldri. Kona hans var Ingibjörg Þorleifsdóttir

## Magnús Bjarnason.

*Faðir:* Bjarni á Stokkseyri, stórauðugur maður, dó í maí 1653, 86 ára, sonur Sigurðar Bjarnasonar Torfasonar í Klofa (sjá Rangárvallasýslu og Árnesþing).

*Móðir:* Salvör Guðmundsdóttir prests í Gaulverjabæ (28 ár, dó 1605) Gíslasonar sýslumanns í Miðfelli Sveinssonar (sjá Árnessýslu).

Ásmundssonar, bróðurdóttir Erlends sýslumanns Ásmundssonar og voru börn þeirra:

1. Árni prestur í Vestmannaeyjum († 1673) átti fyrir Ingibjörgu Þorsteinsdóttur prests á Stað í Aðalvík Jónssonar og börn, en síðar Gróu Einarsdóttur, systur Gísla prests á Helgafelli og var dóttir þeirra Vilborg móðir Halldórs biskups Brynjólfssonar á Hólum.
2. Þorleifur prestur á Útskálum († 1699) átti fyrir Sigríði Halldórsdóttur prófests í Hruna Daðasonar, en síðar Þórunni Magnúsdóttur sýslumanns á Leirubakka Bjarnasonar og verða börn þeirra síðar talin.
3. Vilborg átti séra Pétur Gissurarsson í Vestmannaeyjum († 1690), þ. b.:
  - a. Gissur prestur í Vestmannaeyjum († 1713) átti fyrir Sigríði Eyjólfsdóttur lögréttumanns á Brunnastöðum Jónssonar, en síðar Helgu Þórðardóttur prests á Þingvöllum Þorleifssonar, og var son þeirra Natanael faðir Árna »reipslagara« í Effersey og Jóns í Vestmannaeyjum föður Hallvarðs læknis og Þorbjargar, er átti Ólaf Eiríksson á Rauðafelli, og eru þaðan komnar allmiklar ættir undir Eyjafjöllum.
  - b. Arngrímur prestur í Vestmannaeyjum († 1742), tvíkvæntur. Börn hans eru talin II, 306.
  - c. Emerentiana átti Ólaf sýslumann Árnason (sjá síðar).
  - d. Guðríður, átti Magnús Ísleifsson á Höfðabrekku, þ. b.:
    - aa. Helga átti Runólf Jónsson á Höfðabrekku, þ. b.: Guðmundur sýslumaður á Setbergi (bls. 167—168), Jón á Höfðabrekku, Vilborg, er átti Klemens Hallgrímsson í Kerlingardal og Margrét, er átti Odd Erlendsson í Hallgeirsey.
    - bb. Ísleifur á Seljalandi átti Ingibjörgu Einarsdóttur. Um afkomendur þeirra sjá bls. 269—270.
  - e. Gísli var myrtur í Vestmannaeyjum 1692, átti Ingibjörgu Oddsdóttur. Var hún grunuð um morð manns sins, ásamt Ingveldi systur sinni, og voru þær húðstrýktar á alþingi 1695 og gerðar útlægar úr landinu.

- Kona:** Vilborg Þorsteinsdóttir sýslumanns og klausturhaldara á Pykkvabæ Magnússonar (sjá Skaptafellssýslu).
- Börn:** A. Guðmundur í Leirubakka og Skarfanesi, átti Guðrúnu dóttur séra Magnúsar Jónssonar á Breiðabólstað austur; börn:
1. Magnús á Leirubakka<sup>1)</sup> átti Sigríði (sjá síðar).
  2. Halldór<sup>2)</sup> átti Ólöfu Snorradóttur frá Káranesi, bl.
  3. Ragnhildur átti séra Bárð [Jónsson<sup>3)</sup>] í Holtþingum (dó 1755<sup>4)</sup>).
  4. Vilborg átti Vigfús Gunnarsson<sup>5)</sup>.

1) Þetta er rangt og verður síðar athugað.

2) Halldór bjó í Hraungerði.

3) Í hdr. Boga stendur »Ólafsson«, sem vitanlega er rangt. Séra Jón Ólafsson í Fellsmúla, faðir séra Bárðar, var bróðurson Bárðar Gíslasonar lögréttumanns í Vatnsdal (sbr. bl. 127) og bar séra Bárður nafn hans.

4) Börn séra Bárðar og Ragnhildar:

a. Jón í Miðfelli í Ytrahrepp átti fyrir Salbjörgu Jónsdóttur, en síðar Guðrúnu Ólafsdóttur, p. d.:

aa. Ingibjörg átti Helga Einarsson á Grafarbakka og mörg börn, þar á meðal voru: Jón í Miklholti í Biskupstungum, Gunnfríður og Guðmundur faðir Þórðar í Gröf og Helga í Arnarholti í Biskupstungum.

b. Salvör átti Sigurð Guðnason á Flókastöðum í Fljótshlíð, p. b.: Magnús, Ragnhildur átti Jón Snorrason á Sámssstöðum, og Halldór í Marteinstungu faðir Sigríðar, er átti Runólf Nikulásson á Brekkum í Hvolhrepp.

c. Ólöf s. k. Hannesar Vigfússsonar (bls. 324—325).

d. Þórunn átti Tómas Þórðarson ráðsmanns í Háfi Þórðarsonar (III, 144).

e. Helga átti Eyjólf Þórðarson bróður hans (III, 144).

f. Guðný átti Bjarna Björnsson á Arnkötlustöðum, p. b.: Páll á Arnkötlustöðum, Jón í Kolsholti og Ingibjörg.

g. Vilborg átti Sigurð Árnason á Syðri-Hömrum í Holtum.

5) Vigfús var son Gunnars prests Einarssonar í Kálfholti og bjó í Kirkjuvogi, p. b.: Bjarni smiður, er átti Margréti Kortsdóttur á Kirkjubóli Jónssonar, og Guðrún (III, 183).

- B. Guðni (dó 1657) átti Ólöfu Halldórsdóttur, bl.<sup>1)</sup>.
- C. Ingiriður átti séra Bjarna Hallgrímsson í Odda.
- D. Guðríður átti Jón son séra Magnúsar Jónssonar<sup>2)</sup>, bl.
- E. Þórunn átti séra Þorleif Kláusson á Út-skálum; börn:
1. Séra Árni í Arnarbæli (dó 46 ára 1744)<sup>3)</sup> átti fyr Guðrúnu dóttur séra Páls Gunnarssonar; börn:
    - a. Þorleifur<sup>4)</sup>.
    - b. Helga kona Páls sýslumanns Axelsonar<sup>5)</sup>.  
Seinni kona séra Árna Katrín Torfadóttir frá Gaulverjabæ, bl. (sbr. Ísafjarðarsýslu).
  2. Guðni<sup>6)</sup> átti Ragnheiði Ísleifsdóttur; þ. b. dóu.

Laundóttir Vilborgar Guðmundsdóttur var Margrét Ingjaldsdóttir, er giptist í Holtum.

Enn voru börn Guðmundar Magnússonar á Leirubakka.

5. Magnús á Núpi í Fljótshlíð, lærði í Skálholts-skóla, varð yfirbryti í Skálholti, dó 1745, 67 ára, átti Sigríði Bjarnadóttir prests á Höskuldstöðum Arngrímssonar. Launson hans, Þorkell (sbr. II, 689).

6. Ólöf f. k. séra Vigfúsar Gislasonar á Krossi, bl.

1) Sbr. bls. 49 hér að framan.

2) Séra Magnús var prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Guðríður var f. k. Jóns.

3) Séra Árni var 74 (ekki 46) ára, er hann andaðist, drukknaði í kil nokkrum eða smálæk (Sandá) milli Auðsholts og Arnarbælis.

4) Þorleifur átti Guðrúnu laundóttur Brynjólfs Jónssonar lögréttumanns á Litlalandi, þeirra son Guðmundur á Þórustöðum í Ölfusi faðir Eiríks á Mosastöðum í Flóa föður Ólafs s. st.

5) Sjá um Pál sýslumann og börn hans III, 296—300.

6) Guðni bjó í Stóradal undir Eyjafjöllum. Kona hans var



3. Magnús<sup>1)</sup> átti Guðríði Jónsdóttur; börn:
- a. Jón í Laugardælum átti Þuríði Hákonardóttur í Kirkjuvogi<sup>2)</sup>; börn:
    - aa. Sigurður í Moldartungu.
    - bb. Magnús í Laugardælum.
    - cc. Guðni í Þorleifskoti.
  - b. Arnþór í Kampholti átti fyr Guðrúnu Stefánsdóttur<sup>3)</sup> og börn, svo Guðrúnu Ólafsdóttur, bl.
  - c. Gísli átti Margréti Guðmundsdóttur; þ. b.: Magnús<sup>4)</sup>.
  - d. Sigríður átti Bernharð Jónsson í Ölfusi<sup>5)</sup> og mörg börn.

F. Anna í Húsagarði, bl.

Magnús var orðinn lögréttumaður 1645. Hann var vel við efni. Þjó á Leirubakka, löngu giptur og átti full-

Rannveig (ekki Ragnheiður) Ísleifsdóttir frá Suður-Reykjum Þórðarsonar. Börn þeirra voru: Guðrún, Geirný, Sólvör, Ólafur (sbr. Manntal í Rangárþingi 1729 í minni eign).

1) Magnús bjó í Húsagarði á Landi. Guðríður kona hans var dóttir séra Jóns Ólafssonar í Fellsmúla († 1718).

2) Hún var systir Þorsteins Hákonarsonar lögsagnara og Vilhjálms eldra í Kirkjuvogi (sbr. bls. 165 og 175).

3) Hún var dóttir séra Stefáns Þorsteinssonar í Steinsholti († 1773).

Börn Arnþórs og hennar:

- a. Kláus tvíkvæntur, s. k. hans Þuríður Lafranzdóttir frá Háholti á Skeiðum Halldórssonar. Hórdætur Kláusar: Guðný, er átti Stefán Bjarnason í Andrésfjósum, Margrét og Vilborg.

- b. Margrét átti Álf Bjarnason í Grindavík, bl.

4) Gísli mun hafa búið á Keraugastöðum á Landi með Margréti Guðmundsdóttur, er var hálsystir Vigfúsar Einarssonar á Húsatóptum á Skeiðum. Magnús er sumstaðar talinn launson Gísla og Margrétar.

5) A að vera: í Ölvaðsholti. Sigríður var f. k. Bernharðs. Börn hans og hennar:

- aa. Guðmundur á Kringlu í Grimsnesi, síðar í Melshúsum í Reykjavík († 1812) átti fyr Guðrúnu Erlendsdóttur, þ. b.:

orðin börn, þá hann hélt Vestmannaeyjasýslu 1651. Mun hann hafa tekið hana 1650<sup>1)</sup>, og hélt hann henni til síns dauða. 1651 lét Magnús ganga dóm um fiskihluti og 1652 um orðbragð. Hlutur í Vestmannaeyjum kallaður *tómur*, var ádæmdur af Magnúsi 1652 og á sama árs alþingi upplesinn. 1655 dæmdi Árni lögmaður Vestmannaeyja sýslumanni borgun af fiskihlutum. 1658 (alii 1657) var

aaa. Arnþór stúdent, drukknaði í Vestmannaeyjum 22. apríl 1815, á 30. aldursári, ókvæntur, átti barn með Oddrúnu Sigurðardóttur, er Guðrún hét og fæddist eftir lát föður síns, andaðist ungbarn.

S. k. Guðmundar Ingunn, talin dóttir Guðmundar prests í Reykjadal (Guðmundar prestlaus) Guðmundssonar Teitssonar sýslumanns Arasonar. Son þeirra:

bbb. Jón ritstjóri Þjóðólfs († 1875). Sjá Skaptafells-sýslu.

bb. Þorleifur í Ölvaðsholti († 1816), átti fyr Margréti Jónsdóttur frá Læk í Flóa Eiríkssonar og 6 börn, en síðar Marín Hjörtsdóttur, bl.

cc. Gísli á Hávarðsstöðum í Leirársveit, átti Hallnýju Árnadóttur og voru synir þeirra Sigurður á Indriðastöðum og Sigurður á Skálpastöðum.

dd. Jón í Hallanda átti Guðrúnu Eyvindsdóttur Sæmundssonar á Ármóti Jónssonar Beinteinssonar Ólafssonar, p. b.: Bernharður og Margrét, er átti Hróbhart Ólafsson í Reykjavík.

ee. Þuríður átti Einar Árnason á Stóru-Reykjum í Flóa, p. b.: Ingunn, er átti Sigvalda í Rvík Nikulásson frá Smjörðölum Sigurðssonar og var son þeirra Nikulás faðir Ingvars prests á Skeggjastöðum.

ff. Guðríður, gg. Hlaðgerður og hh. Margrét voru og ein dætur Bernharðs og Sigríðar. Munu hafa dáð bl.

Enn voru börn Magnúsar Þorleifssonar og Guðríðar:

e. Þorleifur.

f. Kláus.

g. Guðmundur. Munu hafa andað bl.

1) Magnús fékk veitingu fyrir sýslunni hjá Henrik Bjelke 13. júlí 1650. Segir Bjelke, að Torfi Erlendsson hafi afsalað sér eyjunum, með því að hann geti ekki ferðazt þangað, er hann gegni embætti í Árnassýslu.

Magnúsi veitt Rangárþing, en deyði sama ár. Sumir rita að hvorttveggja hafi tilfallið 1658, aðrir 1657<sup>1)</sup>.

### Magnús Guðmundsson.

[Fadir: Guðmundur á Leirubakka Magnússon (sjá hér á undan).

Móðir: Guðrún Magnúsdóttir prests Jónssonar.

Kona fyrri: Sigríður Bjarnadóttir prests á Höskuldsstöðum Arngrímssonar lærða, officialis á Melstað.

Kona síðari: Guðrún Pálsdóttir.

Launson Magnúsar með Guðrúnu Jónssdóttur var:

A. Þorkell átti Elizabet Þorláksdóttur Guðbrandssonar]<sup>2)</sup>.

Magnús bjó í Skarfanesi og síðar á Leirubakka<sup>3)</sup>; hann tjáist og að hafa búið á Núpi í Fljótshlíð. Hann gerðist lögsagnari Hákonar Ormssonar í Rangárþingi 1655, en 1658 meina eg hann hafa tekið Vestmannaeyjasýslu eptir afa sinn, þó ei finni eg hans dómara aðgerðir í

1) Sbr. Rangárþing bls. 477. Veitingu fyrir Rangárvallasýslu mun Magnús hafa fengið 1657, en það er nokkuð óvist, hvort hann hafi andazt síðla árs 1657 eða snemma árs 1658, hið fyrra þó líklegra, sbr. Fitjaannál (Lbs. 159 4to), þar sem getið er láts Guðna sonar hans 1657, en þar mun átt við Magnús, því að Guðni var á lífi 1658. Kláus Eyjólfsson var settur til að gegna sýslunni 1658 (sbr. áður) og hefur þjónað þar þangað til Markús Snæbjörnsson tók við um 1660.

2) Alt, sem hér er talið hjá Boga frá [ og heimfært upp á Magnús Guðmundsson í Skarfanesi á *alls ekki við hann*, heldur alt annan mann, honum óskyldan: Magnús stúdent Guðmundsson frá Leirubakka, sonarson Magnúsar sýslumanns Bjarnasonar (sjá hér áður). Sá Magnús var einkvæntur og því skakkt að telja s. k. hans Guðrúnu Pálsdóttur. En Magnús Guðmundsson í Skarfanesi, er var lögsagnari í Vestmannaeyjum, var son Guðmundar Eyjólfssonar á Hofi á Rangárvöllum og Ásdísar Sigmundsdóttur Þórólfssonar (sjá hér áður bls. 111 og Bisks. II, 296), enda er það auðsætt, að sonarson Magnúsar sýslumanns Bjarnasonar gat ekki verið lögsagnari í Vestmannaeyjum um 1660.

3) Að Magnús í Skarfanesi hafi nokkurntíma búið á Leirubakka eða Núpi í Fljótshlíð er rangt, og stafar af ættfærsluruglingnum hjá Boga um þessa alnafna.

þessari sýslu fyr en 1664, og 1665 kemur hann með dóm til alþingis<sup>1)</sup>. Þorlákur Markússon ritar, að Magnús hafi dáið snögglega öldrukkinn á alþingi 1668<sup>2)</sup>. Er líkast hann hafi þangað til haldið sýsluna, en tekið Markús Snæbjörnsson fyrir umboðsmann 1666 eða 1667, eða þá sleppt sýslunni<sup>3)</sup>.

### Markús Snæbjörnsson.

- Faðir:* Snæbjörn prófastur í Odda Stefánsson prófasts s. st. Gíslasonar biskups Jónssonar.
- Móðir:* Margrét Markúsdóttir í Stóradal Ólafssonar og Ragnheiðar Björnsdóttur Jónssonar biskups Arasonar. Margrét átti áður Sigurð Bjarnason; þeirra son Bjarni á Stokkseyri, Skálholtsstaðar ráðsmaður í tveggja biskupa tíð, faðir Magnúsar sýslumanns (sjá hér að framan).
- Kona:* Kristín Einarsdóttir sýslumanns í Árnessýslu Hákonarsonar (sjá þar).
- Börn:* A. Ragnheiður átti fyr, 1683, séra Þorvald á Skammbeinsstöðum; þ. b.:  
 1. Ólöf<sup>4)</sup>.  
 2. Kristín, mun hafa dáið ung. Síðari maður Ragnheiðar séra Arngrímur Pétursson, bl.
- B. Guðrún átti Bjarna lögréttumann Gíslason að Vetleifsholti og Ási í Holtum (sjá Snæfellsnessýslu<sup>5)</sup>); börn:  
 1. Guðni átti Halldóru Bergsdóttur, bl.

1) Dóm þennan vildu lögmennirnir ekki tala um vegna þess, að sýslumaður (Markús Snæbjörnsson) hefði ekki samþykkt dóminn (sbr. Lögp.bók 1665 nr. 6).

2) Sbr. Bisks. II, 296. Þar segir, að hann hafi verið »velgáfaður í handverki«. Hann var ókvæntur.

3) Magnús hefur víst aldrei haft sýsluna, en verið að eins lögsagnari Markúsar sýslumanns Snæbjörnssonar.

4) Réttara mun: Ólafur. Börn séra Þorvalds dóu í stóru-bólu 1707.

5) II, 108—109, og eru börn þeirra þar talin.

2. Kristín átti Einar lögréttumann Ísleifsson á Reykjum í Mosfellssveit; börn:
  - a. Ingibjörg átti Brynjólf sýslumann Sigurðsson (sjá Árnassýslu).
  - b. Kristín átti Einar rektor Jónsson, þeirra börn mörg, Ísleifur etazráð o. s. frv. (sjá Húnavatnssýslu).
  - c. Anna átti Nikulás silfursmið Jónsson og börn<sup>1</sup>).
3. Ragnheiður átti Pál Hákonarson lögsagnara (sjá Rangárþing).
4. Gísli deyði á hingaðsiglingu 1707; úr hans klæðum kom stórabóla.
5. Snæbjörn.
- C. Anna átti Ísleif á Reykjum í Mosfellssveit Þórðarson Erlendssonar Þorvarðssonar á Suðurreykjum; börn:
  1. Einar átti Kristínu Bjarnadóttur (sjá áður); þ. b.:
    - a. Ingibjörg.
    - b. Kristín.
    - c. Anna (sjá áður).
  2. Kristín miðkona Þórðar Péturssonar<sup>2</sup>), bl.
- D. Gróa átti Pál sýslumann Torfason (sjá Ísa-fjarðarsýslu<sup>3</sup>).
- E. Katrín.
- F—H. Þrjú börn Markúsar dóu ung.

---

1) Afkomenda Nikulásar smiðs og Önnu er stuttlega getið bls. 327.

2) Dætur Ísleifs Þórðarsonar og Önnu voru ennfremur:

3. Guðfinna átti Grím Jónsson lögréttumann á Reyðarvatni († 1750) af Teigsætt, og eru afkomendur þeirra áður taldir.
4. Rannveig átti Guðna Þorleifsson í Stóradal, (sjá hér á undan).

3) Frá þeim hjónum er mikill ættbálkur kominn vestra, sbr. II, 229—232.

Markús var fæddur í Odda á Rangárvöllum 1619, ólst þar upp til þess hann var 12 vetra settur í Skálholtsskóla og lærði þar 6 vetur undir kennslu Björns Snæbjörns-sonar, er síðar hélt Staðarstað. Útskrifaður úr skóla, 18 vetra, fór Markús til föðurbróður síns Odds prófasts Stefánssonar í Gaulverjabæ, var þar 1 ár og lagði sig eptir sönglist. 1638 fór hann utan með Eyrarbakkaskipi til Kaupmannahafnar. Skipið hélt þá fyrst til Amsterdam og þar dvaldi Markús 7 vikur, en komst til Kaupmannahafnar mánuði fyrir jól, deponeraði og komst extra-ordinarius á akademið<sup>1)</sup>. Eptir eins árs veru þar kom hann aptur til Íslands með Vestmannaeyjaskipi, var þó ekki framandi í guðfræði, lögum, sönglist og skáldskap, hvað hann eptir hingaðkomu sína betur iðkaði.

1645 trúlofaðist hann að Asi í Holtum jómfrú Kristínu Einarsdóttur, en festaröl framför í Odda. Þá var hann 26 ára. Í 6 ár þar eptir bjuggu þau í Odda, þaðan fluttu þau að Haga í Holtum og bjuggu þar 2 ár. Síðan bjuggu þau í Stóradal undir Eyjafjöllum, eignarjörð sinni, í 10 ár; þaðan fluttu þau að Ási í Holtum<sup>2)</sup>, hvar Markús bjó 34 ár. 1673 á 28. hjúskaparári andaðist Kristín kona hans, þá hann var 54 ára. Áttu þau saman 7 dætur, hvar af þrjár dóu ungar.

1666 var hann orðinn sýslumaður í Vestmannaeyjum<sup>3)</sup> og kom þá með dóm þaðan til alþingis<sup>4)</sup>. Hélt hann þá

---

1) Hann var skrifaður í stúdentatölu við háskólann 21. desember 1640, og hefur þá líklega ekki siglt fyr en 1640, en mun útskrifaður 1638.

2) Á alþingi 1658 las hann upp loforð hjónanna Sigurðar Hákonarsonar og Ingibjargar Einarsdóttur (systur konu hans) að selja honum Ás í Holtum, er þeim sýndist (Lögþ.bók 1658 nr. 6). Hann hefur flutt búferlum að Ási 1663.

3) Hann er orðinn þar sýslumaður 1662, því að hann er þá talinn sem sýslumaður frá Vestmannaeyjum, er hann sór erfðahyllingareidinn í Kópavogi. Mun hann því hafa tekið Vestmannaeyjasýslu um 1660.

4) Sá dómur var dæmdur á Hvítungum um Oddnýju Magnúsdóttur, er maður hennar, Árni Finnsson, bar hórdómsbroti, og var því máli vísað heim af lögmönnum (Lögþ.bók 1666 nr. 9).

sýslur rúm 30 ár. 1683 tók hann á alþingi vitnisburð um sína lögsögn og fékk hann góðan<sup>1</sup>). Hann hélt umboðsmenn: Odd Magnússon um 1670, Einar Eyjólfsson 1685, 1687 og eptir, og Ólaf Árnason 1696, sem tók sýsluna eptir hann.

1697 að Ási í Holtum andaðist Markús, þá hann hafði verið ekkjumaður 24 ár og hafði átta vetur hins áttunda tugar. Voru við hans jarðarför 6 prestar og margir aðrir góðir og mikilsháttar menn.

Markús hefur verið auðmaður, því þá hann gipti Gróu dóttur sína 1672 Páli sýslumanni Torfasyni, taldi hann henni 100 hundraða í föstu og 100 hundraða í lausagóssi. Markús hefur í mörgum hlutum verið ágætur maður, en ei eru rök til, að hann hafi verið sérlegur lærdomsmaður.

### Oddur Magnússon.

- Faðir:* Magnús prestur á Mælifelli Jónsson á Reykjarhóli Eiríkssonar.
- Móðir:* Ingunn Skúladóttir Einarssonar á Eiríksstöðum í Svartárdal.
- Kona:* Halldóra Magnúsdóttir prests í Kálfholti Páls-sonar<sup>2</sup>).
- Börn:* A. Magnús prestur á Höfðabrekku og Reyni 1697, dó 1748<sup>3</sup>), átti Guðríði dóttur séra Bjarna Sveinssonar í Meðallandi; þ. b.

1) Sá vitnisburður er gefinn af Vestmannaeyingum 25. apríl 1682, en lesinn upp á alþingi 1683 (Alp.bók 1683 nr. 13).

2) Halldóra var s. k. Odds. Var hún áður gipt Jóni Jóns-yni Eyjólfssonar og áttu þau einn son. Var Jón Eyjólfsson óánægður yfir því, hvernig Oddur skipti sonarsyni hans, syni Hall-dóru, og er til bréf um það óarfært, líkl. um 1680 (sbr. Dóma-bók Einars Hákonarsonar í Lskjs.). Fyrri kona Odds var Þor-björg Sigurðardóttir frá Ási í Holtum Hákonarsonar, systurdóttir Kristínar konu Markúsar sýslumanns Snæbjörnssonar, og vegna þeirra venzla meðal annars mun Oddur hafa gerzt um-boðsmaður Markúsar. Son hans og Þorbjargar var Einar, litt að manni, og bjó hann á Sperðli 1709 (Jarðabók A. M).

3) Það er réttara en 1747 (sbr. bls. 139 hér að framan og prestatal Sv. Níelss.).

1. Helga átti Svein Alexandersson á Háfi<sup>1)</sup>, bl.
  2. Ólöf átti Erlend bónda í Landeyjum<sup>2)</sup>, bl.
- B. Guðrún átti Einar í Haga í Holtum Magnússon Guðmundssonar Gíslasonar frá Háfi<sup>3)</sup>; þeirra son:
1. Magnús prestur í Kaldaðarnesi 1734, Garpsdal 1742, svo Butruhildarstöðum í Fljótshlíð 1745, dó 1785, átti Helgu dóttur Guðmundar lögréttumanns í Miðfelli Jónssonar; þ. b.:
    - a. Þórunn átti Einar Guðmundsson<sup>4)</sup>.
    - b. Guðrún átti Bjarna Ásgeirsson í Steingrímsfirði<sup>5)</sup>.

1) Sveinn bjó í Holti á Síðu og var auðugur. Hann var son Alexanders Gunnarssonar á Uppsölum í Landbroti og Sigríðar Órækjudóttur frá Arnardrangi Vigfússonar. Sveinn mun hafa verið tvíkvæntur og var Alexander í Skál faðir Sveins á Sólheimum son hans og Guðrúnar Árnadóttur, systur Sverris í Skaptárdal, er hefur verið s. k. Sveins, en Helga hin fyrri.

2) Í ættatölum Steingr. biskups er maður Ólafar talinn Erlendur Sigurðsson á Sperðli.

Enn var dóttir séra Magnúsar Oddssonar:

3. Guðrún átti Jón á Miðskála son Bjarna sýslumanns Nikulássonar og miðkonu hans Petrónellu Jónsdóttur.

3) Um framætt Einars lögréttumanns í Haga sjá II, 293, og mun þetta, sem hér er talið, rétt. Hann var þríkvæntur og var Guðrún Oddsdóttir fyrsta kona hans, önnur Úlfhildur Bjarnadóttir og þriðja Puriður Jónsdóttir.

4) Einar bjó í Vatnsdal í Fljótshlíð. Dætur hans og Þórunnar voru: Helga, er átti Arnodd Erlendsson, Puriður og Margrét, er átti Þorbjörn Jónsson frá Hemlu Jónssonar, þeirra son Einar í Sigluvík faðir Þorbjarnar föður Guðmundar á Stóra-Hofi á Rangárvöllum.

5) Aðrir telja, að hún hafi að eins átt launson með Bjarna þessum, en giptzt þó í Steingrímsfirði. Séra Magnús var þríkvæntur og Helga 1. kona hans, en miðkona hans var Margrét Guðmundsdóttir frá Vatnsdal, systir Einars, þ. b.: Jón, en 3. kona hans var Marín Sigurðardóttir frá Kirkjulæk, og var dóttir þeirra



c. Halla<sup>1</sup>).

C. Þorbjörg seinni kona Jóns á Reykjarhóli í Fljótum<sup>2</sup>) Magnússonar í Njarðvík Eiríkssonar í Djúpadal Magnússonar; þ. b.:

1. Hannes í Mörtungu<sup>3</sup>) átti Guðrúnu Brynjólfsdóttur Ásmundssonar prófests á Breiðabólstað Eyjólfssonar; þ. b.:
  - a. Jón prestur á Mosfelli átti Sigríði Arnórsdóttur<sup>4</sup>) og börn.
  - b. Þorbjörg átti séra Þorstein Sveinbjarnarson á Hesti og börn<sup>5</sup>).
  - c. Þorgeir á Hofi í Melasveit<sup>6</sup>) átti Salvöru Einarsdóttur og börn.
  - d. Þórunn átti séra Ólaf Jónsson í Miðdal og barn<sup>7</sup>).
  - e. Guðlaug átti Gissur<sup>8</sup>).

---

Úlfhildur, er giptist út í Pykkvabæ. Marín átti síðar séra Jón Hinriksson á Keldum.

1) Réttara: Helgi, komst í Vestmannaeyjar og dó bl.

2) Jón bjó í Marteinstungu í Holtum.

3) Hannes bjó í Marteinstungu í Holtum, en ekki Mörtungu (á Síðu).

4) Sjá um afkomendur þeirra III. 503—504.

5) Séra Þorsteinn var launson Sveinbjarnar Egilssonar í Njarðvík († 1773). Son hans og Þorbjargar var Gunnar stúdent á Hlíðarfæti í Svinadal, móðurfaðir Gunnars Þorbjörnssonar kaupmanns í Rvík. Sjá ennfremur um börn séra Þorsteins: Guðfræðingatal mitt, bls. 304.

6) Þorgeir bjó í Háfi í Holtum. Dætur hans og Salvarar voru: Guðrún, er átti Þórð Hafliðason í Hala (III, 144) og Vilborg, er átti Sigurð Sigurðsson í Háfshól (III, 145). Miðkona Þorgeirs Guðrún Árnadóttir, síðasta Sigríður Einarsdóttir á Glæsisstöðum Guðmundssonar.

7) Þórunn var s. k. séra Ólafs. Son þeirra var Ólafur í Laxnesi í Mosfellssveit, kallaður Mosdal, druknaði í Seltjörn 1798, átti Þuríði Jónsdóttur; þeirra dóttir Guðfinna átti Brand í Arnarfelli í Þingvallasveit Árnason frá Litla-Hálsi í Grafningi Brandssonar Jóhannssonar og hét son þeirra Narfi, komst norður í land.

8) Gissur var Jónsson, þau bjuggu í Höfðabúð á Akranesi.

2. Halldóra átti Jón Ketilsson á Sauðholti og Ferjunesi<sup>1)</sup>); börn:
  - a. Hannes lögréttumaður og hospítals-haldari í Kaldaðarnesi átti Guðrúnu<sup>2)</sup> Nikulásdóttur frá Auðsholti Jónssonar og börn.
  - b. Ólafur í Ferjunesi og Hreiðurborg, átti Ólöfu Gísladóttur og börn.
  - c. Guðmundur.
  - d. Guðrún.
  - e. Vigdís.
- [3. Oddur ráðsmaður á Hólum átti Þorgerði Gísladóttur (föðursystur Oddnýjar); þ. b.:
  - a. Jón sýslumaður Hjaltalín átti Mettu Jensdóttur og börn.
  - b. Þorgerður átti fyr Jón á Reykjaströnd í Skagafirði, en síðar Ólaf Sigurðsson og börn með báðum]<sup>3)</sup>.

---

1) Jón var son Ketils í Hraungerði Sigurðssonar á Flóagalli Þorsteinssonar Hálfðanarsonar Eyvindssonar Ólafssonar.

2) Réttara: Guðný. Systir hennar var Arnþrúður Nikulásdóttir, er átti Steindór Sæmundsson í Auðsholti í Ölfusi. Þær Guðný og Arnþrúður munu hafa verið systur samfedra Vigfúsar Nikulássonar, bls. 327. Börn Hannesar og Guðnýjar voru: Bjarni í Hlíðarhúsum, Hannes á Hvoli í Ölfusi, Jóhann, Jón á Lambastöðum í Kaldaðarneshverfi, Sigríður kona Jóns Gamalielssonar á Stokkseyri og Einar spítalahaldari í Kaldaðarnesi faðir Hannesar í Tungu í Bæjarhrepp föður Guðmundar, er nú býr í Tungu og systkina hans. Er allmikill ættleggur kominn frá Hannesi í Kaldaðarnesi og Guðnýju og flest í Flóanum.

Þorbjörg Oddsdóttir átti síðar Þórð Franzson prests í Hruna Íbssonar (sbr. II, 310).

3) Það er gersamlega rangt, að Oddur ráðsmaður á Hólum faðir Jóns sýslumanns Hjaltalíns hafi verið son Jóns Magnússonar í Marteinstungu og Þorbjargar Oddsdóttur, þótt svo sé rakið í flestum ættatölum, því að það nær engri átt. Er gerð nokkur grein fyrir missögnum um framætt Jóns Hjaltalíns á bls. 139—140 hér að framan. Gæti hann miklu fremur verið son Odds sýslumanns Magnússonar, sem hér er um að ræða, því að

Oddur bjó á Sperðli og Haga í Holtum og varð lög-  
réttumaður. Var hann skýr bóndi og efnamaður. Hann  
kallast í ættatölum sýslumaður í Vestmannaeyjum. Lét  
hann dóm ganga 19. apríl 1670 á Hvítungum í Vestmanna-  
eyjum í umboði Markúsar Snæbjörnssonar um hlut þann,  
er kallast konungstíund<sup>1</sup>). Hygg eg að hann hafi ekki  
haft þar sýsluveiting, heldur verið umboðsmaður Markúsar,  
því að Markús bjó á landi og átti opt örðugt með að  
sækja til eyjanna<sup>2</sup>).

### Einar Eyjólfsson

lögrettumaður útnefndi dóm að Hvítungum í Vestmanna-

---

hann var stólsráðsmaður í Skálholti, en reyndar ekki á Hólum,  
svo að menn viti. Samt vil eg ekkert fullyrða um það efni.

Enn var dóttir Odds í Haga og Halldóru s. k. hans:

D. Kristín f. k. Bjarna Bjarnasonar á Ketilsstöðum  
í Holtum, þar búa þau 1729, og er Kristín þá  
talin 42 ára (f. c. 1687), þ. b.: Ámundi og Þor-  
grímur, dóu bl. Í ættatölum Steingrims biskups  
er ennfremur talinn son Odds:

E. Páll drukknaði bl.

1) Sbr. Alp.bók 1672 nr. 3.

2) Oddur er vottur á Sandhólaferju í Holtum 30. okt. 1663,  
þá er Erlendur Guðmundsson (frá Háfi Magnússonar) gerði pró-  
ventusamning við bróðurson sinn Sigurð Magnússon á Sand-  
hólaferju með samþykki Ívars lögrettumans á Brúnastöðum  
bróður sins, en Hannes Guðmundsson bróðir þeirra var þá ný-  
lega andaður. Hann var undir Eyjafjöllum. 19. des. 1665 lög-  
festi Oddur í umboði Markúsar sýslumanns eignarjörð hans, Stóra-  
dal undir Eyjafjöllum. 16. maí 1669 fékk hann umboð hjá  
Birni Þorvaldssyni á Skammbeinsstöðum Skálholtsráðsmanni að  
innheimta tíundir í Rangárþingi og landskuldir í Skammbeins-  
staðaumboði og 2. jan. 1670 fékk hann byggingu fyrir Varmadal.  
(Sbr. Bréfabækur Brynjólfs biskups, afskr. í Lbs.).

Það mun rétt, að Oddur hafi ekki haft veitingu fyrir sýsl-  
unni, heldur verið þar að eins umboðsmaður eða lögsagnari  
Markúsar sýslumanns. Eptir hann er til dómur um vökuna í  
Vestmannaeyjum, líklega frá því um 1670, eða þar um bil (sbr.  
Tyrkjaránsögu, bls. 453—454). 1682 gáfu Vestmannaeyingar hon-  
um vitnisburð, að hann hafi »sér við þá vel og frómlega hegð-  
að« sem umboðsmaður Markúsar (sbr. Alp.bók 1683, nr. 13). Er  
óvíst, að hann hafi haft lögsögn í eyjunum eptir 1683, því að þá

eyjum 17. júní 1685 (alii 1675)<sup>1)</sup> í umboði Markúsar sýslumanns Snæbjörnssonar um drykkjufiska, hásetahlýðni við formenn, hrófölsfiska, skipti á happadráttum, húsaleigu-upphæð, skriffiska, skiphaldsfiska og skipti á sjálfum fiskikösum. Dómurinn samþykktur á alþingi sama ár<sup>2)</sup>. Einar lét og í umboði Markúsar ganga dóm í Vestmannaeyjum 20. júní 1687 um kærúmál Péturs Wibe upp á Jón Stígs-son<sup>3)</sup>.

### Ólafur Árnason.

- Faðir:* Árni í Haga, dó 1704, 100 ára, son Björns Magnússonar á Laxamýri og Guðríðar Þorsteinsdóttur prests í Múla Illhugasonar (sjá Strandasýslu).
- Móðir:* Bergþóra<sup>4)</sup> Bergþórsdóttir lögréttumanns Sæmundssonar prests í Glaumbæ.
- Kona:* Emerentíana Pétursdóttir prests í Vestmannaeyjum Gissurarsonar prests á Staðarbakka Hallgrímssonar<sup>5)</sup>.

kemur Einar Eyjólfsson litlu síðar. Oddur var orðinn lögréttumaður fyrir 1675 og er síðast á alþingi 1691, sem lögréttumaður úr Rangárþingi, en vorið 1692 er hann látinn, og hefur því annaðhvort andast snemma það ár eða síðla árs 1691. Hann bjó fyrst á Sperðli í Landeyjum, flutti að Varmadal á Rangárvöllum 1670, þaðan 1677 að Lýtingsstöðum í Holtum og síðast að Haga og mun hafa andast þar. Vorið 1685 var hann staddur á Hólum, ásamt fleirum, sem úttektarmaður stólsins fyrir hönd Jóns biskups Vigfússonar, er hann tók þar við. Hann varð ráðsmaður í Skálholti hjá Þórði biskupi 1688, og hefur líklega haft það starf á hendi til dauðadags.

1) Það er rangt.

2) Sbr. Alp.bók 1685, nr. 6.

3) Sbr. Alp.bók 1687, nr. 24. 1693 var Einar skipaður af amtmani til að rannsaka morðsmálið úr Vestmanneyjum, er þær systur, Ingibjörg og Ingveldur, voru grunaðar um að hafa myrt Gísla Pétursson, mann Ingibjargar, (sjá hér á undan, sbr. Alp.bók 1693, nr. 47). Sjá frekar um Einar sýslumann Eyjólfsson bls. 317—321.

4) Hún er venjulegast kölluð Þóra.

5) Séra Gissur á Staðarbakka († 1650) var Gamalielsson, en ekki Hallgrímsson.

- Börn:*
- A. Björn.
  - B. Pétur.
  - C. Vilborg.
  - D. Valgerður átti Höskuld son Eiríks prests á Krossi Þorsteinssonar.

Ólafur var orðinn lögréttumaður 1690, gerðist lögsagnari Markúsar sýslumanns í Vestmannaeyjum 1696<sup>1)</sup>, þar settur sýslumaður 1697, fékk veitingu 1698 og hélt sýslunni til síns dauða 1722. Ólafur var maður hraustur og harðger; má það hafa verið orsök til, að hann var kallaður Ólafur *klaki*<sup>2)</sup>.

### Sigurður Stefánsson.

(Sjá um hann við Skaptafellssýslu). Hann var hér settur sýslumaður eptir Ólaf 1723<sup>3)</sup>, fékk veitingu fyrir sýslunni 1725, frá sagði sér hana og fékk veitingu fyrir austurparti Skaptafellssýslu 1738, deyði 1765. Meðan hann var í Vestmannaeyjum, fékk hann kongsjörð þar til friðbúðar.

### Hans Wium.

(Sjá um hann við Múlasýslu miðhluta). Hans var

1) Hann hefur verið orðinn þar lögsagnari áður, því að 27. apríl 1693 dæmir hann í hinu fyrnefnda morðsmáli þeirra systra, Oddsdætra, (sbr. Alp.bók 1694, nr. 31), en 1696 virðist hann vera orðinn sýslumaður í Vestmannaeyjum, því að hann er í alþingisbókinni það ár talinn meðal ókominna »sýslumanna«. Ef til vill hefur hann þó að eins þá verið settur sýslumaður.

2) Hinn 9. maí 1719 setti Fuhrmann amtmaður Hákon sýslumann Hannesson til að þjóna Vestmannaeyjum um stundarsakir eptir Ólaf Árnason, og er þá svo að sjá, sem hann sé þá látinn.

3) Hann hefur líklega verið settur þar 1722, því að í lausnarbeiðni sinni frá sýslumannsembætti í Austur-Skaptafellssýslu 1758, segist hann hafa verið alls sýslumaður 36 ár. Hann fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu 17. apríl 1727 (ekki 1725), en Austur-Skaptafellsýsla var honum veitt 14. marz 1738. Með kgsúrskurði 28. apríl 1734 voru sýslumanni í Vestmannaeyjum veitt 10 rd. laun fyrst um sinn, er var gert að föstum launum með kgsúrskurði 28. marz 1769. Síðar (1773) voru launin ákveðin 30 rd., 40 rd. 1778 og 1786 voru þau orðin 57 rd. 48 sk. Fyrir 1734

hér settur sýslumaður eptir Sigurð 1738<sup>1</sup>), fékk sér veittan miðhluta Múlasýslu 1740, frásagði sér hann 1778, deyði 1788, 80 ára.

### Böðvar Jónsson.

*Faðir:* Jón lögréttumaður á Yxnakeldu Ólafsson.

*Móðir:* Elín Þórðardóttir lögréttumanns á Ökrum Finns-sonar Sigurðssonar<sup>2</sup>).

*Kona fyrri:* Ragnhildur Jónsdóttir, systir Gísla í Kross-holti<sup>3</sup>), bl.

*Kona seinni:* Oddrún Pálsdóttir<sup>4</sup>).

*Barn* A. Jósep dó bl.<sup>5</sup>).

Laundætur Böðvars sýslumanns voru:

B. Ragnheiður<sup>6</sup>) átti Þórð Guðmundsson. Ragnheiður veiktist undarlega, dó bl.

---

hafa því sýslumenn í Vestmannaeyjum ekki haft nokkur föst laun, heldur að eins fiskgjald það, er ákveðið var 1633.

1) Hann fékk beinlínis veitingu fyrir sýslunni 1. maí 1738, en 13. apríl 1740 var honum veittur miðhluti Múlasýslu.

2) Elin Þórðardóttir var f. k. Jóns lögréttumanns, og andaðist hún 1720, en s. k. hans var Elin Arnljótsdóttir Þórðarsonar, og var son þeirra Arnljótur á Guðlaugsstöðum, er því var bróðir samfedra Böðvars sýslumanns (sbr. II, 351 og III, 186).

3) Ragnhildur var dóttir Jóns á Rauðamel Björnssonar í Stóraskógi Guðmundssonar.

4) Faðir hennar var Páll Magnússon prests í Kálfholti Páls-sonar, en meðal systkina hennar voru Jón á Skeiði í Hvolhrepp og Guðbjörg, kona séra Lopts Rafnkelssonar á Krossi. Ætternis Oddrúnar er að vísu hvergi getið í ættartölum, en að þetta sé rett sést af skjali rituðu í Vestmannaeyjum 12. nóv. 1811 um framfæri Ragnheiðar Böðvarsdóttur, dóttur hennar. Oddrún andaðist í Norðurgarði í Vestmannaeyjum 25. apríl 1799, og er þá talin 79 ára. Ef til vill hefur Böðvar sýslumaður búið í Norðurgarði.

5) Jósep bjó með móður sinni í Norðurgarði og dó þar 3. nóv. 1785, 37 ára.

Enn voru börn Böðvars og Oddrúnar:

B. Eggert var timburmaður í Noregi.

C. Jakob mun hafa dáíð ungur.

D. Ragnheiður (sjá hér á eptir).

6) Ragnheiður var ekki laungetin, heldur hjónabandsbarn. Hún var tvígípt og fluttist úr Vestmannaeyjum, gíptist í síðara

- C. Ingibjörg<sup>1)</sup> átti Jón Sigmundsson, þeirra son:  
 1. Magnús<sup>2)</sup> átti Sigríði Einarasdóttur, barn:  
 a. Einar<sup>3)</sup> átti Önnu Þórðardóttur Jóns-  
 sonar og Helgu Sveinsdóttur frá Reyni-  
 felli.

Böðvar var skólagenginn og fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu eftir Wíum 1740 og hélt þá sýslu meðan lífði. Hann deyði 1754<sup>4)</sup>.

### Brynjólfur Brynjólfsson.

*Faðir:* Brynjólfur Gíslason<sup>5)</sup>.

sinn 1790 Jóni Einarssyni á Seltjarnarnesi, en varð síðar niðursetningur í Vestmannaeyjum og andaðist þar 15. september 1836, 92 ára. Hún kallaði sig Westmann.

1) Móðir Ingibjargar var Kristín Jónsdóttir prests í Eyvindarhólum Oddssonar. Þau Jón og Ingibjörg bjuggu í Stöðulkoti í Pykkvabæ, og þar andaðist Ingibjörg 14. janúar 1831, hálfniræð að aldri, en Jón maður hennar dó 1. okt. 1832.

2) Magnús bjó síðast í Háarima í Pykkvabæ og dó þar 12. júlí 1804. Sigríður kona hans var dóttir Einaris Guðmundssonar á Glæsistöðum og átti hún síðar Þorgeir Hannesson í Háfi og var síðasta kona hans.

3) Einar bjó í Stöðulkoti. Börn hans og Önnu: Ingibjörg, Magnús, Jón, Sigurður, Þórður, Ingibjörg önnur.

Enn mun hafa verið dóttir Böðvars sýslumanns, laungetin, Björg, fædd um 1734, var í Vestmannaeyjum.

4) Böðvar hefur á unga aldri farið norður og var 6 ár í þjónustu Bjarna sýslumanns Halldórssonar á Þingeyrum og honum til aðstoðar, útskrifaður úr Skálholtsskóla 22. apr. 1739 og var skrifaður í stúdentatölu við háskólann 18. desember s. á.; er þá talinn í innritunarskránni á 23. ári, en annarsstaðar (Kopiubók stiptamts 1740, bls. 74—75) á 26. ári, og mun það réttara. Hann fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu 13. apr. 1740, fékk og hálf Þykkvabæjarklaustur til forráða. Gaf konungur Oddrúnu ekkju hans upp 28 rd. af gjaldskuld manns hennar af klaustrinu 15. apríl 1755. Er þess þar getið, að Oddrún eigi fyrir 6 ungbörnum að sjá. Böðvar sýslumaður hefur verið rúmlega fertugur, er hann andaðist vorið 1754. Um Böðvar sýslumann er getið í Æfisögu Jóns prófests Steingrímssonar (Rvík 1913, bls. 54—56), og þar skýrt frá alleinkennilegum orðaskiptum milli þeirra.

5) Hann var son Gísla lögréttumanns Eiríkssonar á Höskuldstöðum í Breiðdal og bróðir Gísla prests hins gamla á Desj-

*Móðir:* Guðrún dóttir Ara á Sökku, þess er deyði af vosi og kulda, þá hann hafði með karlmennsku bjargað í skipreika mörgum. Hann var sonur séra Jóns Arasonar í Vatnsfirði. Eptir það Guðrún átti þennan launson giptist hún Vigfúsi Ólafssyni á Syðrafjalli í Aðalreykjadal, þeirra börn: Guðrún og Jónar tveir.

Brynjólfur var hér settur sýslumaður, þegar Böðvar deyði 1754, og þótt bæði Lýð sýslumanni væri veitt sýslan 1755 og Halldóri sýslumanni 1757, komu þeir hvorugir til að þéna sýslumannsverkum í Vestmannaeyjum; hélt því Brynjólfur þar lögsögu til þess Sigurður sýslumaður við tók 1758<sup>1</sup>).

---

armýri. Barnsmóðir hans, Guðrún Aradóttir, var kölluð Guðrún sól, sakir friðleiks síns, og var mælt, að Jón Steinsson biskups hafi mikillega viljað fá hennar og vildi gangast við barni hennar, er Brynjólfur átti. Maður Guðrúnar var litilsháttar og kallaður svartí-Fúsi. Brynjólfur var nærri útlærður úr Hólaskóla, er hann átti barnið með Guðrúnu. Hann er í Hólaskóla veturinn 1714—1715.

1) Um Brynjólf lögsagnara er fátt kunnugt annað en það, að hann var í Skálholtsskóla um 1740, þá 19 vetra (f. c. 1721), en varð að fara þaðan vegna grunsemdar um peningastuld frá skólabróður sínum, Grími Bessasyni (síðar prestur á Hjaltastað), er þeir urðu samferða suður í skóla. Er mikið um mál þetta í bréfabókum Jóns biskups Árnasonar (Lskjs.). Hefur Brynjólfur þá verið eystra hjá föður sínum, er bjó á Nesi í Norðfirði. Hvar eða hvenær Brynjólfur lögsagnari hefur andazt er mér ekki kunnugt, en hann var á lífi 1793 og var þá aðkomandi í Vestm.eyjum, en hefur þá líklega átt heima austur í Múlasýslum. Var nefndur »Eyja-Brynki«. Hann var ókvæntur og bl. Sumstaðar er talið að Brynjólfur lögsagnari hafi verið skilgetinn son Brynjólfs lögréttumanns Gíslasonar, og mun það réttara, og séra Árni prófastur Þorsteinsson í Kirkjubæ († 1829) ritar í ættartölubroti Austfirðinga (í minni eign), að laundóttir Brynjólfs og Guðrúnar Aradóttur hafi heitið Guðríður, og það ber fleirum saman um, svo að það má telja vist, að Brynjólfur lögsagnari hafi ekki verið son hennar, því að ekki er kunnugt, að Guðrún hafi átt tvö launbörn með Brynjólfi Gíslasyni.

Í Æfisögu Jóns prófests Steingrímssonar (Rvík 1913, bls. 52—59) er getið um stjúpföður Brynjólfs lögsagnara, Bótólf Þorvaldsson, er síðast hafi búið á Ytri-Sólheimum í Mýrdal og druknað á ferð út í Vestmannaeyjar. Sannar þetta meðal annars ljóslega,



## Lýður Guðmundsson.

Sjá um hann við Skaptafellssýslu vesturhluta. Honum var veitt þessi sýsla 29<sup>1)</sup> apríl 1755, en var þá settur sýslumaður í Skaptafellssýslu, sótti um hana og fékk sér hana veitta 1756, kom því ei til embættisverka í Vestmannaeyjum, en hélt Skaptárþing til 1801.

## Halldór Jakobsson.

- Faðir:* Jakob Eiríksson, nafnfrægur bóndi við Búðir í Snæfellsnessýslu (sjá þar). Hann var læknir góður og margt vel um hann, skólalærður, deyði 1767. Eiríkur faðir hans lögréttumaður við Búðir var son Steindórs og Soffiu Jakobsdóttur sýslumanns í Snæfellsnessýslu (sjá þar).
- Móðir:* Guðrún Jónsdóttir prests á Staðastað Jónsonar.
- Kona:* Ástríður Bjarnadóttir sýslumanns á Þingeyrum Halldórssonar. Hafði Ástríður áður átt barn með Erlendi, sigldum stúdent, fengu þau ekki að ektast, því munur mikill þótti auðæfa, þar hann var snauður. Vildu samarfar hennar síðar gera hana arflausa fyrir þá barneign. Urðu þar um miklar deilur, sem hér er oflangt frá að skýra.
- Dóttir:* Guðrún átti séra Einar Thorlacius á Grenjaðarstað; voru þau saman stuttan tíma, þar til hann deyði, og hún skömmu þar eftir, bæði barnlaus.

Halldór var skólalærður, fór utan og var þar við lærðómsiðkanir um hrið, kom út og var settur sýslumaður í Strandasýslu 1757 eptir Einar sýslumann. En téð ár (5. apríl 1757) fékk hann veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu, en fór ekki þangað, heldur sótti um Strandasýslu, og fékk

---

að Brynjólfur hefur ekki verið son Guðrúnar Aradóttur, hvort sem hann hefur verið hjónabandsbarn Brynjólfs Gíslasonar eða ekki.

1) Réttara mun: 25. apríl.

hana 1758 sér veitta. Mælt var hann hefði engin heillaþúfa verið formanns sins, Einars sýslumanns.

1764 var honum vikið frá embætti út af fangahaldi Eyvindar útilegubjósfs og hans konu Höllu og Halldórs Ásgrímssonar, sem öll struku frá honum, komst þó aptur til valda seinna eptir æðri dómum 1765.

1778 var Halldór af rentukammerinu sektaður um 50 rd. fyrir illa meðhöndlun á skipi og góssi, sem strandaði við Dranga 1775, og var þar um stapp nokkur ár. 1788 var hann frá embætti settur af Ólafi síðar stiptamtmani Stefánssyni fyrir órélega meðferð á góssi við ströndun Höfðaskips 1787 við Engines á Ströndum, og frá embætti dæmdur 1790 eptir mikið málavastur. Hann skaut máli sínu til hæstaréttar og fór utan, meintu menn hann mundi nokkuð ávinna, en vegna hans drykkjuskapar og aðgerðaleysis, kom málið ekki fyrir hæstarétt, lenti svo við yfirréttardóminn, að hann komst ei til sýslunnar, en fór til Íslands óríkur af lausafé.

Um þessar mundir missti hann konu sína Ástríði, hafði jafnan verið óástúðlegt í samlífi þeirra á millum.

Halldór uppihél sér þar eptir um hrið hjá frú Þorbjörgu Bjarnadóttur í Viðidalstungu og þar eptir hjá Birni sekreter Stephensen og testamenteraði eldra syni hans Kolbeinsstaðaeignir sínar. Loks deyði hann 1810.

Halldór var hár maður vexti, í grennra lagi, karlmannlegur, og heldur ófriður í andliti, ekki góðmannlegur, fróður í mörgu og ekki illa að sér, þá hann þess gætti. Drykkjumaður var hann mikill og skemmdi þar með mjög fyrir sjálfum sér (ritgerðir hans sjá við Strandasýslu). Lengst af meðan Halldór hélt Strandasýslu bjó hann á Felli í Kollafirði og átti opt í erfiðu málastappi<sup>1)</sup>.

### Sigurður Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður prestur í Flatey 45 ár, son Sigurðar lögsagnara í Barðastrandarsýslu (sjá þar).

1) Sjá um Halldór sýslumann ennremur II, 394. Í Lbs. 519 4to. er brot af æfisögu hans, en vantar aptan af. Er hann þar talinn fæddur 2. júlí 1734, og er fæðingardags hans hvergi getið nema þar.

- Móðir:* Guðrún Tómasdóttir Jónssonar Finnssonar í Flatey.
- Kona:* Ásta Sigurðardóttir prests í Holti í Önundarfirði<sup>1)</sup> Sigurðssonar prests sama staðar Jónssonar prests í Vatnsfirði Arasonar sýslumanns Magnússonar sýslumanns.
- Börn:* A. Tómas prestur í Garpsdal átti Guðrúnu dóttur Sigurðar prests á Ökrum Jónssonar prests í Hítarnesi Högnasonar, börn:
  1. Sigurður stúdent, prestur lengst í Grimsey.
  2. Tómas drukknaði.
  3. Guðný átti launbarn, giptist svo Jóni Laxdæling.
- B. Guðrún átti Ólaf frá Hamraendum Benediktsson, bl.
- C. Elín, og 10 önnur, dóu bl.

Sigurður fæddur 1723, lærði skólalærdóm, fór svo utan, var þar og við lærdóm. En 1758 fékk hann veiting fyrir Vestmannaeyjasýslu. 1760, þá Erlendur sýslumaður var frá settur, var Sigurður settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og hélt þar lögsögu til 1768, þá hann veik aptur til Vestmannaeyja, og hélt þá sýslu til þess honum var veitt Borgarfjarðarsýsla 1786.

Ekki þótti Sigurði sýslumanni Borgarfjarðarsýsla arðsöm eða vandalið þar að vera yfirvald, frásagði sér því sýsluna 1792, en fékk lausn frá henni í náð 1794. Sigurður brá til utanferðar og deyði í Kaupmannahöfn 1797. Er mælt hann hafi þá verið þar snauður af fé og þrotinn að heilsu. Opt átti hann örðugt með embættisverk í Borgarfjarðarsýslu. Hann var maður óríkur, og sumir sýslubúar gerðu honum lágt undir höfði. Af því að hann var dimmleitur gáfu þeir honum afheyrnis auknefni, *skuggi*. Hann fór alls utan 6 sinnum og átti 13 börn, en Vestmannaeyjasýslumannalaun voru fyrst, þá hann fékk þar sýslu frá 10 til 20 rd. (seinna varð það 90 rd.). Sigurður var 74 ára, þá hann lézt<sup>2)</sup>.

1) Séra Sigurður í Holti faðir Ástu andaðist 22. desember 1760 (en ekki 21. jan. 1761, eins og segir III, 510).

2) Frásögn Boga um Sigurð sýslumann hér er svo að segja

## Þorlákur Guðmundsson.

- Faðir:* Guðmundur Vernharðsson prestur í Selárdal.  
*Móðir:* Margrét Arngrímsdóttir Jónssonar Arngrímssonar.  
*Kona:* Guðrún Tómasdóttir Jónssonar bónda á Sel-látrum.  
*Börn:* A. Jón prestur á Bægisá, nafnfrægt skáld, átti Margréti Bogadóttur frá Hrappsey, börn:  
 1. Guðrún átti laundóttur, sem hét Kristín<sup>1)</sup>, gípt Jóhannesi bónda í Fagurey Guðmundssyni.  
 Þar eptir gíptist Guðrún séra Eyjólfvi í Saurbæjarþingum, syni séra Gísla á Breiðabólstað Ólafssonar biskups, börn:  
 a. Gísli<sup>2)</sup>.  
 b. Jón<sup>3)</sup>.  
 c. Þorkell<sup>4)</sup>.  
 d. Bogi<sup>5)</sup>.  
 e. Kristjana Margrét gípt Magnúsi Nikulásssyni bóndamanni.

---

orðrétt, eins og hún er við Borgarfjarðarsýslu III, 510 etc. Að öðru leyti vísast hér til hinna itarlegu athugasemda og viðauka um Sigurð sýslumann III, 510—516.

1) Hún var Kristjánsdóttir. Son Jóhannesar og hennar var Guðmundur snikkari í Reykjavík, er átti Guðnýju Jónsdóttur, systur Einars snikkara.

2) Gísli átti Rósu Björnsdóttur í Hjarðarholti Guðmundssonar, og var son þeirra Eyjólfur, faðir Bjarna ljósmyndara (Chr. B. Eyjólfssonar).

3) Jón prestur í Dýrafirði († 1869) átti Sigríði (ekki Guðrúnu, sbr. II, 105) Oddsdóttur frá Atlastöðum í Fljóti (Aðalvík) Jónssonar s. st. Þorkelssonar Þorkelssonar, og voru börn þeirra: Þorkell, Hjalmtýr, Verónika, er átti Ólaf Sakariásson (móðir Rögnvalds húsgerðarmeistara), Björn, Oddfríður og Þorbjörg, gípt Ólafi gullsmið í Rvík Sveinssyni Ísleifssonar gamla í Skógum Jónssonar, p. b.: Georg cand. polit., Ásta, Bogi, Efemía, Þorkell.

4) Þorkell prestur á Staðastað († 1891) átti Ragnheiði Pálsdóttur prófests í Hörgsdal. Börn þeirra talin bls. 179.

5) Bogi dó bl.

f. Ágústína Jóhanna<sup>1</sup>).

(Mælt var, að séra Jón hefði átt nokkur launbörn<sup>2</sup>).

B. Páll prestur á Þingvöllum átti Sigríði Stefánsdóttur<sup>3</sup>), þ. b.:

1. Björn prestur á Þingvöllum átti Þórunni Björnsdóttur prests í Hítardal Benedikts-sonar, þ. b.:

a. Björn<sup>4</sup>).

b. Árni<sup>5</sup>).

c. Solveig<sup>6</sup>).

2. Stefán bóndi í Oddgeirshólum átti Guðríði dóttur Magnúsar lögmanns Ólafssonar á Meðalfelli, þ. b.:

a. Steindór skólapiltur, drukknaði á Skerjafirði.

1) Ágústína átti Einar Hallgrímsson og börn.

2) Launbörn hans með Jórinni Brynjólfsdóttur frá Fagradal, er hann missti prestinn fyrir, hétu Jón og Benóní, dóu ungir. Síðar voru séra Jóni eignuð börn ráðskonu hans, Helgu Magnúsdóttur, (systur Jóns á Kirkjubæjarklaustri), þótt þau væru kennd öðrum, Sigurði nokkrum Hálfðanarsyni. Meðal þeirra barna voru Jón prestur (Sigurðsson) í Kálfholti (»Bægisárkálfur«) † 1863 og Margrét móðir séra Jóns Norðmanns á Barði í Fljótum († 1877).

3) Hún var dóttir séra Stefáns Högnasonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð.

4) Björn í Heiðarbæ og víðar átti Guðrúnu Gísladóttur á Villingavatni Gíslasonar og Þjóðbjargar Guðnadóttur í Reykjakoti Jónssonar Eysteínssonar. Eitt barna þeirra: Gísli bóndi í Miðdal í Mosfellssveit.

5) Árni bjó á Fellsenda, Brautarholti og Hvanmkti, varð svo lögglupjónn í Rvík, fór síðast vestur á Ísafjörð, átti Salvöru Kristjánsdóttur frá Skógarkoti Magnússonar Marteínssonar Þorlákssonar. Son þeirra er Björn gullsmiður í Rvík.

6) Solveig átti Björn hreppstjóra Eyvindsson á Vatnshorni í Skorradal, bróður Hjörts hreppstjóra í Austurhlíð og mörg börn. Meðal þeirra eru Björn dbrm. í Grafarholti og Bjarni bóndi á Vatnshorni.

- b. [Sigríður] kona Jóhanns prófests Briems í Hruna<sup>1)</sup>.
3. Rannveig.
4. Guðrún átti Odd Kortsson Þorvarðssonar<sup>2)</sup>.
5. Guðfinna átti Halldór Steinason á Valdastöðum og börn<sup>3)</sup>.
- C. Hólmfríður fyrri kona séra Steindórs Jónssonar í Hvammi í Norðurárdal; börn:
1. Rannveig átti Gest Sæmundsson; börn:
- a. Steindór.
  - b. Benedikt.
  - c. Þorlákur.
  - d. Gestur.
2. Guðríður átti Jón Halldórsson á Stóra-fjalli Þorsteinssonar; börn:
- a. Guðmundur.
  - b. Ólafur.
  - c. Steindór.
  - d. Þorsteinn.
  - e. Jón.
  - f. Jóhanna.
  - g. Sigríður.
  - h. Ingibjörg o. fl.
3. Ingibjörg seinni kona Eyjólf Erlendssonar; þ. h.:
- a. Ástríður.
  - b. Solveig.

---

1) Sbr. I, 288.

2) S. m. Guðrúnar var Jón Erlendsson í Meðalfellskoti, þau bl.

3) Börn Halldórs og Guðfinnu voru Steini á Valdastöðum, Guðríður og Anna.

Enn voru börn séra Páls á Þingvöllum og Sigríðar: Einar prestur á Reynivöllum, er átti Ragnhildi Magnúsdóttur lögmanns Ólafssonar (sbr. III, 167), Halldór og Hólmfríður, er önduðust ung, en hafi þau átt dóttur, er Rannveig hét, hefur hún dáið ungbarn.

c. Valgerður o. fl.<sup>1)</sup>.

D. Þorbjörg átti Jón bónda Ólafsson á Heylæk í Fljótshlíð og börn<sup>2)</sup>.

E. Rannveig<sup>3)</sup> átti Þórð Nikulásson; þeirra son:  
1. Jón átti Valgerði<sup>4)</sup>.

Eptir afstaðinn skólalærdóm gerðist Þorlákur kapellán hjá föður sínum 1735, en fékk veiting fyrir Selárdal, þá faðir hans dó 1738. Séra Jón Teitsson, seinna Hóla-

1) Barna séra Steindórs í Hvammi og Hólmsfríðar er áður getið nánar III, 136—137.

2) Meðal barna Jóns og Þorbjargar var:

a. Tómas í Teigi, er átti Guðbjörgu Nikulásdóttur Eyvinds-sonar, þ. b.:

aa. Tómas á Hrutafelli átti Vilborgu Brynjólfsdóttur, systur Guðmundar á Keldum, og börn.

bb. Guðmundur í Teigi átti Hallberu Magnúsdóttur og mörg börn, Magnús í Teigi, Tómas í Flankastaðagerði o. fl.

cc. Jón eldri á Skála átti Önnu Jónsdóttur. Synir þeirra: Tómas á Arnarhóli, Jóhann í Krosshjáleigu og Árni.

dd. Jón yngri á Heylæk, tvíkvæntur.

ee. Valgerður átti Ólaf Ólafsson smið í Teigi og börn.

ff. Þorbjörg átti Hafliða í Lónakoti, bl.

Hórson Tómasar Jónssonar í Teigi var:

gg. Jón bjó í Finnshúsum, átti Guðnýju Árnadóttur frá Dufþekju Egilssonar prests Eldjárnssonar, synir þeirra: Árni á Núpi, Samúel og Jóhann á Valstrýtu, er átti Guðrúnu Stefánsdóttur prests Hanssonar.

3) Rannveig var ekki dóttir Þorláks og Guðrúnar, heldur dóttir hans og s. k. hans Þóru Jónsdóttur, er síðar átti Jón á Sámsstöðum Björnsson Nikulássonar (sbr. bls. 396). Var Rannveig fædd í Hrepphólasókn í Ytrihrepp eptir lát föður síns, skírd 25. febrúar 1774 (sbr. prestþjónustubók frá Hrepphólum í Lskjs.). Sést af því, að Þorlákur hefur ekki andazt fyr en 1773 að minnsta kosti, þótt dánarár hans sé víðast talið 1772. Þórður maður Rannveigar var sonarson Eyvinds Jónssonar klausturhaldara og bjuggu þau í Svínhaga.

4) Jón bjó í Svínhaga. Valgerður kona hans var dóttir Árna á Galtalæk Finnbogasonar á Reynifelli Þorgilssonar s. st. Þorgilssonar á Efrahvoli Jónssonar s. st. Þorgilssonar. Börn Jóns og hennar voru: Þórður á Leirubakka faðir Jóns kaupmanns í Rvík († 1911) og bræðra hans, Brynjólfur í Árbæ, Árni í Ósgröf, Vernharður á Grjótlæk, Páll í Svínhaga, Vigfús á Heylæk og Helga, er átti Finnboga Árnason á Suður-Reykjum.

biskup, varð prestur í Otrardal 1740 og prófastur í Barðastrandarsýslu 1743. Var meining, að séra Jón hefði mikinn hug til að fá Selárdal, ef losnaði, og hann væri til þess brauðs næstur, sem prófastur í sýslunni. Séra Þorlákur og séra Jón voru hvor annars prestur. Orð fór af, að séra Þorlákur væri kvennamaður og mikill drykkjumaður.

1748 bar svo til, að séra Þorlákur reið til Otrardals og skyldi embætta þar og taka við séra Jóni. Var séra Þorláki vel veitt og látið vera hjá honum nóg brennivín um morguninn, áður embætta skyldi, af hverju séra Þorlákur gerði sér gott um of. Við sakramentis útteilingu förlaðist séra Þorláki (aðrir segja í messunni) venjuleg og regluleg þjónustugerð. Tilkynti prófastur þetta biskupi, sem lét rannsaka málið. Séra Þorlákur fannst sakfallinn, og var hann dæmdur frá prestsembætti 1749. Yfirvöldin heyrðu orðasveim um tálsmörur þær, sem séra Jón hafði lagt fyrir séra Þorlák, og voru því ei honum svo meðmælt að fá Selárdal, sem annars mundi; hlaut því séra Eggert (Ormsson) Selárdal. Þó var Jóni prófasti sem góðum presti veittur Gaulverjabær 1755.

1754 var Erlendur Ísafjarðar sýslumaður frá settur embætti og þar settur Ólafur sýslumaður Árnason; en þar hann deyði sama ár, var þar settur Þorlákur exprestur, því að hann var þekktur að dugnaði og skynsemd í fleiru en guðfræði. Var hann því þar sýslumaður til þess Erlendur hafði unnið mál sín 1756.

1759 gerðist Þorlákur klausturhaldari á Þykkvabæ, hverju hann hélt um hrið. 1760 var hann settur sýslumaður í Vestmannaeyjum (því Sigurður Sigurðsson, sem hélt þá sýslu, var settur sýslumaður í Ísafirði í Erlends málum). Vegna örðugleika sleppti Þorlákur þeirri sýslu um 1766, en Einar Jónsson tók þar þá sýsluvöld.

1771 var Þorlákur enn settur sýslumaður í Árnespíngi eptir Brynjólf, en lítil eða engin embættisverk gerði hann þar, því hann var þá mjög hniginn að aldri og deyði 1772.

Þorlákur var skarpur maður og vel að sér ger, en kvenna- og drykkjumaður ætíð haldinn<sup>1)</sup>.

1) Þorlákur bjó um hrið í Múlakoti í Fljótshlíð, en síðast



## Einar Jónsson.

*Faðir:* Jón yngri á Hnappavöllum son Einars, er meinast að vera í föðurætt (máské föðurbróðir Eiríks á Hólmi föður Jóns konferenzráðs). Var hans faðir Jón Sigmundsson frá Hnappavöllum Jónssonar á Hofi Sigmundssonar Ormssonar, sem kominn var frá Ormi lögmanni, er lifði á 14. öld<sup>1</sup>).

(Systkin Einars rektors voru:

1. Halldór á Hnappavöllum.

í Hrepphólum og þar mun hann hafa andazt 1773 (sbr. hér áður), og hefur þá verið rúmlega sextugur (f. c. 1711). Hann sótti um Árnessýslu 1771 eða þá um eptirlaun, en þótti ofgamall og ekki fær um að hafa ábyrgð sýslu á hendi, þótt hann í viðlögum væri settur lögsagnari og færust þau störf vel úr hendi. Hann kvongaðist fám árum fyrir andlát sitt s. k. sinni Þóru Jónsdóttur, vinnustúlku af almúgafólki.

Í Lbs. 968 4to (prestatali séra Vigfúsar á Snæfoksstöðum) er beinlínis sagt, að Þorlákur hafi andazt í Hrepphólum 1772 um veturinn á útmánuðum. En það ártal hlýtur að vera rangt.

1) Hér er eflaust átt við Orm lögmann Snorrason á Skarði, en engar líkur eru fyrir því, að ætt þessi, sem kennd er við Skaptafell í Öræfum, sé frá honum komin. Eru missagnir miklar um ættina í ættatölubókum, en réttast hygg eg hana rakta af Sigurði Magnússyni í Holtum í Hornafirði (sbr. Ísl. Ártiðaskrár bls. 254—256). Jón Sigmundsson, langafi Einars skólameistara, bjó í Skaptafelli og mun Sigmundur faðir hans hafa verið Jónsson Eiríkssonar Jónssonar Tómassonar og bjuggu allir þeir langfedgar eða flestir þeirra í Skaptafelli. Afkomendur Jóns Sigmundssonar í Skaptafelli, er var uppi á fyrri hluta 17. aldar, eru taldir af Sigurði í Holtum í hdr. 615 8vo í Lbs., en því miður vantar í þá ættartölu. Væri oflangt að rekja hér þessar Skaptafells- og Hnappavallaættir, sem eru margtvinnnaðar saman. Þess skal að eins getið, að 3 voru synir Jóns Sigmundssonar í Skaptafelli: 1. Einar í Skaptafelli faðir Jóns s. st. föður Einars smiðs hins mikla, er þar bjó lengi, föður Jóns föður Bjarna, og bjuggu þeir allir mann fram af manni í Skaptafelli fram á næstliðna öld. 2. Jón á Svínafelli faðir Sveins s. st. föður Ásmundar s. st. og Sigurðar prests í Heydölum, sem Heydalaætt er frá komin. 3. Einar á Hnappavöllum faðir Jóns yngra föður Einars skólameistara. Sumir ætla, að Sigmundur »ungi« á Hnappavöllum hafi og verið son Jóns Sigmundssonar í Skaptafelli. Það er samt óvist.

2. Einar í Öræfum.
3. Ólöf. 4. Sigmundur. 5. Sigmundur annar í Felli. 6. Jón á Hnappavöllum. 7. Steinunn. 8. Þóra. 9. Einar á Melrakkanesi. 10. Agnes. 11. Margrét. 12. Eiríkur<sup>1)</sup>).

*Móðir:* Ólöf Jónsdóttir á Núpstað Jónssonar.

*Kona:* Kristín Einarsdóttir lögréttumanns á Suðurreykjum Ísleifssonar og Kristínar Bjarnadóttur í Vetleifsholti Gíslasonar. Faðir Einars var Ísleifur á Reykjum í Mosfellssveit Þórðarson Erlendssonar Þorvarðssonar á Suðurreykjum. En kona Ísleifs var Anna dóttir Markúsar sýslumanns Snæbjörnssonar.

*Börn:* A. Gísli prestur í Selárdal átti Ragnheiði eldri Bogadóttur frá Hrapppsey; börn:

1. Einar prestur í Selárdal átti Ragnhildi Jónsdóttur frá Suðureyri og mörg börn.
2. Árni bóndi á Neðrabæ átti Guðrúnu Jónsdóttur Gíslasonar og börn.
3. Sigríður átti Þorgrím Jónsson á Felli í Tálknafirði og börn<sup>2)</sup>).
4. og 5. Kristínar tvær áttu Guðbrand sýslumann (sjá Barðastrandarsýslu).
6. Sigurður<sup>3)</sup> á Hildi Guðmundsdóttur og börn:
7. Ragnheiður.
8. Jón og 4 þar að auki dóu ung, bl.:

---

1) Systkin Einars skólameistara eru hér sum skakkt talin og ólmörg. Systkin hans voru, eptir því sem næst verður komizt: Jón, er bjó í Álptafirði, Sigmundur á Felli í Hornafirði, Halldór á Hnappavöllum, Einar yngri á Melrakkanesi, Eiríkur á Fagurhólsmýri, Agnes, Þórunn kona Stefáns Sigurðssonar á Hnappavöllum, Margrét kona Árna eldra Ásmundssonar frá Svinafelli og Steinunn kona Jóns Eiríkssonar á Geithellum. Hjá Boga er því 3 ofaukið (Einari nr. 2, Ólöfu og Sigmundi öðrum), en eitt rangnefnt: Þóra (í stað Þórunn).

2) Son þeirra var Jóhannes dbrm. á Sveinseyri († 1910) faðir Ólafs verzlunarstjóra á Patreksfirði.

3) Sigurður var prestur á Stað í Steingrímsfirði.

- B. Ísleifur etazráð (sjá um hann við Húnavatnssýslu).
- C. Ólafur stúdent á Kverná<sup>1)</sup> átti Þóru Guðbrandsdóttur frá Setbergi; þ. b.:
1. Rannveig.
  2. Kristín.
- D. Guðný átti Ólaf Guðmundsson frá Ásgarði í Grímsnesi og mörg börn<sup>2)</sup>.
- E. Kristín átti Eirík Sveinsson frá Hraungerði, bl.<sup>3)</sup>.
- F. Jón giptist ei né átti börn.
- G. Kristín önnur átti Hákon ríka Oddsson á Vatnsleysu; þ. b.:
1. Einar<sup>4)</sup>.
  2. Einar annar<sup>5)</sup>.
  3. Guðrún<sup>6)</sup>.
  4. Aldis.

Einar Jónsson var vel lærður maður, gerðist fyrst heyrari og síðar skólameistari í Skálholti 1746. Mælt var, að honum og biskupi hefði eitthvað misfallið, og með því Einar var augnveikur, hefði hann gefið sig frá skóla-

1) Ólafur stúdent bjó síðast í Húsum hjá Selárdal, en andaðist á Sveinseyri 1837.

2) Ólafur var bróðurson séra Nikulásar Magnússonar í Berufirði af svonefndri »Misersætt«. Meðal barna Ólafs og Guðnýjar voru: Klængur á Kirkjuferju, Steingrímur á Hlíðarenda í Ölfusi og Guðmundur í Ásgarði faðir Guðlaugs sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri.

3) Kristín var f. k. Eiríks dbrm. í Ási.

4) Einar hattari í Rvík átti Guðrúnu Guðmundsdóttur prests á Kálfatjörn Bøðvarssonar, þ. b.: Ísleifur prestur á Stað í Steingrímsfirði faðir Karólínu konu Guðmundar prófessors Hannessonar og Rósa Anna Elizabet, er átti Valgarð Ólafsson Breiðfjörð kaupmann.

5) Einar annar var klæðskeri í Kaupmannahöfn.

6) Guðrún átti Guðmund Guðmundsson á Lágafelli, bróður Péturs í Engey. Sbr. annars nánar um afkomendur Einars rektors í Guðfræðingatali mínu bls. 63—66.

meistaraembætti 1753. Var hann þá settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu til þess Jón Árnason viðtók 1754. Einar gerðist þá ráðsmaður í Skálholti og var það um hríð. Þá Þorlákur sleppti Vestmannaeyjasýslu var Einar þar settur 1767—1768, til þess Sigurður viðtók aftur. Einar deyði 1781<sup>1</sup>). Hann bjó að Ási í Holtum. Var smár vexti, en skarpur og vel gáfaður.

### Jón Eiríksson yngri.

- Faðir:* Eiríkur bóndi á Skálafelli í Hornafirði, son Jóns bónda á Skálafelli Jónssonar Sigmundssonar á Hnappavöllum í Örafum Jónssonar<sup>2</sup>).  
*Móðir:* Steinunn Jónsdóttir bónda á Hofi í Örafum Vigfússonar. (Steinunn var systir séra Vigfúsar á Stað í Stöðvarfirði).  
*Kona:* Þórunn Ólafsdóttir, þau bl. Konungur veitti þeim leyfi til að gera arfleðsluskrá 23. febrúar 1795.

Jón var fæddur á Skálafelli 1736<sup>3</sup>). Fyrir tilstyrk bróður síns Jóns konferenzráðs lærði hann hér skólalær-

1) Hann andaðist í Áskoti 23. nóvember 1788, 76 ára gamall (f. 1712), var útskrifaður úr Skálholtsskóla 1731, tók embættispróf í guðfræði við háskólann 21. marz 1741, skólameistari í Skálholti 3. júní 1746, settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu 1753, ráðsmaður í Skálholti 1754—1757, en settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 28. marz 1768, (en ekki 1767), og þjónaði þar til 1769. (Sbr. Guðfræðingatal bls 62).

2) Þannig er framætt þessi rakin í æfiminningu Jóns konferenzráðs Eiríkssonar (líklega eptir Sigurði Magnússyni í Holtum), og mun það sama ættin og ætt Einars skólameistara Jónssonar, enda er beinlínis sagt, að hann og Jón konferenzráð hafi verið náskyldir, líklega þremmenningar eða 3. og 4., en eg hef ekki enn rannsakað það efni, svo að ábyggilegt sé.

3) Fæðingarár hans er hér tekið eptir æfisögu Jóns bróður hans (Kh. 1828 bls. 110). En í innritunarskrá háskólans er hann talinn á 23. ári 26. júlí 1765, og ætti eptir því að vera fæddur 1742 eða 1743, en það mun ekki rétt, og hefur hann verið eldri. Hann kom í Skálholtsskóla 1755 og var þar 2 vetur, en útskrifaður var hann úr Frúarskóla í Höfn. Hann las lög, en tók ekki próf.

lærdóm, fór svo utan og var þar við lærdóm um hrið. Þá Jón kom út hafði hann um hrið Flögugarðaumboð í Skaptártungu<sup>1</sup>). En 1786, þá Sigurður sýslumaður frá sagði sér Vestmannaeyjasýslu, fékk Jón sér hana veitta<sup>2</sup>) og flutti í eyjarnar. 1789<sup>3</sup>) giptist hann Þórunni, en átti engin börn. Andaðist 8. desember 1795<sup>4</sup>) úr líkþrá, þá hann hafði verið 6 ár í hjúskap, 9 ár sýslumaður og skorti einn vetur á sextugt. Hann var treggáfaður, og meina menn, að Jón bróðir hans hafi ei séð hann færan fyrir hærra embætti, eða að enginn skyldi þurfa að öfunda hann af svo vesalli sýslu.

### Jón Þorleifsson.

- Faðir:* Þorleifur Nikulásson landskrifari (sjá Rangárþing).  
*Móðir:* Guðrún Jónsdóttir frá Stóranúpi.  
*Kona fyrri:* Þórunn Ólafsdóttir, ekkja Jóns sýslumanns Eiríkssonar (sjá áður), þau bl.<sup>5</sup>).  
*Kona síðari:* Bóel Jónsdóttir prests á Eiðum Brynjólfs-sonar<sup>6</sup>).  
*Börn<sup>7</sup>):*

1) Hann hafði þetta umboð á árunum 1777—1783.

2) Jón var settur sýslumaður í eyjunum 9. ágúst 1786, en fékk veitingu fyrir sýslunni 30. apríl 1788.

3) Hann kvæntist 16. október 1790 (ekki 1789).

4) Hann andaðist 8. desember 1796 (ekki 1795) úr »skyrbjúgsveiki« eptir því sem segir í prestþjónustubók Vestmannaeyja (Lskjs.), en líklega hefur það verið holdsveiki. Hann er þá talinn 59 ára. Mun hafa verið til heimilis í Stakkagerði.

5) Þau giptust 6. maí 1798. Þórunn dó í Stakkagerði 24. febrúar 1802, rúmlega fimmtug að aldri.

6) Þetta er rangt. Bóel s. k. Jóns sýslumanns var dóttir Jens í Ámundakoti í Fljótshlíð Sigurðssonar Eyjólfssonar spaka í Eyvindarmúla Guðmundssonar, en móðir Jens var Bóel dóttir Jens Wíums sýslumanns. Séra Jón Brynjólfsson á Eiðum átti Ingibjörgu Sigurðardóttur, systur Jens, og hét ein dóttir þeirra Bóel, er átti Bjarna hreppstjóra Jónsson á Fossi á Síðu. Þau Jón sýslumaður og Bóel Jensdóttir giptust 20. maí 1804 og bjuggu á Oddstöðum.

7) Börn þeirra voru þessi:

Útskrifaður úr skóla<sup>1)</sup> fór Jón utan til meiri lærdómsframa. Útkominn til Íslands var hann settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 1796<sup>2)</sup> (dáinn 1797) til þess Jón Guðmundsson var þar settur 1798—1801. En veiting fékk hann fyrir Vestmannaeyjum, þá Jón Guðmundsson tók Skaptárþing 1801. Jón Þorleifsson var og settur árin 1798—1801 sýslumaður í Skaptárþingi, meðan nafni hans var í Vestmannaeyjum. Jón sýslumaður Þorleifsson sótti um lausn frá sýslumannsembættinu 1811. Kongur veitti honum lausnina í náð 19. júní 1812, en þá var Jón látinn, er bréfið kom<sup>3)</sup>.

1. Guðrún f. 17. ágúst 1804, † 24. sept. 1822.
2. Ragnheiður f. 13. ágúst 1805, † 19. s. m.
3. Þórunn f. 24. ágúst 1806, † 30. s. m.
4. Arnfríður f. 5. sept. 1807, átti Guðmund Sigurðsson á Oddsstöðum, er drukknadi 18. nóv. 1842. Arnfríður dó sem niðursetningur á Búastöðum 10. maí 1867.
5. Þórður f. 9. febr. 1809, var snikkari, drukknadi í Vestmannaeyjum 11. september 1835, ókv. og bl.
6. Jens f. 23. sept. 1810, † 29. s. m.
7. Ari f. 21. ágúst 1812, † 28. s. m.
8. Þorleifur f. 3. des. 1813, dó ungbarn.

Bóel ekkja Jóns sýslumanns bjó langan aldur á Oddsstöðum eptir mann sinn og andaðist þar 22. febrúar 1855.

1) Hann mun hafa verið fæddur í Tungufelli í Ytrihrepp um 1769, var útskrifaður úr Hólavallarskóla 1790, skrifaður í stúdenta-tölu við háskólann 4. nóv. 1793, las lög, en tók ekki próf.

2) Eptir lát Jóns sýslumanns Eiríkssonar þjónaði hann Vestmannaeyjum sem settur árið 1797, þangað til Jón Guðmundsson tók við 1798, en honum var veitt Vestmannaeyjasýsla 30. maí 1798 og var því ekki settur þar, eins og Bogi segir. Hann ætti því að vera í sýslumannaröðinni þar sérstaklega. Jón Guðmundsson fékk veitingu fyrir Vestur-Skaptafellssýslu 22. júlí 1801 og s. d. var Jóni Þorleifssyni veitt Vestmannaeyjasýsla.

3) Þetta er ekki rétt. Jón fékk lausn frá sýslumannsembættinu 20. júní 1812 með 30 rd. árlegum eptirlaunum, og lifði nær 3 ár eptir það. Hann drukknadi við Vestmannaeyjar 22. apríl 1815, ásamt Arnþóri stúdent Guðmundssyni og fleirum mönnum. Hann bjó lengst á hálfum Oddsstöðum.

Hinn 11. september 1812 var *Grimur Pálsson* stúdent og verzlunarstjóri (síðar prestur á Helgafelli, † 1853) settur af

Jón var ekki fyrirmannlegur í sjón, ekki hálærður haldinn, en í mörgu allvænn maður.

### Vigfús Þórarinsson.

Sjá um hann við Rangárvallasýslu. Þá Jón sýslumaður Þorleifsson deyði var Vigfúsi kansalliráði fengin Vestmannaeyjasýsla árið 1812, og hélt hann henni til síns dauða 1819, hafði þar þó að nokkru umboðsmann, þá ei þurfti að gera dómaraverk, og var Bergmann helzt fyrir sýslumannsverkum, eins eptir dauða Vigfúsar<sup>1</sup>). Óljóst er

Castenskjöld stiptamtanni sýslumaður í Vestmannaeyjum, en hann afsakaði sig frá því starfi, og var þá Vigfús sýslumaður Þórarinsson settur 7. október s. á., og tók hann við því með þeim skilmálum, að hann mætti taka mann í eyjunum upp á sína ábyrgð til ýmsra starfa.

25) Lögsagnarar Vigfúsar sýslumanns voru í Vestmannaeyjum þessir:

1. *Þórður Sigurðsson* bónda í Bjálmholti í Holtum Þórðarsonar, fæddur í Hallstúni í Holtum um 1774, kvæntist 1798 Sigriði Þorbjörnsdóttur frá Brekkum í Hvolhrepp Brandssonar og bjuggu þau á Giljum í Hvolhrepp. Fluttu síðar út í Vestmannaeyjar og bjuggu þar í Norðurgarði. Hann varð lögsagnari Vigfúsar sýslumanns í eyjunum haustið 1812 og gegndi því starfi fram á árið 1816, en 1820 flutti hann úr eyjunum að Vatnshól í Pykkvabæ. Hann kvæntist aptur í elli sinni (1847) Önnu Pétursdóttur Gíslasonar ekkju. Þórður komst á níraðisaldur og andaðist í Unhól í Pykkvabæ skömmu eptir 1855. Son hans og Sigriðar var Halldór gjörtlari í Reykjavík faðir Dalhoffs gullsmíðs. En hjábarn Þórðar með Geirlaugu Ólafsdóttur var Jón járnsmíður á Náströnd faðir Þórðar, er þar bjó síðar.

2. *Helgi Ólafsson Bergmann*, son Ólafs Guðmundssonar á Vindhæli og bróðir Björns Ólsens á Þingeyrum, var verzlunarmaður í Reykjavík, síðar í Vestmannaeyjum, bjó á Gjabakka. Hann varð lögsagnari Vigfúsar sýslumanns 1816, en andaðist 27. ágúst 1818, 46 ára. Hann var kvæntur Björgu Davíðsdóttur frá Hlíðarhúsum Guðmundssonar, og voru börn þeirra: Davíð verzlunarmaður í Rvík og Guðrún.

3. *Magnús Ólafsson Bergmann*, bróðir Helga, var verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum og gerðist þar lögsagnari Vigfúsar sýslumanns eptir lát bróður síns 1818, og flutti þá að Gjabakka, en var áður á verzlunarstaðnum Kornhól. Hann var og lögsagnari þar í eyjunum eptir lát Vigfúsar sýslumanns 1819 og þangað til Abel tók við 1821, en 1823 flutti hann alfarinn úr Vestmannaeyj-

mér þó, hvort hann var reglulega af amtmanni þar til skipaður til þess Abel sýslumaður við tók.

### Jóhann Nicolai Abel,

danskur maður, sem hafði tekið það danska reynslupróf í lögum<sup>1)</sup> var settur sýslumaður í Skaptafelssýslu 1820. En sama árið fékk hann konungsveiting fyrir Vestmannaeyjasýslu<sup>2)</sup>. 1835 fór hann utan og fékk á meðan fyrir sinn

um að Skildinganesi, og bjó þar nokkur ár. Hann fór síðar norður að Pingeyrum til Björns Ólsens bróður síns og þaðan sem verzlunarmaður að Hólanesi 1835. Kona hans var Þórunn Teitsdóttir vefara Sveinssonar og voru börn þeirra: Teitur Bergmann gullsmiður í Litlabæ á Akranesi, Guðriður, er átti séra Geir Bachmann í Miklholti, Guðrún, er átti Einar Gunnlaugsson frá Vogatungu, Jón Bergmann í Rvík, Margrét og Björn, er hrapaði í Vestmannaeyjum.

1) Hann tók það próf 1815 með 2. einkunn.

2) Hann fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjum 5. maí 1821, og flutti þá til eyjanna. Hann sigldi snöggva ferð 1828 og var *Isak Jakob Bonnesen* sýslumaður í Rangárvallasýslu þá settur til að gegna Vestmannaeyjum í fjarveru hans. Aftur sigldi hann 1835 og var þá *Carl Hans Ulrich Bolbroe* »bataillonschirurg«, læknir í Vestmannaeyjum, settur fyrir sýsluna. Hinn 14. maí 1839 fékk Abel sýslumaður lausn frá embætti og sleppti því algerlega 1. júlí það ár, sigldi þá til Kaupmannahafnar, en fékk aftur veitingu fyrir Vestmannaeyjum 18. marz 1840, kom út þá um vorið og tók aftur við embættinu 26. maí 1840, sigldi alfarinn úr eyjunum 1851 og fékk loks algerlega lausn frá embættinu 27. júní 1852. Hann andaðist í Kaupmannahöfn 1862, nálega sjötugur að aldri, því að hann var fæddur um 1793. Kona hans var Diderikke (Didi) Claudine, dönsk að ætt og voru börn þeirra:

1. Jensine Marie Andrea (f. c. 1821) átti 3. des. 1841 Jes Thomsen Christensen þá verzlunarstjóra í Vestmannaeyjum. Þau fluttu síðar til Hafnar og þaðan aftur til Hafnarfjarðar og hafði Christensen þar lengi verzlun.
2. Jens Christian Thorvald Abel (f. 24. maí 1823) var um tíma kaupmaður í Vestmannaeyjum og kvæntist þar 30. ágúst 1844 Jóhönnu (f. 2. júní 1821) dóttur Jóns Salómonssonar verzlunarstjóra á Reykjarfirði, p. b.:
  - a. Jóhann Jes.
  - b. Diderikke Jensine Augusta.
  - c. Jóhanna Björg Þóra Sigríður.
  - d. Jónína Ragnheiður Kristín.



fullmektugan héraðslækni í Vestmannaeyjum, C. H. U. Bolbroe, (sem fyr var batallionschirurg). Kona hans Diðrika og börn þeirra eru í Kaupmannahöfn (1840). Hinn 10. júní 1847 veitti konungur honum kammerráðs nafnbót. Abel sýslumaður er hár vexti, karlmannlegur og sagður hið mesta hraustmenni. Sögn er, að hann sé ekki mikill lærdómsmaður.

---

## Viðauki.

---

### Adolph Christian Baumann

var settur til að þjóna Vestmannaeyjum, þá er Abel sigldi 1851, og kom þá til eyjanna, en fór þaðan aptur 1853 eptir að hann fékk veitingu fyrir Gullbringusýslu (sbr. bls. 189—190) og þá fyrst til Kaupmannahafnar.

### Andreas August Kohl,

danskur maður, var fæddur í Rønne á Borgundarhólmi 1814, útskrifaður úr skóla þar 1831, tók embættispróf í lögum 22. apríl 1839 með 2. einkunn í báðum prófum, varð síðar aðstoðarskrifari í íslenzku stjórnardeildinni, og fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu 25. apríl 1853.

---

J. Chr. Abel flutti með konu og börn til Kaupmannahafnar 1860.

3. Hans Schack (f. 19. marz 1825, † 24. s. m.).
4. Caroline Augusta (f. 10. marz 1834) fór með foreldrum sínum til Hafnar 1851.

### Þórður Guðmundsson

(sjá Árnassýslu). Hann var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 1. júlí 1839 og þjónaði henni til 26. maí 1840, að Abel tók við henni í annað sinn. Svo fékk hann Gullbringusýslu og síðar Árnassýslu (sjá þar).

Hann andaðist úr slagi í Vestmannaeyjum 22. janúar 1860. Var kvæntur í Kaupmannahöfn, en kona hans kom ekki til eyjanna, og bjó hann með bústýru í svo nefndri »Landlyst«. Hann hafði kapteins nafabót.

### Stefán Helgason Thordersen.

Hann var settur til að þjóna Vestmannaeyjasýslu eptir lát Kohls sýslumanns 1860 og gegndi þar sýslumannsstörfum þangað til Bjarni Magnússon tók við 1861. (Sjá um hann nánar við Rangárvallasýslu bls. 511—512).

### Bjarni E.<sup>1)</sup> Magnússon.

*Faðir:* Magnús Gunnlaugsson trésmiður í Flatey († 1876) (sbr. II, 141).

*Móðir:* Þóra († 10. júní 1860) Guðmundsdóttir Schevings sýslumanns, síðar »agents« í Flatey Bjarnasonar sýslumanns Einarssonar.

Pau Magnús og Þóra skildu samvistir.

*Kona:* Hildur Solveig (f. 31. ágúst 1835) Bjarnadóttir amtmanns Thorarensens (sbr. bls. 352).

*Börn:* A. Guðmundur Scheving héraðslæknir á Hólmarvík (f. 27. júlí 1861, † 24. jan. 1909) átti danska konu, Lauru Malvine Jensen, bl.

B. Ásthildur Herdis (f. 22. sept. 1862, † 29. sept. 1864).

C. Brynjólfur Benedikt bóndi í Þverárdal í Húnavatnssýslu (f. 8. sept. 1865).

D. Páll Friðrik Vidalin (f. 16. okt. 1873) sýslumaður í Stykkishólmi, kvæntur Margréti Árnadóttur óðalsbónda í Höfnum á Skaga Sigurðssonar, og s. k. hans Jóninnu Jónsdóttur.

Bjarni sýslumaður Magnússon var fæddur í Flatey á Breiðafirði 1. desember 1831, kom í Reykjavíkurskóla haustið 1847 og var útskrifaður þaðan 1854 með 1. eink-

---

1) Hann var skírður *Bjarni Einarsson* (líklega eptir Bjarna sýslumanni Einarssyni langafa hans). Svo stendur í prestþjónustubók Flateyjar.

unn (83 st.), sigldi þá samsumars til Kaupmannahafnarháskóla og tók þar próf í heimspeki 1855 með ágætiseinkunn, en embættispróf í lögfræði 5. júní 1860 með 1. einkunn í hinu teoretiska, en 2. einkunn í hinu praktiska prófi, kom snöggvast hingað til lands um haustið s. á. og kvæntist þá. 11. október í Flatey; sigldu þau hjón þá þegar og voru í Höfn veturinn 1860—1861. Hann fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu 18. febrúar 1861, og þjónaði þar sýslumannsembætti 11 ár, fékk Húnavatns-sýslu 24. júlí 1871 og fluttist þangað 1872. Reisti hann þar bú á Geitisskarði í Langadal. Hann andaðist snögglega á heimili sínu á uppstigningardag (25. maí) 1876, er hann var að koma frá kirkju á Holtastöðum. Hann var vinsælt yfirvald, vel að sér um margt og skyldurækinn í embætti sínu.

Æfminning hans er prentuð í Reykjavík 1879.

*Þorsteinn Jónsson* héraðslæknir í Vestmannaeyjum (f. 17. nóv. 1840, † í Rvík 13. ágúst 1908) var settur til að gegna sýslumannsembætti í Vestm.eyjum stutta hrið, frá því að Bjarni sýslumaður Magnússon fór þaðan vorið 1872 og þangað til Aagaard tók við um sumarið s. á. (1872). Þorsteinn læknir tók og við sýsluskjölunum af Aagaard, þá er hann fór alfarinn úr eyjunum til Danmerkur 1891, en með því að Sigurður Briem var settur þar fyrir sýsluna frá 1. maí, gegndi Þorsteinn læknir ekki sýslumannsstörfum í það sinn nema örstuttan tíma. Hann var kvæntur (1865) Matthildi Magnúsdóttur frá Fjarðarhorni í Helgafellssveit Þorkelssonar og er eitt barna þeirra Magnús prestur á Mosfelli í Mosfellssveit.

### Michael Marius Ludovico Aagaard,

danskur maður, var fæddur í Odden Mølle við Hjörning á Jótlandi 30. janúar 1839, útskrifaður úr skóla í Álalborg 1858, tók embættispróf í lögfræði 27. janúar 1868 með 2. einkunn í báðum prófum, en fékk veitingu fyrir Vestmannaeyjasýslu 29. júní 1872. Hann varð birkidómari og ritari á Fanö í Rípaamti 11. janúar 1891, og andaðist í Nordby á Fanö 20. september 1898. Hann var

kvæntur danskri konu, Agnesi Matthildi Adelaide, þ. b.:  
 1. Christen Anton Sophus f. 20. júní 1876, var einn vetur (1890—91) í lærða skólanum, en lauk svo námi ytra.  
 2. Gunnar f. 7. janúar 1878. 3. Otto Grandjean f. 21. okt. 1880. 4. Kjartan f. 26. sept. 1884. 5. Kristján f. 28. sept. 1887, dó ungbarn.

### Sigurður Eggertsson Briem.

Hann var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 26. apríl 1891 frá 1. maí s. á. og þjónaði sýslunni 3 mánuði (maí, júní og júlí) þangað til Jón Magnússon tók við (sjá um Sigurð Briem nánar bls. 249—250).

### Jón Magnússon.

Hann var skipaður sýslumaður í Vestmannaeyjum 3. júlí 1891 og þjónaði þar 5 ár, þangað til hann tók við landritaraembættinu, er honum var veitt 28. febrúar 1896. Sjá nánar um hann bls. 200 hér að framan, þar sem getið er um bæjarfógeta í Reykjavík.

### Magnús Jónsson.

Hann var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 28. apríl 1896 og fékk veitingu fyrir því embætti 14. ágúst s. á. Honum var veitt sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði 30. desember 1908, og tók við því embætti í marzmánuði 1909. Sjá nánar um hann bls. 196—197 hér að framan.

### Björn Þórðarson.

*Faðir:* Þórður Runólfsson bóndi í Móum á Kjalarnesi (sbr. bls. 33).

*Móðir:* Ástriður Jochumsdóttir bónda í Skógum í Þorskafríði Magnússonar, systir Matthíasar Þjóðskálds og þeirra systkina.

Björn er fæddur í Móum 6. febrúar 1879, kom í skóla 1896 og var útskrifaður 1902 með 1. einkunn (96 st.), sigldi þá til Hafnarháskóla og tók þar próf í heimspeki 11. júní 1903 með 2. einkunn, en embættispróf í lögum 14. febrúar 1908 með 1. einkunn (166 st.), varð svo yfir-

réttarmálsfærslumaður í Reykjavík, settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 13. marz 1909, og þjónaði þar fyrst á eigin ábyrgð til 1. ágúst s. á., en eftir það fyrir hönd eptirmanns síns, Karls sýslumanns Einarssonar, þangað til 15. febrúar 1910. Dvaldi síðan í Reykjavík og hafði auk málfærslustarfa atvinnu á stjórnarráðsskrifstofunni við og við. Sumarið 1912 var hann settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, er Gísla sýslumanni Ísleifssyni var vikið frá embætti, og hefur þjónað þeirri sýslu síðan. Hann er til heimilis á Blönduósi.

### Karl Júlíus Einarsson.

*Faðir:* Einar Hinriksson bóndi á Miðhúsum í Eiðapínghá, síðar um hrið veitingamaður á Seyðisfirði.

*Móðir:* Pálína Vigfúsdóttir.

*Kona:* Elin (f. 26. sept. 1879) dóttir Jónasar Stephensens fyrv. póstafrgreiðslumanns á Seyðisfirði Stefánssonar prests á Reynivöllum (sbr. bls. 76). Þau giptust 1904.

*Börn:* A. Tómas f. 12. maí 1902, dó 18. s. m.

B. Jónas Karl f. 2. apríl 1907.

C. Einar f. 2. apríl 1907, dó 17. nóv. s. á.

D. Margrét Pálína f. 17. apríl 1910, dó 26. júlí 1911.

Karl sýslumaður er fæddur í Miðhúsum í Eiðapínghá 18. janúar 1872, kom í skóla haustið 1889 og var þar 5 vetur (1889—1894), útskrifaður sem utanskólasveinn vorið 1895 með 2. einkunn (72 st.), sigldi þá til Hafnarháskóla og tók þar próf í heimspeki 10. júní 1896 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 14. febrúar 1903 með 2. einkunn (87 st.). Hann var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 25. júlí 1904 frá 1. ágúst s. á., en þjónaði þar að eins tvo mánuði (ágúst og september), var settur 23. september s. á. sýslumaður í Skaptafellssýslu frá 1. október s. á., og þjónaði henni til vorsins 1905, að Björgvin sýslumaður Vigfússon tók við, fékk málfærsluleyfi við yfirréttinn í desember 1906, og var settur aðstoðarmaður í stjórnarráðinu frá 1. maí 1906, settur í nefnd

til að rannsaka hag landsbankans 26. apríl 1909 og formaður hennar frá 1. okt. s. á., skipaður sýslumaður í Vestmannaeyjum 3. júní s. á. (1909) frá 1. ágúst, en fékk hinn setta sýslumann Björn Þórðarson til að þjóna þar fyrir sig, þangað til í miðjum febrúar 1910, að hann tók til fulls við embættinu. Í veikindaforföllum hans hefur *Sigurður Lýðsson* cand. jur. yfirréttarmálfærslumaður gegnt stundum sýslumannsstörfum fyrir hann.

---

## VI. Skaptafellssýsla.

---

Hinir gömlu þingstaðir í Skaptárþingi:

1. Holt í Hornafirði.
  2. Háfur<sup>1)</sup> í Öräfum.
  3. Kleifar undir Fjalli.
  4. Leikvellir<sup>2)</sup> í Skaptártungu.
  5. Dyrhólar í Mýrdal.
- 

Héruð þau, sem mót austri aðskiljast frá Múlasýslu við Austurhorn — sem er allstór fjallgarður, er gengur frá jöklinum til sjóar, er kallast Lónsheiði, þar hún er hæst kallast Heiðarvörp, — en mót vestri, af Jökulsá á Sólheimasandi, kallast Skaptafellssýsla. Öndverðlega á 16. öld var henni skipt í tvö sýslumannsumdæmi og voru þá sýslutakmörkin Skeiðarársandur og héldust þau skipti þangað til öndverðlega á 19. öld; þó höfðu stöku sýslumenn alla þessa sýslu fyrr. Á fyrri öldum var sýsla þessi langt um betri en nú, því jarðeldar hafa hrifið af henni mjög mikinn gróða og eyðilaggt heil héruð af sandi, hraunum og leðju, sem enn eru óbyggileg.

Margir merkilegir menn höfðu í þessari sýslu völd og virðingar á fyrri öldum (hvar um fornsögur og Sturlunga bera ljósast vitni). En eptir það landið kom undir Norðskonung, höfðu hirðstjórar þessa sýslu sem önnur lén<sup>1)</sup>. Fræðibækur skorta til að geta með vissu upp talið

---

1) Réttara: Hof.

2) Réttara er: Leiðvöllur (í Meðallandi).

3) Hirðstjóra þessara er opt áður getið í safni þessu, sér-

umboðsmenn hirðstjóra fram undir lok 16. aldar. Þar tel eg vera nafnkunnasta:

*Jón Hallsson og Arnór Þórðarson* voru 1342 mjög ósamþykkir um sýslu milli Þjórsár og Lómagnúps, er hvorttveggja þóttust halda eiga. Arnór var þá fanginn af Jóni og fóthöggvinn og fingurhöggvinn. Þorsteinn Gunnhyltingur, sem styrkti Jón Hallsson til þess, var litlu þar eptir veginn<sup>1</sup>). Hvort Arnór eða Jón kunna hér í Skaptárþingi eða Rangárþingi að kallast sýslumaður, læt eg ósagt, en líklegt sýnist, að Jón Hallsson hafi náð báðum þeim sýslum til yfirsóknar, líklega í umboði hirðstjórans Holta Þorgrímssonar, en óvist hvað lengi.

### Páll Þorvarðsson

á Eiðum meinast kominn af ætt Þorvarðs Þórarinssonar, sem getið er síðla í Sturlungu og Staða-Árna sögum<sup>2</sup>).

*Kona:* Sesselja Þorsteinsdóttir (meinast hirðstjóra Eyjólfssonar, sjá Hegranesþing)<sup>3</sup>).

*Barn:* Ingibjörg kona Lopts ríka (sjá Vaðlasýslu)<sup>4</sup>).

staklega í II. og III. B. og þessu (IV. B.). Sbr. aths. við sýslumannaröðina á fyrri tímum í Gullbringu-, Árnes- og Rangárvalla-sýslum og víðar. Meðal þessara manna, sem vist er um, að sýslu hafi haft í Skaptafellspingi er *Ásgrímur Þorsteinsson* riddari († 1285), sbr. bls. 202—203.

1) Sjá um þetta hér áður bls. 379.

2) Það er eflaust rétt, að Páll á Eiðum mun hafa verið kominn af ætt Þorvarðs Þórarinssonar, en með fullri vissu verður það ekki rakið saman. Foreldrar Páls hafa verið Þorvarður Pálsson á Eiðum og Ragnhildur Karlsdóttir á Eiðum Arnórssonar. Að Páll hafi verið kominn í beinan karlegg frá Hauk lögmanni Erlendssyni er mjög vafasamt (sbr. Ísl. Fornbr.safn III, 495—496, Ártíðaskrár bls. 136).

3) Það mun ekki rétt, að Sesselja hafi verið dóttir Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar (sbr. I, 300). Hún andaðist 1403, s. á. og maður hennar (Ísl. annálar bls. 286).

4) I, 158. Systir Ingibjargar var Ragnhildur Pálsdóttir og er hennar getið í bréfi 12. maí 1417 (Fbrs. IV, 251—252). Hún hefur átt Hall Ólafsson og kemur hann fyrir í bréfum nyrðra á fyrra hluta 15. aldar. Hann var son Ólafs Þorsteinssonar, er drukknaði 1380 (Annálar), en Ólafur var son Þorsteins lögmanns



*Launson* Páls (eða ekki sammæddur) tjáist: Séra Jón Pálsson á Grenjaðarstað (sbr. Þingeyjarþing). Hann dó 1472, mjög gamall, því hann var fæddur fyrir 1390<sup>1</sup>).

Páll hefur verið maktarmaður og auðugur og haft austurhluta Skaptárþings og máske suðurhluta Múlasýslu um hrið, á að gizka um eða nálægt 1380. En umboð hirðstjórans Vigfúsar (Ívarssonar Hólms) hafði hann 1391, og eg meina til þess Vigfús slepti nálægt 1400. Hann hygg eg lengi hafa haldið Skaptárþing til þess hann deyði í plágunni 1402 (eða um 1403)<sup>2</sup>). 1392 átti Páll sýslumaður í deilum við Runólf Pálsson, sem mun þá hafa haldið Múlasýslu og hélt Runólfur peningum fyrir Páli, þó honum væru þeir tildæmdir<sup>3</sup>).

### Teitur Gunnlaugsson.

*Föður* hans meina eg Gunnlaug Magnússon, sem hélt Þverárþing og var þar höggvinn fyrir vig á Jóni afbragð 1399 (sjá Þverárþing)<sup>4</sup>).

Eyjólfssonar og bróðir Solveigar konu Björns Jórsalafara. Son Halls og Ragnhildar var Þorsteinn faðir Sesselju, er átti Einar Ormsson Loptssonar (Fbrs. V, 608—609), sbr. III, 10—11. Ragnhildur hét ein dóttir Einars og hefur hún verið heitin eptir Ragnhildi Pálsdóttur föðurmóður Sesselju konu Einars.

1) Séra Jón Mariuskáld († 1471) var höfuðklerkur og kemur víða við skjöl. (Sjá um hann I. B, bls. 30—33). Að hann hafi verið son Páls Þorvarðssonar á Eiðum er ekki með öllu áreiðanlegt (sbr. I, 30 n.m. og Tímarit J. P. III, 49).

2) Hann dó 1403.

3) Deilan milli þeirra Páls og Runólfs var um erfðafé eptir séra Pál Þorsteinsson († 1391), er líklega hefur verið faðir Runólfs og bróðir Sesselju konu Páls.

4) Faðir Teits hefur ekki verið Gunnlaugur Magnússon, heldur Gunnlaugur Guðmundsson, er bjó á Uppsölum í Skagafirði († fyrir 1451, sbr. Fbrs. V, 83) og sýslu hefur haft í Múlaþingi um hrið (sbr. Tímarit J. P. I, 47). Kona Gunnlaugs, (ef til vill s. k. hans), var Herdís Þorgeirsdóttir, og var dóttir hennar Solveig Runólfsdóttir, er átti Þórð Þorsteinsson, sem fékk Gunnlaugi til eignar þá jarðarparta, er Solveig átti að erfa eptir Herdísí móður sína og lágu í Hornafirði. Bréf um það 17. sept.

*Móður* Sigríði dóttur Björns ríka Brynjólfssonar (veit þó ekki víst), sjá Rangárþing.

*Börn:* A. Kristín átti Þorleif son Árna Þorleifssonar Árnasonar; þ. b.: Glaumbæjar-Teitur (sjá Hegransþing og Húnavatnssýslu).

B. Gunnlaugur, launson Teits, faðir Guðrúnar, sem Eiríkur í Ásgarði átti (sjá Dalasýslu)<sup>1</sup>).

Teitur mun hafa orðið valdsmaður eptir 1400 (eg held í Skaptárþingi) og bjó í Bjarnanesi. Gerðist hann vinur mikill Þorvarðs Loptssonar. Sveinar Jóns biskups Gerrekssonar brúkuðu yfirgang og harðræði, en Teitur vildi hamla þeim. Meinast, að Þorvarður væri þá staddur

1428 (Fbrs. IV, 361). Gunnlaugur er einn þeirra, er rita undir hyllingarbréf Íslendinga hið síðara til Eiríks af Pommern 30. júní 1431 á alþingi (Fbrs. IV, 462), og er hann þar talinn á undan Teiti Gunnlaugssyni. Gunnlaugur keypti jarðirnar Torfastaði og Skálanes nyrðra í Vopnafirði af Járngerði Ormsdóttur 6. júní 1417 í Krossavík í Vopnafirði (Fbrs. IV, 253—257), en transkriptarbréf um það er einmitt gert í Bjarnanesi 6. maí 1457 af Teiti lögmanni Gunnlaugssyni o. fl. (Fbrs. V, 150). Sýnir þetta eitt með öðru, auk jarðarparta þeirra, er Gunnlaugur á í Hornafirði, að Teitur hefur einmitt verið son hans, og Jón Sigurðsson gízkar einnig á það (Safn til s. Ísl. II, 82), enda þótt hann segi, að ekkert sé (með vissu) kunnugt um ætt hans.

1) Sbr. II, 645. Þar er Guðrún talin s. k. Eiríks, en hlýtur að vera f. k. hans, hafi hann annars verið tvíkvæntur. Það er auðvitað nokkuð langt á milli, að kona Eiríks, er var á lífi 1562, hafi verið sonardóttir Teits ríka, en staðizt getur það samt. Teitur í Ásgarði hefur eflaust verið son Guðrúnar (sbr. II, 645 n.m.). Gunnlaugur Teitsson er á lífi fram yfir 1500. Son Teits í Bjarnanesi hefur og verið:

C. Eyjólfur, er kemur við bréf í Bjarnanesi 1457 og síðar nyrðra, síðast 1476 (sbr. Fbrs. V, 150, 397, 815—816).

Dóttir Teits mun og ennfremur hafa verið:

D. Steinunn, er átti Ólaf Guðmundsson, er var dæmdur í prestadómi 20. ágúst 1490 (Fbrs. VI, 715—716) fyrir að hafa tekið landskuld af Raufarbergi í Einholtssókn, er hann taldi eign Steinunnar konu sinnar, en Sveinn prestur Jónsson í Heydölum taldi sér hafa verið dæmda jörðina (sbr. Safn til s. Ísl. II, 87).

eystra. Bar svo til, að biskupssveinar komu að þeim óvörum og fönguðu þá, höfðu í járnum, létu þá berja fisk og gera aðra þeim óverðuga vinnu. Þorvarður slapp um haustið 1432, en Teitur var allan veturinn í járnum. Þá var haldið gildi mikið í Skálholti, svo allir urðu mjög ölvaðir. Tveir menn áttu að gæta Teits. Urðu þeir mjög drukknir og týndu lyklum að fjötrunum. Verkakona ein fann þá og færði Teiti. Slapp hann við það um nóttina og komst undan austur í Hornafjöld. (Seinna tók hann konu þessa austur með sér, gaf henni 20 hundraða jörð og gipti hana rikum bónda). Magnús hét kæmeistari og kenningarson biskups. Hann hafði beðið Margrétar dóttur Vigfúsar Hólms og var honum synjað ráðsins. Fékk Magnús sér einhleypinga og biskupssveina, fór með lið það suður að Kirkjubóli á Miðjanesi, kom um nótt, lagði eld í bæjarhúsin. Ívar jungherra, bróðir Margrétar, var þar fyrir, og skutu þeir hann til dauða. En þá bærinn tók að loga, gat Margrét grafið sig út gegnum ónshúsið, fór eptir reyk og flýði. Hitti hún fyrir þrevett tryppi og reið því um hrið; komst loks norður að Möðruvöllum til Þorvarðs. Var þetta alt á einum vetri, sem nú er frá sagt. Eggjaði hún Þorvarð hefnda og hét þann einn að ekta, sem hefndi. En með því Þorvarður átti sér í að hefna, fóru menn og bréf millum Teits og hans. Söfnuðu þeir sér liði og mæltu mót með sér á Skálholtshamri um sumarið á Þorláksmessu.

Þá Magnús kæmeistari frétti, að Margrét hefði komizt úr brennuni að Möðruvöllum og þeir Þorvarður voru háðir sloppnir, fór hann utan öndvert sumar og forðaði sér. Þá þeir Teitur og Þorvarður komu með flokka sína í Skálholt öllum óvart nóttina fyrir messudaginn, var þar fyrir mikill fjöldi að sækja til þeirrar stórhátíðar. Settu þeir tjöld sín þar utan fyrir; varð ei í fyrstu vart við þá. En er biskup frá komu þeirra, mælti hann það mundi gilda líf sitt og sinna manna, gekk til kirkju með klerkum sínum og sveinum, lét læsa öllum dyrum á kirkjunni og staðnum. Síðan skryddist biskup og klerkar hans, hver sínum skrudu, hóf upp messu og tók í hönd sér kaleik og patínu, helgaði oblátu eina og hélt á,

hugði hann það mundi verða sér að hlífð. Stóð hann svo við altarið og kennilyður hans umkring hann. En er Teitur fór heim með flokk sinn, gáfu Norðlendingar sig í ljós og fóru hertygjaðir í samflota til kirkjunnar, báru þeir stór tré og viðu að kirkjunni, komu þeim svo undir undirstokkana og undu svo upp kirkjuna, að hún hallaðist. 50 þeir öruggustu greiddu þá inngöngu. Var Árni Dalskeggur Magnússon fyrir þeim og mælti: Nú er mikið um dýrðir. Síðan gengu þeir snúðugt að altarinu, lögðu hendur á biskup og drógu hann heldur óþyrmilega utar eptir kórnum; streittist biskup við og prestarnir loddu á honum, en það kom fyrir ekki. Þá þeir komu í miðja framkirkjuna féll niður oblátan. Löfðu þó klerkarnir á honum fram í stöpulinn, þá slepptu þeir honum og forðuðu sér innar í kirkjuna. Er það ekki í sagnir fært, þótt þeir fengju nokkrar skráveifur. En kirkjupresturinn skreið þangað sem oblátan lá á gólfinu, tók hana með munninum og bergði henni. Þá biskup kom í stöpulinn var hann mjög dasaður af stími þessu og bauð smásveini sínum að sækja sér góðan svaladrykk inn í kjallara sinn. Gerði hann það, og kom þegar aptur með silfurskál mikla fulla mjaðar. Biðu hinir á meðan og gáfu honum tóm til að svala sér og drekka hana til botns. Hyggja menn þeir hafi þar fært hann úr biskupsskrúðanum. Síðan fór hann með þeim til tjalda þeirra og beiddi sér lífs, en fékk ekki. Sveina hans drápu þeir, hvar sem þeir náðu, eins í kirkjunni, skutu þá ofan af skammbitunum með bogum eða spjótum, og dysjuðu þá, þar sem kallast Íragerði. Biskupinn létu þeir í sekk, bundu stein við og drekktu honum í ánni við ferjustaðinn; rak lík hans seinna upp og var veglega jarðað í Skálholtskirkju. Eptir þetta stórvirki fór hver heim til sinna héraða (sjá um Þorvarð við Vaðlasýslu).

Teitur var orðinn sýslumaður áður þetta skeði og meina eg hann hafi þar eptir haldið sömu sýsluvöldum. Eptir 1440 gerðist Teitur og svo lögmaður sunnan og austan og hélt því embætti um hríð. Hans seinasta lögsagnarár hefur verið 1454, þó Björn á Skarðsá segi öðruvísi. Teitur komst í óvild við Torfa hirðstjóra Arason, sem setti hann frá völdum 1454, en fékk Ásgeiri Péturs-

syni þá lögsögn o. s. frv.<sup>1)</sup>). Það sýnist sem hann hafi seinna efað, hver kongur Íslendinga væri, því Björn hirðstjóri Þorleifsson lét 1458 dæma, að Teitur bóndi í Bjarnanesi skyldi halda Kristján Danakong fyrir sinn rétta kong. Svo er sagnafátt á þeirri öld, að ei vita menn með vissu nær Teitur sýslumaður deyði<sup>2)</sup>. Hann tjáist að hafa verið höfðingi mikill og orðið aldraður maður.

Óvíst er, hvort Gunnlaugur launson Teits komst til sýsluvalda í Skaptárþingi eða annarstaðar<sup>3)</sup>.

### Oddur Ásmundsson.

Hvort hann hafi verið sonur séra Ásmundar Jónssonar á Hallbjarnareyri þori eg ekki að segja<sup>4)</sup>. Kvinna Odds var Guðlaug dóttir Finnboga gamla í Ási í Kelduhverfi; þeirra börn: 1. Ólafur<sup>5)</sup> faðir Örnólfs föður Höllu á Keldum, sem var fyrri kona Björns Þorleifssonar lög-

---

1) Að Ásgeir þessi hafi nokkru sinni lögmaður verið, eins og Hannes biskup telur (sbr. Safn til s. Ísl. II, 83) er mjög óvíst, og með vissu kemur hann ekki fyrir í bréfum, sem nú eru kunn, en líkur eru fyrir, að hann sé sá Ásgeir, sem nefndur er í dómi um Kross í Landeyjum um 1460 (Fbrs. V, 223—224), og er ekki ósennileg tilgáta Jósafats Jónassonar Fbrs. V, 838, að hann hafi verið son Péturs (í Kállholti: Fbrs. IV, 584) Þorsteinssonar Styrkárssonar, er gæti verið Styrkár í Nesi Gissurarson Hafurbjarnarsonar Styrkárssonar.

2) Hans er getið síðast í bréfi 19. desember 1467, er Hermundur Árnason selur honum jörðina Þórólfsdal í Lóni (Fbrs. V, 510—511). Skömmu síðar, eða um 1470, hefur hann líklega andast og verið þá gamall maður, að líkindum á áttæðisaldri, kemur fyrst við bréf 1431 (Fbrs. IV, 462), og hefur eflaust verið kominn yfir þritugt, er hann var í atförlinni við Jón biskup Gerreksson. Kemur Teitur opt við bréf og gerninga á árunum 1431—1467 (sbr. Fbrs. IV. og V. bindi). Sjá nánar um hann í Lögmannatali Jóns Sigurðssonar Safn til s. Ísl. II, 81—83, 85—87.

3) Að Gunnlaugur hafi nokkursstaðar sýsluvöld haft er engin heimild fyrir.

4) Það nær engri átt. Framætt Odds lögmanns er ókunn.

5) Ólafs Oddssonar er getið við bréf í Fellsmúla á Landi 13. september 1500 (Fbrs. VII, 513—514) og í alþingisdómi 1501 (Fbrs. VII, 575), því að það mun eflaust einn og sami maður og Ólafur

manns Pálssonar á Skarði. 2. Helgi lögmaður Oddsson á Stóruvöllum<sup>1</sup>).

son Odds lögmanns. Hans er og getið í dómi 1504 (Fbrs. VII, 689), í alþingisdómi 1508 (s. st. VIII, 224) og Lambeyjardómi 3. sept. 1513 (s. st. 466).

1) Helgi hefur verið lögmaður sunnan og austan 1495—1498 (sbr. Safn II, 95—96). Hann er dæinn fyrir 10. okt. 1525 (Fbrs. IX, 281—282), sbr. ennfremur dóm Ögmundar biskups í Skálholti 6. október 1529 um erfð eptir hann (Fbrs. IX, 500—502). Synir Helga lögmanns hafa verið:

- a. Jón átti Iðunni (sbr. Fbrs. IX, 501).
- b. Egill, nefndur í bréfi gerðu á Eystrum Völlum 9. febr. 1497 (Fbrs. VII, 333). Son hans með Þóru Eiríksdóttur:
  - aa. Eiríkur, er fékk dæmdan arfahluta í Stóruvöllum móts við börn Jóns Helgasonar, svo framarlega, sem Þóra móðir hans fengi tvær skilvisar konur til að sanna framburð sinn um, að Egill Helgason væri faðir hans (Fbrs. IX, 501).

Enn voru synir Odds lögmanns Ásmundssonar:

3. Örnólfur. Hann er einn dómsmanna í Kirkjulækjardómi Erlends sýslumanns Erlendssonar 23. október 1475, ásamt Oddi föður sínum og Helga bróður sínum og 30. okt. s. á. í Fíflholtsdómi Erlends sýslumanns (Fbrs. V, 802—806). Því næst er hann ásamt Oddi föður sínum einn dómsmanna í dómi Þorsteins lögsagnara Pálssonar í Skarði á Landi 25. júní 1476 um Þjórsártungur (Fbrs. VI, 79). Eptir það er hans ekki getið og mun hann ekki hafa orðið gamall maður. Nafn hans mun hafa borið bróðursonur hans Örnólfur Ólafsson.
4. Jón. Hann er fyrstur votta að próventusampykki Halldóru Gunnarsdóttur í bréfi gerðu á Eystrum Völlum á Landi 9. febrúar 1497 (Fbrs. VII, 333—334). Hann mun og vera sá Jón Oddsson, er vóg Árna Hallkelsson Þorsteinssonar (sbr. bréf 27. apríl 1493 og 6. ágúst 1496, Fbrs. VII, 172, 305). [Sá Árni mun hafa verið föðurfaðir séra Stefáns Hallkelssonar í Laugarðælum (um 1540), sem Hallkelsætt er frá komin]. Jóns er getið í Lambeyjardómi 3. sept. 1513 (Fbrs. VIII, 466—467). Hann er dæinn fyrir 1529 (sbr. Fbrs. IX, 501).
5. Einar á Sturlureykjum í Reykholtsdal hefur eflaust verið son Odds lögmanns Ásmundssonar. Son hans var Lýtingur faðir Ásmundar föður Þormóds í Bræðratungu. Einar var smiður góður, sem þeir niðjar hans fleiri, og eptir honum munu Sturlureykir hafa verið kallaðir Gullsmiðsreykir, og voru þeir lengi í ætt niðja hans. (Sjá um Einar Oddsson hér áður bls.

Oddur var mikilmenni og meinast hafa um hrið haft sýsluvöld í Pingeyjarþingi nálægt 1440. Þó er það ei fullvíst, því ei hef eg séð dóma hans þar sem sýslumanns<sup>1</sup>).

Teitur Gunnlaugsson í Bjarnanesi hafði fengið lög-sögn eptir Helga lögmann Ólafsson<sup>2</sup>). Hann þótti stórgerður og héraðsríkur; varð hann því óvinsæll. Torfi Arason var þá hirðstjóri yfir Íslandi (másk 1448 til 1457) og kom sundurþykki milli Teits og Torfa. Bað þá Oddur Torfa hirðstjóra að útvega sér hjá kongi lögmanns-embættið, fyrir hverju Teitur hafði másk ekki kongsveiting, heldur sem gamall valdamaður var þar til valinn. Í utanferð sinni gerði Torfi það; fékk því Oddur kongs Kristjáns veiting fyrir lögsögn útgefna 1455<sup>3</sup>), en tók við

260–261). Hvort son Odds lögmanns er sá Hugi Oddsson, er kemur við bréf í Skarði á Landi 1459 og 1465 (Fbrs. V, 201, 455) skal eg ósagt látið, en ekki er það ósennilegt.

1) Oddur var orðinn fulltíða maður 1427 og hefur þá verið sveinn Lopts ríka Guttormssonar (sbr. Fbrs. IV, 682 í vitnisburði á Sveinsstöðum 6. maí 1446). Að hann hafi nokkru sinni haft sýslu í Pingeyjarþingi mun tæpast rétt, þótt Bogi telji það sennilegt (sbr. I. B. bls. 11–13).

2) Á að vera: Guðnason.

3) Jón Sigurðsson hyggur (Safn til s. Ísl. II, 86–87, 89), að Oddur hafi verið lögmaður sunnan og austan frá því 1451 og stöðugt til 1479, en eg hygg réttara, að hann hafi ekki tekið við lögmannsembættinu fyr en 1456 (sbr. bréf á Syðri-Ökrum 6. apríl 1456: Fbrs. V, 139–140), og um sama leyti eða skömmu síðar mun hann hafa flutt suður á land að Stóruvöllum, en áður bjó hann á Viðivöllum í Blönduhlíð. Hinn fyrsti alþingisdómur hans, sem kunnur er, er frá 1. júlí 1460 (Fbrs. V, 213), en hinn síðasti frá 30. júní 1474 (Fbrs. V, 756–757). Hygg eg því, að hann hafi það ár verið síðast lögmaður. Í bréfi, sem gert er í Skarði á Landi 25. júní 1475 um landamerki Merkur og Merkurhvols, sem að visu er viðsjárvert bréf (Fbrs. V, 794–795), er hann fyrstur dómsmanna, en ekki nefndur lögmaður, og í Kirkjulækjardómi Erlends sýslumanns Erlendssonar 23. október s. á. (Fbrs. V, 802–804) er hann einnig fyrstur dómsmanna, en ekki nefndur lögmaður. Þar eru og dómsmenn næst á eptir honum taldir synir hans Helgi og Örnólfur. Og það bréf er óbyggjandi. Þá er Oddur enn fremur fyrstur dómsmanna í dómi Þorsteins lögsagnara

embættinu 1456, því það ár á Syðri-Ökrum í Skagafirði, þriðjudaginn eftir páskavíku, meðtók Torfi Arason hirð-

Pálssonar um Þjórsártungur 25. júní 1476 í Skarði á Landi (Fbrs. VI, 79 etc.), en þar er hann heldur ekki nefndur lögmaður. Hefði hann því haft lögmannsembætti á hendi þau árin, er ólíklegt, að hann hefði ekki verið nefndur lögmaður. Að hann hafi verið lögmaður til 1479 byggir Jón Sigurðsson á því, að lögmannanna beggja Odds og Brands Jónssonar er getið í bréfi gerðu á Lundi í Lundarreykjadal um vetursetu útlendra manna og verzlun, er Jón Sigurðsson heimfærir til ársins 1479, en í Fornbréfasafni VI, 281 etc. er árfært til 1480, en eins og útgefandinn (dr. Jón Þorkelsson) getur um, er ekki hægt að byggja á bréfi þessu, að Oddur hafi verið lögmaður 1479 (eða 1480), því að þar sem getið er um þá Odd og Brand sem lögmennt, þá er það svo að skilja, að þeir hafi þá fyrir nokkrum árum gert samþykkt um útlenda vetrarlegumenn, sem ekki hafi verið haldin. Auk þess var Brandur ekki lögmaður lengur en til 1478. Eg tel það því hér um bil vafalaust, að Oddur hafi ekki verið lögmaður lengur en til 1474 og hans sé síðast getið á lífi 1476, enda hefur hann þá verið gamall maður og fæddur um eða skömmu eftir 1400. Hann bjó á Stóruvöllum, eins og áður er getið, og Helgi lögmaður son hans eftir hann. Voru þeir því um hríð kallaðir Lögmannsvellir.

Í sambandi við Odd lögmann þykir mér hlýða, að benda hér á einkennilega frásögu í Biskupaánnálum séra Jóns Egilssonar (Safn til s. Ísl. I, 39), er sagnaritarar íslenzkir virðast ekki hafa veitt eptirtekt. Segir hann þar, að í tíð biskupanna Sveins (Péturssonar) og Magnúsar (Eyjólfssonar) hafi skip komið haust eitt á Eyrarbakka og legið um veturinn á Stokkseyri, þar sem kallaður sé Danapollur, því að menn hafi ætlað skipverja danska, þar sé og Danabaðstofa kölluð. Einn þessara manna hafi átt frillu upp á Kekki (bæ í Stokkseyrarhverfi) og hann hafi verið drepinn, og um vorið í vertíðarlok hafi þeir drepit ráðsmanninn frá Skálholti. Svo hafi þeir ridið til Stokkseyrar og svo þegar þaðan austur til Stóruvallna og *höggvið þar höfudit af lögmanninum við dyra-þverskjöldinn*, ridið svo Þjórsá fyrir ofan Krók (í Holtum) og siglt svo burtu. Hér er ekki um að villast, að átt er við Odd lögmann Ásmundsson, er bjó á Stóruvöllum um þessar mundir, enda hverfur hann einmitt úr sögunni um 1476, s. á. og Sveinn biskup andast, svo að tímaákvörðunin virðist vera nokkurn veginn nákvæm hjá séra Jóni og sennilegast, að illvirki þetta hafi orðið einmitt vorið 1477 (eða 1478) og standi ef til vill eitthvað í sambandi við hina fyrnefndu samþykkt þeirra lögmannanna Odds og Brands, er ef til vill hefur verið harðdræg í garð útlendra vetrarlegumanna, og að þessir vetrarlegumenn á Stokkseyri hafi verið spillvirkjar og óaldarmenn, eins



stjóri norðan og vestan á Íslandi til eignar 20 hdr. í Þorleifsstöðum í Miklabæjarkirkjusókn af Oddi Ásmundssyni fyrir kostnað og armæðu, er greindur Torfi hafði haft að útleysa lögmannsbréf Odds. Kona Odds, Guðlaug Finnbogadóttir, samþykkti þann gerning. (Að Oddur hafi þá lögmaður orðið segja Árbóka II. þáttur pag. 54. Lögmannaregistor a. setur 1455, b. setur 1471—1474<sup>1</sup>).

1460 á Þingvelli var Oddur einn kaupvottur þá Jón sýslumaður Þórðarson seldi Birni bónda Þorleifssyni jörðina Norðtungu (Árbækur II. þáttur pag. 57). 1465 (en Árbóka II. þáttur p. 67 setur 1466) gekk dómur Odds lög-

og verknaður þeirra sýnir, en kallað sig danska og þótt hafa vernd Danakonungs, og illvirki þessu því ekki verið á lopt haldið eða refsingar fyrir það komið. Auðvitað er erfitt um það að segja, en ólíklegt er, að þessi sögn séra Jóns Egilssonar sé ýkjur einar og ósannindi, þá er ekki var lengra umliðið en svo, að einn helzli sögumaður hans, afi hans séra Einar Ólafsson, var fæddur að eins 20 árum eptir að þessi tíðindi höfðu gerzt og mátti því vel muna þá menn, er samtíða hafa verið þessum atburðum og getað haft sannar fregnir af þeim um þessi illvirki. Eg hygg því, að þessi sögn séra Jóns sé sögulega rétt, og engin ástæða til að efast frekar um sannindi hennar en annara frásagna hans í Biskupaannálunum, sem er mesta merkisrit á marga lund. *Eg verð því að telja það víst, að Oddur lögmaður hafi verið hálshöggvinn á heimili sínu Stóruvöllum af útlendum (dönskum?) spillvirkjum skömmu fyrir 1480. Jafnframt skal eg geta þess, sem heldur hefur ekki verið sýnt áður fram á, að sögn séra Jóns í Biskupaannálum (Safn I, 40) um bardaga ábótans í Viðey við Englendinga í Hafnarfirði á við Steinmód ábóta Bárðarson († 1481) og að bardagi þessi hefur verið skömmu fyrir eða um 1480, en ekki um 1490, á dögum Jóns ábóta Árnasonar, eins og Espólin (Árb. II, 115) og aðrir sagnaritarar hafa ætlað. Snjólfur ábótason, er féll í bardaganum (sbr. Biskupaannálana) var einmitt son Steinmóds ábóta, og var dóttir hans Anna, er átti Ólaf Ásbjarnarson, sbr. hér áður bls. 87, þar sem eg hef áður minnt á þetta atriði. En eg hef getið þessa hér aptur í sambandi við frásögn séra Jóns um Odd lögmann til að sýna, að sagnir hans koma einmitt heim við söguleg rök, sem annarsstaðar er að finna.*

1) Við hvaða registor Bogi á hér er mér ekki kunnugt, en það er eptirtektavert, að lögmannsdæmi hans er þar talið lokið 1474, eins og eg hef áður bent á.

manns um hálfu Stokkseyri. 1474 lét Oddur enn ganga dóm, en 1479 hygg eg verið hafi Odds seinasta lögsagnar-ár og hann þá við þau árslok annaðhvort sleppt eða dáið, sem mér þykir líklegt.

Skarðsár- og Vatnsfjarðarannáll nefna Odd fyrst lögmann 1480, en það mun villt, utan ef hann hefur á alþingi undir miðri lögsögn dáið 1480; er það ártal efasamt, því flestum ber saman, að Eyjólfur Einarsson hafi þá lögsögn tekið, nema það hafi verið um miðja alþingistið, sem áður er sagt, að Eyjólfur hafi tekið lögsögn, en Oddur dáið.

Af alþingissamþykkt Þorsteins Eyjólfssonar og Ólafs Péturssonar 1364, að lögmennt skuli hafa léni, hygg eg, að Oddur Ásmundsson hafi fengið með lögmannsdæminu syðra sýslu til forráða, og þykir mér líkast það hafi verið Skaptárþing, því að um það leytið finn eg þar ekki annars sýslumanns getið, en Teitur í Bjarnanesi var þá í óvild við Torfa hirðstjóra, sem veitti sýsluna. Hygg eg því, að Oddur hafi tekið sýsluna næst eptir Teit<sup>1</sup>).

### Eyjólfur Gunnarsson

hefur verið hér sýslumaður orðinn fyrir 1480, því 1480 (alii 1479) nefndi hann 12 menn í dóm, sem tildæmdu Páli Pálssyni Borgarhöfn. Getur og líka verið, að hann hafi verið umboðsmaður Eyjólfssonar lögmanns, eða haft hálfu

---

1) Að Oddur lögmaður hafi nokkurn tíma haft sýslu í Skaptafellspingi hygg eg skakkt. Fyrir því finnast engar heimildir.

Bogi hefur áður getið þess (I. B. bls. 12), að *Helgi Oddsson* lögmaður hafi haldið Skaptárþing um hrið, en á hverju hann byggir það, nefnir hann ekki. Eg hef ekki getað fundið nokkrar heimildir fyrir því, að Helgi lögmaður hafi haft Skaptafells-sýslu, og hygg það ágizkun eina í lausu lopti, eins og um Odd föður hans. Sennilegra, að þeir feðgar hafi einhvern tíma haft sýsluvöld í Rangárþingi um tíma, en þess finnst þó ekki getið.

Þess skal getið, að ættfærslan í I. B. bls. 11 um, að Rafn í Skörðum hafi verið kominn í beinan karlegg frá Oddi lögmanni, er gersamlega röng. Það er ekki kunnugt, að Oddur lögmaður hafi átt nokkurn son með Ásmundar nafni. Rafn í Skörðum var son Odds lögréttumanns í Skörðum Ásmundssonar í Skörðum Sturlusonar Magnússonar.

Skaptafellssýslu móts við hann eða verið millibils sýslumaður<sup>1</sup>).

1) Eyjólfur var allmikill óeirðamaður og kallaður »lázari«. Hans er fyrst getið við bréf á Pingvelli 1. júlí 1469 (Fbrs. V, 546). Hann var einn í Krossreið 1471 og þá tekinn til fanga á eptir, en sleppt aptur samkvæmt dómi Erlends sýslumanns Erlends-sonar á Hliðarenda 25. janúar 1472 (Fbrs. V, 655—656). 6. maí 1473 er hann vottur við bréf gert í Pykkvabæ í Veri (Fbrs. V, 697), en 3. okt. s. á. er hann í Oddgeirshólareið, og er dómur um hann í Skálholti 12. apríl 1474 (Fbrs. V, 733—735). Fyrirbauð Sveinn biskup öllum að hafa svefn eða samneyti við Eyjólf, er stæði í óbættum sökum fyrir hlutdeild í Krossreið. En Eyjólfur skeytti því lítt og var skömmu síðar einn meðal þeirra, er ræntu á Miklabæ (sbr. bréf 9. apríl 1476: Fbrs. VI, 69 og bréf 13. des. 1479: Fbrs. VI, 233). Um það skeið hefur Eyjólfur líklega gert einhverjar yfirbætur og verið tekinn í sátt við heilaga kirkju, því að 1480 er hann orðinn kongs umboðsmaður í Skaptafellsþingi, og dæmir þá 27. okt. dóm í Holtum í Hornafirði um Pál Pálsson, að hann mætti taka að sér jörðina Borgarhöfn. Er bréf um það gert í Hoffelli 17. nóv. (Fbrs. VII, 304—305). En ekki var samt Eyjólfur orðinn spakari en það, að í lögréttu sumarið eptir (1481) var hann einn þeirra, er framast gekk í adsúgnum að Ólafi biskupi Rögnvaldssyni ásamt Rafni lögmanni o. fl. Er skýrt frá þessu upptoti í bréfi 6. júlí 1481 (Fbrs. VI, 379—381). Mun Eyjólfur ekki hafa verið langan tíma sýslumaður, og komst um síðir vestur á land. Þar er hann einn vottur að sættargerð Magnúsar biskups Eyjólfssonar og Einars Björnssonar að Skarði á Skarðsströnd 27. ágúst 1487 (Fbrs. VI, 602—604). Eptir það finnst Eyjólfur ekki getið og mun hann hafa andazt vestra. Framætt hans er ókunn, því að veikar líkur eru fyrir því, eins og talið er í registri við 5. bindi Fornbréfasafnsins (af Jósafat Jónassyni), að faðir hans hafi verið Gunnar Nikulásson (í Galtafelli?). Viðurnefni Eyjólfur »lázari« eða »látsari« mun ekki dregið af Nikulásarnafni, heldur þýðir það: yfirlætismaður, óeirðarseggur, ekki ósvipað og Eyjólfur »ofsi«. Son Eyjólfur var Gunnar og var hann vestra, kemur fyrst við bréf í Saurbæ á Raudasandi 13. sept. 1504 (Fbrs. VII, 723—725). Hann er á lífi 1537 (Fbrs. X, 114—115). Synir Gunnars voru: Ólafur, Sigmundur, Andrés og tveir Jónar. Voru þeir allir hinir mestu ribbaldar og ójafnadar-menn, og særðu til skemmda Brynjólf Sigurðsson og sonu hans hjá Svalvogahamri nálægt Lokinhömrum 1546. Var Ólafur dæmdur útlægur og friðlaus, en Sigmundur til konungsnáðar 1548 (sbr. aths. við ritgerð Jóns lærða í Safni til s. Ísl. III, 723). Kallar Jón lærði þá Eyjólf lázara og Gunnar son hans Lokinhamra-fedga, og hafa þeir samkvæmt því búíð í Lokinhömrum, og lík-

## Eyjólfur Einarsson.

*Faðir:* Einar sýslumaður í Þingeyjarþingi (sjá þar) son Árna frá Djúpadal, er nefndist Dalskeggur, Magnússonar (Magnús Hafliðason í Djúpadal átti í miklu þrasi við Björn Jórsalafara út af landamerkjum<sup>1)</sup>).

*Börn:* A. Einar (sjá hér síðar).  
B. Erlend á Stórólshvoli nefna sumir hans son, en það mun vera villt. Jón Hallsson var hans faðir (sjá Rangárþing).

Eyjólfur bjó í Dal<sup>2)</sup> og var maktarmaður. Þó ei hafi eg full rök er mín meining, að hann hafi haldið annaðhvort allt eða hálf Skaptárþing. 1480 hafði Eyjólfur hálf Rangárþing. En hvenær hann tók við eða sleppti Skaptárþingi veit eg ógerla. Sem valdsmaður í Skaptárþingi lét hann grípa Jón nokkurn Snorrason og setti hann í stokk og járn. Þessi Jón gat sloppið þar frá og flúið í kirkju; þar lét Eyjólfur aptur fanga Jón og færa hann til hins fyrra fangelsis. Þessi Jón hefur þó ekkert smámenni verið, því hann kallast herra, og þá þetta tilfelli var Eyjólfur ekki orðinn lögmaður. Ólafur erkibiskup í Þrándheimi lýsti Eyjólf í kirkjunnar og páfans bann fyrir það, að hann hefði brotið kirkjufrið og að Eyjólfur mætti ei afleysast, fyr en hann hefði forlíkast við herra Jón Snorrason, hvern hann hefði fangað á Bæjarstað.

Jón smjör, riddari og höfuðsmaður í Björgvin, fékk Þorleifi hirðstjóra Björnssyni 1482 umboð kongdómsins vegna, að Eyjólfur skyldi og sættast við Þorleif Björnsson eptir 10 skynsamra manna álit. Var þetta Eyjólf til

lega einhverjir sona Gunnars eptir hann. Kallar Jón þá alla fedga »skemmda- og manndrápsmenn« (Safn til s. Ísl. III, 722).

1) Um framætt Eyjólf s lögmanns sjá I. B. bls. 28—29.

2) Þ. e. Stóradal undir Eyjafjöllum. Hann hefur fyrst búið nyrðra (í Möðrufelli) um 1470 (Fbrs. V, 653) og átti þá í deilum við Runólf Höskuldsson á Bakka (sjá síðar), en 1475 er hann kominn suður í Rangárvallasýslu (Fbrs. V, 790). Að hann hafi haft sýslu í Skaptafellsþingi er ekki ósennilegt, þótt ekki finnist beinar heimildir fyrir því.

hindrunar, þá Þorleifur kom út og lét upplesa bréfið. Þó mun hann hafa sætzt bæði við Þorleif og herra Jón<sup>1)</sup>.

1480 eða 1481 gerðist Eyjólfur lögmaður sunnan og austan og hélt þeirri lögsögn fram um 1490 (sjá lögþingisbók 1654, sem segir, að lögmenn hafi verið 1490 Eyjólfur Einarsson og Finnbofi Jónsson). 1490 lét Eyjólfur lögmaður dóm ganga um Horn og Papafjörð<sup>2)</sup>. Hann hélt lögsögn til 1495. Eyjólfur mun hafa haft lengi sýsluvöld, og eru mest líkindi til, að þeir feðgar allir hafi lengst haft völd í Skaptafellssýslu.

### Helgi Oddsson

lögmaður, son Odds lögmans Ásmundssonar, bjó á svo kölluðum Stóruvöllum á Landi, er þá kölluðust Lögmansvellir og þar eptir. Hann var orðinn lögmaður 1495, og hygg eg að hann hafi þá haft alla eða hálfu Skaptafells-sýslu til eða fram yfir 1500<sup>3)</sup>.

### Einar Eyjólfsson.

*Faðir:* Eyjólfur lögmaður Einarsson (sjá áður).

*Kona:* Hólmfríður Erlendsdóttir sýslumans í Rangá-þingi Erlendssonar (sjá þar).

1) Sbr. Fbrs. VI, 440—441. Bréfið ds. 17. júní 1482 í Björgvin. En hvergi sést það, að Eyjólfur lögmaður hafi látið fanga Jón sem valdsmaður í Skaptárþingi, eins og Bogi segir, því að svo segir í bréfinu, að Eyjólfur hafi tekið hann fyrst í Gaulverjabæ, en hann svo sloppið úr haldi og komist í »eina kirkju« og verið tekinn aptur þaðan. Þessi Jón virðist hafa verið prestur í Gaulverjabæ, og að atburðir þessir hafi orðið eptir að Eyjólfur varð lögmaður (1480). Hefur hann líklega verið lögmaður til dauðadags, og er síðasta lögmansár hans talið 1494. En ekki finnst hans samt getið á lífi í bréfum eptir 1490, og getur vel verið, að hann hafi andazt þá skömmu síðar. En það er víst, að hann er látinn fyrir 28. júní 1495 (sbr. Miðdalsdóm Stefáns biskups Fbrs. VII, 268—270). Sjá ennfremur um Eyjólf lögmann: Lögsögumannatal og lögmanna; Safn til s. Ísl. II, 92—93.

2) Sá dómur er frá 5. ágúst 1480 (ekki 1490), sbr. Fbrs. VI, 289—290.

3) Það er að eins laus ágizkun, sem ekki hefur við rök að styðjast (sbr. hér áður).

Börn:

- A. Eyjólfur í Dal (sjá síðar).
- B. Sesselja átti Markús á Núpi undir Eyja-  
fjöllum son Jóns skafins. (En því var  
Jón kallaður »skafinn«, að þá foreldrar  
hans flæktust austur eptir pláguna seinni  
fæddist hann á Reykjaheiði og varð ei laug-  
aður fyrir vatnsleysi, var því skafinn upp.  
Þessi Jón skafinn varð seinna mikill maður  
og ættsæll<sup>1</sup>); þ. b.:
1. Kristín átti Nikulás Björnsson á Selja-  
landi (sjá Rangárþing); þ. b.:
- a. Herdís átti fyrst launbarn, giptist  
svo Halldóri syni Marteins biskups,  
bjuggu á Álptanesi; börn:
- aa. Marteinn.  
bb. Einar.  
cc. Guðrún; og enn var haldið að  
hún hefði átt framhjá með Páli  
Jónssyni, en þó kölluð Halldórs  
börn:
- dd. Páll.  
ee. Árni.  
Seinna giptist Herdís séra Högna  
Jónssyni á Stafafelli; bl.
- b. Auðbjörg átti Guðmund Magnússon  
í Háfi; þ. b.:
- aa. Magnús á Kotferju.  
bb. Ívar á Brúnastöðum, giptust báðir  
og áttu börn<sup>2</sup>).
- C. Guðríður dó ógipt, bl.
- D. Erlendur var son Hólmfríðar og Jóns skálds  
Hallssonar.

---

1) Þessi sögn er í sumum ættatölubókum heimfærð upp á  
Björn skafinn í Njarðvík eystra (sbr. Timarit J. P. II, 51), en  
líklegra er, að hún eigi við Jón föður hans, og að þeir Markús  
og Björn hafi verið bræður. Það getur og staðizt tímans vegna,  
en fæddur mun þá Jón faðir þeirra fyrir pláguna síðari, því að  
Björn er orðinn fulltíða 1522.

2) Sbr. II, 293 og hér á undan (bls. 541).

Einar í Dal mun hafa tekið sýsluvöld í Skaptárþingi, að minnsta kosti að hálfu, eptir föður sinn (þó ei hafi eg þar fyrir fulla vissu). En mikill bóndi var Einar um og eptir 1500. Hólmfríður kona hans átti í deilum við Vigfús bróður sinn út af fé þeirra.

Einar tjáist fyrst að hafa búíð í Múla. Séra Jón Egilsson nefnir hann lögmann; hefur hann þá annaðhvort verið umboðsmaður föður sins, eða haft litla hrið lögsögn fyrir 1500, en sýsluvöld til þess eptir 1520.

Einar lagðist sjúkur og lá hér um eitt ár, áður en hann deyði. Jón Hallsson, sem þá var sveinn Einars, lagðist á huga við Hólmfríði, átti hún þá Erlend (sjá þar um við Rangárþing). Hún giptist seinna Jóni. Einar dó úr þeirri sótt<sup>1</sup>).

### Eyjólfur Einarsson.

*Faðir:* Einar í Dal nýnefndur.

*Móðir:* Hólmfríður Erlendsdóttir.

*Kona:* Helga dóttir Jóns biskups á Hólum Arasonar. Þau giptust 1531 á Hólum. Taldi Eyjólfur sér til giptingar 600 hundraða og gaf Helgu fjórðungsgjöf, en biskup taldi dóttur sinni 300 hundraða. Þau áttu 13 eða 14 börn. Sjá 10 þeirra talin við Hegranessýslu.

Eyjólfur sýnist fæddur nálægt 1502. Hann var í ung-dæmi sínu uppvöðslumaður mikill og mjög framgjarn.

1) Einars er fyrst getið í bréfi um reikningafjárheimtur Skálhóltsstaðar frá 1497 (Fbrs. VII, 375—376). Hann mun fæddur litlu fyrir eða um 1470. En hann er látinn fyrir 23. maí 1522, því að þá eru gerð fjárskipti í Dal milli Hólmfríðar og Eyjólfssonar hennar og systkina hans (Fbrs. IX, 86—88).

### Jón Hallsson

hefur fengið Skaptafellsþing (»Síðusýslu«) 1520, líklega eptir að Einar varð svo veikur, að hann hefur ekki getað þjónað henni. Fékk Jón kvittun frá Hannesi hirðstjóra Eggertssyni 5. júlí 1522 fyrir skattinum af Skaptafellsþingi, er einnig er kölluð »Síðusýsla«, um tvö ár m. fl. (Fbrs. IX, 104). Jón hefur og haft umboð yfir Vestmannaeyjum líklega um 20 ár, eða jafnlengi og hann hafði sýslu í Rangárþingi, en hvort hann hefur haldið Skaptafellsýslu jafnlengi er óvíst. (Sjá um hann við Rangárþing).

Mun hann um hrið hafa verið sveinn Jóns biskups Arasonar.

1520 tók Eyjólfur upp fé fyrir Runólfi Höskuldssyni á Bakka í Yxnadal, svo Runólfur hafði ei eptir utan til 50 hundraða<sup>1)</sup>. Litlu þar eptir meina eg Eyjólfur hafi orðið sýslumaður í Skaptafellsýslu og búið á sinni föðurleifð, Dal undir Eyjafjöllum, og líka um hrið í Múla. 1531 næsta sunnudag eptir Mikaelsmessu á Hólum fékk Eyjólfur Helgu, sem áður er sagt. 1538 stefndi Ögmundur biskup Eyjólfu fyrir fylgi við Erlend hálfbróður sinn Jónsson og lét dæma af Eyjólfu 60 merkur til sín, og jafnmikið til Skálholtskirkju og að taka lausn. En fyrir það hann skaut sér undan biskupsdómi og undir kongsdóm lét hann dæma af Eyjólfu jafnmikið, sem hann hefði kostað til utanfarar og kirkjunni 90 merkur, samt jafnmikið biskupi og sé fallinn í bann og skyldugur að taka lausn og skriptir. (Af þessu má sjá, að sök Eyjólfu hefur verið, að hann vildi hjálpa bróður sínum, sem biskup

---

1) Vitnisburðarbréf Halls Ásgrímssonar um rán þetta er ds. á Munkapverá 16. sept. 1520 (Fbrs. VIII, 749). En það er miskilningur hjá Boga og öðrum sagnaritum t. d. Espólín (Árb. III, 60), að fjárupptekt þessi hafi fram farið 1520, því að hún hefur gerzt löngu áður, líklega um eða skömmu eptir 1470 og sá Eyjólfur Einarsson, er rændi Runólf, er einmitt Eyjólfur lögmaður Einarsson, en ekki Eyjólfur sonarson hans, enda hefur hann þá verið ungur og heima hjá móður sinni í Dal, svo að það er ekki sennilegt, að hann hafi þá stadið í stórræðum norður í Eyjafirði. Þess finnst og getið í bréfum, að skærur allmiklar hafi verið milli þeirra Runólfs Höskuldssonar á Bakka og Eyjólfu lögmanns, meðan hann var nyrðra, og að Runólfur hafi tekið upp fé fyrir Eyjólfu, er hann lofar að greiða honum aptur í bréfi gerðu á Hólum 18. janúar 1472 (Fbrs. V, 652—653). Er ekki ólíklegt, að rán Eyjólfu á fé Runólfs hafi orðið skömmu síðar, sakir þess, að Runólfur hafi brugðið loforð sín og Eyjólfur þá tekið rétt sinn sjálfur. Að Eyjólfur yngri hafi verið sveinn Jóns biskups Arasonar, áður en hann kvæntist Helgu, þykir mér hæpið og hef ekki fundið heimildir fyrir því. Hann er kallaður »jenkæri« (jungherra) í bréfi Ögmundar biskups 4. september 1531, þá er hann sættir hann og Hólmfríði móður hans út af ágreining um reikningsskap (Fbrs. IX, 597—598). Kaupmálabréf Eyjólfu og Helgu biskupsdóttur er gert á Hólum 30. nóv. s. á. (Fbrs. IX, 603—605).



hafði fyrir sökum og að hann skaut máli sínu undir kongsdóm, en óvist er, hvort biskup gat framkomið þessu, þar hann missti nokkru seinna völd sín).

1549 vildi Jón biskup fá Eyjólf til að fanga Jón prest í Skálholti. 1551 skrifaði kongur Eyjólfvi ásamt fleirum höfðingjum að fanga Jón biskup. 1553 þá Marteinn biskup visiteraði Dalskirkju vildi Eyjólfur ei til segja eigna hennar.

Líkast er, að Eyjólfur hafi ei haft utan hálfu Skaptafellssýslu móti Halldóri (Skúlasyni). Ei hef eg fullvissu um sýsluvöld Eyjólfis og getur líka verið, að Halldór hafi ei orðið þar sýslumaður, fyr en Eyjólfur sleppti nálægt 1566<sup>1</sup>).

### Brynjólfur Jónsson.

Honum lénti konungur Bjarnanes og Horn um 1542, þá kongur lét taka undir sig jarðir Ögmundar biskups, en Jón biskup Arason taldi það sína eign eptir kaupí sínu við konung af Teits ríka eignum 1529, en Teitur hafði áður fengið Ögmundi biskupi þær jarðir fyrir aðrar, sem Jón biskup tók seinna undir sig. 1544 reið Jón biskup með flokk sinn austur og tók Bjarnaneseignirnar undir sig og aptur 1549. Voru þá menn hans djarftækir til ýmsra hluta. Brynjólfur bóndi fór þá utan og klagaði fyrir kongi þjófnað og rán Jóns biskups. Er líkast, að Brynjólfur hafi haft sýsluvald nokkurt eystra í Skaptárþingi fyrir, um og eptir 1540, þó ei geti eg það fullsannað. Annars hefur Brynjólfur verið nokkur maktarmaður.

1547 rænti Jón biskup Arason og synir hans *Indriða* bónda *Ketilsson*. Þykir mér líklegt, að hann hafi verið umboðsmaður í Skaptárþingi<sup>2</sup>).

1) Hvenær Eyjólfur dó verður ekki sagt með vissu.

2)

#### **Jón Þorvaldsson**

er talinn sýslumaður í Síðusýslu (Skaptafellssýslu) 1552—1553, samkvæmt því sem segir í reikningum Eggerts Hannessonar í A. M. 264 fol. Hann hefur verið son Þorvalds Jónssonar í Skál og bróðir Ingveldar, er Halldór Skúlason átti. Hefur Jón líklega haldið sýsluna næst á undan mági sínum.

## Halldór Skúlason.

- Faðir:* Skúli Guðmundsson Sigvaldasonar langalífs.  
*Móðir:* Þórunn Marteinsdóttir biskups Einarssonar.  
*Kona:* Ingveldur Þorvaldsdóttir bónda í Skál Jónssonar. Móðir Ingveldar var Gróa laundóttir Sæmundar Eiríkssonar í Ási.
- Börn:* A. Sigvaldi á Búlandi átti Elínu dóttur Jóns Ólafssonar sýslumanns Guðmundssonar (sjá Strandasýslu<sup>1</sup>); þ. b.:
1. Eiríkur á Búlandi lögréttumaður, dó í lögréttu 1661, átti fyr Þórunni Sigurðardóttur; þ. b.:
  - a. Þórarinn prestur í Eydölum, missti kjól og kall, fór þá utan og varð sagnaskrifari, dó 1662<sup>2</sup>).
  - b. Halldór prestur<sup>3</sup>).
  - c. Bjarni sýslumaður (sjá síðar).
  - d. Elín<sup>4</sup>).
  - e. Þórunn<sup>5</sup>).
  - f. Járngerður<sup>6</sup>).

---

1) II, 339.

2) Séra Þórarinn dó 1660, drukknaði í Kaupmannahafnargröfum, var drykkjumaður og óreiðumaður, en var þó orðinn sagnaritari konungs, og fékk Þormóður Torfason það embætti eptir hann.

3) Halldór prestur í Heydölum átti Guðrúnu Nikulásdóttur klausturhaldara í Kirkjubæ Þormóðssonar og voru börn þeirra: Höskuldur lögsagnari Jóns sýslumanns Þorlákssonar í Múlaþingi, Eiríkur, Elín f. k. séra Árna Álfssonar í Heydölum og Kort á Gilsá faðir Margrétar, er átti séra Jón Ólafsson á Dvergasteini og Eyjólfss á Gilsá föður Brynjólfs í Langhúsum föður Gunnlaugs, er fór suður á land og bjó lengi í Breiðholti.

4) Elín átti fyr Hjaltta Pálsson í Teigi, og eru afkomendur þeirra áður taldir bls. 391—397, en síðar Gunnlaug Sigurðsson í Saurbæ.

5) Þórunn átti Ólaf Jónsson lögréttumann á Stóra-Steinsvæði, bl.

6) Járngerður giptist ekki.

Enn var dóttir Eiríks lögréttumanns og f. k. hans:

Seinni kona Eiríks Valgerður Ólafsdóttir, ekkja séra Sigurðar Einarssonar, hvers dóttur með fyrri konu Eiríkur átti áður; þ. b.:

g. Sigvaldi<sup>1</sup>).

h. Jórunn<sup>2</sup>).

i. Steinunn<sup>3</sup>). (Sjá frammar um þau börn við Strandasýslu).

2. Halldór<sup>4</sup>).

3. Þórunn.

4. Guðrún.

5. Guðrún yngri. (Sjá um þau við Strandasýslu).

B. Katrín átti séra Bjarna Gíslason; þ. b.:

1. Gísli prestur á Stað í Grindavík, dó 1656, átti fyr Guðrúnu Pálsdóttur, systur séra Gunnars á Gilsbakka; þ. b.:

a. Ólafur prestur í Hvalsnesþingum,

g. Þórunn yngri átti Gísla lögréttumann á Stóra-Sandfelli í Skriðdal Eiríksson prests í Vallanesi Ketilssonar, bl.

1) Sigvaldi átti Ólöfu Jónsdóttur á Felli í Hornafirði Ketilssonar og börn, þ. d.: Guðrún átti Styrbjörn í Jökulsárhlíð, þeirra son Eiríkur á Hauksstöðum faðir Sigvalda föður Eiríks í Hafrafellstungu.

2) Jórunn átti Eirík son Magnúsar prófasts Péturssonar á Hörgslandi.

3) Það er víða talið, að Steinunn hafi átt séra Högna Guðmundsson í Einholti († 1678), en það er ekki áreiðanlegt. Sumstaðar er sagt, að Steinunn hafi ekki gipzt (sbr. ættatölur Lbs. 483 4to).

Launson Eiríks lögréttumanns Sigvaldasonar var:

Jón prófastur í Bjarnanesi († 1690) átti Ragnhildi Jónsdóttur frá Felli í Hornafirði Ketilssonar og voru börn þeirra: Eiríkur stúdent á Geithellum faðir Jóns s. st., Vilborg, er átti Ísleif sýslumann Einarsson (sjá hér síðar) og Sigríður f. k. Jóns stúdents á Ormarsstöðum í Fellum Jónssonar s. st. Ásmundssonar lögréttumanns s. st. († 1675) Jónssonar.

4) Réttara: Halldóra. Sjá um systkin þessi og afkomendur þeirra II, 340—342.

missli brauðið óréttvislega, bjó síðan í Krísvík, varð seinni maður Guðríðar Gísladóttur prests<sup>1)</sup>; þeirra barn: aa. Gíslí lögréttumaður faðir Ólafs biskups<sup>2)</sup>).

- b. Jón á Hópi í Grindavík átti börn.
- c. Sigurður á Stafnesi, giptist og átti börn<sup>3)</sup>).
- d. Katrín átti séra Vigfús Oddsson og börn.
- e. Bjarni fór til Hollands.
- f. Ingveldur átti séra Sumarliða Ormsson og börn.
- g. Guðríður átti Helga, sem hertekinn var 1627, og börn.

Seinni kona séra Gísla Guðrún Jónsdóttir, bl.

C. Ólöf átti prest í Hornafirði, meinast bl.

D. Sigríður átti Guðbrand Jónsson á Steinum undir Eyjafjöllum; börn:

1) Þetta er ekki rétt. Kona séra Ólafs mun hafa verið Guðríður Jónsdóttir og Ástu Eyjólfadóttur, systur Kláusar lögréttumanns í Hólum, en s. m. Guðríðar Gísladóttur (prests Árnasonar) var Ólafur Gíslason bróðir Bárðar í Vatnsdal.

2) Dóttir séra Ólafs Gíslasonar í Krísvík var Sigríður, er átti Halldór Bjarnason á Stokkalæk og var son þeirra Bjarni á Víkingslæk, er hin afarfjölmenna Víkingslækjarætt er frá komin. Einn son Bjarna var Halldór á Víkingslæk faðir Þorsteins fræðimanns í Skarfanesi föður Guðmundar í Hlíð í Eystrihrepp föður Lýðs hreppstjóra þar, Guðlaugs á Fossi í Ytrihrepp og þeirra systkina. Annar son Bjarna Stefán í Árbæ á Rangárvöllum faðir Brynjólfs í Kirkjubæ föður Guðmundar á Keldum föður Jóns á Ægissíðu, Skúla á Keldum, Sigurðar á Selalæk, Vigfúsar í Eng-ey, Júlíu konu séra Ingvars Nikulássonar á Skeggjastöðum og Guðrúnar, er átti Filippus Filippusson á Gufunesi o. s. frv. Þriðji son Bjarna Loptur á Víkingslæk faðir Loptis á Kaldbak og hinn fjórði Brandur faðir Guðmundar í Kirkjuvogi föður Brands s. st. föður Guðmundar alpm. í Landakoti föður Guðmundar, er þar býr nú. Mörg voru fleiri börn Bjarna á Víkingslæk.

3) Dóttir Sigurðar var Guðrún f. k. Runólfs Sveinssonar lögréttumanns í Sandgerði, þeirra son Sigurður faðir Guðna sýslumanns í Kirkjuvogi (sbr. bls. 135, 158 etc.).

1. Jón eldri. Hans börn:
  - a. Sæmundur.
  - b. Jón.
2. Jón yngri. Hans börn:
  - a. Freysteinn<sup>1)</sup>.
  - b. Jón.
  - c. Agnes.
  - d. Sigríður. Varð bændafólk.
- E. Skúli. Hans son:
  1. Jón giptist í Hornafirði, átti börn<sup>2)</sup>.
- F. Agnes átti Ólaf Björnsson í Marteinstungu;
  - p. b.:
    1. Bergsteinn. Hans börn:
      - a. Ívar.
      - b. Hólmfríður<sup>3)</sup>.

1) Dætur Freysteins Svanhildur og Anna eru á lífi undir Austur-Eyjafjöllum 1729. Son Svanhildar var Freysteinn Pálsson í Yztabælistoti, átti Guðrúnu Ólafsdóttur, þeirra son Páll.

2) Börn Jóns Skúlasonar voru:

a. Árni í Fagradal í Mýrdal.

b. Helga átti Högna Bjarnason í Teigi, p. d.:

aa. Helga átti Kálf Gunnarsson Steinmóðssonar, p. d.:

aaa. Geirlaug († 1685) átti Nikulás († 1690) Bjarnason Nikulásssonar Mikaelssonar og var son þeirra Bjarni sýslumaður í Skaptafellssýslu (sjá síðar).

3) Á að vera Hallfríður (Biskups-Fríða), en framætt hennar og Ívars bróður hennar er hér skökk, því að faðir þeirra var Bergsteinn Þorvaldsson blindi († 1635). Sbr. um þessa ætt II, 625—626. Þess skal getið til leiðréttingar því, sem þar er sagt (bls. 626), að Ívar í Götu faðir Jóns á Votamýri hefur ekki verið son Eiríks Ívarssonar (Bergsteinssonar), heldur bróðurson hans, son Odds Ívarssonar, er bjó í Ytrihrepp (Reykjadalssókn) og var á lífi 1675. Mun sá Oddur hafa verið heitinn eptir Oddi biskupi og bróðurson Hallfríðar Bergsteinsdóttur, en bróðir Eiríks í Móakoti, sem eflaust er sá Eiríkur Ívarsson, sem getið er um í Biskupstungum eptir 1660. Hygg eg vafalaust, að þeir Oddur og Eiríkur hafi verið synir Ívars Bergsteinssonar, en ekki Ívars Ólafssonar frá Marteinstungu, þótt sennilegt sé, að þetta sé eitt-hvað skylt. Skúli hét einn son Ólafs í Marteinstungu, en Bergsteins er ekki getið (sbr. II, 625). Ívars Oddssonar er getið í Ytrihrepp 1693. Ein dóttir hans, systir Jóns á Votamýri, var

- G. Halla<sup>1</sup>) átti séra Simon í Kálfholti; börn:
1. Sveinn prófastur í Holti í Önundarfirði átti fyr Þórunni Björnsdóttur; þ. b.:
    - a. Jón prestur í Holti<sup>2</sup>).
    - b. Björn<sup>3</sup>).
    - c. Þorleifur<sup>4</sup>).
    - d. Þórunn<sup>5</sup>).
    - e. Páll<sup>6</sup>).

Sigríður f. k. Árna Guðmundssonar í Götu í Ytrihrepp, og var hún og s. k. hans Ástriður Oddsdóttir (í Ási Einarssonar Oddssonar) 2. og 3. að frændsemi.

1) Halla var laungetin og víðast hvar talin systir sammæðra Sigríðar Bjarnadóttur, konu séra Jóns Bjarnasonar á Breiðabólstað (sbr. bls. 216), en sumir telja, að Halla kona séra Simonar hafi verið Bjarnadóttir, og svo segir Steingr. biskup (ættatölur bls. 1578) að Brynjólfur biskup telji, og mátti honum vera það kunnugt.

2) Jón prófastur í Holti í Önundarfirði († 1661) átti Þorbjörgu Guðmundsdóttur, föðursystur séra Hallgríms Péturssonar, þ. b.:

- a. Jón prófastur í Holti († 25. maí 1680) átti Halldóru Jónsdóttur eldra sýslumanns í Haga Magnússonar (sbr. II, 652), þ. d.: Ástriður f. k. Magnúsar Jónssonar í Vigur, þ. d. Þorbjörg, er átti Pál lögmann Vidalin (sbr. II, 654).
- b. Þórunn átti séra Björn Snæbjörnsson á Staðastað og börn.

3) Björn járnsmiður á Þórisstöðum í Önundarfirði átti Guðnýju Pálsdóttur frá Fagradal Ormssonar, þ. b.:

- a. Þórunn átti Jón Jónsson Ívarssonar frá Hvammi í Dýrafirði.
- b. Jón í Reykjarfirði. Son hans er talinn Einar faðir Jóns föður Einars föður Þorbergs prests á Eyri í Skutulsfirði († 1784).
- c. Þórður. d. Einar. e. Páll drukknaði við Eyjasand 1669.
- f. Þóra.

4) Þorleifur í Innri-Hjarðardal í Önundarfirði átti Guðlaugu Bjarnadóttur, systur séra Brynjólfs í Hjarðarholti. Synir þeirra voru: Björn prestur á Álptamýri og Þórður prestur á Þingvöllum faðir Gottskálks prests á Keldum föður Björns prests á Stað í Grindavík.

5) Þórunn var f. k. séra Jóns Böðvarssonar eldra á Húsa-felli.

6) Páll var bartskeri og dó utanlands.

Síðar giptist séra Sveinn árið 1600 á sínu 41. ári Ragnheiði Pálsdóttur; þ. b.:

f. Brynjólfur biskup<sup>1</sup>).

g. Gissur prestur á Álptamýri<sup>2</sup>).

Hver af fyrskrifuðum Halldórs börnum voru laungelin er mér óljóst, því Halldór átti mörg börn framhjá, einkum með Guðrúnu sól, svo kallaðri af fegurð hennar, við hverja Halldór hélt mjög ríkt; þeirra son einn er talinn auk annara fleiri:

H. Guðbrandur, giptist í Hornafjörð. Hans son:

1. Bjarni. Hans börn:

a. Guðrún<sup>3</sup>).

b. Sigríður<sup>4</sup>).

c. Guðlaug<sup>5</sup>).

1) Börn Brynjólfs biskups og Margrétar Halldórsdóttur lögmanns Ólafssonar voru: Sveinn dó ungur, Halldór, andaðist í Járnamóðu á Englandi 1666 og Ragnheiður († 1663), er barnið átti með séra Dada Halldórssyni 1662, hét Þórður, dó 1673.

2) Séra Gissur (f. 17. jan. 1604, † 18. okt. 1683) var tvíkvæntur, dó bl.

3) Guðrún átti séra Guðmund Laurentiusson á Stafafelli († 1672) og voru börn þeirra: Egill prestur á Stafafelli, Laurentius á Krossalandi í Lóni, Högni í Stóruháls, Herdis, er átti séra Orm Jónsson á Hálsi í Hamarsfirði og Ragnhildur, er átti séra Árna Sigurðsson yngra á Skorrastað († 1724).

4) Launson Sigríðar með séra Höгна Jónssyni á Stafafelli var Bjarni, er átti Arnfríði Pálsdóttur Björnssonar sýslumanns Gunnarssonar og börn.

5) Guðlaug átti Sigmund Jónsson á Hnappavöllum, og er son þeirra talinn Sigurður faðir Jóns á Hofi í Öraefum föður Sigurðar prests í Glæsibæ († 1784). En annar son þeirra Sigmundar og Guðlaugar er í sumum ættatölum talinn Jón á Skálafelli faðir Eiríks föður Jóns konferenzráðs, en sú ættfærsla mun tæplega rétt, því að Jón faðir Eiríks á Skálafelli mun ekki hafa verið Sigmundsson heldur Jónsson Sigmundssonar, og svo telur Steingrímur biskup, og að Sigmundur faðir Jóns hafi verið Sigmundur á Hnappavöllum maður Guðlaugar. Það stendur ein-

Ingveldur kvinna Halldórs var kölluð hin *góða*. Hún var kvenna minnst og ófríðust. Hafði Halldór gipzt henni til fjár. Ingveldur var kvenna dyggðauðugust, tók hún eftir mætti út yfir hórdóma manns síns og ól upp þau hans börn sem sín eigin. Halldór tjáist að hafa haldið Skaptafellssýslu og Þykkvabæjarklaustur næst eftir ábótann nærfellt í 20 ár. Hefur hann þá ei klaustrinu sleppt fyrir en 1573. Er meining mín, að hann hafi tekið sýsluna, annaðhvort alla eða hálfu, nálægt 1566. 1569 hafði hann Siðusýslu og enn 1587, en máskje ei utan hálfu sýsluna móti Árna Gíslasyni frá 1572. Lét Halldór dóm ganga 8. maí 1569 að Holtum í Hornafirði um Krossbæ í Hornafirði. 1587, laugardag fyrir uppstigningardag, útnefndi Halldór dóm um Breiðamerkurkeka, hvar um misklið hafði orðið milli séra Jóns Arnórssonar vegna dómkirkjunnar í Skálholti og Mikæls Ísleifssonar.

Ekki hef eg vissu um, nær Halldór sýslumaður deyði. Espólin fróði meinar, að Halldór hafi lifað fram um 1580, en hann hefur lifað lengur, fram um 1590 að minnsta kosti.

(Kirkjubæjarklaustur mun Einar<sup>1</sup>) bróðir Gissurar biskups hafa tekið eftir séra Einar Árnason, sem tók það 1553. Sama ár mun og Halldór hafa tekið Þykkvabæjarklaustur og haldið það til hér um 1573)<sup>2</sup>).

### Bjarni Erlendsson.

(Sjá um hann við Múlasýslumenn).

1559 að Bessastöðum í Fljótsdalshéraði hefur Bjarni nefnt menn í dóm, og kalla dómsmenn hann velbyrðugan

---

mitt vel heima tímans vegna, að þeir séra Sigurður í Glæsibæ og Jón konferenzráð hafi verið 3. og 4. að frændsemi, fremur en þremmingar, því að Jón Sigurðsson faðir séra Sigurðar og Jón Jónsson á Skálafelli, afi Jóns konferenzráðs, hafa verið á líkum aldri, fæddir um 1670.

1) Gissur biskup átti engan bróður með því nafni, en talið er, að Arni bróðir hans hafi um tíma haldið Kirkjubæjarklaustur, en þó er það mjög óvist og líklega málum blandað.

2) Hann fékk Þykkvabæjarklaustur 8. apríl 1564 (Lbs. 74 fol. bls. 241—243), en vel getur verið, að hann hafi haft það einhvern tíma skömmu áður.



umboðsmann yfir *alla Austfjörðu*. Af því sýnist, sem hann hafi þá haldið bæði Múla- og Skaptárþing. Bjarni lifði 1566. Kann eg þó ei víst að segja hann hafi haldið Skaptárþing, til þess Árni Gíslason viðtók. En hafi hann þessa sýslu haldið, sem er efandi, hefur það ei verið nema austurparturinn um tíma.

### Árni Gíslason.

- Faðir:* Gíslí, sem fyr var sveinn Gottskálks biskups og hans umboðsmaður og bjó um hrið á Hafgrímsstöðum. Hann var son Hákonar Halls-sonar Finnbogasonar gamla Jónssonar langs í Axarfirði.
- Móðir:* Ingibjörg Grímsdóttir á Möðruvöllum Pálssonar. (Sjá hennar ætt við Þingeyjarþing).
- Kona:* Guðrún Sæmundsdóttir í Ási Eiríkssonar og Guðríðar Vigfúsdóttur, systur Páls lögmanns (sjá Rangárþing). Þau munu hafa gipzt nálægt 1543, því að 1558 var Guðrún dóttir hans mannvaxin.
- Börn:*
- A. Hákon sýslumaður (sjá Árnesþing).
  - B. Gíslí sýslumaður (sjá Rangárþing).
  - C. Sæmundur sýslumaður (sjá Snæfellsnes-sýslu).
  - D. Guðrún, dó 1603, átti Jón sýslumann Björns-son (sjá Húnavatnssýslu).
  - E. Halldóra, giptist 1572, 25 ára, Guðbrandi biskupi, deyði 1586, 39 ára, börn:
    1. Páll sýslumaður á Þingeyrum (sjá Húnavatnssýslu).
    2. Halldóra, giptist ekki, dó bl. 1658, 84 ára.
    3. Kristín átti Ara sýslumann (sjá Ísafjarðar og Barðastrandarsýslu).
  - F. Ingibjörg, dó 1633, átti Gísla lögmann Þórðarson (sjá Borgarfjarðarsýslu).
  - G. Sigríður átti Árna Magnússon á Grýtubakka (sjá þeirra afkvæmi við Strandasýslu).
  - H. Hólmfríður, giptist 1573, séra Árna í Holti

undir Eyjafjöllum, syni Gísla biskups Jónssonar. (Séra Árni dó 1622, prófastur og prestur 36 ár), þ. b.:

1. Gísli prestur í Holti, vígðist og drukkn-  
aði 1622, átti Margréti Sigurðardóttur,  
börn:
  - a. Gísli átti Ingibjörgu Jónsdóttur, bl.
  - b. Gísli annar átti Guðrúnu Álfadóttur  
og 5 börn.
  - c. Guðríður átti fyr Jón Pálsson, seinna  
Ólaf Gíslason<sup>1)</sup> og börn með báðum.
  - d. Þórunn.
  - e. Jón.
2. Ólafur í Gunnarsholti, gíptist 1607 Sol-  
veigu Einarsdóttur Grímssonar, þ. b.:
  - a. Einar í Gunnarsholti átti Ragnheiði  
Bjarnadóttur, börn:
    - aa. Grímur<sup>2)</sup>.
    - bb. Salvör<sup>3)</sup>.
    - cc. Hólmfríður<sup>4)</sup>.
    - dd. Guðrún<sup>4)</sup>.

---

1) Ólafur s. m. Guðríðar var bróðir Bárðar Gíslasonar lög-  
réttumanns í Vatnsdal (sbr. Bisks. II, 642), og var son þeirra Jón  
prestur í Fellsmúla († 1718) faðir Illhuga prófests í Hruna og  
Bárðar prests í Guttormshaga. Það er rangt, að maður Guðríð-  
ar Gísladóttur hafi verið séra Ólafur Gíslason í Krisuvík (sjá  
hér á undan).

2) Grímur átti Margréti Halldórsdóttur prófests í Hruna  
Daðasonar, þ. b.:

a. Kristín átti séra Þorstein Oddsson í Holti undir Eyjafjöllum  
og voru börn þeirra: Jón sýslumaður í Skaptafellssýslu (sjá  
síðar), Rannveig, er átti Nikulás sýslumann Magnússon, Hild-  
ur, er átti Eyjólf Guðmundsson spaka í Eyvindarmúla og  
Guðný, er átti Benedikt í Skógum Högnason prests í Eyvind-  
arhólum Ámundasonar.

3) Salvör átti séra Árna Halldórsson í Hruna, þ. b.: Grímur  
stúdent, djákni á Möðruvöllum († 1704), Hólmfríður átti Jón Sig-  
urðsson í Unnarholti, Ragnheiður 3. kona Þórðar Péturssonar á  
Innra-Hólmi, Solveig átti séra Franz Íbsson í Hruna og Guðrún,  
dó ógípt.

4) Hólmfríður og Guðrún, sem hér eru taldar systur Sal-  
varar, voru dætur hennar og séra Árna Halldórssonar.

3. Eiríkur giptist 1611 Helgu Erasmusdóttur, börn:
  - a. Bjarni átti Guðrúnu Ólafsdóttur.
  - b. Guðlaug átti séra Eirík á Krossi og börn<sup>1)</sup>.
  - c. Þórunn í Miðey.
  - d. Sigmundur.
  - e. Árni.
  - f. Gísli, bl.
  - g. Páll, bl.
4. Kristín átti Magnús Eiríksson<sup>2)</sup>, börn:
  - a. Vigfús átti Jórinni Guðmundsdóttur og börn.
  - b. Ísleifur á Höfðabrekku átti Helgu Erlendsdóttur og börn.
  - c. Hallgrímur átti Þórunni Pálsdóttur og börn.
5. Sesselja átti Illhuga Vigfússon og 15 börn<sup>3)</sup>, þar af:
  - a. Vigfús prestur á Setbergi átti Bergljótu Loptsdóttur og börn.
  - b. Einar prestur á Reynivöllum átti Guðrúnu Einarsdóttur og börn.
  - c. Nikulás átti Guðrúnu Nikulásdóttur og börn.
  - d. Þórarinn á Hvitárvöllum lögréttumaður átti Þorbjörgu Gísladóttur.
  - e. Einar, lögréttumaður 22 ár, átti Arnísi Torfadóttur og börn.

---

1) Börn séra Eiríks Þorsteinssonar á Krossi og Guðlaugar voru: Gísli prestur á Krossi faðir Eiríks stúdents og lögréttumanns í Flögu í Skaptártungu, Klængur faðir Eiríks föðurföður séra Sæmundar Einarssonar á Útskálum, Einar í Ossabæ í Landeyjum faðir Andrésar á Bústöðum, Höskuldur, Þórunn, Margrét, Ragnhildur.

2) Afkomenda Magnúsar og Kristínar er áður getið (sjá Rangárþing).

3) Sjá um afkomendur Illhuga á Kalastöðum og Sesselju hér áður bls. 10—19.

- f. Jón í Lóni átti Hallvöru Jónsdóttur og börn.
  - g. Jórunn átti séra Guðmund á Þæfusteini og börn.
  - h. Guðriður fyrri kona Guðmundar Jónsonar og börn.
  - i. Ingibjörg átti Vigfús Torfason og börn.
  - k. Gísli lögréttumaður.
  - l. Þórður o. fl.
6. Guðriður gipt 1605 Þorsteini sýslumanni og klausturhaldara á Pykkvabæ (sjá síðar).
7. Guðriður önnur, deyði 1668, nírað, átti Orm sýslumann í Eyjum Vigfússon (sjá Kjósarsýslu).
- I. Solveig átti Eyjólf sýslumann Halldórsson, bjuggu um hrið í Saurbæ á Kjalarnesi (sjá um hann við Rangárþing).
- K. Anna átti fyr Guðmund í Deildartungu Þórðarson lögmanns, barn<sup>1)</sup>:
- 1. Árni átti Þorgerði Tyrfingsdóttur Ásgeirssonar, þ. b.:
    - a. Guðmundur í Deildartungu átti Margrétu dóttur séra Jóns yngra í Reykholti.
    - b. Hákon á Vatnshorni átti Herðisi laundóttur Bjarna sýslumanns á Staðarhóli, börn:
      - aa. Árni dimissus fór utan. Hans laundóttir Kristín átti Jón Þorsteinsson klausturhaldara (sjá síðar).
      - bb. Jón á Vatnshorni, dó 1748, 93 ára, átti Helgu Guðbrandsdóttur, bl. (sjá Barðastrandarsýslu). Laundóttir Jóns: Helga á Jörfa (sjá Dalasýslu).

---

1) Sjá um afkomendur Guðmundar III, 411—412.

cc. Guðrún.

c. Ásmundur í Syðri-Hraundal átti Ingi-riði Gísladóttur frá Öskjuholti, þeirra son:

aa. Hannes, átti börn.

d. Guðrún átti Pál yngsta Ámunda-son, bl.

2. Vigfús<sup>1</sup>).

3. Ásmundur<sup>1</sup>).

Seinna giptist Anna Snorra Ásgeirssyni (sjá Borgarfjarðarsýslu).

Árni Gíslason sýslumaður átti tvö launbörn með Helgu dóttur séra Tómasar Eiríkssonar á Mælifelli við hverja hann hélt, þá hann var í Ísafjarðarsýslu og keypti handa henni Hnífsdal. En seinna gipti Árni Helgu Drumba-Sveini í Málmei. (Því var hann Drumba-Sveinn kallaður, að hann fór eitt sinn til lands á trédrumbum, þá hann missti bát sinn). Launbörn Árna og Helgu voru:

L. Guðrún átti Jón Ólafsson á Svarfhóli eptir 1560. (Sjá þeirra afkvæmi við Strandasýslu).

M. Margrét átti Jón Þorsteinsson, þeirra son:

1. Séra Þorsteinn, lengi prestur í Aðalvík fyrir 1596, átti Margrétu, norðlenzka að ætt, þ. b.:

a. Jón á Melgraseyri átti Sigríði Sveinsdóttur, börn:

aa. Þórður á Hamri átti Herðisi Einarsdóttur og börn.

bb. Þorsteinn, átti börn.

cc. Kristín, bl.

dd. Valgerður, átti börn.

ee. Ingveldur, átti börn.

ff. Sveinn, átti börn.

1) Vigfús og Ásmundur voru synir Árna Guðmundssonar, en ekki bræður hans (sbr. III, 412—413).

gg. Jón, átti börn. Af þeim er margt fólk komið<sup>1)</sup>).

Um miðja 16. öld var mikill uppgangur þeirra Gíslasona. Mannaðist Árni vel. Sæmundur Eiríksson bjó þá í Ási eystra, en Jón bróðir hans Eiríksson í Vatnsfirði og átti opt að sæta þungum búsigjum og árasum af niðjum Björns sýslumanns Guðnasonar. Gaf Árni sig því til séra Jóns og var umboðsmaður hans yfir Vatnsfirði og öðrum eignum nálægt 1540. Ætla sumir, að séra Jón, sem var barnlaus, hafi arfleitt Árna. Nokkru þar eptir fór Árni utan til frama sér, kom aptur út og fékk Guðrúnar Sæmundsdóttur; gerðist hann auðugur vel, en var sjálfur hið mesta stórmenni í skapi. Tók hann þá að hefja fjártilkall við Eggert lögmann Hannesson og gekk þeirra þræta lengi. Árni stefndi Eggert lögmanni fyrir dóm Odds lögmanns Gottskálkssonar, en honum þótti málið gamalt og flókið og hver kongsbréfin móti öðrum. Dæmdi því málið undir konung 1554 (al. 1555). Árni hafði útvegað sér afskrípt af lofun og eiði Jóns lögmanns Sigmundssonar, sem Stefán biskup hafði af honum kúgað og helzt því, að hann hefði dæmt ranga dóma í vil Birni Guðnasyni. Um þessar mundir var og Árni umboðsmaður Páls lögmanns og lét 1555 dóm ganga að Holti undir Eyjafjöllum, en fór utan sama ár vegna Vatnsfjarðarmála og með honum sveinn hans Benedikt son Halldórs prests hins auðga Benediktssonar Grímssonar frá Möðruvöllum. Eggert lögmaður fór ekki utan. Árni frambar mál sín fyrir kong og hans ríkisráð og vann þau, kom út vorið eptir 1556 og hafði þá fengið sér veitta Ísafjarðarsýslu að vísu norðurpart hennar og kongsjarðir þar vestra, samt jarðir Ögmundar biskups, allt undan Eggert, sem hafði áður fyrir þeim hirðstjóraveiting, því hann hafði mjög aflutt Eggert lögmann, sem þá var fráverandi.

1557 fékk Árni sér veitt Húnavatnsþing, sem þar af sést, að hann um vorið 1558 nefndi menn í dóm á Sveinstöðum. 1558 missti eða slepti hann Ísafjarðarsýslu, en

1) Börn séra Þorsteins Jónssonar á Stað í Aðalvík auk Jóns á Melgraseyri voru: Jón annar, Gissur, Guðmundur, Þórvör, Margrét og Ingibjörg f. k. séra Árna Kláussonar í Vestmannaeyjum.

þó er ei víst um, að hann hafi sleppt þar konungsjörðum. 1559 veitir konungur honum Þingeyraklaustur fyrir 100 ríkisdala afgjald (sjá Húnavatnsþing). 1560 samdist með Eggert lögmanni og Árna um Vatnsfjarðarmál (sjá Barðastrandarsýslu). 1564 var Árni sýslumaður fyrstur dómsmanna í Stóradómi á alþingi. Í sýslu sinni hafði Árni umboðsmenn, meðal hverra var Þorvaldur Björnsson, hverjum hann 1569 hafði útvegað hálf Húnavatnsþing (sjá þar) og Jón Björnsson, sem tók hinn helming sýslunnar.

1568 fór Árni enn utan, þá hann setti téða umboðsmenn, og margir aðrir höfðingjar; Árni kom út 1569 og hafði þá fengið Skaptafellssýslu hálf og klaustur eystra, því Páll á Hlíðarenda var þá þrotinn að heilsu og vildi sleppa búskap. Hann átti ekki börn, og var Guðríður móðir Guðrúnar, er Árni átti, næst arfi. Mun því Árni hafa flutt 1569 að Hlíðarenda, sleppt það ár Húnavatnsþingi, en sett Hinrik Gerken fyrir Þingeyraklaustur, hvert hann mun þó hafa afsalað sér 1572 eða nálægt þeim árum, en haldið þá bæði klaustrin eystra (Þykkva- og Kirkjubæjar). 1572 var Árni fluttur að Hlíðarenda, þá hann gipti Guðbrandi biskupi Halldóru dóttur sína. 1572 finnst, að Árni hefur í Skaptárþingi nefnt menn í dóm sjálfur, og aptur árið 1577 nefnt 12 menn í dóm að Leidvelli. 1580 eða nálægt því mun hann hafa tekið Rangárþing, eða jafnvel 1570, því að það ár lætur hann ganga dóm að Kirkjulæk í Fljótshlíð. En líkindi eru, að Nikulás Björnsson hafi þá haldið hálf Rangárþing móti honum, því að hann hefur þar látið ganga dóma 1572—1574—1578 hafi hann ei gert það í umboði Árna. Eptir 1580 meina eg hann hafi tekið allt Rangárþing, því þar finnast dómur hans 1582 og 1585, en þá máske sleppt Skaptárþingi eða fengið það Gísla syni sínum. Rangárþingi hélt Árni til síns dauða, er tilféll 1587.

Árni var í sinni tíð hinn mesti höfðingi og framaður utan- og innanlands, lærður maður, skarpur og lögvitur, var hafður við flesta vandadóma á alþingi og jafnan fremstur talinn. Hann var mesti málafylgjumaður, héraðsrikur og ófyrirlátssamur, því hann skorti hvorki vit, harð-

fylgi né auð. Öll börn Árna mönnumust vel, sem áður er sagt.

Eyjólfur tengdason hans mun eptir hann hafa tekið hálf Rangárþing, en Nikulás Björnsson hálf, til þess Gíslí náði því öllu.

1587 framfóru skipti eptir Árna Gíslason (sem andaðist það ár) hinn 4. júlí á 10 hndr. hndr. og 53 hndr. milli Guðrúnar Sæmundsdóttur og barna hennar. Var fyrst frá tekinn máli og tilgjöf Guðrúnar, en föðurarfi skipt.

1. Gíslí (er eg hygg elztan bræðranna) fékk Hlíðarenda og Þverá 90 hndr., Galmanstjörn og Kirkjuhöfn 50 hndr., Vindás 20 hndr., Stað í Aðalvík 24, Þverdal 16, Berustaði 10. (Er eitt hundrað hundraða og elleftíu hundruð).
2. Hákon fékk Reyni 100 hndr., Völl og Arngeirsstaði 80 hndr. (er eitt hundrað hundraða og 80 hndr.).
3. Sæmundur hlaut Hól í Bolungarvík 60 hndr., Meirhlíð 24 hndr., Minnihlíð 8 hndr., Tungu 12 hndr., Mýrdal 12 hndr., Ós 24 hndr., Meiri-Bakka 12 hndr., Hanahól 12 hndr., Meirahraun 8 hndr., Grundarhól 8 hndr., Keldu 5 hndr., Minnahraun 3 hndr., Gil 12 hndr. (er eitt hundrað hundraða og tíutíu hundruð).
4. Jón sýslumaður Björnsson hafði áður fengið vegna konu sinnar Guðrúnar Steina 36 hndr., Hlíð undir Fjöllum 20 hndr., Garð 12 hndr., Skálardal 6 hndr., Steig 6 hndr., í Aðalvík 20 hndr. (er tíutíu hundruð).
5. Anna var þá enn ógefin. Hún fékk Reykjarfjörð 30 hndr., Arngerðareyri 24 hndr., Furufjörð 12 hndr., Hallsstaði 8 hndr., Eyri 8 hndr., Bjarnastaði 12 hndr., Kroppsstaði 6 hndr. (er tíutíu hundruð).
6. Séra Árni hafði vegna konu sinnar Hólmsfríðar áður fengið í Ási 60 hndr., en nú Miðbæli 30 hndr., í Ey 7 hndr., Sæból 12 hndr. (er tíutíu og níu hundruð).
7. Eyjólfur hafði vegna Solveigar konu sinnar áður fengið í jörðum 60 hndr., nú fékk hann 35 hndr. í Raufarfelli og 10 hndr. í Þykkvabæ (er tíutíu og fimm hundruð).
8. Árni á Grýtubakka hafði áður fengið með konu sinni



Sigríði í jörðum 65 hndr., en nú fékk hann í viðbót í Ey 11 hndr. (er sjöttu og 6 hundruð).

9. Biskup Guðbrandur hafði vegna konu sinnar áður fengið Staðarfell 60 hndr., nú var viðbætt Gelti 13 hndr., Minni-Bakka 8 hndr., Breiðabóli 24 hndr. og Keflavík 8 hndr. (er elleftu og þrjú hundruð).
10. Ingibjörg uppbar og í jörðum eptir Árna, með því sem henni hafði verið áður afhent, yfir tíutíu hundruð.

### Björn Gunnarsson.

Sjá um hann við Múlasýslu. Þá Árni slepti Skaptafellssýslu nálægt eða eptir 1580, sýnist sem sýslunni hafi verið skipt og Björn Gunnarsson hafi tekið annan part sýslunnar, sem ráða má þar af, að 1585, þá synir biskups Gísla vísiteruðu Austfirðingafjórðung, var Björn í för þeirra bæði í Múla- og Skaptárþingi, og gerði í báðum þeim sýslum sýslumannsverk, sem yfirvald við helmingadóma. En fyrir 1590 mun hann hér hafa verið frá sýslunni, hafi hann nokkurn tíma hér haft sýsluvöld.

### Gísli Árnason.

Sjá um hann við Rangárvallasýslu. Fyrst mun hann hafa verið umboðsmaður föður síns í þessari sýslu og síðan tekið hana hálf að visu og haldið þar líka klaustur að Þykkvabæ, en nálægt eða eptir 1590 skipt henni við Nikulás Björnsson fyrir hálf Rangárþing. Ei hef eg séð dóma Gísla í Skaptárþingi og því er ei þetta áreiðanlegt. Likast er, að eptir 1600 hafi Gísli eptirlátið Þorleifi dótturmanni sínum hálf Skaptárþing, en Nikulás ei verið þar annað en umboðsmaður Hákonar Árnasonar<sup>1)</sup>.

### Nikulás Björnsson.

Sjá um hann við Rangárvallasýslu. Hann meina eg hafi í fyrstu tekið hálf Skaptafellssýslu fyrir hálf Rangárþing nálægt 1590. Svo hygg eg hann hafi og verið umboðsmaður Hákonar Árnasonar, eptir að Hákon tók þessa

1) *Jón Torfason* er nefndur umboðsmaður Gísla Árnasonar 1612.

sýslu fyrst hálfu og svo alla. 1596 nefnir hann 6 menn í dóm að Kleifum í umboði kongs umboðsmanns Hákonar Árnasonar, um stráka og stelpur, sem um sveitir flakka með öðru fleiru<sup>1</sup>). Máske hann hafi í þessari sýslu ei verið nema umboðsmaður Hákonar.

### Hákon Árnason.

Sjá um hann við Árnæssýslu. Eg meina hann hafi fyrst tekið hálfu Skaptárþing eptir 1590 og máske alt seinna. En það er víst, að Skaptárþing hefur hann haldið. 1594 lætur hann dóm ganga um sárabætur. 1596 lætur Nikulás Björnsson dóm ganga að Kleifum í umboði Hákonar. 1597 lætur Hákon sjálfur dóm ganga í Skaptárþingi. 1598 nefnir Hákon 6 menn í dóm að Dyrhólum í Mýrdal um heysókn<sup>2</sup>). Meina eg Hákon hafi haldið Skaptafellssýslu, að minnsta kosti hálfu, til síns dauða 1608. En Þorleifur hafi nálægt 1600 haldið hinn helming sýslunnar og máske alla frá 1608 til 1612 eða lengur.

### Sigvaldi Halldórsson.

- Faðir:* Halldór sýslumaður Skúlason (sjá áður).  
*Móðir:* Ingveldur góða Þorvaldsdóttir.  
*Kona:* Elín<sup>3</sup>) Ólafsdóttir sýslumanns Guðmundssonar (sjá Strandasýslu).  
*Börn:* A. Eiríkur á Búlandi (sjá áður).  
 B. Halldór.  
 C. Þórunn.  
 D. Guðrún.  
 E. Guðrún önnur. Sjá um þau við Stranda-sýslu<sup>4</sup>).

Sigvaldi bjó á Búlandi og var í heldri bænda röð og stundum lögsagnari. 1608 nefndi hann 6 menn í dóm um ákæru Gísla sýslumanns Árnasonar til Þykkvabæjar

1) Það var 29. maí (laugardaginn næsta fyrir hvítasunnu).

2) Hinn 18. júlí 1593 á Leiðvelli dæmdi hann Sigurð Gottskálksson til konungs náðar fyrir þrjá einfalda hórdóma.

3) Elín var dóttir Jóns sýslumanns Ólafssonar.

4) II, 339—342.

landseta, um rekafjófnadar-misgrun, og optar nefndi hann í dóm menn. Mun hann hafa verið umboðsmaður Hákonar eða Gísla<sup>1)</sup>.

### Þorleifur Magnússon.

*Faðir:* Magnús sýslumaður Jónsson í Bæ og í Ögri (sjá Barðastrandarsýslu).

*Móðir:* Ragnheiður Eggertsdóttir lögmanns Hannessonar.

*Kona fyrri:* Gróa Gísladóttir sýslumanns á Hliðarenda Árnasonar (sjá Rangárþing).

1) **Eiríkur Jakobsson**, er var umboðsmaður Bucholts 1578 og lengur (Safn II, 715), hafði sýslu í Skaptafellsþingi 1590 (Ártíðaskrár bls. 247). Hann var klausturhaldari á Þykkvabæjarklaustri og átti Guðrúnu Björnsdóttur, ekkju séra Gríms Skúla-sonar í Hruna, móður Björns málara, sbr. dóm Hákonar sýslumanns Árnasonar (ártalslaus) um umboð barna Guðrúnar eptir Eirík látinn: Ísl. Ártíðaskrár bls. 247—249. 1582, 2. maí nefndi Eiríkur Jakobsson dóm í Holtum í Hornafirði um fjöru-markaprætu milli Einhólts í Hornafirði og Viðborðs (A. M. Apogr. 2013) og er hann þá nefndur kongs umboðsmaður í Skaptafellsþingi. Hvenær Eiríkur hafi andazt er óvíst. Hann var á lífi 14. júlí 1590, en látinn fyrir 1595.

**Jakob Hannesson**. 1602, 31. maí er Jakob bóndi Hannesson nefndur »konungl. majestets lénsman« í Skaptafellsýslu, og ritar þá undir bréf frá öllum almúga í Landbroti til Odds biskups um nýja kirkju þar (A. M. 259 4to). Hinn 31. okt. 1605 var útnefndur 6 manna dómur á Leiðvelli af Sigvalda Halldórs-syni, er þar hafði löglegt umboð bóndans Jakobs Hannessonar kgl. majestets sýslumanns í Skaptafellsþingi um hestalan og skips-áróður landseta Þykkvabæjarklausturs eptir kröfu Gísla Árnasonar, og var dómur þessi samþykktur af lögmönnum Gísla Þórðarsyni og Jóni Sigurðssyni (sbr. J. S. 64 fol. eptir bréfi í safni A. M. 249 4to og 236 4to). Er það líklega annar dómur en Bogi getur hér um frá 1608. Jakob þessi hefur því um þær mundir haft sýslu í Skaptafellsþingi. Hann er að sjálfsögðu sami maður og Jakob Hannesson, er var umboðsmaður Jóhanns Bucholts 1581 (sbr. Hirðstjóraannál Safn II, 715), og var þá jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu (sbr. svonefnda Seltirninga samþykkt 1581). Í dómi Gísla lögmanns Hákonarsonar 15. maí 1622 á Esjubergi er Jakob Hannesson lögréttumaður talinn þar fyrstur dómsmanna, og mun það vera sami maður og Jakob Hannesson fyrrum sýslumaður.

- Barn:* A. Þrúður, giptist 1649 Gísla sýslumanni Magnússyni (sjá Múlasýslu).
- Kona seinni:* Sesselja Björnsdóttir á Laxamýri Magnússonar og Guðríðar Þorsteinsdóttur. Sesselja deyði 1687, 83 ára.
- Börn:* B. Þorsteinn Múlasýslumaður (sjá þar) og síðar í Skagafjarðarsýslu (sjá þar).
- C. Gróa fyrsta kona Gísla biskups Þorlákssonar. Þau giptust á Hólum 1658. Voru honum þá talin 5 hundruð hundraða í föstu og lausu, en henni 3 hundruð hundraða og 107 hundruð. Hún deyði barnlaus á Hólum 27 ára 1660.

Þorleifur tjáist fæddur 1565. Var hann við lærdómsmenntir á unga aldri. Skólalærður fór hann utan til Amsterdam og fleiri merkilegra höfuðstaða, hvar hann lagði sig eptir lærdómi, kom út og gerðist sýslumaður í hálfri Skaptafellssýslu, og máske allri frá 1608 til 1612 að vísu, og giptist Gróu. Eptir dauða Gísla tengdaföður síns bjó hann á Hlíðarenda alla æfi. Hvort hann hélt Rangárþing eptir Gísla er meiri efi á, þó mörgum þyki það líklegt. En Skaptárþing hefur Þorleifur haldið fram yfir 1649, því að þá afsakar hann sig ásamt Þorsteini sýslumanni Magnússyni, að ei geti sótt alþingi vegna aldurdóms. 1620 sór Þorleifur kongi sinn eið ásamt öðrum sýslumönnum, þó hann væri fyrir löngu þá orðinn sýslumaður. Hann var dómsmaður á alþingi 1634, 1636 og 1637. Jens Söffrensson afhenti Þorleifi Rangárþing 1634, því hélt Þorleifur öllu til 1640, þá Hákon Gíslason fékk það að vísu hálf.

Engan dóm hef eg séð eptir Þorleif nema einn, er þeir sýslumenn Þorleifur og Þorsteinn létu ganga á Leiðvelli 15. maí 1643 um vatnsveiting, en öllum sögnum ber saman um Þorleifs sýsluvöld í Skaptafellssýslu, geta þó ei nær hann tók hana eða sleppti henni. Mín meining er, hann hafi haldið þá sýslu alla frá 1608 til 1612, en afstaðið hana hálf til Þorsteins Magnússonar eptir 1611.

1652 deyði Þorleifur<sup>1)</sup>. Hafði hann þá um nokkur

1) Hann andaðist 13. október og hefur þá verið 87 ára gamall, sé það rétt, að hann sé fæddur 1565.

fyrirfarandi ár haldið Einar Þorsteinsson fyrir sinn umboðsmann.

Þorleifur var haldinn margvís. Eru þar um ýmsar sagnir ótrúanlegar. Ein er sú hann hafi átt kistu, sem hann hafi aldrei lofað sinni fyrri konu að líta ofan í, en geymt vandlega lykil að henni. Eitthvert sinn, þá hann ferðaðist í sýslu sína, skyldi honum hafa eptir legið lyk-illinn, en Gróa kona hans fundið hann og forvitnast í kistuna. Þá hún henni upp lauk, hafi hún átt að sjá í henni mannshöfuð, sem sagði *putt í þig Gróa*, en hún dauðhrædd þá strax læst kistunni. Munnmæli þetta er lítt trúanlegt, sem aðrar almúgasagnir frá þeirri hjátrúarfullu öld. En þá voru flestir fróðir og spakvitir menn haldnir lærðir í forneskju.

Vitur, fastúðugur og drenglyndur maður mun Þorleifur hafa verið og fróður að því skapi. Hann tjáist að hafa skort þrjá vetur á nírætt, þá hann andaðist 1652. Hann var og auðmaður, hæglyndur og í mörgu ágætur maður. Hann hafði og kongsjarða-umboð mjög lengi og var mesti vinur Þorsteins sýslumanns Magnússonar. Hann tjáist að hafa búið á Þykkvabæ, áður en hann flutti að Hlíðarenda og líklega haft það klaustur hálf. Líklegt er, að Þorleifur hafi tekið Kirkjubæjarklaustur hálf eða allt, þá hann slepti Þykkvabæjarklaustri við Þorstein. (Þormóður Kortsson hélt Kirkjubæjarklaustur 1607).

### Þorsteinn Magnússon.

- Faðir:* Magnús í Stóradal Árnason Péturssonar Loptssonar Ormssonar (sjá Strandasýslu).
- Móðir:* Þuríður laundóttir séra Sigurðar á Grenjaðarstað, arfleidd (sjá Strandasýslu).
- Kona fyrsta:* Guðríður yngri dóttir séra Árna í Holti undir Eyjafjöllum Gíslasonar biskups. Þau giptust 1605.
- Börn:*
- A. Einar sýslumaður (sjá síðar).
  - B. Hákon sýslumaður (sjá síðar).
  - C. Magnús (sjá Rangárvallasýslu).
  - D. Vilborg átti Magnús Bjarnason Sigurðssonar (sjá Vestmannaeyjar), þ. b.:

1. Guðni átti Ólöfu Halldórsdóttur, bl.
2. Guðmundur.
3. Ingiríður.
4. Guðríður.
5. Þórunn.
6. Anna (sjá Vestmannaeyjasýslu).

*Kona önnur:* Vigdís, (gíptist 1614), dóttir séra Ólafs á Söndum skálds Jónssonar Erlingssonar Gíslasonar. (Aðrir rita, að Vigdís hafi verið seinasta kona Þorsteins sýslumanns, (og mun það réttast)<sup>1)</sup>, og að áður hún gíptist hafi hún verið um hrið hjá honum ráðskona fyrst).

*Börn:* E. Árni átti Rannveigu (al. Ragnhildi) systur séra Ketils í Ásum Halldórssonar, þ. b.:

1. Vigdís átti Stefán Jónsson í Skipagerði, þ. b.:
    - a. Guðmundur á Strönd í Landeyjum átti Guðríði Brynjólfsdóttur og mörg börn.
  2. Halldór.
  3. Hákon.
  4. Stefán.
  5. Hólmfríður.
  6. Guðríður.
  7. Valgerður.
  8. Ormur<sup>2)</sup>.
- F. Guðrún átti Stefán Einarsson Stefánssonar Árnasonar, börn<sup>3)</sup>:

---

1) Það er réttara, að Vigdís var síðasta kona Þorsteins, en Ásdís Vigfúsdóttir miðkona hans og andaðist hún af barnsförum.

2) Sjá um börn Árna Þorsteinssonar og Rannveigar bls. 48—49 hér að framan.

3) Sigurður Magnússon ættfræðingur í Holtum í Hornafirði segir (á einum stað), að kona Stefáns Einarssonar frá Hörgslandi hafi verið Guðríður Árnadóttir Þorsteinssonar sýslumanns (sbr. bls. 49). Hann nefnir samt Guðrúnu alsystur Arna, dóttur Þorsteins sýslumanns og síðustu konu hans Vigdísar, en getur ekki um, hverjum hún hafi gípt, eða hvort hún hafi gípt. A öðr-

1. Einar átti Emerentiönu Halldórsdóttur og börn.
2. Sigvarði sterki átti Kristínu Jakobsdóttur, bl.
3. Árni átti Sigríði og börn.
4. Þorvarður, drukknaði 1685 í Vestmannaeyjum, bl.

*Kona þriðja:* Ásdís Vigfúsdóttir sýslumanns á Kalastöðum Jónssonar, bl. (Aðrir telja hana miðkonu Þorsteins og hafi gipzt frá Steindóri sýslumanni Gíslasyni á Knerri 1614, en dáíð af barnsförum, bl.).

Laundætur Þorsteins, sem til aldurs komust, voru:

G. Guðrún átti Vigfús Jónsson lögréttumann á Herjólfstöðum í Álptaveri<sup>1)</sup>, börn:

1. Árni átti Guðrúnu Sveinsdóttur prests.
2. Jón átti Málfríði (aðrir Marínu)<sup>2)</sup> Jónsdóttur.
3. Eiríkur á Móeiðarhvoli.
4. Þórdís.
5. Guðrún átti séra Ketil Halldórsson í Ásum og börn<sup>3)</sup>.

H. Guðrún önnur átti Guðna í Tungufelli, þ. b.:

1. Ásmundur átti Guðlaugu Finnsdóttur og börn.
2. Sigurður átti Katrínu Finnsdóttur og börn<sup>4)</sup>.

---

um stað virðist hann þó telja hana konu Stefáns og það hygg eg réttara, enda er svo talið í nær öllum ættatölum. Verið getur og, að Stefán hafi verið tvíkvæntur og s. k. hans Guðríður Árnadóttir. Katrín var og dóttir Þorsteins sýslumanns og Vigdísar og dó hún ung.

1) Vigfús lögréttumaður (sbr. bls. 296—297) var bróðir Guðna í Tungufelli, er átti Guðrúnu aðra laundóttur Þorsteins sýslumanns, og voru þeir synir séra Jóns Stefánssonar í Kálfholti.

2) Það er réttara.

3) Sjá um börn séra Ketils og Guðrúnar bls. 49—50.

4) Um afkomendur þeirra bræðra Ásmundar og Sigurðar

3. Salvör átti séra Jón Jónsson í Reykjadal og börn<sup>1</sup>).
4. Þórdís.
5. Guðrún.

Þorsteinn var á unga aldri við lærdómssakir og gerðist hinn lögvitrasti maður. Mun hann þá hafa framazt utanlands. En hingað til lands var hann kominn 1605, því að þá giptist hann sinni fyrstu konu. En ei hygg eg hann hafi tekið sýsluvöld í Skaptárþingi fyrir en eftir Hákon 1608 eða 1609 eða seinna, 1612, eins og ritað er í fræðibókum. Seinna fékk Þorsteinn allt Þykkvabæjarklaustur, þá Þorleifur sleppti því hálfu. 1619 var hann kosinn að fara utan ásamt öðrum eftir kongsboði upp á taxtann. 1620 vann hann á alþingi hollustueið konungi. Hann var dómismaður á alþingi 1635, 1636, 1637 og 1638. 1644 kom dómur Þorleifs og Þorsteins Magnússonar til alþingis, hvern þeir höfðu útnefnt á Leiðvelli um vatnsveiting. 1647 kom Þorsteinn með dóm sinn í lögréttu. 1653 lagði hann af Þykkvabæjarklaustur, sem synir hans Magnús og Hákon þá tóku, og nálægt þeim tíma hygg eg hann hafi sleppt hálfri Skaptafellssýslu til sona sinna, eða um það leyti, sem Þorleifur sleppti sínum sýsluparti. Þeir Þorleifur og Þorsteinn höfðu Skaptárþing í sameiningu og hafði þó Þorsteinn meiri straumbrot fyrir sýsluverkum sem nálægari; hafði og Þorleifur tekið Einar Þorsteinsson fyrir sinn umboðsmann á sínum seinni árum.

1656 í júnímánuði deyði Þorsteinn<sup>2</sup>) og þótti verið hafa ágætur maður í flestu. Hann var haldinn kvennhollur og héraðsrikur, en spekingur í lögum. Eftir það þeir

---

Guðnasona er áður getið allitarlega bls. 450—451. Frá Sigurði Guðnasyni er komin Ásgarðsætt (langfedgaætt Jóns Sigurðssonar).

1) Son séra Jóns og Salvarar var Jón á Ófriðarstöðum í Hraunum átti Guðlaugu Þórhalladóttur Oddssonar, þeirra son: Gisli prestur í Saurbæjarþingum († 1781), er átti Önnu Soffíu dóttur Lárusar Gottrups og var þeirra son Ólafur prestur í Saurbæjarþingum (Mála-Ólafur).

2) Hann andaðist 8. júní 1655 (ekki 1656). Í Safni til sögu Íslands IV, 200—215 er prentuð »Relatio Þorsteins Magnússonar um jöklabrunann fyrir austan 1625«.



Þorleifur og Þorsteinn slepptu sýslunni var ekki eins eiginlegt með þeim Þorsteinssonum, og tóku þá að gerast á henni skipti, sem lengi síðan við héldust.

Þorsteinn sýslumaður bjó lengst af á Þykkvabæjar-klaustri og var maður vel efnaður. (1653 tóku synir hans Magnús og Hákon Þykkvabæjarklaustur. Páll Ámundason varð skyldugur upp í klaustursafgjald um 4 rd. specie og 2 krónur. Part af Þúfu í Kjós lét hann þar upp í).

Í austurhluta sýslunnar:  
**Einar Þorsteinsson.**

*Faðir:* Þorsteinn sýslumaður Magnússon nýnefndur.  
*Móðir:* Guðríður yngri Árnadóttir Gíslasonar biskups.  
*Kona:* Auðbjörg Filippusdóttir Teitssonar Björnssonar officialis á Melstað Jónssonar biskups Arasonar.

*Börn:* A. Ólafur sýslumaður (sjá síðar).  
 B. Ísleifur sýslumaður (sjá síðar).  
 C. Sigurður, var orðinn lögréttumaður 1680, átti Helgu Þórðardóttur prests á Kálfafelli Guðmundssonar, þ. b.:  
 1. Guðný átti Sigurð lögréttumann á Sólheimum Jónsson, börn:  
 a. Hólmfríður fyrri kona séra Benedikts Jónssonar, áttu börn<sup>1</sup>).  
 b. Auðbjörg.

---

1) Synir séra Benedikts og Hólmfríðar voru:

- a. Þormóður sigldi.
- b. Vigfús prestur á Kálfafellsstað átti Málfríði Jónsdóttur frá Blikalóni Þorsteinssonar, þ. b.:
  - aa. Kristján lögsagnari (sjá síðar).
  - bb. Margrét átti Guðmund á Kálfafelli son Brynjólfs prests Guðmundssonar og börn.
  - cc. Kristín átti Jón á Uppsölum í Suðursveit Þórarinsson Pálssonar Salómonssonar og Sigríðar Brynjólfsdóttur prests Guðmundssonar.
  - dd. Jón á Söndum í Meðallandi átti Kristínu Björnsdóttur Brynjólfssonar prests Guðmundssonar.

2. Guðrún átti Erlend Jónsson lögréttu-  
mann á Dyrhólum, þ. b.:
  - a. Þórður átti Petronellu dóttur Bjarna  
sýslumanns Nikulássonar og börn.
  - b. Sigurður á Sandhólaferju, giptist og  
átti börn<sup>1</sup>).
  - c. Einar átti Guðrúnu dóttur Jóns Björns-  
sonar í Hlíð<sup>2</sup>).
  - d. Vilborg átti Þorstein son Bjarna sýslu-  
manns Nikulássonar.

Seinni kona Sigurðar Guðrún (al. Þuríður)<sup>3</sup>)  
dóttir Jóns Eiríkssonar lögréttumanns, börn:

3. Vigfús lögréttumaður í Hjörsey seinni  
maður Sigríðar Guðmundsdóttur (sjá  
Kjósarsýslu).
4. Jón sýslumaður, settur 1731—1735 í  
Skaptafellssýslu (sjá hér síðar).
5. Helga átti Pétur Einarsson á Ketilsstöð-  
um í Mýrdal, börn:
  - a. Ingveldur<sup>4</sup>).
  - b. Ragnhildur<sup>5</sup>).

---

Enn eru talin börn Sigurðar lögréttumanns og Guðnýjar:

- c. Einar átti Guðrúnu Ólafsdóttur.
- d. Þorsteinn.

1) Sigurður Magnússon í Holtum segir, að Sigurður Erlends-  
son hafi dáíð ókvæntur.

2) Kona Einars er hjá Ó. Snókdalin talin Guðrún dóttir  
Björns Jónssonar í Hlíð í Skaptártungu, og er það rétt, þ. b.:

- a. Sigurður átti Hildi Ingimundardóttur úr Biskupstungum  
Snorrasonar.
- b. Vilborg átti Vigfús Steinmóðsson, þ. b.: Steinmóður og Guð-  
laug.

3) Réttara: Þuríður. Hún var miðkona Sigurðar Einarsson-  
ar, því að síðasta kona hans var Hallgerður Sigmundsdóttir prests  
í Asum Guðmundssonar, ekkja Jóns Fabianssonar í Flögu og áttu  
þau ekki börn.

- 4) Ingveldur átti Jón Einarsson í Hólmakoti.
- 5) Ragnhildur átti Jón Halldórsson Axelssonar (bls. 327).

c. Sigurður<sup>1</sup>).

d. Halla<sup>2</sup>).

6. Guðríður.

D. Filippus átti Þórunni Jónsdóttur; þeirra son:

1. Gunnar lögréttumaður 1708<sup>3</sup>).

E. Guðmundur lögréttumaður í Rangárþingi átti Guðrúnu dóttur Magnúsar í Þorlákshöfn; börn:

1. Kristín, fædd 1693, átti Brynjólf lögréttumann Jónsson<sup>4</sup>); börn:

a. Jón lögréttumaður átti Margréti og börn.

b. Málfríður seinni kona séra Jóns Bergssonar, bl.

c. Sigríður átti Einar Þorvarðsson og börn.

F. Gunnar prestur í Kálfholti, dó 1718, átti Ragnhildi Magnúsdóttur; þ. b.:

1. Filippus prestur í Kálfholti<sup>5</sup>) átti fyr Rannveigu Jónsdóttur, bl., síðan Vilborgu Þórðardóttur ráðsmanns; börn:

a. Gunnar átti Þórunni Ingimundsdóttur prests Gunnarssonar og börn.

b. Jón átti Ingveldi Þorsteinsdóttur Kortssonar og börn.

c. Rannveig átti fyr Jón lögréttumann í Selvogi; börn:

aa. Filippus.

1) Sigurður átti Guðfinnu Oddsdóttur Hallvarðssonar.

2) Halla átti Eyjólf Sveinsson.

3) Hér virðist vera blandað málum um Gunnar Filippusson lögréttumann í Bolholti föður séra Filippusar í Kálfholti, en hann var son Filippusar Þorbjarnarsonar, en ekki Filippusar Einarssonar, er dó bl.

4) Brynjólfur bjó á Litlalandi í Ölfusi.

5) Þetta er gersamlega rangt. Séra Filippus var ekki son séra Gunnars Einarssonar í Kálfholti, heldur son Gunnars Filippussonar lögréttumanns í Bolholti, eins og áður var getið.

bb. Steindór skipherra.

Svo átti hún Bjarna riddara Sigurðs-son frá Selvogi. Bjarni dó 1833; börn:

cc. Sigurður kaupmaður.

dd. Vigdís.

ee. Járngerður<sup>1</sup>).

2. Erlendur klausturhaldari í Þykkvabæ, fyrri maður Sigríðar Guðmundsdóttur frá Álptanesi (sjá Kjósarsýslu). Erlendur dó 1730 (alii 1729).
3. Ragnhildur átti Högna lögréttumann á Laugarvatni (hann dó 1730) son séra Björns á Snæfoksstöðum; þ. b.:
  - a. Jón (fæddur 1713) átti Guðrúnu Einarsdóttur prests á Lundi Oddssonar; þ. b.:
    - aa. Jón Strandasýslumaður í Bæ (sjá þar).
    - b. Anna (dó 1799) átti Símon Sighvats-son í Krisuvík, bl.
    - c. Ragnhildur átti séra Sigurð Jónsson á Kálfatjörn og börn.
    - d. Gunnar lögréttumaður átti Solveigu Vernharðsdóttur og börn.
    - e. Hildur átti Jón í Fellsmúla og börn:
    - f. Björn í Vorsabæ (fæddur 1719) átti Bryngerði Knútsdóttur og mörg börn<sup>2</sup>).

---

1) Allur þessi ættleggur á ekki hér heima. Hefur hans verið áður getið ítarlega í riti þessu III, 146—149.

2) Afkomenda Högna á Laugarvatni og Ragnhildar Gunnarsdóttur er annarsstaðar getið allrækilega í athugasemdum bls. 458—459 hér að framan.

Enn voru börn séra Gunnars í Kálfholti:

4. Vigfús í Kirkjuvogi átti Vilborgu Guðmundsdóttur frá Leirubakka Magnússonar (sjá Vestmannaeyjasýslu).
5. Auðbjörg átti séra Vigfús Jóhannsson í Kaldadarnesi og voru börn þeirra: Jóhann faðir Gisla í Votmúla og Tómasar í Minnivogum,

† Jón klausturhaldari á Þykkvabæ, lögréttumaður í Skaptárþingi, átti Álfheiði Ámundadóttur Þormóðssonar Kortssonar; börn:

1. Kort á Kirkjubóli á Miðnesi, lögréttumaður í Gullbringusýslu, átti Gróu Gísladóttur lögréttumanns, systur Ólafs biskups; börn:
  - a. Gísli<sup>1)</sup> átti Ingveldi Sigurðardóttur og börn:
  - b. Auðbjörg átti Guðna sýslumann Sigurðsson (sjá Gullbringusýslu).
  - c. Þórunn átti Runólf Sigurðsson og börn.
  - d. Solveig átti Þorvarð Einarsson í Brautarholti<sup>2)</sup>.
2. Séra Árni deyði 1707, bl.<sup>3)</sup>.
3. Margrét<sup>4)</sup>.

---

Þáll í Votmúla faðir Jóns á Haugi, Sigurður faðir Sigurðar í Ásakoti í Flóa, og Ólöf, er átti Vigfús í Valdakoti Álfsson prests í Kaldarnesi Gíslasonar.

1) Gísli Kortsson var stúdent og andaðist 1742. Dóttir hans og Ingveldar Sigurðardóttur, systur Guðna sýslumanns, var:

- a. Guðrún, er átti Jón í Þjóðólshaga Einarsson Gottsveinssonar á Minnivöllum Magnússonar.

2) S. k. Korts á Kirkjubóli var Vilborg Stefánsdóttir lögréttumanns á Gufunesi Jónssonar prests á Seltjarnarnesi Stefánssonar, og hafði hún fyr átt séra Björn Gottskálksson á Stað í Grindavík.

3) Árni var prestur í Eyvindarhólum, dó í stórubólu s. á. og hann vígðist.

4) Margrét var tvígipt. Fyrri maður hennar var Húni, er mun hafa verið Oddsson, og var þeirra son Jón smiður á Fitjum á Miðnesi. Hann átti Þorbjörgu Ketilsdóttur, p. b.: Jón í Moshaus faðir Gríms í Nýlendu, Halldóra, er átti Sigurð Gíslason í Miðkoti og Oddbjörg, er átti Einar Illhugason í Sandhól. S. m. Margrétar Jónsdóttur, móður Jóns Húnasonar, er talinn Bjarni nokkur, og þeirra dóttir Ragnhildur 3. kona Jóns Halldórs-sonar á Hóli í Svínadal, þeirra son Pétur á Hvítanesi í Skilmannahrepp.

- H. Þorleifur lögréttumaður átti Þuríði (al. Prúði<sup>1</sup>) dóttur Magnúsar í Njarðvík eystra Einarssonar; þ. b.:
1. Þorleifur<sup>2</sup>).
  2. Sesselja.
- I. Þórunn átti Ketil Jónsson frá Felli í Hornafirði Ketilssonar; börn:
1. Sigurður<sup>3</sup>).
  2. Vilborg<sup>4</sup>).
  3. Halldóra.
  4. Guðrún.
- K. Guðrún átti Þorstein Eyjólfsson, bl.<sup>5</sup>).
- L. Hólmfríður átti Pál lögréttumann Bjarnason, bl.<sup>6</sup>).

1) Réttara: Þrúður. Þorleifur lögréttumaður dó 1713.

2) Þorleifur dó í stórubólu 1707, 22 ára gamall.

3) Sigurður bjó á Meðalfelli í Nesjum og í Árnanesi og var lögréttumaður, átti Margréti Einarisdóttur, þ. b.:

a. Jón í Árnanesi átti Herdisi Pálsdóttur, þ. b.: Einar á Horni, Kolbeinn í Árnanesi, Gisli, Guðrún átti Jón Hálfðanarson á Viðborði og Guðríður átti Hálfðan Jónsson á Rauðabergi.

b. Erlendur átti Elínu Hallsdóttur, þeirra son Erlendur, bjó í Suðursveit.

c. Guðrún átti Þorvald Hjörleifsson.

4) Vilborg átti Jón í Árnanesi Þorbjörnsson Sveinssonar Snjólfssonar, þ. b.:

a. Ketill í Árnanesi faðir Jóns í Holtum.

b. Eiríkur átti Lúziu Ásgrímsdóttur og börn.

c. Jón á Meðalfelli. Hans börn: Hannes á Meðalfelli, Vilborg kona Halldórs í Miðskeri og Guðrún kona Eyjólfss Snjólfssonar í Stóruhálsi.

d. Guðrún átti fyr séra Högna Guðmundsson í Stöð, og var son þeirra Jón prófastur á Hólmum, en síðar séra Vigfús Jónsson í Stöð.

5) Þorsteinn var skólagentinn, lögréttumaður á Háeyri á Eyrarbakka, son séra Eyjólfss Jónssonar á Lundi. Guðrún var f. k. hans.

6) Páll var son Bjarna prests Sveinssonar í Meðallandsþingum, bjó á Fljótum í Meðallandi.

M. Þorsteinn dó ógiptur, bl.<sup>1)</sup>).

N. Jón<sup>2)</sup>).

Einar var orðinn lögréttumaður 1644, og skömmu þar eftir mun hann hafa gerzt umboðsmaður Þorleifs sýslumanns á Hlíðarenda. En þá Þorleifur slepti, nálægt eða eftir 1646 eða seinna, hefur Einar tekið austurpart sýslunnar. Hinn 10. maí<sup>3)</sup> 1650 að Holtum í Hornafirði lét Einar dóm ganga í umboði Þorleifs og Þorsteins sýslumanna um enskan bát, sem hann með mönnum bjargaði. 1651 lét Einar dóm ganga og lýsti burthlaupinni konu. 1652 19. maí hefur Einar nefnt menn í dóm á Kleifum um illyrði Ragnhildar Ólafsdóttur við Magnús prest á Hörgslandi, og sama ár gekk dómur Einars og föður hans á Leiðvelli um eið Margrétar Þórarinsdóttur óráðvandrar, og er það ef til vill sá dómur, sem getið er um í lögþingisbókinni 1652, dagsettur 22. maí 1652. 1659 kom til alþingis dómur Einars um Emerentiönu Þorsteinsdóttur og hennar barnsfaðernislýsingu. 1662 bar Einar undir lögréttuna dóm um ábyrgð leiguliða og ábyrgð þeirra á kúgildum, sem fórust í jarðeldinum. 1665 lýsir Einar sýslumaður Ingveldi Bjarnadóttur, og sama gerði Hákon bróðir hans. 1668 er getið dóms um þjófnað Hjörleifs Árnasonar, 1669 um barnsfaðernislýsing á hollenzkan mann og 1670 enn dóms um barneign. Einar var kvaddur á alþingi til meðdómsmanns og var þar 1661, 1668 og 1669. 1680 gaf Einar til lögréttunnar exi þá, er lengi síðan var brúkuð til sakamanna aftöku. 1682 hefur Einar dæmt um mann, sem úti varð. Sá dómur var borinn undir lögréttu sama ár.

Einar sýslumaður tók Ísleif son sinn sér til aðstoðar í aldurdómi sínum nálægt 1680. Sýslunni meina eg Einar slepti um 1684. En dulið er mér, hvort hann lifði nokkuð þar eftir<sup>4)</sup>. Um lærdóm hans og annað fleira er mér

1) Þorsteinn drukknadi í Vestmannaeyjum á góuprælinn, og varð mikið manntjón þann dag. Það var um 1683.

2) Þessa Jóns annars er venjulega ekki getið meðal barna Einars sýslumanns.

3) Dómur þessi er dags. 16. maí (1650) í J. S. 64 fol.

4) Einar sýslumaður hjó á Felli í Mýrdal. Mun hafa dáið um 1691.

ókunnugt, en með heldri sýslumönnum á sinni tíð er hann talinn.

### Ísleifur Einarsson.

- Faðir:* Einar sýslumaður Þorsteinsson nýnefndur.  
*Móðir:* Auðbjörg Filippusdóttir.  
*Kona:* Vilborg Jónsdóttir prófasts í Bjarnanesi Eiríkssonar.  
*Börn:* A. Jón sýslumaður (sjá síðar).  
 B. Þórunn átti séra Bjarna Þorleifsson á Kálfafelli; þ. b.:  
 1. Þorleifur prestur í Reykholti, dó 1783, ógiptur, bl.  
 2. Þórunn átti Guðmund sýslumann Sigurðsson (sjá Snæfellsnessýslu).  
 3. Kristín miðkona Boga Benediktssonar í Hrapsey, bl.  
 4. Jón lögsagnari og þénari hjá Jens sýslumanni Wíum, hvarf með honum.  
 5. Sigríður dó bl.  
 C. Sigríður dó 1796, 84 ára, átti séra Halldór Pálsson á Breiðabólstað; börn:  
 1. Ísleifur ráðsmaður í Skálholti, dó 1784, átti Helgu Halldórsdóttur, bl.  
 2. Kristín (dó 1811, 70 ára) átti 1776 Steindór sýslumann Finnsson (sjá Árnessýslu).  
 D. Einar drukknaði í Skeiðará,<sup>1)</sup> bl. 1706, 27. nóv., gaf kongur honum leyfi til að ekta Kristínu Bjarnadóttur systurbarn sitt.  
 E. Sigríður önnur átti Jón Jónsson á Ormarsstöðum austur, bl.<sup>2)</sup>

Ísleifur var fyrst til aðstoðar föður sínum, en fékk veiting fyrir austurparti sýslunnar 1684. Það sama ár lét hann dóm ganga um mann nokkurn, sem úti varð. 1685 lét

1) Hann drukknaði 1721.

2) Sigríður þessi var systir Vilborgar konu Ísleifs sýslumanns. Dætur hans, sem hér eru ekki taldar, voru: Þórunn (önnur) og Guðrún, er báðar dóu í stórubólu.



Ísleifur ganga dóm um skattgjald. 1716 tók hann Jón son sinn fyrir lögsagnara. 1720 deyði Ísleifur, þá hann hafði undir 40 ár verið við sýslumannsverk<sup>1</sup>).

### Jón Ísleifsson.

- Faðir:* Ísleifur sýslumaður nýnefndur.  
*Móðir:* Vilborg Jónsdóttir.  
*Kona:* Þorbjörg Oddsdóttir prests á Kálfatjörn (er dó 1705) Árnasonar Pálssonar<sup>2</sup>).  
*Börn:* A. Jakob dó bl.<sup>3</sup>).  
 B. Katrín átti séra Jón eldra, fyrst í Ásum, svo á Kálfafelli á Síðu 1754, dó 1773, prestur 29 ár; börn:  
 1. Bergur prestur í Einholti<sup>4</sup>) átti Katrínu dóttur séra Jóns Steingrímssonar og Þórunnar Hannesdóttur; börn.  
 a. Þorbjörg<sup>5</sup>).  
 b. Ísleifur<sup>6</sup>).

---

1) Ísleifur sýslumaður bjó á Felli í Suðursveit og andaðist þar 30. marz 1720, 75 ára gamall. Hann er því fæddur um 1645, sbr. minningu hans í ljóðum eptir séra Jón Sigmundsson í Álptaveri í Lbs. 52 fol. Þar er og grafskript yfir hann eptir séra Benedikt Jónsson í Bjarnanesi, og önnur latnesk grafskript. Hann var jarðaður á Kálfafellsstað 6. apríl.

2) Þau Jón sýslumaður og Þorbjörg giptust í Skálholti 8. nóv. 1716.

3) Jakob drukknadi við Vestmannaeyjar 1738.

4) Á að vera: Bergur prestur hinn gamli á Kirkjubæjarklaustri († 1852), en séra Bergur í Einholti († 1813) var bræðr-ungur hans, son séra Jóns Bergssonar yngra í Bjarnanesi.

5) Þorbjörg átti fyr Pétur Sveinsson spítalahaldara á Hörgslandi og var s. k. hans, þau bl., en síðar Jón Jónsson spítalahaldara þar, bróður Sigurðar stúdents í Varmahlíð, p. b.: Pétur, Árni, Bergur á Fossi faðir Helga s. st. föður Lárusar á Kirkjubæjarklaustri og Bergs skólastjóra á Eiðum, og Sigurlaug, er átti Ólaf Pálsson á Höfðabrekku. Synir Bergs Jónssonar á Fossi voru ennfremur, auk Helga: Jón á Helgastöðum í Biskupstungum og Bárður í Eyvindarhólum.

6) Ísleifur dó ókv.

c. Jón<sup>1</sup>).

1716 gerðist Jón lögsagnari föður síns. 1717 átti hann í deilum við Bjarna sýslumann Nikulásson á alþingi. S. á. tók Jón hált Þykkvabæjarklaustur eptir Ólaf sýslumann og borgaði hans skuldir til kongsins 555 rd. spec., tók og allan arf eptir Ólaf sýslumann. 1719 voru harðar deilur milli þeirra Bjarna og hans. 17. marz 1721 fékk Jón kongsveiting fyrir austurparti sýslunnar. 1725<sup>2</sup>) kom fyrir á alþingi þingsvitnismálið (sjá þar um við Bjarna sýslumann Nikulásson). 1727 var um sama mál þrasað

1) Jón dó bl., drukknaði í Geirlandsá. Enn voru börn séra Bergs og Katrínar:

- d. Þórunn átti Halldór son Mála-Davíðs, p. b.: Bergur aðstoðarprestur á Eyri í Skutulsfirði († 31. des. 1854), Halldór í Geitdal í Skriðdal, Davíð, Ólöf og Katrín.
- e. Málmfriður átti Þorkel Jónsson í Skaptárdal, p. b.: Bergur, Jón, Ragnhildur.
- f. Þorleifur átti Guðrúnu Þorgeirsdóttur frá Dalbæ í Landbroti Þorgeirssonar, p. b.: Bergur söðlasmiður í Rvík, Sigurður á Fossi á Síðu og Sigríður, er átti Ingiberg Magnússon á Sléttabóli.
- g. Þorlákur á Sléttabóli átti Kolfinnu Magnúsdóttur, systur Magnúsar í Skaptárdal, þeirra son Magnús á Hörgslandi.
- h. Katrín átti Bjarna Pálsson í Efri-Vík í Landbroti, p. b.: Hreiðar, Kristín.
- i. Sigríður dó bl.
- k. Guðrún átti Jón í Holtum í Hornafirði Jakobsson frá Klömbrum Sigurðssonar, p. b.: Jón, Bergur, Vigdís, Steinunn, Katrín.

S. k. séra Bergs gamla Jónssonar var Þórdís Guðmundsdóttir sýslumanns á Setbergi Runólfssonar, þau bl.

2) Jóni sýslumanni var vikið frá embætti 25. janúar 1726 af Fuhrmann amtmanni. Með konungsbréfi 30. maí 1729 (Lagasafn M. Ket. III, 503—504) var Jón biskup Árnason og Nikulás sýslumaður Magnússon skipaðir rannsóknardómarar í máli Jóns og svaramenn fyrir hans hönd gagnvart mótstöðumönnum hans. Veturinn 1711—1712 er Jón í neðri bekk í Skálholtsskóla (Lbs. 207 4to), en síðar finnst hans ekki getið í skólaröðum og mun hann hafa farið úr skóla. Hann hefur ekki orðið gamall maður, líklega tæplega fertugur, er hann andaðist (1732).

á alþingi. 1728 voru þeir Jón og Bjarni frá sýslunni dæmdir af Benedikt lögmanni á alþingi vegna grunsemi um þingsvitnið í deilumálinu. 1731 var Jón enn í málum á alþingi og lítur svo út, sem hann hafi verið óróasamur. Hann hafði hált Kirkjubæjarklaustur um hríð og varð nær félaus (Sigurður Kálfsson hafði og hált Kirkjubæjarklaustur. Voru honum eptirgefnar af skuldum 1735, þá hann sleppti klaustrinu, 66 rd. 56 sk.). 1732 á jólaföstu (alii 1733) deyði Jón sýslumaður eptir langvinnt málaþras.

Jón var lágur maður vexti, grannur og flatvaxinn, nokkuð langleitur, lang- og lágnefjaður, opineygður og ekki mjög fyrirmannlegur.

### Jón Þorsteinsson.

- Faðir:* Þorsteinn prestur í Holti Oddsson prófasts Eyjólfssonar.
- Móðir:* Kristín Grímsdóttir Einarssonar í Gunnarsholti Ólafssonar.
- Kona:* Kristín Árnadóttir Hákonarsonar á Vatnshorn Árnasonar.
- Börn:* A. Margrét átti séra Hálfðan prest í Hólum undir Eyjafjöllum, (dó 1785). Hann var son Gísla Þorlákssonar í Mörk undir Eyjafjöllum, börn:
1. Jón prestur í Hólum, vígðist 1781, dó 1797, átti Þorbjörgu Sigurðardóttur, bl.
  2. Sæmundur prestur í Fljótshlíðarþingum, vígðist 1774, átti fyr Ingibjörgu Sigurðardóttur, bl., svo Ingibjörgu dóttur séra Arngríms á Melum.
  3. Kristín átti séra Odd Þorvarðsson á Reynivöllum, (dó 1804), börn:
    - a. Hálfðan prestur átti Ingibjörgu Magnúsdóttur og börn.
    - b. Gróa átti séra Jón Hjaltalín og börn.
    - c. Karítas átti Loft á Hálsi í Kjós og börn.
    - d. Guðrún átti fyr Stephensen amtmann,

svo Þórð Sveinbjörnsson sýslumann,  
og börn með báðum, sem dóu.

e. Þorvarður á Þóru Guðmundsdóttur  
Nikulássonar.

f. Kristín átti Jóhann bónda á Kaðal-  
stöðum og börn. Hún dó 1835.

4. Guðrún átti séra Pál í Vestmannaeyjum  
15 ár, (dó 1789), Magnússon prests í  
Bjarnanesi<sup>1)</sup> Magnússonar á Vomúla-  
stöðum í Landeyjum, börn:

a. Grímur prestur til Helgafells átti  
Solveigu Eyjólfsdóttur og börn<sup>2)</sup>.

b. Ingibjörg átti séra Jón Matthíasson í  
Arnarbæli og börn<sup>3)</sup>.

c. Margrét, (dó 1832), miðkona séra  
Guðmundar á Staðastað<sup>4)</sup>.

Seinni maður Guðrúnar séra Jón Högna-  
son<sup>5)</sup>.

B. Grímur<sup>6)</sup>.

1) Magnús faðir séra Páls var ekki prestur í Bjarnanesi,  
heldur bóndi í Berjanesi í Út-Landeyjum.

2) Dóttir séra Grims og Solveigar var:

a. Guðrún átti launbarn með Högna stúdent Einarssyni frá  
Skógum, það dó ungt, átti svo Guðlaug Matthiesen í Yxney  
son Jóns prests Matthíassonar í Arnarbæli, þau systkinabörn  
(sbr. III, 496).

3) Sjá ítarlega um þau III, 495—496.

4) Þau séra Guðmundur og Margrét áttu fjölda barna, sem  
mikil ætt er frá komin, sumum hverjum. Meðal þeirra var Jón  
prestur á Helgafelli, Páll á Reykhólum, Sæmundur á Búðum, Ög-  
mundur í Geitareyjum, Bjarni, Guðrún, er átti séra Sveinbjörn  
Eyjólfsson í Árnesi, Kristín, er átti séra Einar Vernharðsson á  
Stað í Grunnavík, Vilborg og Þorbjörg.

5) Séra Jón var prestur í Vestmannaeyjum († 13. okt. 1825),  
þau bl.

6) Grímur var 2 ár í Hólaskóla um 1740, en hætti við nám,  
drukknaði með Jóni landskrifara Þórðarsyni milli Vestmannaeyja  
og meginlands laugardaginn fyrir páska (13. apríl) 1743.

Um uppvöxt og menningu Jóns er mér ókunnugt<sup>1)</sup>. 1717 sótti hann á alþingi Hákon sýslumann Hannesson og 1719 átti hann og í málum á alþingi. 1726 kom Jón upp um þingsvitnismálið, sem mest varð þrasið út af (sjá um Bjarna Nikulásson síðar). 1726—1731 var hann settur fyrir austurpart þessarar sýslu, þá Jóni Ísleifssyni var frá vikið, en fyrir vesturpartinn var hann settur 1731—1734, þá Bjarui sýslumaður Nikulásson var þar í útistöðum og málum. 1735 lét Jón Þorsteinsson ganga dóm um afhending Kirkjubæjarklausturs, þá Eyvindur duggusmiður Jónsson hafði fengið það 1729 eptir Sigurð Kálfsson, sem afhenti. 22. nóvember 1737 leyfði konungur að þeim dóm mætti uppstefna.

Ekki galt Jón Þorsteinsson eptir sýslupartinn þau 4 ár, sem hann var þar fyrir settur; var hann því af honum tekinn. En þó fékk hann að vísu hálf Kirkjubæjarklaustur og mun hann hafa haldið það lengi, en hinn helming þess hafði Ísleikur Ólafsson Höskuldssonar 1723. (Jón Jónsson hafði hálf Kirkjubæjarklaustur 1720 og hélt það fyr og síðar).

Jón deyði nálægt 1747<sup>2)</sup>. Mælt er hann ætti opt þröngt í húi og að hann hafi verið skýr og flókinn í málaferlum.

### Jón Sigurðsson.

Sjá um hann við Múlasýslumenn. Eptir Jón klausturhaldara Þorsteinsson var Jón Sigurðsson settur lögsagnari í austurpartinum 1731—1734 og í Sunnefumálinu í Múlasýslu, í útistöðum Hans Wium, var hann settur 1752—1756. Dó um 1770.

### Skúli Magnússon.

*Faðir:* Magnús prestur á Húsavík, (sem hrökk út af báti og druknaði 1728). Hann var son séra

1) Jón lærði í Skálholtsskóla og er útskrifaður þaðan 1714, tvítugur að aldri. Er því fæddur um 1694. Hann andaðist á Sólheimum í Mýrdal úr kviðsliti 1742 (sbr. annála Hallgríms djákna í safni Bókm.fél. nr. 3 4to).

2) Réttara 1742 (sjá áður).

Einars í Garði, (sem fæddist 1645, vígðist 1669, dó 1742), sonar séra Skúla í Goðdölum, (sem fæddist 1615, vígðist 1645, deyði 1711), Magnússonar prests á Mælifelli Jónssonar. Séra Einar í Garði átti Guðrúnu dóttur séra Hallgríms í Glaumbæ Jónssonar prófests á Höskuldurstöðum. Séra Skúli í Goðdölum átti Arnþrúði Björnsdóttur Ásbjörnssonar<sup>1)</sup>. En séra Magnús á Mælifelli átti Ingunni dóttur Skúla Einarssonar Þórarinssonar í Bólstaðarhlíð Steindórssonar. Skúli Einarsson átti Steinunni laundóttur biskups Guðbrands, hverja hann átti með Guðrúnu dóttur Gísla prests Finnbogasonar, er var mesta hraustmenni og í Sauðafellsför og fleirum með Jóni biskupi Arasyni.

*Móðir:* Oddný dóttir Jóns bónda, mesta hraustmennis, er úti varð á Reykjaheiði, Árnasonar Björns-sonar á Laxamýri. Móðir Björns var Þuríður dóttir séra Sigurðar á Grenjaðarstað Jónssonar biskups.

*Kona:* Steinunn, (fædd 1699), laundóttir séra Björns (sonar Jóns sýslumanns Þorlákssonar) Thorlaccii í Görðum. Þau Skúli og Steinunn giptust 1740. Steinunn deyði í Viðey 1785.

*Börn:* A. Jón, fæddur 1738, var settur föður sínum til aðstoðar landfógeti 1763, giptist 1764 Ragnheiði laundóttur Þórarins sýslumanns Jónssonar. Jón fógeti dó 1789, þeirra einkason:

1. Jón, að viðurnefni Vidöe, útlærður innan- og utanlands, drukknaði þá hann fór að sækja útfararkostnað föður síns, ógiptur, bl.

B. Guðrún eldri, fædd 1739, giptist Jóni Snorrasyni Hegranessýslumanni, dó 1816 (sjá Hegranesþing).

C. Björn, fæddur 1741, konstruktionsmeistari

---

1) Réttara: Arnbjörnssonar.

við Holmen í Kaupmannahöfn, giptist þar, dó um 1784, bl.

D. Rannveig, fædd 1742, giptist 1763 Bjarna Pálssyni landlækni, börn:

1. Steinunn, fædd 1763, giptist 1782 Vigfúsi sýslumanni Þórarinssyni (sjá Rangárþing).

E. Guðrún yngri, fædd 1743, dó 1801, giptist Jóni Snæfellsnessýslumanni (sjá þar).

F. Oddný, fædd 1748, gipt 1782 séra Hallgrími Jónssyni frá Staðastað, síðar að Görðum á Akranesi, dó bl.<sup>1)</sup>.

G. Halldóra, fædd 1750, giptistirurg Hallgrími Bachmann, börn:

1. Kristín fyrri kona Ólafs læknis Brynjólfssonar, bl.

2. Séra Jón Bachmann átti Ragnhildi dóttur séra Björns Þorgrímssonar á Setbergi, börn:

a. Hallgrímur.

b. Geir.

c. Teitur.

d. Halldóra.

e. Benedikt.

f. Sigríður.

g. Björg.

h. Ingileif.

i. Helga<sup>2)</sup>.

3. Árni fór utan, varð sjómaður.

Skúli var fæddur á Húsavík 1711, var uppræddur af föður sínum til síns 17. árs, þá hann deyði 1728, og þar eptir af stjúp föður sínum Þorleifi prófasti Skaptasyni í

1) Þau áttu son, er Guðmundur hét og kvæntist hann á Akranesi. Annars má finna afkomendur Skúla fógeta á við og dreif í riti þessu áður. Bogi telur hér ekki af börnum Bjarna landlæknis nema Steinunni, en meðal systkina hennar, er upp komust voru: Eggert prestur í Stafholti og Þórunn kona Sveins læknis Pálssonar í Vík.

2) Sjá um þessi börn nánar III, 362—363.

Múla. Hann fór utan dimissus 1732, 21 árs, til meiri lærdómsframa, og dvaldi í Kaupmannahöfn 2 ár, efa eg að hann tæki reynslupróf í lögvisi á þeim árum.

1734 kom hann út á Búðaskipi ásamt Oddi landþings-skrifara og hafði þá fengið að veitingu austurpart Skaptafellssýslu. Fór Skúli frá skipi til alþingis og gegndi það sumar landskrifaraembætti eptir fullmakt Odds. Tók svo við sýslu sinni og hélt hana um hrið.

1735, þá mál Bjarna sýslumanns yfirstóðu, var hann settur yfir vesturpart sýslunnar, en mátti sleppa honum 1736, þá Bjarni náði sínu sýslumannsembætti.

1736 brá Skúli til utanferðar og fékk 1737 sér veitta Skagafjarðarsýslu. Sama ár kenndi stúlka úr Múlasýslu honum barn, hvar fyrir hann sór. Þar um kvað Sveinn (síðar lögmaður) Sölvason þessa vísu:

Fúla neyð með frekt þrjál  
fala lét í þingsal  
um púl á meyjar magál  
malað heyrðist það hjal.  
Úr Múla norðan sú sál  
svala buxna nam fal.  
Fyrir Skúla var það skarmál,  
hann skal þó annars mannval.

(Aðrir hafa þessa vísu þannig:

Fúlan eið með frekt þrjál, falan o. s. frv.).

1738 kenndi og Steinunn laundóttir séra Björns Thorlaci í Görðum honum barn. Mælt var, að Skúli hefði í fyrstu viljað þar fyrir sverja, en bæði af því, að séra Björn gekk mjög hart að Skúla og Steinunn var þá aptur orðin þunguð að Guðrúnu eldri, sem fæddist 1739, lofaði Skúli að taka Steinunni til ekta og enti það árið 1740.

1737, þá Skúli var út kominn, reið hann til Skagafjarðar og birti veitingarbréf sitt á þriggja hreppa þingi. Flutti svo varnað sinn að austan. Það er mælt, að Skúla bafi þótt svo agasamt á þeim tímum í Skaptárþingi, að hann hafi fyrir þeim ófriði þaðan hrokkið. Var þó Skúli enginn örkvísi kallaður.

1737 flutti Skúli til Skagafjarðar og hafði mest sitt



aðsetur í Gröf á Höfðaströnd. Var þar þá Þórunn Jónsdóttir og dætur hennar. Gerðist Skúli brátt héraðsríkur og umsvifamikill í sýslu sinni og keypti Stóru-Akra í Blönduhlíð, samt giptist Steinunn 1740. Sama ár rak manna- lausa hollenzka duggu á Borgarsand; tók Skúli hana og hagnýtti sem vogrek, lét og byrja að byggja rambyggilegan bæ á Ökrum. 1741 flutti hann sig þangað búferlum. Á þeim tíðum var Þóroddur Þórðarson heyrari á Hólum. Hann var framgjarn og óvæginn í orðum. Hann talaði um, að Skúli sýslumaður mundi ei hafa skjállega meðfarið dugguna, sem rak, og stungið fénu undir stól, þar með mundi hann hafa verið valdur að lífláti Guðrúnar systur sinnar og haft óleyfilega umgengni með Þórunni Jónsdóttur í Gröf og dætrum hennar; komst þar af í umræðu, að séð hefði verið fyrir barni einu eða fleirum þar í móunum. Var því trúað og urðu margir til að taka undir þetta; komst það til eyrna Skúla, og hófst hann máls á því við Þórodd, sem hvergi gat staðið með slíkt rögmæli. Var þar um þingað í Viðvík þann 30. marz 1741. En fyrir góðra manna milligöngu varð sá endir á því máli, að Þóroddur bað Skúla sýslumann skriflega fyrirgefningar og að betala honum 15 hundruð eða 60 rd. specie, þar upp í gengu 10 hndr. í Gullbrekku fyrir 30 rd., en hitt ætlaði Þóroddur að betala með peningum, en seinna voru þar fyrir útlátnir Geirhildargarðar.

1741 um sumarið rak duggu hollenzka á Borgarsandi og lifðu mennirnir; brá Skúli sýslumaður skjótt við og bauð upp féð allt, var kallað af yfirvarpi, því menn voru þá slíku óvanir; gerði Skúli þann reikning fyrir, er honum sýndist, og vita menn ei, hver orðið hefur, en allt var það kallað kongsfé og upptækt, er þeir menn höfðu með farið, og þeir ófrjálsir sjálfir. Lét Skúli Jón Eggertsson frá Ökrum sækja sök á hendur þeim um ófrjálsa kauphöndlun og var þar fátt til andsvara. Síðan var þeim dæmd refsing, en hann gaf hana upp síðar og tók féð. Voru þeir um hríð í haldi á Ökrum; hjargaði Jón bróðir Skúla þessum mönnum, sem hann mát'i, og komust þeir flestir af landi. (Þetta ár lét Skúli mest byggja bæinn á Ökrum af þeim víði, er hann fékk af skipinu).

1741 lét Skúli ganga í Skagafirði samþykkt um hrossa-  
beit í haga, einkum á sumrum, að ei uppbitist af þeim  
búfjárhagar og ei væri ofsett í heimalönd og lagt ríkt við.

1741 gerðist og Skúli Hólastóls oconomus, því hann  
var álitinn framkvæmdarmesti dugnaðarmaður; hélt hann  
þeirri umsjón til 1746; þóttu stólsins hús í hans tíð að  
viðum verða víxluð og gerðist þar um ágreiningur seinna,  
sem þó féll niður.

1742 var Skúli settur í Húnavatnssýslu að þinga í  
málum Bjarna sýslumanns Halldórssonar, en Grímur á  
Giljá var þá settur í Skagafirði. Mótféll Skúli sýslumaður  
Bjarna sýslumanni Halldórssyni, þá nýkomnum út, í kýmálinu og jafnan voru þeir andvígir, meðan Skúli var í  
Skagafjarðarsýslu; bar þeim margt til, því báðir voru hér-  
aðsríkir og létu ekki allt fyrir brjósti brenna.

Oflangt væri að telja hér allar aðgerðir Skúla, bæði í  
og utan embættis, meðan hann var sýslumaður í Skaga-  
firði, því hann var hinn öruggasti til allra framkvæmda  
og dugnaðar. Hins get eg hér, að hann gerðist landfógeti  
hinn 19. desember 1749 og skrifar Giessing, að hann hafi  
sem landfógeti gert átján ferðir til Kaupmannahafnar, ein-  
asta í kongsins og landsins erindum, og ótrúanlega miklu  
kom hann af stað til landsins nota, því hann var hinn  
mesti föðurlandselskari.

Hann setti á stofn verksmiðjuna í Reykjavík með alls-  
konar vefnað í dönskum vefstólum, rokkaspuna, þófara-  
og litunarverkfærum (rokkaspuni og vefstólar að framandi  
þjóða hætti hafa síðan útbreiðzt um allt land til mikils  
hagnaðar innbyggjurum). Hann innleiddi og færaspuna  
hér, skinnaverkun, norskra fiskibáta lag, fiskilóða- og netja-  
brúkun, kálgarða- og kornyrkjuafla, þó sumt af þessu yrði  
til lítilla nota, meir fyrir innbyggjara hirðu- og mann-  
skapsleysi, en að það væri ekki ágætt í sjálfu sér; útlent  
sauðfé að bæta ullargæði lét hann og hingað færa, en það  
varð til tjóns, vegna óvarsamrar meðhöndlunar. Allt þetta  
setti Skúli á stofn af örlæti þess milda kongs, Friðriks  
fimmta fyrir milligöngu þáverandi stiptamtmanns Ottonis  
Thott, greifa af Ranzow. Tvær duggur voru og keyptar  
til að flytja föng millum Íslands og Danmerkur og til

fiskiveiða. Múrhúsin: Viðeyjarstofa og kirkja, læknisbúðin í Nesi, Bessastaðastofa og kirkja, ásamt Reykjavíkurdómkirkju voru að Skúla undirlagi sumpart uppbyggð, þó aðrir væru og þar að styðjandi.

Jafnvel þó mörg misferli upp á kæmi verður því ekki neitað, að Skúli stundaði sem bezt hann gat síns föðurlands framför til alls dugnaðar og góða. Áður né síðan hefur enginn hér á landi framkomið þvílíkum viðburðum og framkvæmdum, þó ekki allt lukkaðist ákjósanlega.

Aðsetur og bú sitt hafði hann í Viðey og kom þar á miklu æðarvarpi, eptir það hann flutti suður. Hann var hinn mesti höfðingi á sinni tíð, og var jafnan á hans heimili Viðey hinn mesti mannfjöldi, bæði af aðkomumönnum hærri og lægri stéttar og heimafólki. En þó Skúli hefði aðdrætti og föng mikil, var hann maður órikur að fé vegna hans þegnskapar. Var honum það til fundið, að hann hefði í skorti sínum gripið til hjá honum í geymslu verandi alþjóðlegra peninga<sup>1)</sup>. Var honum því árið 1786 vikið frá landfógetaembætti, og eins Jóni syni hans, sem deyði 1789. Aftur komst Skúli til sama embættis, en frásagði sér það seinna, og fékk lausn í náð 1793 með pension, en deyði sjálfur 9. nóvember 1794, 83 ára gamall.

Opt átti hann í málaferlum, bæði þá hann var sýslumaður og eptir það hann varð landfógeti og þá helzt við Íslands höndlunarfélag. Var hann nær því árlega í utanferðum; valt á ýmsu um sigursæld hans í málaferlum, hélt þó fremur líkindum sínum hlut.

Skúli var meðalmaður á vöxt og ekki þrekinn, kvikur mjög, skarpeygur og nokkuð varþykkur, mikill rómurinn og því líkur, sem hann biti nokkuð á vörina. Hann var óvilsamur, þótti nokkuð harðlyndur og brögðóttur, vinfastur var hann og þrautgóður, allvel lærður. Í reikninga- og búskaparfræðum mun hann hafa verið sterkastur. Margt hefur hann ritað. Prentaður er hans »Sveitabóndi«, saminn með nærgætni, því þar er fremur lögð til grund-

1) = almannaþjár.

vallar gömul venja en eigin reynsla. Hann hefur og samantekið þá harmonisku jarðabók og fleira. Sem föðurlandselskari og höfðingi var hann með þeim mestu, en yfirgekk alla með heppna framkvæmd í mörgu til síns föðurlands heilla. Hann var sannkallaður *stór maður*, en ekki var hann lagaður til að fara laglega með lítil efni.

### Hallgrímur Jónsson Thorlacius

fékk veitingu fyrir Austur-Skaptafellssýslu (sjá Múlaþing) 3. júní 1737, en þá var hann látinn, er veitingin kom († 1736).

### Sigurður Stefánsson<sup>1)</sup>.

*Kona* hans var Þórunn dóttir Jóns launsonar Ólafs sýslumanns Einarssonar sýslumanns Þorsteinsonar sýslumanns í Þykkvabæ<sup>2)</sup>.

*Börn:* A. Jón bóndi í Holtum (dó 1797)<sup>3)</sup> átti fyr Þórdísi Jónsdóttur, svo Guðlaugu Runólfsdóttur; þ. b.:

1. Sigríður giptist að Stórumörk undir Eyjafjöllum 1809<sup>4)</sup>.

---

1) Sigurður sýslumaður var haldinn launson Ólafs sýslumanns Einarssonar. Móðir Sigurðar var Vilborg Guðmundsdóttir úr Meðallandi Vigfússonar, systir Sigurðar á Steinsmýri föðurföður Péturs Sveinssonar spítalahaldara á Hörgslandi. Er Sigurður sýslumaður fæddur 1698 eða 1699, og lýsti þá móðir hans Stefán nokkurn Þórarinsson föður að barninu og gekkst hann við því, en séra Vigfús Ísleifsson sóknarprestur Vilborgar sakaði hana um, að sú lýsing væri ekki með felldu og að aðrir væru líklegri til að vera feður að barninu en Stefán þessi. Neitadi hann henni því um sakramenti. Kom það mál fyrir prestastefnu árið 1700, en varð lítið úr. Vilborg dó í Nýjabæ í Vestmannaeyjum hjá syni sínum í janúar 1733 (sbr. Alþ.bók 1734 nr. 29).

2) Þórunn kona Sigurðar sýslumanns er sumstaðar talin laundóttir Ólafs sýslumanns, en ekki sonardóttir hans, en það mun skakkt.

3) Jón bjó á Felli í Suðursveit.

4) Maður Sigríðar, er hún giptist um 1790, var Jón í Stórumörk († 1822) launson Guðmundar Ögmundssonar og Ingiriðar

- B. Þorleifur lögréttumaður í Örafum átti Sigríði dóttur Jóns Ísleifssonar í Selkoti; börn
1. Pétur átti Sigríði Guðnadóttur úr Landeyjum<sup>1)</sup>; þ. b.:
    - a. Magnús.
  2. Þórdís<sup>2)</sup> átti Árna Árnason á Hofsnesi, dóu bæði í bólu 1786; þeirra dóttir:
    - a. Sigríður<sup>3)</sup>.

Olafsdóttur Thorlacius prests í Stóradal Jónssonar, er síðar átti Þórð Sighvatsson í Hlíðarhúsum. Börn Jóns og Sigríðar, er var f. k. hans:

- a. Guðrún átti Ólaf Ólafsson í Stórumörk og Vatnsdalskoti; þ. b.: Jón, Þorgerður, Eyrný, Katrin.
- b. Ingibjörg átti Hallvarð Jónsson í Neðradal undir Eyjafjöllum; þ. b.: Ingvar, Guðríður, Sigríður, Hallbjörg, Vigdís.
- c. Ingiriður átti Gísla Pétursson frá Heiði í Holtum, bl. Launson hennar var Jón söðlasmiður (»söðli«) kenndur við Hlíðarendakot og kallaður son Jóns Eyjólffssonar í Vtleifsholti, en almennt haldinn launson Sæmundar Ögmundssonar í Eyvindarholti.

Enn var dóttir Jóns Sigurðssonar og Guðlaugar:

2. Þórdís átti Erlend Högnason í Suðursveit; þ. b.: Hávarður, Konráð, Jón.

1) Pétur bjó á Litla-Hofi í Örafum og var einkennilegur maður (»Öræfa-Pétur«). Sigríður kona hans var dóttir Guðna í Efrivík í Landbroti Ólafssonar í Pykkvabæ Þorsteinssonar s. st Ólafssonar Jónssonar á Steinsmýri Eiríkssonar. Hún átti síðar Mála-Dauið Jónsson á Brattlandi. — Auk Magnúsar, sem hér er talinn, voru börn hans og Sigríðar: Jón, Guðný, Snjófríður, Sigríður, Helga, Geirlaug og Þórunn, er var f. k. Árna á Hofi Þorvarðssonar Pálssonar í Mörk Eiríkssonar, er var bróðir Einars skólameistara Jónssonar í Skálholti; þ. d.: Helga átti séra Jón Bjarnason í Skarðspingum; þeirra synir Magnús Blöndal prestur í Vallanesi, Bjarni cand. mag. viðskiptaráðanautur, dr. Helgi grasafraeðingur og Elin.

2) Steingrímur biskup nefnir hana Þórunni, og er það eflaust réttara.

3) Sigríður átti Þórarinn Sveinsson á Svínafelli Illhugasönar. Enn eru taldar dætur Þorleifs lögréttumanns:

5. Kristín átti Bjarna á Núpum í Fljótshverfi Sigurðsson Valdasonar.
6. Vigdís átti fyrir Helga Árnason í Kaldrananesi

3. Jakob.
4. Sigurður.
- C. Þorleifur yngri í Landeyjum átti Ingibjörgu Þormóðsdóttur og mörg börn<sup>1</sup>).
- D. Guðmundur í Sævarhólum í Suðursveit, varð seinni maður Sigríðar Þórðardóttur Ingimundssonar, átti börn<sup>2</sup>).
- E. Bergljót átti Björn Brynjólfsson á Reynivöllum; þ. b.:
  1. Vilborg átti séra Eirík Rafnkelsson á Hofi í Álptafirði<sup>3</sup>).
  2. Sigurður<sup>4</sup>).
  3. Þórunn.
  4. Þorvarður.

---

í Mýrdal († 1809); þ. b.: Sigríður, Valgerður og Helgi á Lambastöðum í Garði. S. m. Vigdísar var Jón hreppstjóri í Kaldrananesi Jónsson frá Skála undir Eyjafjöllum Jónssonar, og var f. k. hans; þ. b.: Sæmundur á Steinum, Þorfinnur, Sigríður og Jón í Fljótsdal faðir Úlfars, sem nú býr í Fljótsdal, og Ágústs í Höskulds-koti.

1) Launbörn Þorleifs í Hól í Landeyjum voru 2 Jónar, og var hinn eldri þeirra Jón í Borgarhöfn; ennfremur laundóttir Þórunn, er átti Pál Jónsson á Lambaleiksstöðum; Kristín skilgetin dóttir Þorleifs átti fyr Jón Hálfðanarson í Klasbarða, síðar Jón Símonarson.

2) F. m. Sigríðar var Guðmundur stúdent, son Jakobs prests Bjarnasonar á Kálfafellsstað. Þórður faðir hennar var í Borgarhöfn. Dóttir Guðmundar í Sævarhólum og Sigríðar er talin:

- a. Oddný átti Bjarna Steinsson í Miðbæ í Suðursveit; þ. b.: Sigríður átti Svein Sveinsson, Margrét, Steinn, Guðmundur (sumir telja Oddnýju laundóttur Guðmundar í Sævarhólum með Margréti Runólfsdóttur úr Múlasýslu).

3) Börn séra Eiríks og Vilborgar voru: Brynjólfur í Hlið í Lóni, Eiríkur í Bæ í Lóni og Þórdís s. k. Ketils Óteigssonar í Bygðarholti. S. m. Vilborgar Steinn Þorvarðsson í Bæ í Lóni; áttu börn.

4) Sigurður á Reynivöllum í Suðursveit átti Valgerði Sigurðardóttur Guttormssonar og börn.

5. Kristín<sup>1</sup>).

6. Sigríður<sup>2</sup>).

F. Ólöf giptist á Austfjörðum Ögmundi Eiriks-  
syni, átti börn<sup>3</sup>).

G. Ingibjörg giptist austur í Mýrdal, svo undir  
Eyjafjöll<sup>4</sup>).

H. Þrúður.

I. Jón annar átti Sigríði Sigmundsdóttur Ei-  
rikssonar<sup>5</sup>), þ. b.:

1. Þórdís átti Erlend Erlendsson.

K. Erlendur, bl.

Sigurður var fósturson Þrúðar Magnúsdóttur<sup>6</sup>). Hún

1) Kristín átti Jón á Söndum í Meðallandi Vigfússon prests  
Benediktssonar.

2) Sigríður féll í barneign (blóðskömm) með tveimur bræðrum  
sínum Guðmundi og Þorvarði og voru þau dæmd á alþingi 1799.  
Enn var dóttir Björns Brynjólfssonar og Bergljótar:

7. Katrín átti Kristján Vigfússon lögsagnara (sjá  
síðar).

3) Ögmundur bjó á Hafranesi í Fáskrúðsfirði og er sunis-  
staðar talinn Árnason. Börn hans og Ólafar:

a. Guðmundur verzlunarstjóri á Eskifirði átti Málmfríði Jóns-  
dóttur sýslumanns á Eskifirði Sveinssonar lögmanns Sölva-  
sonar, þ. b.:

aa. Jón Sigurður Ögmundsen læknir í Ripum († 23. febr.  
1857) átti danska konu Pauline Ulrikke Charlotte Thor-  
mann.

bb. Birgitta María átti Lambert Nielsson Lambertsen yngra  
kaupmann á Eyrarbakka, þeirra son Guðmundur Lam-  
bertsen kaupmaður í Reykjavík.

cc. Charlotta Amalia var á Flateyri.

b. Eiríkur kvæntist ekki, átti eina dóttur, er Sigríður hét.

c. Vigfús.

d. Þorvarður.

4) F. m. hennar hét Jón Snorrason.

5) Sá Eiríkur var Sigmundsson og átti Sigríði Sigurðardóttur  
prest á Kálfafellsstað Bjarnasonar. Sumir sleppa þessum  
Jóni öðrum.

6) Hún var gipt Þorleifi lögréttumanni Einarssyni, bróður  
Ólafs sýslumanns (sjá áður). Hefur Sigurður látið 2 syni sína  
heita eptir föstra sínum. Sumir segja, að Sigurður hafi alizt upp

testamenteraði honum töluverða fjármuni, hvert testamenti kongur staðfesti 31. marz 1727. Sigurður stóð stundum fyrir málum á alþingi. 1723 var hann settur sýslumaður í Vestmannaeyjum eptir Ólaf Árnason, en fékk veitingu fyrir þeirri sýslu 1725. Fékk veitingu fyrir austurparti Skaptafellssýslu þá Skúli sleppti 1738<sup>1)</sup> og flutti þangað, sleppti sýslupartinum 1758 og deyði sjálfur 1765<sup>2)</sup>.

### Sigurður Ólafsson.

- Faðir:* Ólafur sýslumaður Árnason (sjá Barðastrandarsýslu).
- Móðir:* Guðrún Hjaltadóttir prests í Vatnsfirði Þorsteinssonar.
- Kona:* Ingibjörg Bergsdóttir prófests Guðmundssonar.
- Börn:* A. Guðrún átti séra Bjarna Arngrímsson<sup>3)</sup>, börn:  
 1. Arngrímur fæddur 1804<sup>4)</sup>.  
 2. Jón, dó.
- B. Bergur<sup>5)</sup> átti Katrínu dóttur Guðmundar prests Bergssonar, systkinabarn sitt, þ. b :  
 1. Ingibjörg.  
 2. Solveig.  
 3. Bjarni.  
 4. Jón<sup>6)</sup>.

---

hjá Ólafi sýslumanni, en hitt mun réttara. Í munnmælum eystra er, að Þórunn kona Sigurðar sýslumanns hafi fyrirfarið sér og fundizt dauð við klett í ánni milli Uppsala og Smirlabjarga.

1) Veitingarbréfið ds. 14. marz.

2) Hann fékk 15 rd. eptirlaun með kgsúrskurði 27. febr. 1759. Mun hafa dáíð á Smirlabjörgum í Suðursveit, þar sem hann hafði búíð lengstum.

3) Hann var prestur á Melum.

4) Arngrímur var síðast prestur á Brjánslæg († 1885), var tvíkvæntur, fyrst Önnu Bjarnadóttur, síðar Málmfriði Ólafsdóttur og átti börn með báðum.

5) Bergur bjó fyrst á Stórhólmi í Leiru, en síðar á Melaleiti og Áskoti í Melasveit.

6) Auk þessara barna Bergs voru enn tvö: Þóra og Guðmundur, er dó ungur.



C. Þóra átti séra Benedikt Ingimundarson, dó af barnssæng.

D. Þorbjörg.

Sigurður var skólalærður<sup>1)</sup> og vel að sér ger. Hann gerðist klausturhaldari á Kirkjubæ. En þá Sigurður Stefánsson frásagði sér sýsluna var Sigurður klausturhaldari þar settur sýslumaður í austurpartinum, 1758—1759, og optar var hann settur sýslumaður um tíma, svo sem 1768 í Skaptafellssýslu og 1781 og í Gullbringusýslu 1792 í einstöku málum dómari, því hann þótti skýr maður. Hann var fyrimannlegur ásýndum. Dó 1810.

### Jón Helgason.

*Faðir:* Helgi bóndi á Svertingsstöðum í Eyjafirði Ólafsson Helgasonar. Móðir Helga var Þorgerður Jónsdóttir frá Stóradal Jónssonar Magnússonar á Reykjum í Skagafirði Björnssonar á Reykjum Jónssonar og Guðrúnar Hallgrímisdóttur frá Árgerði Jónssonar í Hlíðarhaga Hallgrímssonar. Móðir Hallgríms Jónssonar var Guðrún dóttir Jóns handalausar Flóventssonar, allt bændafólk.

*Móðir:* Guðrún Ólafsdóttir frá Róðhúsum Ásmundssonar<sup>2)</sup>.

*Kona:* Sigríður Magnúsdóttir prests á Hallormsstað Guðmundssonar prests Magnússonar. (Sigríður var systir Guðmundar fornfræðamanns Magnússonar; móðir þeirra var Karítas<sup>3)</sup> Pálsdóttir prests á Valþjófsstað Högnasonar).

---

1) Sigurður var fæddur 31. júlí 1732 og útskrifaður úr Skálholtsskóla 15. maí 1752, skrifaður í stúdentatölu við háskólann 18. desember 1753, og var þar tvö ár. Hann andaðist á Melum 8. marz 1810 hjá séra Bjarna og Guðrúnu dóttur sinni. Áður en hann kvæntist átti hann launbarn með Ragnheiði dóttur Sigurðar prests Sigurðssonar í Holti í Önundarfirði, er hét Ásta.

2) Kona Helga á Svertingsstöðum og móðir Jóns sýslumanns var Guðrún Hallgrímisdóttir frá Árgerði Jónssonar í Hlíðarhaga Hallgrímssonar.

3) Hún hét Kristín.

- Börn:*
- A. Guðrún átti séra Berg Magnússon prests í Bjarnanesi. Börn:
    1. Séra Jón sama staðar<sup>1</sup>).
    2. Magnús<sup>2</sup>).
    3. Sigríður<sup>3</sup>).
  - B. Magnús Hoffeld stúdent, fór utan og varð barnakennari í Noregi<sup>4</sup>).
  - C. Guðrún yngri kona séra Einars Jónssonar á Desjarmýri<sup>5</sup>), svo séra Engilberts Þórðarsonar í Þingmúla<sup>6</sup>).
  - D. Kristín kona séra Brynjólfs Árnasonar í Örafum<sup>7</sup>).

1) Sira Jón var prestur á Hofi í Alptafirði († 16. ágúst 1843) átti Rósu Brynjólfsdóttur prests í Heydölum Gíslasonar, þeirra synir: Bergur prestur í Vallanesi, Brynjólfur prestur í Vestmannaeyjum, Nikulás í Odda á Seyðisfirði, Gíslí gullsmiður s. st. og Jón í Hólum í Hornafirði faðir Þorleifs alpm.

2) Magnús var síðast prestur í Heydölum († 1. maí 1893) átti fyr Vilborgu Eiríksdóttur Benediktssonar, þau systrabörn. Eitt barna þeirra var Eiríkur M. A. bókavörður í Cambridge († 24. jan. 1913). S. k. séra Magnúsar Ragnheiður Jónsdóttir, systir séra Jóns Austmanns á Stöð.

3) Sigríður átti Jón Eiríksson í Hlíð í Lóni, þau systrabörn (sjá síðar).

4) Hann dó 9. júní 1852, áttæður að aldri.

5) Börn séra Einars og Guðrúnar voru:

- a. Jón á Gilsá í Breiðdal átti Ragnheiði Jónsdóttur á Gilsá Björnssonar, er síðar átti séra Magnús Bergsson, p. b.:
  - aa. Guðríður s. k. séra Vigfúsar Gultormssonar í Ási í Fellum, þeirra son Björgvin sýslumaður.
  - bb. Guðrún átti fyr Einar Gíslason alpm. á Höskuldsstöðum, p. b.: Magnús dýralæknir í Rvík og Ragnheiður kona Björgvins sýslumanns. S. m. Guðrúnar séra Bergur Jónsson í Vallanesi.
- b. Guðmundur á Flögu í Skriðdal átti Guðrúnu Rasmusdóttur Lyng af Akureyri, p. b.: Einar.
- c. Sigríður giptist ekki.

6) Son séra Engilberts og hennar var Einar á Viðilæk í Skriðdal, átti Rannveigu Jónsdóttur og börn.

7) Börn séra Brynjólfs († 21. marz 1852) og Kristínar:

- a. Jón á Söndum í Meðallandi átti Evlaliu Erlendsdóttur Niku-

- E. Þóra kona Eiríks Rafnelssonar á Smirlabjörgum, áttu börn<sup>1</sup>).
- F. Ingibjörg kona séra Guðmundar Skaptasonar í Mjóafirði, bl.<sup>2</sup>).
- G. Þórunn kona Eiríks Benediktssonar Bergssonar prófasts Guðmundssonar<sup>3</sup>).

lássonar og Sigurveigar Þorvaldsdóttur, p. b.: Rósa, Árni, Vigfús.

- b. Guðrún átti Jón á Skálafelli Eiríksson Rafnelssonar.
- c. Sigríður dó ógipt, bl.
- d. Karitas átti Erasmus Halldórsson á Botnum, og var s. k. hans, þau bl.

1) Þóra var s. k. Eiríks, p. b.:

- a. Jón á Skálafelli átti Guðrúnu Brynjólfsdóttur prests Árnasonar.
- b. Rafnkell.
- c. Sigríður átti Jón á Smirlabjörgum Bergsson dannebrogsmanns í Árnanesi Benediktssonar, p. b.: Bergur og Guðrún, er átti Árna Arngrímsson frá Skálafelli Arasonar.

2) Ingibjörg var s. k. séra Guðmundar. Hún kafnaði í húsbruna í Þingmúla 1832, þá er Eyjólfur Ásmundsson Ísfeldt hinn skygni lézt þar, bjargaði hann henni síðast út úr eldinum og dóu þau bæði, er út komu.

3) Eiríkur bjó á Hoffelli og andaðist 12. marz 1841. Börn hans og Þórunnar:

- a. Sigríður átti séra Jón Bergsson (»austa«) í Einholti, og var í. k. hans, þau bræðrabörn, þeirra synir: Eiríkur varaprófastur á Garði (»Regensen«) í Kaupmannahöfn, Bergur á Krossalandi, Jón, Þórður, Þórunn, Guðrún, Þorbjörg, Sigríður, Kristín.
- b. Sigríður yngri átti Pétur í Bæ í Lóni Sveinsson prófasts í Berufirði Péturssonar, p. b.: Sveinn, Sigurleif.
- c. Vilborg f. k. séra Magnúsar Bergssonar í Heydölum (sjá áður).
- d. Guðrún átti Gísla Jónsson hreppstjóra í Hlíð í Skaptártungu Jónssonar.
- e. Benedikt prestur í Guttormshaga († 4. maí 1903, 96 ára) átti Málmfríði Brynjólfsdóttur prests í Kálfholti Guðmundssonar, p. b.: Eiríkur drukknaði í Þjórsá, Málmfríður.
- f. Anna átti Þorleif Hallsson í Hólum í Nesjum, p. b.: Eiríkur, Vilborg, Hallur, Þórunn, Benedikt, Guðmundur, Sigríður, Þorbjörg, Guðrún.
- g. Jón í Hlíð í Lóni átti fyr Sigríði Bergsdóttur prests á Hofi í Álptafirði Magnússonar. P. b.: Bergur, Stefán, Jón, Guðmundur. S. k. Jóns í Hlíð Ólöf Árnadóttir.

Jón Helgason<sup>1)</sup> fékk austurpart Skaptafellssýslu 1759 (veitingarbréf hans dagsett 27. febrúar 1759) átti opt erfitt í málastappi, var frá settur sýslumannsembætti 1798 og frá dæmdur 1799, en opt áður dæmdur til stórra útláta. Hvort hans mörgu málaferli orsakast (hafa) af lærdómsbrest hans í lagavizku, illvilja eða óheppni er vant að segja. Annars tjáist hann ei að hafa verið góðmannlegur ásýndum. Hann var fyrst bóndi í Eyjafirði, en eptir 1759 að hann tók hálf Skaptárþing bjó hann að Hoffelli. 1799 er getið um kansallibréf ds. 2. desember 1797 eptir hverju Jón Helgason sýslumaður skyldi justicialiter tiltalast fyrir breytni hans í justissök mót Guðmundi Björnssyni, einnig kongsbréf ds. 15. júlí 1796 með hverju hann uppgefur hórdómssekt Árna nokkrum Jónssyni á Skálafelli, hvar Jón sýslumaður hafi þó tekið 24 rd. í stað 8 rd. etc.<sup>2)</sup>.

### Kristján Vigfússon.

*Faðir:* Vigfús síðast prestur á Kálfafelli son Benedikts prests í Vestmannaeyjum Jónssonar prests í Meðallandi Vigfússonar prests á Sólheimum

- 
- h. Guðrún yngri.
  - i. Guðmundur á Hoffelli átt Sigríði Jónsdóttur frá Hlið í Skaptártungu Jónssonar í Arnardrangi Jónssonar í Eystridal Eyjólfssonar. Þ. b.: Jón á Hoffelli og Eiríkur á Brú á Jökuldal faðir Guðlaugar, er átti Snorra Gíslason Wíum á Seyðisfirði.
  - k. Þórunn átti Þorlák á Haukafelli Sigurðsson frá Svínafelli í Öraefum Þorsteinssonar.
  - l. Kristín tvígipt. S. m. hennar Ari Arngrímsson á Austurhól, þ. b.: Páll, Stefán.
  - m. Eiríkur á Svínafelli í Hornafirði átti Þuríði Jónsdóttur.
  - n. Stefán hreppstjóri í Árnanesi († 12. sept. 1884) átti Guðrúnu Einarsdóttur stúdents í Skógum Högnasonar, þ. b.: Björn prestur á Sandfelli í Öraefum, Einar í Árnanesi, Eiríkur, Halldóra, Ástríður.

1) Jón sýslumaður var fæddur á Svertingsstöðum 1731, útskrifaður úr Hólaskóla 26. maí 1755, tók embættispróf í lögum 12. febrúar 1759 með 2. einkunn.

2) Hann andaðist 17. september 1809, samkvæmt því sem eg hef fundið í skjólum í landsskjalasafninu, sbr. og prestþjónustubók frá Hoffelli. Áður hefur dánarár hans verið talið 1806 (sbr. Lögfræðingatal M. St. Timarit III, 229).

Ísleifssonar á Höfðabrekku Magnússonar Eiríkssonar á Kirkjulæk Eyjólfssonar í Dal Einarssonar í Dal Eyjólfssonar lögmanns Einarssonar í Djúpadal í Eyjafirði Árnasonar Dal-skeggs Magnússonar í Djúpadal (sem þras átti við Björn Jórsalafara um landamerki) Hafliðasonar.

- Móðir:* Málmfriður Jónsdóttir frá Blikalóni á Sléttu.  
*Kona:* Katrín Björnsdóttir frá Reynivöllum Brynjólfs-sonar prests frá Kálfafelli Guðmundssonar prests á Húsafelli<sup>1)</sup> Magnússonar.  
*Börn:* A. Bergljót<sup>2)</sup>.  
 B. Guðrún<sup>3)</sup>.  
 C. Sæmundur<sup>4)</sup>.  
 D. Þorbjörg<sup>5)</sup>.

Kristján var hér settur sýslumaður, þá Jón Helgason var frá settur 1798. En *Jón Þorleifsson* var þó þar og dómari settur (sjá Vestmannaeyjasýslu). En fyrir þessari sýslu var Kristján algerlega þá Jón Þorleifsson tók Vestmannaeyjasýslu 1801. Sem ólögfróðum gengu honum örðugt dómaverk og var frá þeim dæmdur 1804.

### Bergur Benediktsson.

- Faðir:* Benedikt Bergsson bóndi í Árnanesi, bróðir Guðmundar prests Bergssonar, sem 1759 vigðist til Sandfells í Örafum, en fékk Kálfholt í Rangárþingi 1772<sup>6)</sup>.

- 
- 1) Á að vera: Stafafelli.  
 2) Bergljót átti Erlend Einarsson á Reynivöllum, p. d.: Katrín.  
 3) Réttara mun: Guðný. Hún átti Jón Steinsson á Kálfafelli. P. b.: Kristján, Steinn, Margrét, Katrín.  
 4) Sæmundur stakk sig á hnífi og dó af því.  
 5) Þorbjörg var laundóttir Kristjáns, átti Halldór Sigurðsson á Brunhól, p. b.: Þórdís, Þorbjörg.  
 6) Kona Benedikts og móðir Bergs dannebrogsmanns var Sigríður Eiríksdóttir prests á Sandfelli í Örafum († 1746) Oddssonar á Búlandsnesi Jónssonar. Þau Benedikt og Sigríður dóu bæði í nóv. 1816.

Kona: Guðrún<sup>1</sup>).

Börn: A. Jón prestur í Einholti (nefnist Austmann)<sup>2</sup>).

Bergur var maður ólærður en skýr og góður maður. Var settur eptir Kristján 1804 í austurparti sýslunnar til 1812. Hafði hann þann part 9 ár, til þess Jón sýslumaður Guðmundsson var þar settur 1812. Bergur gerðist

1) Guðrún kona Bergs var dóttir séra Jóns Bergssonar yngra í Bjarnanesi og voru þau hjón því bræðrabörn.

2) Séra Jón var kallaður »austi« (ekki Austmann) († 24. nóv. 1852). F. k. hans Sigríður Eiríksdóttir á Hoffelli Benediktssonar (sjá áður). S. k. Sigríður Benediktsdóttir prests í Hraungerði Sveinssonar. Enn voru börn Bergs dannebrogsmanns og Guðrúnar:

- B. Jón á Smirlabjörgum (eldri en séra Jón bróðir hans) átti Sigríði Eiríksdóttur s. st. Rafnkelssonar (sjá hér á undan).
- C. Benedikt í Árnanesi átti Viborgu Jónsdóttur í Hafnarnesi Magnússonar prests í Bjarnanesi Ólafssonar, p. b.: Páll á Smirlabjörgum, Jón í Árnanesi og Lovísa, er átti Einar í Árnanesi Stefáns-son alþm. Eiríkssonar.
- D. Sigríður átti Benedikt prest í Reynisþingum Sveinsson læknis Pálssonar, bl. Laundóttir hennar með Benedikt stúdent Bergssyni prests í Einholti Jónssonar hét Guðrún, átti Eyvind Jónsson á Litlu-Heiði, p. d.: Sigríður, er átti Jón á Skálafelli Hallsson í Dilknesi Pálssonar.
- E. Þórður í Árnanesi, drukknaði með föður sínum, átti Katrínu Hallsdóttur í Hólum Þorleifssonar og Vilborgar Benediktsdóttur Bergssonar, þau systkinabörn. (S. m. Katrínar Ófeigur Runólfs-son í Stóru-lág), p. b.: Hallur á Vindborði átti Sigríði Bergsdóttur í Hafnarnesi Magnússonar, Guðrún átti Magnús Bergsson í Stóru-lág, Vilborg átti Sigurð Þórarinsson frá Krossbæ Pálssonar og Guðrún önnur og Sigríður, er átti Guðmund á Raudabergi á Mýrum Pálsson í Dilknesi Magnússonar.
- F. Herdis átti Hall Pálsson í Dilknesi, p. b.: Jón á Skálafelli, Bergur og Guðrún.

Laundóttir Bergs dannebrogsmanns var:

- G. Auðbjörg átti Pál Jónsson á Vindborði og mörg börn, en áður hafði hún átt tvö launbörn með Teiti Gíslasyni.

dannebrogsmaður 1815. Drukknæði ásamt nýgiptum syni sínum við lúrna- eða kolaveiði 1833<sup>1)</sup>).

Í vesturhluta sýslunnar:

**Hákon Þorsteinsson.**

*Faðir:* Þorsteinn sýslumaður í Þykkvabæ (sjá áður).

*Móðir:* Guðríður Árnadóttir.

*Kona fyrsta:* Ólöf Teitsdóttir prests í Gufudal, hl.

*Kona seinni:* Guðrún Einarsdóttir á Hörgslandi Stefánssonar samastaðar Árnasonar bónda á Hólmi í Garði.

*Sonur:* A. Sigurður klausturhaldari á Þykkvabæ átti Málfríði dóttur Benedikts Þorleifssonar, hl.<sup>2)</sup>).

*Launbörn* Hákonar voru þar að auki fjögur með öðrum kvennpersónum. Eitt þeirra:

B. Ólafur, hl.

1645 var Hákon orðinn lögréttumaður. Í ættatölum nefnist hann lögsagnari föður síns. Hefur hann því gerzt sýslumaður í vesturparti sýslunnar eptir 1650. 1653 tók Hákon hált Þykkvabæjarklaustur móts við Magnús bróður sinn. En sýslupartinn vestri mun hann að veitingu hafa tekið nálægt 1655, og að visu var hann sýslumaður orðinn í vesturpartinum 1660, því að þá (30. júní) kom hann með dóm til alþingis genginn á Skaptafellspingi um Emerentiönu Þórarinsdóttur og hennar eiðsboð, því mennirnir hafa báðir svarið. 1664 og 1665 var Hákon sýslumaður á alþingi, líka 1666, en ekki 1667. 1668 var

1) Það var 20. ágúst. Bergur sótti 21. júlí 1812 um 20 rd. eptirlaun og skattfrelsi, með því að nú séu sýslurnar sameinadar. Castenskjöld stiptamtmaður hælir honum fyrir árvekni og skyldurækni í embættinu, og að hann hafi við ítarlega rannsókn ekki fundið, að nokkurt verk hans bæri vott um fáfræði. Mælir hann með honum til að vera lausan við skatt, en ekki til eptirlauna, með því að hann sé efnður maður. — Jón Guðmundsson mun hafa tekið við allri Skaptafellssýslu 14. júlí 1812.

2) Dætur Hákonar sýslumanns með s. k. voru:

B. Ólöf.

C. Guðríður, dóu báðar ungar. Svo segir Sigurður Magnússon í Holtum, og getur hann þess ekki, að Hákon hafi átt launbörn.

hann á alþingi og 1670 og 1661 meðdómsmaður, 1670 um barnsfaðernislýsingu.

1661 báðu þeir bræður Hákon og Magnús, að fækkað væri Þykkvabæjarklausturs kúgildum vegna skemmda og jarð-usla, sem orsakaðist af jarðeldgangi, og það leyfði umboðsmaður hirðstjórans, Jóhann Klein, að fækka mætti þriðjungi af klaustursins heimakúgildum og borga þau í nautum og sauðum til Bessastaða. Óljóst er mér, hve lengi þeir bræður héldu Þykkvabæjarklaustur eða sýslupartinn. Mér er og óljóst, hvort Hákon fékk nokkurn tíma veiting fyrir sýslupartinum, þó hann væri þar lög-sagnari og máske millibilssýslumaður, en lengi var hann löggréttumaður. 1670 kallast hann sýslumaður og er þar af að sjá, að hann hafi tekið sýslupartinn eptir föður sinn, og líklega haft veiting fyrir honum, en sleppt honum við son sinn Sigurð nálægt 1671.

1677 deyði Nikulás Þormóðsson Kirkjubæjarklausturs-haldari. Tók þá við því Jón Þorleifsson 1678. En Ólafur Ásmundsson fékk kongsbréf fyrir því 1682<sup>1)</sup>, því hver herti sig sem bezt gat að fá einhver kongsléni.

### Magnús Þorsteinsson.

(Sjá um hann við Rangárþing).

Mér er dulið, hvort hann hafði í sameiningu við Hákon bróður sinn vesturpart þessarar sýslu, eða hann var settur þar fyrir sýsluna nálægt 1670<sup>2)</sup>, en meðgerð hafði hann með þann part um hrið og í ættatölum nefnist hann sýslumaður. En máske hann hafi að eins gert sýslumannsverk í Rangárþingi, en ekki í Skaptafellsþingi.

1) Þetta stafar víst af einhverjum misskilningi hjá Boga, og mun hér átt við Ólaf Ásmundsson, er fékk kongsbréf (vonarbréf) fyrir Kirkjubæjarprestakalli í Hróarstungu 13. maí 1682 (Lagasafn M. Ket. III, 271). Björn son Nikulásar tók við klaustrinu eptir föður sinn, en alls ekki Jón Þorleifsson. Hvenær Hákon sýslumaður andaðist hefi eg ekki fundið í annálum, en séð hef eg talið, að hann hafi verið á lífi um 1680.

2) Magnús andaðist 6. maí 1662 (sjá Fitjaannál I.bs. 159 4to). Hann hafði þá Skammbæisstaðumboð fyrir Brynjólf biskup og bjó í Árbæ. Hafi hann nokkurn tíma haft eitthvað af Skaptafellsýslu hefur það verið í sameiningu við Hákon bróður sinn um 1650—1655.



## Sigurður Hákonarson.

*Faðir:* Hákon Þorsteinsson nýnefndur.

*Móðir:* Guðrún Einarsdóttir fyrnefnd.

*Kona:* Málfríður Benediktsdóttir Þorleifssonar, bl.

Í orðamáli 1665 var Sigurður Hákonarson sýslumanns sonur kallaður þjófur, fór hann því til alþingis 1666, beiddi eids og sór fyrir allan þjófnað. Hann tók að visu hálf (ef ei allt) Þykkvabæjarklaustur eptir það Hákon sýslumaður sleppti því. Eptir 1670 tók hann sýslupart föður síns og hefur haft hann að veitingu. 1673 er Sigurður Hákonarson á alþingi og er þá orðinn sýslumaður, lýsir hann þá eptir burtstroknum manni úr Skaptárþingi, biðja sýslumenn að hann sé tekinn og sendur til Skaptafellssýslu. 1675 í lögþingisbókum finnst ritað, að þá forstöndugur mann Ólafur Einarsson það ár kom með hér- aðsdóm úr Skaptárþingi voru þar valdsmenn Einar Þorsteinsson og Sigurður Hákonarson, sem vegna guðs og náungans kærleika umbiðjast að forlíka mál Jóns Bárðarsonar. 1680 á alþingi nefnist Sigurður og sýslumaður. En 1681 sleppti hann sinni valdstjórn þar í vesturpartinum, þá Bjarni Eiríksson viðtók<sup>1</sup>).

## Bjarni Eiríksson.

*Faðir:* Eiríkur lögréttumaður á Búlandi (sem í lög- réttu deyði 1661 við hlið Árna lögmanns) son Sigýalda á Búlandi (sjá áður).

*Móðir:* Þórunn Sigurðardóttir prests á Breiðabólstað austur Einarssonar officialis í Eydölum Sigurðssonar.

*Kona:* Sigríður Bjarnadóttir sýslumanns á Bustarfelli Oddssonar (sjá Múlasýslu). Þau Bjarni og Sigriður giptust 1649.

*Börn:* A. Eiríkur stóri á Búlandi, lögréttumaður,

---

1) Eptir að Sigurður sleppti sýslunni og klaustrinu fór hann til Vestfjarða og þar dó Málfríður kona hans. Því næst sigldi hann og var lengi með Englendingum (vist 15 ár), en kom svo aptur til Íslands, bjó eptir það í Rangárvallasýslu, bæði í Þykkvabænum og í Fljótshlíð og dó þar háaldraður. Hann var læknir góður og vel að sér í mörgu.

hraustmenni mikið og stór vexti, átti Vilborgu Bjarnadóttur Högnasonar; börn:

1. Högni á Þorbrandsstöðum seinni maður Gróu dóttur Björns sýslumanns Péturssonar; börn:
  - a. Einar á Kjóstöðum átti Ragnheiði Helgadottur, börn:
    - aa. Björn í Dagverðarnesi átti Ragnheiði Magnúsdóttur og börn (sjá Dalasýslu).
    - bb. Ragnheiður ógipt, bl.
  - b. Vilborg átti séra Benedikt Árnason seinast í Hjarðarholti í Dölum<sup>1</sup>); börn:
    - aa. Stefán prestur í Hjarðarholti átti Ingveldi og börn.
    - bb. Margrét átti séra Jón á Prestbakka [í Hrutafirði] og börn.
    - cc. Björn fór til Jótlands<sup>2</sup>).
2. Bjarni, dó 1742<sup>3</sup>), átti Kristínu Jakobsdóttur prests Bjarnasonar; börn:
  - a. Jakob<sup>4</sup>).
  - b. Málfríður<sup>5</sup>).
  - c. Þórunn.
  - d. Bjarni, bl.
3. Bjarni yngri á Búlandi átti Þorbjörgu Gunnlaugsdóttur frá Skjöldólfsstöðum á Jökuldal; börn:

1) Séra Benedikt var son Árna Bjarnasonar (Geirsfóstra) í Krókum.

2) S. k. Höгна Eiríkssonar var Helga Arnadóttir prests á Sauðanesi Skaptasonar, þ. b.: Þorleifur átti Hallfríði Jónsdóttur, Eiríkur og Bjarni.

3) Þetta ártal mun skakkt og mun Bjarni hafa lengur lifað.

4) Jakob í Svarðbæli drukknaði í Kaldaklifsá.

5) Málfríður átti Einar Pétursson Erlendssonar.

Bjarni Eiríksson var 3. maður Kristínar Jakobsdóttur.

- a. Eiríkur átti Margréti Rafnkelsdóttur<sup>1)</sup> og börn.
  - b. Gunnlaugur<sup>2)</sup>.
- [4. Gísli lögréttumaður (sumar bækur segja hann föður séra Gísla á Desjarmýri)<sup>3)</sup>.
- B. Þórunn átti Tómas son séra Magnúsar Péturssonar á Hörgslandi; börn:
    - 1. Kjapta-Katrín, hverja Hólmsfríður Pálsdóttir á Þingeyrum lét flengja (sjá Húnavatnssýslu). Fleiri voru Þórunnar afkomendur.
  - C. Þórunn yngri, dó 1728, átti fyr séra Sigurð Eyjólfsson, bl., svo séra Helga Jónsson, einnig bl.
  - D. Solveig átti Bjarna son séra Guðmundar á Hofi í Álptafirði, bl.
  - E. Þórey giptist ekki.  
Dóttir Bjarna laungetin með Solveigu dóttur Eiríks Jónssonar í Skál:
  - F. Guðný átti Árna son séra Eiríks Ketilssonar, þ. b.:
    - 1. Halldór prestur á Húsafelli, dó 1736, átti Halldóru Illhugadóttur; börn:
      - a. Bjarni sýslumaður á Þingeyrum (sjá Húnavatnssýslu).
      - b. Illhugi prestur í Borgarþingum átti Sigríði Jónsdóttur og börn<sup>4)</sup>.

---

1) Börn Eiríks, er bjó í Steinum, og Margrétar:

- a. Vilborg.
- b. Þorbjörg átti Arnodd Kolbeinsson í Steinum, þ. b.: Ingveldur átti Sæmund í Steinum Jónsson frá Kaldrananesi Jónssonar.
- c. Halldóra átti Árna Bjarnason í Hlið, þ. b.: Bjarni á Fítarmýri, Bjarni á Núpi, Jón á Ytra-Rauðafelli, Eiríkur í Hlið, Halldóra, Anna og Vilborg.
- d. Hildur átti Hannes Jónsson í Vallnatúni og börn.

2) Gunnlaugur í Steinum, tvíkvæntur, h. d.: Þorbjörg móðir Gunnlaugs Runólfssonar í Árnagerði föður Ólafs, er var í Ártúni við Elliðaár og Þorbjargar, er átti Jón Þórðarson kaupmann í Rvík.

3) Þetta frá [ er rangt og á að falla burtu.

4) Son séra Illhuga og Sigríðar var Árni prestur á Hofi á Skaga-

- c. Sigvaldi prestur á Húsafelli átti Helgu Torfadóttur; börn:
  - aa. Þórarinn Liliendal settur sýslumaður, dó 1792.
  - bb. Sigríður átti séra Snæbjörn í Grímstungu og börn.
  - cc. Guðríður bl.
  - dd. Torfi bl.<sup>1)</sup>
- d. Ingibjörg átti Þorstein (laungetinn son Bárðar brotinnefs á Stakkhamri) í Vogatungu og börn<sup>2)</sup>.
- e. Guðmundur. Hans börn með Þuríði<sup>3)</sup>:
  - aa. Hallfríður<sup>4)</sup>.
  - bb. Vilborg<sup>5)</sup>.
  - cc. Halldóra.
  - dd. Gróa<sup>6)</sup>.

strönd faðir Þórðar prests á Mosfelli í Mosfellssveit og Jóns bókarvarðar og þjóðsagnasafnanda. Séra Árni var prikvæntur.

1) Torfi var stúdent, var síðast djákn í Odda og dó þar 1785.

2) Börn Þorsteins og Ingibjargar:

- a. Jarprúður átti fyr Odd í Stóra Botni, p. d.: Ingibjörg átti Þorleif á Melum á Kjalarnesi. S. m. Jarprúðar Þorkell Einarsson á Hofi, p. b.: Oddur og Þorlákur í Króki átti fyr Guðnýju Þórólfsdóttur Þorbjörnssonar en síðar Jarprúði systur hennar. Eru þaðan ættir á Kjalarnesi.

Laundóttir Ingibjargar Halldórsdóttur með Ólafi syni Jóns Ísleifssonar í Botni var Sesselja, er átti Þorgeir Þorsteinsson á Eyri í Svinadal, bróðurson séra Snorra á Húsafelli.

3) Þuríður var Grimsdóttir Magnússonar og var hún s. k. Guðmundar. Dætur þeirra voru Vilborg, Halldóra og Gróa, en Hallfríður laundóttir Guðmundar.

4) Hallfríður átti Þórð á Saurum Grímsson frá Giljum Einarssonar, þeirra son: Guðmundur á Gufuskálum átti Vigdís Ásbjörnsdóttur.

5) Vilborg átti fyr Ólaf Oddsson á Breið og börn, en síðar Jón Jónsson á Saurum í Hraunhrepp og börn.

6) Gróa var s. k. Halldórs Sigurðssonar, p. b.: Þóra, Vigdís, Sigríður.

- f. Þorgerður átti launbarn<sup>1)</sup>).
2. Eiríkur í Mjóafirði<sup>2)</sup> átti Sigríði Eiríksdóttur Þorvarðssonar og börn.
  3. Þórarinn þrígiptur, átti börn með fyrstu konu<sup>3)</sup>).
  4. Solveig átti séra Guðmund Árnason á Hallormsstað; börn:
    - a. Eiríkur prestur á Eiðum átti Þorbjörgu Einarasdóttur<sup>4)</sup>).
  5. Guðrún átti Hinrik Bjarnason<sup>5)</sup>, börn:
    - a. Sigurður átti Guðlaugu Jónsdóttur.
  6. Þuriður átti séra Eirík Bjarnason á Hallormsstað; börn:
    - a. Einar dó bl.
    - b. Árni dó 1753 bl.<sup>6)</sup>
    - c. Guðný.
    - d. Solveig átti Björn í Böðvarsdal<sup>7)</sup> Ólafsson prests Ásmundssonar; börn:

---

1) Ó. Snókdalin telur enn meðal barna séra Halldórs á Húsafelli: Sigurð á Augsstöðum í Hálsasveit, en vafasamt, hvort það er rétt.

2) Eiríkur var prestur, dó sem aðstoðarprestur í Hofteigi í Stórubólu 1708. Kona hans Sigríður var dóttir séra Eiríks Þorvarðssonar í Hofteigi og var hann 1. maður hennar. Son þeirra var Guðmundur prestur á Refstað († 1781), er átti Ragnhildi Hákonardóttur sýslumanns Hannessonar (sjá Rangárþing).

3) Fyrsta kona Þórarins var Guðrún Þórðardóttir á Steindórsstöðum Brynjólfssonar, systir séra Brynjólfs, er fyrst var aðstoðarprestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, en síðar lögréttumaður.

4) Dóttir séra Guðmundar Árnasonar og Solveigar var ennfremur:

b. Guðný átti séra Brynjólf Guðmundsson á Kálfafellsstað og mörg börn.

5) Hinrik var son séra Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla.

6) Árni var stúdent, og einn vetur konrektor í Skálholti, dó þar 19. okt. 1753, ókv., bl.

7) Solveig var s. k. Björns.

aa. Björn stúdent<sup>1</sup>).

bb. Þuríður<sup>2</sup>).

e. Ingibjörg etc.

Bjarni gerðist fyrst ráðsmaður í Skálholti, svo lög-réttumaður, giptist 1649 og bjó á Búlandi eptir föður sinn<sup>3</sup>). En þá vesturpartur Skaptafellssýslu varð laus fékk hann 1681<sup>4</sup>) veiting fyrir honum og sór þá sinn embættiseið fyrir fógetans umboðsmanni Lárusi Gottrup á alþingi sama ár.

1689 komst hann í málavastur og var 1690 dæmdur frá sýslumannsembætti. Þar eptir lifði hann embættislaus til þess hann deyði 1699. Bjarni var karlmenni að vexti og kröptum, nokkuð undarlegur í háttum sínum, en haldinn litill lagamaður.

### Ólafur Einarsson.

*Faðir:* Einar sýslumaður Þorsteinsson (sjá áður).

1) Björn stúdent í Bøðvarsdal andaðist 29. janúar 1794, átti Guðrúnu Skaptadóttur prests á Hofi í Vopnafirði Árnasonar, p. b.:  
 a. Guðný átti Hannes Magnússon í Bøðvarsdal og börn.  
 b. Solveig átti Stefán Ólafsson á Torfastöðum í Vopnafirði og börn.  
 c. Guðrún dó á Brekku í Fljótsdal hjá Ólafi lækni Brynjólfssyni.

2) Þuríður átti Sigurð Hallsson í Njarðvík Einarssonar, þeirra son:

a. Björn á Ketilsstöðum í Jökulsárhlið faðir Stefáns sýslumanns í Árnessýslu (sjá þar).

3) Bjarni var 6 ár (1658—1664) ráðsmaður í Skálholti hjá Brynjólfi biskupi og bjó þá fyrst í Fjalli á Skeiðum, en síðar í Oddgeirshólum, en 1665 flutti hann búferlum að Þorlákshöfn, og varð síðan eitt ár (1671—1672) Skálholtsráðsmaður aptur, komst þá í óvingan við eptirmann sinn, Halldór Jónsson ráðsman, og jafnframt við Brynjólf biskup, en þeir höfðu áður lengi verið góðkunningjar og haft mörg skipti saman. Kom svo, að Bjarni var dæmdur frá ábúð á Þorlákshöfn í fardögum 1674 með dómi Sigurðar lögmanns Jónssonar 4. maí s. á. í Bakkarholti í Olfusi, og mun Bjarni þá hafa flutt aptur austur (að Búlandi). Ekki samdi Bjarna rétt vel við tengdaföður sinn, Bjarna Oddsson á Bustarfelli, enda voru báðir stórbrotnir og Bjarni Oddsson fremur óreiðumaður í fjármálum.

4) Aðrir segja 1682.

*Móðir:* Auðbjörg Filippusdóttir (sjá áður).  
*Kona:* Steinvör, dó 1716, dóttir séra Sveins á Barði, bl. (Er mælt, að Ólafur hafi látið hana illa).

*Launbörn* Ólafs sýslumanns voru:

A. Jón, dó 1707, átti Sesselju, sem dó 1736, dóttur séra Páls seinast í Goðdölum, dó 1736, 80 ára, Sveinssonar; börn:

1. Ásdís (eða Aldis) átti Gunnar lögréttumann í Dyrhólum<sup>1)</sup>, bróður Valgerðar, sem Jón Jónsson átti við barnið Mensalder Raben<sup>2)</sup>.
2. Þórunn átti Sigurð sýslumann Stefáns-son (sjá áður).

Síðar átti Sesselja Jón Jónsson í Papey.

B. Bergljót<sup>3)</sup>.

Ólafur Einarsson var orðinn lögréttumaður árið 1680, en tók (hálf t að eg meina) Þykkvabæjarklaustur eptir Sigurð Hákonarson. 1690 þá Bjarni var frá dæmdur var Ólafur settur sýslumaður í vesturhluta Skaptafellssýslu, en fékk þar fyrir kongsveiting 10. febrúar 1691, en kongsstaðfestingu 19.<sup>4)</sup> maí 1702 og hélt síðan sýslunni og klaustrinu til 1717<sup>5)</sup>.

1) Börn Gunnars Jónssonar í Dyrhólum og Ásdísar:

- a. Filippus í Dyrhólahjáleigu átti Guðrúnu Jónsdóttur á Hvoli Jónssonar, p. b.: Hjalti, Steinunn, Ásdís.
- b. Páll átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Kerlingardal Jónssonar, bl.
- c. Jón lögréttumaður átti Ólöfu Porkelsdóttur.

2) Hann bjó í Papey og var kallaður Mensalder auðgi.

3) Bergljót dó í stórubólu.

4) Sumir telja 10. maí.

5) Í bréfi (frá Jóni Jónssyni) til séra Eyjólfssonar lærða á Völlum 7. des. 1711 (Hólaskólaskjöl í Lskjs.) kveðst bréftitarinn hafa heyrt, að Ólafur Einarsson hafi átt að vera settur frá sýslupartinum fyrir útiveru frá landspinginu (alpingi) í 3 ár, en Páll Oddsson settur þangað aptur. Þessi Páll getur naumast annar verið, en Páll son Odds prests Eyjólfssonar yngra í Vestmannaeyjum († 1732). Hann var fæddur um 1683, lærði í Skálholtsskóla og mun hafa verið útskrifaður þaðan 1703. Hann sigldi síðar, en mun hafa andazt á Óslandi 10. okt. 1718.

1714 þá Ólafur var 74 ára tók hann fyrir sinn umboðsmann með kongsleyfi Bjarna Nikulásson, sem þá fékk vonarbréf fyrir sýslunni og klaustrinu eptir Ólaf.

Ólafur sýslumaður lézt með hægu andláti að heimili sínu degi fyrir Maríumessu á langaföstu árið 1717<sup>1)</sup> þá hann hafði 7 vetur hins áttunda tugar. Varð fljótt um hans viðskilnað. Var hann þá í skuld eptir sýsluna og klaustrið 550 rd. specie. Höfðu Ólafi gengið embættisverk sín til hlítar og höfðu þeir Ísleifur bróðir hans sameiginleg straumbrot fyrir embættisverkum og sýsluafgjaldi, meðan þeir lifðu báðir.

Lýður sýslumaður ritar svo Magnúsi sýslumanni Ketilssyni 1802:

»Ísleifur og Ólafur Einarssynir bræður voru hér í einu yfir allri sýslunni conjunctim, þá Sigurður Stefáns-son og Bjarni Nikulásson í sama máta, þeir forlíkuðust ekki, sat Sigurður í austur- en Bjarni í vesturparti sýslunnar, vildi Bjarni ei gera hinum jöfnuð í mismun sýslupartanna um inntekt, en afgiptin var jöfn. Vann Sigurður það á með ansögningu að kongleg resolution ályktaði, að 10 rd. skyldu betalast meira af Vestur-Skaptafellssýslu en þeirri eystri og skyldi framvegis vera aðskildar og við það stendur enn«.

### Bjarni Nikulásson.

*Faðir:* Nikulás Bjarnason Nikulássonar<sup>2)</sup> Mikaelssonar norðlenzks.

---

Sé það rétt, að hann hafi um hríð verið settur fyrir vesturhluta Skaptafellssýslu 1711, hefur hann eflaust gegnt því embætti skamma stund.

1) Hann hefur þá andazt 24. marz. Í æfisögu Bjarna sýslumanns Nikulássonar segir, að Ólafur sýslumaður hafi andazt skyndilega, eptir að hann hafði drukkið mjólk úr aski. Jón sonur hans var orðinn lögsagnari hjá honum, áður en hann andaðist.

2) Nikulás þessi gæti verið son Mikaelss prests Bergssonar í Gardi í Kelduhverfi, er lifði fram yfir 1600 og var þá gamall. Kálfur Gunnarsson faðir Geirlaugar móður Bjarna sýslumanns bjó í Stóradal undir Eyjafjöllum fyrir og eptir 1670. Nikulás faðir Bjarna sýslumanns dó 1690, 38 ára. Hann er eflaust sá Nikulás Bjarnason, sem er vottur í Ytri-Skógum 14. nóv. 1674



*Móðir:* Geirlaug Kálfsdóttir Gunnarssonar Steinmóðssonar<sup>1)</sup>.

*Kona fyrsta:* Helga giptist 1707, deyði sama ár eptir 15 vikna hjónaband<sup>2)</sup>, barnlaus. Hún var dóttir séra Vigfúsar í Felli prests til Sólheima og Dyrhóla, hann var son Ísleifs á Höfðabrekku Magnússonar Eiríkssonar í Eyvindarmúla Eyjólfssonar í Dal, sem átti Helgu dóttur Jóns biskups Arasonar.

*Kona önnur:* Petrónella (fædd 1683, gipt 1708, dó 1722<sup>3)</sup>, 39 ára), dóttir Jóns, sem hafði Tungujarðauboð næst eptir Martein Rögnvaldsson. (Þessi Jón var Fabíansson og var utanlands í sænska stríðinu. Fabían var son séra Jóns Hakasonar í Meðallandi<sup>4)</sup>).

*Börn:* A. Jón eldri var um hrið hjá Páli lögmanni Vidalin, fór svo utan, lærði snikkaverk, var 5 ár í Altona, svo þrjú ár í Kaupmannahöfn, fékk gott orð.

B. Helga<sup>5)</sup> átti séra Odd í Keldnaþingum Þórðarson prests í Villingaholti, þeirra barn:

1. Helga átti séra Magnús Einarsson seinast á Kvennabrekku; þeirra barn:

a. Hallgerður fyrri kona Jóns prófests í Hvammi í Hvammssveit<sup>6)</sup>

---

(Brb. Br. biskups A. M. 281 fol. bl. 190b). Kona Bjarna Nikulás-sonar, afa Bjarna sýslumanns, er í æfisögu hans talin Gróa Eyjólfsdóttir Crumbeckssonar hins enska, er bjó á Lambatelli undir Eyjafjöllum.

1) Geirlaug dó 1685 milli þritugs og fertugs. Móðir hennar, en kona Kálfs, var Helga Högnadóttir frá Teigi Bjarnasonar.

2) Helga dó 15. september.

3) Petrónella dó 25. marz.

4) Séra Jón Hakason var prófastur á Kállafelli. Hann var norðlenzkur, son Haka prests Jónssonar á Upsum († c. 1586).

5) Helga Bjarnadóttir dó í Deild í Fljótshlíð 30. janúar 1793 á 84. aldursári. Séra Oddur maður hennar fyrirför sér í Merkjár- (tremur en í Bleiksár)gljúftri 1768, bjuggu í Hlíðarendakoti.

6) Börn séra Magnúsar og Helgu eru talin II, 386—390.

- C. Gróa komst að Hlíðarenda til uppfósturs<sup>1</sup>).
- D. Geirlaug uppfædd í Odda hjá Ólafi biskupi<sup>2</sup>).
- E. Jón yngri, fór utan, var 5 ár í Kaupmanna-  
höfn, þaðan fór hann til Noregs og giptist  
þar skipskapteinsdóttur, að nafni Önnu.
- F. Nikulás drukknaði í Vestmannaeyjum.
- G. Jón yngsti giptist Guðrúnu dóttur séra Magn-  
úsar Oddssonar, bjuggu á Miðskála undir  
Eyjafjöllum.
- H. J. K. deyðu ungbörn<sup>3</sup>).

*Kona þriðja:* Sigríður (fædd 1694, giptist 1724) dóttir  
Böðvars umboðshaldara Skógaeignanna eystra  
Erlendssonar; börn:

- L. Sigurður.
- M. Páll.
- N. Guðríður dóu ungbörn.
- O. Petrónella átti Þórð Erlendsson á Dyrhólum  
Jónssonar; börn:
  1. Magnús assistent í Vestmannaeyjum.
  2. Erlendur.
  3. Sigríður.
  4. Jón.
  5. Páll.
  6. Vilborg.
  7. Sigurður.
- P. Þorsteinn gerðist lögsagnari föður síns 1751  
fékk þá vonarbréf fyrir sýslupartinum<sup>4</sup>).

---

Enn var son séra Odds og Helgu:

2. Halldór átti Ingveldi Teitsdóttur á Sandhóla-  
ferju Gottskálkssonar prests á Keldum Þórðar-  
sonar, þeirra synir: Tæitur í Moldartungu og  
Jón, er átti Kristínu Jónsdóttur á Þorleifsstöð-  
um Sigurðssonar.

1) Gróa átti 4 börn með Einari Eirikssyni lögréttumanns  
Jónssonar.

2) Geirlaug átti Jóhann Jónsson og 7 börn.

3) Þessi börn hétu: Sigurður, Sigmundur og Páll.

4) Sbr. kgs.úrskurð 10. maí 1751.

Hann dæmdi eptir máldaga um fjöru, en móti hefðarbrúkun. Sá dómur gekk til baka á alþingi fyrir báðum réttum og var Þorsteinn frádæmdur dómaraverkum framvegis. Það var 1754. Kona Þorsteins var Vilborg dóttir Erlends á Dyrhólum Jónssonar, en systir Þórðar, sem átti Petrónellu. Þorsteinn dróst upp í gulusótt og andaðist nálægt 1760<sup>1)</sup>.

Q. Sigurður<sup>2)</sup> átti Oddnýju dóttur Jóns í Selkoti og Vigdísar; börn:

1. Vigdís kona séra Daníels Jónssonar í Miðdalalþingum. Hún deyði barnlaus 1830.
2. Katrín<sup>3)</sup> gipt Birni Þorvaldssyni frá Klofa, þ. b.:
  - a. Magnús.
  - b. Anna.
3. Kristín átti Jón Vernharðsson á Hrútafelli, bl.<sup>4)</sup>
4. Sigríður<sup>5)</sup>. Hennar son Sigurður á Raufarfelli.
5. Ingibjörg,
6. Bjarni á Raufarfelli fyrsti maður Elínar Sverrisdóttur; þ. b.:

---

1) S. k. Þorsteins var Arndís Sigurðardóttir frá Hraungerði í Alptaveri Jónssonar prests Sigmundssonar.

2) Sigurður bjó á Hrútafelli.

3) Katrín kona Björns á Bergþórshvoli var ekki dóttir Sigurðar, heldur sonardóttir hans, dóttir Magnúsar á Leirum. Börn Björns og Katrínar: Þorvaldur á Þorvaldseyri (Núpakoti), Magnús á Ljótastöðum og Ingileif, er átti Sigurð Halldórsson í Skarðshlíð. S. m. Katrínar Jón Jakobsson frá Brekkum í Mýrdal Þorsteinssonar.

4) Jón var s. m. Kristínar. F. m. hennar Þorvarður Arnason á Hrútafelli.

5) Sigríður átti Pétur á Raufarfelli Arnason Ísleikssonar. Sigurður son þeirra bjó í Pétursey.

- a. Sigurður í Sólheimahjáleigu átti dóttur Sveins Alexanderssonar<sup>1)</sup>.
7. Magnús hreppstjóri á Leirum undir Eyjafjöllum, gáfumaður í sínu standi, giptur átti fyrir Katrínu Jónsdóttur<sup>2)</sup>, svo Önnu. Hans börn voru 9.
8. Jakob í Klömbrum undir Eyjafjöllum faðir Sigurðar snikkara á Ingjaldshóli etc.<sup>3)</sup>

1) Hún hét Hallbera.

2) Hún var dóttir Jóns Þórissonar í Steinum og Hallnýjar Pétursdóttur, systur Brynjólts læknis, þau bl. S. k. Magnúsar Anna Magnúsdóttir frá Núpakoti Einarssonar á Leirum Oddssonar, þ. b.:

- a. Daniel kvæntist í Vestmannaeyjum.
- b. Ólafur prestur í Einholti († 1. júlí 1862) átti Guðnýju Jónsdóttur prests Austmanns í Vestmannaeyjum.
- c. Katrín átti fyrir Björn Þorvaldsson, síðar Jón Jakobsson (sjá áður).
- d. Sigurður druknaði bl.
- e. Magnús á Leirum.
- f. Bjarni koparsmiður utanlands.
- g. Ingibjörg.
- h. Sigríður átti séra Ólaf Þorvaldsson á Hjaltastöðum í Skagafirði, þ. b.: Daniel faðir dr. Ólats Dans kennara við kennarskólann, Vigdís kona Magnúsar Árnasonar snikkara í Rvík og Jón Sigurður læknir í Skaptafellssýslu f. m. Sigríðar Jónsdóttur frá Vík, er síðar átti Sigurð sýslumann Ólafsson.

3) Jakob í Klömbrum átti Vigdísu Brandsdóttur á Rauðafelli Árnasonar, þ. b.:

- a. Sigurður snikkari á Ingjaldshóli átti Dagbjörtu Þorsteinsdóttur, systur Árna sýslumanns í Krossnesi.
- b. Jón smiður, bjó í Holtum í Hornafirði, átti Guðrúnu dóttur séra Bergs Jónssonar gamla á Prestbakka.
- c. Jón yngri í Klömbrum átti Þorbjörgu Stefánsdóttur stúdents í Selkoti Ólafssonar.
- d. Brandur á Bakka í Garðahverfi átti Karítas Pálsdóttur klausturhaldara á Elliðavatni Jónssonar (bls. 180—181).
- e. Oddný átti Magnús Ólafsson á Grund undir Eyjafjöllum.
- f. Ingibjörg, dó 27 ára á Borgarfelli í Skaptártungu, rétt fyrir giptingu.
- g. Puriður.

9. Sigurður<sup>1</sup>).
  10. Ólafur<sup>2</sup>).
  11. Elín átti Guðmund Jónsson í Drangshlíð<sup>3</sup>).
  12. Daniel<sup>2</sup>) og 4 önnur.
- R. Helga átti Jón Jónsson í Norðtungu<sup>4</sup>); börn:
1. Bjarni dimissus úr Reykjavíkurskóla giptist, en deyði barnlaus, hafði testamenterað konu sinni eigur þeirra, gekk því Norðtungu úr hans ættlegg<sup>5</sup>).
- S. Guðriður átti fyr Þorstein Steingrímsson í Kerlingardal (hann dó 1794); börn:
1. Bjarni riddari og Vesturlandsamtmaður á Þórunni dóttur Hannesar biskups og börn<sup>6</sup>).
  2. Stefán deyði við lærdómsæfing.
  3. Sigríður uppólst hjá Pálma Steingrímsyni<sup>7</sup>).
  4. Sigríður önnur tvígípt<sup>8</sup>).

1) Sigurður bjó á Rauðafelli, átti Gunnvöru Bjarnadóttur Ögmundssonar, bl.

2) Um þessi systkin: Ólaf, Elinu og Daniel, mun eitthvað bogið, og blandað málum við börn Magnúsar á Leirum.

3) Þetta er rangt og á að falla burtu. Kona Guðmundar Jónssonar í Drangshlíð, bróður séra Kjartans í Skógum, var Elín Kjartansdóttir Björnssonar og voru þau hjón bræðrabörn. Sigurður á Hrutafelli og Oddný áttu enga Elinu, en Þuríður hét ein dóttir þeirra, sem Bogi getur ekki.

4) Jón í Norðtungu var son Jóns prests Jónssonar á Gilsbakka († 1771).

5) Bjarni stúdent í Norðtungu átti Oddnýju Brandsdóttur.

6) Börn Bjarna amtmanns og Þórunnar: Finnur Vilhelm exam. jur. († 1853), Árni landfógeti (III, 246—247) og Steingrímur rektor († 21. ágúst 1913).

7) Sigríður átti fyr Magnús Ólafsson á Herjólfstöðum, p. b.: Bjarni faðir Hjartar á Herjólfstöðum, Þorsteinn, Helga, Guðriður, Ólafur. S. m. Sigríðar Árni Jónsson, bl.

8) Sigríður (yngri) átti Sigurð Sigurðsson á Skíðastöðum í Tungusveit, bl.

5. Elin.

6. Helga einnig giptar<sup>1</sup>) (duglegt bændafólk), (Launson Þorsteins ektamanns Guðríðar var Þorsteinn<sup>2</sup>). Guðríður giptist seinna Þorsteini Eyjólfssyni í Vatnsskarðshólum þau bl.).

1681 er Bjarni Nikulásson borinn, ólst hann fyrst upp í foreldrahúsum. Fjögra vetra misti hann móður sína, en 9 vetra þá faðir hans dó. Var allt hans arfafé 29 hundruð, hvar af misstust 12 hundruð hjá örvasa afa hans. Páll yngsti Ámundason á Sólheimum tók þá Bjarna fyrir smaladrengr. Lærði hann nokkuð að lesa, en ekkert að skrifa. Var hann þannig sem vinnumaður hjá Páli og ekkju hans Guðrúnu Hákonardóttur til þess hann var 26 ára, þá hún biðlaði hans vegna til Helgu dóttur séra Vigfúsar Ísleifssonar, giptust þau 1707; sama ár dó hún í stórubólu; var og Bjarni þá nærri að bana kominn í 8

---

1) Helga átti Árna Klemensson frá Kerlingardal Hallgrímssonar, p. b.: Stefán í Kerlingardal, Þorsteinn s. st., Pálmi á Flankastöðum í Garði, Árni, Jón, Sigríður, Guðríður og Ingveldur, er átti Andrés Andrésón í Kerlingardal.

Enn var son Þorsteins Steingrímssonar og Guðríðar:

7. Einar í Kerlingardal átti fyrst Sigríði Guðmundsdóttur frá Efri-Steinsmýri Erlendssonar, p. b.: Guðríður, var ávallt hjá Bjarna amtmanni föðurbróður sínum, Elin átti Jón Jónsson í Hraunbæ, Einar í Reynishólum átti Ingibjörgu Sveinsdóttur lækni Pálssonar, Steinunn f. k. séra Björns Jónssonar í Stóradal (þau skildu) og Sigurveig, er fyr átti Jón Jónsson á Steinum, en síðar Einar Ísleifsson á Seljalandi. Miðkona Einars í Kerlingardal var Valgerður Einarsdóttir frá Skammadal Jónssonar, p. b.: Þorsteinn í Reynisdal og Stefán faðir Jóns skósmíðs í Rvík. Síðasta kona Einars Snjófríður Einarsdóttir, systir Valgerðar miðkonu hans, p. b.: Einar og Margrét.

2) Sá Þorsteinn (hálfbróðir Bjarna amtmanns) var faðir Þorsteins jarðyrkjumanns, er lengi bjó í Úthlíð í Biskupstungum, en síðast í Víðinesi, og voru meðal barna hans: Jón Kollín í Úthlíð faðir Þorsteins í Eyvindartungu og Árni prestur á Kálfatjörn (samfedra við Jón Kollín).

vikna legu í sömu bólu. Áðurnefndur séra Vigfús útveg-  
aði honum fyrir konu Petrónellu og giptust þau 1708, gaf  
séra Vigfús honum þá 12 hundruð og fór Bjarni að búa  
á Ytri-Sólheimum; þar bjó hann 4 ár, þá flutti hann að  
Skammadal og bjó þar 6 ár, svo á Hvoli 4 ár. 1710  
gerðist hann lögréttumaður. En 1714 fékk hann hálf  
Þykkvabæjarklaustur og fyrirheit fyrir hinum partinum;  
þá gerðist hann og lögsagnari Ólafs sýslumanns með von um  
sýsluna eptir hann (rentukammerbréf 26. júní 1714 segir, að  
konungur hafi 24. marz resolverað, að Bjarni Nikulás-  
son skuli vera adjungeraður og eventualiter succederandi sýslu-  
maður í hálfri Skaptafellssýslu eptir Ólaf Einarsson og hafa  
hálf Þykkvabæjarklaustur til forléningar. Konglegt vonarbréf  
til Bjarna fyrir þessu hvorttveggja dagsett 31. júlí 1714).

1717 tók hann Skaptárþings vesturpart, en yfirlét Jóni  
Ísleifssyni þann part klaustursins, sem Ólafur sýslumaður  
hafði haft.

1719 kærði Jón sýslumaður Ísleifsson til Bjarna fyrir  
skilmálarof um sýsluafgjald, er Bjarni ei við kannaðist;  
komst það til alþingis og dæmdi Vídalín eptir sam-  
nings-afskriptinni, að amtmaður skyldi gera miðlun á  
þeim reikningi. En Oddur lögmaður dæmdi kopiuna  
maktarlausu, þar Jón hefði ekki originalinn, sem Bjarni  
kvaðst aldrei séð hafa né til vita. Stefndi því Bjarni Vída-  
lín fyrir óendilegan dóm; var Vídalín sektaður um 6 rd.  
og Jón Ísleifsson 10 hundruð til Bjarna og aptur seinna  
fyrir illyrði við Bjarna 19 hundruð með sætt á alþingi.

Þetta ár (1719) gengu 94 stefnur í vesturparti Skapta-  
fellssýslu til hverra Bjarni átti á einhvern hátt að svara,  
19 af þeim voru til alþingis. Var þá mjög róstudamt.

1722 flutti Bjarni sig að Þykkvabæjarklaustri og sama  
ár deyði kona hans Petrónella.

1724 giptist Bjarni sinni fyrnefndu þriðju konu Sig-  
riði og þar eptir hófst (deila) um dulsmál Jóns Vigfús-  
sonar og Helgu Skúladóttur. Var Jón Ísleifsson skipaður  
Helgu talsmaður. Eitt þingsvitnið vantaði, sem skyldi  
fram koma fyrir yfirrétti og forsómað var að taka í hér-  
aði. Jón framlagði þá annað skriflegt þingsvitni undir  
nafni Bjarna, er þá var fráverandi, kom misgrunur um

það. Jón Þorsteinsson heim kominn af alþingi spurði bændur í Kleifapingsókn, hvort Bjarni hefði þar upp tekið þingsvitnið; þeir neituðu því. Reið þá Jón með þetta svar til Bessastaða. Nú kom málið enn fyrir á alþingi 1725 og vann þá Jón Hjaltalín, sem sökina færði, eið, að hann væri þess ei valdur, ef falskt væri og Jón Ísleifsson hefði sér það fengið.

1726 setti amtmaður Jón Ísleifsson frá sýslunni vegna þingsvitnismálsins, en setti Jón Þorsteinsson klausturhaldara fyrir sýsluna. 1727 á alþingi var enn stappað um þingsvitnismálið; var stefnt Jóni sýslumanni Ísleifssyni, Jóni Hjaltalín og Jóni sýslumanni Þorsteinsyni til andsvara við Bjarna sýslumann Nikulásson. Vildi Bjarni synja fyrir með eiði, en sá maður, er Steingrímur hét, sór sig skrifað hafa og kvað Bjarna hafa þess beðið sig. Voru þar margir menn viðriðnir og málinu skotið til næsta alþingis. 1728 kom enn þingsvitnismálið fyrir á alþingi og var mjög óhreint; dæmdi Benedikt lögmaður þá báða, Jón Ísleifsson og Bjarna Nikulásson, frá sýslu. Var Jón Sigurðsson settur í stað Bjarna. Skaut Bjarni sínu máli til hæstaréttar og sótti um friprócess kostnað, einnig að fá prócessinn skrifaðan, hvað honum eptir kongs skipan var eptir látið. Dróst þetta svo fyrst nokkur ár, til þess talsmaður Bjarna gerði honum orð, að stefnan kæmi með Hofsósskipi 1735. Fór Bjarni eptir alþing norður í Hofsó, vissi kaupmaður þá ekkert um stefnuna. Tók Bjarni sér þá far með Vestmannaeyjaskipi, en skildi eptir konu sína á Bolhraunum, hvar þau þá bjuggu með 13 ómögum, hafði hún og hönd yfir klaustrinu, Reynisumboði og  $3\frac{1}{2}$  skipi til sjóar, meðan Bjarni fór utan. Komst Bjarni eptir erfiða ferð til Kaupinhafnar og fékk af sínum talsmanni að stefna strax mótparts talsmanninum. Kom svo málið fyrir hæstarétt um veturinn. Átti að vísa því aptur til Íslands. En fyrir Bjarna supplicatiu tillét kongur, að málið væri dæmt (14. maí 1736). Var Bjarni í þeim dómi frifundinn og honum tildæmt sitt embætti, virðing og embættislaun.

1736 kom Bjarni út fyrir alþing og var eptir kongs skipun aptur settur til síns embættis í Skaptarþingi af



amtmanni Lafrenz. En ei gat hann fengið sýslugjalds ábatann.

1750 frásagði Bjarni sér hálf Þykkvabæjarklaustur, sem hann hafði haldið frá 1714. Það tók þá Jón Brynjólfsson vegna Páls Halldórssonar, eða réttara Brynjólfur sýslumaður Sigurðsson. Út af álagi þess, 33 hundruðum, varð enn margbrotið mál, í hverju Sigurður sýslumaður Stefánsson dæmdi og gekk svo rétt frá rétti. Þá Bjarni fékk hálf Þykkvabæjarklaustur 1714 hafði Erlendur Gunnarsson hinn helming þess, svo Jón Jónsson í Papey, svo Böðvar Vestmannaeyjasýslumaður Jónsson. Hann frásagði sér og sínum parti þá Bjarni slepti 1750; tók þá Jón Brynjólfsson hans part, en Brynjólfur sýslumaður Sigurðsson sló sér fyrir part þann, sem Bjarni slepti. 1756 slepti Bjarni sýslupartinum, því hann var þá þrotinn að heilsu á 75. ári<sup>1</sup>).

1764 deyði Bjarni, þá hann hafði 3 vetur hins niunda tugar (83 ára). Hafði hann haft sýsluvöld 42 ár, klaustur 36 ár og önnur smærri umboð, optast átt í málaferlum og verið í þeim vonum frammar heppinn, þar hann var þar þá aga- og óróasömustu tíð, svo fógæti Skúli stökk þaðan ófriðar vegna, er þó engin bleyða var haldin.

Bjarni sýslumaður var formaður frá tvítugsaldri til 55 ára (frá 1701 til 1735) í 34 ár og jafnan með beztu hlutarmönnum. Hann var og búhöldur mikill, smiður góður, einkum á járn og kopar.

Bjarni sýslumaður bjó fyrst á Sólheimum 4 ár, svo í Skammadal 8 ár, á Hvoli 4 ár, á Þykkvabæjarklaustri 11 ár, á Ketilsstöðum 9 ár, á Bolhraunum 9 ár, á Ytri-Sólheimum 10 ár, á Bæjarstað 7 (2?) ár (er 57 ár) og var jafnan öðrum veitandi.

Bjarni hófst til mannvirðinga af sjálfs síns iðni og ástundun og hefur vel lært prócessamáta þeirrar aldar. Sýnist sem hann hafi verið málafylgismaður, keppinn og ófyrirlátssamur. Hann var stuttleitur, lágur vexti og gildur, en ekki ófyrirmannlegur<sup>2</sup>).

1) Hann fékk algerlega lausn 8. marz 1757 með 15 rd. eptirlaunum.

2) Í safni Jóns Sigurðssonar 336 svo í Lbs. er æfisaga Bjarna

### Jón Sigurðsson.

Sjá um hann við Múlaþing og hér á undan. 1728 var Jón settur fyrir vesturpart sýslunnar, þá Bjarni var frá dæmdur, til 1731, að hann var settur í austurpartinum.

### Jón Þorsteinsson.

Sjá um hann hér áður. Hann var fyr settur í austurparti sýslunnar 1726—1731, svo í vesturparti sömu sýslu 1731—1734. Var haldið, að hann hefði setið eptir að fá þann part að veiting, þar fáum kom í hug, að Bjarni Nikulásson, sem sekur var haldinn, mundi vinna mál sitt fyrir hæstarétti.

### Skúli Magnússon.

(Sjá um hann hér áður). Þá Jón Þorsteinsson hafði ekkert goldið eptir sýslupartinn í 4 ár var hann af honum tekinn 1735 og fenginn Skúla, er þá hafði veiting fyrir austurpartinum. Ætluðu flestir, að Bjarni mundi ekki fá uppreisn, og ætlaði Skúli sér þá alla sýsluna, en þá Bjarni kom út 1736 og hafði fengið sitt sýsluembætti aptur, brá Skúli til utanferðar (sjá áður<sup>1</sup>).

### Lýður Guðmundsson.

*Faðir:* Guðmundur<sup>2</sup>) son Lýðs prests, sem fékk Barða-

---

sýslumanns, rituð af honum sjálfum, og hefur hún verið í eign Bjarna amtmanns dóttursonar hans. Það er auðséð, að Bogi hefur haft þessa æfisögu undir höndum og notað hana við samning æfiágríps Bjarna sýslumanns, ef til vill fengið hana að láni hjá Bjarna amtmanni, er hann var á Stapa. Afskript af æfisögu þessari er og í Lbs. með hendi Páls stúdents Pálssonar.

1) Í einu handriti (J. S. 64 fol.) er talið, að *Oddur Magnússon* landþingskrifari (sbr. I, 410—411) hafi verið settur sýslumaður í vesturhluta Skaptafellssýslu 1737, en önnur rök fyrir því eru mér ókunn, og að minnsta kosti hefur hann aldrei farið þangað, enda andaðist hann litlu síðar (10. janúar 1738).

2) Guðmundur Lýðsson gekk í Skálholtsskóla og mun hafa útskrifast um 1720. Hann bjó síðar á Hvoli og Stóra-Holti í Saurbæ og var lögréttumaður í Dalasýslu. Hann andaðist 1759 á Stað á Reykjanesi.

strandarþing 1698<sup>1)</sup>, missti þau fyrir barneign 1694, fékk Skarðsþing á Skarðströnd 1702 fyrir tillögur Bjarna á Skarði, hvar hann var til heimilis um hrið. Áður Lýður vígðist til prests, átti hann launbörn með Sigríði Daðadóttur, tvíbura, sem deyðu ung, fékk svo uppreisn og Barðastrandarþing (sjá Rangárþing). Frá Skarði flutti séra Lýður til Sigríðar Þorsteinsdóttur á Hvalgröfum og gerðist hennar ráðsmaður, giptist ekki, en þjónaði Skarðsþingum 44 ár, til þess hann deyði 1746, 87 ára gamall. Faðir séra Lýðs var Magnús lögréttumaður Kortsson í Árbæ, en móðir Þuríður dóttir Magnúsar Þorsteinssonar, sem hélt hálfu Þykkvabæjarklaustur og um hrið Vestur-Skaptafellssýslu (sjá áður).

*Móðir* Lýðs sýslumanns var Sigríður Loptsdóttir Jónssonar Finnssonar í Flatey.

*Kona:* Margrét Eyjólfsdóttir frá Eyvindarmúla Guðmundssonar (Jónssonar) Eyjólfssonar Eiríkssonar. Margrét dó 1784.

*Dætur:* A. Hildur átti séra Illhuga Hannesson, börn:  
 1. Margrét átti Magnús Magnússon á Lambastöðum<sup>2)</sup>, þ. b.:  
 a. Magnús<sup>3)</sup>.  
 b. Illhugi<sup>4)</sup>.

1) Misritað fyrir 1689 (réttara 1690).

2) Margrét var s. k. Magnúsar, en faðir hans var Magnús í Miðdal í Mosfellssveit Pálsson s. st. Gíslasonar hreppstjóra s. st. Daðasonar á Stóruvöllum Jónssonar prests í Steinsholti Gunnlaugssonar. En bróðir Magnúsar í Miðdal var Gísli Pálsson í Kálfakoti faðir Margrétar, er átti Steingrím Illhugason í Ráðagerði á Seltjarnarnesi, og var son þeirra Tómas Klog (sbr. bls. 520). Hefur ættfærsla þessi ekki verið áður kunn.

3) Magnús bjó í Þorgrímsholti við Rvík, átti Guðrúnu Sigurðardóttur.

4) Illhugi á Stóraseli við Rvík átti Sigríði Sigurðardóttur,

- c. Pétur<sup>1</sup>).
- d. Guðmundur<sup>2</sup>).
- e. Þórarinn<sup>3</sup>).
- f. Lýður<sup>4</sup>).
- g. Sigurveig<sup>5</sup>).
- h. Soffía<sup>6</sup>).

2. Ólöf átti Jón Magnússon, þ. b.:

- a. Hannes.
- b. Helga<sup>7</sup>).
- c. Ólöf.
- d. Jón.

3. Guðrún.

B. Ástriður átti fyr séra Ásgrím Pálsson, börn:

þ. b.: Margrét, er giptist á Seltjarnarnesi, en skildi við mann sinn. Dóttir hennar með Þórarni Þórarinssyni á Helgastöðum við Rvík er Dórotea gipt Jóhannesi Magnússyni verzl.m. í Rvík.

1) Dóttir Péturs í Steinsholti var Málfriður, er átti Jakob Sveinsson snikkara; voru mjög skamma stund saman.

2) Guðmundur átti Sigríði Ingimundsdóttur í Brennu Þorbjörnssonar, þ. d.: Puriður f. k. Sigurðar Jónssonar fangavardar í Rvík.

3) Þórarinn dó bl.

4) Lýður í Litlabæ í Rvík átti Rannveigu Guðmundsdóttur. Börn hans: Magnús, Sigurður, Hildur, Ragnhildur.

5) Sigurveig átti Snæbjörn Benediktsen verzlunarmann, son Snæbjarnar prests í Vestmannaeyjum Björnssonar, þ. b.: Júlíus og Júlíana, er átti Ólaf Norðfjörð verzlunarstjóra í Keflavík.

6) Soffía átti Hermann Fischer kaupmann í Rvík.

7) Helga átti launbarn með Ólafi Guðmundssyni frá Hellisholtum, átti svo Ásmund í Gesthúsum í Hafnarfirði son Gests Lund smíðs Árnasonar lögréttumanns á Mýrarlóni Ásmundssonar í Kollugerði Gíslasonar á Hlöðum Jónssonar í Skipalóni Þórarinssonar, þ. b.: Jón timburmaður, Bjarni Lund í Hafnarfirði og Sigurður. Bróðir Ásmundar var Jón Gestsson faðir Jóhannesar Lund smíðs í Gullbringum föður Eyjólfss í Hvammi í Hvítársíðu föður Sæmundar búfræðings, Jóhanns alpm. í Sveinatungu og þeirra systkina. Annar bróðir Ásmundar Gestur Lund í Hafnarfirði faðir Sigríðar móður Guðrúnar Jósepsdóttur konu Jóns Brynjólfssonar kaupm. í Rvík.

1. Eyjólfur<sup>1</sup>).

Ástriður giptist seinna séra Halldóri Jóns-  
syni<sup>2</sup>).

C. Sigríður var 3. kona Gísla í Hörgsdal á  
Síðu<sup>3</sup>), börn:1. Ólafur<sup>4</sup>).2. Oddný<sup>5</sup>).

3. Margrét.

4. Ragnhildur.

## D. Helga átti séra Jón Grimsson á Húsafelli, þ. b.:

1) Eyjólfur bjó á Torfastöðum í Grafningi († 1838) átti Val-  
gerði Eyjólfsdóttur á Sólheimum Alexanderssonar, þ. b.:

- a. Asgrímur verzlunarmaður á Eyrarbakka. Son hans Andrés  
f. m. Málfríðar Þorleifsdóttur auðga á Háeyri Kolbeinssonar,  
er síðar átti Jón Sveinbjörnsson á Bildsfelli.
- b. Eygerður átti Einar Oddsson frá Þúfu í Ölfusi Björnssonar.
- c. Eyjólfur var um tíma á Syðribrú í Grimsnesi.
- d. Páll gullsmiður í Rvík átti Rósu Jóhannesdóttur, þ. d.: Asta  
Pálína gípt Eyjólf Þorkelssyni úrsmið í Rvík (bls. 179).
- e. Dómhildur átti Gísla Ketilsson á Skógtjörn, þ. b.: Ásgrímur,  
Eyjólfur, Sigurður, Dómhildur, Valgerður.
- f. Halldór dó ókv., bl.
- g. Einar, víða þekktur á Suðurlandi, var opt í ferðalagi.
- h. Valgerður átti Jón Jónsson á Reyni á Akranesi.
- i. Margrét átti Hannes Guðmundsson, er lengi var í Skógarkoti  
í Þingvallasveit.
- k. Guðríður dó ógípt, bl.
- l. Sigurlaug bjó með Ófeigi Vigfússyni í Nesjum í Grafningi.
- m. Ástriður átti fyr Einar Einarsson á Þórustöðum í Grimsnesi,  
en síðar Árna Guðmundsson s. st.

2) Ástriður var f. k. séra Halldórs á Mosfelli, bróður Stein-  
gríms biskups, þau bl.

3) Faðir Gísla var Jón Gíslason frá Hellum í Mýrdal And-  
rússonar Björnssonar.

4) Ólafur bjó á Ljótastöðum í Skaptártungu.

5) Réttara mun Ingveldur. Hún átti Jón Arason á Hrauni  
í Landbroti, þ. b.: Jón, Gísli, Gróa og Ingibjörg.

Son Gísla og Sigríðar var ennfremur:

5. Gísli á Fagurhólsmýri í Örafum. Dóttir Gísla  
í Hörgsdal er og talin Guðrún, er verið hafi  
á Eyrarbakka.

1. Margrét<sup>1)</sup>.

E. Gróa, (dó 1828), átti laundóttur með Jóni Magnússyni norðlenzkum<sup>2)</sup>:

1. Pórey.

F. Katrín.

G. Ingveldur<sup>3)</sup>.

Lýður sýslumaður var fæddur 1727<sup>4)</sup>, lagði sig eptir lærdómi innan- og utanlands, hafði liprar gáfur. Þá Bjarni frásagði sér sýslupartinn 1755, var Lýður þar settur sýslumaður í vesturpartinum. En 1756 fékk hann veiting konungs fyrir honnm. 1755 var honum að sönnu veitt Vestmannaeyjasýsla, en þar hann var fyr á sama ári settur í Skaptárþingi og sótti um það, fór hann ekki til Vestmannaeyja (sjá þar), hvar Brynjólfur hélt lögsögninni. Hélt því Lýður sýslumaður vesturhluta Skaptárþings í 46 ár og kom þar á mikilli reglu, svo órói þar rénaði stórum. Hann frábað sér sýsluna árið 1800 og fékk hjá konungi umbeðna lausn í náð árið 1801 með árlegri pensíon. Hann bjó þar eptir embættislaus til þess hann deyði, hniginn að aldri<sup>5)</sup>. Lýður sýslumaður var maður friður sýnum líkt og forfeður hans, stillingarmaður í mörgu, friðsamur og góður lagamaður. Var hann talinn með ágætum og heldri sýslumönnum á sinni tíð.

Í allri sýslunni:

**Jón Guðmundsson.**

*Faðir:* Guðmundur prestur á Krossi, sem dó 1767, son

1) Margrét átti Jón í Narfakoti í Njarðvíkum Sæmundsson Klemenssonar Bjarnasonar Bergsteinssonar.

2) P. e. Jón Magnússon á Kirkjubæjarklaustri, ættaður úr Yxnadal, bróðir Helgu bústýru séra Jóns Þorlákssonar og móður séra Jóns Bægisárkálfs.

3) Ingveldur átti séra Guðmund Erlendsson á Klyppstað, bl. Björn er ennfremur talinn son Lýðs sýslumanns og mun hann hafa andazt ungur.

4) 1728 mun líklega réttara.

5) Lýður sýslumaður flutti vorið 1809 að Miðmörk til séra Halldórs tengdasonar síns og andaðist þar 7. desember 1812. Meðan hann var sýslumaður bjó hann í Vík í Mýrdal.

Jóns á Stóranúpi Magnússonar í Bræðratungu (sjá Þingeyjarþing).

*Móðir:* Guðrún yngri Halldórsdóttir prests Einarssonar, en systir séra Björns, sem var í Sauðlauksdal og seinast á Setbergi í Eyrarsveit.

*Kona:* Rannveig<sup>1)</sup> Guðmundsdóttir eldra Nikulásssonar sýslumanns Magnússonar (sjá Rangárþing).

*Börn:* A. Björn stúdent, bóndi í Fljótshlíð, fyrst prestur í Grimsey, svo í Glæsibæ<sup>2)</sup>.

B. C. D. 3 dætur<sup>3)</sup>.

Jón lærði innan- og utanlands (candidatis juris), var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 1798 til 1801. Þá fékk hann veiting fyrir vesturparti Skaptafellssýslu og flutti þangað. 1819 fékk Jón veiting fyrir Rangárvallasýslu, en entist ei til að njóta hennar, því hann deyði áður en veitingarbréfið komst til hans, 27. marz 1820, um sextugt. Í austurparti sýslunnar var og Jón settur sýslumaður eptir Berg 1812, og hélt hann þaðan af báða partana til þess hann deyði. Hann bjó í Efrivík í Skaptárþingi. Hann fékk kanselliráðsnafnbót. Mælt er, að hann hafi útbúið sýslubúa sína með sér að verja Jørgensen landráðamanni að komast austur yfir Jökulsá til Austurlands og fyrir það fengið nafnbótina. Jón var haldinn í mörgu ágætur maður.

---

Í Klausturpósti 1820 nr. 10 pag. 168 tjáist *J. N. Abel*, er tók Vestmannaeyjasýslu, hafa verið veitt Skaptafells-sýsla 1820<sup>4)</sup>.

1) Á að vera: Ragnhildur. Hún andaðist 19. febr. 1857, 79 ára.

2) Björn var síðast prestur á Reynivöllum († 20. júlí 1867) átti fyr Steinunni Einarisdóttur frá Kerlingardal Þorsteinssonar (sjá áður), þau skildu, bl., en síðar Helgu Pálsdóttur frá Laxamýri Bjarnasonar, þeirra son Jón, lengi í Sauðagerði við Rvík.

3) Þær hétu: B. Guðrún f. 15. júní 1808. C. Margrét f. 30. maí 1809, † 14. júní 1862, óg., bl. D. Anna f. 8. febr. 1813. Þær munu allar hafa dáið ógiptar. Jón sýslumaður og Ragnhildur áttu alls 9 börn, en þessi fjögur komust að eins nokkuð til aldurs.

4) Honum var veitt Vestur-Skaptafellssýsla 22. júní 1820 og þá settur fyrst um sinn í Austur-Skaptafellssýslu, en kom aldrei

## Einar Sæmundsson.

- Faðir:* Sæmundur prestur á Útskálum Einarsson spítalahaldara í Kaldaðarnesi.
- Móðir:* Guðrún Einaradóttir lögréttumanns Hafliðasonar prests Bergsveinssonar.
- Kona:* Kristjana Richdal (að faðerni frá Melby í Norgegi), dóttir skómakara Hans Wiingaard Richdal. Móðir Kristjönu var Hallfríður Björnsadóttir (systir Finnboga assistents í Reykjavík)<sup>1)</sup>, sem átti téða laundóttur með skómakara Richdal.
- Börn:* A. Hans Wiingaard<sup>2)</sup>.  
B. Hallfríður<sup>3)</sup>.  
C. Soffía Anna<sup>4)</sup>.  
D. Sigríður<sup>5)</sup>.

Einar var útlærður úr skóla og settur af stiptamti 6. apríl 1820 fyrir sýsluna, þá Jón sýslumaður Guðmundsson deyði, til þess Ulstrup sýslumaður við tók 1821. Einar gerðist síðan prestur á Þingvöllum, svo á Setbergi í Eyrarsveit<sup>6)</sup>.

til sýslunnar, og 5. maí 1821 var honum veitt Vestmannaeyjasýsla (sjá þar).

1) Þetta er ekki rétt. Hallfríður móðir Kristjönu var dóttir Jóns Runólfssonar í Dagverðarnesi í Skorradal og systir séra Ara Skordals á Stað í Aðalvík. Kristjana var fædd í Rvík 12. júlí 1802.

2) Hans Wingaard dó ókv., bl.

3) Hallfríður var f. k. Páls Einarssonar í Fagurey Pálssonar (sbr. bls. 151), þau skildu, þ. b.: Einar og Friðgeir.

4) Soffía dó 1852, 28 ára. Hún átti Odd Jónasson á Spjör í Eyrarsveit, þ. b.: Guðrún, Einar, dó ungar, Sigríður.

5) Sigríður dó ógipt, bl.

Börn séra Einars og Kristjönu voru ennfremur:

E. Sigurður Sæmundsen kaupm. í Rvík, (f. 1. júlí 1836), átti Kristínu Torfadóttur söðlasmiðs í Rvík Steinssonar.

F. Metta átti séra Markús Gíslason á Stafafelli, og er son þeirra Einar spítalaráðsmaður í Laugarnesi.

6) Séra Einar var fæddur 18. nóvember 1792, vígður prestur að Þingvöllum 7. október 1821, fékk Setberg 1828 og Stafholt 1855, varð prófastur í Snæfellsnessýslu 1851 og í Mýrasýslu 1860, dó í Stafholti 15. maí 1866.



## R. C. Ulstrup,

danskur maður, tjá sumir hann ráðherra launson, aðrir að hann hafi þénað einum ráðherra. Var examinatus juris. Fékk veiting fyrir báðum þörtum Skaptafellssýslu 1820. Var þó sjálfur með jafnaði utanlands og giptist þar, en hélt hér umboðsmenn: Þórarinn Öefjord og Magnús Stephensen. Hann fékk stríðsassessors-nafnbót. Ekki féll honum sýslumannsembættið, sagði því af sér og fór utan, fékk lausn frá því 27. maí 1825<sup>1</sup>). 1828 var hann settur land- og býfógeti í Reykjavík. 1829 missti hann konu sína. 1831 fór hann enn utan og fékk þá land- og býfógetaembættið að veitingu og kanselliráðsnafnbót 1832. Hann hafði aðsetur í Reykjavík, fór enn utan 1835 og fékk Þórð Sveinbjörnsson assessor til að gegna sínum embættisverkum. En þar eð Sveinbjörnsson var 1836 settur til að gegna stiptamtmannsverkum var Jón (Guðmundsson) administrator Kirkjubæjarklausturs, studiosus og þenari við landfógeta- og býfógetaembættið, settur til að gegna téðum embættum, til þess stiptamtmaður Krieger kom út 23. maí 1836. Tók þá Sveinbjörnsson assessor við land- og býfógetaembættunum.

Hinn 9. júní 1836 deyði land- og býfógeti Ulstrup í Kaupmannahöfn. Hann var stór, kempulegur og laglegur maður og hreinskilinn í reikningum<sup>2</sup>).

## Þórarinn Öefjord.

- Faðir:* Magnús klausturhaldari á Munkaþverá son Þórarins sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu Jónssonar sýslumanns (sjá Vaðlaþing).
- Móðir:* Ingibjörg Hálfðanardóttir skólameistara á Hólum í Hjaltadal Einarssonar.
- Kona:* Rannveig Vigfúsdóttir sýslumanns í Rangárþingi og kanselliráðs Þórarinssonar (sjá Rangárþing).

1) Hann þjónaði Skaptafellssýslu ekki nema fyrri hluta ársins 1822, sigldi þá s. á. og var þá *Sveinn Pálsson* læknir í Vik settur fyrir sýsluna um haustið, og hann hélt manntalsþing þar vorið 1823, áður en Þórarinn Öefjord tók við.

2) Sjá ennfremur um R. C. Ulstrup bls. 197—198.

*Börn:* A. Ingibjörg.  
B. Vigfús.  
C. Þórarinn<sup>1)</sup>.

Þórarinn lagði sig eptir lærdómi innan- og utanlands og gerðist *candidatus juris*. Var síðan við dauða tengdaföður síns settur sýslumaður í Rangárþingi (sjá þar) árið 1819 til 1822, þá gerðist hann fullmektugur sýslumanns Ulstrups í Skaptárþingi<sup>2)</sup>. En í jökulhlaupsvatnaflóði á Mýrdalssandi drukknaði hann ásamt séra Páli Ólafssyni til Holtáþinga og merkisbónda Benedikt Þórðarsyni. Þá var Öefjord á 30. aldursári, því hann var fæddur 8. október 1793, en drukknaði 1823, hinn 14. september. Hann bjó eptir það hann giptist á Skammbeinsstöðum og þótti gott yfirmannsefni og valmenni. Rannveig ekkja hans giptist þar eptir Sveinbirni stúdent Sveinbjörnssyni og flutti búferlum að Indriðastöðum í Skorradal og svo að Höfn; þeirra börn: 1. Sigríður. 2. Helga. 3. Helgi. 4. Þórður. 1838 varð tédur Sveinbjörn kapellán séra Jóns Magnússonar í Hvammi í Norðurárdal, og síðar prestur að Staðarhrauni<sup>3)</sup>.

### Magnús Stephensen.

*Faðir:* Stefán amtmaður Ólafsson Stephensen, fæddur 1767, 27. desember, varð *candidatus juris* 1789, vicelögmaður 1790, giptist í fyrra sinn sama ár, elzti assessor í landsyfírréttinum 1800 og þá landkomissarius, amtmaður yfir vesturamtinu 1806, missti sína fyrri konu 1805, giptist sinni seinni konu 1809, deyði sjálfur 20. desember 1820. (Hinn 16. september 1761, þá Ólafur Stefánsson og Sigríður Magnúsdóttir lögmanns giptust, orti Gunnar prófastur Pálsson

---

1) Um börn Þórarins sýslumanns er áður getið bls. 500 hér að framan.

2) Hann var settur sýslumaður þar 12. júlí 1823 og tók þá við af Sveini Pálssyni lækni.

3) Sjá um börn séra Sveinbjarnar bls. 501.

fornyrnt snillikvæði, sem nefnist: Ólafs drekka og Sigríðar sumbl).

- Móðir:* Marta María Hölter, kaupmannsdóttir frá Stykkishólmi, dó 1805.
- Kona:* Margrét Þórðardóttir prófasts á Sólheimum og Kálfafelli Brynjólfssonar og hans annarar konu Margrétar Sigurðardóttur frá Stafholti.
- Börn:* A. Guðrún.  
B. Þórunn.  
C. Magnús.  
D. Marta.  
E. Sigríður.  
F. Elín.  
G. Stefán<sup>1</sup>).

Magnús er fæddur á Hvanneyri 13. janúar 1797, ólst hann upp frá 1. ári hjá föðurbróður sínum konferenzráði og dr. M. Stephensen, fyrst á Leirá, svo á Innrahólmi og í Viðey, sem kostaði hans menningu innan- og utanlands, svo hann gerðist candidatus juris um 1819. Kom hann þá til Íslands og dvaldi enn hjá föstra sínum um hríð. Þá sýslumaður Öefjörd deyði og sýslumaður Ulstrup var erlendis var Magnús settur að gegna sýslumannsverkum í allri Skaptafellssýslu af stiptamtmani 1823. En þá Ulstrup fékk lausn frá téðri sýslu fékk Magnús kongsveiting fyrir öllu Skaptárþingi 10. maí 1825. Reisti hann þá bú á Höfðabrekku og gipti sig, sem áður er sagt. Magnús sýslumaður sótti um Rangárþing, þá Eiríkur sýslumaður Sverrisson deyði 1843 og fékk veiting þess 1844 (sjá frammar um hann við Rangárþing).

### Kristján Kristjánsson.

- Faðir:* Kristján hreppstjóri, dannebrogsmaður og vefari mikill á Illhugastöðum í Fnjóskadal. Hann dó 1844. Var sonur Jóns bóndamanns Kolbeinssonar Sigmundssonar bónda við Mývatn (allt almúga- eða bændafolk upp eptir að telja).

---

1) Um börn Magnúsar sýslumanns Stephensens er áður getið ítarlegar bls. 510—511.

*Móðir:* Guðrún Halldórsdóttir bónda í Tungu í Fnjóskadal Jónssonar (allt bændafolk).

*Kona:* Ragnheiður dóttir landlæknis Jóns Þorsteinsonar og Elínar dóttur amtmanns Stefáns Ólafssonar Stephensen. Þau giptust 1845.

Kristján sýslumaður er fæddur á Þórðarstöðum í Þingeyjarsýslu 12. september 1806, fór í Bessastaðaskóla vel undirbúinn 1824, útskrifaðist þaðan 1826, gerðist þar eptir nokkur ár skrifari hjá amtmanni Grími í Friðriksgáfu. (Eru munnmæli, að Kristján hafi þá lofast dóttur Gríms amtmanns, en upp sagt annari, sem hann hefði áður lofapt og þess vegna hafi hann utan farið að ráðleggingu og vilja Gríms amtmanns).

Af því að Kristján var vel gáfaður og skarpur gekk honum fljótt við háskólann og fékk bezta lof við embættis reynslupróf í lögvísi. Þar eptir kom hann út og gerðist um hrið málafærslumaður við Íslands yfirrétt.

Þá Skaptárþing varð laust var það veitt candidatus juris Brynjólfi syni Péturs prófests á Viðivöllum<sup>1</sup>). En þar greindur Brynjólfur Pétursson fékk um sömu mundir betra og rólegra brauð í Kaupmannahöfn frásagði hann sér téða sýslu, er þá var veitt nefndum Kristjáni sýslumanni, er áður hafði verið settur þar fyrir sýsluna.

1845 þá Kristján hafði fengið sýsluveitinguna gipti hann sig sama sumar Ragnheiði, sem að gjöf síns fósturföður sýslumanns Jónasar Schevings hafði fengið til heimamundar yfir 1000 rd., fór líka samsumars til Skaptafells-sýslu og tók sér bústað á Höfðabrekku, þar sem Magnús sýslumaður hafði áður búið og vel húsað. 1846 fékk Kristján (að sögn) umboð yfir Þykkvabæjar- og Kirkjubæjar-klaustrum.

---

1) Brynjólfur fékk veitingu fyrir sýslunni 27. apríl 1844 frá 6. júní s. á., en hann kom þangað ekki og varð fulltrúi í rentukammerinu 25. apríl 1845. Hann varð forstjóri íslenzku stjórnardeildarinnar 8. nóvember 1848. Andaðist 18. október 1851, ókv. og bl.

## Viðauki.

Kristján var skipaður 2. assessor og dómsmálaritari í yfirdóminum 29. september 1848, og tók við því embætti sumarið 1849. 10. júlí 1849 varð hann land- og bæjarfógeti, en þjónaði yfirdómaraembættinu jafnframt til 1850. Hinn 28. sept. 1851 var hann settur frá embætti vegna afskipta hans af stjórnámálum í sambandi við þjóðfundinn. Síðan varð hann ritstofufulltrúi í isl. stjórnardeildinni í Höfn og fékk Skagafjarðarsýslu 2. febrúar 1854, en Húnavatnssýslu 8. maí 1860, og skipaður amtmaður í norður- og austuramtinu 13. apríl 1871, fékk lausn frá embætti 9. júní 1881 og andaðist á Akureyri 13. maí 1882. Hann fékk kammerráðsnafnbót 1848, justitsráðsnafnbót 1867 og varð riddari af dannebrog 1874. Hann var gáfumaður, skemmtinn og glaðlyndur og hvarvetna vel þokkaður.

### Jón Guðmundsson.

- Faðir:* Guðmundur Bernharðsson († 1812), fyrrum bóndi á Kringlu í Grímsnesi, síðar í Melshúsum í Reykjavík. Ætt hans er rakin hér áður bls. 531—532.
- Móðir:* Ingunn Guðmundsdóttir prests í Reykjadal Guðmundssonar.
- Kona:* Hólmfríður (f. 29. sept. 1812, † 25. nóv. 1876) Þorvaldsdóttir prófests í Holti undir Eyjafjöllum Böðvarssonar.
- Börn:* A. Þorvaldur héraðslæknir á Ísafirði (f. 3. sept. 1837), átti (1864) Þórunni († 9. febr. 1912) Jónsdóttur prests á Gilsbakka Hjörtssonar, þ. b.:
1. Hólmfríður gipt Árna Jónssyni verzlunarstjóra á Ísafirði, móðurbróður sínum, s. k. hans, þau bl.
  2. Jón héraðslæknir á Hesteyri, átti fyr danska konu Guðrúnu (f. Nielsen), síðar Mörtnu Guðrúnu Sigurðardóttur Bachmann.

3. Kristín forstöðukona listmyndaverzlunar í Reykjavík.
  4. Helga gipt séra Páli Stephensen í Holti í Öfundarfirði, þ. b.: Þorvaldur, Þórunn, Stefán, Guðrún, Anna.
  5. Gyðriður gipt dr. Birni Bjarnasyni frá Viðfirði, kennara við kennaraskólann í Reykjavík, þ. b.: Högni, Sigríður, Þórunn, Kristín.
  6. Sigríður f. k. Þorvalds Krabbe verkfræðings í Rvík. Hún dó 24. desember 1905. Þ. b.: Helga, Sigríður dó ung.
  7. Ólafur stórkaupmaður í Kaupmannahöfn.
- B. Sigurður fangavörður í Rvík (f. 31. jan. 1839, † 20. apríl 1909) átti fyr Þuríði Guðmundsdóttur frá Seli í Rvík Magnússonar, þ. b.:
1. Hólmfríður átti Marius Guðmundsson verzlunarmann á Ísafirði, þ. b.: Kristín, Gyða, Sigurður, María, Jón, Hrefna.
  - S. k. Sigurðar María Kathrine (fædd Nissen) dönsk að ætt, þ. b.:
  2. Kristján Ágúst prentari í Rvík, kvæntur Ingileif dóttur H. J. Bartels verzlunarmanns.
  3. Þuríður.
  4. Jón verzlunarmaður á Eyrarbakka, kvæntur Karen Frimannsdóttur (sjá bls. 505).
  5. Kristín gipt Helga verzlunarmanni í Rvík Helgasyni Guðmundssonar Jakobssonar smiðs á Húsafelli Snorrasonar.
  6. Haraldur stúdent, verzlunarmaður í Rvík, kvæntur Rósu Þórarinsdóttur.
  7. Amalía Alexía gipt Sigurði Þorsteinssyni verzlunarmanni í Rvík, þ. b.: Kristín, Sverrir og Þuríður Ragna.
  8. Þorvaldur húsgagnasmiður í Rvík.
  9. María gipt Vigfúsi Guðbrandssyni klæðskera í Rvík, þ. b.: Sigurður Haukur.

10. Ágústa Friðrika Amalía 11. Þorvaldur  
12. Þórunn, dóu öll ungbörn.

Dóttir Sigurðar fangavarðar var og ennfremur Sigríður, er átti Ludvig Olaf Rye Bruun danskan bakara í Rvík.

C. Kristín (f. 25. maí 1841, † 14. ágúst 1910) átti dr. Harald Krabbe prófessor í Kaupmannahöfn, þ. b.:

1. Ólafur assessor í sakamálaréttinum í Kaupmannahöfn, kvæntur Petrea Neegaard, eiga 2 börn.

2. Jón cand. jur. & polit., forstöðumaður íslenzku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, yfirréttarmálafærslumaður, kvæntur Margrethe Casse, eiga 5 börn.

3. Þorvaldur cand. polyt., verkfræðingur í Rvík, tvíkvæntur, fyr Sigríði Þorvaldsdóttur (sjá áður) svo frændstúlku sinni Margarethe Krabbe.

4. Knútur læknir í Kaupmannahöfn, kvæntur Thora Agnete Hindenburg, eiga 1 barn.

5. Þorvaldur dó ungbarn.

6. Hólmfriður dó ungbarn.

Jón Guðmundsson var fæddur í Melshúsum 10. desember 1807, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1832, var svo á skrifstofu Ulstrups landfógeta og var settur fyrir land- og bæjarfógetaembættið um tíma 1836, fékk Kirkjubæjar-klaustursumboð 1835 og reisti bú þar á klaustrinu 1837, sleppti umboðinu 1847 og flutti til Reykjavíkur, sat veturinn 1848—49 sem konungkjörinn þingmaður á þingi því, er semja átti stjórnarskrá fyrir Danmörku, kom út sumarið 1849 og var þá settur fyrir Skaptafellssýslu, er Kristján Kristjánsson flutti þaðan og hélt þar manntalsþing vorið 1850, en fékk svo *Björn Kristjánsson* bróður hans til að þjóna henni fyrir sig um sumarið, því að Jón fór þá utan til að taka próf í dönskum lögum og lauk því 5. maí 1851 með 1. einkunn í báðum prófum, tók við ritstjórn Þjóðólfs í nóvember 1852 og hafði hana á hendi þangað til í aprílmánuði 1874, var settur málaflutnings-

maður við yfirdóminn 30. júlí 1858 og var það til dauðadags. Andaðist í Reykjavík 31. maí 1875. Hann sat sem þjóðkjörinn þingmaður á 11 fyrstu þingunum frá 1845 og síðast 1867, og var forseti alþingis 1859 og 1861. Hann sat og á þjóðfundinum 1851 sem þjóðkjörinn þingmaður.

Sjá enn fremur um Jón Guðmundsson æfisögu hans í 7. árg. Andvara eptir séra Þorvald Björnsson á Melstað, 50 ára afmælisblað Þjóðólfs 5. nóv. 1898 o. fl.

### Árni Gíslason.

*Faðir:* Gísli Gíslason, síðast prestur á Gilsbakka († 28. júlí 1860).

*Móðir:* Ragnheiður († 29. júní 1846) Vigfúsdóttir sýslumanns á Hlíðarenda Þórarinssonar.

*Kona fyrri:* Elsa Dórotea († 16. maí 1858) Berentsdóttir bónda á Ytri-Sólheimum Sveinssonar. Þau giptust 14. ágúst 1856.

*Börn:* A. Þórarinn smiður í Herdísarvík (f. 8. okt. 1856), kvæntur Ólöfu Sveinsdóttur.

B. Helga (f. 16. maí 1858) gipt Páli Þorkelsyni gullsmið í Rvík, þ. b.: Dórotea, dó ung (sbr. bls. 179).

*Kona síðari:* Elín (f. 6. maí 1835, † 19. sept. 1903) Árnadóttir bónda í Dyrhólum Hjörtssonar. Þau giptust 18. nóvember 1860.

*Börn:* C. Elín dó ung.

D. Skúli dó ungur.

E. Skúli héraðslæknir í Skálholti (f. 16. ágúst 1865) átti Sigríði Sigurðardóttur frá Kópsvatni Magnússonar alþm. Andrésssonar Narfa-sonar.

F. Ragnheiður (f. 29. sept. 1866) gipt Pétri Fjeldsted Jónssyni verzlunarmanni í Rvík.

Laundóttir Árna sýslumanns með Þuríði Guðmundsdóttur frá Drangshlíð Jónssonar:

G. Guðrún (f. á Stóru-Heiði 26. ágúst 1854). Launson hennar með Sigurði snikkara Sveinssyni, er síðar var í Vestmannaeyjum, hét Árni.



Árni sýslumaður var fæddur í Vesturhópshólum 14. september 1820, og ólst upp hjá foreldrum sínum, þangað til þau hjónin skildu samvistir 1831. Var Árni um hríð með móður sinni á Marðarnúpi í Vatnsdal, en fór þaðan með henni 1834 að Friðriksgáfu til Bjarna amtmanns Thorarensens móðurbróður síns. Var hann settur í Bessastaðaskóla 1838, og útskrifaður þaðan 1844. Var hann á skólaárum sínum hjá móður sinni, er þá bjó á Snæringssstöðum í Húnavatnssýslu. 1845 fór hann austur að Vallanesi til Gísla læknis Hjálmarssonar, en fór þaðan 1846 að Keldunúpi á Síðu til Bjarna hreppstjóra Bjarnasonar og var þar 2 ár, sigldi til Kaupmannahafnar 1848 og tók þar próf í dönskum lögum 13. maí 1850, en fékk þá 2. einkunn í báðum prófum og gekk því upp aptur 3. maí 1851 og fékk þá 1. einkunn í hvorttveggja, kom út samsumars og var þá þegar settur sýslumaður í Skaptafellssýslu, en fékk veitingu fyrir sýslunni 23. apríl 1852. Var hann fyrst til heimilis á Stóru-Heiði í Mýrdal, en síðar á Ytri-Sólheimum og kvæntist þar 1856, flutti vorið 1857 að Keldudal í Mýrdal, og þaðan eptir lát konu sinnar vorið 1858 að Kirkjubæjarklaustri á Síðu og bjó þar síðan meðan hann hélt Skaptafellssýslu. Hann hafði og annað bú í Holti á Síðu og hafði mikið umleikis og fjölda fjár. Hinn 22. janúar 1879 fékk hann lausn frá sýslumannsembættinu, en þjónaði þó sýslunni til júliloka s. á., keypti því næst Krísuvík og flutti þangað búferlum vorið 1880. Hann andaðist í Krísuvík 26. júní 1898. Hann þótti dugandi embættismaður og var vinsæll af sýslubúum sínum, hagsýnn bæði í búskap o. fl., nokkuð einkennilegur í lund og hátterni, einrænn og fastlyndur og enginn æðrumaður, en skemmtinn og gamansamur í viðræðum.

### Einar Jónsson Thorlacius.

Hann var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 3. júlí 1879 og þjónaði sýslunni þangað til sumarið eptir, að Fischer tók við. 30. júní 1880 var honum veitt Norður-Múlasýsla (sjá um hann þar).

## Adam Ludvig Emil Fischer,

danskur maður, fæddur í Kaupmannahöfn 4. október 1842, útskrifaður frá v. Westenske Institut í Höfn 1861, tók embættispróf í lögum 28. maí 1868 með 2. einkunn í báðum prófum, varð s. á. ólaunaður skrifari á skrifstofu stiptamtmannsins yfir Sjálandi, en amtsfulltrúi í Ringkjöbing á Jótlandi 1869, varð undirréttarmálsfærslumaður í Kerteminde 1873 og undirréttarmálsfærslumaður í Ringsted 1874, en yfirréttarmálsfærslumaður þar 1876, var skipaður sýslumaður í Skaptafellssýslu 30. júní 1880 frá 1. ágúst s. á. og tók þá við sýslunni, en fékk veitingu fyrir Barðastrandarsýslu 3. maí 1881, og þjónaði því embætti þangað til 1893, að hann flutti til Danmerkur, því að hann fékk þá 27. apríl s. á. veitingu fyrir birkidómara- og skrifaraembætti á Hlésey (Læsø), og því embætti gegndi hann, unz hann fékk lausn frá því vorið 1907. Hann andaðist í Kaupmannahöfn 3. okt. s. á.<sup>1)</sup>

Hann var kvæntur danskri konu og átti börn nokkur, er fluttu með föður sínum til Danmerkur. Ein dóttir þeirra Eline er gipt skáldinu Kai Hoffmann. Fischer var hinn síðasti danskra sýslumanna hér, og þótti ekki mikið að honum kveða.

*Ólafur Pálsson* umboðsmaður á Höfðabrekku var um tíma settur til að gegna sýslunni vorið 1881, þangað til Sigurður Ólafsson tók við um sumarið.

## Sigurður Ólafsson.

Hann var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 20. júlí 1881, en 6. janúar 1883 fékk hann veitingu fyrir henni og 9. janúar 1891 Árnessýslu (sjá um hann þar). Hann bjó á Kirkjubæjarklaustri meðan hann var sýslumaður í Skaptafellssýslu.

## Guðlaugur Guðmundsson.

*Faðir:* Guðmundur í Ásgarði í Grímsnesi Ólafsson s. st. Guðmundssonar í Gröf Magnússonar spítalaldara í Kaldaðarnesi Guðmundssonar af svo-

1) Sbr. Þjóðólf 59. árg. 1907 nr. 49.

nefndri »Misersætt« (Bisks. II, 677). Kona Ólafs í Ásgarði Guðný Einarsdóttir skólameistara Jónssonar, systir Ísleifs etazráðs (sbr. hér áður bls. 557).

*Móðir:* Þórdís Magnúsdóttir í Austurey í Laugardal Halldórssonar. (Guðlaugur sýslumaður var óskilgetinn son Guðmundar).

*Kona:* Oliva Maria f. Suensson (f. 21. marz 1858), sænsk að ætt.

*Börn:*

- A. Þórdís, dó í Winnipeg 1903 óg. bl.
- B. Karólína Amalía f. 1883, gipt Jóhannesi Jósepssyni glímukappa.
- C. Guðlaug Valgerður Octavía f. 27. des. 1885, dó á Akureyri 28. marz 1909.
- D. Ásdís Charlotta f. 19. okt. 1887.
- E. Guðmundur Þorkell f. 12. des. 1888, ritstjóri á Akureyri.
- F. Margrét Ólöf f. 21. apríl 1893, gipt Pétri H. Ásgrímssyni verzlunarmanni á Akureyri.
- G. Ólafur Jóhannes f. 24. febr. 1897.
- H. Soffía Franciska f. 6. júní 1898.
- I. Kristín Guðný f. 11. sept. 1900.

Guðlaugur sýslumaður var fæddur í Ásgarði 8. desember 1856, kom í lærða skólann 1870 og var útskrifaður 1876 með 1. einkunn (82 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 16. júní 1877 með ágætiseinkunn, og einbættispróf í lögfræði 12. janúar 1882 með 2. einkunn (79 st.), var settur sýslumaður í Dalasýslu 13. apríl s. á. frá 1. júní s. á. (II, 752) og þjónaði þar rúmlega 1 ár, þangað til Halldór Daniélsson tók við sumarið 1883. Flutti þá Guðlaugur til Reykjavíkur og hafði þar á hendi málfærslu og önnur störf, en var settur málaflutningsmaður við landsyfrréttinn 11. ágúst 1886, fékk veitingu fyrir Skaptafells-sýslu 17. júní 1891, og þjónaði því embætti rúm 13 ár, fékk veitingu fyrir Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Akureyri 20. júlí 1904, en þjónaði þó Skaptafells-sýslu til septemberloka s. á. og flutti til Akureyrar þá um haustið. Bjó hann á Kirkjubæjarklaustri meðan hann var

sýslumaður Skaptfellinga. Hann var forseti amtsráðs Norðuramtsins frá því um haustið 1904 til 1907 að amtsráðin voru lögð niður. Var skipaður í millipinganevnd í skattamálum, er skipuð var 1907. Hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 13. ágúst 1907 og nokkrum árum áður riddarakrossi Arnarorðunnar af Þýzka-landskeisara. Hann sat á öllum þingum frá 1893 til 1907 sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga, og á aukapínginu 1912 sem þingmaður Akureyrarbæjar, en sagði af sér þingmennsku vegna veikinda vorið 1913, áður en þing kom saman, og andaðist á Akureyri 5. ágúst s. á. eptir miklar þjáningar af krabbameini í hálsinum. Hann var gáfumaður og ötull til allra starfa, meðan heilsa entist. Æfiminning hans er í Sunnanfara 10. árg. 1902 2. tölubl.

Meðan Guðlaugur sýslumaður sat á alþingi á sumrum var *Ingimundur Eiríksson* hreppstjóri í Rofabæ í Meðallandi (f. 4. júlí 1828, † 20. des. 1903) optast settur til að gegna sýslumannsstörfum í Skaptafellssýslu í stað hans.

### Karl Júlíus Einarsson.

Hann var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 23. september 1904 frá 1. október s. á. og þjónaði henni til vorsins 1905, að Björgvin Vigfússon tók við. (Sjá nánar um hann við Vestmannaeyjasýslu).

### Björgvin Vigfússon.

Hann fékk veitingu fyrir Skaptafellssýslu 19. desember 1904, og flutti þangað vorið 1905. Fór þá að búa á Höfðabrekku. Var skipaður sýslumaður í Rangárvallasýslu 10. september 1907 frá 1. október s. á., en þjónaði þó Skaptafellssýslu til marzmánaðarloka 1908, því að hann var 18. desember 1907 settur til að gegna sýslunni til þess tíma, en Sigurður Eggerz þjónaði þá fyrir hann Rangárvallasýslu. (Sjá nánar um Björgvin sýslumann við Rangárvallasýslu).

### Sigurður Pétursson Eggerz.

*Faðir:* Pétur Friðriksson Eggerz kaupmaður á Borð-

eyri, síðar í Reykjavík († 5. apríl 1892) sbr. II, 727.

*Móðir:* Sigríður Guðmundsdóttir bónda á Kollsá í Hrútafirði Einarssonar.

*Kona:* Solveig (f. 8. ágúst 1887) Kristjánsdóttir háyfirdómara Jónssonar (sjá bls. 193).

*Börn:* A. Erna f. 2. apríl 1909.

B. Kristján Pétur f. 29. maí 1913.

Sigurður Eggerz sýslumaður er fæddur á Borðeyri 28. febrúar 1875, kom í skóla haustið 1889 og var útskrifaður 1895 með 1. einkunn (97 st.), sigldi þá til háskólans í Höfn og tók þar próf í heimspeki 19. júní 1896 með 1. einkunn, og embættispróf í lögfræði 26. febrúar 1903 með 2. einkunn (75 st.). Í júlímánuði 1904 var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu eptir Magnús Torfason, en hafði þar stutta viðdvöl og sagði af sér starfinu í s. m. Hinn 15. febrúar 1905 var hann settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu frá 1. marz s. á. og þjónaði henni þangað til Guðmundur Björnsson tók við henni um vorið s. á. Sumarið 1906 þjónaði hann Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir Pál sýslumann Einarsson, meðan hann gegndi bæjarfógetastörfum í Reykjavík í fjarveru Halldórs Danielssonar. S. á. fékk Sigurður leyfi til málsfærslustarfa við landsyfirrættinn samkvæmt lögum nr. 32, 20. október 1905 og var settur aðstoðarmaður í stjórnarráðinu frá 1. ágúst s. á., en 23. apríl 1907 var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1. maí s. á., er Einar sýslumaður Benediktsson slepti henni, og þjónaði henni til marzmánaðarloka 1908, að Björgvin sýslumaður Vigfússon tók við, en þá þegar, 9. apríl s. á., fékk hann veitingu fyrir Skaptafellssýslu og hefur þjónað henni síðan. Hann hefur aðsetur í Vík í Mýrdal. Var kosinn þingmaður Vestur-Skaptfellinga haustið 1911 og sat fyrst á aukabinginu 1912.

## VII. Múlasýsla.

---

Hinir gömlu þingstaðir í Múlasýslu:

1. Skeggjastaðir á Ströndum.
  2. Ásbrandsstaðir í Vopnafirði.
  3. Brú í Tungu.
  4. Ás í Fellum.
  5. Þingmúli í Skriðdal.
  6. Bessastaðir í Fljótshlíð<sup>1)</sup>.
  7. Egilsstaðir á Völlum.
  8. Hjaltastaðir í Útmannasveit.
  9. Desjarmýri í Borgarfirði.
  10. Klifstaður í Loðmundarfirði.
  11. Dvergasteinn í Seyðisfirði.
  12. Sveiná.
  13. Skárastaðir<sup>2)</sup> í Norðfirði.
  14. Hólmar í Reyðarfirði.
  15. Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði.
  16. Heydalur<sup>3)</sup> í Breiðdal.
  17. Berunes á Berufjarðarströnd.
  18. Geithólar<sup>4)</sup> í Álptafirði.
- 

Það landspláss, sem nær frá Skálatanga á Langanesi að norðanverðu til Lónsheiðar kallast *Múlasýsla* og hefur henni optast verið skipt í tvö sýslumanns umdæmi.

---

1) P. e. Fljótsdal.

2) P. e. Skorrastaður.

3) P. e. Heydalir.

4) P. e. Geithellur (eða Geithillur).

Í héruðum þessarar sýslu voru margir maktarmenn á fyrri öldum. En eptir það landið kom undir Noregskonung og höfuðsmenn voru yfir það settir, sem tóku ýmsa maktarmenn fyrir sveina sína, gerðist þar sem annarsstaðar ýmisleg og margbreytt skipan, sem nú er flestum að miklu leyti ókunn. Þó tel eg þá eina maktarmenn, er eg held hafi haft sýsluumráð í hirðstjóraumboði, þó ei sé allt þar um fullvist.

### Runólfur Pálsson

hefur fyrir og eptir 1380 haft hér völd og verið maktarmaður<sup>1)</sup>. Hann deildi við Pál Þorvarðsson á Eiðum um fé nokkuð og vann Páll ei á. En son Runólfs hefur verið Páll, er seinna hélt Múlasýslu (sjá síðar).

### Páll Þorvarðsson<sup>2)</sup>.

*Faðir* Þorvarður, sem meinast sonur Odds, er deyði 1301, en hann var son Þorvarðs hirðstjóra Þórarinssonar, er deyði 1296, eða Þorvarður var son Solveigar Þorvarðsdóttur, er alsystir var áðurnefnds Odds. Voru þau börn Solveigar dóttur Hálfðanar Sæmundssonar og Steinvarar Sighvatsdóttur, sem var fyrri kona Þorvarðs hirðstjóra Þórarinssonar. Þau systkin Oddur og Solveig borin um og eptir miðja 13. öld og lifði Solveig fram á 14. öld. Ekki finn eg hverja konu Þorvarður faðir Páls átti. En kvinna Páls var Sesselja dóttir Þorsteins lögmanns og hirðstjóra Eyjólfssonar<sup>3)</sup>. Börn:

1. Jón prestur á Grenjaðarstað, sýnist að vera borinn um 1390 eða fyrri, komst ungur til prestlegra valda, var í málum við Hólabiskupa öðru hvoru. Dó 1472<sup>4)</sup>.

---

1) Það er ágizkun en engin vissa, að Runólfur hafi haft sýslu í Múlaþingi. Hann hefur líklega verið son séra Páls Þorsteinssonar, er þeir Runólfur og Páll Þorvarðsson deildu um arf eptir (sbr. hér áður bls. 570—571).

2) Sjá um Pál og sennilegt ætterni hans bls. 570—571 hér á undan.

3) Þetta mun ekki rétt, sbr. bls. 570.

4) Réttara mun 1471.

2. Ingibjörg, sýnist að vera eldri, hafi hún gipst Loptri ríka um 1397. Hún dó 1436, sama ár og Loptur bóndi hennar<sup>1)</sup>.

Nálægt 1360 var Páll á Eiðum orðinn maktarmaður og meinast að hafa haldið Múla- og jafnvel Skaptárþing, eða nokkurn hluta af þeim sýslum báðum. Páll var og hirðstjóraumboðsmaður eptir 1391. Átti deilur við Runólf Pálsson.

### Páll Runólfsson.

1418 gefur Árni biskup mildi, er þá hafði hirðstjórn Pál Runólfsson kvittan fyrir kongsgjald af sýslu sinni millum Jökulsár og Norðfjarðar<sup>2)</sup>. Sýnist þar af, að þá hafi sýslunni verið skipt í tvennt og hafi Páll haldið suðurhlutann. Bróðir hans mun hafa verið Höskuldur Runólfsson, er sýslu hafði um hríð fyrir norðan í Þingeyjar- og Vöðluþingi.

### Gamli Marteinsson

hygg eg um þessar mundir hafi haldið norðurhluta sýslunnar. Þó er þar engin full víska fyrir, því sagnafátt er. 1420 var hann í dómi Rafns lögmanns að Hrafnagili í Eyjafirði. Mun hann þá hafa verið valdsmaður, máske í Eyjafirði, en ungur<sup>3)</sup>.

1) Loptur ríki dó 1432 og Ingibjörg kona hans s. á. (sbr. skiptabréfið Ísl. Fornbr.s. IV, 518—520).

2) Réttara: Norðfjarðarnípu, sbr. bréf þetta ds. 23. júlí 1418 í Ísl. Fbrs. IV, 263. Þessi Páll Runólfsson er eflaust son Runólfs Pálssonar, sem áður er getið, en ekki sami maður og Páll Runólfsson Sturlasonar, sem getið er í máldaga Núpufellskirkju í Eyjafirði 1394 (Fbrs. III, 528, líklega síðari viðbót), sbr. máldaga frá 1429 (Fbrs. IV, 377), bróðir Höskulds og Magnúsar Runólfssona.

3) Gamli hefur búið í Lögmannshlíð fyrir og eptir 1400. Hét Valgerður kona hans (Fbrs. III, 523). 8. maí 1406 er hann vottur við bréf gert á Munkaþverá (Fbrs. III, 709) og 3. apríl 1410 í dómi Rafns lögmanns á Hrafnagili (s. st. bls. 733—734), og mun það vera dómur sá, er Bogi árfærir hér til 1420, en 24. jan. 1420 er Gamli í öðrum dómi Rafns lögmanns, er útnefndur var á Munkaþverá um jörðina Grund í Eyjafirði (Fbrs. IV, 273—275).



## Marteinn Gamlason

á Ketilsstöðum, sem átti Rannveigu Sturludóttur hygg eg því næst hafi haldið Múlaþing um 1440. Hans getur 1420 og 1431<sup>1)</sup>. Máske hans son hafi verið Þorleifur, hverjum

7. okt. 1423 er Gamli ásamt fleiri virðingamönnum í Vatnsfirði við kaupmála Guðmundar Arasonar og Helgu Þorleifsdóttur, og hefur þá verið í brúðkaupi þeirra (s. st. bls. 312). Virðist Gamli hafa verið handgenginn Rafni lögmanni, og er ásamt honum í Glaumbæ 10. júlí 1424, er Brandur Halldórsson og Ragna Rafnsdóttir selja Einari Magnússyni Sólheima í Sæmundarhlíð (Fbrs. IV, 315—316). 11. og 12. nóv. 1427 er hann við mat á stað og kirkju á Grenjaðarstöðum (s. st. bls. 349—350). 12. júní 1430 á Hólum vottar hann um veitingu Grenjaðarstaðar (s. st. bls. 419—420) og 30. ágúst s. á. er hann í dómi á Hólum (s. st. bls. 425—426), en 2. júní 1431 á Laugum í Reykjadal selur Gamli Helga bónda Bjarnasyni jörðina Ljósavatn og hafði Gamli þá búið þar um hrið (s. st. bls. 455—456). Enn er hann í dómi Rafns lögmanns 6. ágúst 1432 á Hálsi í Fnjóskadal (s. st. bls. 507—508). Er hans þá síðast getið í bréfum, en 20 ár eða lengur hefur hann búið á Ljósavatni (sbr. Fbrs. V, 555), og virðist hafa verið mikilsháttar, og kallaður opt Gamli bóndi, en hvort hann hafi haft sýsluvöld er mjög óvíst og eflaust ekki í Múlaþingi. Framætt Gamla er ókunn, en geta mætti þess til, að hann hafi verið son Marteins í Máfahlíð Þorleifssonar († 1392, Ísl. Ann.) Marteinssonar Narfasonar af kyni Kolbeinssaðamanna og bróðir Þorleifs Marteinssonar og Ólafs Marteinssonar »staða«, er báðir fluttu að vestan norður og eru dánir fyrir 1427 (sbr. III, B. bls. 3—4, 7—8). Má geta þess, að 26. júní 1459 er Gamli Þorleifsson í dómi Dada sýslumanns Arasonar á Helgafelli (Fbrs. V, 181—182), og síðar (1462) er þessa Gamla og Ingimundar Þorleifssonar (líklega bróður hans) getið í öðru bréfi vestra (á Kirkjufelli í Eyrarsveit, Fbrs. V, 377). Þessi Gamli gæti verið son Þorleifs Marteinssonar frá Máfahlíð og bróðurson Gamla Marteinssonar á Ljósavatni. Hafi þeir Rafn lögmaður og Ari á Reykhólum verið synir Guðmundar Ormssonar lögmanns Snorrasonar lögmanns Narfasonar, eins og sumir ætla, hafa þeir Rafn og Gamli verið fjórmenningar að frændsemi, sé Gamli í beinan karlegg frá Narfa presti Snorrasyni (sjá áður), og er þá skiljanlegt, að hann sitji ásamt Rafn og Lopti ríka brúðkaup Guðmundar Arasonar frænda síns vestur í Vatnsfirði.

1) Þessi bréf, þar sem Marteins á að vera getið, þekkjast nú ekki, svo eg viti, en líklega hefur Bogi haft þau undir höndum, og þau sannað eitthvað um sýsluvöld Marteins í Múlaþingi, og að hann hafi þá verið á Ketilsstöðum (á Völlum), en heimildir fyrir

Rafn lögmaður Guðmundsson dæmdi arf eptir Margréti dóttur sína 1416, er átt hafði Helga Jónsson Hákonarsonar Gissurarsonar galla, og þá hefur Marteinn verið fyrir uppi<sup>1)</sup>).

Jón ábóti á Þverá lýsti Illhugastaði í Fnjóskadal, árið 1493, eign jómfrú Mariu og klaustursins, síðan Marteinn bóndi Gamlason Marteinsonar og Rannveig Sturludóttir kona hans gáfu þá jörð með sér í próventu<sup>2)</sup>. Þetta hygg eg hafi verið þennan Marteinn sýslumann og hafi sá gerningur þá verið gerður fyrir mörgum árum, en óvíst er samt, hvort þau hafi nokkur tíma notað sér að fara í Munkaþverárklausur. Á þessari öld var það títt, að hinir auðgu gáfu klastrum og biskupum próventu sína, þó aldrei færu þeir í próventuna. Svo gerði Oddur lögmaður leppur og fleiri, sjá Ísafjarðarsýslu.

### Gunnlaugur Guðmundsson.

Vitnisburður nokkur [er] á pergament af dato 1450, hvar nokkrir menn segja sig hafa verið áheyrandi og viðstadda á þingstað réttum í Eyvindarstaðahvömmum (hjá Eyvindarstöðum) á Völlum, þá Gunnlaugur hafi dóm út nefnt og þar upp sagt, að sá sem á Kollsstöðum á<sup>3)</sup> Völlum byggi væri skyldugur að geyma geldneyti í afrétti á Völlum fyrir austan Grímsá (en afréttur var reiknaður ofan

---

því finnast nú ekki í bréfum, nema þetta sé ágizkun ein hjá Boga, með því að Bjarni Marteinson bjó þar.

1) Þetta er skökk ágizkun hjá Boga, því að Þorleifur Marteinson faðir Margrétar í Viðidalstungu hefur eflaust verið son Marteins Þorleifssonar í Máfahlið (sbr. III, B. bls. 7—8), en Marteinn Gamlason hefur verið son Gamla Marteinsonar á Ljósavatni og átti Illhugastaði í Fnjóskadal, er hann gaf í próventu með sér og Rannveigu konu sinni til Munkaþverárklausurs í tíð Einars ábóta Ísleifssonar (líklega um 1450—1460).

2) Þetta bréf er ds. á Munkaþverá 13. maí 1493 (Fbrs. VII, 177—178), sbr. klerkadóm um þetta efni 4. okt. 1497 í Viðvík (s. st. bls. 371—373) og vitnisburð 13. marz 1510 á Munkaþverá (Fbrs. VIII, 302—303), hvorttveggja um aðtekt Stígs Einarssonar (ábóta Ísleifssonar) á jörðinni Illhugastöðum, er talin var rétt eign Munkaþverárklausurs sem próventugjöf Marteins og Rannveigar.

3) Í hdr. Boga stendur hér »og«, en á víst að vera »á«.

frá Kaldakvísl að Mjölkrám gegnt Tunguseli). Hér á móti skyldi sá, er byggi á Kollsstöðum hafa 6 vikna beit á Knútaseli m. m.<sup>1)</sup>). Eg meina þetta sama Gunnlaug, sem 1428 hafði jarðaskipti í Skagafirði við Þórð bónda Þorsteinsson. Hver ár hann hefur haldið Múlaping er óvíst, en fyrir 1450 hefur það verið, og í nyrðri hlutanum hefur hann látið téðan dóm ganga, og óvíst, hvort hann hefur haldið alla sýsluna<sup>2)</sup>).

### Bjarni Marteinson.

- Faðir:* Marteinn Gamlason Marteinsonar sýslumanns á Ketilsstöðum<sup>3)</sup>).
- Móðir:* Rannveig Sturludóttir.
- Kona:* Ragnhildur dóttir Þorvarðs á Möðruvöllum Loftssonar ríka. Þau giptust á Möðruvöllum 1460.
- Börn:* A. Erlendur sýslumaður, sjá síðar.

1) Bréf þetta frá 1450, er Bogi hefur líklega haft undir höndum, er nú glatað. Er það prentað í Fbrs. IX, 33, einmitt eptir Sýslum.æfum Boga í Timariti J. P. I, 47, og er það að mestu samhljóða því, er hér segir, nema að þar er nefnt »Knútssele«, en hér »Knútasel«, og að þar er sagt, að Eyvindarstaðahvamar séu skammt frá Egilsstaðapingisstað á Völlum, sem líklega er réttara, en hér »hjá Eyvindarstöðum«.

2) Sjá frekar um Gunnlaug Guðmundsson bls. 571—572 hér að framan, og eru þar færðar sterkar líkur fyrir, að Teitur ríki í Bjarnanesi hafi verið son hans.

3) Það er allvafasamt, að Bjarni Marteinson, Hákalla-Bjarni, hafi verið son Marteins Gamlasonar. Sennilegra, að hann hafi verið son Marteins Runólfssonar, sem nefndur er í máldaga Bægisárkirkju 1461 (Fbrs. V, 295) og eflaust hefur verið son Runólfs Sturlusonar á Laugalandi og bróðir Höskulds í Núpufelli. Styðst þetta meðal annars við það, að Bjarni Marteinson og Runólfur Marteinson eru fyrstir dómsmanna í dómi Odds lögmans Asmundssonar 3. okt. 1465 í Eyrarteigi eystra (Fbrs. V, 451—453) og sennilegast, að Runólfur sá hafi verið bróðir Bjarna, og bendir þá nafnalikingin á, að þeir hafi fremur verið synir Marteins Runólfssonar frá Laugalandi og eyfirzkir að uppruna, heldur en Marteins Gamlasonar. En eflaust hefur Bjarni allvel ættaður verið, er hann fékk dóttur Þorvarðs ríka á Möðruvöllum.

- B. Ragnhildur átti Björn sýslumann Guðnason í Ögri, sjá Ísafjarðarsýslu.
- C. Hólmfríður átti Pál son Páls Brandssonar lögmanns<sup>1</sup>).
- D. Þorvarður bjó á Eiðum eystra<sup>2</sup>). Barn:
1. Margrét átti Sigurð sýslumann Finnbogason, sjá Hegranessýslu<sup>3</sup>).

1) Þetta er skökk ættfærsla. Páll Pálsson mun hafa búið í Hofelli í Hornafirði, því að þar kvittar Henrik Mæding Pál 28. nóv. 1488 (Fbrs. VI, 645—646, sjá hér á eptir hjá Boga). Að Páll hafi verið son Páls Þorsteinssonar Hallssonar og bróðurson Sesselju konu Hallsteins sýslumanns Þorsteinssonar (sjá síðar), getur að vísu verið, en fullar heimildir eru ekki fyrir því.

2) Hann bjó síðar í Njarðvík í Borgarfirði og alkomendur hans þar um langan aldur eptir hann, og voru mikilhæfir flestir. Þorvarður átti Ingibjörgu Ormsdóttur og Margrétar Gunnlaugsdóttur frá Marðarnúpi Þorkeiðssonar prests í Reykholti, bróður Árna biskups milda, Ólafssonar. Fór kaupmáli Þorvarðs og Ingibjargar fram á Marðarnúpi 18. jan. 1489 (Fbrs. VI, 648—649). Hefur Ingibjörg dáið skömmu fyrir eða um 1500, því að 22. okt. 1500 í Skriðu í Fljótsdal lýsir Þorvarður jarðagjöfum síni og konu sinnar, er þá var látin (Fbrs. VII, 525—526). 17. ágúst 1509 á Eiðum keypti hann Njarðvík af umboðsmanni Þorvarðs lögmanns Erlendssonar fyrir 60 hndr. (Fbrs. VIII, 289). Þorvarður andaðist fyrir 1530 (Fbrs. IX, 408, 523).

3) Önnur dóttir Þorvarðs Bjarnasonar í Njarðvík, (sem í þjóðsögum og viðar (sbr. Timar. J. P. II, 51) er ranglega talin dóttir Margrétar) var:

2. Hólmfríður átti Björn Jónsson lögréttumann í Njarðvík, er sumsstaðar er kallaður »skafinn« eða Skafinsson (þ. e. son Jóns skafins, er mun réttara), þ. b.:
  - a. Jón.
  - b. Jón annar.
  - c. Steingrímur.
  - d. Guðlaug.
  - e. Þorvarður í Njarðvík átti 1552 Guðrúnu Halldórsdóttur, þ. b.:
    - aa. Magnús í Njarðvík átti 1579 Herborgu Gottskálksdóttur prests í Glaumbæ Jónssonar, þ. b.:
    - aaa. Einar digri lögréttumaður í Njarðvík. Verður síðar getið nánar og afkomenda hans.

Bjarni var auðmaður mikill og bjó á Ketilsstöðum. Hann var og kallaður Hákalla-Bjarni. Nálægt eða eptir

bbb. Arngrímur í Njarðvík. Hans börn:

- × Magnús í Njarðvík átti Guðrúnu Pálsdóttur frá Eyjólfstöðum Björnssonar sýslumanns Gunnarssonar. Meðal barna þeirra voru Jón og Páll, er seldu hálfu Njarðvík frænda þeirra Magnúsi syni Einars digra.
- × Þorbjörg átti Þorvarð Höskulds-son prests í Heydölum Einars-sonar, p. b.: Þórður, Þorvarður, Hallur.
- × Herborg átti séra Pétur Rafns-son á Stöð, er drukknaði í Kvía í Öræfum haustið 1679, p. b.:
  - ×× Páll prófastur á Álptamýri († 1731) átti Guðrúnu Þor-láksdóttur Björnssonar á Laxamýri, p. b.: Herborg átti séra Hallgrím Jónsson á Rafnseyri, Herdís f. k. séra Ásgeirs Þórðarsonar á Álptamýri, Ingibjörg átti Guðmund Jónsson prests á Söndum Tómassonar, Jón og Steinunn.
  - ×× Hinrik var rekinn úr Skál-holtsskóla 1678 fyrir galdra-kversmeðferð, fékk þó skóla aptur, en mun hafa hætt við nám.
  - ×× Rafn var og um hrið í Skál-holtsskóla, en varð að hætta sakir gáfnaleysis.
- × Sesselja átti Jón Rafnsson á Ket-ilsstöðum, bróður séra Péturs á Stöð, p. b.:
  - ×× Arngrímur, var um hrið í skóla, en vísað þaðan 1678 fyrir sömu sakir og Hinrik frænda hans.
- × Helga átti Sigurð í Snæhvammi

1450 held eg hann hafi tekið Múlasýslu, en hvort alla eða nyrðri partinn einungis er óvíst, eins hvað lengi hann hélt sýsluna eða deyði<sup>1</sup>).

1460 giptist Bjarni á Möðruvöllum. 1465 lúkti Jón Narfason á Eiðum vegna hústrúr Margrétar á Möðruvöllum Bjarna sýslumann peninga Ragnhildar konu hans, upp í hennar föðurarf 3 hndr. hndr. í jörðum og aðra peninga þar að auki<sup>2</sup>).

Bjarnason prests á Stöð Jónssonar.

Enn voru börn Bjarna Marteinsonar og Ragnhildar:

E. Marteinn átti Margréti Sturludóttur lögréttumanns í Eyjafirði Magnússonar. Er Marteinn á lifi 1492 (Fbrs. VII, 144), en látinn fyrir 30. júní 1495 (s. st. bls. 270—272).

F. Ingibjörg átti Vigfús Þórðarson (rika Fúsa) á Borg á Mýrum, að því er talið er, og var son þeirra Bjarni jungherra (sbr. III, 324), er 16. okt. 1535 fær Ögmundi biskupi Hamar í Borgarhrepp (Fbrs. IX, 745—746). Einkennilegt er það, að af bréfi Erichs Walchendorphs kanzlara 1. des. 1507 í Os-ló (Fbrs. VIII, 177—179) er svo að sjá, sem Ingibjörg Bjarnadóttir, systir Erlends sýslumanns, Þorvarðs og Ragnhildar í Ögri, hafi verið kona Teits Þorleifssonar, en það getur tæpast verið, og er nánast að skoda þetta svo, sem Teitur hafi verið umbodsmaður Vigfúsar á Borg í Möðruvallahálmum.

1) Að Bjarni hafi haft sýsluvöld í Múlaþingi finnast ekki heimildir fyrir. Hann er í dómi í Eyrarteigi 3. okt. 1465 (Fbrs. V, 451—453). 1471 selur Stefán Helgason honum jörðina Eiriksstaði á Jökuldal, og er bréf um það gert á Eiðum 8. júní 1475 (s. st. bls. 748—749). Hefur Bjarni búið þar lengstum, að minnsta kosti síðustu árin (og Þorvarður son hans fyrst eptir hann), en áður á Ketilsstöðum (sbr. visitaziu Eiðakirkju 1523 af Ögmundi biskupi: Fbrs. IX, 186). 20. nóv. 1477 á Eiðum selur Hallsteinn Þorsteinsson honum jörðina Fljótsbakka í Fljótsdalshéraði (Fbrs. VI, 119), og er Bjarna þá síðast getið á lifi, og fyrir 1488 er hann látinn, sbr. bréf Hinriks Mædings 28. nóv. 1488: Fbrs. VI, 645—646, og er þar talað um ýmsa hluti, er Bjarni hafi orðið brotlegur um kongdómsins vegna, svo sem kirkjublök og tíundar-reikning m. fl.

2) Sbr. Fbrs. V, 446—447. Bréfið er gert 21. júní (1465) á Ketilsstöðum.

1488 gaf Henrik Mæding kvittan Pál Pálsson, sem átti Hólmfriði dóttur Bjarna, um silfur það, er Bjarni Marteinnson hafði að halda eptir Geirrek gullsmið. Er þar af ljóst, að Bjarni hefur þá verið dáinn, og að hann hefur átt Hólmfriði fyrir dóttur<sup>1</sup>).

1) Fbrs. VI, 645—646.

### Hallsteinn Þorsteinsson

var kongsumboðsmaður í Múlaþingi 1485. Virðist hann hafa verið á Suðurlandi (í Rangárvallasýslu) áður en hann flutti austur, því að hann er líklega sá Hallsteinn Þorsteinsson, sem er í dómi um Kross í Landeyjum e. 1460, en það ártal er ekki vist (Fbrs. V, 223—224), og eins er Hallsteins Þorsteinssonar getið í skrá um peninga, er gefizt hafi Skúmsstaðakirkju í Útlandeyjum (s. st. bls. 688). En um 1466 hefur hann líklega flutt að Víðivöllum ytri í Fljótsdal, því að þar gefa tveir menn honum vitnisburðarbréf 23. marz 1467 um landamerki, ítök og ítölur Víðivalla (s. st. bls. 472) og litur þá út fyrir, að hann hafi verið nýkominn þangað. Um 1471—1472 hefur hann kvænzt Sesselju Þorsteinsdóttur Hallssonar, ekkju Einars Ormssonar á Hvoli (Stórólshvoli) († 1470), sbr. III, B. bls. 10—11. 19. sept. 1474 á Skriðu í Fljótsdal gefur hann Þórði Jónssyni frænda sínum hálfa jörðina Hól í Siglufirði (Fbrs. V, 763—764). 20. nóv. 1477 á Eiðum seldi Hallsteinn með samþykki Sesselju konu sinnar Bjarna Marteinssyni Fljótsbakka (Fbrs. VI, 119) og 10. marz 1482 á Víðivöllum gerir hann bréf um jörðina Borgarhöfn (s. st. bls. 424—425). En 12. apríl 1485 nefnir hann 12 manna dóm á Bessastöðum í Fljótsdal, sem kongsumboðsmaður í Múlaþingi um ákæru Erlends Magnússonar til Magnúsar Ívarssonar út af setu á 16 hndr. í Bustarfelli (s. st. bls. 535—536). Ekki mun Hallsteinn hafa haft lengi sýsluöld í Múlaþingi, en getið er hans samt í Múla í Skriðdal (Þingmúla) 21. sept. 1488 og er þá vottur að sölu Páls Þorsteinssonar, bróður Sesselju konu hans, á 10 hndr. í Hofi í Örfæfum til Magnúsar biskups í notum þess, að biskup kvittaði Pál fyrir sex barneignir með Þórdísi Runólfsdóttur (Fbrs. VI, 638—639). Hefur Hallsteinn þá líklega ekki verið sýslumaður. 6. ágúst 1496 á Skúmsstöðum í Landeyjum kvittar Hallsteinn Þorsteinsson, sem eflaust er = Hallsteinn á Víðivöllum, Jón Oddsson um vígsbætur eptir Árna Hallkelsson bróðurson sinn (Fbrs. VII, 305), og mun Árni þessi hafa átt heima þar syðra, og Hallsteinn verið þaðan ættaður (úr Landeyjum?). En Árni Hallkelsson Þorsteinssonar mun hafa verið faðir Hallkels föður Stefáns prests í Laugarðælum († 1585), er Hallkelsætt er frá komin. Síðast er Hallsteins getið 8. júní 1500 á Skriðu í Fljótsdal (Skriðuklaustri) og hefur hann ef til vill búið þar, áður en klaustrið var stofnað þar. Lýsir hann þar yfir því, að hann og Sesselja Þorsteinsdóttir-kona

## Ormur Jónsson

konungsumboðsmaður í Múlaþingi útnefndi 12 manna dóm 1492 á Egilsstöðum í Fljótsdalshéraði um vígsbætur eptir Sigurð Þorsteinsson, dæmdust 27 hndr.<sup>1)</sup>. Hann meinast hafi haldið einhvern part af sýslunni og 1494 í Rangárþingi mäske umboðsmaður.

## Snjólfur Rafnsson.

- Faðir:* Rafn lögmaður Brandsson frá Barði Halldórs-sonar. Sjá Vaðlasýslu.
- Móðir:* Margrét dóttir Eyjólfss riddara Arnfinnssonar. Sjá Húnavatnssýslu.
- Kona:* Salný Pálsdóttir, systir Ögmundar biskups<sup>2)</sup>.
- Börn:* A. Eiríkur bjó undir Ási í Fellum í Múlaþingi, dó 1578 eða 1579, meinast að hafa verið lítinn tíma umboðsmaður í parti af Múlaþingi. Með sinni fyrri konu Ólöfu dóttur Eyjólfss á Hjalla Jónssonar átti hann eitt barn, sem dó, en með seinni konunni Þuríði dóttur Þorleifs sýslumanns Grímssonar á Möðruvöllum, hverri hann giptist 1559, átti hann Þorgerði konu Jóns Indriðasonar í Árnanesi, Halldóru, sem átti Magnús Björnsson og Ólöfu, sem átti Magnús Vigfússon á

---

hans hafi gefið »fyrst að upphafi gudi almáttugum, jungfrú Maríu og helga blóð« jörðina Skriðu í Fljótsdal með rekum og itökum til æfinlegs klausturs (Fbrs. VII, 486—487).

Son Hallsteins og Sesselju var Einar (eflaust heitinn eptir Einari Ormssyni fyrri manni hennar), er 31. ágúst 1513 seldi Þorvarði priór í Skriðu jörðina Brekku í Fljótsdal (Fbrs. VIII, 464—465).

1) Sjá um þennan Egilsstaðadóm Orms, sem líklega er fremur frá 1492 en 1422, hér áður bls. 388—389. Er líklega = Ormur Jónsson Ásgeirssonar, bróðir Páls á Skarði.

2) Salný mun hafa verið síðari kona Snjólfss og Eiríkur ekki son hennar, því að þá hefði hann ekki mátt kvongast Ólöfu Eyjólfsdóttur frá Hjalla, ef þau hefðu verið systrabörn. Síðari maður Salnýjar er og talinn Torfi bóndi Þorgrímsson, er hafi sóað fé þeirra.



Eiðum, þ. b.: Árni sýslumaður etc. (NB. Ólöf Eyjólfsdóttir gat ei átt móðursysturson sinn í þeirri tíð. Mun því villzt á Eirikum í Ási. Flestar ættartölur telja þennan Eirik Snjólfsson föður 1. Sæmundar í Ási<sup>1)</sup> 2. séra Þorleifs á Breiðabólstað 3. séra Jóns í Vatnsfirði og þeirra fl. systkina. Önnur ættartala telur Eirik í Ási föður tédra systkina Bjarnason Sumarliðasonar Eiríkssonar Sumarliðasonar líkast af ætt Sumarliða sonar Þorsteins hirðstjóra Eyjólfssonar<sup>2)</sup>).

B. Ásbjörn Snjólfsson. Hans börn: 1. Þórður bl. 2. Jón, átti börn, varð lítið úr þeim<sup>3)</sup>.

C. Salgerður seinni kona Vigfúsar<sup>4)</sup> lögmanns Erlendssonar. Ekki getur barna þeirra.

Um sýsluhöld Snjólfss hef eg ekki aðra vissu en það, sem Páll lögmaður Víðalín ritar í Kötlumálaskýrslu, að Snjólfur hafi verið sýslumaður í Múlaþingi frá 1483 til 1513<sup>5)</sup>. Hefur hann þá líklega haft það hálfmóts við Erlend. Ritfært er, að Snjólfur hafi búið að Ási í Fell-

1) Það er alveg skakkt.

2) Þetta er einnig óabyggilegt.

3) Að Ásbjörn hafi heitið son Snjólfss er óvíst. Að Bjarni Sumarliðason á Fellsenda hafi verið af honum kominn, eins og Snókdalín telur, nær engri átt. Sumarliði faðir hans var Jónsson Arnbjarnarsonar, og hefur sá Jón líklega verið bróðir séra Gísla Arnbjarnarsonar föðurföður Gísla biskups í Skálholti og þetta eitthvað skylt Arnbirni Salómonssyni frá Galtarholti Einarssonar. Arnbjörn Einarsson lögrettumaður, líklega bróðir Salómons, er í Mýrasýslu 1504, og þar eptir.

4) Í hdr. stendur Erlends, sem vitanlega er misritun.

5) Verið getur, að Snjólfur hafi um tíma haft sýsluvöld í Múlaþingi, þótt ekki finnst dómur hans, en það nær engri átt, að það hafi verið frá 1483 til 1513. 22. apríl 1483 er Snjólfur lýrst getið við bréf í Nesi í Höfðahverfi (Fbrs. VI, 479) og eptir það opt við bréf nyrðra, en virðist ekki hafa komið austur fyr en um 1504, því að 3. marz 1505 ritar hann undir bréf í Vallanesi (Fbrs. VII, 716) og er þar eystra eptir það að minnsta kosti til 1532, því að 19. ágúst það ár er hann í helmingadómi í Vallanesi (Fbrs. IX, 626—627), og hefur þá verið gamall.

um. 1507 vitnaði Snjólfur Rafnsson og Sigurður Daðason, að Rafn lögmaður Brandsson hefði að Leiðarhólmi dæmt ættleiðing Stefáns Loftssonar löglega<sup>1)</sup>. 1527 undirskrifar Snjólfur kaupmálabréf Eyjólfss og Helgu biskupsdóttur<sup>2)</sup>.

### Erlendur Bjarnason.

- Faðir:* Bjarni sýslumaður Marteinnsson, sjá áður.  
*Móðir:* Ragnhildur Þorvarðsdóttir Loptssonar.  
*Kona:* Vilborg Loptsdóttir (tók fram hjá bónda sínum Erlendi og kvittaði Ögmundur biskup hana þar fyrir 1526 fyrir milligöngu Bjarna sýslumanns sonar hennar og Erlends<sup>3)</sup>).  
*Börn:* A. Bjarni sýslumaður, sjá síðar.  
 B. Margrét átti sýslumann Pál Grimsson frá Möðruvöllum. Sjá þessi börn við Húnavatnsþing. (Í annari ættatölu segir: Margrét Erlendsdóttir átti Hans Lysekamp, þýzkan mann, það hygg eg vilt).

Erlendur var uppivöðslumaður og fékk hálfu Múlasýslu eptir föður sinn þ. e. norðurpartinn móts við Snjólf um 1483<sup>4)</sup>. Bjó ogsvo á Ketilsstöðum. 1500 stiptaði hann

1) Það bréf er gert á Eyri í Álptafirði 10. nóv. 1507 (Fbrs. VIII, 167—168).

2) Kaupmáli og gifting Eyjólfss og Helgu fór fram 1. okt. 1531 á Hólum (Fbrs. IX, 603—605), en 30. nóv. s. á. er þessu kaupmálabréfi lýst á Hólum, en er ekki gert þann dag (sbr. hér áður bls. 386). Snjólfur er ekki ritaður undir bréf þetta, en annað kaupmálabréf Eyjólfss og Helgu frá 1527 þekkist nú ekki. Mun og þetta misritun hjá Boga í stað þess, að Snjólfur ritaði undir kaupmálabréf Rafns lögmanns Brandssonar og Þórunnar biskupsdóttur 30. sept. 1526 (Fbrs. IX, 378—380), enda segir svo í Tímariti J. P. I, 50, en er þar árfært ranglega til 1527. Snjólfur mun hafa andazt 1541.

3) Það var Jóhann Pétursson hirðstjóri, er fyrir milligöngu Ögmundar biskups kvittaði fyrir þetta sakferli Vilborgar, og er það bréf ds. á Reykjum í Ölfusi 10. júlí 1527 (Fbrs. IX, 417—418), en hafi Ögmundur biskup gefið út sérstakt kvittunarbréf áður (1526) um sama efni, þekkist það bréf ekki nú.

4) Þetta er að eins getgáta í lausu lopti, og eflaust skökk. Erlends er fyrst getið í bréfum árið 1500.

hálfkirkju á Ketilsstöðum á Völlum helgum Andrésí postula og gaf kirkjunni 4 hundraða rekasand og 6 kúgildi, en Vallnakirkju<sup>1)</sup> Viðastaði á Útmannasveit 12 hndr. fyrir tíundir og lýsitolla, hver gerningur og skilmálar síðan hafa haldizt<sup>2)</sup>. Sýslunni mun hann hafa haldið til hér um 1526 eða til síns dauða<sup>3)</sup>. Sögn er, að hann hafi tekið duggu enska á Loðmundarfirði og drepið þá er á voru utan einn, er með sundi til lands komst undan og svo náð öðrum duggum. Ólafur tröllur á Hólalandi í Borgarfirði hét sá maður, sem sagt er að vegið hafi skipstjórnarmanninn og af því hafi bardaginn hafist. Mælt er, að hann hafi þaðan flúið næsta vor langt í burt, en enskir komið næsta sumar eptir og heitið Erlendi gríðum, ef þeim á hverju sumri væri goldið sauðfé, sem fyllti þá rétt, er þeir létu byggja í Stöðvarfirði og það um þrjú sumur, en hún tók nær 800, hafi eigi ábrostið gjaldið fyrir en hið þriðja sumar. En þá hafi eina nótt konu á Ketilsstöðum dreymt, að maður kæmi að henni og kvæði þetta:

Erlendur vel kenndur, ítum fróður, vel góður  
Lagamaður listhagur, les á bók með orð klók.  
Skáld er hann skíra kann, skemmti mest, vel flest.  
Koma skal á kauptíð, klögumál fyrir hans sál.  
Segðu Erlendi nú, sofandi frú, reynstu mér trú.

1) P. e. Vallanesskirkju.

2) Bréf um þetta er ds. 23. ágúst 1500 á Hofi í Vopnafirði (Fbrs. VII, 511—512). 4. júlí 1504 er Erlendur vottur í Skálholti, er Ásgautur Ögmundsson seldi Narfa prior í Skriðu 20 hndr. í Borgarhöfn (s. st. bls. 714—715). 14. jan. 1512 er hans getið við bréf í Vallanesi (Fbrs. VIII, 364), en 25. maí 1515 á Valþjófsstað afleysir og kvittar Jón prestur Kodránsón Erlend bónda Bjarnason um allt það, er hann hafi mátt brotlegur verða í umdæmi hans (milli Gilsár í Skógum og Reyðarfjarðar) (Fbrs. VIII, 553). 1522 er Erlendur látinn, því að þá (21. apríl 1522) kvittar séra Jón Markússon Bjarna Erlendsson fyrir rekahald Erlends heitins föður hans fyrir Ketilsstaðakirkju (Fbrs. IX, 72—74). Fráfall Erlends hefur því ekki orðið síðar en 1521, ef til vill nokkru fyrir (um 1520). Dómar hans sem sýslumanns þekkjast nú ekki og er því eins með hann og flesta aðra, er sýslu hafa haft í Múlaþingi langt fram á 16. öld.

3) Hann hefur dáið fyrir 1522, sem nú var sagt.

Konan vaknaði, gekk nokkru síðar til Erlends og sagði húnnum. En er hún gekk út aptur voru þeir ensku þar komnir og tóku Erlend. Sögðu Austfirðingar þeir hefðu látið hann í gaddatunnu. Þeir segja enn, að skipstjórnar- maðurinn, sem veginn var, hétu Adam, þar af sé málshátt- urinn; Lítið er það í Adamsgjaldið. Bæði Espólín fróði og faðir hans meina, að tilburður þessi hafi skeð 1518<sup>1)</sup>. En eg hygg það hafi tilfallið nálægt 1524 eða 1525, því 1526 fékk Vilborg kvittun fyrir sinn hórdóm og mun hún hafa það barn alið 1525 að bónda sínum lifanda, og ei létu biskupar eða þeirra umboðsmenn lengi biða að kalla eptir sektafé<sup>2)</sup>.

### Bjarni Erlendsson.

*Faðir:* Erlendur Bjarnason nýnefndur.

*Móðir:* Vilborg Loptsdóttir.

*Kona:* Guðríður dóttir Þorsteins Finnbogasonar (sjá Þingeyjarþing).

*Börn:* A. Vilborg átti Einar son Eyjólfis í Dal og Helgu dóttur Jóns biskups Arasonar. Einar drukkn- aði í Fljótinu, bl.

B. Málmfríður átti fyr Jón á Espihóli Einarsson klausturhaldara á Skriðuklaustri (sjá Vaðla- þing) svo Einar Ásmundsson<sup>3)</sup>, þeirra son: 1. Bjarni hverjum þau gáfu hálfan Espihól og Merkigil<sup>4)</sup>.

---

1) Það getur vel rétt verið (sbr. Árb. Esp. III, 54—55). Segir Espólín, að Pétur Þorsteinsson sýslumaður hafi heyrt þessa sögu um örlög Erlends af mörgum merkum mönnum gömlum, er hann var ungur.

2) Þetta hefur þó dregið nokkra hrið í þetta sinn, en eflaust hefur Vilborg orðið brotleg meðan Erlendur var á lífi, en ekki eptir brotnám hans, ef sannsögulegt er, nema vitnast hafi, að Erlendur hafi lífað nokkra hrið erlendis, og ekki verið drepinn hér við land.

3) Hann var vinnumaður hennar, sunnlenzkur að ætt.

4) Bjarni kvæntist ekki, en launson hans var:

a. Björn í Bøðvarsdal átti Guðrúnu Ketilsdóttur prests á Kálfal- lellsstað Ólafssonar, p. b.:

Bjarni gerðist þegar á æskuárum merkilegur maður. Etla eg hann tæki vestari part Múlasýslu eptir Snjólf

- 
- aa. Ketill stúdent, bjó á Helgustöðum í Reyðarfirði, og síðar á Eiðum, átti Guðrúnu Marteinsdóttur sýslumanns Rögnvaldssonar, bl. Ketill fór í elli sinni til lóstursonar síns séra Halldórs Pálssonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð og andaðist þar eptir 1730.
- bb. Anna átti séra Sigfús Vigfússon á Dvergasteini og var s. k. hans, p. b.: Björn dó í Skálholtsskóla 1714, Vigfús prestur á Dvergasteini, Sigfús prestur í Hofteigi, Guðrún átti séra Þórð Gíslason á Skorrastað o. fl.
- Önnur börn Einars Ásmundssonar og Málmfriðar Bjarnadóttur en Bjarni voru:
2. Marteinn í Eskifirði. Hans börn:
    - a. Ásmundur.
    - b. Magnús í Hellisfirði. Son hans:
      - aa. Ólafur í Hellisfirði átti Ólöfu Sigurðardóttur prests hins síðara á Skorrastað Árnasonar.
      - c. Einar.
      - d. Málmfriður.
  3. Þorsteinn í Firði í Mjóafirði. Hans kona Guðný, p. b.:
    - a. Þorbjörn.
    - b. Margrét átti Þorstein í Firði Ívarsson prests á Dvergasteini Haraldssonar, p. b.:
      - aa. Þorsteinn í Firði átti Úlfheiði Eiríksdóttur frá Mjóanesi, p. b.:
        - aaa. Jens prestur í Mjóafirði († 1708).
        - bbb. Jón faðir Jens prests yngra í Mjóafirði († 1757).
        - ccc. Guðný átti séra Vigfús Sigfússon á Dvergasteini.
      - bb. Bjarni átti Ingibjörgu Eiríksdóttur, systur Úlfheiðar.
      - c. Margrét önnur.
      - d. Ólöf átti séra Jens Ormsson í Mjóafirði, sunnlenzkan. Hann missti prestskap um 1633, p. b.:
        - aa. Ormur.
        - bb. Elizabet.
      - e. Sigríður átti Arnór Þórólfsson, p. b.: Jónar tveir.
    4. Torfi á Hafursá átti Guðrúnu Einarsdóttur prests á Valþjófsstað Magnússonar, p. b.:

sýslumann og svo eptir föður sinn norðurpartinn, svo hann hélt alla Múlasýslu lengi, einkum hafi hann tekið suður-

- 
- a. Asmundur.
  - b. Einar.
  - c. Jón.
  - d. Loptur. Son hans Torfi var um hrið í skóla.
  - e. Arndís átti Berg á Hafursá Einarsson prests á Valþjófsstað Þorvarðssonar, p. b.:
    - aa. Torfi prestur á Skorrastað († 1720) átti Guðrúnu Árnadóttur prests á Skorrastað Sigurðssonar.
    - bb. Bjarni.
    - cc. Guðrún átti séra Guðmund Högnason á Hofi í Álptafirði, og var eitt barna þeirra Bergur prófastur í Bjarnanesi, og er þaðan mikil ætt komin (Bergsætt).
  - f. Sesselja átti Ólaf Ketilsson prests Ólafssonar.
  - g. Málmfriður átti Jón á Eyjólfstöðum Páls-son Björnssonar sýslumanns Gunnarssonar, p. b.:
    - aa. Guðrún átti Jón Jónsson frá Vattarnesi.
    - bb. Arnfriður.
  - h. Margrét.
  - 5. Jón.
  - 6. Ásmundur.
  - 7. Auðunn.
  - 8. Kristín átti Þorvarð Guðbjartsson, p. b.:
    - a. Einar átti Guðrúnu Guðmundsdóttur úr Vopnafirði, p. b.:
      - aa. Málmfriður átti Ólaf Jónsson úr Skagafirði.
      - bb. Helga.
    - b. Kristín átti Magnús Jónsson á Hrafnkelsstöðum, p. b.:
      - aa. Jón átti Halldóru Eiríksdóttur prests í Vallanesi Ketilssonar, bl.
      - bb. Þorvarður átti Ólöfu Eiríksdóttur prests á Hallormsstað Bjarnasonar og f. k. hans Þórdísar Hjörleifsdóttur prests Er-lendssonar, áttu börn.
      - cc. Arndís s. k. séra Eiríks Bjarnasonar á Hallormsstað, p. b. Þorvarður
      - dd. Una átti Jón Eiríksson prests í Vallanesi Ketilssonar.
      - ee. Sigurður.

partinn 1513 og norðurpartinn 1528. Þó er þetta gáta mín. En víst er, að hann var orðinn Múlasýslumaður 1530, því þá finnst dómur, sem hann lét ganga<sup>1)</sup>. 1551 ritaði Friðrik<sup>2)</sup> konungur 3. honum ásamt öðrum höfðingjum að veita mótstöðu Jóni biskupi Arasyni. 1559

c. Steinunn.

d. Puriður.

Frá Þorvarði Guðbjartssyni og Kristínu Einarisdóttur Ásmundssonar eru komnar allfjöldmennar bændaættir í Austfjörðum.

9. Vilborg.

10. Arnfríður.

Enn voru synir Bjarna sýslumanns Erlendssonar og Guðríðar:

C. Bjarni.

D. Marteinn, dóu báðir ungir.

1) Þessi dómur Bjarna frá 1530 þekktist nú ekki. Bjarni hefur kvænzt Guðríði ungunni, því að 1522 er hann kvongaður, og farinn að búa á Ketilsstöðum eptir föður sinn. Fær hann þá (21. apríl 1522 á Ketilsstöðum) Fjörð í Seyðisfirði séra Jóni Markússyni til fullrar eignar með samþykki Guðríðar konu sinnar (Fbrs. IX, 72—74). Síðar gaf hann Þorsteini Finnbogasyni tengdaföður sínum umboð til að vera giptingarmaður Margrétar Erlendsdóttur systur sinnar, og var kaupmálabréf hennar og Páls Grimssonar gert í Reykjahlíð 8. nóv. 1523 (s. st. bls. 178—180). 9. ágúst 1526 á Skriðuklaustri er Bjarni í helmingadómi Ögmundar biskups um kærnu biskups til Snjólfss bónda Rafnssonar um hald á jörðinni Hólum í Reyðarfirði (s. st. bls. 372—373). Hefur Ögmundur biskup þá verið í visitazíu á Austfjörðum, og er sennilegt, að hann hafi þá gefið Vilborgu Loptsdóttur móður Bjarna kvitta um hördómsbrot hennar, þótt það bréf þekktist ekki nú, sbr. bréf Jóhanns Péturssonar hirðstjóra um sama efni 10. júlí 1527 (sjá hér áður). 12. apríl 1535 í Vallanesi gefur Einar prófastur Árnason Bjarna bónda Erlendssyni kvittunarbréf fyrir brot og misferli, er hann hafi kunnað að falla í og tíu marka máli nemur etc. Kveðst prófastur hafa sett honum hæfilegar skriptir, og fulla fésekt fengið (s. st. bls. 725—726), svo að í einhverjum stórdeilum hefur Bjarni átt um það skeið. Hvenær Bjarni hefur andazt er óvíst, en hann hefur orðið allgamall maður og lifað fram undir 1570. Guðríður kona hans var á lifi 1568, og virðist þá hafa verið ekkja, svo að sennilegt er, að Bjarni hafi andazt um 1567.

2) Á að vera Kristján.

meinast hann hafi og haldið ásamt Skaptárþing, því að í dómi þeim, er hann téð ár lét ganga á Bessastöðum kallast hann af dómsmönnum, heiðarlegur og velbyrðugur umboðsmann yfir öllum Austfjörðum. Hefur hann verið hinn mesti valdamaður. (Eg efa, að hann hafi að veitingu haldið Skaptárþing, utan ef vera kynni eitt eða tvö ár norðurpart þess, eða verið 1559 þar umboðsmaður, annaðhvort í forföllum Einars í Múla, eða þá hann sleppti völdum). Hann lifði 1566, og hefur máske haldið báðar sýslurnar fram undir 1570, einkum Múlasýslu alla. Hann varð maður háaldrður og einhver hinn duglegasti embættismaður á sinni tíð. Mælt er hann hafi verið héraðsrikur, sem stórhöfðingjum var þá títt. Fjargæzlumaður mun hann og hafa verið. 1542 tók hann próf í morðsmáli, sem Erlendur lögmaður Þorvarðsson lét um dæma á Egilsstöðum 1544.

### Markús Jónsson

bóndi, kongs umboðsmaður í Múlaþingi útnefndi 1540 fimmtudaginn næsta eptir Dýradag<sup>1)</sup> á þingstað réttum Egilsstöðum í Fljótsdalshéraði 6 manna dóm um morð Steingrims heitins Böðvarssonar sem ályktað var mundi hafa hlotið bana af völdum konu sinnar Sesselju Loptsdóttur<sup>2)</sup> eða þeirra þjónustumanns Bjarna Skeggjasonar<sup>3)</sup>.

1) P. e. 1. júní.

2) Þetta er Sesselja sú, er í Ísl. Þjóðsögum (II, 119—120) er nefnd Hamra-Setta; hafðist hún, samkvæmt sögninni, lengi við í helli einum ásamt fylginanni sínum (Bjarna Skeggjasyni), en síðar í Dyrkjöllum, og naut þá hjálpar Þorvarðs bónda Björnssonar í Njarðvík. En síðast átti henni að hafa verið gefið líf og hún gipzt aptur eystra. Í Þjóðsögunum er sagt, að þau Steingrímur og Sesselja hafi búið á Gilsárvellum í Borgarfirði.

3) Þessi Markús Jónsson, er dæmdu í morðsmálinu, er líklega sami maður og Markús á Viðivöllum, svili Bjarna sýslumanns Erlendssonar. Átti Markús Þóru Þorsteinsdóttur, systur Guðríðar konu Bjarna. Voru börn þeirra:

1. Jón á Viðivöllum ytri. Son hans:

a. Konráð. Hans son:

aa. Jón faðir Þórdísar í Dvergabæli (Ettatölubók Jóns Gunnlaugssonar bls. 68 í minni eign).



## Hjálmur Einarsson.

Öllum góðum mönnum, sem þetta bréf sjá eða heyra senda Vigfús Þorsteinsson, Nikulás Þorsteinsson, Þorsteinn Einarsson, Brynjólfur Jónsson, Loptur Kolbeinsson, Arnfinnur Þorkelsson kveðju guðs og sína, kunnugt gerandi, þá liðið var frá hingaðburð vors herra Jesu Christi 1552 ár á Ásbrandsstöðum í Vopnafirði, þriðjudaginn næstan fyrir Mariumessu ena síðari<sup>1)</sup> vorum vér í dóm nefndir af velbornum dandismanni *Torfa Þorsteinssyni*, er þá hafði löglegt umboð fengið af réttum kongsumboðsmanni í Múlaþingi Hjalmi Einarssyni þing að setja og dóm að nefna, lög og rétt að gera yfir öllum málum, sem þar væru kærð eða framborin etc.

NB. Pennan Hjálm Einarsson eða hans ætt þekki eg ei og ekki annað um hann en hér tjáir. Sýnist sem hann hafi haft að veitingu part sýslunnar um hrið<sup>2)</sup>.

Af dóminum sést, að Torfi Þorsteinsson var 1552 umboðsmaður Hjalms, en bræður Torfa: Vigfús, er seinna varð sýslumaður í Þingeyjarþingi og Nikulás, er seinna fékk Munkaþverárklostur voru fyrstu meðdómsmenn.

2. Ingibjörg átti Brynjólf á Höskuldsstöðum í Breiðdal, p. b. mörg, þar á meðal: Gunnsteinn, Sturla, Árni, Opía og Kristín (í Sýslum.æf. I, 65 er hún ranglega nefnd Katrín), er átti Guðmund Bessason á Melrakkanesi og voru börn þeirra: Narfi prestur í Möðrudal, Bessi sýslumaður á Skriðuklaustri, Jón í Papey, Brynjólfur í Melrakkanesi, Þorsteinn, Steingrímur og Ólöf, er átti séra Þorlák Eiríksson á Þvottá († c. 1694).

1) 6. sept.

2) Hjálmur þessi er eflaust Hjálmur Einarsson, er síðar var prestur á Hólmum (1554—1573) og svo á Kolfreyjustað (1573—1592), og lifði nokkuð fram yfir 1600, jafnvel heimild fyrir, að hann hafi verið á lífi 1616. Hefur hann verið mjög ungur, líklega rúmlega tvítugur 1552. Faðir hans var séra *Einar Árnason* í Vallanesi, officialis á Austfjörðum um 30 ár, og hinn mikilhæfasti. Hann dó 9. júlí 1585, 87 ára gamall. Hélt hann »Austfjarðasýslu« (p. e. Múlaþing) um 1552—1553, (sbr. reikninga Eggerts Hannessonar A. M. 264 fol.), og sennilegt, að hann hafi þá látið Hjálm son sinn reka sýsluna fyrir sig, en líklega hefur hvorugur þeirra feðga haft konungsveitingu fyrir sýslunni.

Þessi Torfi átti Guðrúnu Magnúsdóttur, systur Halls skálds<sup>1)</sup>).

### Eiríkur Árnason.

*Faðir:* Árni<sup>2)</sup> son séra Brands á Hofi í Vopnafirði, seinna priors á Skriðuklaustri, Rafnssonar lögmanns Brandssonar frá Barði Halldórssonar (sjá Húnavatnssýslu).

*Móðir:* Úlfheiður Þorsteinsdóttir sýslumanns Finnboga-sonar lögmanns.

*Kona:* Guðrún dóttir Árna Péturssonar Loptssonar (sjá Strandasýslu).

*Barna* ekki getið nema Guðlaugar konu Þórðar á Bustarfelli<sup>3)</sup>).

Eiríkur tók Skriðuklaustur og hélt það lengi. 1566 um vorið mánudaginn næstan fyrir krossmessu nefndi hann 12 menn í dóm að Egilsstöðum um meinsæri og samband visvitandi meinbuga. (1553 fékk séra Einar Árnason Kirkjubæjarklaustur fyrir 40 rd. afgjald og Skriðuklaustur fyrir 30 rd. afgjald; sýnist sem Eiríkur hafi þar næst tekið Skriðuklaustur). Eiríkur hefur tekið Múlaþing nálægt 1570 eða þar um bil. 1573 að Egilsstöðum voru í dóm nefndir 5 lögréttumenn og 7 leikmenn af prófasti og Eiríki Árnasyni sýslumanni yfir Austfjörðum um vetr-

---

1) Dóttir Torfa Þorsteinssonar var Þorbjörg, er átti séra Ogmund Jónsson á Svalbarði í Pistilfirði og voru börn þeirra: Jón, Torfi og Jón prestur á Hofi í Vopnafirði, er átti Málmfriði Björnsdóttur frá Laxamýri, og voru börn þeirra: Oddur lögréttu- maður í Sunnudal og Syðrivík, Ögmundur, Sigríður, Guðrún, Þorbjörg, Þórdís og Ingibjörg, s. k. Stígs Þórarinssonar á Arnheiðarstöðum, bl.

[Í prestaæfum séra Jóns Halldórssonar er sagt, að Þorgerður dóttir séra Jóns hafi átt Þormóð Einarsson í Súlholti í Flóa, en Snókdalin nefnir konu Þormóðs Þorbjörgu Ögmundsdóttur, og er því líklegra, að hún hafi heitið Þorbjörg, (en ekki Þorgerður), og verið dóttir séra Jóns Ögmundssonar].

2) Árni bjó á Bustarfelli.

3) Guðlaug var ekki dóttir Eiríks, því að hann var bl., heldur systir hans.

arseli á ís fyrir annars landi, dæmdust selirnir þess, er land ætti, ef í fiskhelgi væru.

Eiríkur var kallaður prestahatari, því hann tók presta í hald<sup>1)</sup>. En kona hans bætti úr öllu, sem hún mátti og bataði hann. En hún deyði nálægt 1576 eða seinna.

1577 varð Eiríkur að bæta Jóhanni Bucholt fyrir afbrot sín 300 rd. specie. Var Eiríkur þá í Kaupmannahöfn, er hann lofaði Bucholt þessum 300 rd. Nálægt 1580 sleptti Eiríkur sýslunni og fór utan til Hamborgar 1587, gipti sig þar í annað sinn og kom ei til Íslands síðan. Veitti þá Jóhann Bucholt Jóni Einarssyni Skriðuklaustur, því að Eiríkur mun hafa sleppt klaustrinu 1586, en sýslunni fyrri.

### Sigurður Jónsson

lét dóm ganga að Egilsstöðum í Fljótshéraði 1579 um skattgjald þeirra, er missa fé sitt um vetur. 1580 nefnist hann sýslumaður í Múlaþingi. Veit eg ei annað um hann og meina hann hafi ei verið annað en millibilssýslumaður eða lögsagnari<sup>2)</sup>.

### Björn Gunnarsson.

*Faðir:* Gunnar Gíslason á Viðivöllum sýslumaður (sjá Hegranesþing).

*Móðir:* Guðrún Magnúsdóttir prests Jónssonar biskups Arasonar.

*Kona fyrri:* Guðlaug Árnadóttir<sup>3)</sup>.

1) Það var séra Hallur Högnason í Kirkjubæ, ribbaldi allmikill, er Eiríkur átti sérstaklega í höggi við og beitti harðræði við.

2) Þessi Sigurður Jónsson hefur verið Sigurður á Svalbarði, bróðir Stadarhóls-Páls og þeirra bræðra. Það sést af bréfi, sem ritað er þar á Svalbarði 27. sept. 1577, og er það útnefning Sigurðar Jónssonar kongsumboðsmanns í Múlaþingi 19. ágúst s. á. undir Ási í Fellum, þar sem hann skipar menn til að skipta arfi Eiríks heitins Snjólfssonar milli 4 dætra hans skilgetinna: Vilborgar, Halldóru, Ólafar og Þorgerðar, en móðurarfi var skipt áður. (Eptir bréfaafskriptum J. Ól. Grv. A. M. nr. 66 <sup>8vo</sup>).

3) Guðlaug var ekki kona Björns Gunnarssonar, heldur tengdamóðir hans, móðir Ragnhildar Þórðardóttur. Björn sýslumaður var að eins einkvæntur.

- Barn:* A. Páll, um hrið Skriðuklausturshaldari eða umboðsmaður þess, var lögréttumaður og bjó á Egilsstöðum (alii Eyjólfstöðum<sup>1</sup>). Aðrar ættir telja Pál son Ragnildar, en sleppa Björns fyrri konu<sup>2</sup>). 1635 var Páll umboðsmaður Bjarna sýslumanns Oddssonar) átti Þuríði dóttur Árna á Eiðum Magnússonar, þ. b.:
1. Árni átti Þóru dóttur séra Einars á Valþjófsstað (dó 1657) Þorvarðssonar, þ. b.:
    - a. Páll átti Þuríði Jónsdóttir.
    - b. Vilborg átti Svein á Svínafelli Jónsson og börn<sup>3</sup>).
    - c. Guðrún.
  2. Jón, átti Málfríði Torfadóttur Einarssonar á Hafursá, þ. b.:

- 
- 1) Það er réttara.
  - 2) Það er rétt, en hitt rangt.
  - 3) Börn Sveins og Vilborgar voru:
    - a. Magnús prestur í Stóradal átti Þórunni yngri Björnsdóttur, systur séra Þorleifs á Hofi í Álptafirði, þ. b.:
      - aa. Sigurður prestur í Miklholti átti Karítas Bjarnadóttur stúdents á Móeidarhvoli Þórðarsonar og börn.
      - bb. Björn í Eyvindarholti átti Þorbjörgu Daðadóttur prests í Reynisþingum Guðmundssonar og börn.
      - cc. Ólóf átti Þorlák Freysteínsson.
      - dd. Sveinn á Fitjamýri.
      - ee. Þórdís s. k. Jóns Högnasonar á Tjörnum.
    - b. Sigurður prestur í Heydölum, átti Hallgerði Árnadóttur prests Álfssonar, og er afkomenda þeirra áður getið III, 423—425.
    - c. Guðrún átti Hannes Ásbjörnsson, þ. b.: Jón í Selsundi og Bjarghildur.
    - d. Ásmundur á Svínafelli átti Ragnhildi Jónsdóttur eldra í Skaptafelli Einarssonar s. st. Jónssonar s. st. Sigmundssonar, systur Einars smíðs í Skaptafelli og Eyjólf græðara. Voru þremmingar að frændsemi.
    - e. Guðlaug s. k. Ingimundar Sveinssonar í Botnum í Meðallandi.
    - f. Jón í Bæ í Lóni. Hans dóttir:
      - aa. Vilborg átti Gísla Eiríksson frá Flatey í Hornafirði.
- Sveinn á Svínafelli maður Vilborgar Árnadóttur var son Jóns í Svínafelli Jónssonar í Skaptafelli Sigmundssonar.

- a. Arnfriður.
- b. Guðrún.
- 3. Ingibjörg átti Loft Torfason Einarssonar, þ. b.:
  - a. Torfi.
- 4. Guðrún átti Magnús Arngrímsson úr Njarðvík, þ. b.:
  - a. Bjarni.
  - b. Vilborg.
  - c. Páll, dóu öll bl.
  - d. Jón giptist.
  - e. Einar lögréttumaður í Njarðvík átti konu og börn<sup>1</sup>).
  - f. Árni giptist og átti börn.
- 5. Arnfriður átti Bjarna Högnason<sup>2</sup>), þ. b.:
  - a. Vilborg átti Eirík Bjarnason<sup>3</sup>).
  - b. Bjarni.
- 6. Solveig átti Guðmund.
- 7. Guðrún yngri átti Þorbjörn Sveinsson<sup>4</sup>), bl.

*Kona seinni:* Ragnhildur dóttir Þórðar á Bustarfelli Björnssonar á Eyvindará Jónssonar, þ. b.:

B. Jón, hélt Skriðuklaustur og tók Gísli Magnússon það eftir hann 1649. Hann dó 1657, átti Margrétu dóttur séra Odds Þorkelssonar á Hofi, en systur Bjarna sýslumanns Oddssonar. Þau voru sammæðra við Þorbjörgu, sem átti Pétur sýslumann Pálsson á Staðarhóli<sup>5</sup>), þ. b.:

---

1) Þetta er rangt og er málum blandað við Einar Magnússon digra í Njarðvík, bræðrunng Magnúsar Arngrímssonar (sjá áður).

2) Sjá bls. 593.

3) Eiríkur var son Bjarna sýslumanns Eiríkssonar á Búlandi (sjá Skaptafellssýslu).

4) Þorbjörn bjó í Arnanesi í Hornafirði.

5) Margrét kona Jóns Björnssonar var ekki alsystir Bjarna sýslumanns Oddssonar, heldur hálsystir hans, dóttir séra Bjarna Högnasonar (ekki Finnbogasonar) á Hofi í Vopnafirði og Ingi-

1. Guðrún átti Ásmund Jónsson á Orm(ar)sstöðum í Fellum, þ. b.:
  - a. Oddur átti Arndísi Rögnvaldsdóttir (sjá síðar).
  - b. Jón átti Ingunni Vigfúsdóttur, þ. b.:
    - aa. Vigfús.
    - bb. Jón.
    - cc. Ásmundur.
  - c. Pétur átti Þorbjörgu Vigfúsdóttur frá Hofi og mörg börn.
  - d. Ragnhildur.
  - e. Málfríður.
  - f. Árnfríður átti séra Ólaf Sigfússon á Refstað.
  - g. Anna átti Hjalta stúdent Jónsson í Meðalnesi í Fellum, bl.
  - h. Ingibjörg átti Árna Hildibrandsson (sem komst í barneignamál) og mörg börn.
  - i. Solveig átti Gunnlaug Sveinsson.
2. Séra Hinrik á Stöð, dó 1657, átti Margrėti dóttur séra Bjarna Jónssonar sama staðar, þ. b.:
  - a. Sigríður<sup>1)</sup>.
  - b. Margrét<sup>2)</sup>, giptust báðar og áttu börn.

---

bjargar Vigfúsdóttur, er síðar átti séra Odd Þorkelsson. Jón Gunnlaugsson á Skjöldólfsstöðum telur hiklaust Margrėti Bjarnadóttur, en ekki Oddsdóttur, sbr. og dóm frá 1621 (Tímar. J. P. II, 53—54). Þau Jón og Margrét hafa verið 3. og 4. að frændsemi (frá Þorsteini Finnbogasyni), en ekki þremmingar, sbr. Tímar. J. P. II, 53, þar sem einn lið vantar inn í Jóns megin, því að hann var ekki son Guðlaugar Árnadóttur, heldur dótturson hennar.

1) Sigríður átti séra Narfa Guðmundsson í Möðrudal, þ. b.:  
a. Herborg.

2) Margrét var s. k. Styrbjarnar á Eyvindará Einarssonar Styrbjarnarsonar prests í Hofteigi Jónssonar, þ. b.: Ásmundur, Einar, Gróa.

3. Margrét átti Þorbjörn Marteinson<sup>1)</sup>, þ. b.:
  - a. Högni<sup>2)</sup> átti Arnfriði Torfadóttur og börn.
  - b. Jón átti fyr Sigríði<sup>3)</sup>, bl., svo Guðnýju og börn.
  - c. Hinrik átti Steinunni Halldórsdóttur og börn.
  - d. Marteinn drukknaði 1678.
  - e. Þórður.
4. Séra Einar á Skarði í Meðallandi<sup>4)</sup> átti Sesselju dóttur séra Bjarna Jónssonar á Stöð, þ. b.:
  - a. Bjarni umboðsmaður Brynjólfs biskups, ókv. bl.<sup>5)</sup>.
  - b. Séra Bjarni yngri átti Guðrúnu dóttur séra Stefáns<sup>6)</sup>.

1) Þorbjörn var son Marteins á Álptanesi Halldórssonar s. st. Marteinsonar biskups.

2) Högni bjó á Álptárósi á Mýrum. Son hans og Arnfriðar var Jón prestur í Hitarnesþingum († 1764).

3) Hún var Guðmundsdóttir, en Guðný s. k. Jóns var dóttir Sigurðar Oddssonar á Hamri.

4) Séra Einar son Jóns Björnssonar á Skriðuklaustri var fyrst prestur á Skriðuklaustri, en síðar í Ási í Fellum († c. 1690), og átti Sesselju Bjarnadóttur frá Stöð, en hann var ekki prestur í Meðallandsþingum, heldur var það annar séra Einar Jónsson og að mun eldri, þótt þeim nöfnum sé slengt saman, bæði í prestatölum og ættatölum. Séra Einar í Meðallandsþingum var faðir Snjólfs prests á Seltjarnarnesi († 1667).

5) Bjarni eldri var skólagenginn, mun síðast hafa búð í Húsavík í Norður-Múlasýslu, og komst í fátækt.

6) Þ. e. séra Stefáns Ólafssonar prófests í Vallanesi. Börn hennar og séra Bjarna:

- a. Einar aðstodarprestur á Hofi í Vopnafirði 1721, dó ókv., bl., líklega um 1723. Var trúlofaður Gróu dóttur Björns sýslumanns Péturssonar á Bustarfelli.
- b. Stefán var allengi í Skálholtsskóla, hætti við nám.
- c. Guðrún átti Jón prest á Hjaltastað († 1779) Oddsson frá Búlandsnesi Jónssonar og börn.
- d. Sesselja átti séra Þórarinn Jónsson á Skorrastað og börn.

- c. Sigríður átti Berg Einarsson lögréttu-  
mann á Hafursá.
- d. Guðríður átti Pétur Einarsson Magn-  
ússonar í Njarðvík<sup>1</sup>).
- 5. Sigurður á Egilsstöðum í Héraði átti  
Margrėti dóttur séra Bjarna, en systur  
Sesselju<sup>2</sup>), þ. b.:
  - a. Séra Gísli átti Þórunni dóttur séra Jóns  
Bessasonar<sup>3</sup>).
- 6. Björn.
- 7. Jón.
- 8. Sigríður.
- 9. Guðlaug átti Bjarna Jónsson, þ. b..
  - a. Anna.
  - b. Hildur.
- C. Þórunn Björnsdóttir átti Bjarna sýslumann  
Oddsson á Bustarfelli (sjá síðar).  
Ragnhildur átti síðar Snæbjörn<sup>4</sup>) son  
Fjalla-Þórðar. Hann eyddi fé hennar.

Björn meinast hafa tekið alla Múlasýslu eptir Eirík Árnason um 1580. En víst er, að 1585 finnst dómur hans um kirkjuskuld og málakonu. Sama ár sýnist hann og hafa haldið Skaptafelssýslu, því að hann var um allan Austfirðingafjórðung í visitazíu með sonum Gísla biskups og gerði opt sýslumannsverk. 1586 lætur Björn sýslu-  
maður dóm ganga á Egilsstöðum um peninga Vilborgar

---

1) Enn er talin dóttir séra Einars og Sesselju:

e. Margrét átti Skúla lögréttumann á Hafrafelli  
Sigurðsson Þorgrimssonar í Krossavík Guð-  
mundssonar.

2) Þetta er ekki rétt, þótt svo sé almennt talið (sbr. Tímar.  
J. P. II, 54). Margrét kona Sigurðar á Egilsstöðum var dóttir  
séra Bjarna Ormssonar á Kolfreyjustað, en ekki séra Bjarna á  
Stöð.

3) Séra Gísli var prestur á Refstað, dó 1679. Hann var tví-  
kvæntur. S. k. hans Ingibjörg Vigfúsdóttir prófasts á Hofi í  
Vopnafirði Árnasonar.

4) Hann hét Sæbjörn og var vinnumaður Ragnhildar, áttu  
pau son, er Björn hét, og bjó hann í Vopnafirði.



Bjarnadóttur. Fyrir 1590 hefur hann verið búinn að sleppa Skaptárþingi, hafi hann nokkur tíma haldið það sem sýslumaður, hvað þó ei er fullvíst. 1592 eða 1593 meina eg hann hafi misst Múlaþing, sem hann hafði allt haldið. Ei er ljóst fyrir hverja orsök hann missti það. Þó er að ráða af orðum séra Einars vinar hans í Heydölum Sigurðssonar, að hann hafi að óvilja sínum sleppt því, er séra Einar kveður þannig:

Björn Gunnarsson, guðs vinur sannur,  
festi við Einar fullar ástir.  
Sá var tekinn af sýsluráðum,  
Umskipti þau Einar sturluðu.

Hans dauða bar svo til: Nálægt 1603 eða 1602 lét Björn flytja sig yfir Jökulsá hjá Kirkjubæ í Útmanasveit. Þá kom jaki á flata ferjuna og hvolfdi henni. Fannst ei Björn síðan<sup>1)</sup>. Eftir það Björn tók Múlaþing bjó hann fyrst á Ásbrandsstöðum, en þá hann var giptur sinni seinni konu og erfði með henni Bustarfell og fleiri jarðir, flutti hann að Bustarfalli og bjó þar síðan. Er mælt hann hafi gefið Þórunni dóttur sinni þá jörð auk skipta, og því náði Bjarni Oddsson þeirri jörðu. Annars var Björn Gunnarsson maður auðugur og vel á sig kominn í mörgu.

### Erlendur Magnússon.

*Faðir:* Magnús á Suður-Reykjum Þorvarðsson s. st. Þórólfssonar Eyjólfssonar á Hjalla, sem átti Ásdísi, systur Ögmundar biskups.

*Móðir:* Þóra Sigurðardóttir frá Einarsnesi sonar Jóns

1) Um fráfall Björns sýslumanns er greinilegast og áreiðanlegast sagt í máldagasafni og minnisbók Odds biskups í safni A. M. 259 4to bl. 84b. Þar segir svo:

»Anno 1602 viku fyrir Bótólfsmessu [p. e. 10. júní] var hann á ferð heimleiðis til Vopnatjarðar og fór á flutningi þar út við ósinn á Jökulsá og þýzkur piltur með honum og ferjumaðurinn, en ekki fleiri. Var áin ekki vel flutningsfær og rak skipið út í sjó og sló yfir þoku, svo ekki sást til þeirra meira. En árarnar fundust þar litlu eftir og hattur af piltinum, en hafis var fyrir landi etc. — — — (sá sem flutti hét Jón í Húsey)«. Í Ísl. Ártíðaskrám bls. 133 er og ártíð Björns sýslumanns talin 10. júní (1602).

Magnússonar og Þorlaugar dóttur séra Ólafs<sup>1)</sup> Kolbeinssonar í Saurbæ<sup>2)</sup>.

*Kona:* Þórdís dóttir Hinriks Gerkens klausturhaldara og sýslumanns (sjá Strandasýslu). Þórdís átti barn ógipt, erfði hún systkin sín og varð vel auðug, þótti stórlynd. Aðrar ættatölur og æfi-ágríp Þormóðs Torfasonar (eptir Worm) segja, að Þórdís kvinna Erlends hafi verið dóttir Magnúsar og Jarþrúðar Oddleifsdóttur<sup>3)</sup>. En eg held það fyrra sannara, vegna ættarnafna á Erlends börnum.

*Börn:* A. Hinrik átti Ástriði dóttur Sigurðar lögrettumanns Jónssonar í Einarsnesi og Ragnhildar Ásgeirsdóttur prests frá Lundi, þ. b.:

1. Guðrún átti barn ógipt, giptist síðan Erlendi (alii Egli)<sup>4)</sup> Gottskálkssyni, kallaðan(!) Hallóttuson.
2. Ingibjörg átti og barn ógipt, átti seinna Bjarna Gottskálksson, kallaðan Hallóttuson, þ. d.:
  - a. Þórdís. (Þeir Hallóttusynir voru tudda-ættar og lítið varð úr þessara systra afkomendum).
3. Guðriður hjágetin, átti Jón kallaðan Nikulásson Ásgeirssonar, (varð almúgafólk), Hinrik varð brutlunarmaður, sóaði eignum

---

1) Í hdr. stendur séra Eyjólfis, sem vitanlega er ritvilla og er því leiðrétt.

2) Erlendur sýslumaður er hér talinn alveg skakkt til ættar. Það er enginn vafi á, að hann var son Magnúsar Jónssonar á Núpi í Eystrihrepp og Guðrúnar Erlendsdóttur frá Stóruvöllum Jónssonar sýslumanns í Vaðlaþingi Ásgrímssonar. En kona Erlends á Stóruvöllum var Guðný dóttir Torfa ríka í Klofa (sbr. II, 292—293 og hér áður bls. 2:2—223).

3) Jarþrúður var Bjarnadóttir, og Þórdís var ekki dóttir hennar og Magnúsar. Sjá nánar um þetta II, 292—293. Úr hdr. Boga á þessum stað er sleppt þýðingarlausri og villandi athugasemd um þær mæðgur Jarþrúði og Þórdísi.

4) Hann hét Egill.

sinum í hestakaup og ýmislegt. Móður sinni seldi hann 10 hndr. í Svignaskarði, sem hann hafði erft.

B. Torfi sýslumaður (sjá Árnesþing).

C. Anna átti fyrir Ásgeir Björgólfsson Ásgeirssonar og Sesselju Halldórsdóttur<sup>1)</sup>, þ. b.:

1. Guðrún átti Jón á Hjalla Jónsson Teitssonar og börn<sup>2)</sup>.

2. Kristín átti Árna Jónsson á Gullsmiðsreykjum<sup>3)</sup>, þ. b.:

a. Ragnhildur.

b. Þórdís.

c. Oddný.

d. Guðrún.

3. Gróa átti Ólaf Stefánsson, þ. b.:

a. Ásgeir.

b. Ragnhildur.

Anna giptist aptur Vigfúsi Eiríkssyni í Ási, bl. Anna giptist þriðja sinn Þorgeir Jónssyni, bl.

D. Sigríður átti séra Einar Guðmundsson á Stað á Reykjanesi, hans seinni kona, þ. b.:

1. Séra Erlendur í Hjarðarholti átti Ragnhildi Þórólfsdóttur, bl.

2. Guðmundur á Tindum átti Halldóru Jónsdóttur, þ. b.:

a. Einar.

b. Jón<sup>4)</sup>.

1) Á að vera: Hallsdóttur sbr. III, 334.

2) Son þeirra var Ásgeir skrifari Þormóds Torfasonar, og siðar héraðsfógeti í Noregi († 27. júní 1707).

3) II, 329. S. m. Kristínar var Jón sýslumaður Runólfsson á Hjarðarfelli (III, 275).

4) Son Jóns Guðmundssonar var Latinu-Bjarni eða Bjarni djöflabani á Knerri í Breiðuvík († 1790), nafnkunnur maður á sinni tíð, hafði verið um hrið í Skálholtsskóla, er þar veturna 17.0—31 og 1731—32, því að það er enginn vafi á, að hann er sá Bjarni Jónsson, sem er þar neðstur í neðri bekk (sem nýsveinn)

- c. Sigríður.  
 l. Guðný.
3. Hannes á Kleifum átti Vigdísu Jónsdóttur, systur Halldóru, er bróðir hans átti, (dætur Jóns í Firði), þ. b.:
- a. Þorleifur í Breiðadal í Önundarfirði.  
 b. Einar.  
 c. Halldóra.  
 d. Valgerður.  
 e. Þórður í Dritvík<sup>1</sup>).
4. Þorleifur á Tindum átti Guðrúnu Halldórsdóttur<sup>2</sup>), þ. b.:
- a. Séra Ísleifur á Eyri<sup>3</sup>).  
 b. Einar átti 2 launbörn, illa ræmdur<sup>4</sup>).  
 c. Bóthildur átti Lopt snikkara í Króksfirði<sup>5</sup>).
- Séra Einar á Stað átti fyr Þóru Finns-

eptir nýár 1731, og er þá talinn á 22. ári. Er því fæddur um 1709 (Lbs. 207 <sup>410</sup>).

1) S. k. Hannesar Einarssonar á Kleitum var Ragnhildur Þórðardóttir, systir séra Björns á Signýjarstöðum (áður prests í Reynisþingum).

2) Eptir lát Þorleifs átti Guðrún barn, er Teitur hét, með séra Einari Torfasyni á Stað í Steingrímsfirði, og varð úr því mikill málarekstur og langvinnar flækjur. Guðrún var dóttir Halldórs Helgasonar í Arnarholti og Elizabetar Ísleifsdóttur frá Saurbæ.

3) Séra Ísleifur átti Sigríði Jónsdóttur prests á Stað í Súgandafirði Torfasonar og voru börn þeirra:

- a. Guðmundur prestur í Nesþingum († 1758) átti Valgerði Halldórsdóttur frá Gilsfjarðarmúla Sighvatssonar, þ. b. Elizabet.  
 b. Helga átti Þorvald Jónsson í Haukadal í Dýrafirði, bl.  
 c. Torfi prestur á Stað í Súgandafirði († 1735) átti Guðrúnu Eiríksdóttur, þ. b.: Jósep í Bæ í Súgandafirði, Guðrún átti séra Friðrik Guðmundsson í Borgarþingum og Elizabet átti Sígurð Jónsson frá Kirkjubóli í Skutulsfirði.

4) Einar var illa pokkaður, komst til Austfjarða, bjó á Bóndastöðum og eru ættir frá honum þar eystra.

5) Synir Lopts snikkara Jónssonar og Bóthildar voru: Þorleifur á Brekku í Gilsfirði og Sígurður á Skerðingsstöðum.

dóttur frá Flatey, börn: séra Guðmundur, Tyrfingur, Kristín. Séra Einar missti seinast Stað og prestsembætti<sup>1</sup>).

E. Steinunn átti launbarn með Árna Sigurðs-syni:

1. Sigríður varð fyrsta kona séra Sigurðar Árnasonar<sup>2</sup>) (sjá síðar).

Þórdís átti síðar Jón Oddsson í Reykjavík, þeirra börn: 1. Guðrún. 2. Jarprúður. 3. Úlfhildur og mäske 4. Hinrik áðurnefndur. 5. Guðrún<sup>3</sup>).

(Sumar ættatölur segja, að Guðrún eldri, sem átti Þorvald son Skúla Einarssonar á Eiríksstöðum í Svartárdal og með honum mörg börn hafi verið dóttir Þórdísar og Erlends sýslumanns og Hinrik hafi líka verið þeirra son<sup>4</sup>). En Guðrún yngri dóttir Þórdísar og Jóns átti fyr Salómon Björgólfsson, en síðar Magnús Eiríksson<sup>5</sup>).

Erlendur bjó fyr á Stóruvöllum í Rangárþingi og var haldinn maður harðger og ásælinn. Séra Ormur Ófeigsson og hann áttu mál saman. 1591, 8. maí hélt Oddur biskup og Eyjólfur sýslumaður Halldórsson með 12 dómsmönnum þar um þing í Skarði á Landi, kлагаði séra Ormur, að Erlendur hefði í kirkjunni á Stóruvöllum rífið hökul og illyrt sig. En hinn bar sakir ýmsar á prest, svo lítið var gert úr málum, og féllu þau niður. 1592 gerð-

---

1) Séra Einar var á lífi 1649 og er þá í Garpsdal, ásamt Tyrtingi syni sínum, (sbr. skjöl um hyllingareida til Friðriks konungs 3. í Ríkisskjalasafni Dana).

2) Þetta er skakkt, sjá hér síðar.

3) Sjá um börn Þórdísar og s. m. hennar Jóns Oddssonar frá Hrauni á Eyrarbakka Oddssonar Grímssonar II, 295. Jón var bróðir séra Odds á Reynivöllum.

4) Það er rétt, og er Guðrún kona Þorvalds hér vantalin meðal barna Erlends sýslumanns og Þórdísar.

5) Þetta er ekki nákvæmt, því að tvær Guðrúnar voru dætur Þórdísar og s. m. hennar, og átti hin eldri Salómon, en hin yngri Magnús, sbr. II, 295.

ist Erlendur lögsagnari Þórðar lögmanns. Sama ár (1592) fékk Erlendur Múlaþing og setti þar *Jón Einarsson* sinn fullmektugan til 1593, þá hann sjálfur við tók. En það tilféll 1594, að enskt skip hafði laskazt í Stöðvarfirði og yfirgáfu enskir það þar. 1595 átti Hákon sýslumaður Árnason að láta þar um dóm ganga. Hann dæmdi málið undir lögréttuna, þar Erlendur helði til sín tekið skipið sem vogrek. Lét því Brostrup Gedde á alþingi úr skera, hverjum skipið tilheyrði og dæmdu dómendur það konungi. Varð því Erlendur fyrir útlátum og nálægt 1598 hefur hann misst sýsluna, eða nokkru seinna. Hann mun ekki hafa haldið utan suðurpart sýslunnar. Nálægt þeim tíma er sagt hann hafi fengið Skriðuklaustur og það hafi þá brunnið. Komst hann upp á ný í basl út af því, þar hann átti það upp aptur að byggja af sjálfs síns kostnaði. Er sögn hann hafi þá ætlað á kongsfund og farið utan með Hamborgurum, en þá hann hafi komið til Hamborgar hafi hann þar andazt. Sýnist sem það hafi verið um eða eptir 1600, það til líkinda, að Torfi son hans var fæddur 1599<sup>1</sup>).

### Einar Magnússon.

- Faðir:* Magnús Þorvarðsson í Njarðvík Björnssonar skafins. Þeim Birni gaf Margrét Þorvarðsdóttir á Eiðum dóttur sína og Njarðvík<sup>2</sup>).
- Kona:* Ingveldur Pétursdóttir<sup>3</sup>).
- Börn:* A. Hallur lögréttumaður, átti Guðrúnu dóttur séra Höskulds Einarssonar í Heydölum, þ. b.:
1. Arngrímur.
  2. Höskuldur.
  3. Brandur.

---

1) Réttara mun, að Torfi sé fæddur á Skriðuklaustri 1598 »að afgangnum föður sínum« (sbr. Ísl. Ártíðaskrár bls. 249). Hefur Erlendur sýslumaður því eflaust andazt 1598, nokkru áður en Torfi fæddist.

2) Kona Björns var Hólmfríður Þorvarðsdóttir, systir Margrétar, en ekki dóttir hennar, sjá hér áður.

3) Hún dó snemma árs 1675.

## 4. Guðmundur. Hans son:

## a. Einar. Hans son:

aa. Hallur í Njarðvík, átti Vilborgu dóttur séra Eiríks Sölvasonar í Þingmúla, þ. b.:

× Eiríkur á Stóra-Steinsvaði átti Ingibjörgu Sigurðardóttur, þ. b.:

×× Vilborg<sup>1</sup>).

×× Þórunn<sup>2</sup>).

×× Jarþrúður<sup>3</sup>).

×× Guðlaug<sup>4</sup>).

×× Kristín<sup>5</sup>).

---

1) Vilborg átti Þorvarð á Höskuldsstöðum í Breiðdal Gíslason frá Njarðvík Halldórssonar prests á Desjarmýri Gíslasonar, þ. b.:

a. Gísli á Höskuldsstöðum átti fyr Helgu Einarsdóttur, þ. b.:

aa. Guðlaug átti Gísla Benediktsson á Hofströnd.

S. k. Gísla Þorvarðssonar Ingibjörg Einarsdóttir á Stóra-Steinsvaði Gíslasonar, þ. b.:

bb. Einar á Höskuldsstöðum átti Guðrúnu Helgu Jónsdóttur frá Gílsá Einarssonar prests á Desjarmýri Jónssonar, þ. b.:

aaa. Magnús dýralæknir í Rvík, kvæntur Ástu dóttur Lárusar E. Sveinbjörnssonar háyfirdómara (sjá hér áður bls. 192).

bbb. Ragnheiður gípt Björgvín Vigfússyni sýslumanni á Efra-Hvoli (bls. 521).

ccc. Vigfús í Mjóanesi í Skógum.

cc. Guðbjörg átti Hóseas Bjarnason í Jórvík í Breiðdal.

b. Brynjólfur.

c. Helga átti Gunnlaug Bjarnason í Flögu, þ. b.:

aa. Helgi faðir Gísla verzlunarmanns í Rvík, er átti Valgerði Freysteinsdóttur frá Þurá.

d. Ingibjörg.

e. Ragnheiður.

2) Þórunn átti Jón í Bót Jónsson prests í Vallanesi († 1783) Stefánssonar prests Pálssonar, þ. b.: Hólmfríður, Margrét, Guðlaug.

3) Jarþrúður átti Eirík Jónsson á Egilsstöðum, bróður Jóns í Bót, og börn.

4) Guðlaug átti fyr Eirík Gíslason frá Njarðvík, bróður Þorvarðs á Höskuldsstöðum, og börn, en síðar Guðmund Þorsteins-son og börn.

5) Kristín átti Jón Stígsson.

- × × Sigurður<sup>1)</sup>).
- × Sigurður átti Þuríði Björnsdóttur<sup>2)</sup>, þ. b.:
- × × Björn<sup>3)</sup>).
- × × Hallur<sup>4)</sup>).
- × × Einar.
- × × Vilborg<sup>5)</sup>).
- × × Solveig<sup>6)</sup>).
- × Jarþrúður átti Finn Guðmundsson<sup>7)</sup>, þ. b.:
- × × Séra Sigfús í Hofteigi<sup>8)</sup>).
- × × Guðmundur<sup>9)</sup>).
- × × Þorgrímur<sup>10)</sup>).

1) Sigurður átti Ólöfu Sigurðardóttur frá Kollstöðum og börn.

2) Hún var dóttir Björns lögréttumans í Bøðvarsdal Ólafssonar prests í Kirkjubæ Ásmundssonar.

3) Björn bjó á Ketilsstöðum í Jökulsárhlið. Son hans var Stefán sýslumaður í Árnassýslu (bls. 371—373).

4) Hallur í Sleðbrjótsseli átti Guðrúnu Sigfúsdóttur prests í Ási Guðmundssonar og börn.

5) Vilborg átti Odd Eiríksson á Surtstöðum, þ. d.: Þórunn átti Jónatan Pétursson á Eiðum.

6) Solveig átti Tómas Guðmundsson frá Hallgilsstöðum af hollenzkri ætt.

7) Finnur bjó á Skeggjastöðum á Jökuldal. Hann var son Guðmundar Styrbjarnarsonar á Hallgilsstöðum og Hólmfríðar Finnsdóttur Bøðvarssonar prests á Valþjófsstað Sturlusonar.

8) Séra Sigfús átti Ingveldi Jónsdóttur prests í Þingmúla Hallgrímssonar, þ. b.:

a. Guðrún átti Pétur Benjamínsson í Sleðbrjótsseli.

b. Jón gullsmiður átti Kristínu Pétursdóttur.

c. Ingibjörg átti Vigfús Jónsson á Torfastöðum í Jökulsárhlið.

d. Þorfinnur á Ásgeirsstöðum átti Ragnheiði Bjarnadóttur.

e. Sigbjörn prestur á Kálfafellsstað átti Oddnýju Friðriku<sup>7</sup> Pálsdóttur prófests Thorarensens á Sandfelli Magnússonar, bróður dóttur Þórarins Öefjords, þ. b.: Árni og Páll.

9) Guðmundur átti Önnu Eiríksdóttur og börn.

10) Þorgrímur prestur á Koltreyjustað átti Þórunni Jónsdóttur prófests á Hólum Högnasonar, þ. b.:



×× Hólmfríður<sup>1</sup>).

×× Guðrún<sup>2</sup>).

B. Magnús lögréttumaður í Njarðvík, var lög-sagnari Þorsteins sýslumanns Þorleifssonar og lét í umboði hans dóm ganga 1663 um Hafrafell og 1666 um ómaga framfæri og 1667 um tillag barns til móður. Hann átti Ragnhildi dóttur Björns Pálssonar í Teigi, þ. b.:

1. Sigurður átti Guðrúnu Marteinsdóttur sýslumanns, bl.
2. Hávarður í Njarðvík, bl.
3. Þórunn s. k. séra Eiríks Þorvarðssonar í Hofteigi, bl.
4. Guðrún átti Ólaf lögréttumann Andrés-son og börn.
5. Ingibjörg átti Vigfús ríkan bónda eystra, þ. son:
  - a. Árni lögréttumaður á Ormarsstöðum átti Guðrúnu Björnsdóttur, þ. d.:
    - aa. Málfríður átti Bessa ríka á Ormarsstöðum og börn.
6. Þuríður<sup>3</sup>) átti Þorleif lögréttumann Einarsson (sjá Skaptárþing), þ. b.:
  - a. Pétur.
  - b. Þórunn.
  - c. Jakob.
  - d. Sigríður<sup>4</sup>).

---

a. Jón á Skeggjastöðum á Jökuldal átti Guðnýju Stefánsdóttur frá Gilsárvellu Ólafssonar, þ. b.: Þórunn, Stefania.

b. Finnur í Virkishólasel átti Halldóru Antoniusdóttur frá Hálsi Sigurðssonar, þ. b.: Guðmundur í Fremraseli og Þórunn.

1) Hólmfríður átti Bjarna Einarsson á Ásgeirsstöðum, bl.

2) Guðrún átti Gunnlaug Þorkelsson á Eiríksstöðum og börn.

3) Réttara: Þrúður.

4) Börn Þorleifs og Þrúðar eru hér ekki rétt talin á pennan hátt (sbr. hér áður bls. 616), heldur eru þetta börn Þorleifs lögréttumanns Sigurðssonar (bls. 631—632).

C. Pétur<sup>1)</sup> átti Guðriði dóttur séra Einars Jónssonar á Skarði í Meðallandi<sup>2)</sup> og Sesselju Bjarnadóttur, þ. b.:

1. Arnfríður.

2. Hallur faðir Guðnýjar, sem átti Jón Árnason á Ytri-Galtastöðum og með honum Hall á Hreimsstöðum og Guðrúnu, sem átti Rustikus Björnsson á Fossvöllum, þau áttu mörg börn<sup>3)</sup>.

D. Herborg átti séra Magnús Hávarðsson, þ. d.:

1. Herborg, sem átti séra Magnús Ketilsson á Desjarmýri<sup>4)</sup>, þ. d.:

a. Margrét átti Jón Magnússon á Hámundarstöðum og mörg börn<sup>5)</sup>.

1) Pétur bjó í Gagnstöð í Hjaltastadapinghá.

2) Réttara: séra Einars í Ási, sjá hér áður.

3) Börn Rustikusar og Guðrúnar voru: Jón átti Björgu Halldórsdóttur frá Mývatni, Jón annar átti Guðfinnu Árnadóttur, Guðný átti Jón Halldórsson, Oddný f. k. Odds Eiríkssonar á Surtsstöðum, Þórunn átti Jón Jónsson, Herborg átti Benedikt Runólfsson á Tjarnalandi, Solveig og Guðrún.

4) Séra Magnús Ketilsson var aðstoðarprestur tengdaföður síns á Desjarmýri, og andaðist 1709. Hann var bróðir Þorsteins prófests á Hrafnagili og þeirra bræðra.

5) Börn Jóns og Margrétar voru:

a. Sigurður á Bustarfelli átti fyr Kristínu Marteinsdóttur á Bustarfelli Björnssonar sýslumanns Péturssonar, svo Guðrúnu Jónsdóttur frá Hauksstöðum og mörg börn.

b. Magnús átti Krístrúnu Þorsteinsdóttur, bróðurdóttur séra Ketils Bjarnasonar á Eiðum.

c. Roland í Syðrivíkurbjálleigu, kvæntur, bl.

d. Herborg átti Runólf Magnússon á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlið, þ. b.:

aa. Jón á Þorvaldsstöðum í Skriðdal átti Sigríði Brynjólfsdóttur læknis Péturssonar, þ. d.:

aaa. Guðrún átti Runólf smið Guðmundsson á Þorvaldsstöðum. Synir þeirra eru: Ólafur bókhaldari í Reykjavík og Jón sýsluskrifari í Stykkishólmi.

bb. Magnús átti Guðriði Eymundsdóttur, þ. b.:

aaa. Herborg átti Magnús Jónsson á Sandbrekku, þeirra

- E. Kolbeinn giptist á Suðurlandi<sup>1)</sup>.
- F. Sigurður átti Ragnhildi dóttur séra Eiríks Ketilssonar í Vallanesi og var Sigurður hennar fyrri maður<sup>2)</sup>, þ. b.:
1. Anna.
  2. Ólöf.
  3. Guðriður móðir Guðrúnar móður Jóns Árnasonar á Galtastöðum, sem átti Guðnýju Hallsdóttur<sup>3)</sup>.
- G. Þórunn átti Þorleif son séra Eiríks Ketilssonar, þ. b.:
1. Björn lögréttumaður í Skaptárþingi átti Þórdísi Árnadóttur, þ. b.:
    - a. Séra Þorleifur á Hofi<sup>4)</sup>.
    - b. Þórunn eldri<sup>5)</sup>.
    - c. Þórunn yngri<sup>6)</sup>.

son Halldór á Sandbrekku faðir Sigfúsar, er þar bjó einnig.

cc. Sigurður átti Margréti Jónsdóttur frá Litlabakka, þ. b.:

aaa. Margrét átti Jón Jónsson á Torfastöðum.

dd. Guðrún átti 2 launbörn.

ee. Magnús annar.

Enn voru börn séra Magnúsar Ketilssonar og Herborgar: Magnús og Guðrún, er bæði dóu ung í stórubólu.

1) Þetta mun ekki rétt, því að það er vist, að Kolbeinn var eystra, og bjó allengi í Tungu í Fáskrúðsfirði, kvæntist hann Guðrúnu Ólafsdóttur, ekkju séra Eyjólfis Bjarnasonar á Kolfreyjustað.

2) S. m. Ragnhildar var séra Jón Sigmundsson prestur á Pykkvabæjarklaustri († 25. okt. 1725).

3) Sjá hér á undan, stafl. C. 2.

4) Séra Þorleifur átti Ingibjörgu Sigurðardóttur prófests í Einholti Högnasonar og voru þeirra börn: Sigurður prestur í Hjarðarholti, Árni í Vík í Lóni, Björn á Flugustöðum og Þórdís, er átti séra Eirík Rafnkelsson á Hofi í Álptafirði.

5) Þórunn eldri átti séra Halla í Þingmúla Ólafsson Nikulássonar Guðmundssonar prests í Einholti Ólafssonar, og voru synir þeirra: Björn prestur á Kolfreyjustað († 19. marz 1820) og Magnús stúdent, er dó í Kaupmannahöfn sumarið 1778.

6) Þórunn yngri átti séra Magnús Sveinsson í Stóradal og börn, sjá hér áður bls. 702.

- d. Guðrún<sup>1)</sup>.
2. Jón lögréttumaður og snikkari á Ketilstöðum átti Sesselju Vigfúsdóttur Friðrikssonar<sup>2)</sup>, þ. b.:
- a. Séra Sigurður í Stafholti<sup>3)</sup>.
- b. Guðrún.
- c. Vigfús.
- d. Runólfur smiður.
- e. Þórunn.
3. Guðrún átti Antoníus.
4. Þorkell.
5. Anna.
6. Sigríður.

#### H. Árni.

Einar bjó í Njarðvík og var kallaður Einar *digri*. Hann var gildur bóndi og gerðist lögsagnari Björns sýslumanns Gunnarssonar. 1583 útnefndi hann dóm að Ási í Fellum áhrærandi hreppstjórnar þingsókn og umdæmin. 1584 var hann ásamt Þorvarði prófasti Magnússyni í helmíngadómi að Egilsstöðum á Völlum um lambseldi, sem Refstaðarkirkja ætti að bændum fyrir sunnan Dalsá<sup>4)</sup>.

---

1) Guðrún átti Halldór Jónsson á Hnappavöllum í Örafum, bróður Einars skólameistara, og var son þeirra Steingrímur á Hnappavöllum faðir séra Jóns í Hruna, Sveins föður séra Odds á Rafnseyri o. fl.

2) Sesselja var systir Þórarins móðurföður Þórarins sýslumanns Jónssonar á Grund (I. B. bls. 270 etc.).

3) Séra Sigurður átti Sigríði Markúsdóttur prests í Hvammi í Norðurárdal Eiríkssonar prests í Fagranesi Guðmundssonar og voru börn þeirra: Markús prestur á Mosfelli í Mosfellssveit, Jón aðstodarprestur í Hitarnesi († 1792), Kristín átti Hafliða Helgason kaupmann í Grundarfirði, Steinunn átti Sigurð Brandsson í Máfahlið og Margrét, er fyr átti séra Jón Steingrímsson á Prestbakka (s. k. hans), en síðar séra Þórð Brynjólfsson á Felli í Mýrdal, og var móðir Margrétar, er átti Magnús Stephensen sýslumann í Vatnsdal (bls. 413, 510, sbr. III, 156).

4) Þessi Einar lögsagnari Magnússon, er dæmir dóma 1583 og 1584 er alls ekki Einar Magnússon *digri* lögréttumaður í Njarðvík, því að hann er fæddur um 1585, og er enn á lífi snemma árs 1676 og hefur komiðt yfir níraett. En hann var einmitt lög-

Jakob Winoch<sup>1)</sup>.

Meinast hafa verið Hamborgari, vinur mikill Erasmusar umboðsmanns á Bessastöðum. Er sumra meining, að Birni Gunnarssyni hafi frá sýslunni verið vikið fyrir litlar sakir, til þess að Jakob fengi þar sýslu og hafi téður umboðsmaður veitt honum norðurpart sýslunnar um 1593, en Erlendur Magnússon hafi í því flóði fengið suðurpartinn. En víst er af bréfi Odds biskups, sem útgefið var 12. okt. 1598, að Jakob var þá orðinn sýslumaður, því að þá er mælt hann hafi viljað kaupa af prestum hálfar kirkna- og bænhusa leigur. 1599 að Hólum í Reyðarfirði nefnir hann menn í dóm um flutning ómaga nokkurs suður á Síðu. 1601 lét hann og ganga dóm, en sama ár var hann sjálfur dæmdur útlægur, út af því, að Bjarni nokkur Jónsson var léður til fylgdar enskum manni, en Jakob sýslumaður stakk þennan Bjarna og voru Bjarna dæmd 6 hundruð í sárabætur og læknilaun, en Jakob útlægur. Var og Jakob áður mjög illa þokkaður af sýslubúum. Einnig hafði séra Einar á Valþjófsstað gefið Jakobi margar og stórar sakargiptir<sup>2)</sup>.

---

*Aths.* 1635 í útnefndum dómi á Egilsstöðum af Bjarna sýslumanni Oddssyni nefnist dómsmaður *Jakob Hildibrands-*

---

sagnari í tíð Gísla Magnússonar og Þorsteins Þorleifssonar um og eptir miðja 17. öld, og lét þá stundum dóma ganga í umboði þeirra, og einnig í umboði Bjarna Oddssonar 6. maí 1641 á Egilsstöðum helmingadóm með séra Eiríki Ketilssyni. En sá Einar nafni hans, sem Bogi talar hér um, hefur líklega verið Einar son Magnúsar Björnssonar á Reykjum í Tungusveit. Varð hann síðar prestur á Valþjófsstað, en hafði áður veraldleg störf á hendi og var mikill málafylgjumaður. Hvenær hann dó er óvíst, en látinn er hann fyrir 1619. Son hans var Rögnvaldur prestur á Hólum faðir Marteins sýslumanns.

1) Bogi kallar þennan Jakob Winoch Hildibrandsson, en því er hér sleppt, því að það mun málum blandað og rangt.

2) Eg hygg, að hann sé sami maður og sá Jakob Vinoch, er Jón Sigurðsson sýslumaður í Skagafirði lét taka 1603, og var mál hans dæmt utan af Jóni lögmanni á Vallalaugarþingi. Sigldi Jakob þá á Akureyri (sjá Skarðsárannála).

son. Hvort þetta er sami Jakob, sem fyrir 35 árum var ger útlægur er óljóst. En líklegra er, að þessi Jakob hafi verið annar en Jakob Winoch<sup>1)</sup>, því að eg finn, að eptir bréfi útgefnu 8. júní 1645 hefur Jakob Hildibrandsson verið umboðsmaður Bjarna sýslumanns Oddssonar og 1654<sup>2)</sup> þann 19. ágúst á Egilsstöðum tekið svofelldan eið af Bjarna sýslumanni: Til þess legg eg Bjarni Oddsson hönd á helga bók og það segi eg guði, að eg er ei holdlegur eignarfaðir að því barni, sem Steinunn Björnsdóttir hefur á þessu sumri af sér fætt og hún mig föður að segir og að svo stöfuðum eiði, sem eg satt segi, sé mér guð hollur, gramur ef eg lýg. Til þess legg eg Rafn Jónsson, Hjalti Jónsson, Jón Jónsson, Halldór Eiríksson, Páll Jónsson, Þorsteinn Guðbrandsson, Stefán Jónsson, Högni Pétursson, Jón Ólafsson, Þórarinn Sighvatsson og Kolli Árnason hönd á helga bók og það segjum við guði, að þann eið, sem sýslumaður Bjarni Oddsson hér samstundis sór hyggjum vér sannan vera.

### Árni Magnússon.

- Faðir:* Magnús Vigfússon sýslumanns Þorsteinssonar sýslumanns Finnbogasonar lögmanns (sjá Þingeyjarþing).
- Móðir:* Ólöf Eiríksdóttir Snjólfssonar í Ási (sjá áður og Vaðlaþing).
- Kona:* Guðrún Jónsdóttir á Svarfhóli í Dalasýslu Ólafssonar prests í Hjarðarholti og Strandasýslumanns Guðmundssonar. Móðir Guðrúnar var Guðrún laundóttir Árna sýslumanns á Hlíðarenda Gíslasonar. Jón á Svarfhóli deyði 1579, sjá Strandasýslu.

---

1) Jakob Hildibrandsson, sem hér er getið og var umboðsmaður Bjarna sýslumanns var lögréttumaður í Múlaþingi og allur annar maður en Jakob Winoch, er var útlendur að kyni.

2) Réttara: 1645. Jakob var vottur í Klofa á Landi 23. júní 1617, er Gísli lögmaður Hákonarson keypti Meðalfell í Kjós af Torfa Einarssyni á Hafursá (Brb. Brynjólfs biskups A. M. 281 fol. bl. 169). Þar var og Bjarni Oddsson vottur. 14. okt. 1641 var Jakob í helmingadómi á Egilsstöðum.

Börn :

- A. Jón giptist Guðrúnu dóttur Jóns klausturhaldara á Skriðu (dó holdsveikur) Einarssonar. Átti ei börn með henni, gaf fjármuni sína mági sínum séra Eiríki í Vallanesi og dó hjá honum. Launson Jóns hét Jón, var þriggipitur, átti börn.
- B. Séra Vigfús á Hofi í Vopnafirði, fyrst rektor á Hólum, svo prestur 34 ár, dó 1672, átti Valgerði dóttur Skúla Einarssonar og Steinunnar laundóttur Guðbrands biskups, þ. b.:
1. Séra Sigfús á Dvergasteini í 40 ár, dó 1715, átti Sigríði Þorsteinsdóttur prests Jónssonar frá Eiðum, bl., svo Önnu Björnsdóttur Bjarnasonar frá Gilsárteigi, þ. b.:
    - a. Séra Vigfús á Dvergasteini 61 ár, dó 1770, 83 ára.
    - b. Guðrún átti séra Þórð Gíslason, bl.
    - c. Séra Sigfús í Hofsteigi, dó 1746, bl.
    - d. Guðrún önnur og mörg fleiri.
  2. Séra Árni á Hólmum í Reyðarfirði, dó ógiptur, bl.
  3. Björg átti séra Ólaf á Hofi í Vopnafirði, 42 ár, dó 1714 (þau áttu 13 börn, al. 10). Séra Ólafur var Gíslason Jónssonar prests í Fellsmúla. Meðal barna þeirra:
    - a. Séra Brynjólfur á Hálsi í Hamarsfirði, átti börn<sup>1)</sup>.
    - b. Vigfús í Syðrivík í Vopnafirði, átti börn.
    - c. Jón.
    - d. Sveinn.
  4. Ingunn átti Jón<sup>2)</sup> Ásmundsson Jónssonar, þ. b.:

1) Séra Brynjólfur, er var heitinn eptir Brynjólfi biskupi, átti Hallnýju Halldórsdóttur prests á Hjaltastað Eiríkssonar, þ. b.: Jón stúdent, dó við háskólann 1739, Jón annar, Halldór og Pétur faðir Brynjólfs læknis í Austfjörðum, og eru þaðan ættir.

2) Jón var son Ásmundar Jónssonar á Ormarsstöðum (†

- a. Vigfús.
  - b. Ásmundur.
  - c. Jón<sup>1)</sup>.
5. Guðrún átti Sigurð lögréttumann í Krossavík Þorgrímsson Guðmundssonar, þ. b.:  
a. Sigurður lögréttumaður etc.<sup>2)</sup>.
6. Þorbjörg átti Pétur Ásmundsson<sup>3)</sup>, þ. b.:  
a. Ragnhildur.  
b. Málfríður.  
c. Arnfríður.  
d. Anna<sup>4)</sup>.
7. Steinunn átti Pétur á Bustarfelli Bjarnason, þ. b.:  
a. Valgerður.  
b. Björn sýslumaður<sup>5)</sup> (sjá síðar).

---

1675) og Guðrúnar Jónsdóttur frá Skriðuklaustri Björnssonar sýslumanns Gunnarssonar, sjá áður.

1) Jón var stúdent og bjó á Ormarsstöðum, átti fyr Sigríði Jónsdóttur prófasts í Bjarnanesi Eiríkssonar, en síðar Rannveigu Stefánsdóttur prófasts í Vallanesi Ólafssonar, ekkju séra Egils Guðmundssonar á Stafafelli, bl.

2) Sigurður þessi mun ekki hafa verið lögréttumaður; hann átti 1 hndr. hndr. í jörðum, en komst þó í mestu vesöld að lokum. Börn Sigurðar og Guðrúnar auk hans voru:

- b. Skúli á Hafrafelli átti Margrėti Einarasdóttur prests í Ási Jónssonar (sjá áður).
- c. Sesselja var húsgangsstelpa, segir í ættatölum.

3) Hann var bróðir Jóns Ásmundssonar á Ormarsstöðum, er átti Ingunni systur Þorbjargar Pétur var 3 vetur í Skálholts-skóla, en hætti við nám. Hann var lögréttumaður og bjó á Eyvindará.

4) Börn Péturs og Þorbjargar eru hér rangtalin hjá Boga. Ó. Snókdalín telur börn þeirra: Ásmund, Sigfús, Margrėti, Jórinni (s. k. Bessa sýslumanns?), Valgerði (s. k. Vigfúsar Péturssonar á Hjartarstöðum) og Þórunni, en þessar dætur, sem hér eru taldar, voru systur Péturs (sjá áður).

5) Hann var ekki son Péturs og Steinunnar, eins og síðar verður nánar getið.



8. Ingibjörg átti séra Sigfús á Refstað Sigurðsson<sup>1</sup>).
  9. Helga átti séra Guðbrand Jónsson kapellán að Hofi<sup>2</sup>).
- C. Séra Sigurður á Skorrastað<sup>3</sup>) prestur 50 ár, dó 1669. (NB. Aðrar ættir segja, að séra Sigurður hafi verið son Árna prests Sigurðssonar, en ei Árna sýslumanns, og að Þórdís dóttir Árna Brandssonar hafi verið hans kona) átti fyr Sigríði Árnadóttur (sjá áður), þ. b.:
1. Séra Árni prestur samastaðar 55 ár, átti Ragnhildi dóttur séra Guðmundar á Stafafelli Laurentiussonar, þ. b.:
    - a. Guðrún átti séra Torfa Bergsson á Skorrastað kapellán.
    - b. Margrét átti Hildibrand Eiríksson.

---

1) Ingibjörg átti séra Gísla Sigurðsson á Refstað (sjá hér áður), en ekki séra Sigfús, er var miklu fyr uppi.

2) Hann var son séra Jóns Bessasonar á Sauðanesi og bar nafn Guðbrands biskups, var vígður aðstoðarprestur til föður síns 1656, en gerðist síðar (fyrir 1670) aðstoðarprestur séra Vigfúsar á Hofi tengdaföður síns, veiktist og varð ekki gamall maður. Er á lífi 1672 á Hofi. Dóttir hans og Helga var Guðrún, er átti Kolbein Þorsteinsson í Seyðisfirði.

3) Séra Sigurður var ekki son Árna sýslumanns, heldur son Árna prests Sigurðssonar hins fyrri á Skorrastað († c. 1637), og sonarson Sigurðar prests Árnasonar hins fyrri á Skorrastað († 1609), er átti Þórdísi Árnadóttur Brandssonar. Þessi ætt frá séra Sigurði, sem var einkvæntur (Guðrúnu Jónsdóttur) á því hér ekki heima. En Árni sýslumaður átti samt son, er Sigurður hét, en hann var óskólagenginn og bjó á Sandbrekku í Hjaltastaðapínghá, og hann átti einmitt Sesselju Árnadóttur prests á Skorrastað Sigurðssonar, systur séra Sigurðar yngra, og því hefur þessi ruglingur komið á ættfærsluna, og það í flestum eða öllum ættatölum, svo að erfitt er að greiða úr þessu til hlítar, en þetta mun þó réttast. Sesselja Aradóttir, sem hér er talin kona séra Sigurðar, mun eiga að vera Sesselja Árnadóttir þ. e. kona Sigurðar á Sandbrekku, en börn hans og Sesselju voru: Magnús, Jón, Kolbeinn, Árnar tveir, Geirmundur, Salgerður, Anna. Svo telur Jón Gunnlaugsson.

c. Séra Guðmundur á Hallormsstað átti Solveigu Árnadóttur.

2. Eiríkur átti Þuríði Hannesdóttur, bl.

3. Kolbeinn.

4. Jón.

Önnur kona séra Sigurðar Sesselja Ara-dóttir, þ. b. dóu ung. Þriðja kona hans Guðrún Jónsdóttir.

D. Guðrún átti séra Eirík í Vallanesi Ketilsson (hann deyði 1647), þ. b.:

1. Síra Ketill á Svalbarði í Pistilfirði, átti Kristínu<sup>1)</sup> dóttur séra Þorsteins á Svalbarði<sup>2)</sup>, þ. b.:

a. Séra Þorsteinn á Hrafnagili, fæddur 1687, dó 1754, tvígiptur, átti börn<sup>3)</sup>.

b. Séra Runólfur á Hjaltastað, dó 1714, varð fyrir snjóflóði, giptist, átti börn<sup>4)</sup>.

c. Séra Magnús kapellán á Desjarmýri, átti börn<sup>5)</sup>.

d. Séra Sigurður á Skeggjastað, dó 1730<sup>6)</sup>, giptist, átti börn<sup>7)</sup>.

1) Réttara: Krístrúnu.

2) Séra Þorsteinn var síðar prestur á Eiðum († 1699), var son Jóns prófests Runólfssonar á Munkaþverá.

3) Fyrri kona séra Þorsteins var Ingibjörg Oddsdóttir digra klausturhaldara Jónssonar, bl., en hin síðari Dómhildur Eiríksdóttir prófests Þorsteinssonar og er barna þeirra áður getið (III, 160—161).

4) Séra Runólfur fórst í Njarðvíkurskridum 1712 (ekki 1714). Barna hans og Steinunnar Marteinsdóttur verður síðar getið.

5) Afkomenda hans er áður getið að nokkru.

6) Réttara: 1731. Var áður (frá 1724) aðstoðarprestur á Hofi í Vopnafirði, og bjó þá á Ljótsstöðum.

7) Séra Sigurður átti Ingibjörgu Jakobsdóttur prests á Kálfafellsstað Bjarnasonar, þ. b.:

a. Bessi bryti í Skálholti átti Guðlaugu Jónsdóttur úr Eyjafirði og börn.

b. Jakob söguritari á Skálanesi í Vopnafirði átti Ingveldi Sigurðardóttur, þ. b.: Runólfur fór vestur í Hjaltadal, Guðrún

- e. Séra Jón á Myrká, dó 1753, giptist, átti börn<sup>1)</sup>).
- f. Sigríður tvígípt prestum, bl.<sup>2)</sup>.
- g. Margrét átti Marteinn Björnsson (sjá síðar).
- h. Steinunn átti Bjarna lögréttumann og börn<sup>3)</sup>).
- i. Guðrún átti Eirík á Sandfelli lögréttumann<sup>4)</sup>, bl.

f. k. Finnboga Björnssonar í Reykjavík, Ingigerður, Margrét Ingibjörg átti Ögmund Einarsson í Fagradal, Guðlaug, Kristín.

1) F. k. séra Jóns var Sigríður Jónsdóttir frá Keldunesi Árnasonar, þ. b.:

- a. Ketill á Steinsstöðum átti Jörunni Sveinsdóttur frá Kroppi Tómassonar og börn.
- b. Guðrún átti Svein Guðbrandsson á Rangárvöllum.
- c. Þorgrímur á Þverá í Öxnadal átti fyrir Guðrúnu Ólafsdóttur, en síðar Helgu Jónsdóttur prests á Völlum Halldórssonar og var dóttir þeirra Guðrún móðir Þorgríms Tómassonar gullsmiðs á Bessastöðum föður dr. Gríms Thomsens.
- d. Jón á Grund í Svinadal.

S. k. séra Jóns Ketilssonar Þorbjörg Jónsdóttir prests á Myrká Þórðarsonar, þ. b.:

- e. Benedikt átti Katrínu Árnadóttur, systur séra Benedikts í Hjarðarholti.
- f. Krístrún átti Svein Eiríksson í Svellatungu Hallgrímssonar.
- g. Magnús í Myrkárdal átti Ásdísi Jónsdóttur. Dætur þeirra voru: Rósa f. k. séra Sigurðar Sigurðssonar á Auðkúlu og Helga s. k. séra Jóns Stefánssonar á Helgastöðum, og var son þeirra Stefán stúdent og umboðsmaður á Snartarstöðum.
- h. Hólmfríður átti Þorstein á Laxamýri Benediktsson lögmanns Þorsteinssonar. Sjá um börn þeirra I, 118.
- i. Guðrún.
- k. Helga.
- l. Þuríður.
- m. Vigfús.

Barna þessara er nánar getið I, B. bls. 538.

2) F. m. Sigríðar var séra Stefán Egilsson á Hjaltastað, en hinn síðari séra Brynjólfur Halldórsson í Kirkjubæ.

3) Bjarni var Bjarnason og bjó á Fossvöllum. Synir hans og Steinunnar voru: Ketill prestur á Eiðum († 1746), Eiríkur síðast prestur á Hvalsnesi († 1791) og Þorsteinn stúdent.

4) Eiríkur var son Bjarna prests Gissurarsonar í Þingmúla og bróðir séra Eiríks hins síðara á Hallormsstað.

- k. Katrín.
1. Steinunn, giptist, átti börn<sup>1</sup>).
  2. Þorleifur átti Þórunni Einarasdóttur frá Njarðvík, þ. b. áður talin.
  3. Gísli átti Þórunni Eiríksdóttur<sup>2</sup>), bl.
  4. Árni átti Guðrúnu laundóttur Bjarna Eiríkssonar<sup>3</sup>), þ. b. sjá Skaptárþing við Bjarna á Búlandi.
  5. Jón átti Unu Magnúsdóttur, bl.
  6. Halldóra átti Jón Magnússon, bl.
  7. Ragnhildur átti fyr Sigurð Einarsson frá Njarðvík og börn (sjá áður) svo séra Jón Sigmundsson á Þykkvabæjarklaustri, er var prestur 62 ár, þ. b.:
    - a. Sigmundur.
    - b. Sigurður<sup>4</sup>).
    - c. Björn.
    - d. Helga.
    - e. Jón.
  8. Ragnhildur yngri átti Þorlák Guðmundsson í Kelduhverfi.
  9. Vilborg átti Erlend Steingrímsson, bl.
  10. Guðrún.
- E. Guðrún yngri átti séra Rögnvald Einarsson á Hólmum í Reyðarfirði, þ. b.:
1. Marteinn sýslumaður, sjá síðar.
  2. Arndis átti Odd Ásmundsson (sjá áður).

---

1) Þessari Steinunni annari mun ofaukið, en dætur séra Ketils eru taldar Katrín og Guðrún önnur, er hvorug hafi gipt.

2) Sjá bls. 589 hér að framan.

3) Árni bjó í Tunguhaga á Völlum.

4) Sigurður bjó í Hraungerði í Álptaveri, átti Vigdís Sveinsdóttur, þeirra dætur: Arndis, er átti Þorstein Bjarnason sýslumanns Nikulásssonar og Ragnhildur, er átti séra Jón Jónsson á Þykkvabæjarklaustri († 5. maí 1768) og voru synir þeirra: Jón prófastur í Holti undir Eyjafjöllum faðir Steingríms biskups og Sigurður prestur í Reynisþingum faðir Sigurðar prests í Guttormshaga.

3. Árni í Eskifirði<sup>1)</sup>.
4. Guðrún átti Stíg Þórarinsson<sup>2)</sup>, bl.
5. Ragnhildur átti Odd Jónsson, bl.
- F. Þuriður átti Pál son Björns sýslumanns Gunnarssonar (sjá áður).
- G. Helga seinni kona Nikulásar Einarssonar í Reykjahlíð (sjá Þingeyjarsýslu), þ. b.:
  1. Gísli á Rangá, lögréttumaður í Múlasýslu, átti Málfríði dóttur Björns á Bakka í Öxnadal sonar Hákonar sýslumanns í Nesi (sjá Gullbringusýslu), þ. b.:
    - a. Nikulás etc.
  2. Árni átti Guðnýju dóttur séra Jóns á Skinnastöðum<sup>3)</sup>, þ. b.:
    - a. Magnús.
    - b. Jón.
    - c. Þorvarður.
    - d. Grímur.
  3. Jón lögréttumaður giplist ekki, átti laundóttur, sem dó bl.
  4. Þórdís átti Halldór son Björns á Laxamýri, þ. b.:
    - a. Helga átti séra Sigfús Þorláksson og mörg börn.
    - b. Guðríður.

Árni bjó á Eiðum sem faðir hans og var orðinn sýslu-

1) Árni hafði lært í Skálholtsskóla fyrir og um 1660, en þó óvíst, hvort hann hefur orðið stúdent. Séra Rögnvaldur faðir hans dó 1660, (en ekki 1663, eins og segir í prestatölum). Jón Gunnlaugsson telur enn Guðrúnu aðra og Arndísi aðra meðal barna séra Rögnvalds og Guðrúnar.

2) Guðrún var f. k. Stígs, að því er talið er, en hin síðari kona hans var Ingibjörg Jónsdóttir prests á Hofi Ögmundssonar (sjá hér áður). Son Stígs með annari hvorri konunni (eða laungelinn) var Jón á Arnheiðarstöðum, átti Ingunni Oddsdóttur lögréttumanns í Syðrivík Jónssonar prests á Hofi Ögmundssonar.

3) Hún var dóttir séra Jóns Þorvaldssonar og s. k. hans Kristlínar Grímsdóttur. Barna Nikulásar Einarssonar og Helgu er að nokkru getið I, B. bls. 56.

maður í Múlaþingi 1601, því þá lét hann þar dóm ganga 4. september á Egilsstöðum á Völlum um rangfluttan ómaga. Mun hann hafa tekið Múlaþing það sama ár og Jakob sýslumaður missti það. Við og við frá 1601 til 1618 hef eg séð dóma, sem Árni lét ganga í þessari sýslu (1607 um reka, 1618 um brigð á jörðu). Þó sýnist sem Hákon Árnason hafi fyrstu árin haft ásamt honum sýsluna. 1620 sór Árni sinn hollustu- og embættiseið. Nokkrir rita, að Bjarni Oddsson hafi orðið sýslumaður 1611. Er líkast það hafi verið í umboði Árna, eða sýslunni hafi þá verið skipt. Frá því Hákon Árnason sleppti sýsluparti hér (hafi hann hann haldið) hélt Árni alla sýsluna til síns dauða. Þó meinast hann á sínum elliárum, eða nálægt 1630, hafa tekið Bjarna Oddsson á Bustarfelli til styrktar sér í sýslumanns verkum, heldur en hann hafi við hann afstaðið nokkurn part sýslunnar. Árni deyði 1632. Var hann í mörgu haldinn mikill maður á sínum dögum og auðmaður. Ókunnugt er mér um lærdóm hans.

### Hákon Árnason.

Sjá um hann við Skaptárþing og Árnessýslu. Þó dómar Hákonar finnst í þessari sýslu er ekki fullvíst, að hann hafi haldið hana hálfu, því að hann kann að hafa verið settur þar í stöku málum. 1595 í duggumáli Erlands var hann yfirdómari í héraði og skaut því máli til lögréttunnar. 1602 þann 3. maí var hann á Egilsstöðum á Völlum ásamt Einari prófasti Sigurðssyni yfirdómari í héraði. Sýnast þá nokkur líkindi hann hafi þar haft sýslu, því að Árni, er þá var þar sýslumaður, gat eins látið dóm ganga ásamt prófasti, hefði Hákon enga meðgerð haft með sýsluna, þá Árni sýslumaður var ekki við það mál riðinn. Hér um verður hver að hafa þá meiningu sem vill, þar til það vissa verður fengið. En ærið mikið hefur Hákon þá haft um sig með völd, þar hann hafði þá að visu hálfu Árnessýslu, allt Skaptárþing og klaustur þar, hefði hann og haldið hálfu Múlasýslu, þó það sé mögulegt. Í téðum dómi nefnist hann útpykkilega sýslumaður í Múlaþingi. Mun hann þá hafa haldið hálfu sýsluna.

## Bjarni Oddsson.

- Faðir:* Oddur prestur á Hofi í Vopnafirði Þorkéllsson Hallgrímssonar bónda á Egilsstöðum Sveinbjarnarsonar officialis í Múla.
- Móðir:* Ingibjörg Vigfúsdóttir sýslumanns Þorsteinssonar (sjá Þingeyjarþing).
- Kona:* Þórunn Björnsdóttir sýslumanns á Bustarfelli Gunnarssonar (sjá áður).
- Börn:* A. Pétur á Bustarfelli átti Steinunni Vigfúsdóttur prests á Hofteigi (sjá áður). (Í sumum ættatölum nefnist þessi Pétur sýslumaður í Skaptafellssýslu. Getur það varla verið satt utan hann hafi um tíma verið umboðsmaður Þorleifs Magnússonar nálægt 1640<sup>1</sup>), þ. b.:

1) Pétur eldri var lögréttumaður og bjó á Torfastöðum í Vopnafirði, en Pétur yngri bróðir hans flutti úr Kelduhverfi austur að Bustarfelli og synir hans og Elizabetar Jochumsdóttur voru þeir Björn sýslumaður á Bustarfelli og Vigfús, sem hér eru taldir synir Péturs eldra. Auk þess voru synir Péturs yngra og albræður Björns sýslumanns: Jochum († 1691), Eggert og Bjarni sterki á Djúpalæk og Ólöf systir þeirra, en Valgerður á Saudanesi, sem hér er talin alsystir Björns sýslumanns, var dóttir Péturs eldra og Steinunnar Vigfúsdóttur, og þau Björn sýslumaður því bræðrabörn. [Jón Gunnlaugsson nefnir Sigfús einn son Péturs yngra, og gæti það verið sama sem Vigfús, því að þau nöfn voru stundum höfð á víxl, en samnefnið Fúsi]. Sagt er, að Pétur eldri hafi kvænt sextugur Steinunni 19 vetra, þau verið saman 5 ár, og átt 3 börn. Þessi 3 voru:

- a. Pétur mun hafa búið á Torfastöðum eptir föður sinn.
- b. Valgerður á Saudanesi.
- c. Þórunn átti Jón stúdent Bessason prests á Saudanesi († 1716) Jónssonar. Þau dóu bæði bl. í stórubólu.

Launbörn Péturs eldra, áður en hann kvæntist, þar á meðal eitt með Arndisi Magnúsdóttur, er síðar varð s. k. séra Eiríks Bjarnasonar hins eldra á Hallormsstað, voru:

- d. Steinunn.
- e. Þorbjörg.
- f. Málmfríður.

Ennfremur var son Péturs eldra:

- g. Ólafur lögréttumaður á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð. Son hans Jón faðir Guðrúnar 3. konu Ísleifs Ásmundssonar frá Hóli í Hjaltastaðarþinghá Einarssonar Þorleifssonar. En dóttir

1. Björn sýslumaður á Bustarfelli, sjá síðar.
2. Valgerður átti fyr séra Kristján Besson, börn:
  - a. Séra Jóhann á Svalbarði<sup>1</sup>).
  - b. Sigríður<sup>2</sup>).
  - c. Katrín<sup>3</sup>).
  - d. Ingiríður<sup>4</sup>).

Svo átti Valgerður séra Árna Skaptason á Sauðanesi, sem deyði 1770, var hennar seinni maður, börn:

  - e. Séra Skapti á Hofi átti Guðrúnu Guðmundsdóttur og mörg börn<sup>5</sup>).
  - f. Helga s. k. Högnu Eiríkssonar, átti börn.
  - g. Guðbrandur átti Guðrúnu Gunnlaugsdóttur og börn<sup>6</sup>).
  - h. Gróa.
  - i. Séra Einar á Sauðanesi, giptist<sup>7</sup>).

Ólafs var Þórunn, er átti Hallgrím á Þrándarstöðum Þorgrímsson Jónssonar á Skjöldólfsstöðum Gunnlaugsssonar og voru börn þeirra: Ólafur í Húsavík, er margt manna er frá komið, Hallgrímur og Guðný, er átti séra Salómon Björnsson á Dvergasteini.

1) Hann var síðar prestur á Mælifelli, átti Agnesi Erlendsdóttur prests á Kviabekk Guðbrandssonar, og var þeirra son Kristján prófastur í Stafholti.

2) Sigríður átti séra Ólaf Þorláksson í Mývatnspingum og börn.

3) Katrín átti Jón Auðunsson.

4) Börn séra Kristjáns og Valgerðar eru enn talin Jón og Guðbrandur, er hafi dáíð ungir. [Í einni ættatölu hef eg þó séð talið, að Jón Kristjánsson, bróðir séra Jóhanns, hafi átt dóttur Péturs Þorsteinssonar (Þrjóna-Péturs) á Heiði á Langanesi og systur Hljóða-Bjarna]. Með séra Árna s. m. sínum átti Valgerður 8 börn, en að eins 3 þeirra komust til fullorðinsaldurs. Valgerður dó á Sauðanesi 2. marz 1748.

5) Barna þessara er getið að nokkru I. B. bls. 396—397.

6) Guðbrandur var tvíkvæntur, og var Guðrún, (er sumir nefna Guðnýju), s. k. hans, en hin fyrri Sigríður eldri Hjörleifsdóttir prófasts á Valþjófsstað Þórðarsonar.

7) Gróa og séra Einar voru ekki börn séra Árna og Val-



3. Vigfús lögréttumaður á Hjartarstöðum 1709 (sjá síðar).
  4. Ólafur lögréttumaður, telst sumstaðar ektason, en sumstaðar launson Péturs. Önnur launbörn hans 5. Bjarni, 6. Steinunn, 7. Þorbjörg, 8. Málmfríður (mun blandað málum).
- B. Þorbjörg s. k. Eiríks á Fitjum, sem deyði 1666, sonar Odds biskups Einarssonar, þ. b.:
1. Oddur á Fitjum átti Sesselju Halldórsdóttur, börn:
    - a. Séra Eiríkur í Hrepphólum, giptist Guðrúnu<sup>1</sup>), átti börn.
    - b. Þorbjörg átti séra Pál Sveinsson og börn<sup>2</sup>).
    - c. Guðríður önnur kona Eiríks Sveinssonar<sup>3</sup>).
    - d. Valgerður átti fyrst launbarn með Jóni sýslumanni Jónssyni sýslumanns Þorlákssonar (sjá síðar). Var:
      - aa. Séra Ólafur í Stóradal.
 Síðar giptist Valgerður Árna Ketilsyni<sup>4</sup>), átti börn.
    - e. Helga átti fyr Eirík Pálsson<sup>5</sup>), en síðar séra Hall í Grímstungu og börn.

gerðar. Séra Einar á Sauðanesi var haldinn son séra Jóhanns Kristjánssonar, stjúpsonar séra Árna Skaptasonar (sbr. I. B. bls. 639).

1) Guðrún var dóttir Daða prests Halldórssonar í Steins Holti og var s. k. séra Eiríks.

2) Séra Páll var síðast prestur í Goðdölum († 1736). Frá honum og Þorbjörgu er fjölmenn ætt komin.

3) Þetta er nokkuð vafasamt, og líklega málum blandað, sbr. stafl. k., og bls. 11 hér áður.

4) Árni var son Ketils prests Halldórssonar í Ásum (sjá hér áður bls. 50).

5) Þetta er skakkt. Helga var eingípt og átti séra Hall Ólafsson í Grímstungum († 1741), en það var Ingibjörg Oddsdóttir systir hennar, er átti Eirík stúdent († 1707) Pálsson prófasts á Gilsbakka Gunnarssonar og voru þau hjón systkinabörn, og fengu

- f. Kristín átti Þórarinn á Ásgeirsá og börn.  
Seinni kona Odds Guðríður Einars-  
dóttir<sup>1</sup>), þ. b.:
- g. Séra Einar á Lundi, þrígiptur, átti börn.
- h. Séra Einar í Görðum, tvígiptur, átti börn.
- i. Vigfús varð úti 1702, bl.
- k. Guðríður gipt, bl.

2. Gísli<sup>2</sup>).

C. Sigríður átti Bjarna sýslumann Eiríksson á Búlandi (sjá Skaptárþing).

D. Pétur yngri, átti Elizabetu dóttur Jochums Mum, hjuggu þau í Axarfirði. (Jochum Mum Jóhannsson í Keldunesi var hollenzkur í háðar ættir, átti Ólöfu dóttur Jóns Einarssonar frá Snartarstöðum, hún var dóttur-dóttir Finnboga lögmanns). Þ. b.:

1. Jochum dó 1692<sup>3</sup>).

2. Ólafur<sup>4</sup>).

E. Ingibjörg átti Jochum Mum Jochumsson, sem drukknaði 1661<sup>5</sup>).

---

konungsleyfi til gíptingar 1705. Voru dætur þeirra: Þórunn, er átti séra Ketil Einarsson á Lundi og Gróa, er átti Ara Bjarnason, er lært hafði í Hólaskóla.

1) Sbr. II, 644 og hér áður bls. 11.

2) Dóttir Eiríks heimska og Þorbjargar var ennfremur:  
3. Helga átti Pál prófast Gunnarsson eldra á Gilsbakka og mörg börn, þar á meðal voru: Gunnar prestur í Stafholti, Eiríkur stúdent og Einar stúdent, er allir önduðust í stórúbolu.

3) Hann drukknaði í Lagarfljóti fyrir neðan Brekku 1691.

4) Ennfremur Björn sýslumaður, Bjarni sterki o. fl. (sjá hér á undan). Í stað Ólafs á hér að koma Ólöf, er átti Pétur Jónsson á Skjöldólfsstöðum Gunnlaugssonar, og er þaðan afarfjölmennt ætt, sem oflangt yrði að rekja.

5) Ingibjörg og Jochum hjuggu á Dvergasteini. Hann drukknaði í Lagarfljóti, þau bl.

F. Sigurður átti Margræti Jónsdóttur prests á Sauðanesi<sup>1</sup>).

G. Gróa<sup>2</sup>).

Bjarni tjáist að vera fæddur á Hofi í Vopnafirði nálægt 1586<sup>3</sup>) og að hann á unga aldri hafi verið um hrið við lærdóm. En hann varð meira að leikmannahætti þá hann eldist og gerðist sjálfráður. Hann fékk til ekta Þórunni Björnsdóttur 1611 og tók sér bústað að Ási í Fellum, hvar hann bjó um hrið. Tók hann seinna að hefja máls um Bustarfell, sem Björn sýslumaður Gunnarsson hafði gefið dóttur sinni Þórunni, þá konu Bjarna, en fast var fyrir, því að Snæbjörn<sup>4</sup>) Þórðarson, er þá átti Ragnhildi (er fyr var seinni kona Björns sýslumanns og móðir Þórunnar) hélt á móti. Kom sú ákæra til alþingis 1618 og var Bustarfell dæmt Þórunni til eignar á því alþingi. Flutti því Bjarni þangað litlu seinna.

Nálægt 1630 mun Bjarni hafa fengið sýsluvöld í Norðurmúlasýslu (aðrir segja hann hafi 1611 fengið norðurpartinn eða verið umboðsmaður Árna yfir honum) en hvort hann hefur verið umboðsmaður Árna sýslumanns eða Árni hefur algerlega sleppt þeim parti sýslunnar er mér dulið. Með vissu má segja, að við fráfall Árna tók Bjarni allt Múlaþing 1632.

1635, 21. maí lét Bjarni ganga dóm á Egilsstöðum um tilkall til jarðar. Sá dómur kom undir lögmann 1636. 1634, 1637 og 1638 var Bjarni sýslumaður á alþingi<sup>5</sup>).

1) Bessasonar. Sigurður bjó á Bakka á Langanesströndum. Synir hans og Margrétar: Gísli og Jón.

2) Gróa bjó ógipt alla æfi á Ljósstöðum, dó bl.

3) Bjarni mun fæddur 1590, því að foreldrar hans giptust haustið 1589.

4) Réttara: Sæbjörn (sjá áður).

5) *Páll Björnsson* lögréttumaður á Eyjólfsstöðum, mágur Bjarna sýslumanns (sjá áður), var umboðsmaður hans endrum og sinnum t. d. 1635, 1641, 1643, og optar. Hann nefndi helmíngadóms á Egilsstöðum 21. júní 1637 ásamt Ólafi prófasti Einarssyni um séra Guðmund Ketilsson á Eidum. Sömuleiðis var *Einar Magnússon digri* í Njarðvík vist umboðsmaður stöku sinnum (milli 1640 og 1650) og *Jakob Hildibrandsson* (sjá áður).

1637 reið Jón son Þorvalds Ólafssonar í Auðbrekku til Bustarfells um haustið og bað Gróu dóttur Bjarna. Bjarni tók honum vel og veitti honum og mönnum hans góðan beina, játaði honum konunni, og skyldu kaupin gerast um næstu Mikaelsmessu. Reið Jón heim, en kom aptur til Bustarfells í ákveðinn tíma. Hafði Björn bróðir Jóns orðið hið fyrra sinni eptir eystra og lagzt sjúkur. Varaði krankleiki sá í 5 vikur. Bjarni tók Jóni vel sem í fyrstu og veitti vel hið fyrsta kveld. En snemma morguns reið Bjarni sýslumaður á braut, lézt ætla til næsta bæjar að fá mann til erindagerða út á Langanes. Bjarni kom að því sinni ei aptur til Bustarfells. Beið Jón hans þar nokkrar nætur og reið heim síðan. Þótti þetta kynlegt. Þar eptir þóttust menn verða varir við drauga eða anda í ýmsu líki í Auðbrekku. Voru hestar drepnir og kvikfénaður illa útleikinn, en ásókn mikil að Jóni. Gekk þetta allan veturinn. Var það kent fjölkyngi Bjarna sýslumanns. Lauk svo þeim giptumálum.

Eptir 1640 meinast, að Bjarni sýslumaður tæki Hall Einarsson fyrir sinn lögsagnara<sup>1)</sup> (sjá ætt Halls hér áður).

1647 á alþingi var samþykktur dómur útnefndur að Brú af Bjarna sýslumanni Oddssyni. Þá var Bjarni skyldaður til að betala erfingjum Vigfúsar sál. Gíslasonar sýslumanns eptir sinni handskript útgefinni 1646.

1648 afstóð Bjarni að vísu hálfu sýsluna til Gísla Magnússonar (sjá síðar).

1651 sömdu þeir Brynjólfur biskup, Bjarni sýslumaður Oddsson og Bjarni Eiríksson á Búlandi, að þeir skyldu með jöfnum tilkostnaði kaupa jarðir í Austfjörðum og skyldi hver þeirra hafa þriðjung þeirra. Var Bjarni Oddsson þá farinn að eldast.

Mælt er, að Bjarni sýslumaður hafi opt verið á ferðum og haft kynningsbragð við ókunna fjallabúa þar eystra. Bjarni átti jafnan þröngt í búii. Er það að orði gert, að hann hafi í einhverjum harðindum tíundað 5 hndr. og að bóndi í Sunnudal hafi verið vel efnaður og fallið í

---

1) Það mun samt vera nokkuð vafasamt, og mun fremur eiga við Einar digra föður Halls.

óbótamál, svo Bjarni hafi upptekið bú hans og þakkað guði fyrir þá björg, sem hann hefði veitt sér nauðstöddum. En mesti höfðingi og rausnarmaður var Bjarni, þá hann hafði nokkru að miðla, en illa hélzt honum á fé, einkum á hans fyrri árum. Hann var og hinn mesti bjargvættur sakamanna og skaut opt skjóli yfir þá. Undarlegur þótti hann í háttum, var og haldinn fjölkunnugur og brögðóttur og er fátt ritfært af hans bernskubrögðum. Hann var hinn mesti vinur Brynjólfs biskups og annars vinfastur við þá, er hann vildi vel. Þá öðru var að skipta tjáist hann hið mesta afarmenni og héraðsríkur, en stundaði mest til að sýnast og vera höfðingi meir en efni hans stundum til hrukku. Hann var hið mesta karlmenni að kröptum, stór vexti og gildur, en ekki andlitsfríður. Höfðu sýslubúar meiri ótta fyrir honum en elsku. Hann deyði 1664<sup>1)</sup> nærfellt áltræður að aldri.

*Páll Björnsson* lögréttumaður nefnist 1635 löglegur umboðsmaður Bjarna sýslumanns Oddssonar og dæmdi erfðamál undir lögréttuna.

1) Bjarni sýslumaður dó 1667, og hefur þá verið um 77 ára að aldri. Í bréfabókum Brynjólfs biskups er hans opt getið, og voru þeir biskup lengi vinir miklir, en dáleikarnir minnkuðu nokkuð á síðustu árum Bjarna, því að biskupi þótti hann ekki sem ábyggilegastur í fjármálum, og átti stundum í þófi við hann um það, en biskup hinsvegar reikningsglöggur mjög og hinn mesti fjárgæzlumaður á alla lund, svo að engu mátti skeika í reikningum hans, en Bjarni sýslumaður virðist hafa verið nokkuð hirðulitill í þeim efnum og nokkuð brellinn og viðsjáll í viðskiptum, svo að ekki var allra við hann að eiga. Mætti rita um Bjarna sýslumann allitarlega, eptir heimildum þeim, sem nú eru kunnar, en því verður hér að sleppa. Synir hans, einkum Pétur eldri, líktust og föður sínum í því, að þeim var lítt sýnt um fjárgæzlu og ekki að öllu jafnaðarmenn við að skipta. En sonarson Bjarna, Björn sýslumaður Pétursson, líktist honum þó mest að harðfengi og ófyrirleitni, en var jafnframt hinn mesti fjárflamaður. Þótti Bustarfellsfólk, er frá Bjarna var komið, lengi stórbrotið nokkuð. Þórunn ekkja Bjarna sýslumanns flutti eptir lát hans frá Bustarfelli 1668 að Ljótstöðum í Vopnafirði og andaðist þar 1675.

## Gísli Magnússon.

- Faðir:* Magnús lögmaður Björnsson á Munkaþverá, dó 1662 (sjá Vaðlaþing).
- Móðir:* Guðrún Gísladóttir lögmanns Þórðarsonar, fædd 1601, dó 1671.
- Kona:* Þrúður Þorleifsdóttir sýslumanns á Hlíðarenda Magnússonar (sjá Skaptárþing). Þau Gísli giptust 1649 (alii 1648). Hún dó 1658.
- Börn:*
- A. Björn sýslumaður á Barðaströnd, fæddur 1650, tók Barðastrandarsýslu 1675, dó 1679 (sjá um hann við Barðastrandarsýslu).
  - B. Guðríður giptist á Hlíðarenda með mikilli rausn 1674 Þórði biskupi í Skálholti Þorlákssyni. Hann dó 16. marz 1697 á síns aldurs 61. ári, þ. b.:
    1. Þorlákur, varð skólameistari í Skálholti, dó barnlaus af átumeini.
    2. Brynjólfur sýslumaður á Hlíðarenda, tvígiptur (sjá um hann við Árnesþing).
  - C. Þorleifur, dó 1677 í Englandi, hafði og stúderað í Hollandi.

Gísli er borinn að Munkaþverá í Eyjafirði 1621, nam fyrst lærdóm hjá séra Gísla á Hrafnagili Jónssyni, þar eptir hjá Katli Jörundarsyni í Skálholti. Haustið 1637 var hann settur til læringar í Hólaskóla og útskrifaðist þaðan vorið 1638, fór og sama ár utan 18 vetra til meiri lærdómsframa við Kaupmannahafnarháskóla, hvar hann dvaldi við lærdómsæfingar 2 ár. 1640 kom hann út og var næsta vetur hjá foreldrum sínum. 1641 fór hann enn utan til Danmerkur, þaðan til Hollands og iðkaði mest lærdómsmenntir sínar við Leidensháskóla, lagði sig þar eptir Philosophia theoretica et practica, Botanik, Fysik og Geographi. Hann var og í Amsterdam, Rotterdam og fleiri stórstöðum í Hollandi. Þaðan ferðaðist hann til Englands og sótti heim þá nafnfrægustu staði þessa ríkis, þaðan til Kaupmannahafnar og svo til Íslands eptir það hann hafði verið 4 ár utanlands. Hafði hann hvarvetna lifað ríkmannlega, sem höfðingja vel sómdí. Telur Jón biskup

Vidalín Gísla þá orðinn hinn lærðasta og margfróðasta af veraldlegum Íslendingum.

1645 kom Gísli út og dvaldi þar eptir hjá foreldrum sínum, á Munkaþverá, á þriðja ár, og þótti einhver hinn helzti ungra manna. 1648 gerðist sá samningur með Bjarna sýslumanni Oddssyni og þeim feðgum Magnúsi lögmanni og Gísla, að Bjarni afstóð part af Múlaþingi til Gísla. Er þó ekki fullvíst, hvort hann tók Gísla sem sinn umboðsmann eða afstóð sýsluna eða part hennar með vissum skilmálum, Gísla til veitingar. Hitt er víst, að Gísli fékk alla sýsluna að veiting nokkru síðar. Flutti Gísli austur 1648 eða 1649. 1649 slepti Jón son Björns sýslumanns Gunnarssonar Skriðuklaustri. Tók Gísli það klaustur og bjó þar síðan um hrið. 1649 tók Gísli til ekta Þrúði dóttur Þorleifs sýslumanns á Hlíðarenda Magnússonar og flutti hana til bús síns á Skriðu. Fæddust þar börn hans: Björn 1650, Guðríður 1651 og Þorleifur 1658. (Líkast er, hefði Þorleifur á Hlíðarenda haldið Rangárþing 1649, að hann, þá örvasa, hefði afstaðið það við Gísla mág sinn, en Hákon Gíslason var þar þá sýslumaður). 1657 kom Þorsteinn Þorleifsson út embættislaus. Veik hann þá til Gísla mágs síns og gerðist hans umboðsmaður í sýslunni. 1659 fékk Gísli sér veitt Rangárþing eptir Magnús Bjarnason (sjá þar). Flutti hann þá að Hlíðarenda, þá hann hafði misst konu sína, sem dó á Skriðuklaustri 1658<sup>1</sup>). Ekki vildi Gísli kvongast aptur, en hélt ráðskonur og umsjónarmann fyrir verkum. Var og sjálfur mikill búmaður, því að fé skorti hann ekki. Fyrir utan konurf hlaut hann eptir föður sinn: Möðruvelli með Jálkastöðum 2 hndr. hndr., Litladal hálfan 20 hndr., Krossavík í Vopnafirði 50 hndr. og 4 jarðir á Langaneströndum: Fell, Miðfjarðarnes, Miðfjörð og Djúpalæk 30 hndr., Grímsstaði hálfá á Fjöllum 3 hndr., Lund 16 hndr., Voga við Mývatn 40 hndr., í Hallgilsstöðum í Fnjóskadal 13 hndr., Krossanes 30 hndr., Hól á Fjalli 8 hndr. og í kaup hans auk skipta hálfu Fagranes við Mývatn 4 hndr.

1) Hún mun hafa andazt á Hlíðarenda og Gísli flutt þangað að austan um 1654, en haft þar umboðsmenn, þangað til hann fékk Rangárþing 1659.

Er til samans 4 hndr. hndr. 65 hndr. og þó nokkrar jarðir ótaldar og Hrafnstaðir í Kinn 20 hndr. Þetta hlaut hann 1663 og seinna mikið fé eptir móður sína, sem deyði 1671.

1671 tók Gísli fyrir sinn umboðsmann Björn son sinn, sem og fékk vonarbréf fyrir sýslunni.

1688 var Hákon Hannesson með kongsbréfi settur Gísla til styrktar með von um sýsluna eptir hann, en áður var þó Hákon orðinn Gísla umboðsmaður.

1686 flutti Gísli frá Hlíðarenda að Skálholti til síns dótturmans Þórðar biskups og þótti þar staðarþryði. Hann deyði í Skálholti af steinsótt 1696, eptir að hann hafði þar dvalið 10 ár, en verið sýslumaður 48 ár og haft fleiri léni. Var hann þá 75 ára að aldri. Lézt hann nóttina milli þess 4. og 5. júní. Útför hans var ger virðuleg hinn 11. s. m. í Skálholti og gerði þáverandi kirkjuprestur, Jón Vídalín, eptir hann snjalla ræðu, sem síðar var á prent útgefin, hvaðan margt af áðurskrifuðu er tekið. Sjá framfarir um Gísla sýslumann við sýslumenn í Rangárþingi<sup>1)</sup>.

(Séra Jón Halldórsson fróði ritar svoleiðis um Gísla: Hann hafði fyrst Múlasýslu og Skriðuklaustur og bjó þar, en eptir mág sinn Þorleif Magnússon fékk hann Rangárvallasýslu 1653 (það tel eg villt) og bjó að Hlíðarenda til þess hann fór í Skálholt).

### Þorsteinn Þorleifsson.

*Faðir:* Þorleifur sýslumaður í Skaptárþingi, fæddur 1565<sup>2)</sup>, deyði 1652, son Magnúsar sýslumanns í Ögri og Bæ (sjá Barðastrandarsýslu) Jónssonar á Svalbarði.

*Móðir:* Sesselja Björnsdóttir, seinni kona Þorleifs (sjá Skaptafellssýslu). Sesselja tjáist borin 1604, deyði á Hlíðarenda 1687, 83 ára, þá hún hafði verið ekkja 35 ár.

*Kona:* Elín Þorláksdóttir biskups Skúlasonar, fædd

1) 1654 var *Einar Magnússon dígri* í Njarðvík (sjá áður) umboðsmaður Gísla sýslumanns í Múlaþingi og 3. maí 1655 dæmir hann í umboði hans heimstefnudóm í Geitavík í Borgarfirði (Br.bók Brynjólfs biskups A. M. 269 fol. bls. 222—223).

2) Þorleifur sýslumaður var fæddur um 1581.



1638, giptist 1661, 23 ára, varð ekkja 1705, þá 67 ára, deyði á Viðivöllum hjá Þrúði dóttur sinni 1726, þá hana skorti tvo vetur á nírætt.

*Börn:*

A. Gróa deyði ung.

B. Þrúður, borin 1666, giptist á Viðivöllum þáverandi séra Birni í Odda, (er seinna varð Hólabiskup), 1689, þá hún var 23 ára, varð ekkja 1710, þá 44 ára, flutti þá að Viðivöllum og bjó þar lengi. Síðan flutti hún í elli sinni að Hlíðarenda í miklum rígingum og deyði þar árið 1738, þá hún hafði tvo vetur hins áttunda tugar.

Þorsteinn fæddist 1635, var á unga aldri settur til mennta og fór utan til Kaupmannahafnarháskóla 19 vetra, hvar hann dvaldi um hrið við lærdómsmenntir. Þaðan fór hann til Amsterdam, Haag og Rotterdam og dvaldi þar um hrið til frama og lærdóms. Og þá hann hafði verið í þessum stöðum fór hann til Hamborgar, svo til Kaupmannahafnar og þaðan til Íslands, og hitti mág sinn Gísla sýslumann, sem tók vel við honum og gerði hann að umboðsmanni sínum 1658, en árið eptir 1659 fékk Þorsteinn veiting fyrir Múlasýslu, því Gísli tók Rangárþing og s. á. tók hann Skriðuklaustur eptir Gísla. Hann giptist Elínu 1661 og það ár var hann meðdómsmaður á alþingi.

1663 var *Magnús Einarsson* hans lögsagnari og lét dóm ganga um Hafrafell, einnig 1666 að Egilsstöðum um ómagaframsferi og 1667 á sama stað um tillag barna til móður<sup>1)</sup>.

Fyrir beiðni Gísla biskups hafði Þorsteinn lénaskipti við Jón klausturhaldara á Möðruvöllum Þorláksson 1670, áskildi sér þó 4 nyrztu þingstaði sýslunnar. Var Þorsteinn á Möðruvöllum klausturhaldari um hrið. Skriðuklaustri slepti Þorsteinn og til Jóns sýslumanns.

---

1) Magnús var son Einars digra lögréttumanns í Njarðvík (sjá hér áður). Það var 3. sept. 1663, er hann þingaði í Ási í Fellum í umboði Þorsteins sýslumanns.

*Kolbeinn Einarsson* (digra), bróðir Magnúsar, er og nefndur sýslumannsumboðsmaður í Múlaþingi 1662 (sbr. visitaziubók Þórðar biskups Þorlákssonar bls. 182).

1677 tók Þorsteinn Hegranesþing eptir Benedikt sýslumann Halldórsson.

1680 missti Þorsteinn Möðruvallaklaustur, sem Jón Eggertsson þá tók að veitingu, en Þorsteinn flutti þá að Viðivöllum. Hann átti í ýmsum málum, einkum við Jón Eggertsson, hélt þó sýslunni og virðing sinni til dauðadags, er var sá 10. nóv. 1705 (sjá meira um Þorstein sýslumann við Hegranesþing).

Þá Þorsteinn slepti sýslunni 1670 skiptist hún stundum í 2, stundum í 3 parta eða sýslumannsdæmi og enn (1834) er henni skipt á milli tveggja sýslumanna.

### Sýslumenn í syðsta hluta Múlasýslu:

Jon Þorláksson<sup>1)</sup>.

- Faðir:* Þorlákur Skúlason biskup á Hólum fæddur 1597, varð biskup 1628, giptist 1630, deyði 1656.
- Móðir:* Kristín Gísladóttir lögmanns Hákonarsonar (sjá Árnassýslu). Hún dó 1694.
- Kona:* Sesselja Hallgrímsdóttir prófasts í Glaumbæ Jónssonar prests á Höskuldsstöðum<sup>2)</sup> Tómassonar prests á Mælifelli Eiríkssonar.
- Börn:* A. Jón sýslumaður (sjá síðar).  
 B. Björn prófastur í Görðum 26 ár, átti fyr Þóru Pálsdótturklausturhaldara Ámundasonar, þ. b.:  
 1. Þóra átti Halldór biskup Brynjólfsson á Hólum, þ. b.:  
 a. Séra Snæbjörn.  
 b. Björn kaupmaður.  
 c. Þórunn.

1) Bogi kallar hann *Thorlacius*, en svo nefndi Jón sýslumaður sig aldrei, og er því þessvegna hér sleppt úr handriti Boga. Það voru sonarsynir Þorláks biskups, er tóku sér ættarnafnið *Thorlacius*, en ekki synir hans.

2) Það er ekki rétt, að séra Jón Tómasson á Höskuldsstöðum hafi verið son Tómasar prests Eiríkssonar á Mælitelli. Hann gæti fremur verið son séra Tómasar Þorsteinssonar, er var lengi (52 ár) prestur á Mælifelli fyrir og eptir 1600, en samt er það alls óvíst.

- d. Margrét.
- e. Páll.
- f. Þrúður.
- g. Vilborg.
- h. Gróa.
- i. Brynjólfur.
- k. Elín<sup>1)</sup>.

Seinni kona séra Björns Þórunn Ara-dóttir<sup>2)</sup>, bl. Laundóttur átti séra Björn, sem var:

- 2. Steinunn kona Skúla fógeta (sjá Skapt-árþing).

C. Hallgrímur sýslumaður (sjá síðar).

D. Vigfús.

E. Þorlákur dóu báðir ungir<sup>3)</sup>.

Jón nam hér sinn skólalærdóm, fór svo utan til meiri frama 1659, gerðist þénari hirðstjórans Henriks Bjelkes og var utanlands 6 ár, kom út 1664, en fór utan aptur 1665. Veitti Bjelke honum Möðruvallaklaustur 11. marz 1666 og ætlaði Jón s. á. út til Íslands að taka við léni sínu, en kaupfarið með áhöfn var hertekið af Skotum. Jón komst því ekki til Íslands fyr en 1667. 1665, 25. febrúar hafði Jón Eggertsson frá Ökrum í Skagafirði fengið veitingu fyrir Möðruvallaklaustri hjá hirðstjórans umboðsmanni hér Tómasi Nikulássyni, sem þá (1667) var dáinn. Hafði Jón mátt útleggja í festu 300 rd. (aðrir rita 500 rd.), en það hefur ei höfuðsmaður vitað.

1667 kallaði Jón Þorláksson eptir Möðruvallaklaustri léni sínu. Jón Eggertsson var tregur að standa upp, þó fór það fram og tók Jón Þorláksson klaustrið. Þar eptir

---

1) Um börn Halldórs biskups og Þóru og næstu afkomendur þeirra sjá Guðfræðingatal mitt bls. 120—125.

2) Hún var dóttir Ara sýslumanns Þorkelssonar í Haga, sbr. II, 121, en þar er skakkt hjá Boga, að hún hafi verið f. k. séra Björns, en Þóra hin síðari.

3) Þeir önduðust báðir við Kaupmannahafnarháskóla, Vigfús 1694, en Þorlákur 1697. Voru þeir elztir bræðra sinna. Máluð mynd af þeim og foreldrum þeirra, Jóni sýslumanni og Sesselju, er í Þjóðmenjasafninu (komin úr Berufjardarkirkju).

gerði Jón Eggertsson Jóni Þorlákssyni allt til mótþróa sem hann gat, svo Jón Þorláksson þóttist þar ekki geta viðhaldist. Samdi þá Gísli Hólabiskup, bróðir Jóns, við mág sinn Þorstein sýslumann í Múlaþingi Þorleifsson að hafa lénaskipti, og það gerði Þorsteinn með umboðsmannsins á Bessastöðum samþykki 1670 svoleiðis, að hann yfir lét Jóni Þorlákssyni Skriðuklaustur og 14 þingstaði sýslunnar, en áskildi sér sjálfum 4 þá nyrztu og setti þar fyrir sinn umboðsmann Marteín Rögnvaldsson (sjá síðar). Hér geng eg fram hjá öllum misklíðum Jóns Þorlákssonar og Jóns Eggertssonar (sjá þar um í æfiágrípi Þorsteins Þorleifssonar við Hegranessýslu).

1669 voru Jóni klausturhaldara Þorlákssyni kennd tvö börn sitt með hvorri ógiptri stúlku, meðgekk hann annað þeirra. Er sögn, að Gísli biskup bróðir hans hafi fengið hann til að kvongast<sup>1</sup>).

1670 tók hann mikinn hluta Múlasýslu og Skriðuklaustur, sem fyr er sagt. Eptir 1680 tók hann Bessa Guðmundsson fyrir lögsagnara og afstóð við hann 7 þingstaði sýslunnar 1685 (eða 1684) og Skriðuklaustur hálftr. 1693 tók hann fyrir lögsagnara Höskuld Halldórsson. Hann deyði 1701<sup>2</sup>) (sjá síðar). 1700 tók hann Gísla lögrettumann Eiríksson fyrir sinn lögsagnara (sjá síðar). 1702 afstóð Jón sýslumaður til Jóns sonar síns 4 þingstaði sýslunnar (sjá síðar). Þá Jón son hans deyði í stóruhólu 1707, náði Bessi þeim 4 þingstöðum að veitingu. 1711 afstóð Jón gamli enn nú 3 þingstaði sýslunnar til Hallgríms sonar síns og hafði þá sjálfur ei eptir af sýslunni nema hálfar útjarðir Skriðuklausturs, er hann hélt til síns dánardægurs, en þær tók næst eptir hann að veitingu Þorsteinn sýslumaður Sigurðsson.

Jón tók sér bústað þá austur kom á Viðivöllum ytri og lét þar vel húsa, en fyrst mun hann þó hafa búíð á Skriðuklaustri. Hann deyði 1712 og var þá mjög hniginn að aldri<sup>3</sup>). Hafði hann verið Múlasýslumaður 41 ár.

1) Hann hefur kvongast Sesselju 1674.

2) Það er skakkt (sbr. síðar).

3) Jón sýslumaður bjó fyrst á Skriðuklaustri, síðan á Viði-

Hann var góður og hægferðugur maður, vel þokkaður og heldur kvennhollur, enginn skörungur eða mikill lærdómsmaður, en elskaði kyrlæti og friðsemi. Hann var friður maður sýnum og í mörgu vel að sér ger.

### Höskuldur Halldórsson

varð með kongsleyfi lögsagnari Jóns sýslumanns Þorláks-sonar og fékk 1693<sup>1)</sup> vonarbréf fyrir þeim 7 þingstöðum, sem Jón hélt, eptir Jón látinn. Höskuldur varð undarlega veikur, lá um hrið og lézt af þeim krankleik nálægt 1701<sup>2)</sup>.

völlum ytri, er hann keypti. Svo keypti hann Berufjörð og flutti þangað um 1686, en þaðan um 1704 að eignarjörð sinni Berunesi og þar andaðist hann 1712. Það er því rangt, sem hingað til hefur verið talið, að hann hafi andazt á Víðivöllum og búið þar jafnan. Hann virðist ekki hafa verið friðsamur trekar en í meðallagi, því að bæði átti hann í allöngum erjum við frænda sinn, séra Böðvar Sturluson á Valþjófsstað, sem að visu var allmikill stórbokki, einnig við lögsagnara sinn, Höskuld Halldórsson, og síðustu ár sín (1711 og 1712) við séra Ámunda Pálsson aðstoðarprest í Heydölum, er átti að þjóna Berunessókn. Áfsagði sýslumaður að hafa hann fyrir prest sinn, og vildi fá að vera til altaris hjá öðrum. Fóru bréf milli hans og Jóns biskups Vídalíns út af þessu, og ritaði biskup sýslumanni 10. ágúst 1712 hið svæsnasta skammarbréf út af þessum tiltektum hans. Jón sýslumaður hefur því andazt síðla á því sama ári.

1) 2. maí.

2) Höskuldur lögsagnari var son Halldórs prests Eiríkssonar í Heydölum († 1708) og Guðrúnar Nikulásdóttur klausturhaldara Þormóðssonar (sjá hér áður bls. 280). Hafði Höskuldur verið 4 vetur í Skálholtsskóla (1683—1687) ásamt Eiríki bróður sínum, en þeir urðu að vikja úr skólanum, áður en þeir næðu stúdentsprófi, því að Þórði biskupi þótti þeir áhugalausir við námið og ekki vel til lærdóms fallnir. Eptir að Höskuldur var orðinn lögsagnari Jóns sýslumanns 1693, lenti hann í máli við hann, því að Höskuldur eða þeir bræður báru galdur á Jón sýslumann (hafa ef til vill kennt honum um veikindi Höskulds?) og þingaði Gíslí lögréttumaður Eiríksson í því 1695, en um sumarið 1696, er mál þetta kom til alþingis, er Höskuldur látinn (Alþ.bók 1696 nr. XXX), og mun hann hafa andazt nokkru fyr það sama ár, svo að dánarár hans 1701 er skakkt, þótt svo standi í einum annál (Mælifellsannál Lbs. 1300 *svo*). Um 1695 áttu þeir bræður Halldórssynir einnig í máli við Þorlák Gunnlaugsson, (ef til vill son

## Gisli Eiríksson.

- Faðir:* Eiríkur Jónsson Ketilssonar Ólafssonar prests á Sauðanesi.
- Móðir:* Guðrún Jónsdóttir prests Bergssonar.
- Kona fyrsta:* Þuríður dóttir Sigurðar lögréttumanns í Hörgárdal, dó 1689<sup>1)</sup>, Jónssonar Teitssonar.
- Barn:* A. Gísli prestur á Desjarmýri 1714, dó 1784, átti Ragnheiði Árnadóttur prests í Heydölum Álfssonar prests í Kaldaðarnesi<sup>2)</sup>, þ. b.:  
1. Séra Halldór á Desjarmýri 1760, dó 1772, átti Sigríði Árnadóttur Þórðarsonar frá Arneiðarstöðum, þ. b.:  
a. Gísli<sup>3)</sup>.

Gunnlaugs prests Sigurðssonar í Saurbæ í Eyjafirði, er þar þjófnad á þá bræður, og andaðist hann um sama leyti. Höskuldur dó ókv. og bl. Segir Espólin (í ættatölum sínum), að hann hafi dáið úr gerningum (þ. e. af galdri) og hafi verið trúlofaður Guðrúnu dóttur Marteins sýslumanns Rögvaldssonar.

1) Það er ekki rétt, að Sigurður lögréttumaður í Ási í Hegranesi (ekki Hörgárdal) hafi andað 1689, því að hann var á lífi 1691 hjá Gísla tengdasyni sínum á Höskuldsstöðum, og endurbætti og jók þá ættatölubók Jóns Gunnlaugssonar á Skjöldólfsstöðum, er upphaflega var rituð 1684 (sbr. formála þessarar sjaldgæfu ættatölubókar í minni eign).

2) III, 422.

3) Gísli í Njarðvík átti fyr Höllu Þorlákisdóttur og börn, en síðar Helgu Þorvarðsdóttur prests á Klyppstað Guðmundssonar í Stórlág í Hornafirði Laurentiussonar Guðmundssonar prests á Stafafelli († 1672) Laurentiussonar prests á Upsum († 1648) Arngrímssonar, þ. b.:

- a. Þorvarður á Höskuldsstöðum í Breiðdal átti Vilborgu Eiríksdóttur frá Stóra-Steinsvaði Hallssonar (sjá hér áður bls. 713).
- b. Einar átti Guðlaugu Eiríksdóttur, systur Vilborgar.
- c. Sigríður átti Halldór Gíslason prests í Heydölum Sigurðssonar og börn, þar á meðal var Gísli í Krossgerði faðir Málmsfríðar, er átti Sigurð Þorvarðsson í Krossgerði, þ. b. meðal fleiri Gíslí í Krossgerði og Jón, er var bæjarfógetaskrifari í Rvík, nú (1914) í Ameríku.
- d. Benedikt átti Vilborgu Guðmundsdóttur.
- e. Sigríður önnur átti launbarn með Sigurði Jónssyni í Hóls-hjáleigu.

b. Margrét<sup>1</sup>).

2. Árni í Höfn austur, átti Guðlaugu Torfa-dóttur<sup>2</sup>), þ. b.:

a. Hjörleifur<sup>3</sup>).

b. Jón<sup>4</sup>).

f. Gisli á Dratthalastöðum átti Vilborgu Pálsdóttur.

g. Sigurður.

1) Margrét átti Evert Wium son Hans Wium sýslumanns (sjá síðar).

Enn voru börn séra Halldórs á Desjarmýri og Sigríðar:

c. Benedikt dó ungur.

d. Kristín dó ung.

e. Ragnheiður.

f. Eyvör.

2) Faðir hennar var Torfi stúdent á Stóra-Sandfelli í Skriðdal, er kallaður var Torfi heimski, son Páls prófests Ámunda-sonar á Kolfreyjustað. Árni í Höfn dó 30. ágúst 1809, 85 ára gamall.

3) Það er hinn nafnkunni Hjörleifur sterki í Snotrunesi, dó 18. okt. 1834, 70 ára gamall. Hann átti Björgu Jónsdóttur, þ. b.:

aa. Árni átti Guðrúnu Þorsteinsdóttur, þ. b.:

aaa. Björg átti Antoníus Sigurðsson á Hamri og Þormóðs-hvammi í Alptafirði, þ. b.: Katrín átti Jón Árnason í Kambsseli, Guðrún átti Guðmund Jónsson í Byggðarholti, Árni á Hnaukum, Vilborg, Guðríður, Sigurður, Jón og Björn.

bb. Stefán á Starmýri átti Guðríði Rafnsdóttur frá Tjarnalandi.

cc. Guðlaug átti Sigurð á Starmýri Markússon á Flugustöðum Jónssonar og var f. k. hans.

dd. Magnús dó ókv., bl.

ee. Guðmundur á Starmýri átti fyr Sigríði Árnadóttur, en síðar Ragnheiði Stefánsdóttur frá Hvalnesi, bróðurdóttur hennar, og voru börn þeirra: Oddný, Stefán, Sigríður eldri átti Sigurð Björnsson á Þvottá, Guðleif átti Brynjólf Jónsson á Geithellum og Sigríður yngri átti Finn Jóhannsson á Starmýri.

4) Jón sterki í Höfn, dó 22. júní 1836, 73 ára, átti Margréti Bjarnadóttur í Sandvík Guðmundssonar, þ. b.:

aa. Gunnhildur átti Svein Snjólfsson í Snotrunesi, þ. b.:

aaa. Snjólfur í Snotrunesi átti Rannveigu Steingrimsdóttur.

bbb. Guðrún átti Sigbjörn Bjarnason á Ásgeirsstöðum.

ccc. Ingibjörg átti Guðmund Ásgrímsson frá Hrærekslæk.

ddd. Margrét.

eee. Guðný átti Magnús Jónsson í Snotrunesi.

*Kona önnur*: Kristín Ísleifsdóttir<sup>1</sup>), þ. b. dóu.

*Kona þriðja*: Oddný Sigfúsdóttir<sup>2</sup>), þ. b.:

B. Sigfús prestur á Klyppstað, svo á Skorra-  
stað 1731<sup>3</sup>).

Enn var son Gisla (mér er óljóst með  
hverri konu):

C. Brynjólfur<sup>4</sup>), sem með Guðrúnu dóttur Ara

ff. Guðlaug.

ggg. Jón.

bb. Guðlaug átti Einar Guðmundsson í Snotrunesi.

Laundóttir Árna í Höfn, áður en hann kvæntist, með Jó-  
hönnu Ólafsdóttur:

c. Þórunn átti Jón Vigfússon á Litla-Steins-  
vaði, þ. b.:

aa. Hólmfríður átti Einar Sigurðsson af  
Njarðvíkurætt.

1) Kristín var dóttir Ísleifs Magnússonar á Höfðabrekku. Hafi hún verið miðkona Gisla lögréttumanns hafa þau verið skamma stund saman. Sumsstaðar er miðkona Gisla talin Gunnhildur Stefánsdóttir Ormssonar úr Öræfum (sbr. Timar. J. P. IV, 93), en þar mun farið nafnavillt á honum og öðrum manni samnefndum. Líklega hefur Gisli ekki verið nema tvíkvæntur (þ. e. Þuríði og Oddnýju).

2) Oddný var dóttir séra Sigfúsar Egilssonar dómkirkju-  
prests á Hólum.

3) Séra Sigfús var síðast prestur á Eiðum, dó 1765. Hann átti Þuríði Teitsdóttur frá Dilknesi í Hornafirði Sigurðssonar lög-  
réttumanns í Ási Jónssonar, þ. b.:

1. Teitur sigldi, kom aptur, kallaður guðlausi Teitur, var lengi  
í Skagafirði og varð gamall.

2. Gisli á Hofi í Norðfirði átti fyr Hallberu Stefánsdóttur og  
börn, svo Helgu Guðmundsdóttur, systur Bjarna í Sandvík,  
og börn.

3. Kodrán dó ókv., bl.

4. Ingibjörg átti Magnús Einarsson og börn, þar á meðal var  
Munnveig, er átti Brynjólf Gíslason á Hofi í Norðfirði.  
Son Gisla lögréttumanns og Oddnýjar<sup>er</sup> og talinn Jón.

4) Brynjólfur var son Gisla lögréttumanns og f. k. hans Þur-  
íðar Sigurðardóttur. Var í Hólaskóla 1714—1715, og átti þar síðar  
(1718) barn með Guðrúnu Aradóttur. Bjó síðan á Nesi í Norð-  
firði og var lögréttumaður.

Launbarn hans og Guðrúnar var:

1. Guðríður átti Magnús (Kapla-Manga) son Jóns prests



á Sökku átti barn (er fyrst var kennt Jóni syni Steins biskups) hét:

1. Brynjólfur, er síðar varð lögsagnari í Vestmannaeyjum<sup>1</sup>).

Gisli var lögréttumaður og giptist Oddnýju sinni síðustu konu 1700 að Hólum í Hjaltadal að Bjarnar biskups, ferðaðist svo austur með konu sína og gerðist lögsagnari Jóns gamla Þorlákssonar, þá Höskuldur veiktist, og var þar hans lögsagnari 1700 og 1701. Aftur varð hann lög-

Guðmundssonar á Þóroddsstað, bjuggu síðast í Miðhvammi í Aðaldal. Hún dó 1772, 54 ára, p. b.:

a. Ari átti Kristínu Sigurðardóttur, komst í fátækt, var í Norðfirði.

b. Hólmfríður átti Sigurð Þorgrímsson í Skógum í Axarfirði og börn.

Brynjólfur Gíslason kvæntist svo eystra, og hét kona hans Ingibjörg, p. b.:

2. Brynjólfur lögsagnari í Vestmannaeyjum (sjá hér á undan bls. 545—547).

3. Guðlaug, átti fyrst 2 launbörn, annað með Nikulási (Hlaupa-Lása), átti svo Hinrik Guðmundsson frá Melrakkanesi, p. b.:

a. Anna átti Finnboga Björnsson í Viðfirði og börn.

b. Eyjólfur dó bl.

c. Guðrún dó bl.

Svo átti Guðlaug Jón Hemingsson á Nesi í Norðfirði, p. b.:

d. Davíð í Hellisfirði átti fyr Guðrúnu Þórarinsdóttur prests á Skorrastað Jónssonar, p. b.:

aa. Árni stúdent í Belgsholti faðir Jóhanns sýslumanns, Arnórs sýslumanns (I, 131—132) og þeirra systkina.

bb. Ingunn átti Odd Jónsson á Skeggjastöðum í Fellum og börn.

e. Gunnhildur átti Bjarna Guðmundsson í Sandvík í Norðfirði, p. b.:

aa. Brynjólfur átti Guðrúnu Runólfsdóttur.

bb. Mekkín átti Pétur Pétursson á Kirkjubóli í Vöðluvík.

cc. Margrét átti Jón sterka Árnason í Höfn (sjá áður).

dd. Jón dó bl.

ee. Ingibjörg átti Árna Gíslason prests í Heydölum Sigurðssonar.

1) Brynjólfur lögsagnari var ekki son Guðrúnar Aradóttur (sjá hér á undan).

sagnari Jóns 1707 til 1711 og sögn er, að hann hafi og gerzt lögsagnari Bessa sýslumanns 1709<sup>1</sup>).

Jón Jónsson Thorlacius.

*Faðir:* Jón Þorláksson Múlasýslumaður.

*Móðir:* Sesselja Hallgrímsdóttir.

*Kona:* Guðríður Einarsdóttir biskups Þorsteinssonar. Giptust þau á Hólum að Björns biskups með mikilli rausn 1699, 21. október.

*Börn:* A. Þorlákur barnlaus.

B. Kristín.

C. Bóel dó barn.

D. Einar, bl.<sup>2</sup>).

*Launson* Jóns með Valgerði Oddsdóttur frá Fitjum Eiríkssonar:

E. Ólafur prestur í Stóradal, 22 ár, dó 1750, átti Þrúði Erlendsdóttur Gíslasonar prests Bárðarsonar<sup>3</sup>), þ. b.:

1. Ingiríður átti Þórð í Hlíðarhúsum hjá Reykjavík Sighvatsson, þ. b.:

a. Ólafur Thorlacius kaupmaður á Bildudal, átti Guðrúnu dóttur Odds Hjaltalíns lögréttumanns Jónssonar sýslumanns Hjaltalíns, þ. b.:

aa. Árni kaupmaður.

bb. Ólafur bóndi í Fagradal.

cc. Þórður deyði ungur.

b. Magnús faktor hjá bróður sínum, átti Ingibjörgu Ólafsdóttur prests Einarssonar, bl.

1) Gísli lögréttumaður bjó á Höskuldsstöðum í Breiðdal. Hann var lögsagnari Jóns sýslumanns 1695, eins og áður er getið. Hann þingaði 5. okt. 1695 í Eyjum í Breiðdal um þjófnaðaráburð Þorláks Gunnlaugssonar á þá bræður Höskuld og Eirík Halldórssyni.

2) Einar var lögréttumaður og bjó í Berufirði, kallaði sig Thorlacius.

3) Afkomenda séra Ólafs og Þrúðar frá Ingiríði dóttur þeirra er getið hér áður bls. 127—129.

c. Séra Einar í Otrardal, átti Helgu Egilsdóttur, þ. b.:

aa. Guðbjörg.

bb. Einar.

cc. Þórður.

d. Elín átti Bjarna Hannesson, átti börn og launbörn.

e. Þrúður átti Guðmund og börn.

2. Erlendur<sup>1)</sup>.

Jón lærði hér, meina eg síðan færi utan<sup>2)</sup>, átti téð launbarn, missti því klerklegan verðugleik, gaf sig austur til föður síns og gerðist hans aðstoðarmaður, þá Höskuldur deyði, og 1702 gerðist hans lögsagnari með kongsleyfi, og fékk 13. maí 1704 kongsvonarbréf fyrir sýslu föður síns og aðstoðarmannsleyfi, þangað til faðir hans slepti, en s. á. slepti faðir hans við hann 4 þingstöðum sýslunnar. Jón deyði í stórubólu 1707. Bjó á Viðivöllum í Múlapingi<sup>3)</sup>.

### Hallgrímur Jónsson Thorlacius.

*Faðir:* Jón sýslumaður Þorláksson.

*Móðir:* Sesselja Hallgrímsdóttir.

*Kona:* Gróa Árnadóttir prests í Heydölum Álfssonar<sup>4)</sup>.

1) Erlendur bjó undir Eyjafjöllum. Enn eru talin börn séra Ólafs og Þrúðar:

3. Bjarni sigldi, kom ekki aptur til Íslands.

4. Guðríður.

5. Þórdís átti Jón skjallara í Landakoti við Rvík, þ. b.: Jón hafnsögumaður og Guðrún.

2) Það er ekki fullvíst, að Jón hafi siglt. Að vísu er Jón Jónsson (»Jonas Jonæus«) úr Hólaskóla skrifaður í stúdentatölu við háskólann 2. nóv. 1698, 21 árs að aldri, og getur vel verið, að það sé hann, þótt hann nefni sig þar ekki Thorlacius, eins og bræður hans Björn og Hallgrímur gerðu. Jón var ráðsmaður á Hólum um 1700, áður en hann fór austur.

3) Þetta er eflaust skakkt. Jón hefur húíð í Berufirði eptir að faðir hans flutti þaðan, og mun hafa andazt þar, eins og sést á því, að Guðríður ekkja hans býr þar um og eptir 1710.

4) Gróa mun hafa andazt 1734.

- Börn:*
- A. Jón átti Höllu Eiríksdóttur frá Berunesi Halldórssonar prests í Heydölum, þ. b.:
    1. Eiríkur.
    2. Sigríður.
  - B. Sesselja átti Bjarna lögréttumann Einarsson prests í Kaldaðarnesi, þ. b.:
    1. Séra Einar Thorlacius á Grenjaðarstað, átti Guðrúnu Halldórsdóttur sýslumanns, dóu bl.
  - C. Elín seinni kona séra Einars í Kaldaðarnesi Jónssonar frá Brimnesi Ketilssonar. (Séra Einar var bróðir séra Ketils í Húsavík), þ. b.:
    1. Hallgrímur prestur átti Ólöfu Hallgrímsdóttur prófasts Eldjárnssonar<sup>1)</sup>.
  - D. Vigfús<sup>2)</sup>.
  - E. Guðrún.
  - F. Jarþrúður<sup>3)</sup>.

Hallgrímur lærði hér, fór utan 1707<sup>4)</sup>, en kom út 1708<sup>5)</sup> og gerðist skólameistari á Hólum um hríð. Svo bar til, að honum var 1711 kennt barn<sup>6)</sup>, en átti þá aðra heitstúlkunni, sem hann var lofaður og brá hún upp við hann giptumálunum. Er mælt Hallgrímur hafi til hennar kveðið:

1) Barna séra Hallgríms Thorlaciusar í Miklagarði († 25. jan. 1846) er áður getið í þessu riti, sbr. og Guðfræðingatal bls. 135.

2) Vigfús dó í Skálholtsskóla, bl.

3) Espólín nefnir hana Þrúði, hún giptist ekki, dó bl.

4) Hann er á Hólum í þjónustu Björns biskups um 1700, en skrifaður í stúdentatölu við háskólann 3. des. 1707, og er þá talinn 23 ára gamall. Hann er því fæddur um 1684, eða ef til vill fyr, því að 29. nóv. 1701 fékk hann kongsleyfi til að verða aðstoðarprestur og eptirmaður séra Bjarna Hallgrímssonar í Odda, og hefur hann þá verið orðinn stúdent.

5) Hann var skipaður skólameistari 3. febr. (1708).

6) Hallgrímur átti tvíbura með Halldóru Þorlákssdóttur prests í Glæsibæ Sigfússonar, og dó hún af þeim barnsburði.

Virtu það ekki mér til meins  
menn erum vér þó hrösum.  
Þér kann að verða annað eins  
áður en lýkur nösom.

Er sögn það hafi gengið eptir gátu hans<sup>1)</sup>. Nú þá barn þetta var kennt Hallgrími missti hann skólameistara-embætti og prestlegan verðugleik. Fór hann þá austur og afstóð faðir hans við hann þá þrjá þingstaði, sem hann hélt eptir af Múlasýslu. 1711 gerðist því Hallgrímur þar sýslumaður, en 1712 við dauða föður síns fékk hann sér veitta þá þrjá þingstaði, er faðir hans hafði seinast haft, af Oddi lögmanni og Páli Beyer upp á konglega staðfestingu, sem út kom 1714. Hann gípti sig, sem áður er sagt og hélt þessum litla sýsluparti til síns dauða 1736<sup>2)</sup>. Hallgrímur var vel að sér og mætur maður í mörgu. Báðir þeir bræður voru heldur kvennhollir.

Sýslumenn í miðhluta Múlasýslu og syðsta hlutanum  
(frá 1736—1778).

**Jón Þorláksson.**

Hann var sýslumaður í Múlasýslu mestallri, nema 4 nyrztu þingstöðunum frá 1670—1685, en frá 1685 til 1711 yfir syðri hluta sýslunnar (sjá áður).

**Bessi Guðmundsson.**

*Faðir:* Guðmundur Bessason á Melrakknesi<sup>3)</sup>.

1) Í Tímar. J. P. IV, 95 er ítarlegri sögn um vísu þessa eptir Pétri prófasti á Viðivöllum.

2) Hallgrímur fékk veitingu fyrir Austur-Skaptafellssýslu 3. júní 1737, en þá var hann látinn (sbr. bls. 630).

3) Þetta er réttast, og svo hefur Bogi ritað í fyrstu, en dregið aptur yfir það og talið föður Bessa sýslumanns Guðmund son séra Jóns Bessasonar á Saudanesi, sem er rangt, en þeir séra Jón og Guðmundur á Melrakknesi faðir Bessa sýslumanns hafa eflaust verið bræður. Á öðrum stað telur Bogi föður Bessa sýslumanns Guðmund í Berjanesi Sigurðsson Bjarnasonar sýslumanns Oddssonar, sem er enn fráleitara og veit eg ekki á hverju það er byggt.

*Móðir:* Kristlín Brynjólfsdóttir frá Höskuldsstöðum. Móðir Brynjólfs var Ingibjörg dóttir Markúsar á Víðivöllum í Fljótsdal og Þóru dóttur Þorsteins sýslumanns í Hafrafellstungu Finnboga-sonar (sjá Þingeyjarþing).

*Kona fyrri:* Hólmfríður Nikulásdóttir klausturhaldara á Kirkjubæ Þormóðssonar og Katrínar Gísladóttur Erasmussonar prests. Þau Bessi og Hólmfríður gerðu testamenti 1697, að hvort sem lengur lifði, skyldi erfa hitt, það staðfest af konungi 22. apríl 1699. Hólmfríður dó 1700, bl.

*Kona seinni:* Jórunn Pétursdóttir<sup>1)</sup>, ekkja séra Guðmundar Ormssonar á Stafafelli í Lóni, giptust eftir 1707, áttu ekki barn, gerðu testamenti 29. ágúst 1720 og fengu kongl. staðfesting þar upp á 3. marz 1721. Jórunn lifði mann sinn Bessa. Egill son Jórunnar og hennar fyrri manns séra Guðmundar kom þá stúdent utanlands frá, var grillumaður<sup>2)</sup>. Kom Jórunn honum fyrir hjá Þorsteini sýslumanni Sigurðssyni og gaf með honum hálfu Ketilsstaði. Anna var systir Egils, dóttir Jórunnar og fyrri manns hennar<sup>3)</sup>.

1) Skyldi hún ekki hafa verið dóttir Péturs Ásmundssonar lögrettumanns og Þorbjargar Vigfúsdóttur prófests á Hofi Árna-sonar? Jórunn hét ein dóttir þeirra (sjá áður).

2) Egill kallaði sig Staffeldt (af Stafafelli). Var gáfumaður, en undarlegur í skapi og ekki með fullu ráði síðari hluta æfi sinnar, þóttist hafa mök við huldufólk, og kallaði sig þá Snotru-fóstra. Egill var skrifaður í stúdentatölu við háskólann 6. nóv. 1723, en varð baccalaureus í heimspeki 6. júlí 1725.

3) Bogi hyggur, að launson Bessa sýslumanns hafi verið Árni, og synir hans: Bessi faðir séra Grims á Hjaltastað og Þórður á Arneiðarstöðum faðir Árna s. st. föður Jóns sýslumanns á Ingjaldshóli, og rekur þá ættkvísl nokkru nánar. En því er hér sleppt, með því að ætt þessi er alls ekki frá Bessa sýslumanni komin, því að hann var barnlaus. Árni faðir þeirra Bessa og Þórðar á Arneiðarstöðum var Þorleifsson Jónssonar lögmanns á Reynistað Sigurðssonar og ekkert skyldur Bessa sýslumanni. En sennilegt er, að Bessi son Árna Þorleifssonar hafi borið nafn Bessa sýslumanns, því að hann mun fæddur í Múlasýslu eftir

Bessi var orðinn lögsagnari Jóns sýslumanns Þorlákssonar 1683, því að þá er hann á alþingi og spyr í lög-réttu um ómagaframfæri etc.

1685 tekur Bessi hálfu Skriðuklaustur fyrir eptirgjöf Jóns sýslumanns Þorlákssonar og sama ár eða hið fyrra sleppir og Jón við hann 7 þingstöðum sýslunnar upp á vissa skilmála þeirra á millum. 1685 sýnist sem Bessi hafi tekið fyrir sinn lögsagnara Jens Wium af dómi, sem Jón Þorláksson og Jens létu ganga á Berunesi um fátæka menn (ef ártalið er rétt) og borinn var undir lögréttuna sama ár (en eg hygg ártalið rangt).

1708 fær Bessi enn sér veitta þá 4 þingstaði í þessari sýslu, sem Jón sýslumaður (Jónsson) dó frá 1707. Þessa 11 þingstaði hafði Bessi meðan hann lifði. Bessi tók Þorstein Sigurðsson fyrir sinn lögsagnara 1713 (eða 1712). Hann yfirlét honum og hálfar Skriðuklausturs-jarðir og heimagarðinn þar, áskildi sér hálfan áhata af inntektum sýslu og klausturs. Með sömu skilmálum tók hann 1718 (eða 1716) Jens Wium, hver eð fékk sýsluna eptir Bessa. Bessi sýslumaður andaðist 1722 (1723 Markúsar annáll). Hann bjó í Ási og á Skriðuklaustri eptir 1685, en seinast á Ketilsstöðum á Völlum á fremra parti jarðarinnar, sem ekkja hans Jórunn fékk síðar Pétri sýslumanni Þorsteinssyni.

### Jens Wium.

- Faðir:* Pétur Wium Henriksson.  
*Móðir:* Bolette systurdóttir Juliane Maríu.  
*Kona:* Ingibjörg Jónsdóttir Sigfússonar prests Tómassonar prests á Hálsi Ólafssonar.  
*Börn:* A. Bóel átti fyrir Sigurð Eyjólfsson Guðmundssonar Jónssonar, þ. b.:  
 1. Ingibjörg átti séra Jón á Eiðum Brynjólfsson, þ. b.:  
 a. Brynjólfur.

---

að Árni faðir hans flutti þangað vestan úr Húnavatnssýslu og hefur verið að mun yngri en Þórður á Arneiðarstöðum bróðir hans.

- b. Sigurveig.
  - c. Bóel.
  - d. Niels.
  - e. Sigurður.
  - f. Elisabet.
  - g. Kristlín.
  - h. Magnús.
  - i. Petronella<sup>1)</sup>.
2. Jens í Síðumúla á Síðu átti Jarþrúði<sup>2)</sup>.
  3. Lisebet átti Brynjólf í Jórvið Grímsson prests Bessasonar.
  4. Þorsteinn giptist suður<sup>3)</sup>.
  5. Vigdís átti Einar Pétursson Oddssonar.  
Seinni maður Bóelar Sigurður Oddsson á á Surtssstöðum í Múlasýslu, bl.
- B. Guðný átti Eirík í Gilsárteigi lögréttumann Magnússon<sup>4)</sup> Jónssonar, þ. b.:
1. Magnús á Barðsnesi í Múlasýslu átti Þórunni Jónsdóttur.
  2. Jón á Kolgröfum átti Jóhönnu dóttur Jóhanns Kristjáns Sunkenbergs og Ingibjargar Þorvarðsdóttur, dó á sveit.
  3. Elín átti Jón Tómasson í Krossnesi, þ. b.:
    - a. Valdís<sup>5)</sup>.
    - b. Guðmundur<sup>6)</sup>.
    - c. Eiríkur.

---

1) Sjá um börn séra Jóns Brynjólfssonar hér áður bls. 472—473.

2) Kona Jens, er bjó í Ámundakoti í Fljótshlíð, hét Arnfríður Erlendsdóttir. Dóttir þeirra Bóel var s. k. Jóns Þorleifssonar sýslumanns í Vestmannaeyjum (bls. 559).

3) Þorsteinn átti Sesselju Bessadóttur. Son þeirra Sæbjörn í Mýrnesi faðir Sveins á Bæjarstæði föður Ásmundar cand. phil. í Rvík († 1896) (II, 750—751).

4) Eiríkur í Gilsárteigi var Jónsson.

5) Valdís átti Jón Atlason á Brekku í Gilsfirði, þ. b. mörg.

6) Guðmundur fékkst við lækningar.



d. Brynjólfur<sup>1</sup>).

C. Elizabet átti séra Guðmund Ingimundsson í Hofsteigi<sup>2</sup>), þ. b.:

1. Helga átti séra Erlend Guðmundsson í Hofsteigi<sup>3</sup>), þ. b..

a. Guðmundur dimissus<sup>4</sup>).

b. Ingibjörg<sup>5</sup>).

2. Guttormur í Sunnudal átti Guðrúnu Einarsdóttur prests á Skinnastöðum og börn<sup>6</sup>).

3. Pétur á Brú á Jökuldal átti seinna Gyriði, þ. b.:

a. Guðný<sup>7</sup>).

4. Þóra, bl.

5. Elizabet.

1) Brynjólfur á Völlum átti Sigríði Jónsdóttur á Ingjaldshóli Péturssonar.

2) Séra Guðmundur var son Ingimundar á Fremstafelli í Kinn Björnssonar á Stóruvöllum Kolbeinssonar.

3) Helga var f. k. séra Erlends. Hann var síðast prestur á Stöð († 25. sept. 1803).

4) Hann var prestur á Klyppstað († 23. júlí 1853) átti Ingveldi Lýðsdóttur sýslumanns Guðmundssonar, þau skildu.

5) Hún dó bl.

6) Börn Guttorms og Guðrúnar:

a. Guttormur átti Þorbjörgu Þorsteinsdóttur frá Melum í Fljótsdal.

b. Jón.

c. Guðrún.

d. Elizabet var rænuskert.

7) Guðný var dóttir Péturs og (f.) k. hans Ólafar Pétursdóttur á Skjöldólfsstöðum Jónssonar, átti Runólf á Ósi í Hjaltastadapínghá Bjarnason Ketilssonar prests á Eiðum Bjarnasonar, þ. b.:

aa. Pétur á Klúku átti fyr Hallfriði Porkelsdóttur, þ. b.:

aaa. Runólfur á Hrollaugsstöðum átti Kristínu Árnadóttur Schevings Stefánssonar.

bbb. Guðný dó ógipt, bl.

ccc. Steinunn átti Niels Ásmundsson Ísleifssonar Ásmundssonar ríka á Hóli í Hjaltastadapínghá Einarssonar á Bóndastöðum Þorleifssonar (sjá hér áður bls. 710).

ddd. Halldór átti Jóhönnu Jónsdóttur.

D. Hans sýslumaður, sjá hér síðar.

E. Niels.

F. Jens.

G. Gisli.

H. Guðmundur<sup>1)</sup>.

Um uppvöxt og ungdóm Jens Wium er mér ókunnugt, meina þó hann hafi hér í landi uppalizt. Hann var undirkaupmaður á Reyðarfirði um 1715. Hafi hann verið í dómi með Jóni sýslumanni Þorlákssyni 1685 hefur hann þá verið mjög ungur, en utan mun hann hafa farið og verið þar um hrið, en síðan gert samning við Bessa sýslumann að taka sig til sýsluverka. 1716<sup>2)</sup> fékk hann kongsbréf að vera Bessa til aðstoðar með von um Skriðuklaustur og sýsluna eptir hann; er mælt, að hann hafi þar fyrir útlagt 300 rd. 1719 gerði Jens samning við Þorstein sýslumann Sigurðsson að gegna sýsluverkum með sér. Skyldi Þorsteinn hafa hálfan afgang afgjalds sýslunnar og klausturjarðanna móti sér, en Þorsteinn hafði þá ei léni utan hálfar klausturjarðirnar. 1721 þá Þorsteinn fékk norðurpart sýslunnar lagði hann það til jafnra skipta. Eins gerði Jens 1723, þá hann fékk algerlega Bessa sýslu og hált Skriðuklaustur og 1736, þá hann tók Hallgrims sýslupart, hélzt það til 1738. Eptir að hann hafði fengið þessa 3 þingstaði Hallgríms hafði hann 14 þinghár. Hann bjó á Skriðuklaustri.

1740 bar svo til, að hann ásamt lögsagnara sínum og þénara Jóni Þorleifssyni<sup>3)</sup> frá Reykholti var ásamt einum

bb. Steinunn átti Magnús Hannesson í Bødvarsdal af Bustarfellsætt.

cc. Daniel í Jórviurhjáleigu faðir Runólfs í Jórviur.

dd. Þorgerður s. k. Sigurðar Jónssonar í Njarðvik.

ee. Kristín átti Bessa Sigurðsson.

Börn Péturs Guðmundssonar og Ólafar voru auk Guðnýjar:

b. Ólöf átti Sæmund Vilhjálmsson, p. b.:

aa. Ólatur á Hróaldsstöðum.

c. Halldór á Vaðbrekku dó ókv., bl.

1) E.—H. munu réttar talin börn Hans sýslumanns, en systkin hans.

2) Vonarbréf hans fyrir sýslunni er ds. 3. apríl 1718.

3) Jón lögsagnari Wiums sýslumanns var son Bjarna prófests

kvennmanni fluttur sjóveg af 5 mönnum. Það skip fannst seinna og þeir 5 menn í því dauðir. Voru stingir tveir á formanninum hjá viðbeininu, sem vera mundu eptir kórða. Voru gátur, að þeim og sýslumanni mundi hafa borið til, er þeir voru nokkuð ölvaðir og sýslumaður mundi hafa unnið á þeim hásetunum með tilstyrk Jóns Þorleifssonar og hrundið þeim útbyrðis eptir það hann hafði lagt formanninn. En þar eptir fannst ei sýslumaður Wium, Jón eða kvennmaðurinn. Getur og skeð, að þau hafi tynzt í ryskingum, þá bátnum halði hvolfi.

### Hans Wium.

*Faðir:* Jens Wium nýnefndur.

*Móðir:* Ingibjörg Jónsdóttir.

*Kona fyrri:* Guðrún, dó 1771, dóttir Árna auðga frá Arnheidarstöðum Þórðarsonar Árnasonar Þorleifssonar launsonar Jóns Sigurðssonar frá Reynistað. (Hún var systir Jóns sýslumanns á Ingjaldshóli). Ókunnugt er mér um börn þeirra, en nefndur son hans (óljóst með hverri konu).

*Barn:* A. Evert Wium í Húsavík átti Margréti Halldórsdóttur prests á Desjarnýri Gíslasonar, þ. b.:

1. Halldór.

2. Niels.

3. Brynjólfur.

4. Guðrún.

5. Hans barnaskólakennari utanlands.

6. Séra Gísli á Þóroddsstað 1823, dó 1826.

*Kona sinni:* Una Guðmundsdóttir bónda í Nesi í Loðmundarfirði Oddssonar. Sá Oddur átti Þuríði dóttur séra Árna seinast á Hofi á Skagaströnd, er þaðan flúði í duggur, vegna galdraáburðar.

*Börn:* B. Jens.

C. Gísli<sup>1</sup>).

---

Þorleifssonar á Kálfafelli og bróðir séra Þorleifs í Reykholti. Hann mun vera sá Jón Bjarnason, er útskrifast úr Skálholts-skóla 20. apríl 1736.

1) Með Unu s. k. sinni átti Hans sýslumaður engin börn.

Hans Wium, nýlega útskrifaður úr Hólaskóla, fór utan 1737<sup>1)</sup> til frama, en kom út aptur 1738 og var þá settur sýslumaður í Vestmannaeyjum til 1740 (sjá þar). En þá faðir hans Jens Wium hvarf 1740 var Hans Wium settur fyrir Múlaþing sama ár. Í Múlasýslu voru systkin sem fangar hjá sýslumanni Wium, er hann tók við sýslunni, Jón og Sunnefa að nafni. Svo bar til 1741, að Sunnefa gat barn í varðhaldinu og lýsti Hans Wium sýslumann þar að föður. Hún hafði áður átt barn við Jóni bróður sínum og því voru þau systkin í haldi. Sýslumaður neitaði því barnsfaderni og Sunnefa sjálf var óstöðug í framburði sínum; hafði verið skrifað út fyrir þau systkin og dróst málið. 1741 fékk Hans Wium kongsveiting fyrir mið- og suðurparti Múlasýslu. Dróst þetta mál í langdrag, með því að mikið og langvinnt málastapp varð þar út af. Loks komst þetta utanlands. Var því Hans Wium settur frá sýslunni 1752 eptir kongsboði 1751 og þar aptur settur sýslumaður Jón Sigurðsson (sjá Skaptárþing). En nú var í þessu máli stappað um hrið. 1755 um haustið hélt Sveinn lögmaður Sölvason aukalögþing að Ljósavatni og tildæmdi Sunnefu neitunareid fyrir samræði við bróður sinn. Þeim eið mótmælti Wium, en heimtaði sér tildæmdan fríunareid. Sunnefa deyði litlu síðar og sör ekki eiðinn. En lögmannsdóminum var skotið til hæstaréttar. 1756 tildæmdi hæstiréttur Wium fríunar-

---

En son hans með f. k. mun hafa verið Niels, er drukknadi í Lagarfljóti 1765. Edvard Wium er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 25. júlí 1771, 19 ára gamall, og var útskrifaður úr heima-skóla hér á landi (af séra Árna Þórarinssyni) s. á. Mun þetta vera Evert Wium son Hans sýslumanns, þótt þess sé ekki getið í ættatölum, að hann hafi orðið stúdent. Í minnisbók Hálfðanar Einarssonar skólameistara (í Lbs.) er beinlínis sagt, að *Evert Wium stúdent* hafi komið út 1773.

1) Hann var skrifaður í stúdentatölu 21. des. 1737 og er þá talinn 23 ára (f. c. 1714). Hann hefur ekki tekið próf í dönskum lögum 1747, eins og gízkað er á í Lögfræðingatali Klemens Jónssonar Rvík 1910 bls. 30—31, því að sá H(ans) Wium, er þá tók próf með 1. einkunn, varð bæjarskrifari í Prándheimi og andaðist 1778 (sbr. V. Richter Juridisk Stat Kh. 1882, bls. 448).

eið, sem fram fór sama ár hér. Tók þá Wium aptur við sýslu sinni.

1757 kom kongsbréf til amtmanns Magnúsar Gíslasonar, sem bauð að halda aukarétt og leiða til loka þetta blóðskammarmál. Þáverandi vísilögmaður Björn Markússon og Þórarinn sýslumaður Jónsson ferðuðust því í Múla-sýslu. Var Jón bróðir Sunnefu dæmdur frá lífi í yfir-rétti 1758.

Hans Wium hélt svo mið- og suðurhluta sýslunnar frá 1740, sem áður er sagt, til þess konungur gaf honum lausn frá embættinu 1778.

1769 tók Hans Wium fyrir sinn lögsagnara með von um sýsluna eptir sig Jón eldra Arnórsson (embættisbréfið ds. 16. maí 1769), sem þó slepti þeirri sýslu 1778 (sjá Snæfellsnessýslu).

1788 deyði Hans Wium<sup>1)</sup> eptir það hann fyrir 10 árum hafði sleppt sýslunni. Hann náði hálfu Skriðuklaustri eptir föður sinn og bjó þar. Lengi var óvinsæld millum hans og feðganna Þorsteins og Péturs sýslumanna. Hans sýslumaður tjáist að hafa verið stór vexti og þrekinn, harðger og óvilsamur, hvatur til hvers hlutar og allra manna orðfærastur, gefinn fyrir ölföng og þá óstýrilátur.

### Jón Sigurðsson.

- Faðir:* Sigurður lögréttumaður son Einars sýslumanns Þorsteinssonar (sjá Skaptárþing).  
*Móðir:* Helga Þórðardóttir prests á Kálfafelli Guðmundssonar.  
*Kona:* Kristín Eyvindsdóttir klausturhaldara á Kirkjubæ.  
*Börn:* A. Jón<sup>2)</sup> átti fyrir Guðrúnu Jónsdóttur Eyjólfs-

1) Hann dó í aprilmánuði.

2) Jón bjó á Höfðabrekku. Börn hans og s. k. Guðrúnar Þorsteinsdóttur frá Flögu voru:

1. Jón silfursmiður á Elliðavatni átti fyrir Ragnheiði Guðmundsdóttur í Þormóðsdal Sæmundssonar, ekkju Páls klausturhaldara Jónssonar, en síðar Guðrúnu Jónsdóttur prests í Arnarbæli Matthíassonar.

2. Sigurður hattasmiður erlendis.

sonar frá Dal í Fljótshverfi, svo Guðrúnu Þorsteinsdóttur og börn.

- B. Þorbjörg átti Guðmund Loptsson í Holti, þ. b.:
1. Sesselja.
  2. Jón.
- C. Elizabet átti Hallvarð Hallvarðsson á Svartanúpi, þ. b.:
1. Kristín.
  2. Þuriður.
  3. Margrét.
  4. Daníel.
- D. Einar.
- E. Davíð.
- F. Ingibjörg.
- G. Þuriður.
- H. Valgerður.
- I. Páll.

Þá Jón Ísleifsson var af amtmanni Fuhrmann frásettur í þingsvitnismálinu 1726 og Jón klausturhaldari Þorsteinsson hafði þénað sem lögsagnari í Skaptafellssýslu til 1731, var Jón Sigurðsson þar settur 1731—1734, og þá Wium var í Sunnefumálinu var Jón settur í mið- og suðurluta Múlasýslu 1752—1756.

Jón fór utan og var í Kaupenhöfn við lærdómsmenntir 1728. Á alþingi var hann opt brúkaður til málssókna, því að hann var þrassamur, og í þeim störfum var hann þar síðast 1767. Hann var skýr maður, deyði 1770. Bjó lengst í Holti í Mýrdal.

### Jon Arnórsson eldri.

Sjá um hann við Snæfellsnessýslu. Hann gerðist lögsagnari Hans Wiums með von um sýsluna eftir hann 1769. Var þar 9 ár, en sleppti þessari sýslu og tók Snæfellsnessýslu og Stapaumboð 1778.

- 
3. Jón annar, kvæntur í Mýrdal.
  4. Guðný átti Guðna Guðbrandsson í Reyniskoti og börn.
  5. Guðrún átti Jón í Narfakoti Árnason í Halakoti Magnússonar á Völlum á Kjalarnesi Ívarssonar.

Með konungsboði 29. marz 1779 var allri Múlasýslu skipt í tvo jafnari parta. Hafði þá Pétur Þorsteinsson hinn nyrðri, en Þorlákur Ísfjörð hinn syðri hlutann, og hafa þau skipti haldizt síðan til þessa.

Sýslumenn í Suðurmúlasýslu:

Þorlákur Magnússon Ísfjörð.

- Faðir:* Magnús í Meiri-Hlíð í Bolungarvík, son Sigmundar, er var skólalærður, sonar Sæmundar lögréttumanns og lögsagnara, Magnússonar og-svo lögsagnara, Sæmundssonar sýslumanns Árnasonar sýslumanns á Hlíðarenda Gíslasonar.
- Móðir:* Elín Jónsdóttir á Hóli í Bolungarvík Egilssonar.
- Kona:* Soffía Erlendsdóttir sýslumanns í Ísafjarðarsýslu Ólafssonar prests Jónssonar.
- Börn:* A. Kjartan Ísfjörð, fæddur 1774, fór utan ungur, varð kramaradregur, svo sveinn og þar eptir stórkaupmaður í Kaupmannahöfn. Við peningabreytingu í Danmörku varð hann gjaldþrota, svo allur hans eigindómur var seldur. Ísfjörð átti þá konu og börn. Systir Kjartans, Charlotte, keypti þá einn hans höndlunarstað á Austurlandinu og gaf hann, ásamt höndlunarskipi, börnum hans. Til þessa höndlunarstaðar flúði Ísfjörð seinna, fékk sér litla jörð, sem hann með kostnaði setti í gott stand. Er til þarfa við höndlun barna sinna, en kona hans er í Kaupmannahöfn, studd af barnafé (1830).<sup>1)</sup>
- B. Charlotte átti fyr kaupmann Henrik Henkel,

---

1) Kjartan Ísfjörð andaðist á Eskifirði 24. júlí 1845, 72 ára. Börn hans voru:

- a. Pétur, tók próf í dönskum lögum 28. apríl 1832, var svo við verzlun.
- b. Kjartan.
- c. Charlotte Amalia.
- d. Hendrietta.

sem deyði barnlaus um 1815, svo gíft dönskum majór (síðar generalmajór) í Kaupmannahöfn, Mikkelsen ekkjumanni, er átti eptir fyrri konu sína mörg börn; bl.

Þorlákur útskrifaðist úr Skálholtsskóla 1770, fór utan sama haust til háskólans, tók þar venjuleg reynslupróf, kom út 1773, og dvaldi um sumarið hjá frændum sínum og mest hjá afkomendum Erlends sýslumanns Ólafssonar, hvers dóttur Soffíu hann þá gerði þungaða. Um haustið 1773 fór hann enn utan, lagði sig eftir lagavísindum og tók þar í reynslupróf með góðri heppni vorið 1776 in jure romano, gerðist sama ár aðstoðarmaður Jóns sýslumanns Árnasonar í Snæfellsnessýslu, kom út og settist að Ingjaldshóli. Sama haust fór Þorlákur vestur og giptist Soffíu barnsmóður sinni. 1777, þá Jón sýslumaður Árnason deyði, var Þorlákur settur fyrir Snæfellsnessýslu og Stapaumboð, en veittur suðurpartur Múlasýslu 2. apríl 1778, því að Snæfellsnessýsla var þá veitt Jóni eldra Arnórssyni. Téð ár (1778) flutti Þorlákur austur til Eskifjarðar, hvar hann hafði sitt aðsetur og deyði þar 1780 (alíi 1781)<sup>1</sup>). Soffía ekkja hans giptist eptirmanni hans í sýslumannsembættinu.

Þorlákur Ísfjörð var maður fljótskarpur, mjög kvikur og fjörugur, samdi sig mjög að þeirrar tíðar síðum, sumir kölluðu hann brögðóttan og stoltan.

### Jón Sveinsson.

- Faðir:* Sveinn lögmaður Sölvason á Munkaþverá.  
*Móðir:* Málfríður Jónsdóttir sýslumanns í Grenivík Jónssonar (sjá Vaðlasýslu).  
*Kona:* Soffía ekkja Þorláks sýslumanns Ísfjörðs.  
*Börn:* A. Friðrik (kallar sig Svendsen) kaupmaður á Önundarlirði, fæddur 1788, hlaut agentsnafnbót 1833. Hans kona Jacobina Susanne Lovise 1819; þ. b.:  
 1. Juliane Noline Lovise.

1) Þorlákur sýslumaður dó 2. apríl 1781.



2. Hendrik Henkel.<sup>1)</sup>
3. Jón Jóhann Friðrik.<sup>2)</sup>
4. Harald Jakob, dó ungur.
5. Júlíus Viggo.
6. Sophie Amalie.

Agent Friðrik ólst um hrið upp hjá stórkaupmanni Ísfjörð og Henkel, keypti í sameining við Steinbäckana Önundar-, Dýra- og Patreksfjarðar höndlunarstaði, varð gjaldþrota 1835 og fór utan, vinglaður að viti; giptist ísl. kvenmanni<sup>3)</sup> að lifandi fyrri konu sinni.

- B. Málfríður átti fyr Guðmund Ögmundsson assistent á Eyrarbakka og faktor<sup>4)</sup>; þ. b.:
1. Jón chirurgus vestra, staðnæmdist lækni ytra.
  2. Charlotte dó ógipt ytra.
  3. Guðrún<sup>5)</sup> kona Lambertsens yngra á Eyrarbakka.

Seinna átti Málfríður Niels Steenbach kaupmann á Dýrafirði, bl.

C. Birgitha Maria gipt presti utanlands.

Jón Sveinsson lærði hér á landi, fór svo utan til háskólans, tók öll venjuleg reynslupróf og síðast í róm-

1) Hendrik Henkel Svendsen átti fyr systur Niels Havsteens kaupmanns, en síðar Ágústu Snorradóttur prests á Desjarmýri Sæmundssonar prests á Útskálum; þ. b.:

- a. Lovisa átti Björn Jensson skólakennara í Rvík; þ. b.: Viggó bankaritari, Ólöf kona Péturs Halldórssonar bóksala, Sigríður, Þórdís gipt Gunnlaugi Claessen lækni í Rvík, Ágústa, Arndís, Soffía.
- b. Soffía giptist í Kaupmannahöfn.

2) Jón Jóhann Svendsen var prestur í Færeyjum († 1879) átti Sigríði Jeannette Ágústu Effersøe, dóttur Jóns Effersøe kennara í Færeyjum Guðmundssonar dbrm. á Lágafelli Jónssonar.

3) Hún hjet Guðbjörg, dóttir Bjarna Torfasonar Mála-Snæbjarnarsonar.

4) Sjá hér áður bls. 633.

5) Hún hét Birgitta María.

verskum lögum með heppni, fékk sér svo veittan suðurhluta Múlasýslu 28. júní 1781, kom út og gíptist Soffiu ekkju sýslumanns Ísfjörðs, með hverri hann átti fyrtilin börn. Þeirri sýslu hélt Jón til síns dauða 1799<sup>1)</sup> í 18 ár.

Jón sýslumaður tjáist að hafa verið vel lærður og ágætur maður. Hann hefur á prent útgefið Tyro juris með mörgum upplýsandi skýringargreinum, sem hann sjálfur hefur við bætt verk föður síns, einnig Gissurarímur.<sup>2)</sup>

### Þórður Skúlason Thorlacius.

*Faðir:* Skúli rektor við Frúarskólann í Kaupmannahöfn, hálærðasti maður, sonur Þórðar klausturhaldara á Þykkvabæ Brynjólfssonar sýslumanns á Hlíðarenda Þórðarsonar Skálholtsbiskups Þorlákssonar Hólabiskups Skúlasonar bónda í Svartárdal.

*Móðir:* Agatha dóttir Hans Christian Riisbright.

*Kona:* Gythe dönsk frá Amager ættuð.<sup>3)</sup>

*Börn:* A. Peter Chr. Skule.<sup>4)</sup>  
B. Börge.<sup>5)</sup>

1) Hann andaðist 7. september.

2) Jón sýslumaður ritaði viðauka við Islands árbók Sveins lögmanns föður síns (1741—1781) og nær hann yfir árin 1782—1792 incl. Er fyllstur í Lbs. 914<sup>4to</sup>. og með hendi Jóns sýslumanns, framan við annál Péturs sýslumanns Þorsteinssonar.

3) Ættarnafn hennar var Hovitz. Hefur samið rit um veru sína hér á landi, sem er prentað á dönsku, og allfróðlegt að mörgu leyti.

4) Skúli Thorlacius son Þórðar sýslumanns var útskrifaður úr heimaskóla hér á landi af Steingrими prófasti Jónssyni í Odda, en tók aðgöngupróf við háskólann 1823, var lengi fulltrúi við hið konunglega skjalasafn í Höfn og andaðist 25. nóv. 1870. Kona hans var Gythe Kathrine Böggild dóttir J. L. Böggild og Christiane dóttur Skúla rektors Thorlaciusar, svo að þau hjón voru systkinabörn; þ. b.: Anita, Þórður, Karen, Brynjólfur.

5) Hét fullu nafni Börge Mathias, kvæntist ytra Ane Sørensen og voru börn þeirra: Karen, Christian, Gythe, Theodor.

Þórður er borinn í Kaupmannahöfn,<sup>1)</sup> lærði þar og gekk gegnum öll venjuleg lærdómspróf, eins hið síðasta í rómverskum lögvisindum með allgóðri heppni (haud il-laudabilis). 1800 var honum veitt Suður-Múlasýsla eptir Jón sýslumann Sveinsson.<sup>2)</sup> 31. marz 1813 fékk Þórður sýslumaður veitingu fyrir Árnesþingi, er Steindór Finns-son slepti, en flutti algerlega þangað 1814. 1813, 17. júní fékk hann kammerassessorsnafnbót. Hélt opt lög-sagnara í Árnessýslu. 1818 veitti konungur honum bý- og héraðsskrifaraembætti í Ringkjöbing á Jótlandi. Flutti hann þá frá Íslandi til síns embættis þar. Hann bjó á Helgustöðum (er hann kallaði Gothenborg) nálægt Eski-lirði, meðan hann var sýslumaður í Múlasýslu.

### Þáll Þórðarson Melsteð

var settur hér 1814, fékk veitingu 17. sept. 1815, slepti þessum sýsluparti og fékk veiting fyrir norðurpartinum 1817, en Árnesþing 1835 (sjá þar).

### Marteinn Hansson Tvede,

danskur maður, fyr kopisti (ritari) í kammerinu, fékk sér veittan suðurpart Múlasýslu með kammerassessorsnafnbót 1817, þá Melsteð tók norðurpartinn. Hann hafði áður tekið reynslupróf í dönskum lagavisindum. 1833 fékk hann kammerráðsnafnbót. 10. sept. 1836 veitti kong-ur honum land- og bæjarfógetaembætti á Íslandi. Flutti hann til Reykjavíkur til síns embættis 1837, en fór utan 1838. Stóð þá fyrir hans embætti Stefán sýslumaður Gunnlaugsson, er var undir eins héraðsdómari í Gullbringusýslu og hélt Kjósarsýslu ásamt (sjá um hann við Gullbringusýslu). Fógeti M. H. Tvede samdi við Stefán sýslumann um embættaskipti, þó svoleiðis, að Stefán

1) Hann var fæddur 3. apríl 1774, en andaðist í Kaupmannahöfn 12. ágúst 1850.

2) Jón Jónsson *Vidalin* bróðir Geirs biskups var settur fyrir sýsluna sem lögsagnari Þórðar Thorlaciusar 5. okt. 1812 og þjón-aði henni að mestu leyti til 1815, er Þáll Melsteð tók við.

skyldi borga Tvede töluvert millilag (nokkrir segja 1000 rd.). Konungur staðfesti þann samning 1839.

1840 2. marz, þá sýslumaður Tvede var genginn til sinnar skrifstofu til ritgerða, varð honum fljótlega ilt. Landlæknir J. Thorsteinsson leitaðist við eptir mætti að viðhjálpa honum, en forgefins, því Tvede féll aptur í öngvit og raknaði ekki við til þessa lífs. Í mörgu tjáist Tvede að hafa verið valinn maður, en ekki var hann haldinn bústandsmaður, tjáist hann hafa verið í skuldum, er hann andaðist, svo þar mundi verða þrotabú.

### J. C. Voigt.

1837, þá sýslumaður Walsøe hafði fengið áður norðurpart Múlasýslu eptir kammerráð Melsteð, veitti kongur dönskum candidatus jüris, sem nefndist Voigt, suðurpart sýslunnar, og tók hann við embættinu þá út kom 1837, en fógeti M. H. Tvede tók þá við embættum sínum í Reykjavík. Árinu áður hafði Voigt fengið kongsveitingarbréf, en flutti með konu sína til Íslands, sem fyr er sagt, 1837, og tók sér bústað í Berufjarðarkaupstað. Þá Walsøe fór utan frá Múlasýslu norðurparti, var Voigt sýslumaður og svo settur fyrir norðurpartinn.<sup>1)</sup>

Þá sýslumaður Havsteen, sem hafði fengið norðurpart Múlasýslu 1845 eptir sýslumann Walsøe (sem fékk embætti utanlands og sigldi) var settur sumarið 1846 ásamt öðrum að sjá eptir lagaverkinu í Reykjavík, fékk hann sýslumann Voigt að þéna í norðurparti Þingeyjar-sýslu, meðan hann var fráverandi.

Sögn er, að Voigt sýslumaður hafi utan farið 1846 og tekið sér fullmektugan, en fékk kongsveiting 19. júlí 1847 fyrir héraðsfógeta og skrifaraembætti í Skodborg og Vandfuldhéraði í Ringkjöbingsamti, og flutti þangað með konu og börnum,<sup>2)</sup> en kandidatus Þorsteinn Jónsson var þá settur fyrir þann part Suður-Múlasýslu.

1) Þá er Walsøe kom út fór Voigt utan 1839, og tók við aptur í sept. 1840, en Walsøe þjónaði fyrir hann á meðan.

2) Johan Christopher Voigt var fæddur 12. okt. 1804 í Trane-kjær á Langalandi, varð stúdent frá Hróarskelduskóla 1822, tók

### Þorsteinn Jónsson.

*Faðir:* Jón Jónsson á Ármóti, sem opt var settur fyrir sýslumann í Árnessýslu (sjá þar).

*Móðir:* Halla Magnúsdóttir bónda í Skálmholtshrauni.

Þorsteinn var ungur við lærdóm bæði utan og innanlands. Utanlands lagði hann sig eplir lögfræði, og þá Voigt sýslumaður var alfarinn utan, var Þorsteinn settur fyrir suðurpart Múlasýslu,<sup>1)</sup> en fékk kóngsveiting fyrir tédum parti 1848.<sup>2)</sup>

Sýslumenn i nyrzta hluta og miðhluta Múlasýslu  
(1670—1778).

### Marteinn Rögnvaldsson.

*Faðir:* Rögnvaldur prestur á Hólmum (dó 1663)<sup>3)</sup> Einarsson Magnússonar á Reykjum Björnssonar.

*Móðir:* Guðrún yngri Árnadóttir sýslumanns á Eiðum Magnússonar.

---

embættispróf í lögum 29. okt. 1830 með 1. einkunn í báðum prófum, varð skrifari í landsyfirréttinum og bæjarréttinum í Kaupmannahöfn, fékk veitingu fyrir Suðurmúlasýslu 7. okt. 1837, en fór alfarinn héðan af landi haustið 1845, var skipaður bæjarfógeti í Lemvig og héraðsfógeti í Skodborg og Vandfuldhéruðum 19. júlí 1847, fékk kanselliráðsnafnbót 1850, varð héraðsfógeti og skrifari í Hassing og Refshéruðum í Thistedamti 7. jan. 1854, fékk jústiráðsnafnbót 1859, og varð riddari af dannebrog 17. sept. 1865, og andaðist í Vestervig 13. sept. 1871, hafði hann þá nýlega fengið lausn frá embætti. Hann kvæntist á Eskifirði 29. jan. 1842 og hét kona hans Laura (borin Andersen). Elzta barn þeirra Johanne Marie f. 21. apr. 1843.

1) Þorsteinn tók við sýslunni sem settur í júnílok 1846, en áður hafði *Jörgen P. Havsteen* sýslumaður í Norður-Múlasýslu þjónað þar frá því Voigt sigldi haustið 1845.

2) Sjá frekar um Þorstein sýslumann við Þingeyjarsýslu I, 133—134 og við Árnesþing (bls. 370—371 hér á undan). Um sýslumenn í Suður-Múlasýslu eptir hann sjá viðauka hér síðar.

3) Séra Rögnvaldur dó 1660, eins og áður er getið. Einar faðir hans var prestur á Valþjófsstað.

- Kona:* Ragnheiður Einarasdóttir Skúlasonar, er átti Steinunni laundóttur Guðbrands biskups.
- Börn:*
- A. Páll sýslumaður (sjá síðar).
  - B. Guðrún eldri átti séra Ketil Bjarnason,<sup>1)</sup> bl., svo Sigurð son Magnúsar lögréttumanns í Njarðvík (sjá áður).
  - C. Guðrún yngri átti Björn sýslumann Pétursson (sjá síðar).
  - D. Þuríður var fyrri kona<sup>2)</sup> Vigfúsar á Hjartarstöðum Péturssonar frá Bustarfelli; þ. b.:
    1. Pétur lögréttumaður á Hjartarstöðum.
    2. Helga.
  - E. Jarprúður átti séra Eirík Sölvason í Þingmúla,<sup>3)</sup> þ. b.:
    1. Sölvi.<sup>4)</sup>
    2. Vigfús.<sup>5)</sup>
    3. Steinunn.
    4. Halldór.<sup>6)</sup>
    5. Kristín.<sup>7)</sup>

1) Á að vera Ketil stúdent Björnsson (sjá áður). Hún var ekki tvígípt.

2) S. k. Vigfúsar var Valgerður Pétursdóttir, ellaust dóttir Péturs Ásmundssonar lögréttumanns og Þorbjargar Vigfúsdóttur frá Hofi (sjá áður).

3) Faðir hans var Sölvi á Skjöldólfsstöðum Gunnlaugsson prests í Möðrudal Sölvasonar prests s. st. Gottskálkssonar á Reykjum í Skagafirði Magnússonar, bróðir Jóns á Skjöldólfsstöðum, er ritað hefur ættatölubók og mikil ætt er frá komin (Skjöldólfsstaðaætt).

4) Sölvi átti Gróu Þorkelsdóttur, þeirra son Jón faðir Ingibjargar, er átti Árna Jónsson á Þorvaldsstöðum í Skriðdal, og var þeirra dóttir Sigríður, er fyr átti Jón beyki Magnússon prests á Kvennabrekku Einarssonar, en síðar Hendrik Nielsen Melbye beyki í Reykjavík (sbr. II, 387 og III, 536).

5) Réttara: Sigfús, bjó á Urriðavatni, hafði lært í skóla.

6) Halldór prentari á Hólum átti Guðrúnu Eiríksdóttur, systur Jakobs við Búðir. Sjá um börn þeirra III, 137—138.

7) Kristín var s. k. séra Jóns Gissurarsonar á Hálsi í Hamarsfirði († 1757); þ. b. Þóra.

6. Vilborg.<sup>1)</sup>

F. Einar átti Guðriði<sup>2)</sup> Þórarinsdóttur prests á Hrafnagili Jónssonar; þ. b.:

1. Þorbjörg átti séra Eirík Guðmundsson á Eiðum, þeirra son:

a. Einar.

Svo átti hún launbarn. Seinast átti hún Ingimund snikkara Þorsteinsson.

2. Halldóra dó ógipt.

G. Steinunn átti séra Runólf Ketilsson; börn:

1. Jón átti Guðrúnu Jónsdóttur.

2. Ragnhildur átti Jón Brynjólfsson.<sup>3)</sup>

3. Steinunn átti fyr séra Ketil Bjarnason og börn, síðar séra Þorvarð Guðmundsson á Klyppstað og börn.

4. Guðrún átti Þorstein Bjarnason, þ. d.:

a. Krístrún.

5. Katrín.

H. Guðrún þriðja (með því nafni) átti Finnson Böðvars prests Sturlusonar á Valþjófsstað; barn:

1. Hólmfríður átti Guðmund Styrbjörns-son; þ. b.:

a. Finnur á Skeggjastöðum á Jökuldal átti Jarþrúði Hallsdóttur frá Njarðvík.<sup>4)</sup>

1) Vilborg átti Hall Einarsson í Njarðvík, og er barna þeirra áður getið.

Son séra Eiríks var ennfremur:

7. Guðmundur faðir Hávarðs í Njarðvík.

2) Réttara: Guðný.

3) Jón var son Brynjólfs prests Ólafssonar á Hálsi í Hamarsfirði.

4) Barna þeirra er áður getið. Enn er og talin dóttir Marteins sýslumanns Guðrún fjórða, ef til vill sú, er trúlofuð hefur verið Höskuldi lögsagnara Halldórssyni (sjá áður), hvort sem það er hún, sem átt hefur Sigurð Magnússon frá Njarðvík Einarssonar (sjá áður) eða önnur nafna hennar. Séra Árni prófastur Þorsteinsson í Kirkjubæ telur Guðrúnar dætur Marteins í þess-

Marteinn lærði hér,<sup>1)</sup> fór svo utan til Kaupmannahafnar og var þar við lærdómsiðkanir 3 ár; þar var hann og þá Karl Guðstaf Sviakonungur ásótti með sínu herliði Kaupmannahöfn. Sýndi þá Marteinn ásamt öðrum stúdentum og borgarlýð karlmannlega vörn, því hann var mikilmenni að kröptum. Hann kom síðan út og gerðist umboðsmaður Tunguajarða og tók sér áðursagt kvonfang.

1670 þá Þorsteinn Þorleifsson sýslumaður hafði áskilið sér af Múlasýslu 4 nyrztu þingstaðina: Skeggjastaði, Ásbrandsstaði, Brú og Ás fyrir 20 rd. árlegt afgjald, tók hann Marteinn þar fyrir sinn umboðsmann. 1673 var Marteinn á alþingi (fyrir hönd Þorsteins Þorleifssonar) við eiðatöku Jóns Þorlákssonar af Margrétu. En þá Þorsteinn hafði fengið Hegransþing 1677, meina eg hann hafi sleppt téðum sýsluparti til Marteins um 1678.

1683 fór Marteinn utan ásamt öðrum upp á taxtann og meina eg hann fengi þá staðfesting konungs fyrir sýslupartinum. Marteinn kom út aptur 1684.

1685 þá Bessi sýslumaður Guðmundsson tók Skriðuklaustur, er Jón sýslumaður sleppti því og hálfum útjörðum, tók Marteinn sýslumaður téð klaustur. Nálægt 1686 tók hann Pál son sinn sér til aðstoðar. 1688 fékk Páll vonarbréf fyrir sýslupartinum, og nálægt þeim tíma mun Marteinn hafa yfirlátið honum hann. Marteinn bjó fyrst á Helgustöðum í Reyðarfirði, svo á Eiðum, síðast á Hallfríðarstöðum í Kirkjubæjarsókn. Ritin greina á, nær Marteinn deyði. Sum segja hann hafa dáíð 1688 á 57. aldursári, önnur, að hann hafi látizt 1691 og það mun sannara. Marteinn tjáist að hafa verið allvel lærður, stöðuglyndur, mikilmenni að kröptum og vel við efni.

---

ari röð: Guðrún fyrsta, kona Sigurðar í Njarðvík, Guðrún önnur, kona Ketils á Eiðum, Guðrún þriðja, kona Finns Böðvarssonar og Guðrún fjórða, kona Björns sýslumanns.

1) Marteinn var útskrifaður úr Skálholtsskóla 1657 og skrifaður í stúdentatölu við háskólann 16. nóv. s. á. Marteinn sýslumaður bjó fyrst á Helgustöðum í Reyðarfirði, en keypti síðan



## Páll Marteinsson.

- Faðir:* Marteinn sýslumaður nýnefndur.  
*Móðir:* Ragnheiður Einarasdóttir nýnefnd.  
*Kona:* Kristín Eiríksdóttir prests í Kirkjubæ 41 ár, († 1690), Ólafssonar. Kona séra Eiríks var Ólöf Jónsdóttir frá Hafrafellstungu Einarssonar Nikulásssonar Þorsteinssonar Finnbogasonar lögmanns.  
*Börn:* A. Séra Halldór á Breiðabólstað í Fljótshlíð 1728—1749, átti Sigríði dóttur Ísleifs sýslumanns Einarssonar (sjá Skaptárþing).  
 B. Eiríkur.  
 C. Gísli.<sup>1)</sup> Hans son:  
 1. Gísli.

Páll var skólagenginn og föður sínum til aðstoðar við sýslumannsverk, en fékk vonarbréf fyrir 4 Múlasýsluþingstöðum eftir sinn aldraða föður, Martein Rögnvaldsson, bréfið ds. 24. marz 1689,<sup>2)</sup> en 1695 sleppti Páll sýslupartinum við Björn sýslumann Pétursson. Páll bjó á Eiðum og var haldinn mætur maður, en enginn sérlegur skörungur né deildarmaður.<sup>3)</sup>

## Björn Pétursson.

- Faðir:* Pétur Bjarnason sýslumanns á Bustarfelli Oddssonar (sjá hér áður).  
*Móðir:* Steinunn Vigfúsdóttir.<sup>4)</sup>

Eiða og flutti þangað. Andaðist þar 1692, 56 ára gamall (f. c. 1636). Það er ekki rétt, að hann hafi andazt 1688 eða 1691.

1) Þessir bræður (Eiríkur og Gísli) hafa dáið ungir, séu þeir annars taldir réttilega synir Páls, sem er hæpið.

2) Réttara: 24. marz 1688 (M. Ketilss. III, 279).

3) Páll mun hafa andazt á árunum 1702—1703, því að 1704 flutti Ketill stúdent Björnsson mágur hans að Eiðum og ól hann upp Halldór son Páls, og kostaði hann til mennta.

4) Foreldrar Björns sýslumanns voru Pétur yngri Bjarnason og Elizabet Jochumsdóttir, eins og áður er getið.

*Kona:* Guðrún yngri Marteinsdóttir sýslumanns (sjá hér á undan).

*Börn:* A. Marteinn á Bustarfelli, bartskeri, deyði 1777. Hjá honum brann tvisvar bærinn. Hann átti fyr Margréti Egilsdóttur prests á Stafafelli Guðmundssonar; börn:

1. Egill gullsmiður, giftur utanlands. Hans dóttir:

a. Sesselja átti Monrad kanselliráð.

2. Rannveig átti fyr Hannes Scheving son Hans Schevings klausturhaldara á Möðruvöllum. Hannes hélt og um tíma hálf Munkaþverárklostur; börn:

a. Marteinn regimentskvartermeistari, dó bl.<sup>1)</sup>

b. Hans.<sup>2)</sup>

c. Guðrún. S. m. Rannveigar Jón Jónsson.<sup>3)</sup>

3. Jón.<sup>4)</sup>

4. Kristín.<sup>5)</sup>

5. Guðrún.<sup>6)</sup>

6. Málfríður.<sup>7)</sup>

7. Guðrún önnur.

1) Marteinn Scheving dó á Lambastöðum hjá Geir Vídalín 1795.

2) Hans kvæntist ekki, var á hrakningi um Fljótsdalshérað, dó 1821.

3) Jón stúdent son Jóns Ásmundssonar á Ormarsstöðum var s. m. Rannveigar Stefánsdóttur (sbr. bls. 722) móður Margrétar á Bustarfelli, en Rannveig Marteinsdóttir var eingipt.

4) Jón átti Guðnýju Guðmundsdóttur prests á Hofi í Vopnafirði Eiríkssonar.

5) Kristín átti Sigurð Jónsson á Bustarfelli (sjá áður bls. 716).

6) Guðrún átti Pétur á Hjartarstöðum Vigfússon lögréttumanns Péturssonar, þau systrabörn (sjá áður), þ. b. Marteinn, Pétur, Anna átti Hávarð Guðmundsson í Hólum í Norðfirði og Elizabet átti Magnús Jónsson á Hnjóti.

7) Málfríður bjó leingi á eignarjörð sinni Einarstöðum í Vopnafirði, giptist ekki, dó bl.

8. Elisabet.<sup>1)</sup> Af mörgum þeirra afkvæmi.  
Seinni kona Marteins Margrét Ketils-  
dóttir prests Eiríkssonar.
- B. Þórunn, dó 1748,<sup>2)</sup> átti Benedikt lögmann  
Þorsteinsson (sjá Þingeyjarþing).
- C. Pétur, dó 1740, átti Helgu Þorvaldsdóttur,<sup>3)</sup> bl.
- D. Jón á Eyrarlandi átti Helgu Magnúsdóttur  
Björnssonar sýslumanns Pálssonar sýslu-  
manns Guðbrandssonar biskups. Helga var  
kvenskörungur og meiri talin í sinni röð en  
bóndi hennar. Þau giptust 1731; þ. b.:
1. Vigfús sýslumaður (sjá Þingeyjarþing).
  2. Björn apótekari, átti ekki börn.
  3. Séra Magnús í Saurbæ og Miklagarði,  
átti fyr Margrétu Stefánsdóttur frá Hösk-  
uldsstöðum, bl. Svo Þórunni dóttur síra  
Björns Magnússonar; börn:
    - a. Elín átti síra Sigurð Jónsson kapel-  
lán í Saurbæ. Svo átti séra Magnús  
Guðnýju Guðnadóttir, bl.
  4. Brynjólfur gartner í Kaupenhöfn, bl.
  5. Elizabet átti séra Jón Jónsson í Glæsi-  
bæ; börn:
    - a. Jón.
    - b. Þorsteinn.
    - c. Halldór.
  6. Guðrún átti séra Jón Sigurðsson í Ási  
og Garði; börn:
    - a. Séra Sigurður átti Elínu (sjá fyr).
    - b. Þórdís átti séra Jónas í Nesi.
    - c. Sigríður fyrri kona sama síra Jón-  
asar (sjá Vaðlaþing).

1) Elizabet giptist ekki, dó úr undarlegum veikleika.

2) Hún dó 28. jan. 1748 (sbr. I, 122).

3) Faðir Helgu var Þorvaldur prestur á Hofi í Vopnafirði  
Stefánsson prófasts í Vallanesi Ólafssonar.

7. Ragnheiður.  
 8. Sigríður, barnlausar.<sup>1)</sup>
- E. Ragnheiður átti Björn í Bøðvarsdal<sup>2)</sup> son séra Ólafs Ásmundssonar í Kirkjubæ; þ. b.:  
 1. Ingibjörg átti Þórð Árnason á Arnheiðarstöðum.<sup>3)</sup>  
 2. Guðrún.<sup>4)</sup>
- F. Gróa tvígift, átti börn,<sup>5)</sup> hennar seinni maður Högni Eiríksson frá Búlandi (sjá Skaptárþing).
- G. Guðrún átti séra Einar á Skinnastöðum Jónsson prests Einarssonar prests Nikulássonar, þ. b.:  
 1. Ragnheiður.<sup>6)</sup>

1) Sjá nánar um börn Jóns Björnssonar á Eyrarlandi og Helgu I. B. bls. 242—244.

2) Ragnheiður var f. k. Björns.

3) Dætur Þórðar og Ingibjargar voru:

- a. Ingibjörg s. k. séra Jóns Hallgrímssonar í Þingmúla; þ. b.:  
 aa. Árni dó ungur.  
 bb. Ingveldur átti séra Sigfús Finnsson í Hofteigi og börn, sem áður er getið.  
 cc. Þórður á Sleðbrjótsseli átti Sigríði Sigfúsdóttur prests í Ási Guðmundssonar ekkju Jóns Bjarnasonar í Sleðbrjótsseli og börn.  
 dd. Snjálauð átti Þorstein á Hreimstöðum son Skiða-Gunnars á Ærlæk Þorsteinssonar prests á Skinnastöðum Jónssonar.
- b. Kristín s. k. séra Vigfúsar Björnssonar í Garði; þ. b.:  
 aa. Benedikt prófastur á Hólum (I, 119).  
 S. m. Kristinar séra Björn Halldórsson í Garði, bl.

4) Guðrún varð úti á Reykjaheiði 1748 ásamt móðursystur sinni og alnöfnu Guðrúnu Björnsdóttur.

5) Gróa var að eins eingipt, en hún var trúlofuð séra Einari Bjarnasyni aðstoðarpresti á Hofi í Vopnafirði, en hann dó á Bustarfelli, áður en þau giptust. Börn hennar og Högna voru:

- a. Einar átti Ragnheiði Helgadóttur.  
 b. Vilborg átti séra Benedikt Árnason í Hjarðarholti, og var son þeirra Stefán prestur í Hjarðarholti.

6) Ragnheiður átti Árna á Bustarfelli Sigurðsson frá Haukstöðum Sveinssonar; þ. b.:

2. Björn.<sup>1)</sup>
3. Jón.<sup>2)</sup>
4. Guðrún.<sup>3)</sup>
5. Gróa.<sup>4)</sup>

H. Guðrún önnur varð úti á Reykjaheiði 1748.<sup>5)</sup>

a. Friðrik á Fossi í Vopnafirði átti fyrir Katrínu Jónsdóttur; þ b.: Metúsalem, Jóhannes í Tunguseli, Katrín og Árni.

S. k. Friðriks Ingibjörg Jónsdóttir frá Rjúpnafelli; þ b. Jón og Sigurveig.

b. Metúsalem á Bustarfelli átti fyrst Þórunni yngri Jónsdóttur prests á Hálsi Þorgrímssonar. bl., svo Ölveigu Sigfúsdóttur; þ. d. Salina átti Einar Einarsson á Bustarfelli. Síðasta kona Metúsalems Þórunn Guttormsdóttir (III, 479).

c. Aðalbjörg átti Jón Jónsson í Möðrudal, þau bræðrabörn; þeirra börn:

aa. Árni á Aðalbóli átti fyrir Guðrúnu Eiríksdóttur, svo Hermanníu Jónsdóttur.

bb. Jón á Eiríksstöðum.

cc. Sigurður í Möðrudal.

dd. Metúsalem sterki.

1) Björn á Egilsstöðum í Vopnafirði, komst í sauðapjófnadarmál með vinnumanni sínum Birni Kark, átti Sigríði Jónsdóttur ríka í Ási í Kelduhverfi Jónssonar. Síðar átti Björn 1 eða 2 launbörn með Björgu Þorbjörnsdóttur og bjó í Fjarðarseli.

2) Jón á Ferjubakka átti Kristínu Jónsdóttur frá Ási, systur Sigríðar; þ. b.:

a. Einar á Rjúpnafelli átti Sigríði Jónsdóttur frá Vakurstöðum Sigurðssonar.

b. Runólfur dó bl.

c. Sigfús.

3) Guðrún átti Guttorm Guðmundsson prests í Hofteigi Ingimundssonar (sjá áður).

4) Gróa gíptist ekki, dó á Bustarfelli hjá Ragnheiði systur sinni.

Enn voru dætur séra Einars og Guðrúnar:

6. Elin, dó ógípt, bl., í Nesi við Seltjörn.

7. Elizabet átti Guðmund á Gnýstöðum í Vopnafirði son Jóns ríka í Ási; þ. b.: Herborg, María, dóu báðar bl.

5) Það var Guðrún eldri, er úti varð, en Guðrún yngri átti séra Einar á Skinnastöðum.

I. Elizabet<sup>1)</sup> átti Björn Jónsson.

K. Guðrún átti Pétur Jónsson á Skjöldólfsstöðum Gunnlaugssonar<sup>2)</sup>; þ. b.:

1) Elizabet þessi mun hafa dáið bl. og óvist, að hún hafi gipt.

2) Þetta er dálítið vafasamt, því að austfirzkir ættfræðingar telja, að Pétur hafi ekki átt dóttur Björns sýslumanns, heldur systur hans Ólöfu Pétursdóttur, svo að ættin er reyndar sú sama. Voru börn Péturs og hennar:

1. Pétur í Bót átti Ingibjörgu Sigurðardóttur Sveinssonar, systur Árna á Bustarfelli (sjá hér áður) og Jóns föðurföður Sigurðar í Möðrudal; þ. b.:
  - a. Pétur á Hákonarstöðum átti Hallfríði Eggertsdóttur (Galdra-Eggerts) Einarssonar Eggertssonar prests á Svalbarði Jónssonar; þ. b.: Jónatan á Eiðum, Jón á Aðalbóli, Pétur á Hákonarstöðum, Benjamin á Fossvöllum, Hallgrímur í Fremraseli, Þorgrímur á Hámundarstöðum, Sigfús, Kristín, Ólöf, Guðrún og Anna.
  - b. Elizabet átti Jón Pálsson gullsmið á Sléttu í Reyðarfirði, bróður Sveins læknis í Vík; þ. b.: Pétur prestur á Eiðum († 5. maí 1839) og Guðrún f. k. Guðmundar Sigmundssonar silfursmiðs í Geitdal.
  - c. Þorbjörg átti Guðmund Magnússon á Bessastöðum í Fljótssdal; þ. b.: Þórður í Brúnahvammi, Pétur á Rangárlóni, Jón silfursmiður í Dölum í Fáskrúðsfirði móðurfaðir Jóns Ólafssonar fyrv. ritstjóra og alpm., Eiríkur faðir Þórðar á Vattarnesi, Sveinn á Hafrafelli faðir Bjarna s. st., Magnús faðir Guðmundar í Fannardal, Ólafur, Þorvaldur, Elizabet, Ingibjörg og Ásdís.
  - d. Margrét átti Einar Kristjánsson koparsmið á Setbergi í Fellum; þ. b.: Kristján, Pétur, Sigfús faðir Péturs á Litlabakka, Guðrún móðir Hildibrands Hildibrandssonar í Skógargerði, Ingibjörg átti Sigfús Eiríksson á Stórabakka. Sigríður átti Vilhjálm Jónsson í Hvammi á Völlum og Guðfinna, er fyr átti Jón Oddsson í Meðalnesi, en síðar Bjarna Bjarnason í Kollsstaðargerði.
  - e. Ólöf átti Bjarna í Belgsholti í Melasveit Pétursson Kolbeinssonar; þ. b.: Páll, Sigríður og Pétur á Háreksstöðum, en synir hans voru Páll á Háreksstöðum og Vigfús á Háreksstöðum faðir Pálinu móður Karls Einarssonar sýslumanns í Vestmanneyjum (sjá bls. 567).
2. Sveinn stúdent, Hólaráðsmaður († 1779) átti Kristínu Þórðardóttur lögréttumanns í Kolviðarnesi Björnssonar; þ. b.:
  - a. Pétur ríki á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, (var ekki stúdent

1. Sveinn dimissus, Hólastólsráðsmaður, átti 1755 Kristínu Þórðardóttur, þ. b.:
  - a. Ólöf átti Bjarna Pétursson og börn.
  - b. Pétur dimissus á Bjarnastöðum í Hjaltadal. Hans son:
    - aa. Sveinn.
    - c. Guðrún.

Björn bjó á föðurleifð sinni Bustarfelli, og var höfðingi mikill. Páll sýslumaður afstóð við hann sýslupartinn 1695<sup>1)</sup> og fékk Björn veitingu fyrir þeim parti. Mælt er, að skip hafi laskazt í sýslu hans, hafi hann hagnýtt sér það sem annað vogrek. Eitt sinn hafi hann og tekið hollenzka duggu með áhöfn, byggt þar af bæ sinn og látið skipsfólkið starfa þar að. Hafi timburmaðurinn fyrirsagt, að sá bær mundi brenna, hvað seinna rættist, þá Marteinn bjó þar. 1714 tók Björn fyrir sinn lögsagnara Þorstein Sigurðsson. Þó mun það ekki hafa verið nema í einstöku málum, sem Þorsteinn hefur þénað Birni, því að hann var þá lögsagnari Bessa. 1721 afstóð Björn við Þorstein sýsluna, og deyði sjálfur 1726 eða nálægt þeim tíma.<sup>2)</sup> Björn var hið mesta afarmenni að karl-

---

eins og Bogi telur) átti Prúði Loptsdóttur, bróðurdóttur Lýðs sýslumanns Guðmundssonar. Son hans var Sveinn í Fróðhúsum. Var Pétur einbirni Sveins stúdents, og er því skakkt hér hjá Boga, að systur hans hafi verið Ólöf og Guðrún. Ólöf sú, er átti Bjarna Pétursson, var einmitt bróðurdóttir Sveins (sjá hér á undan) en ekki dóttir hans.

3. Ólöf átti Pétur á Brú á Jökuldal og Hvanná Guðmundsson prests í Hofsteigi Ingimundssonar, og er barna þeirra áður getið (bls. 756).

1) Björn fékk veitingu Müllers amtmanns fyrir honum 8. júlí 1695.

59) Björn sýslumaður dó 2. febr. 1744 (sbr. minningarspjald yfir hann í Þjóðmenjasafninu, og er þá talinn á 85. ári, en réttara mun á 83.); er því rangt hjá Espólin (Árb. IX, 86) að telja dánarár hans 1726. Mun hann fæddur um 1661 (sbr. manntalið frá 1703). Æfissaga hans er til í einu handriti í safni í Edinborg (»Advocates Library«), en hvergi annarstaðar, svo að mér sé kunnugt.

mennsku, hafði þar eptir skaplyndi og vöxt, var bjargvættur haldinn sakamanna, hafði á sér mesta höfðingjasnið, var héraðsrikur og vel við efni. Við útför hans var silfurdalur látinn fylgja máltíð til handa hverjum boðsmanni við hvern rétt.

### Þorsteinn Sigurðsson.

*Faðir:* Sigurður bóndi á Jörfa Þorgilsson Bergþórs-sonar Bjarnasonar Sveinssonar í Gröf Bjarnasonar.

*Móðir:* Herdis Þorvarðsdóttir á Brennistöðum Runólfs-sonar Sigurðssonar í Einarsnesi Jónssonar s. st. Magnússonar.

*Kona:* Björg, dó 1759 á 75. aldursári, Pálsdóttir prests, er vígðist 1681, dó 1736, 80 ára. Faðir hans, Sveinn prestur á Barði, var og prestur yfir 50 ár. Hann var son Jóns á Siglunesi Guðmundssonar. Þorsteinn og Björg giptust 1712.

*Börn:* A. Sigurður, fæddur 1714 á Skriðuklaustri, gullsmiður í Kaupmannahöfn, átti Mariu (dó 1770) dóttur Lárusar Ottesen Íslands kaupmanns, varð captain og oldermand gullsmiða; börn:

1. Pétur dr. medicinæ á Kongsbergi, tvígiptur, fæddur 1752.
2. Lárus skrifari í rentukammerinu, fæddur 1754.
3. Elizabet átti séra Egil Þórhallason í Bogen-ense á Fjóni.
4. Berthe Katrine (dó 1763) átti Kristófer Balk gullsmið og lieutenant.
5. Þorsteinn gullsmiður í Kaupmannahöfn, fæddur 1748.

B. Pétur sýslumaður, fæddur 1720 á Víðivöllum (sjá síðar).

C. Margrét fyrsta kona séra Hjörleifs Þórðarsonar;<sup>1)</sup> þ. b.:

---

1) Þetta er rangt. Margrét dóttir Þorsteins sýslumanns var



1. Herdís átti séra Jón yngra Bergsson; þ. b.:
  - a. Séra Bergur.
  - b. Þóra.
  - c. Guðrún.
2. Sigríður átti Guðbrand Árnason frá Sauðanesi.
3. Guttormur sýslumaður.

D. Jón dimissus, dó 1731, bl.

Þorsteinn fæddist á Jörfa í Haukadál 1678, ólst upp hjá foreldrum sínum, var námgjarn, en ekki til mennta settur, þótt foreldrar hans væru efnagóðir; tók hann um tvítugsaldur af sjálfsdáðum að leggja sig eptir dönsku, þýzku og þá gildandi lögum Íslands, gerði sér og eptir mætti kunnuga þá verandi landshöfðingja, var og vel að sér í ritgerð og reikningi, var lögsagnari Páls lögmanns Vídalíns í Dalasýslu. Eptir tvítugt hafðist hann við í Norðlendingafjórðungi, og hélt um hríð Hörgárdalsumboð af biskupi, Birni Þorleifssyni. Þar eptir fékk hann fyrirheit, hjá Jóni biskupi Vídalín, á Hallbjarnareyrarhospítali. En þar land-commissarii Árni Magnússon og Páll Vídalín urðu að vera í miklum ferðalögum og ritgerðum, þurftu þeir duglega menn sér til aðstoðar. Visaði þá Jón sýslumaður Páli Vídalín á Þorstein sem duglegan og honum ekki ókendann mann, er þá var vestra, og samdist svo með þeim, að Þorsteinn fór til Páls lögmanns honum til styrktar 1708 og var hjá honum næstu 4 ár. Þá hann uppskrifaði Múlasýslujarðirnar 1712 komst hann í samning við Bessa sýslumann Guðmundsson, að gerast hans lögsagnari. Skyldi Þorsteinn hafa hálfu inntekt af þeim 11 þingstöðum sýslunnar, sem Bessi hafði, einnig af hálfum Skriðuklaustursjörðum helming og þar að auki Skriðuklausturs-heimagarð og allt sakafall. Var þetta samþykkt af stiptamtmanns fullmektugum Oddi lögmanni Sigurðssyni og Beyer. Gáfu þeir þá og Þorsteini festu-

---

ekki fyrsta kona séra Hjörleifs, heldur Margrét, systir Þorsteins sýslumanns, og var þeirra dóttir Herdís, en hin, sem hér eru talin voru börn hans og Bergljótar Jónsdóttur prests Guttormssonar (sjá hér síðar).

bréf upp á hinn helming klaustursins, þá félli, er Jón gamli Þorláksson þá hélt til síns dauða, er á þessu ári tilféll (1712). 1712 gipti Þorsteinn sig, fór utan 1715 og var kallaður Viðdælingur, af því að hann hafði verið í Viðidal, flutti að Skriðuklaustri 1713, hvar hann bjó til 1718, þá sýslumaður Bessi fyrir tilhlutun þess kongl. rentukammers, uppgaf heimagarðinn og honum fylgjandi helming klausturjarðanna til Jens Péturssonar Wiums, sem þá og hafði fengið konglegt expectansbréf fyrir sýsluparti Bessa, hvar Þorsteinn þó hafði lögsögn til 1719. Hélt Þorsteinn þá ei eptir utan hálfum klausturjörðunum, sem Jón sýslumaður Þorláksson hafði áður haldið. Þorsteinn flutti sig þá að Viðivöllum, en Wium á Skriðuklaustur. Jens Wium, nýorðinn undirkaupmaður á Reyðarfirði, sá sig ei færan með sitt embætti, gerði því þá skilmála við Þorstein, að leggja saman léni þeirra, og skyldi hvor þeirra hafa helming af því, sem afgangs væri afgjaldinu. Sömdu þeir þetta 12. apríl 1719 og hélzt það næstu 19 ár, eða til 1738, þá þeir upphófu þennan gerning. Og 1721, þá kongur veitti Þorsteini nyrzta part sýslunnar eptir Björn sýslumann, lagði Þorsteinn það til helminga við Wium, eins Wium miðaukann, þá Bessi deyði, svo allt var í einingu þeirra á millum.

1736 var Kirkjubæjarklaustur með öllu inventario til kaups uppboðið og tilslegið sýslumanni Þorsteini Sigurðssyni upp á kammersins approbation fyrir 1000 rd. specie. Boðið var ekki samþykkt.

1746 tók Þorsteinn með kongsleyfi Pétur son sinn til aðstoðar, og slepti við hann sýslunni 1751.

1759, 28. ágúst deyði Björg kona Þorsteins sýslumanns á 75. aldursári, hjónabands 47., grafin fyrir fram-an kórðyr í Valþjófsstaðarkirkju.

Á Ytri-Viðivöllum í Fljótsdal hjó Þorsteinn 42 ár eða til 1760, eptir það hann slepti Skriðuklaustri, en þá (1760) flutti hann ekkjumaður til sonar síns, Péturs að Ketilsstöðum á Völlum, og lifði þar eftir tæp 5 ár. Dó 13. marz 1765, 87 ára, grafinn í Valþjófsstaðarkirkju.<sup>1)</sup>

1) Æfisaga Þorsteins sýslumanns er prentuð í Khöfn 1795.

Auðmaður mikill varð Þorsteinn sýslumaður, því skömmu fyrir sitt andlát (7: 10 árum) skipti hann fé sínu millum sona sinna; komu þá í hluta hvers bróður um 2600 spesiudalir, sem þá samsvöruðu 5 hndr. hndr. og 50 hndr., hvar af má sjá, hvílikur fjárgæzlumaður hann var og vel séður í öllum fjársökum, þar hann var lítt við efni, þá hann austur fór. Hann var vel meðalmaður á hæð, og þar eptir í þreknara lagi, með fyririnnannlegri mönnum, náttúruhagsýnn á flest, bezti búhöldur og húsaði mætavel bújörð sína, hafði mikið skynbragð á læknisdómum. Var yfirleitt álitinn mikilmenni.

### Pétur Þorsteinsson.

*Faðir:* Þorsteinn sýslumaður nýnefndur.

*Móðir:* Björg Pálsdóttir nýnefnd.

*Fyrri kona:* Þórunn Guðmundsdóttir prests á Kolfreyju-  
stað Pálssonar prófasts s. st. Ámundasonar.

*Börn:* A. Guðmundur sýslumaður, sjá hér á eptir.

B. Björg, fædd 1749, giptist fyr Guttormi sýslu-  
manni 1767, varð ekkja 1771. Sjá um börn  
þeirra síðar.

Seinni maður Bjargar 1783 Árni prófast-  
ur Þorsteinsson; þ. b.:

1. Stefán kapellán til Valþjófsstaðar, gipt-  
ur Sigríði Vigfúsdóttur prests Ormsson-  
ar, þ. b.:

a. Vigfús við skólalærdóm.<sup>1)</sup>

b. Árnabjörn.<sup>2)</sup>

c. Páll.<sup>3)</sup>

1) Hann hætti við nám, átti Sigríði Guðmundsdóttur sýslu-  
manns Péturssonar, er áður hafði átt séra Sigfús Árnason, föður-  
bróður Vigfúsar. Launsynir Vigfúsar: Ólafur á Klúku og Frið-  
rik á Hóli.

2) Arnbjörn eða Árnibjörn í Hamragerði átti Soffiu Hall-  
grímsdóttur Illhugasonar og Ingibjargar Skíða-Gunnarsdóttur;  
þ. b.: Stefán og Sigríður átti Þórarinn Hallgrímsson á Ketils-  
stöðum.

3) Páll dó bl., var að læra gullsmíði í Kaupmannahófn.

- d. Þórunn.<sup>1)</sup>  
 e. Björg.<sup>2)</sup>  
 f. Elizabet.<sup>3)</sup>
2. Sigfús prestur til Dvergasteins, giptur Sigríði Guðmundsdóttur sýslumanns Péturssonar, bl. Áður en Sigfús giptist, átti hann við Sigríði Einarsdóttur, núverandi konu séra Benedikts Þórarinssonar á Desjarmýri, son, Halldór við lærdóm. Séra Sigfús hafði stakar gáfur, var snofurt skáld, frigeðja, drukknaði í Lagarfljóti.
3. Sigurður ógiptur, dó 1834.
4. Þórdís ógipt.
5. Sigríður giptist Þorsteini presti Jónsyni.<sup>4)</sup>
- C. Hólmfríður, fædd 1755, dó 1834, gipt 1776

---

1) Þórunn átti fyr séra Benedikt Þórarinsson í Eydölum; p. b.: Páll á Gilsá, Halldór á Skriðuklaustri og Stefán, en síðar Þorgrím Jónsson á Gilsá.

2) Björg var f. k. séra Vigfúsar Guttormssonar í Ási í Fellum; p. b.: Páll stúdent á Hallormsstað og Guttormur prestur á Stöð.

3) Elizabet, réttara Elsa, dó bl.

Enn voru börn séra Stefáns og Sigríðar Vigfúsdóttur:

- g. Sigfús á Skriðuklaustri átti Jóhönnu dóttur Jörgen Kjerulfs læknis og Arnbjargar Bjarnadóttur og voru börn þeirra: Stefán prestur á Hofi í Álptafirði, er fór til Ameríku († 16. des. 1906), Jörgen, Páll, Arnbjörg, Sigríður, Eiríkur, Björg.
- h. Ólafur í Geitagerði átti Þorgerði Bergvinsdóttur prests á Skeggjastöðum Þorbergssonar; p. b.: Stefán, Björg.
- i. Bergljót átti Hallgrím Hallgrímsson Illhugasonar, bróður Soffiu, er Arnbjörn bróðir Bergljótar átti.
- k. Pálína dó ógipt, bl.

4) Séra Þorsteinn var aðstoðarprestur á Klyppstað († 2. febr. 1827).

Oddi Stefánssyni notario við yfirréttinn og klausturhaldara á Þingeyrum; þ. b.:

1. Pétur Mýrasýslumaður, giptur Þórunni dóttur Stefáns Schevings umboðsmanns á Ingjaldshóli; þ. b.:

a. Helga.

b. Sigríður.

c. Stefán.<sup>1)</sup>

2. Lárus átti Sigríði Helgadóttur Bergmanns. Þ. b.:

a. Oddur Pétur.<sup>2)</sup>

b. Þorkell Valdimar.

Lárus féll í veikleika.

3. Sigríður seinni kona Björns Stephensens justissekretera; þ. b.:

a. Oddgeir stud. juris.<sup>3)</sup>

4. Þórunn dó ógipt, bl. 1834.

D. Sigurður, fæddur 1759, fór utan með föður sinnm 1768, var í Roeskildeskóla 1774, þaðan dimissus 1779 til háskólans, fékk laud til juridisk attestas, var veitt Gullbringu- og Kjósarsýsla 1789, slepti þeim í náð 1803, dó 1827, bl.<sup>4)</sup>

*Kona síðari:* Sigríður Ólafsdóttir prests í Kirkjubæ Brynjólfssonar, bl.

Pétur er fæddur að Ytri-Viðivöllum í Fljótsdal 20. desember 1720, nam í heimahúsum sinn barnalærdóm, þar eptir var honum komið til læringar hjá Hjörleifi próf-asti Þórðarsyni á Hallormsstað, því næst hjá Þórði Þor-

1) Sjá um börn þessi III, 369—370.

2) Sjá I, 601. Þar er kona O. P. Ottesen dbrm. á Ytrahólmi rangnefnd Rósa Jónasdóttir. Hún hét Guðný Jónsdóttir. Kona Lárusar Ottesens og móðir Péturs dbrm. var Sigríður Þorkelsdóttir Bergmanns (ekki Helgadóttir).

3) Sbr. I, 601. Synir Oddgeirs Stephensens skrifstofustjóra voru Björn stórkaupmaður í Kaupmannahöfn og Oddgeir leikstjóri († 1913).

4) Sbr. bls. 174—175 hér að framan.

kelssyni Widalín, þar eptir hjá Sigurði presti Sveinssyni í Eyðölum. Þá var hann settur í Skálholtsskóla, hvaðan hann eptir 3 vetra dvöl var dimitteraður 1742, þá 22 ára, af skólameistara, seinna Hólabiskupi, Gísla Magnússyni. Sumarið 1741 dvaldi Pétur hjá Magnúsi lögmanni Gíslasyni. 1742 um haustið fór Pétur utan, fékk klaustur og Regens (Garð).<sup>1)</sup> 1744 öðlaðist hann í lögum characterem laudabilem, fór sama ár til Íslands, og settist að hjá foreldrum sínum. 1745 ferðaðist hann til lögþingis og leysti af hendi lögskil föður síns vegna, en fór utan sama haust. 1746 setti rentukammerið Pétur til aðstoðar föður sínum. Kom hann út og giptist um haustið (1746) Þórunni dóttur séra Guðmundar á Kolfreyjustað, á Mikaelsmessu í síns föður húsum. 1747 reistu þau bú á ytra parti jarðarinnar Ketilsstöðum á Völlum. Á fremra parti téðrar jarðar bjó þá Jórunn Pétursdóttir, ekkja Bessa sýslumanns. Hjá henni var baccalaureus Egill Staffeldt, sem hún hafði átt með sínum fyrra manni séra Guðmundi Ormssyni á Stafafelli í Lóni. Staffeldt var vel gáfaður og vel vitur, gerði sig fráskilinn öðrum í helgihöldum, af biskupi áminntur reiddist hann og snerist að Péttri sýslumanni með illyrðum, sem hann ei vildi aptur taka 1748; var því til bóta dæmdur. Móðir hans brá þá búí og fór til Péturs sýslumanns með þennan son sinn, gaf með þeim sinn part Ketilsstaða, lifði um 2 ár, en Staffeldt fór þá til Hans Wium; með honum hafði móðir hans gefið honum í próventu 2 jarðir.

5. jan. 1751 fékk Pétur veitingu fyrir sýslunni, þá faðir hans sleppti. 1757 fór Pétur sýslumaður utan í Reykjavíkur innréttunga málinu, en setti fyrir sinn umboðsmann á meðan studiosum Björn Tómasson, er síðar varð lögsagnari og sýslumaður í Þingeyjarþingi. 1768 sigldi Pétur aptur með son sinn Sigurð, þá 9 vetra, til að leita þeim lækninga; komst skipið eptir mikla hrakferð til Noregs og tók þar vetrarlegu, en Pétur ferðaðist landveg, unz hann komst til Kaupmannahafnar. Þá kom

1) Hann var skrifaður í stúdentatölu 21. des. 1742 og er þá talinn 22 ára.

Pétur sýslumaður þvi til leiðar, að son hans Sigurður var í Hróarskelduskóla settur 5 árum síðar, 1774. 1766 kom hann Hólmfriði sinni þá 10 vetra til mönnunar hjá amtmanni Ólafi Stephensen og hans frú Sigríði. Sama ár fékk Pétur með kongsleyfi Guttorm Hjörleifsson theologiæ attestatum fyrir sinn adjunktum með von um sýsluna eftir hann, en hann deyði 1771, og tók hann þá Guðmund son sinn til aðstoðar 1772. 1776 fylgdi hann Hólmfriði dóttur sinni suður, þá heitmey Odds notarius Stephensens.

Í tíð Péturs var eftir kongsbréfi 29. marz 1779 Múla-sýslu skipt í tvo jafnari parta en áður og hafa þau skipti síðan haldizt. 1786 slepti Pétur algerlega sýslunni við Guðmund son sinn.<sup>1)</sup>

1764 missti Pétur fyrri konu sína, hafði hann átt með henni 10 börn, hverra 4 lifðu hana, sem hér að framan eru nefnd. 1774 giptist hann aptur jómfú Sigríði Ólafsdóttur og áttu þau ekki börn. 1795, 28. nóvember, tók Pétur sýslumaður sótt þá, er hann leiddi til bana, 3. desember næst eftir jarðaður í miðri Vallaneskirkju hjá sinni fyrri konu. Hann skorti 21 dag að fylla 75 aldursár. Hann var maður vel lærður og vel að sér í flestu og læknir góður, hefur útlagt Herslebs prédikanir og gert fleiri lærdómsverk. Lét hann prenta í Kaupmannahöfn Sálmaþókina og sínar útlögðu prédikanir. Var Pétur einhver hinn merkilegasti sýslumaður á sinni tíð fyrir margra hluta sakir og þótti vitrum mönnum hann vel fallinn til lögmans.<sup>2)</sup>

### Guttormur Hjörleifsson.

*Faðir:* Hjörleifur prestur á Þvottá 1712,<sup>3)</sup> Hallormsstað 1732, Valþjófsstað 1742, dó 1786. Hans

1) Hann fékk lausn 9. ágúst 1786.

2) Pétur sýslumaður reit annál frá 1742—1784, sem lítt hefur kunnur verið. Hann er nú í Landsbókasafni, 914 4<sup>to</sup>.; kom til safnsins frá Hofi í Vopnafirði. Æfisisaga Péturs sýslumanns er prentuð í Khöfn 1820.

3) Réttara: 1716.

faðir var Þórður bóndi Þórðarson<sup>1)</sup> í Álptafirði, móðir Sigríður Hjörleifsdóttir bóada á Geithellum Jónssonar prests í Bjarnanesi, er dó 1671.

*Móðir:* Bergljót Jónsdóttir prests á Hólum Guttormssonar prests sama staðar. Hún var s. k. séra Hjörleifs.<sup>2)</sup>

*Kona:* Björg Pétursdóttir sýslumanns Þorsteinssonar, átti síðar séra Árna prófast Þorsteinsson (sjá áður).

*Börn:* A. Þórunn seinni kona Guðmundar sýslumanns Péturssonar, sjá síðar.

B. Oddný átti Guttorm prófast Þorsteinsson á Hofi; þ. b.:

1. Árni.<sup>3)</sup>

2. Hjörleifur.<sup>4)</sup>

3. Guttormur, allir dimissi.<sup>5)</sup>

4. Björg ógift.<sup>6)</sup>

Guttormur lærði hér, hafði góðar gáfur, fór utan, lagði sig eptir guðfræði og tók þar í attestas, kom út og gerðist aðstoðarmaður Péturs sýslumanns Þorsteinssonar

1) Réttara: Þorvarðsson.

2) F. k. hans var Margrét Sigurðardóttir († 13. ágúst 1729, 26 ára) systir Þorsteins sýslumanns, átti 2 börn.

3) Árni aðstoðarprestur á Hofi í Vopnafirði († 8. júní 1839) átti Þórunni Maríu († 1858) Guðmundsdóttur sýslumanns Péturssonar, bl.

4) Hjörleifur prestur á Völlum í Svarfaðardal († 1. ágúst 1887) átti Guðlaugu Björnsdóttur prests í Kirkjubæ Vigfússonar; þ. b.: Stefán, Oddný átti Björn Björnsson á Breiðabólssstöðum á Álptanesi, móðir séra Björns í Laufási, Petrina átti séra Kristján Eldjárn Þórarinsson á Tjörn, Anna átti Árna Kristjánsson á Lóni í Kelduhverfi, Björg átti Guðmund Kristjánsson á Lóni bróður Árna, Þórdís og Þórunn, er átti Arngrím Gíslason málara.

5) Guttormur prestur á Stöð († 21. ágúst 1881) átti Þórunni Oddnýju Guttormsdóttur Guðmundssonar sýslumanns Péturssonar, bl. Pau skildu.

6) Björg átti séra Stefán Pálsson aðstoðarprest á Hofi í Vopnafirði († 4. júlí 1841), bl.



með von um sýsluna eptir hann 1766 (veitingarbréfið ds. 22. apríl). Pétur gipti honum Björgu dóttur sína 1767. Hann varð bráðkvaddur á ferð fyrir utan Hrafnsgerðisá í Fellingum, hné þar af hestinum og var strax örendur (sjá æfissögu Péturs sýslumanns bls. 22). Aðrir segja, að hann hafi riðið lífuðum hesti, fallið af baki, dregizt fastur í ístaði, en náðst þó með lífi og beðið þar bana af.<sup>1)</sup>

### Sýslumenn í Norður-Múlasýslu :

#### Guðmundur Pétursson.

*Faðir:* Pétur sýslumaður Þorsteinsson.

*Móðir:* Þórunn Guðmundsdóttir.

*Kona fyrri:* Þórunn Pálsdóttir prests í Vallanesi Guðmundssonar prests á Kolfreyjustað Pálssonar, þau systkinabörn.

*Börn:* A. Páll sýslumaður, sjá síðar.

B. Þórunn, dó 1802, átti Björn prest á Eiðum Vigfússon.<sup>2)</sup>

C. Sigurður dimissus, átti Ingunni Vigfúsdóttur prests Ormssonar; börn:

1. Vigfús við skólalærdóm.<sup>3)</sup>

2. Þórunn.<sup>4)</sup>

3. Bergljót.<sup>5)</sup>

1) Guttormur sýslumaður andaðist í október 1771. Sjá nánar um hann Guðfræðingatal mitt bls. 114—115.

2) Hún var f. k. séra Björns og var dóttir þeirra Anna, er átti séra Pétur Jónsson á Valþjófsstað; þ. b.: Björn alþm., Stefán prestur á Hjaltastað, Þórunn, Guðmundur, Sigríður, átti séra Þorstein Þórarinsson í Eyðölum, og Jón járnsmiður í Jórvík. Þórunn átti launbarn, áður en hún giptist, með Gunnlaugi Jónsyni frá Bessastöðum Sigurðssonar Hjálmarsonar.

3) Vigfús prófastur á Sauðanesi átti Sigríði Guttormsdóttur prófests í Vallanesi Pálssonar, bl.

4) Þórunn átti Stefán stúdent á Snartastöðum Jónsson prests á Helgastöðum Stefánssonar.

5) Bergljót átti Björn Skúlason stúdent á Eyjólfstöðum,

4. Þórunn önnur.
5. Þorsteinn.
6. Metúsalem.<sup>1)</sup>
7. Guttormur.<sup>2)</sup>
8. Malena<sup>3)</sup> (mörg dáin 1834).

D. Málfríður deyði ógípt, bl.

*Kona seinni:* Þórunn Guttormsdóttir sýslumanns Hjörleifssonar, sjá áður. Hún dó 1839.

*Börn:* E. Guttormur lærði silfursmiði, giptur Steinvöru Gunnlaugsdóttur;<sup>4)</sup> þ. b.:

1. Gunnlaugur.<sup>5)</sup>
2. Þórunn.<sup>6)</sup>
3. Oddný.<sup>6)</sup>

þ. b.: Ingunn, Ragnhildur s. k. Páls Ólafssonar skálds, Guðrún átti séra Lárus Jóhannesson aðstoðarprest á Sauðanesi, Ingibjörg, Halldóra, Guðrún önnur, Þórunn, Þórdís, Halldór prófastur í Presthólum og Páll stúdent.

1) Metúsalem í Hamragerði átti Guðrúnu Skúladóttur; þ. b.: Baldvín, Sigurður, Skúli, Ingunn, Þórunn, Malerna, Bergljót.

2) Guttormur bjó í Beinárgerði.

3) Enn voru börn Sigurðar stúdents á Eyjólfsstöðum og Ingunnar:

9. Einar á Eyjólfsstöðum.
10. Páll silfursmiður í Höfðahúsum, átti Helgu Benjamínsdóttur; þ. b.: Sigurður, Benjamín, Gunnar.
11. Guðlaug átti Þórð smið á Eyjólfsstöðum Þorsteinsson sterka í Krossavík Guðmundssonar, þeirra son Vigfús prestur á Hjaltastað, kvæntur Sigurbjörgu Bogadóttur Smith úr Reykjavík.

4) Hún var dóttir síra Gunnlaugs Gunnlaugssonar á Hálsi í Fnjóskadal.

5) Gunnlaugur verzlunarmaður á Skagaströnd († 10. okt. 1860) átti Margrétu Ingibjörgu Halldórsdóttur prófasts á Melstað Ámundasonar; þ. b.: Halldór Daníel verzlunarmaður í Rvík, Margrét Steinvör, Björg Þórunn, Jakob Pétur stórkaupmaður í Kaupm.höfn og Guttormur Jóhannes.

6) Hvorttveggja ein og hin sama, Þórunn Oddný átti fyr séra Guttorm Guttormsson á Stöð, bl., þau skildu, en síðar

4. Björg.<sup>1)</sup>
- F. Þorsteinn sterki<sup>2)</sup> átti Guðríði Sigurðardóttur prests á Hálsi Árnasonar; þ. b.:
  1. Þórður.<sup>3)</sup>
  2. Þórunn.<sup>4)</sup>
  3. Björg dó.<sup>5)</sup>
- G. Sigríður átti Sigfús prest Árnason.<sup>6)</sup>
- H. María<sup>7)</sup> átti Árna stúdent Guttormsson prófasts Þorsteinssonar.
- I. Elsa Bertha.<sup>8)</sup>

Finnboga Sigmundsson snikkara í Krossavík; þ. b.: Jón Ólafur kaupm. í Rvík.

1) Björg átti Erlend Vilhjálmm Björn Oddsen í Vopnafirði, son Gunnlaugs Oddssonar dómkirkjuprests í Rvík, og börn (sjá Niðjatal séra Þorvalds Böðvarssonar og síra Björns í Bólstaðahlíð).

2) Hann bjó í Krossavík og andaðist 4. marz 1849.

3) Þórður smiður á Eyjólfsstöðum átti Guðlaugu Sigurðardóttur stúdents Guðmundssonar, sjá hér áður.

4) Þórunn Björg átti Sigurð járnsmið Sigurðsson í Krossavík.

5) Börn Þorsteins sterka voru ennfremur:

4. Elsa María átti Nikulás snikkara Nikulásson Höigaard á Vindfelli, norskan að ætt.

5. Guttormur í Krossavík átti Birgittu Mariu Jósepsdóttur; þ. b.: Þorsteinn, Björg, Stefán, Oddur, Guttormur, Björn, Guðríður, Guðlaug.

6. Stefania átti fyr Einar Björnsson söðlasmið í Krossavík, en síðar Runólf Magnússon í Böðvarsdal.

7. Guðlaug s. k. Erlends Gunnlaugssonar Oddsens.

6) Sjá hér síðar. S. m. Sigríðar Vigfús Stefánsson prófasts á Valþjófsstað Árnasonar (sjá áður).

7) Hún hét fullu nafni Þórunn María (sjá áður).

8) Elsa Birtha átti Jón Þórarinsson cand. theol. á Skriðuklaustri, bróðurson Benedikts Gröndals eldra; þ. b.: Þórarinn stúdent, dó í Kaupmannahöfn 30. ágúst 1865 og Stefán Thorarensen gjaldkeri í Kaupmannahöfn († 1896) (Stefán »stormur«) sbr. Guðfræðingatal, bls. 195—196.

K. Oddur, bæði bl.<sup>1)</sup>)

L. Pétur hálfviti.<sup>2)</sup>)

Guðmundur var fæddur 1748, fór í fyrsta sinn utan dimissus til lærdómsæfinga við háskólann 1767, en ekki tók hann reynslupróf í rómverskri lögvisi. Varð aðstoðarmaður föður síns 1772 með von um sýsluna eptir hann<sup>3)</sup>, og varð virkilegur sýslumaður í Norður-Múlasýslu 1786, tók Pál son sinn fyrir aðstoðarmann 1806, hafði 1800 farið utan 4 sinnum og í 5. sinn 1807, er hann fékk lausn í náð frá sýslumannsembættinu<sup>4)</sup>, og var þá Páll son hans settur sýslumaður í stað hans. Fór Guðmundur utan með Vopnafjarðarskipi (1807), fór það til Noregs vegna mótvinda og frétti þar ófriðinn. Lá skipið þar í vetrarlegu. Um vorið (1808) komst Guðmundur til Jótlands, þaðan til Kaupmannahafnar, hvar hann uppi hélt sér og þénaði við lærdómssakir til 1810, þá hann um sumarið komst þaðan til Leith á Skotlandi. Þar dvaldi hann veturinn eptir. Sumarið 1811 reisti hann til Lundúnaborgar og dvaldi þar um hrið, meðan Íslandsfarar bjuggu sig. Þaðan hélt hann aptur til Leith en sýktist þá og deyði 12. ágúst 1811. Var hans útför ger sæmileg af nokkrum þar málsmetandi mönnum, hverra hylli hann hafði áunnið sér. Sumir segja, að hann hafi fótbrotnað í þessari utanför sinni, og að hann hafi átt við ýms önnur óþægindi að berjast þessi ár þar ytra, áður en hann andaðist. Guðmundur sýslumaður bjó í Krossavík og eptir hann margir af hans afkomendum sem bændur — fyrst ekkja hans, Þórunn, að nokkru, og

---

1) Oddur stúdent bjó í Krossavík, dó 17. des. 1865, átti Ólöfu Önnu († 16. des. 1898), Stefánsdóttur prests á Völlum í Svarfaðardal Þorsteinssonar, alsystur Skapta Timóteusar stúdents og Jórunnar síðustu konu séra Einars Hjörleifssonar í Vallanesi, en hálf systur (sammæðra) Lóseps læknis Skaptasonar; þau bl. (sbr. I., 259).

2) Pétur dó 23. des. 1836, 43 ára.

3) Það bréf er ds. 13. apríl 1773.

4) 24. júlí 1807.

synir þeirra þeir elztu, Guttormur og Þorsteinn sterki, en seinast Oddur Guðmundsson, og hélzt honum best efni.<sup>1)</sup>

### Páll Guðmundsson.

- Faðir:* Guðmundur sýslumaður nýnefndur.  
*Móðir:* Þórunn Pálsdóttir.  
*Kona:* Malena dóttir Jens Örums kaupmanns og Sigríðar, systur Geirs biskups Vidalíns.  
*Börn:* A. Páll skólalærður, skrifari og umsjónarmaður hjá amtmani og riddara B. Thorsteins-son á Stapa, ógiptur.<sup>2)</sup>  
 B. Sigríður, gípt 1833 séra Þorsteini í Reykholti Helgasyni frá Móeiðarhvoli.<sup>3)</sup>  
 C. Siggeir við skólalærdóm.<sup>4)</sup>

1) Frá □ b. v. í hdr. Boga með annari nýlegri hendi.

2) Páll, kallaður Páll stúdent, dó í Reykjavík 1877, ókv., bl.

3) Dætur hennar og séra Þorsteins voru: Guðrún, er átti séra Skúla Gíslason á Breiðabólstað og Ragnheiður, er átti Skúla Vigfússon Thorarensen lækni á Móeiðarhvoli og eru börn þeirra talin hér áður, bls. 502, en þar hafa af vangá fallið burtu tvö þeirra, nfl. Sigfús bóndi í Hróarsholti og Kristín, er átti Boga lækni í Kirkjubæ Pétursson biskups; þ. b.: Skúli læknir í Ebeltoft á Jótlandi og Pétur læknir á brjóstveikrahæli í Faxe á Sjálandi. S. m. Sigríðar Pálsdóttur var Sigurður Gíslason Thorarensen prestur í Hraungerði, bl.

4) Siggeir var prestur á Skeggjastöðum († 6. júlí 1866) átti fyr Onnu Ólafsdóttur prests á Kolfreyjustað Indriðasonar; þ. b.:

a. Bjarni var á Seyðisfirði.

b. Stefanía átti Sæmund prófast Jónsson í Hraungerði; þ. b.: Ólafur prestur í Hraungerði, Geir vigslubiskup, prófastur á Akureyri, og Páll dagbókarritari í skattamálastjórnardeildinni í Kaupmannahöfn.

c. Malena átti Jóhannes Sveinsson Eiríkssonar prests á Útskálum Guðmundssonar.

d. Pálína átti Porkel Ögmundsson í Króki í Flóa.

S. k. séra Siggeirs var Guðlaug Guttormsdóttir stúdents á Arnheiðarstöðum Vigfússonar prests á Valþjófsstað Orms-sonar; þau bl.

D. Stefán sömuleiðis.<sup>1)</sup>

E. Þórunn.<sup>2)</sup>

Páll lærði sinn skólalærdóm undir umsjón Geirs biskups Vídalíns. Bar þá svo til, að af Páls völdum varð Malena Örum þunguð<sup>3)</sup>. Fór þá Páll utan og lagði sig eptir lögvisindum, tók reynslupróf í svokallaðri danskri lagavizku, kom út og giptist sinni Malenu 1806, gerðist s. á. aðstoðarmaður föður síns og var 24. júlí 1807 settur sýslumaður í norðurhluta Múlasýslu, hverju embætti hann þénaði til síns dauða. Bjó hann fyrst á Breiðavaði í Eiðapinghá, en seinast og lengst á Hallfríðarstöðum í Hróarstungu. Hann var maður brjóstveikur, fór í þinga- og fiskikaupaferð vorið 1815 í Njarðvík og Borgarfjörð. Á leið þaðan heimleiðis úr Borgarfirði, hjálpaði hann til að láta upp á hesta sína. Þá hann lét upp einn hestbagga, reyndist hann um of, þar hesturinn veikst við, en jarðvegur undir fótum Páls lækkaði; stakk hann þá verkur undir síðu og fyrir brjóst, komst til Njarðvíkur aptur, lá þar um hrið, en létti og komst heim. Fór seinna um haustið (í september) til kirkju ekki albata, komst heim og sló niður aptur, svo hann dó. Hann var beztí söngmaður. Eru tilgátur, að söngur í kirkjunni, ofmiklar hræringar og mäske kuldi á heimleið frá kirkju hafi til fulls unnið slig á honum, sem annars var brjóstveikur maður.<sup>4)</sup>

### Páll Melsteð.

*Faðir:* Þórður Jónsson prestur á Völlum í Svarfaðardal.

*Móðir:* Ingibjörg Jónsdóttir prests á Melstað Guðmundssonar.

1) Stefán varð aðstoðarprestur á Hofi í Vopnafirði, átti Björgu Guttormsdóttur prófasts Þorsteinssonar (sjá áður).

2) Þórunn átti fyr Halldór stúdent Sigtússon (sjá síðar), en síðar Pál skáld Ólafsson prests Indriðasonar og var f. k. hans.

3) Est oralis relatio (p. e. munnleg sögn) b. v. á spássiu með hendi Boga.

4) Í Timar. J. Péturss. IV, 100—102 er ítarleg frásögn um

- Kona:* Anna Stefánsdóttir konferenzráðs og riddara, amtmanns etc. Þórarinssonar á Möðruvöllum.
- Börn:* A. Páll.  
 B. Ragnheiður.  
 C. Sigurður.  
 D. Ingibjörg.  
 E. Jón.  
 F. Margrét.  
 G. Björg.  
 H. Guðrún.  
 I. Stefanía.<sup>1)</sup>  
 K. Jóhanna Jakobína Sigríður.<sup>2)</sup>

Páll Melsteð er fæddur á Völlum í Svarfaðardal 31. marz 1791, kom í skóla 1807, útskrifaður 1809, varð skrifari hjá amtmanni og konferenzráði Stefáni Thorarensen á Möðruvöllum. Fór þaðan utan að tilhlutun amtmanns til lærdómsframa, tók reynslupróf í danskri lögvisi, kom út aptur og fór enn að Möðruvöllum, var þar um tíma enn nú og giptist þar konu sinni, sem áður hafði átt laundóttur, að nafni Anna Margrét. 7. sept. 1815 fékk Páll veitingu fyrir suðurparti Múlasýslu eptir sýslumann Þórð Thorlacius. Þá norðurhluti Múlasýslu losnaði við andlát Páls sýslumanns Guðmundssonar, sótti Páll sýslumaður Melsteð um þann part og fékk 17. marz 1817 veitingu fyrir honum. Hann keypti Ketilsstaði og bjó þar. 22. maí 1832 veitti konungur honum kammer-ráðsnafnbót. 1834, þá assessor Þórður Sveinbjörnsson fékk af konungi veitt efra assessorat, sótti Páll kammer-ráð um Árnassýslu og fékk hana sér eptir ósk veitta 1835, og flutti þá suður að Hjálmholti (sjá Árnassýslu).

### Sigfús Árnason.

*Faðir:* Árni prófastur Þorsteinsson á Hofi í Vopnafirði, annars haldinn son séra Stefáns með

---

aðdragandann að dauða Páls sýslumanns eptir Pál son hans, mjög svipuð því, sem hér er skýrt frá.

1) Leiðrétt: Stefán stendur í handr. Boga.

2) Barna Páls Melsteðs er getið itarlega hér áður (bls. 362—363).

Pórdisi dóttur síra Jóns Þorvaldssonar í Presthólum, systur konu Stefáns prófasts.

*Móðir:* Björg Pétursdóttir sýslumanns Þorsteinssonar (sjá áður).

*Kona:* Sigríður Guðmundsdóttir sýslumanns Péturssonar (sjá áður), bl.

*Launson* Sigfúsar með Sigríði Einarsdóttur: Halldór áður nefndur.<sup>1)</sup>

Sigfús lærði skólalærdóm, var maður flugskarpur og prýðilegt skáld, átti téðan launson, og var því frá klerklegri sýslan um hrið. Þá Páll sýslumaður Guðmundsson deyði 1815 var Sigfús tilsettur að gegna sýslumannsverkum í Norður-Múlasýslu, að eins 1815—1816 og til þess Melsteð við tók 1817, en 1818 vígðist Sigfús til kapelláns hjá séra Salómoni á Dvergasteini, og hafði áður fengið kongsuppreist til geistlegs embættis. Séra Sigfús drukknaði í Lagarfljóti 1823.<sup>2)</sup>

### Carl Ferdinand Walsøe,

danskur maður, volonteur í rentukammerinu og candidatus juris, fékk veitingu fyrir norðurparti Múlasýslu 24. febrúar 1835, kom út samsumars, og eptirlét Melsteð honum Ketilsstaði og búshluti sína þar eystra.<sup>3)</sup> Hann fór utan 1842 og fékk sér veitt þar embætti.<sup>4)</sup> Hafði

1) Halldóri Sigfússyni hafði verið veittur Hofsteigur, en áður hann yrði vígður, drukknaði hann í Lagarfljóti 1846 á sama stað og faðir hans hafði áður drukknað. Hann var f. m. Þórunnar Pálsdóttur sýslumanns Guðmundssonar (sjá áður).

2) Réttara: 1822, 1. október. Var séra Sigfús þá 32 ára gamall (f. 21. sept. 1790).

3) Walsøe sigldi 1838, en kom aptur út 1839 og þjónaði þá jafnframt suðursýslunni fyrir Voigt til haustsins 1840.

4) Walsøe sýslumaður var fæddur 14. sept. 1807, varð stúdent 1826, en tók embættispróf í lögfræði 17. apríl 1832 með 2. einkunn í báðum prófum. Hann varð tollstjóri í Viborg 1844, varð kammerráð 1853, jústisráð 6. okt. 1862, R. af Dbr. 3. des. 1864; fékk lausn frá embætti 1873 og andaðist á Friðriksbergi 10. ágúst 1875.



hann sett við utanferð sína fyrir norðurpartinn sýslumann Voigt, er hélt suðurpart sýslunnar.

Candidatus juris, danskur maður, átti þá að fá suðurpart Múlasýslu, en hann átti áður að kunna íslenska tungu, hvað honum tókst háglega, svo ekki varð af ferð hans til Íslands.<sup>1)</sup>

### Pétur Havsteen.

*Faðir:* Jakob Havsteen faktor á Hofsós.

*Móðir:* Marín. Þau voru bæði dönsk að öllu kyni og dóu bæði á Hofsós.

Jörgen P. Havsteen fæddur í Hofsósskaupstað 16. febrúar 1812 og ólst upp hjá foreldrum sínum. Eptir nokkurra vetra veru í heimaskóla fór Pétur Havsteen í Bessastaðaskóla 1830; þaðan útskrifaður 1835 fór hann utan, og tók öll venjuleg lærdómspróf og síðast in jure romano með laudabilis titli.

1845 fékk hann kongsveiting fyrir norðurhluta Múlasýslu og kom út sama sumar til sýslu sinnar, og þar sýslumaðurinn Voigt í suðurparti sýslunnar fór utan téð ár, tók Havsteen til umboðs téðan suðurpart, þar til Voigt aptur kæmi. 1846 þá Voigt kom út,<sup>2)</sup> en Havsteen

---

1) Hann hét *Peter Beder*, hafði tekið próf í dönskum lögum 1824, var svo rádsmaðar á Mejlgaard, sleppti því starfi 1840, 39 ára gamall, sótti um Norður-Múlasýslu og mælti rentukammerið með honum í apríl 1844, að hann fengi sýsluna, en þá sóttu um hana móti honum Arnór Arnason, Eggert Briem, Kristján Kristjánsson, J. P. Havsteen, Brynjólfur Pétursson, Jón Pétursson, Oddgeir Stephensen og Kragh cand. jur.

*Stefán Jónsson* stúdent, síðar bóndi á Snartastöðum í Núpasveit og umboðsmaður (f. 18. okt. 1803, † 1873), var skrifari hjá Páli sýslumanni Melsted, og var settur af amtmanni 1834 að gegna sýslunni um 2 mánuði, meðan Páll Melsted var ytra; var einnig fyrir sýslunni sem fulltrúi Walsöe 1838—1839. Síðar var Stefán settur sýslumaður 1843—1844 eptir að Walsöe fór alfarinn, en þó mun Voigt sýslumaður í suðursýslunni hafa þjónað þar að nokkru leyti. Stefán stúdent var son Jóns prests Stefáns-sonar á Helgastöðum og s. k. hans Helgu Magnúsdóttur Jóns-sonar prests á Myrká Ketilssonar.

2) Voigt sýslumaður mun ekki hafa komið út 1846, að minnsta kosti ekki til embættisverka, því að Þorsteinn Jónsson

var ásamt öðrum settur við lagaverkið í Reykjavík, var sýslumaður Voigt settur til að þjóna í norðurpartinum, ef á þyrfti að halda, meðan P. Havsteen í burtu væri.

1847 í ágústmánuði giptist sýslumaður Jørgen Pétur Havsteen á Ytra-Hólmi á Akranesi jómfrú Guðrúnu dóttur Hannesar prófests Stephensen, og flutti síðar með henni að Ketilsstöðum í Múlaþingi, hvar hann tók sér bústað. Sama sumar fékk sýslumaður Voigt embætti utanlands og sigldi; var þá sýslumaður Havsteen settur fyrir Suður-Múlasýslu.<sup>1)</sup>

þjónaði Suður-Múlasýslu sem settur frá júlíbyrjun 1846, eptir að J. P. Havsteen hafði þjónað þar frá því um haustið 1845 að Voigt sigldi.

1) J. P. Havsteen varð amtmaður í Norður- og Austuramtinu 16. maí 1850, en fékk lausn frá embætti 15. sept. 1870 og andaðist í Skjaldarvík við Eyjafjörð 24. júní 1875. Einkadóttir hans og fyrstu konunnar, Guðrúnar Hannesdóttur († 19. apríl 1851), var:

- A. Þórunn átti Jónas Þórðarson Jónassen landlækni í Reykjavík, þeirra einkadóttir Soffía, gipt Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni í Rvík (bls. 513).
- Miðkona J. P. Havsteens amtmanns var Sigríður dóttir Ólafs M. Stephensens sekretera í Viðey, þau skildu, en síðasta kona hans var Katrín Kristjana Gunnarsdóttir prests í Laufási Gunnarssonar (I, 288—289); p. b.:
- B. Hannes Þórður bankastjóri, fyr ráðherra (sbr. II, 752—754). Ragnheiður kona hans andaðist 18. júlí 1913. Börn þeirra hin yngstu, sem ekki eru talin II, 752, eru: Kristjana (f. 30. maí 1911) og Sigurður Tryggvi (f. 6. jan. 1913).
- C. Marínó Jakob, fyrrum sýslumaður í Strandasýslu (sbr. II, 404), nú (1915) stjórnarráðsaðstoðarmaður í Reykjavík, á mörg börn.
- D. Gunnar bankastjóri á Færeyjum, kvæntur Nielsínu dóttur Chr. Havsteen's kaupstjóra og Önnu Pálsdóttur Magnússonar.
- E. Laura f. k. Jóns Þórarinssonar fræðslumálustjóra; p. b.: Þórunn gift Júlíusi Jakobssyni Havsteen cand. jur. á Akureyri, Hafsteinn, Kristjana, Soffía, Anna.
- F. Soffía dó uppkomin.
- G. Elin átti Lárus H. Bjarnason fyr sýslumann í Snæfellsnessýslu, nú háskólakennara í lögfræði, og 2 börn (sbr. III, 250—251).
- H. Jóhanna dó fullvaxta. Nokkur börn Havsteens amtmanns og síðustu konu hans dóu ung.

## Viðauki.

### A. Sýslumenn í Suður-Múlasýslu:

#### Jónas Jónsson Thorsteinsen.

- Faðir:* Jón Þorsteinsson Thorsteinsen landlæknir í Reykjavík († 1855).
- Móðir:* Elin Stefánsdóttir amtmanns Stephensens á Hvit-árvöllum Ólafssonar stiptamtmanns.
- Kona:* Þórdís Pálsdóttir Melsteðs amtmanns Þórðarsonar (sbr. bls. 363). Hún andaðist í Reykjavík 22. nóv. 1891.
- Börn:* A. Elin (f. 13. ágúst 1856), gipt Magnúsi Stephensen fyrrum landshöfðingja (sjá bls. 510—511).
- B. Jón Thorsteinsen prestur á Þingvöllum (f. 30. apríl 1858) kvæntur Guðbjörgu Hermannsdóttur sýslumanns Johnsens á Velli (sjá bls. 516).

Jónas Thorsteinsen var fæddur í Nesi við Seltjörn 9. nóvember 1826, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1846, tók aðgöngupróf (examen artium) við háskólann s. á með 2. einkunn og annað lærdómspróf 26. ágúst og 5. nóv. 1847 einnig með 2. einkunn, en embættispróf í lögfræði 16. janúar 1853 með 2. einkunn í báðum prófum, var s. á settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu, og fékk veitingu fyrir henni 30. apríl 1854. Hann hafði aðsetur á Eskifirði og andaðist þar 28. október 1861. Var hraustmenni og harðger og gleðimaður.

---

Eptir lát Jónasar sýslumanns þjónaði *Þorsteinn Jónsson* sýslumaður í Norður-Múlasýslu suðursýslunni til vorsins 1862.

*Björn Skúlason* hreppstjóra á Ytri-Þverá í Vesturhópi Sveinssonar og konu hans Guðrúnar Björnsdóttur (sbr. Tímar. J. Péturss. III, 51—54) umboðsmaður á Eyjólfs-

stöðum á Völlum hélt nokkur manntalsþing fyrir Þorstein sýslumann í Suður-Múlasýslu vorið 1853, og síðar var hann settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu frá því snemma í maí 1862, og hélt manntalsþing þá um vorið í sýslunni, því að Þorsteinn sýslumaður, er þar hafði þjónað sem settur frá láti Jónasar Thorsteinsens haustið 1861 var þá á förum úr Múlasýslum. Björn Skúlason þjónaði sýslunni til haustsins s. á., er Sigurður E. Sverrisson tók við. Björn var fæddur 2. apríl 1810, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1837 og varð s. á. barnakennari á Bessastöðum, flutti síðar austur í Múlasýslu og gerðist umboðsmaður Skriðuklausturs. Hann andaðist á Eyjólfsstöðum 2. jan. 1865. Kona hans var Bergljót Sigurðardóttir stúdents á Eyjólfsstöðum Guðmundssonar sýslumanns Péturssonar, og er barna þeirra áður getið. Björn Skúlason var gáfumaður og mikils metinn.

### Sigurður Eiríksson Sverrisson.

Sjá Strandasýslu (II, 403). Hann var settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu haustið 1862, og þjónaði henni þangað til Olivarius tók við henni haustið 1863.

### Valdemar Christian Bohn Olivarius,

danskur maður, var fæddur í Nexö á Borgundarhólmi 20. júlí 1834, útskrifaður úr latínuskóla í Rønne 1852, tók embættispróf í lögum 18. júní 1861 með 1. einkunn í báðum prófum, varð aðstoðarmaður í endurskoðunarstjórnardeildinni 1862, en fékk veitingu fyrir Suður-Múlasýslu 28. júní 1863 og kom samsumars út hingað, var um tíma vorið 1871 settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu, þangað til Böving tók við þá um sumarið; varð bæjarfógeti, bæjarskrifari og borgarstjóri í Rønne á Borgundarhólmi 23. febrúar 1872, var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 25. ágúst 1876, en heiðursmerki dannebrogsmanna 6. september 1900, fékk lausn frá embætti 1907 og andaðist í Kaupmannahöfn 14. júní 1912. Hann var kvæntur Þorgerði (f. 21. júlí 1841) Hallgrims-

dóttur prófests á Hólum Jónssonar og áttu þau 5 syni, sem komnir eru í embætti í Danmörku.

### Jón Ásmundsson Johnsen.

*Faðir:* Ásmundur Jónsson prófastur í Odda á Rangárvöllum († 18. marz 1880) (sbr. III, 508).

*Móðir:* Guðrún Þorgrímsdóttir gullsmíðs á Bessastöðum Tómassonar. Hún dó 14. jan. 1860.

*Kona:* Krístrún Þuríður (f. 16. júní 1844) Hallgrímsdóttur prófests á Hólum Jónssonar.

*Börn:* A. Ásgrímur (f. 15. júlí 1877), var 4 vetur í lærða skólanum, og tók próf upp úr 4. bekk vorið 1896, en hætti svo við nám, og varð verzlunarmaður á Akureyri. Andaðist þar 30. marz 1905. Hann var kvæntur Raket Guðnadóttur, og er son þeirra Jón Karl.

B. Sigurður var beykir, fór til Ameríku.

C. Guðrún (f. 11. jan. 1880) gipt Ragnari Ólafssyni forstjóra á Akureyri, þ. b.: Þuríður, Sverrir, Valgerður, Ólafur Friðrik o. fl.

D. Ásmundur fór til Ameríku.

Jón Johnsen sýslumaður var fæddur í Odda 11. desember 1843, kom í Reykjavíkurskóla 1857 og var útskrifaður þaðan 1863 með 1. einkunn (84 st.), tók heimspekispróf við háskólann 30. júní 1864, og embættispróf í í lögfræði 16. júní 1870 með 2. einkunn (101 st.), var s. á. settur sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og 1871 í Húnavatnssýslu, en fékk veitingu fyrir Suður-Múlasýslu 29. júní 1872, og sat á Eskifirði, meðan hann var þar sýslumaður. Var hann eptir burtför Bøvings sýslumanns í júlí 1880 um tíma jafnframt settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu; fékk lausn frá embætti 31. maí 1895, flutti þá til Reykjavíkur og andaðist þar 14. október s. á.

### Sigurður Pétursson.

*Faðir:* Pétur Sigurðsson bóndi á Sjávarborg, síðar kaupmaður á Sauðarkrók, og síðast bóndi í Borgargerði († 29. maí 1910). Hann var son

Sigurðar prests Arnþórssonar á Mælifelli og Elinborgar Pétursdóttur prófasts á Víðivöllum Péturssonar.

*Móðir:* Björg Bjarnadóttir bónda í Engihlíð Guðmundssonar.

Sigurður var fæddur á Sjávarborg 25. nóvember 1867, kom í Reykjavíkurskóla 1883 og var útskrifaður 1889 með 1. einkunn (98 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 23. júní 1890 með 1. einkunn, og embættispróf í lögfræði 29. janúar 1895 með 1. einkunn (119 st.), var settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu 12. júní s. á. og fór þá þegar austur þangað, en andaðist snögglega á Eskifirði 1. janúar 1896. Æfiminning hans er í Sunnanfara V. árg., 8. tbl. Sigurður var gáfumaður, stilltur og ráðsettur og drengur hinn bezt, en jafnan óhraustur til heilsu af lungnatæringu. Hann dó ókv. og bl.

### Axel Valdemar Tulinius.

*Faðir:* Carl Daniel Tulinius kaupmaður og konsúll á Eskifirði († 16. febr. 1905).

*Móðir:* Guðrún († 30. ágúst 1904) Þórarinsdóttir hins gamla prófasts á Hofi í Álptafirði Erlendssonar í Hellisfirði Árnasonar Torfasonar.

*Kona:* Guðrún (f. 14. febr. 1875) Hallgrímsdóttir biskups Sveinssonar.

*Börn:* A. Hallgrímur Axel f. 14. febr. 1896.

B. Carl Daniel f. 13. júlí 1902.

C. Erlingur Gústaf f. 21. febr. 1909.

Axel V. Tulinius er fæddur á Eskifirði 6. júní 1865, kom í lærða skólann 1880 og settist í 3. bekk, útskrifaður 1884 með 2. einkunn (75 st.), sigldi til háskólans 1885 og tók þar próf í heimspeki 19. júní 1886 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 17. janúar 1891 með 3. einkunn (59 st.) og aptur 12. janúar 1892 með 2. einkunn (67 st.), var svo um tíma, að loknu prófi, í lögreglu-líðinu í Kaupmannahöfn, og því næst frá ársbyrjun 1893 fulltrúi bæjarfógeta í Reykjavík. Hann var settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu, 30. júní 1894, þá er Einari Thorlaciusi sýslumanni var vikið frá, en skipaður sýslu-

maður í Suður-Múlasýslu 26. september 1895 frá 1. jan. 1896, en þjónaði þó Norður-Múlasýslu þangað til Eggert Briem tók við í apríl 1896, fékk lausn frá embætti 1. júlí 1911 frá 1. okt. s. á. og flutti þá um haustið frá Eskifirði til Reykjavíkur, og er þar yfirréttarmálaflutningsmaður m. m. Hann sat á alþingi 1901 sem þingmaður Sunnmýlinga. Þá er Friðrik konungur 8. kom hingað til lands sumarið 1907, var Axel sýslumaður fenginn til að vera forstjóri konungsfararinnar austur í sýslur, og sjá um fleira áhrærandi dvöl konungs hér á landi. Leysti það starf röggsamlega af hendi og var þá (8. ágúst 1907) sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar. Hann hefur og verið sæmdur minnispeningi (medalíu) fyrir björgun manna úr lífsháska. Síðan hann kom til Reykjavíkur hefur hann meðal annars verið formaður Íþróttasambands Íslands.

### Sigurjón Markússon.

Hann var settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu 28. september 1911 frá 1. okt. s. á., þá er Tulinius sleppti og þjónaði þar til vorsins 1912, er Guðmundur Eggerz tók við. (Sjá um hann frekar við Skaptafellssýslu).

### Guðmundur Pétursson Eggerz.

*Faðir:* Pétur Friðriksson Eggerz, bóndi í Akureyjum og um tíma verzlunarstjóri á Borðeyri († 5. apríl 1892) (sbr. II, 727).

*Móðir:* Sigríður Guðmundsdóttir frá Kollsá í Hrutafirði Einarssonar.

*Kona:* Frederikka Holten, dóttir lyfsala í Randers; þau hafa átt eitt barn, er andaðist ungt.

Guðmundur Eggerz er fæddur á Borðeyri 30. september 1873, kom í lærða skólann 1889 og settist í 2. bekk, útskrifaður 1894 með 1. einkunn (93 st.), tók heimspakispróf við háskólann 31. maí 1895 með 1. einkunn og embættispróf í lögfræði 26. febrúar 1902 með 1. einkunn (119 st.). Var svo um hrið á ýmsum embættaskrifstofum í Danmörku, skipaður málaflutningsmaður við

landsyfírréttinn í Reykjavík 3. apríl 1905; þjónaði svo Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sem settur sýslumaður þar 1906—1908, og fékk veitingu fyrir þeirri sýslu 19. nóvember 1908, en Suður-Múlasýsla var honum veitt 4. október 1911 og tók við henni vorið 1912. Byr á Eskifirði. Sat á alþingi 1913 og aukþinginu 1914 sem 2. þingmaður Sunnmýlinga.

## B. Sýslumenn í Norður-Múlasýslu:

### Þorsteinn Jónsson.

Þá er J. P. Havsteen sýslumaður var skipaður amtmaður í Norður- og Austuramtinu 16. maí 1850 var Þorsteinn sýslumaður, er þá hélt Suður-Múlasýslu, settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu ásamt sinni sýslu, en fékk veitingu fyrir henni 1. maí 1851, en þjónaði þó jafnframt Suður-Múlasýslu þangað til 1853, að Jónas Thorsteinsen tók við henni. Meðan Þorsteinn var sýslumaður í Múlasýslu bjó hann á Ketilsstöðum á Völlum, en 25. maí 1861 var honum veitt Þingeyjarsýsla, en þjónaði samt Norður-Múlasýslu til júliloka 1862. Sjá meira um hann þar, bls. 370—371 hér að framan.

*Páll Ólafsson* prests á Kolfreyjustað Indriðasonar og f. k. hans, Þórunnar Einarsdóttur, fæddur 8. marz 1827, var settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu eptir burtför Þorsteins sýslumanns Jónssonar og þjónaði þar að minnsta kosti 2 mánuði (ágúst og september) 1862, þangað til Ole Smith tók við um haustið. Bjó Páll þá á Höfða á Völlum. F. k. hans var Þórunn Pálsdóttir sýslumanns Guðmundssonar (sjá áður), en hin síðari Ragnhildur Björnsdóttir umboðsmanns Skúlasonar (sjá áður). Páll skáld andaðist í Reykjavík 23. desember 1905.

### Ole Worm Smith,

danskur maður, var fæddur í Kongsdal hjá Holstebro 30. marz 1832, útskrifaður úr latínuskóla í Rípum 1852, tók embættispróf í lögfræði 8. janúar 1858 með 1. einkunn í báðum prófum, var settur sýslumaður í Norður-Múla-



sýslu 1862 og kom þá út hingað um haustið, en fékk veitingu fyrir henni 6. september 1863, fékk veitingu fyrir borgmeistara-, bæjarfógeta- og bæjarskrifaraembætti í Lemvig á Jótlandi 22. okt. 1870, ásamt héraðsfógeta- og skrifaraembætti í Skodborg og Vandfuldhéruðum, og fór héðan af landi burt 1871, varð riddari af dannebrogssorðunni 24. maí 1872 og andaðist í Lemvig 27. janúar 1885. Meðan hann var sýslumaður hér bjó hann á Vestdals-eyri við Seyðisfjörð. Kona hans hét Benthe Marie, dönsk, og voru börn þeirra: Troels, Andrea Elvina, Jens og Nikulás. Smith sýslumaður var kanselliráð að nafnbót.

### Præben Theodor Emanuel Böving,

danskur maður. Var áður sýslumaður í Snæfellsnessýslu, og síðar í Borgarfjarðarsýslu (sjá III, 248, 540), en fékk veitingu fyrr Norður-Múlasýslu 13. apríl 1871, og þjónaði henni til 1880, að hann flutti til Danmerkur, hafði hann þá 21. febrúar s. á. fengið veitingu fyrir héraðsfógetaembætti í Thyrsting og Vradshéruðum, og bjó þá í Brædstrup, en varð héraðsfógeti í Lunde og Skamhéruðum á Fjóni 1895 og bjó í Odense. Hann varð riddari af dannebrogssorðunni 6. nóvember 1890, en andaðist í Odense 2. janúar 1908. Hann var fæddur í Vejen hjá Kolding 12. september 1834, en tók embættispróf í lögfræði 13. janúar 1862 með 1. einkunn í báðum prófum. Kona hans var Kristína Guðrún (f. 28. maí 1853) yngsta dóttir Kristjáns Skúlasonar Magnusen kammerráðs á Skarði (sbr. II, 744—745).

Eptir burtför Bövings sýslumanns var *Jón Ásmundsson Johnsen* sýslumaður í Suður-Múlasýslu settur sumarið 1880 til að gegna Norður-Múlasýslu þangað til Einar Thorlacius tók við.

### Einar Jónsson Thorlacius.

*Faðir:* Jón Einarsson Thorlacius prestur í Saurbæ í Eyjafirði († 12. sept. 1872).

*Móðir:* Ólöf Hallgrímsdóttir prófests Thorlaciusar á Hrafnagili Hallgrímssonar.

Einar Thorlacius var fæddur í Saurbæ í Eyjafirði 18. nóvember 1851, kom í lærða skólann 1869 og settist í 2. bekk, útskrifaður 1874 með 1. einkunn (86 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 21. júní 1875 með 1. einkunn, og embættispróf í lögfræði 13. júní 1879 með 2. einkunn (63 st.), var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 3. júlí s. á., en fékk veitingu fyrir Norður-Múlasýslu 30. júní 1880, en var vikið frá embætti 30. júní 1894 fyrir ýmsa óreglu í embættisfærslu og algerlega leystur frá embættinu 29. maí 1896, þó með eptirlaunum. Hann var til heimilis á Seyðisfirði meðan hann var sýslumaður og lengi eptir það, en á nú heima í Kaupmannahöfn, mjög heilsulítill orðinn. Hefur aldrei kvænzt. Hann var á aukapönginu 1886 sem þingmaður Norðmýlinga, en gat ekki komið til þings 1887, af því að hann fékk engan löglærðan mann fyrir sig.

Launson Einars sýslumanns er Jón Thorlacius verzlunarmaður í Kaupmannahöfn.

### Axel Valdemar Tulinius.

(Sjá Suður-Múlasýslu). Hann var settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu 30. júní 1894, þá er Einari Thorlaciusi var vikið frá embætti, og þjónaði því embætti þangað til í apríl 1896, að Eggert Briem tók við. Hann hatði á þeim tíma aðsetur á Seyðisfirði.

### Eggert Ólafur Eggertsson Briem.

Hann var settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði 21. febrúar 1896 frá 1. apríl s. á., og þjónaði þar þangað til Jóhannes sýslumaður tók við 1897, en fékk veitingu fyrir Skagafjarðarsýslu 26. október 1897 (sjá nánar um hann í viðauka hér síðar).

### Jóhannes Jóhannesson.

*Faðir:* Jóhannes Guðmundsson sýslumaður í Mýra- og Hnappadalssýslu († 11. marz 1869, sjá III, 377—379).

*Móðir:* Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir († 15. nóv. 1907).

- Kona:* Jósefina Antonía (f. 25. apríl 1878) dóttir Lárusar P. Blöndal sýslumanns á Kornsó (II, 748—750).
- Börn:* A. Lárus f. 21. okt. 1898.  
B. Anna f. 2. nóv. 1900.  
C. Elín f. 16. júní 1909.

Jóhannes sýslumaður er fæddur í Hjarðarholti í Stafholtstungum 17. janúar 1866, flutti ungur með móður sinni til Reykjavíkur, kom í lærða skólann 1880 og var útskrifaður 1886 með 1. einkunn (97 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 10. júní 1887 með 1. einkunn, og embættispróf í lögfræði 2. júní 1891 með 1. einkunn (93 st.), varð s. á. aðstoðarmaður í hinu íslenska ráðaneyti í Kaupmannahöfn, en var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu 1. ágúst 1894 frá 1. sept. s. á., og þjónaði henni þangað til hann tók við embættinu sem sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði, er hann fékk veitingu fyrir 13. apríl 1897. Hann var alþingismaður fyrir Norður-Múlasýslu frá 1901—1913 eða alls á 9 þingum. Var skipaður 23. september 1904 forseti í amtsráði Austuramtsins frá 1. okt. s. á og hafði það starf á hendi til 1908, að amtsráðin lögðust algerlega niður. Hann átti sæti í nefnd þeirri, er konungur skipaði 30. júlí 1907 til að ræða um stöðu Íslands í veldi Danakonungs, og var við þau nefndarstörf í Kaupmannahöfn fyrri hluta ársins 1908. Hann var sæmdur riddaraskrossi dannebrogsorðunnar 15. ágúst 1907.

---

# Viðaukar um sýslumenn.<sup>1)</sup>

## **Pingeyjarsýsla.**

**Benedikt Sveinsson.<sup>2)</sup>**

(Sbr. I. B. bls. 135—136).

- Faðir:* Sveinn prestur á Þykkvabæjarklaustri († 5. sept. 1849) Benediktsson prests í Hraungerði († 1839) Sveinssonar prófasts s. st. († 1805) Halldórssonar bónda á Melum í Trékyllisvík Bjarnasonar hreppstjóra s. st. Steinssonar.
- Móðir:* Kristín (f. í apríl 1794, † í Reykjavík 21. júlí 1879) Jónsdóttir eldra á Esjubergi og Árvelli á Kjalarnesi Örnólfssonar í Álfsnesi Valdasonar Örnólfssonar.
- Kona:* Katrín (f. 31. ágúst 1840, † í Rvík 17. maí 1914) Einarsdóttir umboðsmanns á Reynistað Stefánssonar og Ragnheiðar Benediktsdóttur Vídalíns Halldórssonar.

---

1) Viðaukar þessir snerta að eins hina síðustu sýslumenn, er hafa ekki áður komið að í Sýslumannaæfunum, ásamt framhaldsæfiatriðum þeirra, er áður hefur getið verið, síðan þær byrjuðu að koma út (1881) til þessa dags, því að rétt-ast þótti að færa allt ritið að þessu leyti niður til núverandi tíma (1915) um land allt.

2) Ætternis hans og barna, sem lifðu 1881, er að vísu getið I. B. bls. 135—136, en hér er það tekið nákvæmar.

- Börn:*
- A. Ragnheiður f. í Reykjavík 2. maí 1860, gípt Júlíusi Sigurðssyni bankastjóra á Akureyri.
  - B. Sveinn f. á Elliðavatni 26. júlí 1862, † s. st. 8. okt. 1868.
  - C. Einar f. s. st. 31. okt. 1864, fyrrum sýslumaður í Rangárþingi, nú búsettur í Reykjavík, kvæntur Valgerði Einarsdóttur Zoëga. (Sjá um hann nánar bls. 519—520 hér að framan).
  - D. Kristín f. st. 16. sept. 1867, gíptist Árna sagnfræðingi, aðstoðarmanni við landsbókasafnið, Pálssyni prests í Gaulverjabæ Sigurðssonar.
  - E. Sveinlaug f. s. st. 15. júlí 1870, † í Rvík 31. jan. 1873.
  - F. Ólafur Sveinar Haukur f. í Rvík 17. júlí 1872; bjó á Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, druknaði í ál nálægt Elliðavatni 1. júní 1900, var kvæntur Sigríði dóttur Þorláks Ólafssonar Johnson kaupmanns í Rvík, en hún átti síðar Einar Arnórsson ráðherra. Son Ólafs og hennar: Ólafur Haukur, fæddur eptir lát föður síns.

Benedikt sýslumaður fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Þingeyjarsýslu 13. apríl 1897, og flutti þá frá Héðinshöfða til Reykjavíkur. Andaðist í Reykjavík 2. ágúst 1899. Um æfi hans vísast til æfisögu í Andvara XXV. árg. 1900 eptir útgefanda þessa rits.

### Steingrímur Jónsson.

- Faðir:* Jón Sigurðsson alþm., bóndi á Gautlöndum við Mývatn († 26. júní 1889).
- Móðir:* Solveig Jónsdóttir prests í Reykjahlíð, síðar Kirkjubæ í Tungu Þorsteinssonar stúdents í Reykjahlíð Jónssonar ríka í Ási í Kelduhverfi († 1799) Jónssonar.
- Kona:* Guðný (f. 3. maí 1868) Jónsdóttir bónda á Grænavatni við Mývatn Jónassonar.

- Börn:*
- A. Þóra Hólmfriður f. 19. okt. 1897.
  - B. Jón f. 14. marz 1900.
  - C. Solveig f. 29. okt. 1902.
  - D. Kristján Pétur f. 4. sept. 1909.

Steingrímur sýslumaður er fæddur á Gautlöndum 27. desember 1867, kom í skóla 1883 og settist í 2. bekk, og var útskrifaður 1888 með 1. einkunn (101 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 21. júní 1889 með 1. einkunn, og embættispróf í lögum 15. júní 1894, einnig með 1. einkunn, varð s. á. aðstoðarmaður í íslenska ráðaneytinu í Kaupmannahöfn, en var settur sýslumaður í Þingeyjar-sýslu 15. júní 1897 frá 1. júlí s. á. og fékk veitingu fyrir því embætti 5. maí 1898. Hann hefur setið á öllum alþingum síðan 1907 sem konungkjörinn þingmaður. Var nefndarmaður í millilandanefndinni um sambandsmálið 1908. Býr á Húsavík.

## **Eyjafjarðarsýsla.**

(Sbr. I. B., bls. 294).

*Stefán Thorarensen* sýslumaður (I. B. bls. 294) fékk lausn frá sýslumannsembættinu og bæjarfógetaembættinu á Akureyri 3. janúar 1891 og andaðist á Akureyri 14. október 1901.

Börn Stefáns sýslumanns og konu hans, Olivie Alvilde (fædd Juby), sem til aldurs komust, voru:

- A. Oddur lyfsali á Akureyri, kvæntur Alma Clara Margrethe Schiöth, dóttur P. F. H. Schiöth bakara á Akureyri.
- B. Solveig Lovise gipt Möller forstjóra í Kaupmannahöfn.
- C. Jóhann Stefán, bjó um hrið í Kaupangi, fór til Vesturheims.

## **Klemens Jönsson.**

*Faðir:* Jón Jönsson Borgfirðingur, lengi lögregluþjónn í Reykjavík († 20. okt. 1912).

*Móðir:* Anna Guðrún Eiríksdóttir.

*Kona fyrri:* Þorbjörg († 30. jan. 1902) Stefánsdóttir sýslumanns í Árnessýslu Björnssonar (sbr. hér áður bls. 372).

*Börn:* A. Anna Guðrún f. í Kaupm.höfn 19. júní 1890, gípt 1913 séra Tryggva á Hesti syni Þórhalls biskups. P. b.: Klemens.  
B. Agnar Stefán, dó ungur.  
C. Karen Emilía, f. 6. maí 1893, † 28. okt. 1911.

*Kona síðari:* Anna María (f. 1. júní 1879) dóttir P. F. H. Schiöth bakara á Akureyri.

*Börn:* D. Agnar Klemens f. 13. okt. 1909.  
E. Alma Valborg f. 21. sept. 1910.

Klemens landritari er fæddur á Akureyri 27. ágúst 1862, fluttist með foreldrum sínum til Reykjavíkur 1865, kom í Reykjavíkurskóla 1877 og var útskrifaður þaðan 1883 með 1. einkunn (92 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 23. júní 1884 með 1. einkunn og embættispróf í lögfræði 4. júní 1888 með 1. einkunn (93 st.), varð árið eptir aðstoðarmaður í íslenska ráðaneytinu, en settur sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 1. júlí 1891 frá 1. sept. s. á., og fékk veitingu fyrir þeim embættum 13. apríl 1892. Var settur amtmaður í Norður- og Austuramtinu frá 1. júlí 1894 þangað til Páll Briem tók við í lok nóvember s. á., en 2. marz 1904 var hann skipaður landritari og flutti þá til Reykjavíkur. Var alþingismaður Eyfirðinga frá 1893 til 1903 og forseti neðri deildar 1901, 1902 og 1903. Var formaður í skattamálanefnd, er skipuð var 2. des. 1907. Varð riddari af dannebrog 27. jan. 1904, dbrm. 8. ágúst 1907, riddari af þýzku krónuorðunni 2. st. 1912, og offiseri af frakknesku heiðursfylkingunni 1913. Hann hefur samið »Lögfræðingatal«, (Viðauka við Lögfræðingatal M. Stephensens landshöfðingja) prentað í ritum Sögufélagsins 1910.

### Páll Friðrik Vídalín Bjarnason.

Hann var settur sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 19. marz 1904 frá 1. maí s. á.

þangað til í okt. s. á., að Guðlaugur Guðmundsson tók við. (Sjá um hann síðar).

### Guðlaugur Guðmundsson.

Hann var skipaður sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 20. júlí 1904 og andaðist þar 5. ágúst 1913. (Sjá um hann við Skaptafellssýslu bls. 676—678 hér að framan).

*Jóhannes Júlíus Havsteen* cand. jur. (f. 13. júlí 1886), son Jakobs V. Havsteen etazráðs á Oddeyri, var settur til að þjóna sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu eftir lát Guðlaugs sumarið 1913 og gegndi þeim embættum til vorsins 1914, að Páll Einarsson tók við, en hefur síðar verið aðstoðarmaður hans. Hann er útskrifaður úr skóla 1905 með 1. einkunn (92 st.) og tók embættispróf í lögfræði við Hafnarháskóla 1913 með 1. eink. Er kvæntur Þórunni dóttur Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra í Reykjavík.

### Páll Einarsson.

Sjá um hann við Gullbringusýslu (bls. 195 hér að framan). Honum var veitt sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættið á Akureyri 20. apríl 1914 frá 1. júlí s. á. og flutti þangað um vorið. Hann er kvæntur í síðara sinn Sigríði (f. 24. des. 1889) dóttur Franz Siemensens fyr sýslumanns (sbr. bls. 194 hér að framan), og eru börn þeirra: Einar Baldvin (f. 29. febr. 1912) og Sigríður (f. 21. maí 1913).

## **Skagafjarðarsýsla.**

(Sbr. I. B. bls. 432).

*Eggert Gunnlaugsson Briem* fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu 29. marz 1884, og andaðist í Reykjavík 11. marz 1894. Sjá nánar um hann bls. 512—515 hér að framan).



## Jóhannes Davíð Ólafsson.

- Faðir:* Ólafur Einarsson Johnsen prófastur á Stað á Reykjanesi († 1885).
- Móðir:* Sigríður († 26. maí 1875) Þorláksdóttir prests í Kjalarnesþingum Loptssonar.
- Kona:* Margrét (f. 19. febr. 1855) Guðmundsdóttir prófasts í Arnarbæli Einarssonar Johnsen. Þau bræðrabörn.
- Börn:* A. Ólafur f. 23. nóv. 1885, útskrifaður úr skóla 1905, andaðist á Akureyri 18. maí 1912.
- B. Guðmundur f. 1887, dó ungur.
- C. Alexander f. 15. júlí 1888, útskrifaður úr skóla 1907, cand. mag. í þýzku við Hafnarháskóla haustið 1912.
- D. Sigrún f. 1. ágúst 1889.
- E. Valdimar Davíð f. 18. sept. 1896. Er á verzlunarskrifstofu í Kaupmannahöfn.

Jóhannes sýslumaður var fæddur á Stað á Reykjanesi 26. október 1855, kom í skóla 1872 og var útskrifaður 1878 með 2. einkunn (62 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 21. júní 1879 með ágætiseinkunn, en embættispróf í lögfræði 12. júní 1883 með 1. einkunn (99 st.), var 20. des s. á. settur af landshöfðingja, en 10. jan. 1884 af ráðgjafanum málaafærlumaður við landsyferréttinn, fékk 2. júlí 1884 veitingu fyrir Skagafjarðarsýslu, en 5. nóv. 1886 fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, en fékk að vera kyr í Skagafjarðarsýslu 15. apríl 1887. Hann bjó fyrst á Gili, en síðar á Sauðárkrók, og andaðist þar 26. marz 1897 (sbr. III. B., bls. 380). Margrét ekkja hans flutti eptir lát hans til Reykjavíkur, en síðar til Kaupmannahafnar. Jóhannes sýslumaður var ljúfmenni og mjög vel látinn af sýslubúum sínum.

## Eggert Ólafur Eggertsson Briem.

- Faðir:* Eggert Gunnlaugsson Briem, síðast sýslumaður í Skagafirði (sbr. bls. 512—515).
- Móðir:* Ingibjörg Eiríksdóttir sýslumanns Sverrissonar.

*Kona:* Guðrún (f. 16. maí 1869) Jónsdóttir prófasts á Auðkúlu Þórðarsonar og Sigríðar Eiríksdóttur sýslumanns Sverrissonar. Þau hjón eru systrabörn.

*Börn:* A. Sigríður f. 9. júlí 1901.

B. Gunnlaugur f. 5. febr. 1903.

Eggert Briem er fæddur á Reynistað 25. júlí 1867, kom í skóla 1881, og var útskrifaður 1887 með 1. einkunn (98 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 18. júní 1888 með 1. einkunn og embættispróf í lögfræði 9. júní 1893 með 1. einkunn (133 st.), var skipaður málsfærslumaður við landsyfirréttinn 6. sept. s. á., en settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði 21. febr. 1896, og settur sýslumaður í Skagafjarðarsýslu 30. sept. 1897, en fékk veitingu fyrir því embætti 26. okt. s. á. Bjó á Sauðárkrók meðan hann var sýslumaður þar. Var skipaður skrifstofustjóri í stjórnarráði Íslands 2. marz 1904, og veitti 3. skrifstofu (fjármálaskrifstofunni) forstöðu, þangað til 1909, að hann varð skrifstofustjóri á 1. skrifstofu (dómsmálaskrifstofunni). Hinn 30. marz 1908 var hann, ásamt sínu eigin embætti, settur 2. meðdómandi í yfirréttinum, og gengdi því embætti þangað til Halldór Daniélsson tók við því um nýár 1909 og síðar 16. marz 1911 var Eggert skrifstofustjóri settur 1. meðdómandi í sama rétti og gegndi því embætti, ásamt sínu eigin embætti, meðan Kristján Jónsson háyfirdómari var ráðherra, eða þangað til seint í júlí 1912. Hann hefir og verið endurskoðandi Landsbankans fyrir hönd stjórnarráðsins síðan um nýár 1909 og fastur prófdómandi við lagapróf á háskólanum síðan 1912. Hann er og í stjórn Búnaðarfélags Íslands og í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur. Var sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar 21. maí 1913.

### Guðmundur Björnsson.

Hann var settur sýslumaður í Skagafjarðarsýslu 25. apríl 1904 frá 1. maí s. á. og þjónaði þar til jafnlengdar 1905. (Sjá um hann við Barðastrandarsýslu hér á eptir).

### Páll Friðrik Víðalin Bjarnason.

- Faðir:* Bjarni E. Magnússon sýslumaður í Húnavatns-sýslu. (Sbr. bls. 564—565).
- Móðir:* Hildur Solveig (f. 31. ágúst 1835) Bjarnadóttir amtmanns Thorarensens Vigfússonar sýslumanns Þórarinssonar.
- Kona:* Margrét Árnadóttir óðalsbónda í Höfnum á Skaga Sigurðssonar og s. k. hans Jóninnu Þóreyjar Jónsdóttur.
- Barn:* A. Bjarni.

Páll sýslumaður er fæddur á Geitaskarði í Langadal 16. október 1873, kom í skóla 1889 og var útskrifaður 1895 með ágætiseinkunn (106 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 11. júní 1896, einnig með ágætiseinkunn og embættispróf í lögum 22. júní 1900 með 1. einkunn (133 st.). Var svo um hrið aðstoðarmaður hjá bæjarfógetanum í Kaupmannahöfn, var settur sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 19. marz 1904 frá 1. maí s. á. og þjónaði þar þangað til Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson tók við í október s. á., en 29. sept. s. á. var Páll settur málaflutningsmaður við landsyfírréttinn, og fékk veitingu fyrir Skagafjarðarsýslu 21. febrúar 1905, fékk veitingu fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. marz 1912 frá 1. júlí s. á., en var 29. júní s. á. settur til að gegna sýslumannsembættinu í Skagafirði mánuðina júlí og ágúst. Flutti svo vestur í Stykkishólm og býr þar.

### Magnús Guðmundsson.

- Faðir:* Guðmundur bóndi í Holti í Svínadal Þorsteinson bónda í Sólheimum Helgasonar Eiriks-sonar í Bolholti Jónssonar.
- Móðir:* Björg Magnúsdóttir bónda á Grófargili í Skagafirði Magnússonar.
- Kona:* Soffía (f. 6. okt. 1878) Bogadóttir Smith bónda í Arnarbæli á Fellsströnd og Oddnýjar Þorsteinsdóttur, systur Guðmundar í Holti. Eru þau hjón því systkinabörn.

*Börn:* A. Bogi Smith f. 27. apríl 1909.  
B. Björg.

Magnús sýslumaður er fæddur á Rútsstöðum í Húnavatnssýslu 6. febrúar 1879, kom í skóla 1896 og var útskrifaður 1902 með ágætiseinkunn (106 st.), tók próf í heimspeki 4. júní 1903, einnig með ágætiseinkunn, en embættispróf í lögum 25. júní 1907 með 1. einkunn (175 st.) varð s. á. aðstoðarmaður í stjórnarráðinu, en skipaður sýslumaður í Skagafjarðarsýslu 24. júlí 1912 frá 1. september s. á. Hann býr á Sauðárkrók.

## Húnavatnssýsla.

(Sbr. I. B. bls. 635).

*Lárus Blöndal* (I, 635) fékk veitingu fyrir amtmansembættinu norðan og austan 26. febrúar 1894 frá 1. júlí s. á., en andaðist á heimili sínu Kornsa 12. maí s. á., áður en hann tæki við embættinu. (Sjá nánar um hann við Dalasýslu II, 748—750).

*Benedikt Blöndal* umboðsmaður í Hvammi í Vatnsdal, bróðir Lárusar sýslumanns, var 22. júní 1894 settur til að gegna sýslunni frá 1. júlí, meðan hún stæði óveitt.

## Jóhannes Jóhannesson.

Hann var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu 1. ágúst 1894 frá 1. sept. s. á. og þjónaði henni þangað til hann tók við sýslumannsembættinu í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetaembættinu á Seyðisfirði 1897. (Sjá nánar um hann þar, bls. 804—805 hér að framan).

## Gisli Ísleifsson.

*Faðir:* Ísleifur Gíslason prestur í Arnarbæli († 21. okt. 1892).  
*Móðir:* Karitas Markúsdóttir prests í Odda Jónssonar lektors.  
*Kona:* Lucinda Josefa Ágústa (f. 19. apríl 1879) dóttir Jóhanns G. Möllers kaupmanns á Blönduósi.  
*Börn:* A. Alvilda Ása f. 22. júní 1902.

B. Karítas f. 1. júlí 1903.

C. Jóhanna f. 10. febr. 1905.

D. Ísleifur f. 1. júní 1906.

Gísli er fæddur á Stokkalæk á Rangárvöllum 22. apríl 1868, kom í skóla 1883 og settist í 2. bekk, útskrifaður 1888 með 1. einkunn (94 st.), tók próf í heimspeki 21. júní 1889 með 2. einkunn, og embættispróf í lögum 15. júní 1894 með 2. einkunn (113 st.), en gekk upp aptur 2. febr. 1895 og fékk þá 1. einkunn (123 st.), var settur málsfærslumaður við landsyfirréttinn 29. febr. 1896, og 28. ágúst 1897 settur sýslumaður í Húnavatnssýslu frá 1. sept. s. á., en fékk veitingu fyrir sýslunni 26. okt. s. á., Hann bjó á Blönduósi meðan hann hélt sýsluna. Vegna vanskila á sýslugjöldum var honum vikið frá embætti um stundarsakir 12. júlí 1912, en fékk lausn frá því samkvæmt beiðni hans og án eptirlauna 23. apríl 1913, varð s. á. aðstoðarmaður í stjórnarráðinu og flutti þá til Reykjavíkur.

### Björn Þórðarson.

(Sjá um hann bls. 566—567 hér að framan). Hann var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu 12. júlí 1912, þá er Gísli sýslumanni var vikið frá, og þjónaði þar til vorsins 1914, að Ari Jónsson tók við sýslunni (sjá viðauka við Mýra- og Borgarfjarðarsýslu).

### Ari Jónsson.

*Faðir:* Jón bóndi á Hjöllum í Þorskafirði Finnsson á Eyri í Gufudalssveit Arasonar.

*Móðir:* Sigríður Jónsdóttir bónda á Kletti í Kollafirði Guðnasonar.

*Kona:* Matthildur (f. 29. sept. 1889) Einarsdóttir skálds Hjörleifssonar.

*Börn:* A. Sigurður f. 15. marz 1909.

B. Einar f. 3. jan. 1911.

Ari sýslumaður er fæddur á Hjöllum í Þorskafirði 7. júní 1872, kom í skóla 1893 og settist í 2. bekk, útskrif-

aður 1898 með 1. einkunn (90 st.), tók próf í heimspeki 16. júní 1899 með ágætiseinkunn, en embættispróf í lögfræði 27. júní 1905 með 2. einkunn (91 st.). Var sva ritstjóri blaðsins »Dagfara«, er gefinn var út á Eskifirði 1906, og síðar meðritstjóri »Ingólfs« þangað til í júní 1909. Var settur aðstoðarmaður í stjórnarráðinu 1. september 1909 og skipaður 7. desember 1910. Var kosinn alþingismaður fyrir Strandasýslu 10. september 1908, og sat á alþingi 1909 og 1911. Fékk veitingu fyrir sýslumannsembættinu í Húnavatnssýslu 8. jan. 1914 frá 1. apríl s. á. og tók við sýslunni um vorið. Býr á Blönduósi.

## **Barðastrandarsýsla.**

(Sbr. II. B., bls. 149).

*A. L. E. Fischer* sýslumaður fékk embætti í Danmörku 1893. (Sjá um hann við Skaptafellssýslu (bls. 676). Kona Fischers sýslumanns hét Amalía Jochumine, fædd Holst. Börn þeirra voru: Laura, Eline, Sofie, Elizabeth, Hans Holst og Jakob Júlíus Kristófer.

*Sigurður E. Briem* var settur sýslumaður 26. júlí 1893 frá 1. ágúst og þjónaði þar tvo mánuði, þangað til Páll sýslumaður tók við (sbr. III. 250).

## **Páll Einarsson.**

Sjá um hann hér áður (bls. 195 og 810). Hann fékk veitingu fyrir sýslunni 1. september 1893, og þjónaði henni þangað til hann fékk Gullbringu- og Kjósarsýslu 1899.

## **Halldór Bjarnason.**

*Faðir:* Bjarni bóndi á Úlfagili í Húnavatnssýslu Jónsson á Rútsstöðum Markússonar umboðsmanns í Lóni í Hörgárdal Markússonar.

*Móðir:* Halldóra Jónsdóttir bónda á Kolugili Sigurðssonar og Þórvarar Eldjárnsdóttur stúdents Hallgrímssonar prófasts Eldjárnsssonar.

*Kona:* Margrét (f. 19. jan. 1857, † 29. sept. 1912) Egils-

dóttir bókbindara í Reykjavík Jónssonar og konu hans Guðrúnar Halldórsdóttur prófasts á Melstað Ámundasonar.

Halldór sýslumaður var fæddur á Úlfagili 25. september 1863, kom í lærða skólann 1881, og var útskrifaður 1887 með 1. einkunn (86 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 27. júní 1888 með 1. einkunn, og embættispróf í lögfræði 17. febrúar 1894 með 2. einkunn (115 st.). Var nokkur ár bæjarfógetafulltrúi í Reykjavík og við mála-færslustörf þar, en settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu 13. október 1899 og fékk veitingu fyrir sýslunni 13. janúar 1900. Bjó á Patreksfirði (Vatneyri). Andaðist í Reykjavík 1. febrúar 1905 úr krabbameini innvortis. Hann var vel gáfaður maður og drengur góður.

### Sigurður Pétursson Eggerz.

Hann var settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu 15. febrúar 1905 frá 1. marz s. á. og þjónaði henni þangað til Guðmundur sýslumaður Björnsson tók við um vorið. (Sjá um Sigurð Eggerz við Skaptafellssýslu bls. 678—679).

### Guðmundur Björnsson.

- Faðir:* Björn Ásmundsson hreppstjóri á Svarfhóli í Stafholtstungum († 7. ágúst 1912).
- Móðir:* Þuríður Jónsdóttir. (Sjá um framætt þessara hjóna III, 356).
- Kona:* Þóra Leopoldína (f. 26. ágúst 1879) Júlíusdóttir lækni Halldórssonar yfirkennara Friðrikssonar.
- Börn:*
- A. Ingibjörg Emma f. 5. júlí 1903.
  - B. Pétur Emil Júlíus f. 25. júlí 1904.
  - C. Björn f. 7. okt. 1905.
  - D. Þuríður Jenny f. 13. jan. 1907.
  - E. Karl Leó f. 23. febr. 1908.
  - F. Jórunn f. 6. sept. 1913.

Guðmundur sýslumaður er fæddur á Svarfhóli í Stafholtstungum 5. desember 1873, kom í lærða skólann 1890 og var útskrifaður 1896 með 1. einkunn (99 st.), tók próf í heimspeki 11. júní 1897 með ágætiseinkunn og em-

bættispróf í lögfræði 20. febrúar 1902 með 2. einkunn (109 st.). Hann var settur sýslumaður í Skagafjarðarsýslu 25. apríl 1904 frá 1. maí s. á. og þjónaði þar til jafnlengdar 1905, fékk veitingu fyrir Barðastrandarsýslu 25. maí 1905 og settist þá að á Vatneyri.

## Ísafjarðarsýsla.

(Sbr. II. B. bls. 251).

Skúli Thoroddsen (II. 251) þjónaði sýslunni til 15. ágúst 1892, að honum var vikið frá embætti, en 31. maí 1895 fékk hann lausn með eptirlaunum. Var svo nokkur ár kaupmaður á Ísafirði, en keypti Bessastaði 1901 og bjó þar þangað til hann flutti til Reykjavíkur 1908. Hefur verið ritstjóri »Þjóðviljans« síðan 1892. Sat fyrst á alþingi 1891 fyrir Eyjafjarðarsýslu og á öllum þingum síðan fyrir Ísafjarðarsýslu (Norður-Ísafjarðarsýslu eptir sýsluskiptinguna). Var skipaður í millilandanefndina í sambandsmálinu, og varð riddari af dannebrog 8. ágúst 1907. Kona hans er Theodora (f. 1. júlí 1863) dóttir Guðmundar prófests Einarssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd, og eru börn þeirra (sbr. III, 538—539):

- A. Unnur (f. 20. ágúst 1885) gipt Halldóri Georg Stefánssyni lækni á Flateyri.
- B. Guðmundur (f. 1. febr. 1887) héraðslæknir á Húsvík, kvæntur Reginu Benediktsdóttur prófests á Grenjaðarstað Kristjánssonar.
- C. Skúli (f. 24. marz 1890) cand. jur., málsfærslumaður á Ísafirði.
- D. Þorvaldur (f. 11. febr. 1892), nú í Argentínu.
- E. Kristín Ólína f. 29. apríl 1894.
- F. Katrín f. 7. júlí 1896.
- G. Jón f. 18. febr. 1898.
- H. Ragnhildur f. 26. ágúst 1899.
- I. Bolli f. 26. apríl 1901.
- K. Sigurður f. 24. júlí 1902.
- L. Sverrir f. 15. júlí 1904.
- M. María Kristín f. 12. sept. 1906.



## Lárus H. Bjarnason.

Sjá Snæfellsnessýslu (III, 250—251). Hann var settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði 26. ágúst 1892 frá 1. sept. s. á., og þjónaði þeim embættum til 1. ágúst 1894, að hann tók við Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

## Sigurður Eggertsson Briem.

Hann var settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði 7. júlí 1894 og tók við þeim embættum af Lárusi H. Bjarnason 1. ágúst s. á. Þjónaði þar þangað til Hannes Hafstein tók við vorið 1896. (Sjá frekar um Sigurð Briem III, 249—250).

## Hannes Þórður Hafstein.

Hann fékk veitingu fyrir sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Ísafirði 26. september 1895 og tók við þeim af Sigurði Briem vorið 1896. Þjónaði þar þangað til hann varð ráðherra Íslands 1. febrúar 1904. Sjá meira um hann II, 752—754. Til viðbótar því, sem þar er sagt, má geta þess, að hann var varaformaður í millilandanefndinni í sambandsmálinu, en fékk lausn frá ráðherraembættinu með eptirlaunum frá 1. apríl 1909 og varð þá 3. bankastjóri við Íslandsbanka. Var á ný skipaður ráðherra 24. júlí 1912, og þjónaði því embætti þangað til sumarið 1914, að hann fékk að nýju lausn frá því með eptirlaunum. Hann hefur setið á öllum þingum síðan 1903 sem fulltrúi Eyfirðinga, auk þingsins 1901 sem fulltrúi Ísfirðinga, og var kosinn forseti sameinaðs þings á aukathinginu 1912, áður en hann varð ráðherra að nýju. Hann er sæmdur mörgum tignarmerkjum. Konu sína Ragnheiði Stefánsdóttur (f. Thordersen) missti hann 18. júlí 1913. H. Hafstein er nú (1915) einn af þremur bankastjórum Íslandsbanka. Yngstu barna hans er getið hér áður bls. 796.

## Grímur Jónas Jónsson.

- Faðir:* Jón Hjörtsson síðast prestur á Gilsbakka († 25. júní 1881).
- Móðir:* Kristín († 26. marz 1869) Þorvaldsdóttir prófests í Holti undir Eyjafjöllum Böðvarssonar.
- Kona:* Ingveldur (f. 26. nóv. 1864) dóttir Guðmundar prófests Einarssonar Johnsens í Arnarbæli.
- Börn:* A. Jón verzlunarmaður á Suðureyri í Súganda-firði, kvæntur Ásu Finnsdóttur kaupmanns á Ísafirði Þórðarsonar.  
 B. Sigríður.  
 C. Sigurður (f. 20. apríl 1896), nú í almenna mentaskólanum.  
 Dóttir Gríms áður en hann kvæntist:  
 D. Ásthildur, gipt Magnúsi kennara Magnússyni Magnússonar prests í Eydölum Bergssonar, bróðursyni meistara Eiríks Magnússonar. Þau eru í Ameríku.

Grímur er fæddur á Krossi í Landeyjum 14. júlí 1855 kom í lærða skólann 1869 og var útskrifaður 1875 með 2. einkunn (74 st.), las fyrst læknisfræði, en síðar guðfræði og tók embættispróf frá prestaskólanum 23. ágúst 1878 með 2. einkunn betri. Gerðist síðar kennari við barnaskólann á Ísafirði og hafði lengi forstöðu hans á hendi. Gaf út á Ísafirði blaðið »Grettir« 1893—1894. Var settur 2. janúar 1904 til að gegna sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Ísafirði frá 1. febrúar s. á., þá er Hannes Hafstein slepti þeim embættum, og þjónaði Grímur þar þangað til Magnús sýslumaður Torfason tók við 1. ágúst s. á. Er Grímur nú bókhaldari við verzlun Á. Ásgeirssonar á Ísafirði.

## Hans Magnús Torfason.

Hann var skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði 6. júní 1904 og tók við þeim embættum 1. ágúst s. á. Hann varð riddari af dannebrog 12. ágúst 1907. (Sjá meira um hann bls. 518—519 hér að framan).

## Strandasýsla.

(Sbr. II. B. bls. 404).

*Marinó Havsteen* sýslumaður fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Strandasýslu frá 1. apríl 1909. Flutti hann síðar (1912) til Reykjavíkur og er nú aðstoðarmaður í stjórnarráðinu. Börn hans og konu hans Þórunnar Eyjólfsdóttur eru:

- A. Elín Elizabet f. 31. júlí 1904.
- B. Jóhanna Laura f. 28. des. 1906.
- C. Hannes Þórður f. 16. ágúst 1908.
- D. Katrín Kristjana f. 25. des. 1909.
- E. Eyjólfur Jónsson f. 29. ágúst 1911.
- F. Þórunn Jónassen f. 23. ágúst 1912.

### Halldór Kristján Júlíusson.

- Faðir:* Pétur Emil Júlíus Halldórsson fyrrum læknir í Húnavatnssýslu, nú í Reykjavík.
- Móðir:* Ingibjörg (f. 22. jan. 1849) Magnúsdóttir prests á Grenjaðarstað Jónssonar.
- Kona:* Ingibjörg (f. 28. marz 1884) dóttir Hjartar Lindals óðalsbónda á Fremra-Núpi í Miðfirði Benediktssonar.
- Börn:* A. Hjörtur f. 18. júní 1908.  
Son Halldórs sýslumanns, áður en hann kvæntist, með Þórhildi Eiríksdóttur Halldórssonar stúdents á Úlfstöðum Sigurðssonar, er Eiríkur f. í Kaupm.höfn 21. ágúst 1903.

Halldór sýslumaður er fæddur á Breiðabólstað í Vesturhópi 29. október 1877, kom í lærða skólann 1890 og var útskrifaður 1896 með 1. einkunn (101 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 16. júní 1897 með ágætis-einkunn og embættispróf í lögfræði 3. febrúar 1905 með 2. einkunn (107 st.). Var síðan bæjarfógetafulltrúi í Reykjavík, en fékk veitingu fyrir Strandasýslu 1. apríl 1909, og settist þá að á Borðeyri.

## Dalassýsla.

(II, 754—755).

*Björn Bjarnarson* sýslumaður fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Dalassýslu 11. sept. 1914 frá 1. janúar 1915. Hann var síðast á alþingi 1907 sem þingmaður Dalamanna.

### Július Kristján Linnet.

*Faðir:* Hans Linnet bókhaldari í Hafnarfirði.

*Móðir:* Gróa Jónsdóttir bónda í Fellsaxlarkoti Jónssonar.

Kr. Linnet er fæddur í Reykjavík 1. febrúar 1881, kom í lærða skólann 1893 og var útskrifaður 1899 með 1. einkunn (98 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 21. júní 1900 með 1. einkunn, en embættispróf í lögfræði 19. júní 1907 með 2. einkunn (101 st.). Var síðar yfirréttarmálafærslumaður í Reykjavík, og settur lögreglustjóri á Siglufirði sumurin 1909 og 1910, en 31. desember 1914 var hann settur sýslumaður í Dalassýslu frá 1. jan. 1915, þá er Björn sýslumaður slepti henni.

## Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

(III, 251).

*Lárus H. Bjarnason* sýslumaður var skipaður forstjóri hins nýstofnaða lagaskóla 13. maí 1908, og prófessor við lagadeild hins nýstofnaða háskóla 22. september 1911. Hann sat síðast á alþingi sem þingmaður Snæfellinga 1907, en 1909 og 1911 sem konungkjörinn þingmaður, og á aukaðinginu 1912 og þinginu 1913 sem 1. þingmaður Reykvíkinga.

### Guðmundur Pétursson Eggerz.

Hann þjónaði sem settur sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í fjarveru Lárusar H. Bjarnason og á hans ábyrgð, meðan hann dvaldi erlendis á ár-

unum 1906—1908, en 30. júní 1908 var Guðmundur settur á eigin ábyrgð fyrir sýsluna frá 1. júlí s. á. og fékk veitingu fyrir henni 19. nóv. s. á., en 4. október 1911 fyrir Suður-Múlasýslu, og sleppti algerlega Snæfellsnessýslu 1. marz 1912. (Sjá um hann Suður-Múlasýslu).

*Magnús Blöndal* hreppstjóri í Stykkishólmi, son Benedikts Blöndals umboðsmanns í Hvammi í Vatnsdal, var 17. febrúar 1912 settur um stundarsakir frá 1. marz s. á. til að gegna sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en 29. júní s. á. var

*Sigurjón Markússon* settur til að þjóna henni mánuðina júlí og ágúst, þangað til Páll V. Bjarnason sýslumaður kæmi þangað. (Sjá um Sigurjón hér á eftir).

### Páll Friðrik Vidalin Bjarnason.

Hann fékk veitingu fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. marz 1912 frá 1. júlí s. á., en tók ekki við henni fyr en 1. september s. á. Hann býr í Stykkishólmi. (Sjá um hann bls. 812).

## Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

(Sbr. III, 381 og 540).

*Sigurður Þórðarson* sýslumaður (III, 381) fékk lausn frá sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 27. júlí 1914.

### Björn Þórðarson.

Hann var settur sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. júlí 1914 og settist þá að í Borgarnesi. Hann kvæntist s. á. Ingibjörgu dóttur Ólafs Briems umboðsmanns á Álfgæirsvöllum (sbr. bls. 513 hér að framan). (Sjá um Björn bls. 566—567 og bls. 815).

## Skaptafellssýsla.

*Sigurður Pétursson Eggerz* var skipaður ráðherra Íslands 21. júlí 1914, beiddist lausnar 30. nóv s. á., en

gegndi þó ráðherraembættinu til 5. maí 1915, að hann fékk algerlega lausn frá því með eptirlaunum. (Sjá meira um hann bls. 678—679).

### Sigurjón Markússon.

- Faðir:* Markús forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík († 28. júní 1900) Bjarnason á Baulhúsum í Arnarfirði Simonarsonar á Dynjanda í Arnarfirði Sigurðssonar úr Eyjafirði Gunnarssonar.
- Móðir:* Björg Jónsdóttir timburmanns Jónssonar, bróðurdóttir frú Sigríðar, er Jón rektor Þorkelsson átti.
- Kona:* Sigríður Þorbjörg (f. 30. maí 1889) Björnsdóttir bónda í Álptártungu Björnssonar og Jensínu Bjarnadóttur, systur Markúsar skólastjóra, og eru þau hjón því systkinabörn.
- Börn:* A. Markús Finnbogi f. 11. júlí 1910.  
B. Björg.  
C. Jóhanna.

Sigurjón er fæddur í Reykjavík 27. ágúst 1879, kom í lærða skólann 1893 og var útskrifaður 1900 með 1. einkunn (85 st.), tók próf í heimspeki við háskólann 13. júní 1901 með ágætiseinkunn, en embættispróf í lögfræði 15. júní 1907 með 2. einkunn (93 st.). Var síðar fulltrúi hjá Jóni Magnússyni bæjarfógeta frá nýári 1909, en 28. september 1911 var hann settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu frá 1. október s. á., þá er Tulinius slepti, og þjónaði þar til vorsins 1912, að Guðmundur Eggerz tók við, en 29. júní 1912 var Sigurjón settur til að gegna sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu mánuðina júlí og ágúst, þangað til Páll V. Bjarnason sýslumaður tók þar við. Bjó síðan í Ögri við Stykkishólm, og hafði á hendi málsfærslustörf samhliða búskap, en sumarið 1914 var hann settur sýslumaður í Skaptafellssýslu og settist að í Vík í Mýrdal. Fékk veitingu fyrir þeirri sýslu 17. febrúar 1915.

# Viðaukar, skýringargreinar og leiðréttingar við Sýslumannaæfir I.—IV.

## I. B.<sup>1)</sup>

- Bls. 55, 11. l. a. n.: Vermundur les: Hermundur.
- 69, 13. l. a. o.: Olafur í Krossavík (réttara: Krossanesi við Eyjafjörð) var ekki son séra Odds Porkels-sonar á Hofi, heldur bróðir hans. Kona hans var Þurður (ekki Þrúður) Eiríksdóttir prests á Auðkúlu Magnússonar. Margrét kona Jóns klausturhaldara í Skriðu (18. l. a. o.) var ekki dóttir síra Odds, heldur stjúpdóttir hans, dóttir síra Bjarna Högnasonar á Hofi og Ingibjargar, er séra Oddur átti síðar.
- 103, 19. l. a. o.: Bjarni lögréttumaður á Móeiðarhvoli († 1754) var Þórðarson, en ekki Brynjólfsson. Hann var skólagenginn.
- 104, 15. l. a. o. 4. lið: Sigríður á að vera Sigurður og at-  
hugasemdin nr. 2 neðanmáls á að falla al-  
veg burtu, því að hún er skökk. Séra Skúli átti ekki nema eina dóttur með Sigríðar-  
nafni, en tvo syni með Benediktsnafni og  
dóu báðir ungir. Var hinn eldri þeirra  
skólagenginn.
- 120, 6. l. a. o.: Sigríður dóttir Benedikts lögmans var 70 (ekki 74) ára, er hún andaðist 1787 (fædd 2. jan. 1717). Benedikt lögmaður kvæntist 1713 (ekki 1712).
- 176, 17. l. a. o.: 1533 og 1534 á að vera 1503 og 1504.
- 238, 8. l. a. o.: Arnbjörg, á að vera: Arnbjörn og var hann

1) Hér eru ekki teknar upp eiðréttingarnar við þetta bindi, sem áður eru prentaðar (sbr. I. 636–641).

I. B.

Arnbjörnsson og sammæddur þessum systkinum, sem þar eru talin 1. a—e og g.

- Bls. 263, 12.—13. l. a. o.: Sá Jón, sem varð skólահaldari á Amager, var ekki Jón Jónsson Scheving, heldur frændi hans Jón Björnsson Scheving. Jón Jónsson Scheving var á lífi á Jótlandi um 1790.
- 266, 5. l. a. o.: Annar pilturinn, sem fórst með Jóni Vidalin á Hjaltadalsheiði, var Hans son Þorláks Hanssonar Londemann, og er það síðar leiðrétt (í IV. B. bls. 317).
- 338, 13. l. a. n.: 1565 les: 1555.
- 346, 3. l. a. n.: Þorláksdóttir l. Þorkeldsdóttir.
- 360, 1.—2. l. a. n.: Sölvi prestur í Möðrudal var ekki Magnússon, heldur Gottskálksson.
- 385, 8. l. a. o.: Benedikt sýslumaður sleppti Skagafjarðarsýslu 1680 (ekki 1677).
- 496, 3. l. a. n.: Kona Gísla skólameistara var Guðríður (ekki Guðrún) Gunnarsdóttir.
- 540, 5.—6. l. a. o.: Péturssonar á að falla burtu.
- 552, 11. l. a. o.: Torfalæk á að vera: Torfustöðum.
- 552, 21. l. a. o.: Þorláksdóttur l. Þorkeldsdóttur.
- 552, 14. l. a. n.: Árnadóttur l. Tómasdóttur.
- 554, 7. l. a. n.: Magnús Sigurðsson á að vera Magnús Sigfússon.
- 560, 2. l. a. n.: Hallgrímssyni l. Halldórssyni. Sá dómur, sem þar er getið, gekk 26. (ekki 27.) sept. en í Bólstaðarhlíð (ekki Breiðabólstað) hinn 27. s. m. um fé Arngríms Ljótssonar, og á sama stað 5. marz 1635.
- 600, 12. l. a. o.: (Bjarni á Þóreyjarnúpi, hans son) á að falla burtu.
- 601, 9.—10. l. a. n.: Kona Péturs Ottesens dbrm. á Ytra-Hólmi var Guðný Jónsdóttir (ekki Rósa Jónasdóttir).
- 608, 7. l. a. o.: Þar ætti að geta þess, að Fuhrmann amtmaður vék Jóhanni Gottrup frá sýslumannsembætti 24. júlí 1724 um leið og Oddi Sigurðssyni frá lögmannsembætti (sbr. III, 194), en 28. ágúst s. á setti amtmaður *Eyvind Jónsson* (síðar klausturhaldara á Kirkjubæarklaustri) sýslumann í Húnavatnssýslu, þangað til mál Jóhanns væri til lykta leitt. Þetta skipunarbréf Eyvindar er í Bréfabók Fuhrmanns amtmanns 1724—1728, bls. 203, í Landskjalasafni, og er sýslumennska Eyvindar ekki kunn annarsstaðar frá. Hann



var almennt nefndur Eyvindur duggusmiður og átti síðar í löngum erjum við Einar prófast Hálfðanarson. Eyvindur átti Þórunni Sæmundsdóttur prests í Stærtaárskógi Hrólfssonar og voru börn þeirra: Kristín, er átti Jón Sigurðsson sýslumann í Holti í Mýrdal (IV, 759—760), Hrólfur og Nikulás á Kornbrekkum, er átti Valgerði Loptsdóttur prests á Krossi Rafnkelssonar, og er frá þeim komið margt bændafólk í Rangárpingi. Synir þeirra voru Þórður í Svínhaga, Eyvindur, Rafnkell, Loptur og Hrólfur (»Lúsa-Hrólfur«). Var Eyvindur duggusmiður afreksmaður á marga lund, fylginn sér og harðger. Hefur hann skamma hrið þjónað sýslumannsembættinu í Húnavatns-sýslu fyrst í stað, því að Jóhann Gottrup tók aptur við um haustið (í nóvembermánuði) s. á (1724), þó án leyfis amtmanns. Steindór Finnsson í Krossnesi, er amtmaður setti sýslumann í Snæfellsnessýslu í stað Jóhanns 18. okt. 1724, hefur þó verið í sýslumannsstað enn skemur, ekki lengur en mánuð í það sinn, en 30. marz 1725 bauð amtmaður Steindóri að halda þing í Snæfellsnessýslu um vorið og gat þess jafnframt, (í bréfi til Gottrups) að hinn setti sýslumaður í Húnavatnssýslu (þ. e. Eyvindur Jónsson) ætti að gegna þar sýslumannsverkum, þangað til mál Gottrups yrði til lykta leitt, sem varð í yfirrétti sumarið 1725. Hefir því Eyvindur líklega verið settur sýslumaður að nafninu tæplega eitt ár.

## II. B.

- Bls. 17, 8. l. a. n.: Syðra-Múla l. Síðumúla.  
 — 51, 11. l. a. n.: Eyjólfur launson Magnúsar þrúða bjó á Sveinseyri í Tálknafirði 1615, átti Sigríði Pálsdóttur.  
 — 59, 3. l. a. o.: Hvammi í Norðurárdal á að vera: Hvammi í Hvammssveit.  
 — 78, 5. l. a. o.: Séra Jón Arason í Vatnsfirði dó 1673.  
 — 79, 1. l. a. o.: Kristínu l. Krístrúnu.  
 — 80, 17. l. a. o.: 1743 l. 1643.  
 — 84, 4. l. a. o.: Þórunn, ekkja Magnúsar sýslumanns Ara-

## H. B.

- sonar, dó á Skútustöðum við Mývatn 1674, en ekki á Galtæk á Landi.
- 84, 4. l. a. n.: Ari og Kristín gíptust 1594 (ekki 1586).
- 85, 16. l. a. n.: Helga Arngrímsdóttir, móðir séra Páls í Selárdal, dó 26. des. 1645.
- 93, 8. l. a. n.: Kona Þórðar Torfasonar í Vigfúsarkoti var Ragnheiður dóttir Jóns Stephensens á Korpúlfsstöðum Björnssonar sekretera Ólafssonar stíptamtmanns.
- 97, 1. l. a. o.: Guðrún l. Guðriður.
- 115, 19.—20. l. a. o.: Þorsteinn Þórðarson á Skarði, dó 15. des. 1700 (1760 er prentvilla).
- 115, 9.—10. l. a. n.: Jóhanna Jael, kona Sæmundar stúdents, var ekki Bjarnadóttir, heldur dóttir séra Jóns Bjarnasonar á Rafnseyri.
- 120, 7. l. a. n.: Magnús kapteinn Arason var útskrifaður 1703 (ekki 1704).
- 141, 8. l. a. ó.: Oddur Vidalín andaðist 13. júní 1804 (en ekki 1803, eins og almennt er talið). Í hinu fyrra uppkasti sínu af Sýslumannaæfunum lýsir Bogi honum svo: »Af náttúrunni var hann nettmenni, laglegur á fæti og í andlitsfalli ljósleitur, með lærri meðalmönnum á vöxt, en grannvaxinn«.
- 149, 20.—21. l. a. o.: »frá Dal í Skaptafellsýslu« á að falla burtu, en í þess stað ætti að vera: »frá Eyvindarmúla«, Eyjólfur Guðmundsson »hinn spaki« í Eyvindarmúla, faðir Sigurðar, dó 1784 á tíræðisaldri.
- 184, 6. l. a. n.: Árni á Hólmi í Garði var ekki son Jakobs Péturssonar umboðsmanns í Vestmanneyjum, heldur Jakobs Helgasonar á Porkötlustöðum. Stefán á Hörgslandi faðir Einars, er þar bjó síðan, á naumast skylt við þessa ætt, nema hann hafi verið son Árna Einarssonar, bróður Gissurar biskups, en það er alt óvíst.
- 191. Nr. 3., 4., 5., og 6. á að vera: c., d., e., f., p. e. börn Jóns Halldórssonar frá Fróðá og Guðnýjar Eyjólfsdóttur, en ekki systkin hennar. Ættin er skakkt rakin í handriti Boga.
- 215. Ætt Jóns Guðmundssonar lærða er hér gersamlega rangt rakin hjá Boga. Hið rétta má sjá í Safni til sögu Íslands III., 701—728, í ritgerð Jóns lærða sjálfs: »Um ættir og slekti«. Kona hans hét Sigríður (ekki Þuríður) Þor-

## II. B.

leifsdóttir Klemenssonar prests í Tröllatungu Ásmundssonar Klemenssonar á Orrastöðum Pálssonar.

- Bls. 221, 2.—3. l. a. o.: Þorsteinssonar, Torfasonar sýslumanns í Haga á að falla burtu. Þormóður í Bræðratungu var Ásmundsson Lýtingssonar Einarssonar Oddssonar (lögmanns Ásmundssonar).
- 221, 9. l. a. n.: Það er rétt hjá Boga, að það var Ólöf dóttir Jóns eldra, er tyr átti Hákon Guðbrandsson og síðar Sigurð sýslumann Jónsson, en Ólöf dóttir Jóns yngra var eingípt Birni stúdent Halldórssyni frá Selárdal († 1759). Athugasemdirnar um þær nöfnur neðanmáls á bls. 221 eru því ekki réttar.
- 223, 8.—9. l. a. o.: Gísli Jónsson sýslumaður í Reykjarfirði, er alls ekki sami maður og Gísli Jónsson lærði í Melrakkadal, er var son Eyvarar Sturludóttur Eyjólfssonar frá Hjalla (sbr. Bisk. II, 301).
- 228, 13. l. a. n.: Guðmundur Þorleifsson í Brokey dó 1720.
- 233, (á eftir Árna Magnússyni):

*Ólafur Árnason* (prests Kláussonar) lög-réttumaður á Höfðaströnd í Grunnavík, kom til alþingis 1686 sem lögsagnari úr Ísafjardarsýslu, og kom þá með dóma, er hann hefur líklega dæmt sjálfur, nfl. 18. sept. 1685 á Nauteyri, 7. apríl 1686 í Súðavík og 3. júní s. á. á Dynjanda í Jökulfjörðum. 1687 er hann einnig nefndur lögsagnari, og síðar dæmir hann á Nauteyri 26. maí 1697 eftir skipun yfirvaldsins í máli milli Páls sýslumanns Torfasonar og Jóns Jónssonar og 28. maí 1698 dæmir Ólafur í umbodi Páls sýslumanns um barneign Bjarna Böðvarssonar og Geirnýjar Guðmundsdóttur. Ólafur virðist vera enn á lifi 1735, og hefur orðið fjörgamall (fæddur skömmu fyrir eða um 1650).

*Jón Magnússon* (sýslumanns Magnússonar) frá Eyri í Seyðisfirði, líklega Jón eldri, er nefndur lögsagnari í Ísafjardarsýslu 1688, en ekki nema það eina ár. Hann dó 1691. Hefur Magnús sýslumaður sleppt algerlega sýsluhlutanum 1685. *Jón yngri* son hans var 1 ár lögsagnari (1693).

*Torfi Magnússon lögréttumaður á Kúlu í Arnarfirði lét ganga dóm á Mýrum í Dýrafirði 21. febr. 1691 um stefnumál Páls sýslumanns Torfasonar við Ara Guðmundsson vinnumann sinn.*

- Bls. 236. Um Markús sýslumann Bergsson leiðréttist, að hann er fæddur 1688 (í Bakkarholti í Ölfusi), og andaðist 24. apríl 1741, 53 ára, en ekki 1753. Hann þjónaði sýslunni til dauðadags.
- 242, 8. l. a. n.: Jón faðir Johnsoniusar sýslumanns var Hálf-danarson. Ættartalan í neðanmálgreininni ekki rétt. Laundóttir Johnsoniusar sýslumanns er talin Margrét, er átti Björn Halls-son á Skriðulandi í Hörgárdal.
- 243, 18. l. a. n.: Johnsonius sýslumaður andaðist 19. apríl (ekki júlí) 1826.
- 248, 15. l. a. o.: Porkell sýslumaður var fæddur á Ketu í Skagafirði 15. júlí 1786, en ekki á Ríp.
- 248, 19. l. a. n.: Kambi les: Hamri.
- 249, 10. l. a. o.: Porkell dó 27. sept. 1846.
- 284, 18. l. a. o.: 8. júlí les: 2. júlí.
- 292, 12. l. a. n.: Jarprúðar les: Jarprúðar.
- 293, 12.—13. l. a. n.: Einar lögréttumaður í Haga, faðir síra Magnúsar í Fljótshlíð, var son Magnúsar í Háfi Guðmundssonar í Vorsabæ í Landeyj-um, og síðar í Háfi, Gíslasonar prests Ein-arssonar. En Magnús Guðmundsson frá Velleifsholti, er einnig bjó í Háfi, faðir Guð-rúna tveggja og Sigurðar á Sandhólaferju, var eldri en alnafni hans, son Guðmundar Gíslasonar. Önnur börn Guðmundar í Vet-leifsholti og Háfi, en systkin Magnúsar og Ívars lögréttumanns á Brúnastöðum, voru Hannes, bjó undir Eyjafjöllum, Erlendur og Kristín, er átti Filippus Teitsson, þ. d. Auð-björg kona Einars sýslumanns Þorsteins-sonar.
- 306, 4.—5. l. a. n.: »Eiríksson« mun eiga að falla burtu.
- 318, 20. l. a. o.: I, 397 á að vera: II, 397.
- 322, 7. l. a. n.: Séra Björn í Hrepphólum var son Jóns Jónssonar lögréttumanns á Hömrum í Grims-nesi († 1660) og s. k. hans Arnleifar Björns-dóttur, en bræður síra Björns voru Finnur á Búrfelli og Jón í Laugardalshólum faðir séra Þórðar í Reykjadal.
- 322, 12. l. a. o.: Ragnheiður les: Ragnheiðar.
- 362, 3. l. a. n.: Einarssoar l. Einarssonar.

## II. B.

- Bls. 369, 3. l. a. n.: Það er víst, að Narfi Ormsson var sýslumaður um tíma í Strandasýslu. Hann er talinn meðal sýslumanna á alþingi 1590.
- 374, 18. l. a. n.: Jórunn lifði ári lengur en maður hennar, og andaðist 1706, 84 ára.
- 374, 12. l. a. n.: Séra Halldór á Stað í Grunnavík dó 1726, hálfvnræður að aldri.
- 374, 8.—9. l. a. n.: Einar lögréttumaður í Svínárnesi († 1784) mun hafa verið launson Einars eldra (sbr. bls. 99 ofanmáls), en ekki Einars yngra.
- 376, 15. l. a. o.: Þorleifsdóttir l. Þorleifsdóttir.
- 378, 16. l. a. n.: Jón sýslumaður dó í Miðhúsum á Reykjanesi 8. febr. 1705 á 84. aldursári (sbr. æfissögu hans, J. S. 316 4to. í Lbs.).
- 379, 14. l. a. n.: Magnús lögmaður andaðist á Ingjaldshóli 25. apríl 1694 á 52. aldursári. Er legsteinn hans í Ingjaldshólskirkjugarði.
- 382. Pétur Pálsson var á lifi 1707 suður í Reykholtssdal. 1703 bjó hann á Kirkjubóli í Steingrímsfirði.
- 383, 6.—7. l. a. o.: Stað í Grunnavík, l. Stað í Aðalvík.
- 383, 9. l. a. o.: 1675 á að vera 1671.
- 385, 7. l. a. o.: Foreldrar Sumarliða voru Klemens Magnússon og Valgerður Sigurðardóttir, er bjuggu á Hnúki í Vatnsdal.
- 386, 7. l. a. n.: Séra Oddur mun hafa fyrirfarið sér í Merkjárgljúfri 1768. Hann var aðeins 1 mánuð prestur í Keldnæpingum (1736).
- 389, 9.—10. l. a. n. er leiðrétt í III, 490.
- 393. Einar sýslumaður og Sigurlaug búa í Gröf í Bitru 1762, en síðar í Bæ í Hrútafirði, og þar mun hann hafa verið, er hann andaðist (í kaupstaðarferð?) á Skutulsfjarðareyri. Var hann þá (1779) um 77 ára að aldri.
- 396, 17. l. a. o.: 1796—67 l. 1796—97.
- 398, 14. l. a. n.: S. k. séra Jóns prófests á Stafafelli er Guðlaug (ekki Guðrún) Vigfúsdóttir.
- 399, 1.—2. l. a. n.: Jón sýslumaður var síðustu árin hjá tengdasyni sínum R. M. Ólsen umboðsmanni á Þingeyrum, en sýktist á ferð á Lækjamóti í Víðidal og andaðist á Þingeyrum.
- 403, 9. l. a. o.: 11. febrúar á að vera 11. marz (er síðar leiðrétt).
- 403, 21. l. a. o.: Vilhjálmi l. Vilhjálmi.
- 404. Eiríkur S. Sverrisson andaðist í Reykjavík 13. maí 1904.

## II. B.

- Bls. 405, 1. l. a. o.: Rómverska talan framan við Dalasýslu á að vera IV. (ekki V.).
- 464, 7. l. a. n.: Ættartölubók séra Jóns á Lambavatni (eiginhandarrit í minni eign) er ekki elzta heimildin fyrir að Loptur ríki hafi verið son Guttorms Ormssonar, því að í eldra ættartölubroti, sem eg á í afskrípt (bls. 100) og ritað er 1664 fyrir bón Brynjólfs biskups af Sigurði Jónssyni presti í Ögurþingum († 1665) segir svo: »Sophia (Eiríksdóttir k(vinna) Guttorms Ormssonar (þennan hygg eg, hvers vígs er getið í þeim íslenzku Annálum um 1381), þeirra synir voru þeir Jón og Loptur. Þennan hygg eg Lopt ríka á Möðruvöllum, þó sumir nefni Guttorm Örnólfsson og Herðisi hans foreldra (af hverjum eg hefi ei nokkuð að segja), því hér að styðja bæði ættarnöfnin (Eiríkur, Soffia) sem og samkvæmni tímans, því á millum afgangss Guttorms og Lopts ríka hafa liðið nær 55 ár«. Þetta er hin elzta, rétta skýring á ætterni Lopts, sem eg þekki, og er auðsætt, að séra Jón á Lambavatni hefur einmitt byggt á þessari ættfærslu séra Sigurðar. En síðari ættfræðingum hefur alveg sést yfir þessar heimildir.
- 494, 7. l. a. n.: »hennar« falli burt.
- 498, 6. l. a. n.: eptis l. eptir.
- 502, 15. l. a. n.: Þórey l. Þórný.
- 504, 2. l. a. o.: Kona Jóns Narfasonar var Guðrún (ekki Þuríður) Oddleifsdóttir.
- 515, 3. l. a. n.: Bjarai l. Bjarni.
- 525, 17. l. a. n.: Sloveig l. Solveig.
- 535, 7. l. a. o.: Fyri l. Eyri.
- 535, 22. l. a. o.: Þórdís á að vera Jarprúður.
- 538, 5. l. a. o.: Möðrdal l. Möðrudal, »sonur« á fyrri staðnum falli burt.
- 540, 17. l. a. o.: Svlveigar l. Solveigar.
- 570, 11. l. a. o.: kona l. konu.
- 571, 4. l. a. n.: Narfi á Þyrli var ekki son Ólafs Jónssonar í Hvammi, heldur Ólafs Jónssonar á Þyrli og Oddnýjar Narfadóttur frá Hálsi Guðmundssonar. En Ólafur á Þyrli faðir Narfa og Valgerðar konu Ólafs í Hvammi (sjá bls. 569 1. l. a. n.) var son séra Jóns Jónssonar á Kjalarnesi bróður Vigfúsar á Kalastöðum.

## II. B.

- Bls. 572, 8. l. a. n.: Gnðnýju l. Guðnýju.
- 574, 16. l. a. o.: Ingvar l. Ívar (sbr. III, 36).
- 597, 18. l. a. o.: Skálg l. Skjálg.
- 615, 15. l. a. n.: Brynjólfur son Jóns sýslumanns Olafssonar er sami maður og séra Brynjólfur Jónsson prestur í Holti í Önundarfirði († 1581) og var Brynjólfur biskup Sveinsson heitinn eptir honum. Það sést á skjölum, að Jón Ólafsson í Hjarðardal hefur verið á lífi 1582.
- 615, 12. l. a. n.: 1614, réttara: 1606.
- 618, 7.—10. l. a. o.: Synir Brynjólfs í Hjarðardal, aðrir en séra Bjarni og Þorleifur, voru:
- c. Þorsteinn, er átti Ástu Guðmundsdóttur frá Næfranesi.
  - d. Arnór í Meira-Garði í Dýrafirði.
  - f. Torfi átti barn með hálsystur sinni Borgnýju Brynjólfsdóttur og var henni drekkt á alþingi 1687, en Torfi var talinn strokinn úr landi. Þó er það almenn sögn vestra í Dýrafirði (að vitni Sighvats Grimssonar Borgfirðings), að Brynjólfur faðir Torfa hafi leynt honum í helliskúta í fjallinu fram af Hjarðardal neðra, er síðan kallast Torfahellir, en í jarðhúsi við bæinn á vetrum, og hafi Torfi andazt hjá séra Bjarna bróður sínum og verið grafinn allskammt frá sjó í Hjarðardal.
- Laundóttir Brynjólfs var
- g. Borgný, er þegar var getið.
- 620, 15. l. a. o.: Keldu l. Kúlu.
- 626, 10.—11. l. a. o.: Eiríkur sá, er bjó í Móakoti 1686, faðir Sölmundar í Minni-Mástungu, mun hafa verið bróðurson Biskups-Friðu, son Ívars Bergsteinssonar blinda, en ekki Ívars Ólafssonar frá Marteinstungu, þótt þetta sé líklega sama ættin. Son Ívars Bergsteinssonar og bróðir Eiríks í Móakoti mun hafa verið Sölmundur Ívarsson í Sigluvík faðir Bergsveins á Rafnkelsstöðum í Garði, föður Hafliða prests í Hrepphólum (sbr. frekari leiðréttingu um þetta IV, 591, 3. neðanm.gr.
- 626, 1. l. a. n. og bls. 627, 4.—5. l. a. o.: Það mun réttara, að þeir Snorri í Narfakoti og Þorkell í Miðdal hafi ekki verið synir Gissurar Bergsteinssonar frá Skildinganesi, heldur Gissurar á Hofi á Kjalarnesi Bragasonar á

## II. B.

Lambastöðum á Seltjarnarnesi, er drukkn-  
aði 1700, Gissurarsonar, en sá Bragi mun  
hafa verið bróðir Guðrúnar Gissurardóttur,  
konu Bergsteins lögréttumanns í Skildinga-  
nesi, svo að þetta hefur verið sama ættin.  
Guðrún Snorradóttir, ekkja Braga, átti síðar  
séra Þórð Konráðsson á Mosfelli í Mos-  
fellssveit.

- Bls. 610, 6. l. a. n.: Pálmasonar l. Pálssonar.  
— 643, 7. l. a. n.: Séra Jón Jónsson aðstoðarprestur í Hvammi  
dó 1712 (ekki 1711). Jón á Laxfossi, bróðir  
hans, var einnig stúdent og bjó um tíma  
á Hreðavatni.  
— 658, 6. l. a. n.: Jón sýslumaður dó í Hvammi á Barðaströnd.  
— 678, 16. l. a. o.: Þúrdarson l. Þórðarson.  
— 693, 18. l. a. o.: Séra Nikulás dó 4. nóv.  
— 701, 12. l. a. o.: Margrét l. Margrét.  
— 702, 15. l. a. o.: Bergur s. m. Önnu Bjarnadóttur, er skildi  
við séra Arngrim, var Björnsson (ekki Ól-  
afsson).  
— 705, 7. l. a. o.: Jón í Ljáskógum dó 4. febr. 1725.  
— 705, 17. l. a. o.: verzlunarstjóri l. verzlunarstjóri.  
— 705, 19.—20. l. a. o.: Einar Einarsson Thorlacius, á að vera  
Einar Hallgrímsson Thorlacius.  
— 710, 5. l. a. n.: Bjarua l. Bjarna.  
— 716, 7. l. a. o.: Sigríður kona Þórðar á Svelgsá var laun-  
dóttir Magnúsar Brandssonar og Helgu Sig-  
urðardóttur sýslumanns.  
— 721, 2.—4. l. a. n.: S. k. séra Arnórs er Ragnheiður Egg-  
ertsdóttir frá Staðarhóli, en systkin henn-  
ar, Guðrún, Guðborg og Rögnvaldur.  
— 727, 11. l. a. n.: Jón stúdent Eggertsson dó 1880 (ekki 1882).  
— 744, 5. l. a. o.: 1843 l. 1840.  
— 751, 4. l. a. o.: karlegg l. katlegg.  
— 754, 4. l. a. o.: væntanlegri l. væntanlega.  
— 754, 4. l. a. n.: 14. maí á að vera 4. maí.  
2. l. a. n.: 1903 á að vera 11. júlí 1904. Ótalin þar  
meðal barna Björns sýslumanns: Guðrún  
f. 4. sept. 1901, en yngsta barn hans er  
Dagmar Camilla Þorbjörg f. 21. júlí 1905.

## III. B.

- Bls. 19, 14. l. a. n.: Kona Sigurðar Ormssonar var Guðrún Eyj-  
ólfsdóttir frá Hjalla, og er þess síðar getið  
nánar (IV, 98).  
— 95. Aftan við 17. l. a. o.: Guðmundur Stefánsson (prests á



- Undirfelli Guðmundssonar) þingaði 28. okt. 1620 á Staðarbakka í Helgafellssveit í umboði Sæmundar Árnasonar um hjónaband Eiríks Jónssonar og Þorgerðar Jónsdóttur, og var það helmingadómur (sbr. visitasjubók Gísla biskups Oddssonar: AM. 248 4<sup>to</sup>. bls. 65—67). Guðmundur bjó í Kolviðarnesi í Eyjahrepp.
- 96, 4. l. a. o.: Guðrún Árnadóttir á að vera: Guðný Árnadóttir. Hún dó ógípt, bl. í Görðum í Staðarsveit. Árni Sæmundsson faðir hennar féll af hesti aptur úr söðlinum hjá Miðvöllum (í Breiðuvík) 1623 og var þegar örendur. (Handrit í Lbs. 199 4<sup>to</sup>).
- 99, 12. l. a. n.: Jón son Steins biskups dó skyndilega á Hólum 4. febr. 1719, og var almælt, að hann hefði tekið eitur.
- 100, 4. l. a. n.: Jón maður Snjálaugar Hallkelsdóttur var Erlendsson og bjó í Kirkjuvogi.
- 101, 1. l. a. o.: Sigvaldi, er átti Þorbjörgu Hallkelsdóttur, var Bjarnason, og bjuggu þau í Krisuvík 1703.
- 101, 19. l. a. n.: »Vorur bl.« má falla burtu.
- 105, 5. l. a. n.: Guðrún á Laugarbrekku, kona Steindórs, dó 1638 (sbr. bls. 106—107, neðanmálgreinina).
- 108. Við neðanmálgreinina er að athuga, að sá Gíslí Bjarnason, er útskrifaðist úr Skálholtsskóla 1706, er ekki Gíslí frá Ási, heldur frændi hans, Gíslí Bjarnason, síðast prestur á Melum († 1771), en hann sigldi ekki til háskólans. Þeir nafnar voru systkinaşynir (sbr. bls. 109). Gíslí Bjarnason frá Ási er útskrifaður ekki síðar en árið 1700.
- 110. Á eptir 16. l. a. o.: *Hallur Ögmundsson* þingaði 23. jan. 1628 á Staðarbakka í Helgafellssveit í umboði Gísla Bjarnasonar kongsumboðsmanns yfir þriðjungi Snæfellsnessýslu (J. S. 143 4<sup>to</sup>. bls. 305—307).
- 116, 7. l. a. n.: Böðvar Steindórsson var ekki stúdent heldur skólapiltur, er hann druknaði.
- 126, 4. l. a. o.: Matthíasson l. Nikulásson.
- 129, 4.—5. l. a. n.: Marín var Jensdóttir. Svo segir í Mannatalinu 1703, og er hún þá 61 árs á Búðum, gípt Bendt Lauridsen.
- 130. Um neðanmálgreinina nr. 2 er það að segja, að rétt er tilgetið, að Jakob Benediktsson hefði

ekki andazt 1680, því að síðan hef eg fundið með rökum, að hann hafi andazt einmitt 1685, undir matborði að sagt var, en 1681 býr hann á Rauðkollsstöðum í Eyjahrepp. Séra Benedikt son hans er þá fæddur annaðhvort 1684 eða 1685, s. á. og faðir hans andaðist. Er hann á Búðum 1703 hjá móður sinni og stjúpa (Bendt Lauridtssyni), þá talinn 18 ára gamall. En 1717 (ekki 1716) var hann prestvígður til Fljótshlíðarþinga. Hvort hann hafi dáið síðla árs 1744 eða snemma árs 1745 er dálítið vafasamt.

- 132, 1.—4. l. a. n.: Vigdis var dóttir séra Benedikts og Þórdísar, síðustu konu hans og alsystir Borg-hildar. Vigdis andaðist á Torfastöðum í des. 1783, ógipt, bl., þá talin 39 ára.
- 133, 17. l. a. o.: Séra Sigurður í Holti undir Eyjafjöllum var bróðir Steingríms, afa Bjarna Þorsteinssonar amtmanns, en athugasemdina má skilja svo, að hann hafi verið föðurbróðir Stein-gríms.
- 134, 7. l. a. n.: Þóra, réttara: Þórunn.
- 137, 17. l. a. o.: Egill á Vatni, faðir Solveigar, var Egilsson Sturlaugssonar.
- 144, 8. l. a. n.: Son Ísleifs Ólafssonar er Ólafur læknir í Þjórsártúni, kvæntur Guðríði Eiríksdóttur frá Minnivöllum á Landi Eyjólfssonar, systur Eyjólfss veggfóðrara í Rvík.
- 146, 7. l. a. o.: Birnastöðum l. Birnustöðum.
- 185, 6. l. a. n.: Séra Jón Halldórsson í Hitardal telur mann Kristínar Gísla Guðmundsson smíðs Gíslasonar og Helgu Hákonardóttur, en móður Helgu Úlfhildi Eyjólfsdóttur, systur séra Ásmundar á Breiðabólstað.
- 186, 5. l. a. o.: Magnús sýslumaður bjó á Arnarstapa og andaðist þar, en ekki á Ingjaldshóli.
- 202, 8. l. a. n.: Eiríkur Ólafsson í Gíslabæ átti Halldóru Skaptadóttur, ekkju Halls Ögmundssonar.
- 209, 22. l. a. o.: »Þau bl.« á að falla burtu og er barna séra Arnórs og s. k. hans síðar getið.
- 210, 4. l. a. n.: Steindór Helgason bjó um það leyti á Kongsbakka í Helgafellssveit.
- 218, 6. l. a. n.: Jón sýslumaður Árnason mun ekki hafa tekið próf í lögum við háskólann.
- 221, 4. l. a. n.: »eða áður« l. »eða ári áður«.
- 223. Um neðanm.gr. nr. 2 athugast, að Pétur á Torfustöðum í Miðfirði (faðir Péturs á Þverá) var

## III. B.

- Porsteinsson, og eflaust son Guðriðar Pétursdóttur, systur séra Hallgríms sálma-skálds, en ekki bróðir hans. Einn son Péturs á Torfustöðum var Hallgrímur á Aðalbóli, er borið mun hafa nafn séra Hallgríms.
- 224, 18. l. a. o.: Maður Mildriðar var Finnbogi (ekki Ingi-mundur) Guðmundsson frá Melstað.
- 224, 19. l. a. o.: Hjörtur Lindal Benediktsson býr nú á Efranúpi í Núpsdal. Dætur hans eru Ingibjörg gípt Halldóri Júlíussyni sýslumanni á Borðeyri, og Margrét s. k. Einars Gunnarssonar ritstjóra í Rvík.
- 234, 2. l. a. n.: Sigurður sýslumaður dó 20. janúar (1840).
- 238, 17. l. a. o.: Guðmundur l. Guðmundar.
- 238, 18. l. a. n.: Katrína Guðriður Ólafsdóttir dó í Ameríku 18. jan. 1912. Einn son hennar og Kristins frá Stokkahlöðum er Kristinn (Ólafsson) prestur í Ameríku.
- 247, 5. l. a. o.: Sígíður l. Sigríður og 7. l. a. n.: Burðastrandarsýsla l. Barðastrandarsýsla.
- 248, 18. l. a. n.: Suðureyrl. l. Suðureyri.
- 255, 1.—2. l. a. n.: Eg hygg einna sennilegast, að Einar á Hofsstöðum hafi einmitt verið son Þórólfs Brandssonar og s. k. hans(?) Ástríðar Sæmundsdóttur.
- 256, 17. l. a. n.: Séra Finnbogi á Hofi, er átti Þórunni Þórðardóttur, var Tumason (eða Tómasson), en ekki Gíslason. Séra Sturla son þeirra var prestur á Refstað og Skeggjastöðum († 1601).
- 269, 21. l. a. n.: Arndís var Jónsdóttir, en ekki Bjarnadóttir. Merkin (X) framan við bræðurna Hannes og Benedikt þar rétt á eptir eru skökk, eiga að vera ddd og eee, því að þeir voru synir Páls Nikulássonar og bræður Ögmundar á Hvoli.
- 278, 3. l. a. n. (sbr. einnig IV, 588). Samkvæmt nýjum upplýsingum (í Manntalinu 1703 o. fl.) var Eyjólfur faðir Brynjólfs í Langhúsum ekki son Korts Halldórssonar á Gilsá, heldur son Brynjólfs á Brimnesi í Fáskrúðsfirði Sturlusonar (sbr. bls. 699) Brynjólfssonar á Höskuldsstöðum í Breiðdal (um 1600) Arnasonar Sturlusonar Jónssonar. Brynjólfur Sturluson átti Úlfheiði Þorvarðsdóttur frá Bú-

## III. B.

landsnesi Höskuldssonar prests í Eydölum Einarssonar. Eyjólfur son þeirra bjó á Glúmsstöðum í Fljótssdal.

- 279, 8. l. a. o.: Hans Gíslason á að vera: Hans Gísla Jónsson.
- 281, 18.—19. l. a. o.: Um Magnús Hrómundsson, eptir að hann misti sýsluna, er það frekar að segja, auk þess, sem sagt er á bls. 493, að 1694 býr hann í Álptártungu í Hraunhrepp, en 1703 í Skutulsey og er þá talinn 47 ára gamall. Er því fæddur 1655—1656. En Guðrún Gissurardóttir kona hans er þá (1703) talin 35 ára og börn þeirra, Sesselja 16 ára, Jón 9 ára, Magnús 7 ára og Herdís 1 árs. (Sbr. Manntalið 1703). 8. maí 1714 á Ökrum þingaði Magnús í umboði Jóns sýslumanns Sigurðssonar. Hann var enn á lífi 1735 og býr þá í Vogu í Hraunhrepp. Hefur hann því komið yfir áttætt.
- 281, 13. l. a. n.: Af Manntalinu 1703 sést, að foreldrar Þóródds heyrara hafa verið Þórður Guðbrands-son og Guðrún Þóróddsdóttir, er þá búa í Fjalli á Skeiðum, og er Þóróddur son þeirra þá (í júní 1703) talinn 7 ára gamall. Er enginn efi á, að þetta er Þóróddur heyrari, er síðar varð, enda stendur aldur hans hér um bil heima við það, sem kunnugt er annarstaðar frá. Það getur vel verið, að Þórður faðir hans hafi einhverntíma verið hringjari í Skálholti, en Jónsson hefur hann ekki verið, enda er föðurnafns hans ekki getið í mörgum ættatölum, en kona hans og móðir Þóródds, nefnd sumstaðar Guðrún (frá Hamarsholti), eins og rétt er. Þórður faðir Þóródds hefur verið son Guðbrands Egilssonar og Þórunnar Jónsdóttur frá Skipholti Einarssonar, og er Þórunn 79 ára gömul hjá Þórði syni sínum í Fjalli 1703, en Þórður þá 42 ára og Guðrún kona hans 27 ára. Þóróddur, móðurfaðir Þóródds heyrara, hefur búið í Hamarsholti í Ytrihrepp og átt Steinunni Ólafsdóttur (f. c. 1648), er síðar átti Einar Oddsson í Hamarsholti, og búa þau þar 1703. Ólafur Þóróddsson, son Steinunnar af fyrra hjónabandi, er þar þá hjá þeim 23 ára, og hefur hann þá verið

## III B.

- 4 árum yngri en Guðrún systir hans, móðir Þórodds heyrara. (Sbr. Manntalið 1703).
- Bls. 298. 4. neðanmálgrein: Páll Axelsson hefur ekki orðið stúdent, en 1735 fékk hann hegðunarvottorð frá skólameistara (Jóni Þorkelssyni) að hann hefði ekki farið úr skóla fyrir óknytta sakir. Var Páll þá kvæntur og til heimilis í Arnarbæli hjá tengdaföður sínum.
- 308. Börn Salómons Einarssonar í Galtarholti, auk þeirra sem þar eru talin, voru: Ingibjörg, er átti Þormóð sýslumann Arason (sbr. I, 502) og Arnbjörn, sem kemur við bréf í Snóksdal 11. ágúst 1560.
- 317, 2.—3. l. a. n.: Séra Jón Nikulásson í Hítarnesi drukkn-  
aði 1636.
- 331, 9.—10. l. a. o.: Haga á Barðaströnd á að vera: Haga í Staðarsveit.
- 347, 15.—16. l. a. n.: Torfi Þorsteinsson (en ekki Þorsteinn Torfason) var lögsagnari Sigurðar lögmanns í Mýrasýslu. Hann var sonarson Torfa prests Þorsteinssonar á Gilsbakka.
- 350, 2. l. a. n.: Kona Sigurðar Ólafssonar í Hjörsey hét Þórny (ekki Þórey).
- 354, 13. l. a. n.: Kona Jóhannesar Hjartarsonar er Guðný (ekki Elin) Jónsdóttir.
- 360, 11. l. a. n.: Björg Guðbrandsdóttir átti Jón á Skála undir Eyjafjöllum Sveinbjörnsson prests í Holti Guðmundssonar.
- 361, 19. l. a. o.: Ragnhildur ekkja Þorgríms sýslumanns dó á Selbergi 31. okt. 1786.
- 376, 8. l. a. o.: Á eptir Rögnvaldssonar á að bætast inn: Rögnvaldssonar.
- 383, 9. l. a. n.: Valgerður I. Valgarður.
- 395, 14. l. a. n.: Séra Arngrímur Gissurarson var síðast prestur að Viðvík og Hofsstöðum, en varð að sleppa prestsskap 1652.
- 398, 13. l. a. n.: Séra Pétur var son séra Jóns og s. k. hans Guðlaugar Hreggviðsdóttur.
- 399, 2. l. a. n.: Árni Halldórsson faðir Halldóru bjó í Hlöðutúni í Stafholtstungum 1703.
- 404, 17. l. a. n.: saman l. sannan.
- 404, 13. l. a. n.: Það mun réttara, að Brandur á Leirá, faðir Torfa í Höfn, hafi verið Guðmundsson og bróðurson Stefáns biskups (sbr. Safn til s. Ísl. I., 51).
- 424, 7. l. a. n.: Kona Gísla yngra Gíslasonar frá Holti hét Guðrún (ekki Þuríður) og var dóttir Álfs

## III. B.

- Gíslasonar lögréttumanns á Reykjum í Olfusi, en ekki séra Álfs í Kaldaðarnesi.
- Bls. 436, 10.—11. l. a. n.: Guðrún kona Þorgils stúdents Sigurðssonar var dóttir Árna prófests Þorvarðssonar á Þingvöllum og systurdóttir Jóns biskups Vídalíns, en ekki systir Jóns biskups Árnasonar.
- 439, 6. l. a. n.: Eiríkur stúdent bjó síðast í Höfn í Melaveit.
- 441, 13. l. a. n.: Þorvaldur á Þorkötlustöðum faðir Odds í Vatnsholti var Erlendsson, en Guðrún kona hans hefur ekki verið dóttir Odds stúdents Eiríkssonar, heldur líklega dóttir Odds Einarssonar í Ási í Ytrihrepp. Oddur stúdent átti, nýútskrifaður úr skóla (um 1734), barn með Kristínu Sigurðardóttur eldra sýslumanns í Saurbæ á Kjalarnesi, er síðar átti Þórð Brynjólfsson Thorlacius í Teigi, og það barn dó ungt, en með Margræti konu sinni átti Oddur ekki börn.
- 441. 4. l. a. n.: S. k. Þórðar sýslumanns Hinrikssonar var Þorlaug Einarsdóttir frá Héðinshöfða.
- 446. 3. l. a. n.: Bjarni faðir Sigurðar á Næfranesi var son séra Sigurðar Hallssonar á Rafnseyri og dótturson séra Ásgeirs, en ekki son Sigurðar Ásgeirssonar.
- 447, 13. l. a. o.: Laundættur l. Laundætur.
- 449, 17. l. a. o.: Bróðir Hinriks á Torfastöðum var Sigurður Þormóðsson yfirbryti í Skálholti, er drukknaði í Hvítá á ferjustaðnum á Skálholtshamri 5. marz 1733. Dóttir hans var Helga, er átti Bjarna Jónsson skólameistara, síðar prest í Gaulverjabæ.
- 454, 9. l. a. o.: Séra Sigurður var ekki son Eiríks og Þuríðar, þótt svo sé almennt talið, heldur af annari ætt, að líkindum, en þau áttu samt son, er Sigurður hét og komst í sakamál fyrir áverka á manni og var hýddur.
- 454, 2. l. a. n.: Hannes Sigfússon bjó á Hánefsstöðum í Svarfaðardal.
- 483, 9. l. a. n.: Kona Jónasar Jónssonar í Arnarholti var Björg Stefánsdóttir, föðursystir séra Sigurðar í Vigur. Einn son þeirra, Páll, var suður í Garði.
- 484, 17. l. a. o.: Séra Eyjólfur Kolbeinsson dó 12. júlí (ekki 12. apríl).
- 484, 8. l. a. n.: dættur l. dætur.

## III. B.

- Bls. 487, 12. l. a. n.: Kristín Danielsdóttir gullsmiðs Hjaltasonar átti Jón Þórðarson frá Holti á Barðastönd Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur kaupmanns í Kúvíkum Salómonssonar, þ. b.: Ólína, átti Ólaf í Látrum Bergsveinsson í Bjarneyjum Ólafssonar í Sviðnum Teitssonar.
- 488, 13.—14. l. a. o.: Kona Hjalta Sigurðssonar, sem nú er í Ameríku, er íslensk að ætt: Guðrún Bergþórsdóttir frá Lambadal í Dýrafirði Jónssonar silfursmiðs Þórðarsonar á Kjarna Pálssonar.
- 488, 20. l. a. o.: Faðir Valgerðar konu Jóns Hjaltasonar í Kjóey hét Kristján Sveinn.
- 503, 11. l. a. o.: Börn séra Arnórs og s. k. hans voru Magnús, er átti Guðnýju Þorlákssdóttur prests í Móm Loftssonar og Sigríður, er átti Hannibal Jóhannesson á Bakka í Langadal.
- 509, 9. l. a. n.: Jón sýslumaður Eggertsson tók próf í dönskum lögum við háskólann 19. febr. 1749 með 1. einkum.
- 510, 5. l. a. n.: Séra Sigurður í Holti dó. 22. des. 1760.
- 535, 17. l. a. o.: Séra Björn í Hitardal dó 24. okt. 1828.

## IV. B.

- Bls. 14, 19.—20. l.: Oddur á Draghálsi faðir Ólafar var Jónsson Þórðarsonar. Úlfdis kona hans var dóttir Sveinbjarnar í Tungufelli í Lundarreykjadal Grímssonar s. st. Sveinbjarnarsonar.
- 19, 4. l. a. n.: náði l. sóaði.
- 24, (næst eptir Hinrik Gíslason):  
**Grímur Bergsson**, síðar lögréttumaður á Sudurnesjum († 1649) er talinn sýslumaður í Kjósarsýslu um 1632, og hefur þá Hinrik verið búinn að sleppa sýslunni, nema Grímur hafi að eins verið lögsagnari hans, sem þó er ólíklegra. Sjá um Grim Bergsson III, 107—108.
- 30, 15. l. a. n.: Súsanna Friðriksdóttir er gipt Hendrik lækni í Hornafirði Erlendssyni gullsmiðs í Rvík Magnússonar.
- 45, 9. l. a. o.: Ormur son Vigfúsar lögréttumanns var þjónn Sigurðar lögmans Björnssonar í Saurbæ á Kjalarnesi 1703. Hefur andazt ungur.
- 50, 17. l. a. n.: Það er ekki rétt, þótt svo sé talið í ættar-

## IV. B.

tölum, að Ólöf dóttir séra Ketils hafi átt séra Guðmund Magnússon á Stafafelli, því að f. k. hans var Sigríður Brynjólfsdóttir frá Melrakkanesi Guðmundssonar Bessasonar, og synir þeirra, séra Brynjólfur og séra Magnús, en s. k. séra Guðmundar var Arndís Guðmundsdóttir prests á Hofi í Álptafirði Högnasonar.

- Bls. 53, 4. l. a. o.: Hannes son séra Björns lærði í Skálholts-skóla og mun hafa útskrifast þaðan um 1705. Hefur líklega andast í stórubólu.
- 69. 1. neðanm.gr. Kona Hinriks Magnússonar var Eygerður Aradóttir. Það sést af Manntalinu 1703.
- 73, 9. l. a. n.: Kristján Erlendsson járnsmiður á Skarðsströnd, átti fyr Önnu Gunnarsdóttur frá Gautastöðum, en síðar Solveigu Sveinbjörnsdóttur frá Klukkufelli í Reykhólasveit, en maður Helgu Magnúsdóttur Hjaltasonar var Jens Kristján Arngrimsson smiður á Ísafirði.
- 76, 17. l. a. n.: Elizabet, Árni og Sigríður eiga hér að falla burtu sem börn Jóns Stefánssonar frá Stafholli.
- 78. Sá Guðmundur Sigurðsson, sem var lögsagnari í Kjósarsýslu, og Bogi telur hiklaust sama mann sem Guðmund Sigurðsson á Alptanesi á Mýrum (sbr. bls. 70—78), er alt annar maður og honum óskyldur. Það er sá Guðmundur Sigurðsson, sem getið er neðanmáls á bls. 54, og voru þeir Sigurður lögmaður og hann systrasynir. Hann er lögréttumaður í Þverárþingi sunnan Hvitár 1688, en 1691 kemur hann á alþing sem lögsagnari í Kjósarsýslu með umboðsbréf frá Sigurði lögmanni ds. 26. júní s. á. til að vera þarsýslumaður, og var það samþykkt af Müller amtmanni 30. s. m. (Alþ.bók 1691 nr. 6). 1695 á alþingi voru lesnir upp vitnisburðir Guðmundar lögsagnara, er hann hafði fengið á Esjubergs-, Reynivalla- og Varmárþingum, og hefur hann þá sleppt lögsögninni um stund, en árið 1700 er hann á alþingi sem lögsagnari, en að eins það eina ár. 1707 er hann nefndur að nýju lögréttumaður í Þverárþingi sunnan Hvitár, en 1711 er annar nefndur í stað hans. Hann býr 1703.



## IV. B.

í Litla-Saurbæ, hjáleigu frá (Stóra-)Saurbæ á Kjalarnesi, 55 ára gamall (f. c. 1648). Anna Guðmundsdóttir kona hans er þá talin 54 ára (sbr. Manntalið 1703). Eins og sagt er á bls. 54, andaðist Guðmundur lögsagnari 1717 í Saurbæ hjá Sigurði lögmanni.

Ættartölurnar á bls. 70—77 eiga vitanlega allar við Guðmund Sigurðsson á Álptanesi, og afkomendur hans þar taldir. En það er ekki kunnugt, að hann hafi nokkurn tíma haft nokkur sýsluvöld á hendi.

- 86. Peir Hafur-Björn Styrkársson í Nesi og Runólfur ábóti í Viðey hafa líklega verið hálfbræður sam-mæðra, en ekki albræður, því að Runólfur ábóti er talinn Ólafsson í gömlu ábótatali. Hefur ekkja Styrkårs Sveinbjarnarsonar átt síðar Ólaf Jónsson á Hofi á Kjalarnesi, og synir þeirra hafa verið Runólfur ábóti, Jón og Styrkár, sbr. Bisks. I, 680, þótt þar sé reyndar ekki getið sona Ólafs nema Jóns og Styrkårs.
- 92, 2. n.m.gr.: Jón Árnason sýslumaður í Gullbringusýslu 1535 hefur verið son séra Árna Snæbjarnarsonar officialis í Hruna og síðar ábóta í Viðey. Ingunn dóttir séra Árna átti Halldór Brynjólfsson auðga í Tungufelli, og var einn son þeirra Freysteinn bróðir (munkur) í Viðey 1515 (sbr. Fbrs. VIII, 571—572), en Snæbjörn á Keldum son þeirra hefur borið nafn Snæbjarnar föður séra Árna. Ingunnar konu Halldórs í Tungufelli finnst hvergi getið í fornskjöllum eða ættartölum, og hvergi ættfærð nema á sérstöku blaði í Bréfabók Jóns prófests Gissurarsonar í Múla nyrðra († 1660) (frumrit í Landskjallasafni), og er Jón Árnason þar nefndur bróðir hennar, sem eflaust er Jón Árnason sýslumaður í Gullbringusýslu, því að hans er fyrst getið sem lögréttumanns í Árnasýslu, en síðar í Viðeyjarbréfum (eptir 1520).
- 114. 5. l. a. n.: Jóhann faðir Márusar var Márusson og bjó lengi í Brautarholti, en síðar í Nesi á Sel-tjarnarnesi, dó 1754. Hefur líklega verið skyldur Soffiu konu Jens Jörgenssonar.
- 127, 15.—17. l. a. n.: Þórður í Hlíðarhúsum († 1811) faðir Ólafs Thorlaciusar var son Sighvats í Hlíðarhúsum (f. 1702) Þórðarsonar á Laugar-

vatni (f. c. 1665) Sighvatssonar s. st. Porkelssonar, en sá Sighvatur mun hafa verið bróðir sammæðra Porkels Þórðarsonar á Ormsstöðum, föður Þórðar s. st., en eldri en hann. Sighvatur í Hlíðarhúsum býr á Ormsstöðum 1729, 27 ára, móts við Þórð Porkelsson frænda sinn. En framætt Sighvats sést í Manntalinu 1703.

- Bls. 135, 10. l. a. o.: *Runólfur Sveinsson* lögréttumaður á Stafnesi er nefndur lögsagnari í Gullbringusýslu 1709 í Alp.bók það ár, ásamt Brandi Bjarnhéðinssyni, sem einnig er nefndur på lögsagnari þar, og 1710 er Runólfur einnig nefndur lögsagnari, sem einn meðdómenda í yfirréttinum 16. júlí s. á. Runólfur dó 1. des. 1735.
- 136. Kona Brands lögsagnara var Ólöf Einarsdóttir (frá Súluvöllum á Vatnsnesi).
- 137, 1. l. a. o.: Sigurður Kálfsson lögréttumaður í Effersey drukknaði 2. marz 1743.
- 138, 12. l. a. o.: Árósum á að vera: Odense.
- 138, 24. l. a. o.: Jóhann I. Jóhannes.
- 138, 14. l. a. n.: Hendrietta I. Hendrikka.
- 138, 15. l. a. n.: Inger var dóttir R. P. Tærgesen og Önnu Mariu Hansen s. k. hans, og átti hún Símon Hannesson Johnsen kaupmann. En Anna Tærgesen, er átti Ólaf Hannesson Johnsen yfirkennara, var f. k. barn Tærgesens kaupmanns.
- 139, 11. l. a. o.: Brandur bjó síðast í Reykjavík og andaðist þar 1729 síðla árs, að því er næst verður komizt. Hefur hann þá verið um 69 ára að aldri, því að hann er talinn 43 ára í Manntalinu 1703, en Ólöf kona hans 49 ára.
- 139. Um framætt Jóns Hjaltalíns sýslumanns þykist eg nú geta fullyrt, eptir athugun á Manntalinu 1703, að faðir hans hafi verið *Oddur Öndarson* í Hjaltadal. Hefur hann andazt á árunum 1701—1702, og verið tvíkvæntur. Var f. k. hans og móðir Jóns Hjaltalíns Þorgerður Jónsdóttir (ekki Gísladóttir) systir Gísla, er býr á Reykjum í Hjaltadal 1703, og var faðir Oddnýjar, er átti Ólaf Jónsson bryta. Hjá Gísla á Reykjum er Jón Oddsson 16 ára gamall vinnumaður 1703, og er það enginn annar en Jón Hjaltalín, er verið hefur þar í vinnumennsku hjá móður-

bróður sínum. Er hann því fæddur 1686 eða 1687, og hefur verið nálega sjötugur, er hann andaðist (1755). S. k. Odds Önundarsonar hefur verið Guðrún Þórðardóttir, sem er húskona í Hvammi í Hjaltadal 1703 með dóttur sinni Þorgerði Oddsdóttur 3 ára gamalli. Hefur hún því verið hálf systir en ekki alsystir Jóns Hjaltalíns, þótt svo sé talið í ættatölum og heitin eptir Þorgerði f. k. Odds. En Oddur hefur þá verið nýdáiinn. Faðir Odds hefur eflaust verið Önundur Oddsson, er býr á Ingveldarstöðum í Hjaltadal um og eptir 1660. En bróðir Odds hefur verið Guðmundur Önundarson í Ási í Hjaltadal, faðir Önundar í Kýrholti föður Bjarna examín. jur. († 1779). Mun framætt þessa Önundar annarstaðar rangt talin. En það tel eg mjög sennilegt, að Önundur Oddsson á Ingveldarstöðum hafi einmitt verið bróðurson séra Magnúsar Jónssonar á Mælifelli, og kemur það mjög vel heim tímans vegna. Ættatalan í J. S. 163 fol. (sbr. bls. 139) bendir og á það, en villan þar sú, að Oddur Jónsson, bróðir síra Magnúsar, er talinn faðir Jóns sýslumanns, í staðinn fyrir Oddur Önundarson, sonarson þessa Odds, tveimur liðum hleypt úr. Mun þetta sönnu næst, og aðrar frásagnir um ætterni Jóns Hjaltalíns um koll fallnar, þar á meðal karlleggurinn frá Jóni biskupi Arasyni, sem fengið hefur eins konar hefð í flestum ættatölum hingað til.

- 141, 17. l. a. o.: Dóttir Friðriks á Ytri-Bakka við Eyjafjörð og Hansínu Hjaltalín er Jóhanna s. k. Gunnars Einarssonar (frá Nesi) verzlunarmanns í Rvík, þ. b.: Friðrik, Hjalti, Hansína, Abelína. Ein dóttir Hans Hjaltalíns og Jóhönnu Kleófasdóttur var og Abelína, er andaðist í Rvík 1915, ógipt, bl.
- 147, 14. l. a. o.: bróður l. bróðurson (séra Búa).
- 151, aptan við 16. l. a. o. má bæta við (dóttir Jóns Guðmundssonar í Elliðaey og Gunnhildar):  
dd. Guðrún Jónsdóttir átti Gunnar Bachmann verzlunarmann á Þingeyri († 8. jan. 1894) Melkjörsson Eggertssonar prests í Stafholti Bjarnasonar. Þ. b.:  
× Aurora gípt Ólafi verzlunarstjóra

## IV. B.

á Vatneyri Jóhannessyni dbrm. á Sveinseyri Þorgrímssonar.

- Bls. 155, 16. l. a. o.: Niels Melsted Hjaltalín, son Eiríks Nielssonar Hjaltalíns, var skólagenginn, útskrifaður úr Herlufsholmsskóla 1826. Var bókavörður og afgreiðsluritari á einkaskrifstofu konungs og etazráð að nafnbót. Andaðist 30. marz 1872, 68 ára.
- 158, 9. l. a. n.: Móðurætt Andresar lögréttumanns mun rétt talin, því að í Manntalinu 1703 er Halldóra Jónsdóttir (móðir hans) hjá honum á Kröggólfsstöðum 1703, 88 ára gömul.
- 164. Aptan við 11. l. a. n.: Dóttir Georgs H. Waage og systir Ólafs Waage prófests var Frederikke Kathrine († 1905), er átti Edvard Holm háskólakennara í sögu í Kaupmannahöfn.
- 167, 8. l. a. n.: Þorsteinn Hákonarson tók próf í döuskum lögum 15. marz 1748 með 2. einkunn.
- 176, 10. l. a. n.: Dagbjört l. Dagbjörg.
- 178, 10. l. a. n.: Margrét á að vera: Guðrún.
- 216, 13.—14. l. a. n.: Halla móðir Sveins prófests Simonarsonar var Bjarnadóttir Þorleifssonar og alsystir Sigríðar móður Oddbjargar konu Guðna Eiríkssonar.
- 216, 12. l. a. n.: Það er réttara, að Eiríkur Guðnason hafi búið í Miðey í Landeyjum. Hann var á lífi 1649, 82 ára.
- 218, 19. l. a. n.: Hún l. Hann.
- 221, 4. l. a. o.: Ásmundur lögréttumaður í Laugardalshólum, er síðar bjó í Krisuvík, var ekki son Þorsteins Ásmundssonar frá Minnivöllum, heldur Þorsteins Jónssonar í Fellskoti í Biskupstungum og Hallberu Ásmundsdóttur, en það getur samt vel verið, að þetta sé sama ættin.
- 222, 18. l. a. n.: Hannes son Bjarna Þorgrímssonar í Haga bjó á Stóruvöllum á Landi, og var son hans Magnús á Kýraugastöðum, faðir Gisla, er þar bjó síðan.
- 225, 14. l. a. n.: Það sést af Manntalinu 1703, að Ívar í Skáldabúðum hefur verið son Bjarna Ingimundssonar í Miðhúsum í Eystrihrepp og Helgu Oddsdóttur, svo að hann hefur verið dótturson en ekki sonarson Odds í Jötu, sem óvist er um, að hafi verið son Jóns lögréttumanns á Grafarbakka. Dóttir Odds mun og verið hafa Sigríður, er átti Einar

## IV. B.

- Ólafsson í Ási í Ytrihrepp, og var þeirra son Oddur í Ási, en hann var ekki son Einars Oddssonar í Hamarsholti (sbr. bls. 592, 10. l. a. o.), en líklega systurson hans. Allmiklar líkur eru fyrir því, að Oddur í Jötu faðir Gissurar og Þorsteins, hafi verið sami maður og Oddur Ívarsson Bergsteinsonar skálds blinda Þorvaldssonar (sbr. hér áður bls. 833), en um það verður þó ekkert fullýrt með vissu að svo stöddu.
- Bls. 230, 9. l. a. o.: Séra Böðvar Eyjólfsson var prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.
- 241, 4.—5. l. a. n.: Það má telja með öllu áreiðanlegt, að séra Jón í Laugardælum og séra Rögnvaldur í Möðrudal hafi verið synir séra Orms Þorvarðssonar á Reynivöllum.
- 247. Jón Björnsson sýslumaður í Árnesþingi hefur verið son Björns Guðnasonar í Ögri.
- 256, 17. l. a. n.: Geirlaug Pálsdóttir, er giptist Jóni Egilsyni 1685, hefur ekki verið dóttir Páls Ögmundssonar á Loptstöðum, og þremmingsskyldleika þeirra verður því að vera öðruvisi háttað en þar er gízkað á.
- 258, 10. l. a. n.: Séra Sveinn á Kálfafelli var Árnason (ekki Jónsson, sbr. og bls. 255 7. l. a. n.). Margrét Gísladóttir ekkja Árna Sveinssonar frá Kálfafelli er talin f. k. Stefáns Gunnarssonar Skálholtsráðsmanns í Oddgeirshólum, og séra Gíslí Árnason þá stjúpson hans, sbr. Bisks. II, 652. Þar er rangt, að Guðrún Gísladóttir sýslumanns Sveinssonar hafi átt Stefán Gunnarsson eptir síra Gísla, því að s. k. Stefáns var Guðrún Gísladóttir biskups, ekkja Gísla sýslumanns. Síðustu 2 línurnar á bls. 258 »S. m. Guðrúnar . . . . þau bl.« ættu því að falla burt. Samkvæmt þessu á og »fyr« í 11. l. að falla burt.
- 259, 16. og 7. l. a. n.: Miðfelli l. Miðey.
- 263, 16. l. a. n.: systir l. systur.
- 267, 3.—4. l. a. n.: Það voru þeir Þormóður og Teitur, er áttu vopnaviðskipti saman í Tunguey, er Teitur ætlaði að flytja þaðan burtu hey með valdi. Veitti Þormóði betur í því einvígi, og fékk Teitur skemmdaráverka í þeirri viðureign.
- 285, 17. l. a. o.: Jón rektor Þorkelsson dó 5. maí (ekki 5. apríl) 1759.

## VI. B.

- Bls. 286, 5. l. a. o.: arfleidd l. arfleiddi.
- 301, 6. l. a. n.: Dánardagur séra Sigurðar Torfasonar á Melum er 24. júlí.
- 309, 19. l. a. o.: Halldór Torfason frá Reynivöllum var ekki nema 3 ár í Skálholtsskóla (1728—1731), en hefur líklega útskrifast utanskóla. Hann er á lífi 1738.
- 310, 2. neðanm.gr.: Torfi Erlendsson á Stórólshvoli mun hafa verið stúdent, hefur líklega lært hjá Jóni biskupi Árnasyni og verið útskrifaður af honum, eða ef til vill úr Hólaskóla.
- 319, 7. l. a. n.: Með því að jeg hef séð þess getið á prenti, eptir einhverjum óábyggilegum sögusögnum, að Jón Arason, er lengi bjó á Hrauni í Landbroti hafi verið son Ara, Eyjólfssonar frá Reynistað, þykir rétt að geta þess, að svo er ekki, heldur var Jón son Ara þess, er nefndur var Galdra-Ari, Jónssonar prests greipaglennis á Skinnastöðum Einarssonar prests galdrameistara Nikulásssonar. Svo telur Espólin beinlínis í ættatölum sínum (bls. 399f). Jón Arason átti Ingveldi Gísladóttur frá Hörgsdal Jónssonar og Sigríðar Lýðsdóttur sbr. IV, 663. Meðal barna þeirra þar er vantalin Sigríður s. k. Sverris Magnússonar í Skálmarbæjarhraunum.
- 321. Neðanm.gr. Það er eflaust Einar sýslumaður Eyjólfsson, sem er í skóla 1654—1655, en dvalartími hans er vitanlega rangur í skólaröðinni og ef til vill aldur hans of hátt talinn.
- 322. 4. l. a. n.: Hannes Vigfússon fór úr Skálholtsskóla um nýár 1730, og hafði þá ekki fengið stúdentsvottorð. Það er því sennilegra, að hann hafi ekki orðið stúdent.
- 329. 4. l. a. n.: Jörunn Skúladóttir á Hliðarenda andaðist 12. júní 1761.
- 339, 12. l. a. n.: Brynjólfur Thorlacius dó 1. nóv. 1762.
- 356—358. Neðanm.gr. Um framætt Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara hefur ekki fengizt frekari víska eptir Manttalínu frá 1703. Þá búa í Akrakoti á Álptanesi Oddur Bjarnason og Gróa Beinisdóttir kona hans, en eitt barna þeirra, Sveinbjörn, er þá talinn 4 ára gamall. Af því að Þórður Sveinbjörnsson, afi Þórðar háyfirdómara, bjó í Akrakoti, mætti ætla, að faðir hans hafi verið þessi Sveinbjörn Oddsson. En sá er gallinn á, að á

fyrri hluta 18. aldar eru búsettir á Álptanesi tveir menn, er hvortveggja heita Sveinbjörn Oddsson, svo að alls ekki verður fullýrt, að faðir Þórðar hafi verið þessi Sveinbjörn Oddsson frá Akrakoti Bjarnasonar. Þess skal getið, að faðir Odds Valgarðssonar (bls. 357) gæti verið sá Valgarður Þorgeirsson, er býr í Nýjabæ í Garðahverfi 1681 (en ekki Valgarður Jónsson í Borgarholti) og hefur ef til vill verið föðurbróðir Þorgeirs Þórðarsonar, föður séra Guðlaugs í Görðum, og Valgarðsnafnið þannig komið inn í ætt Sveinbjarnar Oddssonar, og skyldleika hans við séra Guðlaug verið þannig háttað (þeir þremmenningar). Þó skal ekkert um það fullýrt.

- Bls. 363, 9. l. a. n.: Halldór Pálsson Melsteð átti son, er komst til aldurs.
- 399, 3. l. a. o.: Oddriðar l. Oddfriðar.
- 411—412. *Aths.* í 2. neðanm.gr. er að sumu leyti ekki rétt. Það er að minnsta kosti víst, að Ásmundur lögréttumaður var ekki son Þorsteins Ásmundssonar (sjá hér áður bls. 846). En Þorsteinn Jónsson faðir hans getur vel verið bróðir Þorleifs Jónssonar föður Nikulásar á Arnarstöðum, og þeir Ásmundur lögréttumaður og Nikulás því bræðrasynir.
- 417, 12. l. a. o.: Hólmfriður l. Hólmfriður.
- 418, 3. l. a. n.: Sæmundur Jónsson var prestur í Keldnaþingum og var dæmdur frá prestsskap.
- 423, 13. l. a. n.: Þorgrimur Oddsson lögsagnari var ættaður að norðan, son Odds Arnfinnssonar sýslumanns Jónssonar og bróðir Halldórs, er átti Guðrúnu dóttur Gunnars Gíslasonar á Víðivöllum.
- 436, 21. l. a. n.: S. k. Erlings Eyjólfssonar lögréttumanns var Guðný Hallsdóttir, og hefur séra Gísli verið einkason þeirra, en hin börnin öll (Jón, Hannes, Sigurð, Ingibjörgu, Agötu, Kristínu og Guðrúnu) hefur Erlingur átt með Ingibjörgu f. k. sinni. Nafn s. k. Erlings sést í Manntalinu frá 1703, og er þá Agata ein heima ógipt af f. k. börnum Erlings, en barn hans og Guðnýjar ekki talið annað en Gísli. Er þetta til leiðréttingar við *Aths.* á bls. 441.
- 442, 18. l. a. o.: Jón Guðmundsson faðir Latínu-Bjarna bjó

## IV. B.

- á Hyrningsstöðum í Reykhólasveit um 1730. Bjarna var vísað úr skóla vegna tornæmis 1732.
- Bls. 455, 11. l. a. o.: Það mun réttara, að Snorri faðir Örnólfs á Helluvaði hafi verið Bjarnason.
- 455, 11. l. a. n.: Guðlaug s. k. Þorsteins á Hæli var dóttir Örnólfs Gíslasonar í Heysholti, en ekki Örnólfs Snorrasonar. Bróðir Guðlaugar var Grímur Örnólfsson (sbr. bls. 455).
- 456, 16. l. a. o.: Sigurði Þórólfssyni l. Sigmundi Þórólfssyni.
- 457, 13. l. a. o.: S. k. Jóns Magnússonar var Þórunn Sigurðardóttir Núpssonar; þ. d. mun hafa verið Ragnhildur f. k. Björgólfs Jónssonar á Yztaskála.
- 460. 3. neðanm.gr.: Jason West á Núpi s. m. Guðnýjar Magnúsdóttur var son Guðmundar Jasonssonar West á Stokkseyri og f. k. hans. Hann var stúdent úr Skálholtsskóla. Mun hafa andazt um 1725.
- 472, 19. l. a. o.: Brynjólfur faðir séra Jóns á Eiðum var son Markúsar Þórðarsonar á Ægissíðu í Holtum og Gunnvarar Brynjólfsdóttur. Það sést af Manntalinu 1703, og hefur ekki fyr kunnugt verið.
- 502. 1. neðanm.gr.: Sbr. leiðrétting á bls. 791, 3. aths.
- 538, 20. l. a. n.: Ólöf kona Erlends Sigurðssonar á Sperðli var dóttir séra Magnúsar Sveinssonar í Stóradal, en ekki séra Magnúsar Oddssonar, þótt Espólin telji svo (sbr. bls. 401).
- 543, 10.—12. l. a. o.: Þetta skipunarbréf Hákonar er í Bréfabók Fuhrmanns 1719, bls. 258, og er þar beinlinis talað um Ólaf sýslumann sem látinn. Hann hefur því andazt snemma árs 1719.
- 609, 18. l. a. o.: Jón Vigfússon, er átti Marinu Jónsdóttur, bjó í Teigi í Fljótshlíð. Son þeirra Björgólfur í Teigi og síðar á Yztaskála, lærði um hrið í Hólaskóla. Var tvíkvæntur. Son hans með s. k., Þóru Oddsdóttur, Jón í Vatnahjáleigu faðir Magnúsar s. st. föður Guðbrands í Hól í Landeyjum, föður Guðbrands í Arabæjarhjáleigu í Flóa. En dóttir Jóns Björgólfssonar var Marin, er átti Sæmund á Kalmanstjörn Eyjólfsson Egilssonar; meðal barna þeirra: Jón á Húsa-tóptum í Grindavík faðir Sæmundar á Járn-



## IV. B.

gerðarstöðum föður Bjarna skólakennara í Rvík. Framætt Björgólfs hefur ekki áður kunn verið.

- Bls. 615, 9. l. a. n.: Samkvæmt Manntalinu frá 1703, er fengin sönnun fyrir því, að sú getgáta er rétt, að maður Margrétar hafi verið Húni Oddsson, því að þau Margrét búa þá á Búlandi í Skaptártungu. Hefur Húni verið son Odds Húnasonar, er býr á Hátúni í Landbroti s. á., þá talinn 70 ára, en kona hans Ingibjörg Runólfsdóttir 66 ára. Þar er þá Jón Húnason sonarson þeirra 5 ára gamall.
- 616. Aftan við 16. l. a. o.: Laundóttir Þorleifs Einarssonar var Kristbjörg, er átti Eyjólf Bjarnhéðinsson á Gufuskálum í Garði.
- 618, 10.—12. l. a. n.: Einar son Ísleifs sýslumanns er ekki sá Einar Ísleifsson, er fær kongsleyfi 27. nóv. 1706 (sbr. Lagas. M. Ketilss. III, 426) til að kvongast Kristínu Bjarnadóttur systkina- (ekki systur) -barni sínu, þótt svo sé talið í flestum ættatölum, heldur er sá Einar = Einar Ísleifsson, síðar lögréttumaður á Suðurreykjum í Mosfellssveit, er átti Kristínu Bjarnadóttur frá Ási í Holtum Gíslasonar, og voru þau systrabörn (sbr. bls. 534—535).
- 633, 20. l. a. o.: Það er víst, að Ögmundur á Hafranesi var Eiríksson.
- 658, 14.—15. l. a. o.: Steingrímur sá, sem hér er getið, var Steingrímur Þorsteinsson, bróðurson Bessa sýslumanns Guðmundssonar. Hann kom í Skálholtsskóla 1720 og var þar 5 vetur (1720—1725) átti eptir einn vetur í skólanum, er hann flæktist í málið, og varð því aldrei stúdent. Bjó síðar í Borgarhöfn í Suðursveit. Laundóttir hans með Valgerði Jónsdóttur, systur Gunnars á Dyrhólum, en móður Mensalders Rabens auðga í Papey var Ólöf, er átti Jakob Þorvarðsson á Búlandsnesi, þeirra son var Benedikt prestur á Hálsi í Hamarsfirði.
- 679, 14. l. a. o.: 75 st. l. 83 st.
- 695, 13. l. a. n.: Meðal barna Þorsteins í Firði og Úlleiðar var einnig:  
 ddd. Þorsteinn í Firði. Dóttir hans Þrúður átti séra Þorstein á Skorrastað Benediktsson lögréttumanns í Ytri-

Skógum Högnasonar prests í Eyvindarhólum Ámundasonar, þeirra son Benedikt prestur á Skorrastað faðir Solveigar konu síra Jóns Hávarðssonar í Eydölum, Sigríðar konu Sveins Sigurðssonar á Brekkuborg í Mjóafirði, Guðnýjar konu séra Þórarins Erlandssonar á Hofi og Guðnýjar annarar, konu Sveins Jónssonar á Kirkjubóli í Norðfirði.

- Bls. 704, 5. l. a. n.: Séra Narfi er dáinn fyrir 1703. Börn hans og Sigríðar Hinriksdóttur: Hinrik, Þorsteinn, Guðmundur og líklega Ástríður, en óvist um Herborgu. Synir Hinriks Narfasonar: Þórður á Eyjólfsstöðum og Narfi á Útnyrðingsstöðum.
- 713, 16. l. a. n.: Meðal barna Einars Gislasonar á Höskuldstöðum er ótalinn Sigurður, er bjó í Mjóanesi með móður sinni, en Vigfús bróðir hans bjó þar ekki.
- 713, 15. l. a. n.: Hóseas Bjarnason á að vera: Hóseas Björnsson.
- 714, 20. l. a. o.: Kona Halls var Guðný Sigfúsdóttir. Hallur bjó á Sleðbrjót.
- 714, 17. l. a. n.: Maður Solveigar Sigurðardóttur var Tunis (ekki Tómas) Guðmundsson á Brekku í Hróarstungu.
- 715, 19. l. a. n.: Björnsdóttir l. Bjarnadóttir.
- 715, 7. l. a. n.: Það er ekki rétt, að Guðmundur í Fremraseli hafi verið son Finns Þorgrímssonar, heldur son Finns Guðmundssonar á Skeggjastöðum á Jökuldal, og bróðir séra Sigfúsar á Hofteigi og séra Þorgríms föður Finns í Virkishólaseli.
- 716, 20.—21. l. a. o.: Benedikt á Tjarnarlandi var Rafnsson (ekki Runólfsson). Son hans og Herborgar var Rafn faðir Benedikts á Kolsstöðum föður Þórarins alpm. í Gilsárteigi.
- 717, 21.—22. l. a. o.: »Guðrún (dd) og Magnús annar« (ee) mega líklega falla burtu úr tölu barna Runólfs og Herborgar, en í þeirra stað koma: (dd) Margrét, dó 1795, 31 árs, og (ee) Björg, átti Guðmund Jónsson á Hallfredarstöðum, þeirra son Runólfur á Þorvaldsstöðum faðir Ólafs bókhaldara (sjá bls. 716).
- 720, 1. og 2. neðanm.gr.: Jakob Hildibrandsson lögréttumaður andaðist um 1650. Var útlendur að ætt

## IV. B.

(þýzkur) frá Hamborg. Hann fóstaði Ásmund Jónsson lögréttumann á Ormarsstöðum (sbr. Alp.bók 1660 nr. 38).

- Bls. 723, 17. l. a. o.: Það er skakkt hjá Boga, að Margrét kona Hildibrands Eiríkssonar hafi verið dóttir séra Árna Sigurðssonar yngra á Skorrastað. Hún var dóttir séra Árna Sigurðssonar eldra.
- 724, 8. l. a. n.: Séra Sigurður Ketilsson á Skeggjastöðum dó í desember 1730.
- 725, 10.—11. l. a. o.: Í stað Ingigerðar og Kristinar, sem taldar eru dætur Jakobs í Skálanesi, mun réttara að telja Ingiríði og Steinunni.
- 726, 6. l. a. o.: Guðrún l. Guðný.
- 729, 3. l. a. n.: Ólafur lögréttumaður á Ketilsstöðum hefur ekki verið son Péturs eldra á Torfastöðum Bjarnasonar sýslumanns á Bustarfelli, heldur sonarson hans, son Péturs Péturssonar (s. bls. 14. l. a. n.) á Torfastöðum og Hallgilsstöðum og Helgu Bessadóttur prests á Saudanesi Jónssonar, systur Elizabethar, er átti Þórarinn Þórarinsson á Ketilsstöðum, og þangað flutti Ólafur frá Kóreksstöðum 1736 eptir lát Þórarins og eptir beiðni Elizabethar móðursystur sinnar, enda er Ólafur kallaður frændi hennar í bréfum um þessi bústaðaskipti hans (í Bréfabókum Jóns biskups Árnasonar). S. m. Helgu Bessadóttur hefur verið Sigurður Þorleifsson í Bøðvarsdal, og fengu þau konungsleyfi til giptingar 2. apríl 1712 (Lagas. M. Ketilss. III, 448), þótt Sigurður og f. m. hennar væru þremmingar. Mun þessi Sigurður því hafa verið son Þorleifs Eiríkssonar prests Ketilssonar (sbr. hér áður bls. 718 og Sigríður í 13. l. þar a. o. eiga að vera Sigurður). Málfríður sú, sem hér (bls. 729 5. l. a. n.) er talin laundóttir Péturs eldra, hefur verið hjónabandsbarn.
- 746, 11.—12. l. a. o.: Kona sú, er Árni í Höfn átti launbarnið með, var Þórunn (ekki Jóhanna) Ólafsdóttir, móðir Ólafs Hallgrímssonar í Húsavík, sbr. bls. 729—730 n. m.
- 747, 3.—4. l. a. o.: Kona Brynjólfs lögsaguara var Guðleif Péturisdóttir, er andaðist á Seljamýri í Loðmundarfirði 1785, 77 ára.
- 748, 7. l. a. n.: Eyjum l. Eydölum.

## IV. B.

- Bls. 749, 2. og 3. aths. n.m.: Jón Thorlacius mun ekki hafa siglt til náms við háskólann. Sá Jón Jónson, sem skráður er þar í stúdentatölu 2. nóv. 1698, mun vera Jón son Jóns prests Hjaltasonar í Saurbæ í Eyjafirði. Hann andaðist í stórubólu. Jón Thorlacius er fæddur um 1678, því að hann er talinn 25 ára 1703 og bjó þá á Viðivöllum, en skömmu síðar (1704 eða 1705) hefur hann flutt að Berufirði.
- 749, 1. l. a. n.: Gróa Árnadóttir lifði mann sinn, Hallgrim sýslumann, og bjó eptir hann á Berunesi. Er þar enn 1743.
- 750, 11. l. a. n.: Vigfús mun hafa andazt í apríl 1744, rétt áður en hann átti að útskrifast. Var gáfu-piltur, en Jón bróðir hans tornæmur, og var því vísað úr Skálholtsskóla 1743.
- 752. 1. n.m.gr.: Séra Einar prófastur á Hofi í Vopnafirði telur það áreiðanlegt, að Jórunn s. k. Bessa sýslumanns hafi verið dóttir Péturs Ásmundssonar á Eyvindará og Þorbjargar, eins og eg hef ætlað.
- 753, 18. l. a. n.: Bessi sýslumaður er enn á lífi 1. júní 1723, ritar þá undir bréf á Skriðuklaustri ásamt sýslumönnum Þorsteini Sigurðssyni og Jens Wium (sbr. Bréfabók Fuhrmanns amtmanns 1723 bls. 479—480), en hefur andazt síðar á því sama ári. Er dáinn fyrir 9. okt.
- 753, 12. l. a. n.: Peder Wium faðir Jens sýslumanns var yfirskoðandi (Ober-Visiteur) við hermanna-skrásetningu í Kaupmannahöfn, og var á lífi fram yfir 1720.
- 756, 9. l. a. n.: Kristín l. Krístrún.
- 760, 11. l. a. n.: Jón Sigurðsson andaðist í Holti í Mýrdal 4. ágúst 1767, og var greptráður við Sólheimakirkju 9. s. m. (Sbr. J. S. 479 8vo. í Lbs. eptir tilvísan dr. Jóns Þorkelssonar landsskjalavardar).

## Eptirmáli.

Í Efiágrípi Boga á Stadarfelli hef eg getið þess, að eigin-handarrit hans af Sýslumannaæfunum yfir land allt, hafi eptir lát hans komiðt í eign tengdasonar hans, *Jóns Péturssonar* yfirdómara, síðar háysfirdómara, er var alkunnur fróðleiksmaður, og kunnni manna bezt að meta öll islenzk fræði forn og ný. Sýnir það ljósast áhuga hans í slíkum efnum, að hann brauzt í því að gefa út ársrit aðallega til að koma á prent ýmsum fornskjöllum og islenzkum sagnafróðleik, þar á meðal ættatölum, og mátti þó ganga að því visu, að útgáfa slíks rits mundi ekki verða neinn gróðavegur, því að svo litill, sem áhugi manna nú er á slíkum fræðum, þá var hann þó margfalt minni í þann tíð meðal almennings. En þótt Jón Pétursson skaðaðist töluvert á þessu tímariti sínu, hélt hann því samt úti 4 ár, og gat lokið þar við að prenta sýnishorn af Sýslumannaæfum Boga yfir Múlasýslu eptir hinu fyrra uppkasti höfundarins, en J. P. var ekki kunnugt um, að til væri annað fyllra handrit. Ritaði hann stuttar skýringar við Sýslumannaæfirnar í Múlaþingi, sem prentaðar eru í I. árg. Tímarits J. P. 1869, bls. 45—46. II. árg. 1870, bls. 51—73, III. árg. 1871, bls. 61—75 og IV. árg. 1873, bls. 85—104 með viðauka. Sýnishorn þetta féll ýmsum þá vel í geð, og varð til þess að ýta undir J. P., að reyna að koma öllu ritinu á prent. Bauð hann þá bókmenntafélagsdeildinni í Reykjavík allar Sýslumannaæfirnar til prentunar fyrir 30 kr. hverja prentaða örku, og var því boði tekið á aðalfundi félagsins 8. júlí 1879.<sup>1)</sup> Var Magnús Stephensen yfirdómari, síðar landshöfðingi, þá forseti deildarinnar, og mun hann hafa verið hlyntur því, að félagið

---

1) Samkvæmt fundargerðinni (í fundabók félagsins) hefur verið talað um á þessum fundi, að allt ritið kæmi út á 3 árum í þremur 8 arka heptum, eða alls 24 arkir, eða þá á 2 árum, ef 10 arkir kæmu út á ári, og er það dálítið skritinn reikningur. Virðist fundarmönnum hafa verið harla óljóst um stærð ritsins, og hefði sá fundur líklega aldrei samþykkt að gefa Sýslumannaæfirnar út, ef menn hefðu vitað, að þær mundu verða stærri en eitt einasta 20—24 arka bindi.

róðist í þessa útgáfu, sem var því virðingarverðara sem deildin hér hafði þá ekki miklu fé úr að spila til bókaútgáfu.<sup>1)</sup> Og svo myndarlega var af stað farið, að 1. hepti, er kom út 1881, var fullar 18 arkir að stærð með allmiklum skýringum og viðaukum eptir Jón háyfirdómara. En með því að upphaf Sýslumannaæfanna (Um sýslumenn í Múlaþingi) var þá ekki alls fyrir löngu komið á prent í Tímariti útgefanda (1869—1873), var nú byrjað aptast á handriti Boga, þ. e. á Þingeyjarsýslu, og svo næst á Eyja-fjarðarsýslu o. s. frv., öfugt við rök höfundarins, er byrjað hafði á Múlaþingi. Var þetta fyrirkomulag nokkuð annkannalegt og ekki laust við að valda nokkrum glundroða á frumritinu, en það varð samt útgáfunni í heild sinni til happs, því að hefði þá verið byrjað á Múlasýslum og haldið svo áfram sólarinnis kringum land, eptir þessu sama frumhandriti (fyrra uppkasti Boga), þá hefði sú útgáfa, allt vestur að Dalasýslu, verið litilsvirði í sam-anburði við útgáfuna á þessu svæði nú, eptir síðara uppkasti Boga, sem eykur hið fyrra svo feikilega mikið.<sup>2)</sup> Það varð því verkinu til stórmikils gróða, að félagið skyldi ekki byrja á Múlasýslunum.

1883 kom út 2. hepti I. bindis (Skagafjarðar- og Húnavatns-sýslur) sýnu stærra en hið fyrra, með skýringum og viðaukum Jóns háyfirdómara, sem viðasthvar eru mjög skýrandi og mikilsverðar við þetta 1. bindi. 1884 kom út registur eða réttara sagt registurs-ágrip yfir þetta bindi, er eg samdi veturinn 1883—1884, með aðstoð bekkjarbróður míns, Magnúsar Blöndal Jónssonar, nú prests í Vallanesi, og vorum við báðir þá í 4. bekk lærða skólans. Eptir það varð 4 ára hlé á útgáfunni til 1888, að 1. hepti II. bindis kom út (Barðastrandarsýsla), en 1891 kom út 2. hepti (Ísafjarðarsýsla), og var þá hætt við útgáfuna að sinni

1) Geta má þess, að skömmu síðar en Bókmenntafélagið hafði ákveðið að gefa út Sýslumannaæfir, reit séra Matthías Jochumsson, þáverandi ritstjóri Þjóðólfs, skorinorða og ágæta hvatningargrein í blaðið 8. júní 1880 (Þjóðólfur XXXII. árg. bls. 61—62) um, að félagið ætti að halda fram þeirri stefnu, er það þá hafi tekið með útgáfu Sýslumannaæfanna, að gefa út óprentuð handrit, sagnfræðilegs efnis eptir látna höfunda, t. d. séra Jóns prófats Halldórssonar í Hítardal og ýmissa fleiri frá 18. öld, ælísögur Daða fróða, sögur Gísla Konráðssonar m. fl., og tekst séra Matthíasi vel upp í þeirri grein, enda er honum islensk saga og annar slíkur fróðleikur runnið í merg og bein. Grein þessi er einnig að því leyti eptirtektarverð, að þar kemur einna fyrst fram hugmyndin um sameining bókmenntafélagsdeildanna í eitt félag í Reykjavík, að viðbættu Þjóðvinafélaginu, og vildi séra Matthías láta þetta sameinaða félag nefnast *Þjóðmenntafélag* og vinna svo ósleitulega að útgáfu islenskra bókmennta, einkum í sagnfræði.

2) Hversu mikill þessi munur er geta menn bezt séð á því, að bera saman textann um sýslumenn í Múlaþingi í Tímariti J. P. I.—IV. B. við samskonar texta í þessari útgáfu eptir hinu fyllra handriti Boga (Lbs. 384—386 4to.), og sést þá bezt, hve aukningin er mikil alstaðar. Og líkt er hlutfallið í öðrum sýslum, er viðaukarnir ná yfir, en þetta fyllra handrit var ekki kunnugt fyr en eg tók við útgáfunni.

í miðju kafi<sup>1)</sup>, bæði sakir fjárskorts í félaginu, og svo eflaus meðfram vegna þess, að útgefandinn, Jón háyfirdómari, var þá mjög farinn að heilsu og kröptum, sem eðlilegt var, nær átræður maður, og gat því ekki séð um útgáfuna lengur. Og því er það, að svo tiltölulega fáar athugasemdir eru við 1. hepti þess bindis (1888) og þó enn færri við 2. heptið (1891) síðasta heptið, sem hann sá um útgáfu á. En því má ekki gleyma, að það var hann, sem fyrstur vakti eptirtekt á hinni stórmiklu þýðingu þessa verks fyrir sögu vora, og lagði hina síðustu krapta sína fram til þess að það gæti komið fyrir almenningssjónir. Var nú og æfidagur hans að kveldi kominn, því að hann andaðist, eins og kunnugt er, 16. jan. 1896, rétttra 84 ára gamall, eptir langt og trúlega unnið æfistarf.

Eptir 10 ára hlé á útgáfunni tók aptur að komast hreyfing á, að henni yrði haldið áfram og átti Hafnardeild bókméntafélagsins þar upptökin. Var ályktað á fundi þar í deildinni 15. maí 1901, að mæla fram með því við Reykjavíkurdældina, að hún tæki til nánari hugleiðinga, hvort ekki væri fært að halda sem fyrst áfram útgáfunni. Hélt þá stjórnarnefnd Reykjavíkurdældarinnar fund 7. júlí s. á., og var hinum páverandi forseta (Eiríki Briem) þá falið að komast eptir, með hverjum kjörum handritið fengist undirbúið til prentunar, en það var þá komið í mína eign. Skýrði forseti frá þessu á aðalfundi deildarinnar 8. s. m., og taldi fundurinn sig hlynntan því, að útgáfunni yrði haldið áfram. Leitadi þá forseti til mín um tilboð að takast verk þetta á hendur, og gerði eg kost á því, þó með verulega minni ritlaunum, en áður höfðu greidd verið, svo að framhaldsútgáfan þyrfti síður að stranda kostnaðar vegna, sem hún ella mundi að líkindum gert hafa. Var og þessu tilboði mínu tekið af stjórnarnefnd deildarinnar 14. marz 1902, og svo samþykkt til fullnustu á fyrra aðalfundi hennar 19. s. m. Hefur útgáfan síðan haldið stöðugt áfram, en dræmt nokkuð, þannig að sum árin hafa komið út að eins 5 arka hepti og þaðan af minna, en mest 10—12 arkir í senn.

Fyrsta heptið, sem eg annaðist um, var 3. hepti II. bindis (Strandasýsla), er kom út þegar árið 1902. Næsta ár, 1903, kom út 4. heptið (fyrri hluti, Dalasýslu<sup>2)</sup>) og 1904 5. heptið ásamt viðauka, þ. e. síðari hluti Dalasýslu og var þá II. bindinu lokið. Var þá og ekki lengur haldið áfram að prenta eptir handriti

1) Til þess tíma var ritið prentað í prentsmiðju Ísafoldar, en er útgáfan hófst aptur, var það fyrst prentað í prentsmiðju Þjóðólfs (II. B. 3. og 4. hepti, III. B. 1. h. og nokkuð af 2. hepti: 1902—1906), en upp frá því í Gutenbergsprentsmiðju (1906—1915).

2) Til að annast útgáfu þess heptis (II. B. bls. 405—564) fékk eg *Jósafat Jónasson* ættfræðing, nú í Ameríku, sem þá var í þjónustu mínni, með því að eg var þá öðrum störfum hladdinn. Hefur hann ritað fróðlegar og mjög ítar-

minu, er lagt hafði verið til grundvallar fyrir útgáfunni alt þangað til, því að nokkru áður en eg tók að sjá um útgáfuna, hafði eg veitt því eptirtekt, að í Landsbókasafninu (nr. 384 4<sup>to</sup>. etc.) var annað og fyllra handrit af Sýslumannaæfunum, með eigin hendi Boga, alla leið vestur að Dalasýslu, og þótti mér því einsætt, að leggja þetta síðara uppkast til grundvallar við útgáfuna upp frá því, eins og eg hef gert, en sleppti alveg fyrra handritinu við útgáfu III. og IV. bindis, því að þar er ekkert, sem ekki er miklu fyllra og betra í þessum kafla Landsbókasafns-handritsins (nr. 384, 385 og 386 4<sup>to</sup>.). En allar Sýslumannaæfirnar eru gefnar út eptir eiginhandarriti Boga.

Árin 1905, 1906, 1907 og 1908 kemur III. bindið út í 4 heptum, og tekur yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Vildi eg láta Gullbringu- og Kjósarsýslu fylgja því bindi, því að mér var kunnugast, hvað verkinu leið, og þá hefðu öll 4 bindin orðið hér um bil jafnstór. En þáverandi forseti (Kr. Jónsson) úrskurðaði, að svo skyldi ekki vera.

Útgáfa þessa IV. bindis, sem nú er lokið, hefur gengið fremur dræmt, því að hún hefur staðið yfir 7 ár (1909—1915 incl.), og hefur valdið því þröngur fjárhagur félagsins sum árin. Er það bindi í 7 heptum og nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Arnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjar, Skaptafellssýslu og Múlasýslur. Og nú er verkinu, þó án registurs, lokið 34 árum eptir að 1. hepti þess kom út. En ritið er allt um 175 arkir, auk registurs,<sup>1)</sup> sem hlýtur að verða mjög umfangsmikið sakir hins mikla aragrúa af nöfnum. En verkið kemur ekki að fullum notum, fyr en nákvæmt registur er komið yfir það allt. Munu þá margir geta náð þar einhverstaðar í einhvern þráð til að rekja ættir sínar eptir, og á það atriði lagði eg mesta áherzlu í athugasemdum mínum, að færa ættirnar sem lengst niður, annaðhvort til núlifandi manna, eða þá svo langt, að sem flestir ættu hægt með að ná þar í einhverja grein af ættstofni sínum,

---

legar skýringar við þetta hepti, því að hann var einkar vel að sér, sérstaklega í ættum hér á landi á fyrri öldum, t. d. 14. og 15. öld, og hafði rannsakað þau efni, eptir því sem feng voru fyrir hendi í Ísl. Fornbréfasafni. Og þótt sumar gelgátur hans séu nokkuð djarfar og hæpnar, þá er vist, að margt, sem hann hefur athugað, er áreiðanlega rétt, því að maðurinn var stórfróður og stálminnugur, og var leitt, að þeir hæfileikar hans hafa ekki orðið til meiri nota en raun hefur á orðið. Hann hefur og ritað viðaukann framan við Strandasýslu í 3. hepti 2. bindis (II. B. bls. 252—261).

1) Það mun láta nærri, að um helmingur ritsins séu viðaukar og athugasemdir við texta Boga, það er að segja til jafnaðar í því öllu samanlögðu, þótt hlutfallið milli texta og viðauka sé misjafnt í hverju einstöku bindi. Ætlazt er til, að registrið verði sérstakt bindi (V. B.). — Við band hinna 4 bindanna ættu menn að gæta þess, að láta titillblöðin fylgja hverju hepti, til þess að geta séð, hvenær þau eru prentuð, því að við það miðast hið nýjasta efni hvers heptis, er lesandinn verður að taka til greina, með því að öll bókin hefur komið út á svo löngu árabili.



því að mér var það fullkomlega ljóst, að þess yrði langt að biða, að gefin yrði út nokkur allsherjar ættatölubók fyrir land allt, og ætlaði þess vegna Sýslumannaæfunum að vera fyrst um sinn eins konar handbók í íslenskri ættfræði, þótt ófullkomin sé hún vitanlega og þar vanti margt og mikið, sérstaklega á Norðurlandi og um Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur, eða áður en eg tók við útgáfunni, því að þá voru ekki ættirnar raktar jafnitarlega, eða færðar eins langt niður, eins og eg gerði. Hins vegar hef eg lagt minni áherzlu á að auka við sjálfar æfisögur sýslumannanna í texta Boga, og optast látið mér nægja, að leiðrétta það, sem eg hef mishermt fundið í fljótu bragði, bæði í ártölum og öðru fleiru, því að hefði eg til muna farið að hrófla við frásögn Boga, þá hefði verið réttara að semja æfisögurnar alveg upp að nýju, en það gat auðvitað ekki komið til greina eptir fyrirkomulagi verksins. Þessu er einnig svo háttað, að æfisögurnar standa til mikilla bóta við frekari rannsókn eptir ýmsum heimildarritum (frumheimildum), er Bogi hafði ekki aðgang að, og veit eg, að enn standa hér og hvar í textanum óleiðréttar ýmsar smávillur og misfellur, einkum í ártölum o. fl., er stafar frá skökkum heimildum, er Bogi hefur farið eptir. En full lagfæring á slíku verður að biða nýrri og itarlegri rannsókna. Samt sem áður verður þetta æfisagnasafn Boga góð undirstaða og leiðbeining fyrir þá, er síðar raunsaka þetta efni nánar. Þar sem eg hef orðið var við, að Bogi hafi beinlínis sleppt úr einhverjum sýslumönnum, þá hef eg auðvitað bætt þeim við og eins talið ýmsa lögsagnara, er hann hefur látið ógetið, en að elta allt slíkt uppi er ógerningur í skjótu bili og enda óþarft. En í framhaldsviðaukana við hverja sýslu eptir að Boga þrýtur, eða næstliðin 60—70 ár, bygg eg, að ekki vanti neitt verulegt. Í viðaukum þeim og athugasemdum við allt verkið, er fylgja þessu IV. bindi þess, hef eg leitast við að leiðrétta það, er eg hafði sjálfur veitt eptirtekt, að mishermt væri eða aðrir bent mér á, og eins að auka ýmsu við, er eg við nánari athuganir og samkvæmt nýjum heimildum hafði fundið, meðan stóð á útgáfu verksins, þar á meðal sumt eptir Manntalinu 1703, sem reyndar kom nokkuð seint í leitirnar, og er auk þess ekki enn komið hingað til lands, svo að eg hef að eins séð dálítið afskriptarágrip af því,<sup>1)</sup> og hefur þetta merka manntal, sem ætti að prentast í heild sinni, því miður komið Sýslumannaæfunum til oslitilla nota.

1) Ritað í Höfn haustið 1914 af hr. Pétri Zóphóniassyni, sem leyfði mér að skyggnað í það, og er eg honum þakklátur fyrir það. Þess má geta, að séra Einar prófastur Jónsson á Hofi í Vopnalirði, sem er allra manna fróðastur um ættir Austfirðinga, sendi mér nú í vor nokkrar leiðréttingar við IV. B. 6. hepli (Múlasýslur), er eg þakka honum fyrir, og tók eg það flest til greina í síðasta sopinu (bls. 852—853).

Um gildi þess, sem eg hef lagt til þessa verks — og það er ekki svo lítið að vöxtunum að minnsta kosti — ætla eg sjálfur ekki að dæma. Mér dylst það alls ekki, að þar muni finnast hér og hvar ýmsar smávillur, sérstaklega í yngri ættfærslunum, — en tæplega til muna í höfuðættfærslunum eða eldri kynpáttunum, — því að fyrir slík sker er aldrei hægt að synda með öllu, þrátt fyrir alla alúð og vandvirkni. En ókunnuglega kæmi mér það fyrir, ef reglulegar kórvilleur eða stórvillur, sem miklu máli skipta, fyndust þar að nokkru ráði. Og það þykist eg geta sagt með sanni, að það sem eg hef unnið að Sýslumannaæfunum hefur kostað mig mikla fyrirhöfn og viðtækar, tímafrekar rannsóknir, enda hygg eg, að mér hafi allvíða heppnast að greiða úr allþýðingarmiklum vafasurningum um ættir manna, er áður var mjög tví-sýnt um, og eins að rekja suma ættliði, er áður voru lítt eða með öllu ókunnir. Og þykir mér vænt um að hafa að þessu leyti greitt dálítið götuna fyrir þeim, er síðar leggja stund á slík fræði. Vona eg fastlega, að ritsafn þetta — Sýslumannaæfirnar — verði heldur til þess að glæða áhuga manna til að leggja meiri rækt við þessar fræðigreinar — íslenska sögu og ættvísí —, er hingað til hefur verið oflítill sómi sýndur, og oflítill rækt lögð við af hálfu þings og þjóðar, því að lítt sæmir að gera fræði þá að hornreku. Geti sá litli skerfur, sem eg hef lagt fram í riti þessu eitthvað stuðlað að meiri áhuga og réttari skoðun á þessum efnum, þykist eg ekki hafa unnið fyrir gíg.

Reykjavík 21. júní 1915.

*Hannes Þorsteinsson.*











140819. HScan.  
B463s

Author Benediktsson, Boga.

Title Systumanna-æfir. Vol. 4.

UNIVERSITY OF TORONTO  
LIBRARY

Do not  
remove  
the card  
from this  
Pocket.

Acme Library Card Pocket  
Under Pat. "Ref. Index File."  
Made by LIBRARY BUREAU

